

STARFSHÓPUR UM  
GUÐMUNDAR- OG GEIRFINNSMÁL

Skýrsla starfshóps um  
Guðmundar- og Geirfinnsmál  
til innanríkisráðherra

Afhent í innanríkisráðuneytinu

hinn 21. mars 2013

Reykjavík  
Mars 2013

ISBN 978-9979-884-51-4

## SKÝRSLA TIL INNANRÍKISRÁÐHERRA

### UM GUÐMUNDAR- OG GEIRFINNSMÁL

Starfshópur um Guðmundar- og Geirfinnsmál var skipaður af Ögmundi Jónassyni, innanríkisráðherra þann 7. október 2011. Í yfirlýsingu ráðherra frá 7. október 2011 kemur m.a. fram að almenningur hafi látið sig Guðmundar- og Geirfinnsmál varða.

*„Þannig hef ég í þessari viku fengið í hendur 1190 undirskriftir þar sem krafist er rannsókna og endurupptöku þessara mála. Þá hafa þau sjónarmið ítrekað komið fram að margt hafi farið svo alvarlega úrskeiðis við rannsókn málsins að það varði almannahag að rannsókn fari fram á sjálfri rannsókninni. Að mínum dómi er það slæmt fyrir réttarkerfið – og varðar almannahag – að sú skoðun sé útbreidd í þjóðfélaginu að réttarkerfið hafi brugðist.“*

Starfshópnum var falið að fara yfir málið í heild sinni en sérstaklega þá þætti sem lúta að rannsókninni og framkvæmd hennar á sínum tíma. Starfshópnum var jafnframt falið að taka til athugunar þau gögn sem komið hafa fram á síðustu árum. Starfshópurinn skyldi skila áfangaskýrslu til innanríkisráðherra fyrir apríllok 2012. Samkvæmt skipunarbréfi skyldi vera unnt að meta forsendur fyrir frekari rannsóknarvinnu á grundvelli niðurstöðu starfshópsins. Starfshópurinn hafði ekki sérstakar rannsóknarheimildir en gat kallað fólk til viðtals með samþykki hlutaðeigandi og starfshópurinn gat kallað sérfræðinga til ráðgjafar eftir því sem hann taldi þörf á.

Starfshópurinn skipuðu Arndís Soffía Sigurðardóttir, lögfræðingur og lögreglumáður, formaður hópsins, Haraldur Steinþórsson lögfræðingur og Jón Friðrik Sigurðsson prófessor og yfirsálfræðingur. Með starfshópnum starfaði Gísli H. Guðjónsson prófessor og Valgerður María Sigurðardóttir lögfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu.

Starfshópnum var ekki unnt að skila áfangaskýrslu undir lok apríl 2012 en þess í stað skilaði hann stöðuskýrslu um vinnu hópsins til ráðherra og óskaði jafnframt eftir fresti til að skila áfangaskýrslu. Starfshópnum var veittur frestur til 1. nóvember 2012 og aftur til 15. febrúar 2013 en í stað þess að starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu var ákveðið að hann myndi skila lokaskýrslu um málið. Nú hefur starfshópurinn lokið skýrslu til innanríkisráðherra sem er afhent hér með.

Reykjavík 21. mars 2013

Arndís Soffía Sigurðardóttir, lögfr.  
formaður starfshóps

Haraldur Steinþórsson, lögfr.  
varaformaður starfshóps

Jón Friðrik Sigurðsson, prófessor

Valgerður María Sigurðardóttir, lögfr.  
starfsmaður starfshóps

## Efnisyfirlit

### Fyrri hluti

1. Inngangur skýrslu og sögulegt yfirlit .....	11
1.1. Inngangur skýrslu og framsetning.....	11
1.2. Íslenskt samfélag.....	11
1.3. Réttarfar.....	13
1.4. Stofnanir réttarvörslukerfisins.....	13
1.4.1. Lögregla .....	13
1.4.1.1. Sakadómur Reykjavíkur og Rannsóknarlögreglan í Reykjavík .....	14
1.4.1.2. Rannsóknarlögregla ríkisins .....	15
1.4.1.3. Tæknirannsóknir lögreglu .....	15
1.4.1.4. Lögregluskóli og menntun rannsóknarlögreglu.....	16
1.4.2. Embætti ríkissaksóknara .....	17
1.4.2.1. Ríkissaksóknarar og vararíkissaksóknarar .....	17
1.4.2.2. Settir saksóknarar vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála .....	17
1.4.3. Fangelsi .....	17
1.4.3.1. Almennar reglur .....	18
1.4.3.2. Sérstakar reglur fangelsa, fangelsisdagbækur o.fl.....	19
1.4.3.3. Menntun fangavarða.....	19
1.4.3.4. Breytingar á fangelsismálum í kjölfar Guðmundar- og Geirfinnsmála.....	20
2. Tvö mannhvörf árið 1974 .....	22
2.1. Inngangur .....	22
2.2. Hvarf Guðmundar Einarssonar – leit og rannsókn 1974.....	22
2.3. Hvarf Geirfinns Einarssonar – leit og rannsókn í Keflavík 1974.....	22
2.4. Lögreglurannsókn hefst á ný í Reykjavík 1975.....	23
3. Sakadómsmál nr. 544-550/1977.....	24
3.1. Ákæra 8. desember 1976.....	24
3.2. Framhaldsrannsókn að beiðni sakadómara.....	24
3.3. Framhaldsákæru 16. mars 1977 .....	25
3.4. Rannsókn á röngum framburði Sigurðar Óttars Hreinssonar mál RLR nr. 3940/1977.....	25
4. Dómur sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 19. desember 1977 .....	26
5. Framhaldsrannsókn eftir uppkvaðningu sakadóms .....	27
5.1. Harðræðisrannsóknin, mál RLR nr. 2875/1979 .....	27
5.2. Rannsóknir og skýrslur RLR undir málflutningi fyrir Hæstarétti Íslands.....	27
6. Dómur Hæstaréttar Íslands, uppkveðinn 22. febrúar 1980 .....	28
7. Fyrri leirhöfuðsrannsóknin, mál RLR nr. 3429/1979.....	30
8. Gæsluvarðhald og afplánun.....	31
9. Skaðabótamál fjórmeninganna vegna gæsluvarðhalds að ósekju .....	34
10. Fyrri endurupptökubeiðni Sævars, sbr. ákvörðun Hæstaréttar 15. júlí 1997.....	37
10.1. Atvik máls, skýrslur ákærðu og sönnunargögn, ásamt röksemdum fyrir niðurstöðum.....	38
10.2. Meginefni skriflegra yfirlýsinga sem talsmaður Sævars aflaði.....	38
10.2.1. Yfirlýsing Alberts Klahn Skaftasonar 16. janúar 1997 .....	38
10.2.2. Yfirlýsing Elínborgar Jónu Rafnsdóttur 26. ágúst 1996.....	39
10.2.3. Yfirlýsingar Erlu Bolladóttur 22. febrúar og 19. nóvember 1996.....	40
10.2.4. Yfirlýsing Gísla Guðmundssonar 11. október 1996.....	40
10.2.5. Yfirlýsing Hlyns Þórs Magnússonar 26. ágúst 1996.....	41
10.2.6. Yfirlýsing Jóns Bjarman 20. nóvember 1996.....	41
10.2.7. Yfirlýsingar hjónanna Krístrúnar Jónínu Steindórsdóttur og Þórðar Arnar Marteínssonar 7. september 1996.....	42
10.2.8. Yfirlýsing Magnúsar Gíslasonar 20. nóvember 1996.....	42

10.3. Meginefni þeirra röksemda sem talsmaður Sævars færði fram fyrir beiðni um endurupptöku.....	43
10.3.1. Skilyrði fyrir endurupptöku.....	43
10.3.1.1. Lagarök.....	43
10.3.1.2. Lagaskil.....	44
10.3.2. Hvarf Guðmundar Einarssonar.....	45
10.3.2.1. Skilyrði til útgáfu ákæru.....	45
10.3.2.2. Afturköllun játningar.....	46
10.3.2.3. Ályktanir af yfirlýsingum.....	47
10.3.2.4. Vísbendingar um ferðir Sævars og áhöld um tilefni átaka við Hamarsbraut.....	48
10.3.2.5. Engar upplýsingar um háreysti við Hamarsbraut 11.....	49
10.3.2.6. Breytingar á skýrslum og yfirlýsing Alberts Klahn.....	49
10.3.2.7. Aðkoma Gunnars Jónssonar.....	50
10.3.2.8. Yfirlýsing Erlu Bolladóttur.....	51
10.3.2.9. Veðurfræðileg gögn.....	51
10.3.3. Hvarf Geirfinns Einarssonar.....	52
10.3.3.1. Aðrar skýringar á hvarfi Geirfinns.....	52
10.3.3.2. Skýrslur Sævars og Guðjóns Skarphéðinssonar.....	52
10.3.3.3. Rannsóknartilgátur um upphaf Geirfinnsmálsins.....	53
10.3.3.4. Kvikmyndasýning að Kjarvalsstöðum.....	54
10.3.3.5. Símtal til Geirfinns.....	54
10.3.3.6. Framburður Sigurðar Óttars Hreinssonar.....	55
10.3.3.7. Meðferð á líki Geirfinns Einarssonar.....	56
10.3.4. Rangar sakargiftir.....	57
10.3.4.1. Aðdragandi þess að sakborningar bentu á aðila tengda Klúbbum.....	57
10.3.5. Rannsókn.....	58
10.3.5.1. Skýrslur og yfirheyrslur.....	58
10.3.5.2. Sami réttargæslumaður.....	60
10.3.5.3. Tilefni yfirheyrsla vegna gruns um aðild að hvarfi Guðmundar.....	61
10.3.5.4. Framferði fangavarða.....	61
10.3.5.5. Harðræði í Síðumúlafangelsi.....	62
10.3.5.6. Skýrslur úr fangelsisdagbókum.....	66
10.3.5.7. Tillit til gæsluvarðhaldstíma.....	68
10.3.5.8. Lyfjagjöf.....	69
10.3.5.9. Mat á játningum.....	71
10.3.5.10. Aðild Karls Schütz að rannsókn málsins.....	71
10.3.5.11. Málsmeðferð fyrir Sakadómi.....	72
10.3.5.12. Lokað þinghald fyrst um sinn.....	72
10.3.5.13. Verjendur ekki viðstaddir.....	73
10.3.5.14. Gögn hafi ekki öll legið fyrir.....	73
10.3.5.15. Málshraði.....	75
10.3.6. Önnur atriði í röksemdum talsmannsins og tilsvör ákærvaldsins, þar á meðal heildarályktanir.....	76

10.4. Skýrslur af fjórum vitnum sem Hæstiréttur mælti fyrir um að skyldi aflað, vegna endurupptökubeiðni Sævars .....	77
10.5. Tímalengd gæsluvarðhalds og afplánunar .....	79
10.6. Niðurstaða Hæstaréttar um endurupptökubeiðni Sævars .....	79
11. Mannréttindanefnd Evrópu .....	81
12. Seinni endurupptökubeiðni Sævars Marinós Ciesielski, sbr. ákvörðun Hæstaréttar 18. mars 1999 .....	82
12.1. Tilvísun til rýmkunar á heimildum til endurupptöku dæmdra mála .....	82
12.2. Afstaða ákærvalds og tilvísun til fyrri endurupptökubeiðni .....	82
12.3. Keflavíkurgögn og játningar .....	83
12.4. Breytingar á lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, bótaréttur og endurheimtur haldlagðra muna .....	84
12.5. Bindandi réttaráhrif dóma, lyfjagjöf og skýrslugjafir .....	84
12.6 Niðurstaða .....	85
13. Breyting á ákvæði 184. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 .....	86
14. Endurupptökubeiðni Erlu Bolladóttur, sbr. ákvörðun Hæstaréttar 22. júní 2000 .....	87
14.1. Umfjöllun Hæstaréttar .....	87
14.1.1. Rangar sakargiftir .....	87
14.1.2. Umsögn ríkissaksóknara .....	88
14.1.3. Yfirlýsingar Erlu seint fram komnar .....	88
14.1.4. Nýtt ákvæði 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 .....	89
14.2. Niðurstaða Hæstaréttar .....	90
14.3. Athugasemdir lögmanns Erlu Bolladóttur .....	90
15. Rannsókn Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara .....	91
15.1. Afmörkun rannsóknarinnar .....	92
15.2. Niðurstöður .....	92
15.3. Skýrslan send embætti ríkissaksóknara .....	93
Seinni hluti	
16. Starfshópur um Guðmundar- og Geirfinnsmál .....	95
16.1. Skipun starfshóps, hlutverk og afmörkun verkefnis .....	95
16.2. Vinna starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmáls .....	95
16.3. Gagnaöflun .....	96
16.3.1. Tilvísun skýrsluhöfunda til gagna í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum .....	99
16.3.2. Frekari heimildir og upplýsingar .....	99
16.3.3. Týnd vinnugögn og skýrslur lögreglu .....	99
16.3.4. Núllskjöl .....	100
16.3.5. Gögn sem sættu tæknirannsókn rannsóknarlögreglu í Wiesbaden í Þýskalandi ...	102
16.4. Viðtöl .....	103
16.5. Dagbækur gæsluvarðhaldsfanga .....	104
16.5.1. Dagbækur Tryggva Rúnars Leifssonar .....	104
16.5.2. Dagbók Guðjóns Skarphéðinssonar .....	104
16.6. Framburðir dómfelldu og afturkallanir þeirra .....	105
16.6.1. Aðkoma Gísla H. Guðjónssonar prófessors, að vinnu starfshópsins .....	105
16.6.1. Aðrir sérfræðingar .....	106
16.7. Úrvinnsla gagna og umfjöllun í seinni hluta skýrslu .....	106
17. Lögreglurannsóknir og afstaða ákærvalds til endurupptökubeiðna .....	108
17.1. Rannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar árið 1974 .....	108
17.2. Keflavíkurrannsókn – hvarf Geirfinns Einarssonar árið 1974 .....	108
17.3. Upphaf sakamálarannsókna í Reykjavík vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar 1975-1977 .....	112
17.4. Fjórmenningarnir handteknir .....	117
17.5. Aðkoma Karl Schütz að rannsókninni og rannsóknarnefnd Reykjavíkur .....	118
17.5.1. Breytingar við aðkomu Schütz .....	120
17.5.2. Vikulegar skýrslur Schütz til dómsmálaráðherra um rannsóknina .....	120

17.5.3. Indíánaaðferðin við yfirheyrslur.....	121
17.5.4. Viðhorf Schütz til íslensku lögreglunnar.....	122
17.5.6. Rannsókn á atriðum til að styrkja játningar og lokaskýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur.....	123
17.5.7. Um vinnu rannsóknarnefndar Reykjavíkur og Karl Schütz.....	124
17.6. Sakadómarmar taka við málinu og framhaldsrannsókn Gísla Guðmundssonar, rannsóknarlögreglumanns.....	125
17.7. Framhaldsrannsóknir RLR.....	128
17.8. Harðræðisrannsókn setts sakadómara frá 1976.....	129
17.8.1. Upphaf rannsókna, yfirheyrslur og lok rannsóknar.....	131
17.8.2. Um rannsóknina.....	134
17.8.3. Umfjöllun í fangelsisdagbókum um bréfin.....	134
17.9. Rannsókn RLR nr. 3940/1977 á röngum framburði Sigurðar Óttars Hreinssonar frá 1977.....	135
17.9.1. Formsatriði rannsókna.....	136
17.9.2. Gögn máls nr. 3940/1977 og umfang rannsókna.....	137
17.9.3. Fjarvistarsönnun Sigurðar Óttars Hreinssonar (eitt þriggja rannsóknarefna).....	137
17.9.4. Lengd yfirheyrslu yfir Sigurði Óttari Hreinssyni þann 14. desember 1976 (annað þriggja rannsóknarefna).....	138
17.9.5. Afskipti af rannsókn Geirfinnsmáls (þriðja rannsóknarefnið).....	140
17.9.6. Skýrsla merkt málnúmeri 3940/1977 sem fannst við vinnu starfshópsins.....	140
17.9.7. Um rannsókn og afdrif máls RLR nr. 3940/1977.....	142
17.9.8. Umfjöllun dómstóla um rannsókn RLR, mál nr. 3940/1977.....	143
17.10. Harðræðisrannsókn RLR nr. 2875/1979.....	145
17.10.1. Greinargerðir kæranda, Sævars og afmörkun rannsóknarefnis.....	146
17.10.2. Rannsókn máls nr. 2875/1979.....	147
17.10.2.1. Rannsókn á harðræði.....	147
17.10.2.2. Rannsókn á aðbúnaði.....	148
17.10.2.3. Lok harðræðisrannsóknarinnar og athugasemdir verjanda Sævars við rannsókn RLR.....	150
17.10.3. Umfjöllun Hæstaréttar.....	151
17.10.4. Gögn harðræðisrannsóknarinnar.....	153
17.10.5. Um harðræðisrannsóknina.....	154
17.10.6. Ábendingar um ómannúðlega og vanvirðandi meðferð á fögum.....	155
17.11. Rannsókn setts saksóknara frá 2003 í tengslum við gerð leirhöfuðs og á tildrögum þess að Magnús Leópoldsson sætti gæsluvarðhaldi.....	157
17.11.1. Rannsóknartilvik 1.....	158
17.11.2. Rannsóknartilvik 2.....	159
17.11.3. Rannsóknartilvik 3.....	160
17.11.4. Um rannsókn setts saksóknara 2001-2003.....	161
17.12. Meðferð ákærvalds vegna endurupptökubeiðna.....	162
18. Almenn um rannsókn lögreglu vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálanna.....	163
18.1. Yfirheyrslur, framburðir og viðtöl við sakborninga við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna.....	165
18.1.1. Erla Bolladóttir.....	166
18.1.1.1. Kynferðisbrot í Síðumúlafangelsi.....	193
18.1.2. Sævar Marinó Ciesielski.....	195
18.1.3. Kristján Viðar Viðarsson.....	229
18.1.3.1. Sjálfsvígshætta.....	266
18.1.4. Tryggvi Rúnar Leifsson.....	267
18.1.4.1. Skýringar rannsákenda á yfirheyrslum yfir Tryggva Rúnari án skýrslutöku.....	281
18.1.5. Albert Klahn Skaptason.....	282
18.1.6. Guðjón Skarphéðinsson.....	298

19. Mat á áreiðanleika framburða dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.....	326
19.1. Yfirheyrslur lögreglu og rannsóknir á fölskum játningum, réttarsálfræðilegri vinnu og lagalegu mati .....	326
Yfirheyrslur lögreglu.....	326
Einangrunarvist .....	330
Skráning lögregluviðtala .....	331
Falskar játningar.....	331
Réttarspjöll í Bretlandi .....	336
Rannsóknir á fölskum játningum á Íslandi.....	337
Hugtakið „falskar játningar“ .....	338
Leiðir að fölskum játningum og röngum dómum .....	345
Niðurstöður .....	346
19.2. Sálfræðilegt mat á framburðum dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.....	347
19.2.1. Sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburðar Erlu Bolladóttur .....	351
Yfirheyrslur yfir Erlu .....	351
Samantekt um yfirheyrslur yfir Erlu .....	355
Geðrannsókn á Erlu .....	356
Viðtal við Erlu.....	357
Samantekt um Erlu .....	362
Ályktanir um framburð Erlu.....	365
19.2.2. Sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburðar Sævars Marinós Ciesielski.....	367
Yfirheyrslur yfir Sævari .....	367
Samantekt um yfirheyrslur yfir Sævari .....	374
Viðhorf rannsóknaraðila og fangavarða til Sævars og ill meðferð í Síðumúlafangelsi .....	374
Geðrannsókn á Sævari.....	380
Samantekt um Sævar.....	382
Ályktanir um framburð Sævars .....	384
19.2.3. Sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburðar Kristjáns Viðars Viðarssonar .....	386
Yfirheyrslur yfir Kristjáni Viðari .....	386
Samantekt um yfirheyrslur yfir Kristjáni Viðari .....	398
Viðtal við Kristján Viðar.....	399
Geðrannsókn á Kristjáni Viðari.....	400
Samantekt um Kristján Viðar.....	402
Ályktanir um framburð Kristjáns Viðars.....	405
19.2.4. Sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburðar Tryggva Rúnars Leifssonar.....	405
Yfirheyrslur yfir Tryggva Rúnari .....	406
Samantekt um yfirheyrslur yfir Tryggva Rúnari .....	410
Úr dagbókum Tryggva Rúnars.....	410
Geðrannsókn á Tryggva Rúnari .....	413
Samantekt um Tryggva Rúnar.....	414
Ályktanir um framburð Tryggva Rúnars.....	415
19.2.5. Sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburðar Alberts Klan Skaftasonar .....	416
Yfirheyrslur yfir Alberti .....	416
Samantekt um yfirheyrslur yfir Alberti .....	424
Viðtal við Albert.....	425
Samantekt um Albert.....	426
Ályktanir um framburð Alberts.....	427
19.2.6. Sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburðar Guðjóns Skarphéðinssonar .....	428
Yfirheyrslur yfir Guðjóni .....	429
Samantekt um yfirheyrslur yfir Guðjóni .....	437
Dagbók Guðjóns.....	438
Geðrannsókn á Guðjóni.....	441
Viðtal við Guðjón.....	442
Samantekt um Guðjón .....	444



Ályktanir um framburð Guðjóns .....	446
19.3. Niðurstöður .....	448
20. Réttarpróun í Noregi í tengslum við endurupptöku dæmdra sakamála .....	453
20.1. Lilandmálið (Lilandsaken) .....	453
20.1.1. Endurupptaka .....	453
20.1.2. Rannsóknarnefnd um rannsókn Lilandmálsins .....	454
20.1.2.1. Tillögur rannsóknarnefndarinnar um breytingar á málsmeðferðarreglum .....	455
20.1.2.2. Möguleiki á endurupptöku sakamála samkvæmt norskum lögum .....	455
20.1.3. Nefnd um endurupptöku sakamála .....	456
20.2. Moenmálið (Moenaken) .....	457
20.2.1. Ágallar á rannsókn og meðferð Moenmálsins .....	459
20.2.2. Samanburður Torunn- og Sigridmálanna .....	461
20.3. Tillögur Moennefndarinnar .....	462
20.3.1. Krafan um hlutleysi .....	462
20.3.1.1. Skriflegar skýrslur lögreglu um sönnunarstöðu mála og útfærsla í tengslum við sönnunargögn .....	464
20.3.2. Lagabreytingar í tengslum við framkvæmd yfirheyrsla - Mörk ótilhlýðilegs þrýstings .....	464
20.4. Reglur um geymslu haldlagðra muna og lífsýna .....	465
20.5. Trygging sönnunar í tengslum við aðalmeðferð .....	465
20.6. Sönnunarkröfur .....	465
21. Niðurstöður starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmálin .....	467
21.1. Inngangur .....	467
21.2. Lögreglurannsókn og meðferð ákærvalds .....	467
21.3. Sálfræðilegt mat á framburðum dómfelldu .....	469
22. Færar leiðir .....	470
22.1. Fyrri ákvarðanir Hæstaréttar um endurupptöku .....	470
22.2. Nýlegar breytingar á meðferð endurupptökumála .....	472
22.3. Breytingar á heimildum til endurupptöku dæmdra sakamála .....	473
22.4. Sértek lagabreyting .....	474
22.5. Ráðstafanir á grundvelli gildandi lagaákvæða .....	474
Lokaorð .....	476
Heimildaskrá .....	477

# Fyrri hluti

# 1. Inngangur skýrslu og sögulegt yfirlit

## 1.1. Inngangur skýrslu og framsetning

Umfjöllunarefni þessarar skýrslu er rannsókn á sakamálum, svokölluðum Guðmundar- og Geirfinnsmálum, frá áttunda áratug síðustu aldar. Rannsóknirnar tengjast mannhvörfum sem bæði áttu sér stað árið 1974. Umfjöllunarefnið eru því atburðir og afleiðingar þeirra sem áttu sér stað fyrir hartnær 40 árum síðan. Þegar fjallað er um svo löngu liðna atburði er afar mikilvægt að missa ekki sjónar af því í hvaða lagaumhverfi og samfélagi atburðirnir áttu sér stað. Það er því markmið þessa fyrsta kafla skýrslunnar að gera stutta grein fyrir íslensku samfélagi, réttarfari, regluverki og stofnunum réttarvörslukerfisins á þeim tíma er rannsóknir á Guðmundar- og Geirfinnsmálum stóðu sem hæst. Þá er samhengisins vegna einnig fjallað um nokkrar breytingar sem hafa átt sér stað allt fram til dagsins í dag t.d. hvað varðar löggjöf og stofnanir. Skýrslu þessari er skipt upp í tvo hluta. Í fyrri hluta skýrslunnar er sögulegt yfirlit og fjallað um Guðmundar- og Geirfinnsmálin í tíma, allt frá upphafi til okkar daga, þá aðallega rannsóknir lögreglu, framhaldsrannsóknir og tengdar rannsóknir. Þá er fjallað um þær endurupptökubeiðnir sem lagðar hafa verið fyrir Hæstarétt vegna málsins. Umfjöllun í fyrri hluta skýrslunnar þjónar þeim tilgangi að gera sér grein fyrir á tímaröð atvika og þeim opinberu upplýsingum sem hafa legið fyrir um málið. Í seinni hluta skýrslunnar er fjallað um gögn málsins og allar þær rannsóknir sem taldar eru í fyrri hluta skýrslunnar að viðbættum þeim upplýsingum sem ekki hafa verið aðgengilegar til þessa. Í seinni hlutanum er jafnframt að finna niðurstöður starfshópsins í samræmi við skipunarbréf hans en starfshópurinn rannsakaði sérstaklega þá framburði sem lágu fyrir í málinu á sínum tíma m.t.t. þeirrar þekkingar sem liggur fyrir í dag á sviði sálfræði, en lá ekki fyrir á þeim tíma er rannsókn lögreglu fór fram og dómar voru kveðnir upp í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum.

## 1.2. Íslenskt samfélag

Tímabilið 1960–1980 voru ár mikilla umbrota í íslensku samfélagi. Reykjavík og höfuðborgarsvæðið í heild hafði þanist út á undanförunum áratugum og mikil fólksfjölgun átt sér stað vegna stöðugra fólksflutninga úr sveit í borg, sem og hárrar fæðingartíðni. Íbúum Reykjavíkur fjölgaði úr 56 þúsund árið 1950 í 84 þúsund árið 1980. Á sama tímabili fjölgaði íbúum á höfuðborgarsvæðinu úr 65 þúsundum í tæp 122 þúsund.<sup>1</sup>

**Lögreglan** á höfuðborgarsvæðinu óx og þróaðist ekki fyllilega í takt við rísandi borgar-samfélag. Árið 1962 voru lögreglumenn í Reykjavík 167, þar af voru 23 starfandi sem rannsóknarlögreglumenn hjá embætti yfirsakadómara. Lítil breyting varð á lögreglu-liðinu á næstu tíu árum. Viðfangsefni löggæslunnar og umfang þeirra báru á hinn

---

<sup>1</sup> Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir sveitarfélögum 1901-1990.

bóginn merki breyttrar þjóðfélagsgerðar. Er þar ekki eingöngu vísað til afbrota og glæpa ýmis konar. Í því sambandi má m.a. nefna að kraftar óbreyttra lögreglumanna beindust í auknum mæli að umferðarmálum enda hafði akandi og gangandi vegfarendum farið ört fjölgandi.<sup>2</sup>

Upp úr 1960 urðu ýmsir **brotaflokkar** umfangsmeiri en áður en einnig komu nýir til sögunnar. Hinir hefðbundnu brotaflokkar voru m.a. innbrot og rán, fjársvik, óspektir, slagsmál og skemmdarverk og komu unglingar oftast við sögu en áður tíðkaðist. Mestu umskiptin, og ef til vill hin afdrifaríkustu, áttu sér stað á skömmum tíma á síðari hluta sjöunda áratugarins. Fíkniefnaneysla var stór hluti af tiskubylgju hippatímabilsins og þeirri samfélagsuppreisn sem því fylgdi. Yfirvöld voru illa undir það búin að takast á við fíkniefnavandann sem var strax kringum 1970 að verða alvarlegt þjóðfélagsból.<sup>3</sup> Á áttunda áratugnum fjölgaði síðan ofbeldisverkum af ýmsum toga, einnig manndrápum af ásettu ráði sem löngum höfðu verið afar fátíð hér á landi, og þá urðu fjársvikamál að kalla daglegt brauð.<sup>4</sup> Ef til vill má leiða líkur að því að þessi þróun hafi að einhverju leyti verið afleiðing vaxandi fíkniefnaneyslu.

**Fjölmiðlar** gerðust almennt ágengari í rýni sinni á samfélagið þótt Ríkisútvarpið væri enn eitt um öldur ljósvakans og dagblöðin ennþá flokksmálgögn og báru keim af því. Síðdegisblaðið *Vísir* skar sig þó úr að þessu leyti; það var við það að rjúfa tengslin við stjórn málin en farið að leggja meira upp úr söluvænlegum fréttum. Samkeppni fjölmiðla var þannig farin að segja til sín með aðeins öðrum hætti en áður. Nýtt blað, *Dagblaðið*, var stofnað árið 1975 eftir að átök höfðu risið um ritstjórnarstefnu á Vísi. Dagblaðið háði hatramma samkeppni við Vísi á síðdegismarkaðnum og varð á skömmum tíma víðlesnasta blað landsins, á eftir *Morgunblaðinu*.<sup>5</sup>

Um engin sakamál hefur verið eins mikið fjallað í íslenskum fjölmiðlum, hvorki fyrr né síðar, en Guðmundar- og Geirfinnsmálin. Vegna þess hvernig þessi mál báru að með ólíkum hætti, og hvernig að rannsókn þeirra var staðið, var Geirfinnsmálið jafnan í forgrunni og umfjöllunin nánast öll um það. Fram kemur í úttekt Guðrúnar Sesselju Baldursdóttur um Guðmundar- og Geirfinnsmálin í fjölmiðlum að rúmlega 950 greinar af margvíslegu tagi hafi birst um þessi mál í öllum helstu dagblöðum landsins á árunum 1974–1980. Í yfirgnæfandi tilvikum var um fréttir að ræða, frásagnir af rannsókn málaanna og framvindu þeirra. Langmest var umfjöllunin og fréttirnar flestar árin 1975–1977 eða þar til bæði málin töldust upplýst og fóru fyrir dóm. Flestar greinar birtust í *Dagblaðinu*, rúmlega 200 talsins, en *Morgunblaðið* og *Vísir* fylgdu fast á eftir.<sup>6</sup>

<sup>2</sup> *Umferð*, 5. árg. 1962, 1. tbl., bls. 4-5. Viðtal við Sigurjón Sigurðsson.

<sup>3</sup> Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson: Lögreglan á Íslandi stéttartal og saga, 568-569. Helgi Skúli Kjartansson: Ísland á 20. öld, 386.

<sup>4</sup> Helgi Skúli Kjartansson: Ísland á 20. öld, 386. Sjá einnig um manndráp og morð, *Helgarpósturinn* 4. júní 1982.

<sup>5</sup> Sjá m.a. Helgi Skúli Kjartansson: Ísland á 20. öld. Rv. 2002, 436-437.

<sup>6</sup> Guðrún Sesselja Baldursdóttir: „Guðmundar- og Geirfinnsmálin í fjölmiðlum.“ Háskóli Íslands. Óprentað handrit, 1-18. Vísað til með leyfi höfundar.

Þetta voru ár umróts á fjölmörgum sviðum, ár átaka og afdráttarlausra skoðana. Kröfur um siðbót í **stjórnmálum** voru háværar.<sup>7</sup> Á áttunda áratugnum mátti sjá fyrstu merki þess að flokkshollusta kjósenda væri á undanhaldi.

### 1.3. Réttarfar

Málsmeðferð opinberra mála á Íslandi bar öll megininkenni rannsóknarréttarfars fram eftir 20. öldinni. Dómarar höfðu með höndum stjórn lögreglu og hófu rannsókn brotamála að eigin frumkvæði og stýrðu rannsókn. Dómsmálaráðherra var æðsti handhafi ákærvalds en dómarar fóru líka með það vald og sáu um öflun sönnunargagna. Skil á milli rannsókna og málsmeðferðar fyrir dómi voru óglögg þar sem sönnunarfærsla fór gjarnan fram fyrir dómi á rannsóknarstigi.

Árið 1951 tóku gildi heildarlög um meðferð opinberra mála, dregið var úr ákærvaldi dómara og ákvörðun um saksókn færð að mestu til dómsmálaráðherra. Með þeim var stigið fyrsta skrefið í átt að nútíma ákæruéttarfari. Þó eimdi enn eftir af rannsóknarréttarfari á Íslandi. Árið 1961 var ákærvaldið fært til sérstaks opinbers ákæranda, nú embættis ríkissaksóknara. Síðan þá hefur ríkissaksóknari verið æðsti handhafi ákærvalds. Ráðherra dómsmála hefur þó eftirlit með samræmdri framkvæmd ákærvalds. Vissir þættir ákærvalds héldust í höndum dómara, til dæmis ákvarðanir um öflun sönnunargagna og þvingunaraðgerðir í þágu rannsóknar máls. Árið 1976 voru gerðar breytingar á meðferð sakamála og jafnframt var rannsóknarlögregla ríkisins stofnuð. Þar með var stjórn rannsóknarlögreglu tekin úr höndum dómara í Reykjavík og ákærvald dómara fellt niður. Með gildistöku laga um nr. 92/1989 um aðskilnað dómvalds og umboðsvalds í héraði og laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála var ákæruéttarfar fest í sessi hér á landi.<sup>8</sup>

### 1.4. Stofnanir réttarvörslukerfisins

#### 1.4.1. Lögregla

Með lögum nr. 92/1933 voru í fyrsta sinn sett lög um lögreglumenn þar sem fyrstu skrefin voru stigin í átt til ríkislögreglunnar og þar kom fram vísir að rannsóknarlögreglu. Embætti lögreglustjórans í Reykjavík var skipt upp með lögum nr. 67/1939 um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o.fl. í Reykjavík og embætti sakadómara stofnað. Rekstur löggæslunnar í landinu var færður að fullu undir ríkisvaldið árið 1972 þegar samþykkt voru lög um skipan dómvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. Samkvæmt þeim lögum skyldi í Reykjavík vera embætti borgardómara, borgarfógeta, sakadómara, lögreglustjóra og tollstjóra en utan Reykjavíkur skyldi vera embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Utan Reykjavíkur hafa sýslumenn að jafnaði haft með höndum lögreglustjórn frá fornu fari og þar með flest hlutverk við meðferð sakamála. Núgildandi lögreglulög nr. 90/1996 komu í stað laga um lögreglumenn nr. 56/1972 sem að stofni til voru frá árinu 1933.

<sup>7</sup> Sjá m.a. Helgi Skúli Kjartansson: Ísland á 20. öld, bls. 386-389.

<sup>8</sup> Eiríkur Tómasson: Meginreglur um opinbert réttarfar, Úlfjótur, 2002, bls 2-3.

#### **1.4.1.1. Sakadómur Reykjavíkur og Rannsóknarlögreglan í Reykjavík**

Við fyrrgreinda uppskiptingu embættis lögreglustjórans í Reykjavík árið 1939 var embætti sakadóms Reykjavíkur sett á laggirnar. Þá fluttist rannsóknarvald og dómsvald í opinberum málum í hendur sakadómarara en lögreglustjórinn fór með lögreglustjórn, útlendingaeftirlit, útgáfu vegabréfa o.fl. Rannsóknarlögreglan flutti í kjölfar þessarar uppskiptingar frá embætti lögreglustjóra í nýtt húsnæði og fékk nafnið rannsóknar-lögreglan í Reykjavík.<sup>9</sup>

Sakadómur Reykjavíkur fór m.a. með opinber mál, rannsókn fyrir dómi, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og stjórn Hegningarhúss. Dómarar sakadóms skiptu í stórum dráttum með sér verkum eftir eðli mála en voru háðir starfsskipulagi embættisins. Rannsóknarlögreglu Reykjavíkur var skipt upp í fjórar deildir, almenna deild, umferðardeild, tæknideild og vörslu og afhendingu óskilamuna. Embætti sakadóms Reykjavíkur var sérstakt að því leyti, þegar litið var til landsins alls, að þar var hægt að koma við vísi að skiptingu milli dómsvalds og rannsóknarvalds. Þannig skyldu sakadómarar sem dæmdu í málum almennt ekki taka við þeim fyrr en eftir útgáfu ákæru en fulltrúar yfirsakadómarara störfuðu með lögreglu fyrir útgáfu ákæru. Sakadómarar önnuðust þó svokallaðar dómsrannsóknir sbr. ákvæði 74. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og fór hún einungis fram að lokinni frumrannsókn lögreglu, enda væri þá ekki hægt að taka ákvörðun um hvort mál skyldi höfðað eða ekki. Eftir rannsókn voru mál búin í hendur ríkissaksóknara sem tók ákvörðun um útgáfu ákæru og málið var að lokum dæmt í sakadómi Reykjavíkur.

Utan Reykjavíkur var þessu öðruvísi háttað, þar voru fulltrúar bæjarfógeta bæði fulltrúar lögreglustjóra og dómara. Fulltrúi vann þar með lögreglu við rannsókn mála, útbjó málin í hendur ríkissaksóknara, tók síðan við þeim eftir útgáfu ákæru og dæmdi að lokum sem dómarafulltrúi.

Á þessum tíma var ekki haldin aðalmeðferð máls<sup>10</sup> líkt og gert er í dag heldur voru haldin stök dómþing, jafnvel yfir lengra tímabil. Þá voru dómþing oft haldin af fulltrúa yfirsakadómarara fyrir útgáfu ákæru en hann sá til dæmis um að úrskurða um gæsluvarðhald. Þá héldu fulltrúar yfirsakadómarara dómþing fyrir útgáfu ákæru vegna framburða en framburðir þóttu fastari í hendi ef þeir voru gefnir fyrir dómþingi á meðan rannsókn mála stóð hjá lögreglu.

Rannsóknir lögreglumála fluttust frá sakadómi Reykjavíkur árið 1977 þegar rannsóknar-lögregla ríkisins var stofnuð en embætti sakadóms Reykjavíkur var lagt niður 1. júlí 1990 þegar lög um aðskilnað dómsvalds og umboðvalds í héraði tóku gildi.

<sup>9</sup> Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson: Lögreglan á Íslandi stéttartal og saga, bls. 323-329.

<sup>10</sup> Í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála segir m.a. til útskýringar á hugtakinu aðalmeðferð: „Rekstur máls eftir að ákærða hefur verið gefin út kallast *málsmeðferð*, og sönnunarfærsla og málflutningur, sem fara á fram í einni lotu, kallast *aðalmeðferð* máls.“

Halldór Þorbjörnsson var yfirsakadómari frá 1973 en Gunnlaugur Briem gegndi embætti yfirsakadómara frá 1982-1992. Áður gegndi Þórður Björnsson embætti yfirsakadómara eða þar til hann varð ríkissaksóknari árið 1973.

Sakadómarar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum voru Ármann Kristinsson, Haraldur Henrysson og Gunnlaugur Briem sem jafnframt var dómsformaður. Fulltrúi yfirsakadómara í Guðmundar- og Geirfinnsmálum var Örn Höskuldsson, og tímabundið á seinni stigum, Birgir Þormar.

#### **1.4.1.2. Rannsóknarlögregla ríkisins**

Rannsóknarlögregla ríkisins, hér eftir RLR, tók til starfa þann 1. júlí 1977 samkvæmt lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 108/1976 og reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 253, 29. júní 1977. Megintilgangur og markmið með stofnun embættisins var aðgreining dómsvalds og rannsóknarstjórnar í opinberum málum og að skapa betri möguleika til þess að beina sérhæfðum starfskröftum að meðferð alvarlegra afbrotamála. Einnig var það tilgangur stofnunar embættisins að stofna til rannsóknarvalds, sem næði til landsins alls, óbundið af umdæmaskipan. Æðsti yfirmaður embættisins var rannsóknarlögreglustjóri ríkisins en RLR laut yfirstjórn dómsmálaráðherra. Þannig færðust rannsóknir sakamála undan forræði sakadóms Reykjavíkur, svo og lögreglustjóra á Stór-Reykjavíkursvæðinu til RLR. Embætti ríkislögreglustjóra var stofnað árið 1997, samfara því var RLR lögð niður og flestar rannsóknir fluttar til lögreglustjóra landsins.

Rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála var að mestu lokið þegar RLR tók til starfa en RLR framkvæmdi hins vegar minni rannsóknir sem tengdust málunum á síðari stigum og verður fjallað sérstaklega um þær rannsóknir í þessari skýrslu.

Hallvarður Einvarðsson var skipaður fyrsti rannsóknarlögreglustjóri ríkisins árið 1977 og hann gegndi því embætti allt til ársins 1986 þegar Bogi Nilsson tók við. Hinn 15. apríl 1978 hlaut Þórir Oddsson skipun sem vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins en 7. janúar 1997 var hann settur til að gegna starfi rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og tók þá við af Boga Nilssyni. Þórir sat í embætti rannsóknarlögreglustjóra til 30. júní 1997, eða allt til þess tíma er RLR var lögð niður.

#### **1.4.1.3. Tæknirannsóknir lögreglu**

Á fyrstu árum tæknideildar rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík<sup>11</sup> var hún staðsett að Fríkirkjuvegi 11. Tæknirannsóknir á vegum lögreglunnar á þessum tíma voru takmarkaðar auk þess sem tækjaskortur háði tæknilegum rannsóknum. Nokkur breyting varð á þegar rannsóknarlögreglan flutti sumarið 1963 í húsnæði sakadóms að Borgartúni 7. Helstu samanburðarrannsóknir sem unnar voru þá í tæknideild, auk fingrafararannsókna, voru skjalarannsóknir en þó í litlum mæli. Aðrar stærri samanburðarrannsóknir varð að láta framkvæma erlendis. Sérfræðiþekking lögreglumanna í tæknideild byggðist upp á setu námskeiða hjá tæknideildum lögreglu á Norðurlöndum og víðar.

<sup>11</sup> Tæknideild rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík var stofnuð í september 1945.

Við stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins 1977 jókst húsrými tæknideildar við flutning í Auðbrekku 6, í Kópavogi og leyfi fékkst til kaupa á nauðsynlegum rannsóknaráhöldum, svo sem samanburðarsmásjá. Smásjáin var þá sú fullkonnasta á markaðinum og olli straumhvörfum í samanburðarrannsóknnum hér á landi. Fyrsta málið, þar sem sekt var sönnuð með samanburði í samanburðarsmásjánni, var árið 1981. Síðan þá hafa margar umfangsmiklar samanburðarrannsóknir verið unnar hér á landi. Á seinni árum hafa störf lögreglunnar beinst í ríkara mæli að söfnun lífsýna á brotavettvangi, t.d. blóði, sæði og munnvatni. Sýni þessi eru send til rannsóknar ýmist til rannsóknastofnana innanlands eða erlendis þar sem svokölluð DNA-greining fer fram.<sup>12</sup>

Í húsnæði rannsóknarlögreglu Reykjavíkur í Borgartúni 7 fóru sakbendingar fram. Þær fóru þannig fram að sakborningi var stillt upp öðrum megin við hurð með glerrúðu og vitni hinum megin. Sakborningur sá ekki vitnið í gegnum rúðuna og þess var gætt að viðkomandi hittust ekki fyrir sakbendinguna. Menn voru fengnir af götunni til að stilla sér upp við hlið sakborninga og dæmi voru um að nemar úr Lögregluskóla ríkisins væru einnig fengnir til þess.

Myndaraðanir gáfu vitnum kleift að velja ákveðna andlitssvipi, augnsvipi, munnsvipi, hár o.s.frv. og var þessum andlitshlutum raðað saman til að finna út andlitsmynd af þeim sem leitað var. Þessi aðferð mun ekki hafa verið mikið notuð en þó hafi hún borið árangur við að hafa uppi á mönnum sem lögreglan leitaði. Í dag er þessari aðferð beitt með tölvutækni.

Við sakbendingar með myndum notaðist tæknideild lögreglu við valdar myndir úr safni lögreglu. Um var að ræða safn mynda af sakborningum úr ýmsum málum. Sú aðferð var notuð mikið oft en myndaröðun.

#### **1.4.1.4. Lögregluskóli og menntun rannsóknarlögreglu**

Árið 1963 urðu þáttaskil í menntunarmálum lögreglumanna. Þá var í lögum gert ráð fyrir stofnun Lögregluskóla ríkisins sem starfrækja átti við embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Fyrir þann tíma voru haldin námskeið á vegum embættisins ýmist fyrir nýliða eða framhaldsnámskeið fyrir starfandi lögreglumenn. Skólinn átti að veita lögreglumönnum undirstöðumenntun í lögreglufræðum.

Fyrir stofnun RLR árið 1977 fór ekki mikið fyrir sérmenntun rannsóknarlögreglumanna. Þegar RLR tók til starfa voru hins vegar dæmi þess að starfsmenn embættisins væru sendir á námskeið hjá lögreglu erlendis.

Á bréfaskiptum rannsóknarlögreglustjóra og dómsmálaráðherra árið 1977, nokkru áður en lög um rannsóknarlögreglu ríkisins komu að fullu til framkvæmda, sést glögg að áhersla hefur verið lögð á að menntun rannsóknarlögreglumanna og þjálfun þeirra á hinum ýmsu sviðum yrði góð.<sup>13</sup>

<sup>12</sup> Tæknirannsóknir almennt. Heimasíða lögreglunnar á Íslandi.

<sup>13</sup> Bréf rannsóknarlögreglustjóra ríkisins til dómsmálaráðherra dagsett 16. maí 1977.



#### **1.4.2. Embætti ríkissaksóknara**

Árið 1961 var flutt frumvarp á Alþingi til breytinga á lögum nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, þar sem lagt var til að skipaður yrði saksóknari ríkisins. Með gildistöku laga nr. 57/1961 fór embætti ríkissaksóknara með æðsta ákærvald á Íslandi.

##### ***1.4.2.1. Ríkissaksóknarar og vararíkissaksóknarar***

Valdimar Stefánsson var skipaður fyrsti saksóknari ríkisins þann 1. júlí 1961 og gegndi því til 23. apríl 1973 er hann andaðist. Þórður Björnsson tók við og gegndi embætti ríkissaksóknara frá 1. júlí 1973 til 1. júlí 1986 og gegndi þannig embætti ríkissaksóknara þegar Guðmundar- og Geirfinnsmálin stóðu sem hæst. Hallvarður Einvarðsson tók þá við embætti og gegndi því til 1. janúar 1998 en hann var áður vararíkissaksóknari og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins. Þá varð Bogi Nilsson ríkissaksóknari og sat í embætti til 1. janúar 2008. Valtýr Sigurðsson var þá skipaður ríkissaksóknari en hann var fulltrúi lögreglumála hjá embætti bæjarfógeta í Keflavík þegar hvarf Geirfinns Einarssonar var rannsakað þar á sínum tíma. Valtýr gegndi embætti ríkissaksóknara þar til núverandi ríkissaksóknari, Sigríður J. Friðjónsdóttir, tók við embætti þann 4. apríl 2011.

Hallvarður Einvarðsson var vararíkissaksóknari, sem þá var kallaður aðalfulltrúi, frá 1. júlí 1963 og þar til hann var skipaður í embætti rannsóknarlögreglustjóra ríkisins árið 1977. Þá tók Bragi Steinarsson við embættinu og starfaði til ársins 2005. Ragnheiður Harðardóttir gegndi embætti vararíkissaksóknara frá árinu 2005 til 2009 og Sigríður J. Friðjónsdóttir frá árinu 2009 til 2011. Núverandi vararíkissaksóknari er Helgi Magnús Gunnarsson og hefur hann gegnt embættinu frá árinu 2011.

##### ***1.4.2.2. Settir saksóknarar vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála***

Tvívegis hafa verið settir saksóknarar vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála. Árið 1994 var Ragnar H. Hall, hrl. settur ríkissaksóknari vegna endurupptökubeiðni Sævars Marínos Ciesieslski en á þeim tíma gegndi Hallvarður Einvarðsson embætti ríkissaksóknara.

Árið 2001 var Lára V. Júlíusdóttir, hrl. settur saksóknari, vegna opinberrar rannsóknar samkvæmt 4. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála á tildrögum þess að Magnús Leópoldsson var á sínum tíma grunaður um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar í Keflavík og látinn sæta gæsluvarðhaldi vegna þess á fyrri hluta árs 1976. Á sama tíma gegndi Bogi Nilsson embætti ríkissaksóknara.

#### **1.4.3. Fangelsi**

Þau fangelsi sem starfrækt voru á Íslandi á tíma rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmála voru Hegningarhúsið Skólavörðustíg 9, Vinnuhælið að Litla-Hrauni, Vinnuhælið Kvíabryggja og að lokum Gæsluvarðhaldsfangelsið Síðumúla 28. Fangelsið Síðumúla 28 í Reykjavík var upphaflega byggt sem bílageymsla eða bílaþvottastöð fyrir lögregluna. Húsnæðið var samþykkt sem fangageymsla fyrir lögregluna árið 1960 en gæsluvarðhaldsfangelsi til bráðabirgða árið 1971. Síðumúlafangelsinu var lokað í maí 1996 og húsnæðið rífið stuttu síðar.

Samkvæmt lögum nr. 38/1973 um fangelsi og vinnuhæli fór dómismálaráðherra með yfirstjórn fangelsismála. Fangelsin heyrðu beint undir ráðuneytið. Við fangelsi skyldi

ráðherra skipa sérstakan forstöðumann sem skyldi sjá um daglegan rekstur stofnunarinnar undir yfirstjórn dómsmálaráðherra.

Forstöðumenn fangelsa á tímum rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmála voru þeir Gunnar Guðmundsson í Síðumúlafangelsi, Helgi G. Gunnarsson á Litla-Hrauni, í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg var Valdimar Guðmundsson forstöðumaður og síðar Skúli Steinsson.

Fangelsismáladeild var sett á laggirnar í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1. mars 1978 og fór hún með yfirstjórn fangelsismála. Sérstök stofnun, Fangelsismálastofnun ríkisins, hefur verið starfrækt frá 1. janúar 1989, sbr. 2. gr. laga um fangelsi og fangavist, en núgildandi lög eru um fullnustu refsinga nr. 49/2005.

Fangelsismálastofnun ríkisins tók við hlutverki fangelsismáladeildar ráðuneytisins auk þess sem hún sinnir öðrum verkefnum og hefur umsjón með rekstri fangelsa en ráðherra skipar forstöðumann fangelsis til fimm ára í senn.

#### **1.4.3.1. Almennar reglur**

Reglur um meðferð gæsluvarðhaldsfanga á tímum rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmála var að finna í 70. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála og í reglugerð um fangavist nr. 260/1957. Í III. kafla reglugerðarinnar komu fram **ákvæði um gæslufanga**. Þar sagði m.a. að gæslufangar skyldu sæta þeirri meðferð sem nauðsynleg væri til þess að gæslan kæmi að gangi en varast skyldi að beita fangana hörku eða harðýðgi. Þeir skyldu ekki vera háðir frekari takmörkunum um hag sinn en nauðsyn krefði og gæslufangar skyldu látnir vera í einrúmi, nema dómari ákvæði eða leyfði annað. Þeir skyldu ekki hafa lakara viðurværi en varðhaldsfangar og heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði og öðrum persónulegum nauðsynjum að svo miklu leyti sem það færi ekki í bága við öryggi og góða reglu í varðhaldinu. Gæslufangar máttu ekki þiggja heimsóknir né hafa samband við aðra nema með leyfi dómara. Ef verjandi óskaði eftir að fá að tala einslega við gæslufanga eða öfugt var fangaverði skylt að leita ákvörðunar dómara um hvort heimila skyldi slíkt samtal.

Almennar reglur um **viðurlög við brotum fanga** í afplánun og beitingu öryggisráðstafa fanga var að finna í ákvæðum almennra hegningarlaga svo og umræddri reglugerð.

Viðurlagaákvæði við agabrotum fanga komu fram í 27. og 28. gr. fyrrgreindrar reglugerðar en þar var kveðið á um að fangelsisstjóri gæti ákveðið föngum skilgreind refsiviðurlög vegna brota á reglum fangelsisins. Um væri að ræða sviptingu ívilnana sem stæði aldrei skemmri tíma en 14 daga. Viðurlög gátu þá einnig falist í sviptingu vinnulauna og innilokun í einangrunarklefa í allt að 90 daga, þó ekki lengur en 30 daga nema með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Þá gátu fangaverðir beitt nauðsynlegum öryggisráðstöfunum við fanga, ef afstýra þyrfti yfirvofandi ofbeldi, bæla niður ofbeldisfullan mótþróa eða koma í veg fyrir strok. Í því skyni mátti m.a. nota spenniból, járn og innilokun í einangrunarklefa. Einangrun til öryggis mátti ekki vera lengur en einn mánuð í einu nema með samþykki dómsmálaráðuneytisins.

#### **1.4.3.2. Sérstakar reglur fangelsa, fangelsisdagbækur o.fl.**

Auk almennra reglna um fangelsi og fangelsismál sem vísað er til hér að framan voru settar **sérstakar reglur** í hverju fangelsi, til dæmis voru í gildi á tíma rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmála *reglur um hegðun fanga í vinnuhælinu á Litla-Hrauni*. Um er að ræða reglur er lúta að skyldum fanga. Þó er fjallað um réttindi fanga í einni setningu í fyrstu grein af ellefu en þar kemur fram að „þykist fangi órétti beittur, getur hann kært til fangelsisstjóra.“

**Dagbókarskrif fangelsa** eru samkvæmt upplýsingum frá fangelsismálastofnun skráning um starfið, hvort sem eitthvað óvenjulegt hefur gerst eða ekki. Dagbókarfærslur segja til um hverjir eru á vakt, hvenær vakt byrjar og endar og hvað gerist á þeim tíma í mismiklum smáatriðum. Þetta eru upplýsingar fyrir starfsfólk sem mætir á vakt, fyrir yfirmenn sem vilja kynna sér gang mála og svo fyrir seinni tíma ef leita þarf að einhverju sérstöku atviki. Oftast skapast ákveðnar venjur um dagbókarskráningu í hverju fangelsi, t.d. hversu nákvæm skráningin er. Venja er að varðstjóri, aðstoðarvarðstjóri eða sá sem er skráður fyrir vakt riti í dagbókina.

Meginreglan er sú að skrá í dagbók það sem telst mikilvæg vitneskja í daglegri starfsemi fangelsisins. Í dagbók er einnig skráð hvaða fangar eru í fangelsinu á hverjum degi og hvaða tilfærslur eiga sér stað, þ.e. hverjir losna og á hvaða tíma, hverjir eru fluttir í önnur fangelsi og sömuleiðis hverjir koma í fangelsið til fangavistar.

Í dagbók skal færa það helsta sem gerist á hverjum sólarhring, s.s. hvaða aðilar koma að vitja fanga vegna starfs síns, læknar, sálfræðingar, lögregla, lögmenn, félagsráðgjafar o.fl. og á hvaða tíma þeir fara. Einnig á að skrá einstök atvik eða upptakomur í fangelsinu og á svæði þess. Má sem dæmi nefna átök, stök og tilraunir til slíks, smygl, hættu, truflun utanfrá og annað sem telst til sérstaks ástands. Er þá gerð stutt dagbókarfærsla með tímasetningu.

Í dagbók fangelsis geta líka verið skráð skilaboð milli vakta, t.d. ef eitthvað er ákveðið af varðstjóra eða öðrum yfirmanni á dagvakt sem hann vill að skili sér til næturvaktmanna og annarra sem eiga að kynna sér efni dagbókarfærslna þegar vakt þeirra hefst.

Á tímum rannsókna Guðmundar- og Geirfinnsmála störfuðu í fangelsunum sérstakar **fangelsislæknir og fangelsisprestur**. Á þeim tíma voru þeir starfsmenn dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

#### **1.4.3.3. Menntun fangavarda**

Í minnisblaði, dagsettu 26. mars 1981, sem unnið var í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu er fjallað um framkvæmd námskeiðahalds fyrir fangaverði frá árinu 1975, en þar segir m.a.:

*„Framkvæmd námskeiðahalds hefur verið þannig að flest árin hefur verið efnt til námskeiðs á Litla-Hrauni að vorlagi og hafa nú verið haldin 5 námskeið þar. Hvert námskeið hefur verið milli 20-30 kennslustundir. Í Reykjavík hafa*

verið haldin 2 námskeið, 1975 og 1979. Fyrri námskeiðið var 40 klst. en síðara námskeiðið 30 klst. [...]

*Á námskeiðum þessum hefur verið leitast við að veita bæði bóklega fræðslu í greinum eins og sálfræði, afbrotufræði, hegningarlögum, fangelsisreglum og félagslegri aðstoð. Nokkur líkamleg þjálfun hefur einnig verið á námskeiðunum. Ljóst er að ekki er unnt að veita nema mjög yfirborðskennnda innsýn í þau viðfangsefni sem hér er um að ræða í svo fáum kennslustundum.“*

Með þingsályktunartillögu um menntun fangavarda<sup>14</sup> frá 1981 var ríkisstjórninni falið að skipa nefnd er tæki til gagn Gerrar endurskoðunar menntun fangavarda, og leita leiða til úrbóta og gera tillögur þar að lútandi. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni sagði m.a.:

*„Ljóst er að menntunarmál fangavarda á Íslandi eru í algjöru lágmarki. Í raun liggur öll menntun hjá fangavörðum í Reykjavík í vikunámskeiði, sem haldið var árið 1975.[...]*

*Á Norðurlöndunum eru menntunarmál fangavarda töluvert umfangsmeiri og sem dæmi má nefna Noreg. Þar er tveggja ára skóli, þar sem m.a. er lögð áhersla á sálarfræði og réttarfarsfræði.“*

Nefndin skilaði skýrslu til dómsmálaráðherra hinn 12. janúar 1982. Í skýrslunni kemur fram að nefndin hafi m.a. kynnt sér hvernig menntun fangavarda á hinum Norðurlöndunum var háttað. Nefndin studdist m.a. við upplýsingar um Svíþjóð frá árinu 1976 en þá þurftu þeir sem voru að hefja starf sem fangaverðir þar í landi að sækja þriggja mánaða námskeið, alls 440 klst., þar af fjögurra vikna starfsþjálfun. Námskeiðinu lauk með prófi sem þurfti að standast til að komast á framhaldsnámskeið sem stóð yfir í 1 mánuð, eða 150 klst.

Nefndin lagði fram í skýrslunni metnaðarfullar tillögur um menntun fangavarda á Íslandi en ljóst var af samanburði við hin Norðurlöndin að á áttunda áratugnum var fagmenntun eða fagþjálfun fangavarda á Íslandi mun minni en í nágrannaríkjunum.

Fangavardaskóli ríkisins var stofnaður haustið 1983 og tilgangur hans var að bæta fagleg vinnubrögð fangavarda, auka víðsýni þeirra og þekkingu á starfinu og efla starfsþjálfun almennt.

#### **1.4.3.4. Breytingar á fangelsismálum í kjölfar Guðmundar- og Geirfinnsmála**

Árið 1982 var samþykkt þingsályktunartillaga um fangelsismál.<sup>15</sup> Efni hennar kvað á um að kjósa skyldi 7 manna nefnd til að gera heildarúttekt á fangelsismálum og endurskoða lög og reglur þar að lútandi. Ljóst er að Guðmundar- og Geirfinnsmál hafa verið

<sup>14</sup> Þingsályktunartillaga um menntun fangavarda, mál 267, lagt fram á 103. löggjafarþingi árið 1981. Alþingistíðindi.

<sup>15</sup> Þingsályktunartillaga um fangelsismál, mál 38, lagt fram á 104. löggjafarþingi árið 1981. Alþingistíðindi.

flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar hugleikin en í greinargerð með tillögunni segir m.a.:

*„Nú í sumar hefur séra Jón Bjarman fangaprestur vakið verðskuldaða athygli á fjölmörgu í fangelsismálum okkar, og munu flutningsmenn þessarar tillögu leita liðsinnis hans er málið kemur til umfjöllunar Alþingis.*

*Í kjölfar þess, sem séra Jón Bjarman hefur látið frá sér fara, hafa svo birst viðtöl og greinar um þessi mál sem vekja ekki síður fjölmargar spurningar sem ósvarað er að miklu eða öllu leyti.*

*Skemmst er að minnast viðtalsbókarinnar við Sævar Ciesielski: Stattu þig drengur, sem er þess eðlis, að löggjafinn, Alþingi, hlýtur að leggja að eyru og fá svör við ýmsum þeim spurningum sem vakna við lestur þeirrar bókar. En til þess að Alþingi geti um málið fjallað heildstætt og vegið og metið allar aðstæður er óhjákvæmilegt að fram fari hlutlaus úttekt á fangelsismálum okkar og stöðu þeirra í dag.*

*Fullyrðingar allar er hollast að spara, en engum dylst þó að í svo vandmeðförnum málflokki getur vart hjá því farið, að ýmislegt sé öðruvísi en vera ætti. Þar geta komið til mannleg mistök, einstrengisháttur og jafnvel mannúðarskortur gagnvart því ógæfufólki sem oft á sér fáa formælendur, ef nokkra. Hvergi er í raun meiri hættu á valdniðslu en einmitt gagnvart þessu fólki og úr því verður að fást skorið óyggjandi, að slíkt eigi sér ekki stað, og ef svo er, að gripið sé þá til harkalegra gagnráðstafana.“*

Nefndin virðist ekki hafa lokið verkefni sínu fyrr en Alþingi hafði ýtt á eftir tillögum hennar. Fól þá nefndin nefndarmönnum Braga Jósepssyni, Davíð Aðalsteinssyni og Hildigunni Ólafsdóttur að semja frumvarp og var það gert í samvinnu við Þorstein A. Jónsson, deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Með bréfi dagsettu 5. febrúar 1987 sendi nefndin frumvarp til laga um fangelsi og fangavist til dómsmálaráðherra auk frumvarps til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun og tilkynnti jafnframt að nefndin hefði lokið störfum. Frumvarpið sem varð að lögum nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist fól í sér endurskoðun á lögum nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli, með síðari breytingum og þeim hluta V. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 sem varðaði fangelsi og fangavist.

## **2. Tvö mannhvörf árið 1974**

### **2.1. Inngangur**

Í skrá embættis ríkislögreglustjóra um horfna menn eru skráð árið 1974 hvarf Guðmundar Einarssonar f. 6. október 1955 og hvarf Geirfinns Einarssonar f. 7. september 1942.

### **2.2. Hvarf Guðmundar Einarssonar – leit og rannsókn 1974**

Hvarf Guðmundar Einarssonar var tilkynnt þann 29. janúar 1974 til lögreglunnar í Reykjavík en síðast sást til hans í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 eftir dansleik í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði. Lögreglan lýsti eftir Guðmundi í fjölmiðlum og hóf leit ásamt Slysavarnarfélagi Íslands. Leit stóð a.m.k. til 3. febrúar 1974 en skilaði engum árangri.

### **2.3. Hvarf Geirfinns Einarssonar – leit og rannsókn í Keflavík 1974**

Samkvæmt gögnum lögreglunnar í Keflavík var það eiginkona Geirfinns sem sá hann síðast um klukkan 22:30 þriðjudaginn 19. nóvember 1974, áður en hann fór að heiman frá sér.

Eitthvað er á reiki hvenær tilkynnt var um hvarf Geirfinns Einarssonar til lögreglunnar í Keflavík. Samkvæmt dómsmeðferð er miðað við að eiginkona Geirfinns hafi skýrt vinnuveitanda Geirfinns frá hvarfinu síðdegis miðvikudaginn 20. nóvember og hann hafi síðan haft samband við lögreglu næsta morgun. Leit hófst að Geirfinni en um leið hófst viðamikil sakamálarannsókn að því er virðist vegna upplýsinga lögreglu um dularfullt stefnumót sem Geirfinnur átti að eiga í Hafnarbúðinni. Flestir lögreglumenn í Keflavík komu að rannsókninni með einhverjum hætti en Hauki Guðmundssyni var tímabundið falið að starfa eingöngu við rannsókn þessa máls. Undir Keflavíkurannsókn kom mjög fljótt upp sú tilgáta að maður sem hefði komið inn í Hafnarbúðina að kvöldi dags 19. nóvember 1974 hefði hringt í Geirfinn. Áköf leit var gerð að manni sem fékk að hringja í Hafnarbúðinni þetta kvöld og var lýst eftir honum. Gerðar voru teikningar og leirmynd sem birt var í fjölmiðlum aðeins viku eftir hvarf Geirfinns, nánar tiltekið þann 26. nóvember 1974. Rannsóknin í Keflavík var síðar tengd viðamiklu smygli á spíra sem kom upp í byrjun árs 1975. Á svipuðum tíma rituðu Sigurbjörn Eiríksson og Magnús Leópoldsson bréf til dómsmálaráðherra þar sem þeir kvörtuðu undan þrálátum orðrómi þess efnis að þeir og skemmtistaðurinn Klúbburinn tengdust Geirfinnsmálinu. Dómsmálaráðherra framsendi erindið til bæjarfógetans í Keflavík.

Dregið var úr rannsókn lögreglunnar í Keflavík sumarið 1975. Í gögnum lögreglunnar í Keflavík er ekkert sem gefur beinlínis til kynna að Geirfinnur Einarsson hafi tengst nokkru saknæmu né að hvarf hans hafi borið að með saknæmum hætti.

## 2.4. Lögreglurannsókn hefst á ný í Reykjavík 1975

Í desember 1975 hóf rannsóknarlögreglan í Reykjavík á ný rannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Samkvæmt málgögnum hafði lögreglunni borist til eyrna að Sævar Ciesielski væri viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar. Þá voru Erla Bolladóttir og Sævar Marinó Ciesielski í gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að svokölluðu póstsvikamáli. Í framhaldi af framburðum sem Erla og Sævar gáfu voru Kristján Viðar Viðarsson, Tryggvi Rúnar Leifsson og Albert Klahn Skaftason úrskurðaðir í gæsluvarðhald dagana fyrir jól 1975.

Rannsóknarlögreglan í Reykjavík hóf einnig rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar og í tengslum við hana voru handteknir í janúar 1976 þeir Magnús Leópoldsson, Einar Gunnar Bollason og Valdimar Olsen og í febrúar, Sigurbjörn Eiríksson. Þeim fjórmenn-ingum var öllum sleppt í maí 1976 en voru áfram látnir sæta takmörkun á ferðafrelsi. Skömmu síðar var fenginn hingað til lands þýski rannsóknarlögreglumaðurinn Karl Schütz til að aðstoða sakadóm Reykjavíkur við rannsókn málanna og virðist hann hafa starfað við rannsóknina allt fram til febrúar 1977. Guðjón Skarphéðinsson var handtekinn og færður í gæsluvarðhald í nóvember 1976 vegna gruns um aðild að hvarfi Geirfinns. Sigurður Óttar Hreinsson var handtekinn og yfirheyrður í desember 1976, einnig vegna gruns um aðild að Geirfinnsmáli.

Frumákæra var útgefin í desember 1976, framhaldsrannsókn fór fram skömmu eftir áramót 1977 og í kjölfar hennar var Gunnar Jónsson sóttur af lögreglu til Spánar og bar hann vitni í Guðmundarmáli. Framhaldsákæra var gefin úr í mars 1977.

### **3. Sakadómsmál nr. 544-550/1977**

#### **3.1. Ákæra 8. desember 1976**

Ákæra, dagsett 8. desember 1976, var gefin út gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski, Tryggva Rúnari Leifssyni, Albert Klahn Skaftasyni, Erlu Bolladóttur, Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni og Guðjóni Skarphéðinssyni. Umfjöllun um ákæruliði og kröfur ákæruvalds var skipt upp í 9 kafla en hér er einungis fjallað um þá þætti ákærunnar er varða Guðmundarmál og þá aðila sem sættu ákæru vegna þess, nánar tiltekið þeim Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski, Tryggva Rúnari Leifssyni og Alberti Klahn Skaftasyni.

Málinu var við útgáfu ákæru úthlutað til sakadómara Ármanns Kristinssonar, Haraldar Henryssonar og Gunnlaugs Briem sem jafnframt var dómformaður og voru honum falin skjöl málsins í hendur þann 15. desember 1976.

Kristján Viðar, Sævar og Tryggvi Rúnar voru ákærðir fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1974 í félagi ráðist á Guðmund Einarsson, í kjallaraíbúð að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði, og misþyrmt honum svo, þar á meðal með hnífstungum, er ákærði Kristján Viðar veitti honum, að hann hlaut bana af, og komið líki hans síðan fyrir á ókunnnum stað.

Þóttu ákærðu með fyrrgreindum verknaði hafa gerst brotlegir samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Alberti var gefin að sök hlutdeild í verknaði Kristjáns Viðars, Sævars og Tryggva Rúnars með því að veita meðákærðu liðsinni við að fjarlægja og koma líki Guðmundar Einarssonar fyrir á ókunnnum stað og þannig leitast við að afmá ummerki brotsins, bæði þegar fyrrgreinda nótt og síðar síðla sumars s.á., er líkamsleifar Guðmundar voru fluttar á enn annan stað. Fóru flutningar þessir fram í bifreiðum, er ákærði Albert hafði til umráða og ók.

Þótti Albert hafa gerst brotlegur við 211. gr. sbr. 4. mgr., sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga svo og við 2. mgr. 112. gr. sömu laga.

#### **3.2. Framhaldsrannsókn að beiðni sakadómara**

Framhaldsrannsókn hófst þann 13. janúar 1977 og virðist hún hafa staðið til 16. mars sama ár. Rannsóknin fór fram vegna Guðmundarmáls og voru aðrir lögreglumenn en sinnt höfðu rannsókn málanna fram að því fengnir til verksins. Í kjölfar þessarar rannsóknar var Gunnar Jónsson sóttur til Spánar og bar hann vitni í málinu í apríl 1977.



### **3.3. Framhaldsákætur 16. mars 1977**

Ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari og Guðjóni var gefið að sök að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 20. nóvember 1974 í félagi ráðist á Geirfinn Einarsson í Dráttarbrautinni í Keflavík og misþyrmt honum þar svo, að hann hlaut bana af. Hafi þeir síðan flutt um nóttina lík hans í bifreið, er ákærði Guðjón hafi ekið, að heimili ákærða Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 í Reykjavík.

Fimmtudaginn 21. sama mánaðar hafi ákærðu Kristján Viðar, Sævar og Erla flutt lík Geirfinns í bifreið, er Erla ók, frá Grettisgötu 82 að Rauðhólum, með viðkomu á bensínstöð á Ártúnshöfða, þar sem tekið hafi verið bensín á brúsa. Í Rauðhólum greftruðu þau líkamsleifar Geirfinns eftir að hafa hellt bensíni á líkama hans og lagt eld í.

Þóttu ákærðu Kristján Viðar, Sævar og Guðjón með framangreindu atferli hafa gerst brotlegir samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ákærða Erla þótti með liðsinni sínu og með því að leitast þannig við að afmá ummerki brotsins hafa gerst brotleg samkvæmt 211. gr., sbr. 4., sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga svo og samkvæmt 2., sbr. 1. mgr. 112. gr. sömu laga.

Ákærða Kristjáni Viðari var ennfremur gefið að sök að hafa eftir komu þeirra félaga með lík Geirfinns að Grettisgötu 82 stolið seðlaveski Geirfinns úr brjóstvasa hans, sem í voru 5.000 krónur auk ýmissa skilríkja, og teikniblýanti hans. Varðaði það við 244. gr., almennra hegningarlaga.

Kristjáni Viðari, Sævari og Erlu var að auki gefið að sök að hafa á árinu 1976 borið fjóra menn röngum sökum í skýrslum, er þau gáfu rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og á dómþingi sakadóms Reykjavíkur.

Voru það talin samantekin ráð þeirra að bera í skýrslum þær röngu sakir á Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen að þeir hefðu átt hlut að dauða Geirfinns Einarssonar og smyglbrotum. Hafi þessar sakargiftir leitt til þess, að fyrrgreindum mönnum var gert að sæta langvinnu gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls. Voru Einar Gunnar, Magnús og Valdimar í gæsluvarðhaldi af þessum sökum frá 26. janúar 1976 til 9. maí en Sigurbjörn frá 11. febrúar 1976 til 9. maí sama ár.

### **3.4. Rannsókn á röngum framburði Sigurðar Óttars Hreinssonar mál RLR nr. 3940/1977**

Sigurður Óttar Hreinsson var yfirheyrður vegna Geirfinnsmáls í desember 1976. Í október 1977, dró Sigurður Óttar Hreinsson, framburð sinn til baka. Embætti ríkissaksóknara kærði Sigurð Óttar fyrir rangan framburð og RLR framkvæmdi þegar í stað sérstaka rannsókn á röngum framburði Sigurðar Óttars, mál RLR nr. 3940/1977 en rannsóknarlögregla ríkisins hafði tekið til starfa þá um sumarið. Rannsókn lauk ekki með útgáfu ákæru en vísað var til rannsóknarinnar í dómi sakadóms í desember 1977 og í dómi Hæstaréttar. Fyrir dómi var stuðst við upphaflegan framburð Sigurðar Óttars.

## 4. Dómur sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 19. desember 1977

Albert var sakfelldur fyrir að tálma rannsókn á því, er ákærðu sviptu Guðmund Einarsson lífi, og fyrir sölu, neyslu og dreifingu á fikniefnum. Albert hafði aldrei áður sætt kæru eða refsingu. Refsing hans þótti hæfilega ákveðin með hliðsjón af 70. og 77. gr. almennra hegningarlaga 15 mánaða fangelsi.

Erla var fundin sek um rangar sakargiftir, sem voru til þess fallnar að valda velferðarmissi fjögurra manna. Þá var hún sakfelld fyrir að tálma rannsókn á broti meðákærðu Kristjáns Viðars, Sævars og Guðjóns og fyrir skjalafals og auðgunarbrot. Erla hafði hvorki sætt kæru né refsingu áður. Þótti refsing hennar hæfilega ákveðin eftir atvikum og með hliðsjón af 70. og 77. gr. almennra hegningarlaga þriggja ára fangelsi.

Guðjón var sakfelldur fyrir að hafa orðið Geirfinni Einarssyni að bana ásamt meðákærðu Kristjáni Viðari og Sævari og fyrir smygl á fikniefnum hingað til lands. Guðjón hafði aldrei áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Að teknu tilliti til þess og því sem fram hafði komið um þátt Guðjóns í málinu þótti refsing hans með hliðsjón af 70. og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 12 ára fangelsi.

Kristján Viðar og Sævar voru taldir sekir um að hafa svipt Guðmund Einarsson og Geirfinn Einarsson lífi, í báðum tilvikum með þriðja manni og borið rangar sakir á fjóra menn, sem voru til þess fallnar að hafa velferðarmissi í för með sér og leiddu til þess, að mönnum þessum var haldið í gæsluvarðhaldi svo mánuðum skipti. Auk þess voru þeir fundnir sekir um auðgunarbrot og Sævar Marinó um skjalafals og smygl á fikniefnum.

Kristján Viðar hafði hlotið dóma fyrir auðgunarbrot og líkamsárás og Sævar hafði hlotið skilorðsbundinn dóm fyrir þjófnað.

Við ákvörðun refsingar var höfð hliðsjón af þessu svo og framferði ákærðu, eftir að þeir frömdu brotin, sem og þeirri staðreynd, að líkin fundust ekki og fengu ekki greftrun lögum samkvæmt.

Þótti því ekki með vísan til 70. og 77. gr. almennra hegningarlaga verða hjá því komist að dæma Kristján Viðar og Sævar í ævilangt fangelsi.

Tryggvi Rúnar var sakfelldur fyrir að hafa ásamt meðákærðu Kristjáni Viðari og Sævari svipt Guðmund Einarsson lífi en einnig fyrir nauðgun, brennu, sem hafði í för með sér almannahættu og þjófnaði. Hann hafði áður nokkrum sinnum hlotið refsidóma fyrir auðgunarbrot, líkamsárásir o.fl.

Samkvæmt því þótti refsing ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af 70. 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga fangelsi í 16 ár.

## **5. Framhaldsrannsókn eftir uppkvaðningu sakadóms**

### **5.1. Harðræðisrannsóknin, mál RLR nr. 2875/1979**

Haustið 1979 framkvæmdi RLR hina svokölluðu harðræðisrannsókn, mál RLR nr. 2875/1979, vegna ásakana Sævars Marinós Ciesielski um harðræði sem hann hafi orðið fyrir í Síðumúlafangelsi meðan á rannsókn málanna stóð. Harðræðisrannsókninni lauk ekki með útgáfu ákæru af hálfu embættis ríkissaksóknara en Hæstiréttur fjallaði um rannsóknina í dómi sínum sem féll í febrúar 1980 og þótti sannað að Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður Síðumúlafangelsis hafi lostið Sævari kinnhest við samprófun í byrjun maí 1976.

### **5.2. Rannsóknir og skýrslur RLR undir málflutningi fyrir Hæstarétti Íslands**

Undir málflutningi fyrir Hæstarétti framkvæmdi RLR ýmsar smærri rannsóknir m.a. að beiðni ríkissaksóknara sem gætu orðið til þess að styrkja málflutning ákærvaldsins vegna vafaatriða sem upp gætu komið við málflutning. Gerðar hafa verið upplýsinga-skýrslur vegna rannsóknar málanna á þessum tíma og verður fjallað um ýmsar þær skýrslur sem starfshópurinn hafði undir höndum í kafla 17.7.

## 6. Dómur Hæstaréttar Íslands, uppkveðinn 22. febrúar 1980

Málið var reifað og flutt fyrir Hæstarétti um ákæruatriði á þann veg, að brot gætu varðað við 218. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (líkamsárás og manndráp af gáleysi) að því leyti sem ákært var fyrir brot gegn 211. gr. þeirra laga (manndráp af ásetningi), bæði hvað varðar Guðmundar- og Geirfinnsmál.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands í máli 214/1978 taldi rétturinn sannað að Kristján Viðar Viðarsson, Tryggvi Rúnar Leifsson og Sævar Marinó Ciesielski hefðu í sameiningu ráðist á Guðmund Einarsson, aðfaranótt 27. janúar 1974, að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, þannig að Guðmundur hlaut bana af. Þeir hafi hver fyrir sig átt jafnan þátt í árásinni og um hafi verið að ræða óaðskiljanlegan samverknað þeirra á dauða Guðmundar. Rétturinn taldi ekki sannað að sök lægi fyrir um ásetning þeirra til manndráps líkt og sakadómur Reykjavíkur hafði áður komist að niðurstöðu um heldur að um hrottanfengna líkamsárás hefði verið að ræða og að þeim hefði mátt vera ljóst að líftjón gæti hlotist af. Gunnar Jónsson og Albert Klahn Skaftason hafi verið vitni að áflogunum. Albert hafi eftir árásina ekið Gunnari Jónssyni að heimili Gunnars í Reykjavík, á bíl föður síns. Erla Bolladóttir, sem búsett var að Hamarsbraut, var ekki talin hafa verið vitni að átökunum en síðar um nóttina verið áskynja um athafnir þeirra Sævars, Tryggva Rúnars og Kristjáns Viðars þegar þeir voru að fást við mannlíkama er vafinn var inn í lak og borinn út úr húsinu. Byggt var á því að Albert hafi aðstoðað þá Sævar, Tryggva Rúnar og Kristján Viðar við að flytja líkið í bíl frá Hamarsbraut 11 út í Hafnarfjarðarhraun og að Albert hafi aftur aðstoðað við líkflutning síðla sumars 1974 frá Hafnarfjarðarhrauni á annan stað sem ekki væri upplýst hver væri.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að sannað væri að Sævar Marinó Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Guðjón Skarphéðinsson hafi orðið Geirfinni Einarssyni að bana í Dráttarbrautinni í Keflavík að kvöldi dags 19. nóvember 1974. Þeir hefðu farið þangað ásamt Erlu Bolladóttur á Volkswagen bjöllu bifreið sem Erla og Sævar hefðu tekið á leigu en Guðjón ekið. Sigurður Óttar Hreinsson hafi ekið sendibifreið til Keflavíkur og lagt henni í grennd við Dráttarbrautina að beiðni Kristjáns Viðars til að sækja varning og verið þar í u.þ.b. hálf klukkustund. Dómurinn segir að ætla verði að Sævar, Kristján Viðar og Guðjón hefðu veist að Geirfinni Einarssyni í því skyni að knýja hann til sagna um geymslustað smyglaðs áfengis sem þeir hugðust taka ófrijálsri hendi og flytja til Reykjavíkur.

Lík Geirfinns hefur ekki fundist og taldi Hæstiréttur að könnun á áverkum gæti veitt veigamiklar upplýsingar um það, hvernig dauða mannsins hafi borið að höndum. Var það mat Hæstiréttar að „*eigi verður talið sannað að með ákærðu hafi búið fyrirfram á ásetningur að svipta Geirfinn lífi, ef hann léti ekki í té þær upplýsingar, sem eftir væri leitað. Árásin var hrottaleg, og kemur mjög til greina að telja, að ákærðu hafi ekki getað dulist, að langlíklegast væri, að árásarþoli myndi bíða bana af henni, bæði vegna ofsans í árásinni og þegar virt er, að þeir þrír sóttu að mannum á fáförnum stað seint að kvöldi.*“ Erla Bolladóttir hafi hlaupið frá vettvangi þegar átök hófust og falið sig í

rauðu húsi skammt frá Dráttarbrautinni. Kristján Viðar hafi farið til Sigurðar Óttars sem hafi beðið í sendibifreiðinni, og því ekki verið vitni að árásinni, og sagt við hann að ekkert yrði úr flutningi á varningi og hann gæti farið. Sigurður Óttar hefði þá farið til Reykjavíkur og verið kominn þangað um miðnættið. Sakadómur Reykjavíkur byggði á því að Kristján Viðar, Sævar og Guðjón hafi flutt lík Geirfinns heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 og sett líkið í geymslu í kjallara hússins þar sem það hefði verið í tvo daga. Hæstiréttur taldi sannað að Erla hafi tekið þátt í að flytja lík Geirfinns, ásamt Kristjáni Viðari og Sævari Marinó, frá Grettisgötu 82 í Reykjavík í Rauðhóla eða á annan stað.

Hæstiréttur staðfesti þau málalok að hin ákærðu Erla Bolladóttir, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski hefðu bendlað þá Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen við andlát Geirfinns Einarssonar. Hæstiréttur staðfesti svo og þá niðurstöðu að játningar ákærðu Erlu og Sævars um, að þetta hafi verið samantekin ráð hjá þeim til að torvelda rannsókn málsins. Ákærði Kristján Viðar hafi að vísu ekki gengist við því að um samantekin ráð hafi verið að ræða, en fulljóst hafi verið, að hann hafði borið fjóra menn röngum sökum gegn betri vitund og bæri refsíabyrgð á því. Framburðir ákærðu leiddu til þess, að þeir fjórir menn, er þau báru sökum, sættu allangri gæsluvarðhaldsvist, og bæri við ákvörðun refsingar að líta til þessara afdrifaríku afleiðinga af broti þeirra.

Dómsorð Hæstaréttar eru reifuð hér í framhaldinu, það athugist að um dóm fyrir fleiri brot getur verið að ræða.

*Ákærði Albert Klahn Skaftason sæti fangelsi 12 mánuði. Til frádráttar fangelsisrefsingu hans komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 19. júní 1973 til 20. júlí s. á. og frá 23. desember 1975 til 19. mars 1976. Þá greiði hann 300.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.*

*Ákærða Erla Bolladóttir sæti fangelsi 3 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hennar frá 13. desember 1975 til 20. s. m., og frá 4. maí 1976 til 22. desember s. á.*

*Ákærði Guðjón Skarphéðinsson sæti fangelsi 10 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 12. desember 1975 til 18. s. m. og frá 13. nóvember 1976.*

*Ákærði Kristján Viðar Viðarsson sæti fangelsi 16 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 23. desember 1975.*

*Ákærði Sævar Marinó Ciesielski sæti fangelsi 17 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 12. desember 1975.*

*Ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson sæti fangelsi 13 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 27. október 1974 til 6. nóvember s. á. og frá 23. desember 1975.*

## **7. Fyrri leirhöfuðsrannsóknin, mál RLR nr. 3429/1979**

Árið 1980, um mánuði eftir að Hæstiréttur kvað upp dóm í Guðmundar- og Geirfinns- máli, lauk RLR hinni svokölluðu fyrri leirhöfuðsrannsókn sem gerð var í tengslum við skaðabótamál sem Magnús Leópoldsson hafði þá höfðað á hendur ríkinu vegna gæslu- varðhalds að ósekju. Rannsóknin hófst í nóvember 1979 og var ekki hluti af sakamál- unum sem kölluð eru Guðmundar- og Geirfinnsmál. Rannsakað var hvort þeir sem komu að rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar í Keflavík hefðu framið brot í opin- beru starfi við gerð leirmyndarinnar þannig að hún hafi með vilja verið látin líkjast Magnúsi. Að rannsókn lokinni voru gögn send ríkissaksóknara. Ekki var gefin út ákæra af hálfu embættis ríkissaksóknara.

## 8. Gæsluvarðhald og afplánun<sup>16</sup>

Meðal gagna málsins liggur fyrir bréf sakadóms Reykjavíkur dagsett 21. desember 1977, þ.e. tveimur dögum eftir að sakadómur féll, til dóms- og kirkjumálaráðuneytis sem varðar gæslufangana Kristján Viðar, Sævar, Tryggva Rúnar og Guðjón. Dómurinn vildi taka eftirfarandi fram:

*„Dómur féll í máli ofangreindra manna 19. þ.m. og voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 19. desember 1978 eða uns hæstaréttardómur gengur í máli þeirra. Verjendur dómþola hafa óskað breytinga á framkvæmd gæsluvarðhaldsins, þannig að aflétt verði einangrun þeirri, er fangarnir hafa sætt í fangelsinu við Síðumúla. Af hálfu dómsins er talið rétt að verða við þessu, en þó þannig, að fangarnir verði eftir því sem unnt er aðskildir hver frá öðrum.“*

Sjá má á bréfaskriftum ráðuneytisins við stjórnendur fangelsanna í framhaldinu að tekið hafi verið tillit til þeirrar beiðni sakadóms að umræddir fangar væru aðskildir.

**Albert Klahn Skaftason** sat í gæsluvarðhaldi vegna Guðmundarmáls í Síðumúlafangelsi frá 23. desember 1975 til 19. mars 1976.

Hann sætti líka gæsluvarðhaldi í Hegningarhúsinu vegna rannsóknar á öðru sakamáli frá 19. júní 1973 til 20. júlí 1973 og alls sætti Albert því gæsluvarðhaldi í 118 daga sem voru dregnir frá afplánun refsingar<sup>17</sup>.

Afplánun Alberts á refsidómi hófst í Hegningarhúsinu hinn 9. janúar 1981 til 10. febrúar 1981 og var henni framhaldið á Kviábryggju frá 10. febrúar 1981 til 12. mars 1981. Þann dag var Alberti veitt reynslulausn á 180 daga eftirstöðvum refsingar, skilorðsbundið í 2 ár. Albert stóðst reynslulausn.

**Erla Bolladóttir** sat í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi frá 13. desember 1975 til 20. desember 1975 vegna svokallaðs póstsvikamáls en formlegt upphaf rannsóknar Guðmundarmáls má rekja til lögregluskýrslu sem tekin var af Erlu þann 20. desember 1975, sama dag og henni var sleppt.

Erla var aftur úrskurðuð í gæsluvarðhald þann 4. maí 1976 sem stóð til 22. desember 1976. Sú gæsluvarðhaldsvist hófst í Síðumúlafangelsi en þann 15. september 1976 var Erla flutt í Hegningarhúsið.

Erla sat samtals í gæsluvarðhaldsvist í 239 daga sem voru dregnir frá afplánun refsingar.

<sup>16</sup> Umfjöllun þessa kafla um gæsluvarðhald miðast að uppistöðu til við upplýsingar sem Fangelsismálastofnun ríkisins sendi Hæstarétti með bréfi dagsettu 19. júní 1997. Rétturinn hafði óskað upplýsinga um hvar dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmáli sættu gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins o.fl. Þá eru hér einnig upplýsingar úr öðrum skjölum Fangelsismálastofnunar ríkisins og dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

<sup>17</sup> Af þessum 118 dögum voru 31 dagar vegna rannsóknar á máli sem ekki tengdist Guðmundarmálinu.

Afplánun hófst í fangelsinu á Akureyri þann 27. október 1980 og stóð hún til 9. ágúst 1981 en þann dag var Erlu veitt reynslulausn á 555 daga eftirstöðvum refsingar, skilorðsbundið í 2 ár. Erla stóðst reynslulausn.

Gæsluvarðhaldsvist **Guðjóns Skarphéðinssonar** vegna rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmála stóð frá 12. nóvember 1976 þar til dómur Hæstaréttar féll þann 22. febrúar 1980. Gæsluvarðhald hófst í Síðumúlafangelsi en Guðjón var fluttur að Kvíabryggju þann 29. desember 1977.

Að meðtaldri gæsluvarðhaldsvist sem Guðjón sætti í desember 1975 vegna annars sakamáls sat Guðjón í gæsluvarðhaldi í samtals 1202 daga sem voru dregnir frá afplánun refsingar.

Guðjón hóf afplánun á refsingu á Kvíabryggju hinn 22. febrúar 1980 sem stóð til 12. október 1981 en þá var Guðjóni veitt reynslulausn á 1800 daga eftirstöðvum refsingar, skilorðsbundið í 4 ár. Guðjón stóðst skilorð reynslulausnar.

**Kristján Viðar Viðarsson** var úrskurðaður í gæsluvarðhald þann 23. desember 1975 og hann sat í gæsluvarðhaldi allt þar til dómur Hæstaréttar féll þann 22. febrúar 1980 eða 1522 daga sem voru dregnir frá afplánun refsingar.

Gæsluvarðhaldsvist Kristjáns Viðars vegna gruns um aðild að Guðmundarmáli hófst í Síðumúlafangelsi og þar sat hann í gæsluvarðhaldi í tæpt ár, eða þangað til hann var fluttur í Hegningarhúsið þann 1. desember 1976.

Kristján Viðar var oft sinnis fluttur á milli Litla-Hrauns og Hegningarhúss allt þar til dómur Hæstaréttar féll og afplánun tók við.

Kristján Viðar hóf afplánun á eftirstöðvum eldri fangelsisrefsingar samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur uppkveðnum 21. október 1974 og afplánaði hann þá refsingu til 29. mars 1980. Þann dag tók við afplánun vegna dóms Hæstaréttar í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum og stóð hún til 30. júní 1983. Þá var Kristjáni Viðari veitt reynslulausn á 3050 daga eftirstöðvum þriggja dóma þ. á m. í Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Reynslulausn var skilorðsbundin í 4 ár. Kristján Viðar rauf skilorð reynslulausnar og voru eftirstöðvar dæmdar upp í dómi sakadóms í ávana- og fíkiefnamálum uppkveðnum 22. apríl 1987.

**Sævar Marinó Ciesielski** sat í gæsluvarðhaldi frá 12. desember 1975 allt þar til dómur Hæstaréttar féll þann 22. febrúar 1980 eða í 1533 daga sem voru dregnir frá afplánun refsingar. Sævar sat í upphafi í gæsluvarðhaldi vegna annars máls en fyrsta lögregluskýrslan af Sævari vegna Guðmundarmáls var samkvæmt gögnum málsins tekin þann 22. desember 1975. Sævar sat í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi frá upphafi rannsóknar til 31. janúar 1977 en þá var hann fluttur í Hegningarhúsið. Sævar var að nýju fluttur í Síðumúlafangelsi þann 5. maí 1977 og aftur í Hegningarhúsið þann 22. desember 1977. Eftir það var Sævar fluttur í 9 skipti á milli Litla-Hrauns og Hegningarhúss allt þar til dómur Hæstaréttar féll og afplánun hófst.



Í bréfi Sævars, dagsett 4. janúar 1980, sem sent var frá Litla-Hrauni til dóms- og kirkjumálaráðuneytis, kemur fram að honum hafi borist til eyrna að sakborningar muni verða vistaðir í Síðumúlangelsi, ef þeir ætli að vera viðstaddir málflytning fyrir Hæstarétti sem ætti að hefjast 14. janúar 1980. Þá segir í bréfinu:

*„Nú er það svo, að minningin um veru mína í því fangelsi er mér svo ógnvekjandi að það er mér alger ofraun að eiga að koma þar inn fyrir dyr, og finnst mér sem margt af því sem mér var þar gert hafi alls ekki enn verið leitt til lykta.“*

Sævar fór þess á leit við ráðuneytið að fá frekar vistun í Hegningarhúsinu, ella myndi hann ekki treysta sér til að vera viðstaddur málflytning þó hann vildi. Með bréfi ráðuneytisins, dagsettu 9. janúar 1980, til forstöðumanna Hegningarhússins og Litla-Hrauns var tilkynnt að gæsluvarðhaldsfangarnir Sævar og Kristján Viðar yrðu þann 11. janúar fluttir frá Litla-Hrauni í Hegningarhúsið og skyldu vistaðir þar uns annað væri ákveðið.

Sævar hóf afplánun refsingar þann 22. febrúar 1980 og stóð afplánun til 28. apríl 1984. Þá var Sævari veitt reynslulausn á 3060 daga eftirstöðvum refsingar, skilorðsbundið í 4 ár. Sævar stóðst skilorð reynslulausnar.

Gæsluvarðhald **Tryggva Rúnars Leifssonar** vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála stóð frá 23. desember 1975 allt þar til dómur Hæstaréttar féll þann 22. febrúar 1980. Auk þess sætti Tryggvi Rúnar áður gæsluvarðhaldi vegna annars máls frá 27. október til 6. nóvember 1974. Þannig sætti Tryggvi Rúnar alls gæsluvarðhaldi í 1532 daga sem dregið var frá afplánun refsingar. Gæsluvarðhald hófst í Síðumúlafangelsi en hann var fluttur að Litla-Hrauni þann 16. júlí 1976 og var aftur fluttur í Síðumúlafangelsi þann 14. júlí 1977. Eftir það var Tryggvi Rúnar fluttur á milli Litla-Hrauns og Hegningarhússins í 9 skipti þar til dómur Hæstaréttar féll og afplánun hófst.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis til forstöðumanns Litla-Hrauns, dagsettu 31. maí 1979, er tilkynnt ákvörðun ráðuneytisins þess efnis að Kristján Viðar verði þann sama dag fluttur að Litla-Hrauni. Í bréfinu segir ennfremur:

*„Skal þess sérstaklega gætt, að gæzlufangar úr svokölluðum Guðmundar- og Geirfinnsmálum nái ekki saman. Skal vistun Kristjáns og Sævars vera með sama hætti og verið hefur, en Tryggvi skal sæta einangrun að öðru leyti en því, að honum er heimilt að taka þátt í iðnnámi því, er hann nú stundar.“*

Afplánun hófst hinn 22. febrúar 1980 en henni lauk 24. desember 1981 þegar Tryggva Rúnari var veitt reynslulausn á 2477 daga eftirstöðvum þriggja dóma, þ. á m. dóms í Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Reynslulausn var skilorðsbundin í 4 ár. Tryggvi Rúnar stóðst skilorð reynslulausnar.

## 9. Skaðabótamál fjórmeninganna vegna gæsluvarðhalds að ósekju

Í dómum bæjarþings Reykjavíkur sem voru uppkveðnir af Garðari Gíslasyni er reifað að með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 19. desember 1977, hafi Sævar Marínó Ciesielski, Erla Bolladóttir og Kristján Viðar Viðarsson verið fundin sek um rangar sakargiftir á hendur fjórmeningunum svokölluðu, þeim Einari Gunnari Bollasyni, Magnúsi Leópoldssyni, Sigurbirni Eiríkssyni og Valdimari Olsen. Þannig er farið yfir hvernig það atvikaðist að fjórmeningarnir voru handteknir og látnir sæta gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins.

Íslenska ríkið viðurkenndi, í dómum bæjarþings Reykjavíkur, bótaskyldu í öllum fjórum skaðabótamálunum þar sem hún væri hlutlæg í tilvikum sem þessum en krafðist lækkun bótakrafna. Ekki var deilt um að fjórmeningarnir hafi setið saklausir í fangelsi en ekki var fallist á að mistök hefðu átt sér stað við rannsóknina þannig að bótaskyld væri. Spurningin sem eftir stóð var hvernig tjónið skyldi bætt og snerust skaðabótamálin þannig að mestu um fjárhæð bóta.

**Einar Gunnar Bollason** var handtekinn á heimili sínu um klukkan 06:00 mánudaginn 26. janúar 1976 og hann úrskurðaður í 45 daga gæsluvarðhald sama dag. Gæsluvarðhald var tvívegis framlengt um 30 daga. Einar var látinn laus úr gæsluvarðhaldi 9. maí 1976 en það var lokadagur gæsluvarðhalds samkvæmt úrskurði. Einar var þannig látinn sæta gæsluvarðhaldi í 105 daga og í kjölfarið var hann látinn sæta takmörkun á ferðafrelsi til 1. júlí 1976. Í dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 29. apríl 1980 segir m.a. um kröfu Einars um miskabætur:

*„Dómurinn telur einsýnt, að stefnandi hafi liðið miklar þjáningar í gæsluvarðhaldinu og eftir það. Skýrsla stefnanda um liðan sína, sem gefin var fyrir dómi, var á allan hátt trúverðug. Þar kemur ljóslega fram sú andlega þjáning að vera hnepptur saklaus í gæsluvarðhald sem framlengt er tvisvar sinnum og verður 105 dagar að lengd. Óvissan, kvíðinn og vanlíðanin, sem leiddi til þess, að saklaus maður fer að efast um sitt eigið sakleysi og fer að halda, að hann hafi í raun verið flæktur í alvarlegan verknað án þess að muna slíkt. Áfallið, sem hann fékk, þegar hann var loksins laus og sá, hvað hafði verið skrifað í blöðum, og þegar hann sá, hvað fjölskylda hans hafði þurft að liða. Þótt ekki sé fallist á það með stefnanda, að um mistök hafi verið að ræða af hálfu rannsóknarmanna í störfum sínum og samskiptum við fjölmiðla, verður að telja, að miski sé nógur samt. Telja verður og í ljós leitt, að stefnandi hafi bedið tjón á heilsu sinni í gæsluvarðhaldinu og þar hafi galli á hitunarkerfi fangahússins átt sinn þátt.“*

**Magnús Leópoldsson** var handtekinn á heimili sínu um klukkan 06:00 mánudaginn 26. janúar 1976 og úrskurðaður í gæsluvarðhald í framhaldinu vegna rannsóknar á Geirfinnsmáli. Hann sat í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi vegna rannsóknar málsins í 105

daga. Í dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 29. apríl 1980 segir m.a. um kröfu Magnúsar um miskabætur:

*„Dómurinn telur upplýst, að stefnandi hafi liðið miklar þjáningar í gæsluvarðahaldinu og eftir það. Skýrsla stefnanda um liðan sína og heilsu, sem gefin var fyrir dómi, er á allan hátt trúverðug. Þar kemur ljóslega fram sú andlega þjáning, sem því fylgir að vera hnepptur saklaus í strangt gæsluvarðhald, sem framlengt er tvisvar sinnum og verður 105 að lengd. Ljóst er, að stefnandi hafi einnig orðið fyrir miklu áfalli, þegar hann loksins var laus úr varðhaldinu, og sá, hvað nánustu vandamenn hans höfðu þurft að líða og hvað um hann hafði verið skrifað í blöð. Þótt ekki sé fallist á með stefnanda, að um mistök hafi verið að ræða af hálfu rannsóknarmanna í störfum sínum og samskiptum við fjölmiðla, sem aukið hafi miska stefnanda og ábyrgð stefndu á tjóni hans, verður að telja, að miski sé nógur samt.“*

**Sigurbjörn Eiríksson** var handtekinn þann 11. febrúar 1976 og úrskurðaður í gæsluvarðhald í framhaldinu vegna rannsóknar á Geirfinnsmáli. Hann sat í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi vegna rannsóknar málsins í 90 daga. Í dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 29. apríl 1980 segir m.a. um kröfu Sigurbjörns um miskabætur:

*„Dómurinn telur einsýnt, að stefnandi hafi liðið þjáningar í gæsluvarðhaldinu og eftir það og að mikið andlegt álag sé að vera hnepptur saklaus í strangt gæsluvarðhald, sem framlengt er tvisvar sinnum með úrskurðum og verður að lokum 90 dagar á lengd. Þótt ekki sé fallist á það með stefnanda, að um mistök hafi verið að ræða af hálfu rannsóknarmanna í störfum sínum og samskiptum við fjölmiðla, verður að telja, að miski sé nógur samt.“*

**Valdimar Olsen** var handtekinn á heimili sínu klukkan 06:00 mánudaginn 26. janúar 1976 og úrskurðaður í gæsluvarðhald í framhaldinu vegna rannsóknar á Geirfinnsmáli. Hann sat í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi vegna rannsóknar málsins í 105 daga. Í dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 29. apríl 1980 segir m.a. um kröfu Valdimars Olsen um miskabætur:

*„Dómurinn telur einsýnt, að stefnandi hafi liðið þjáningar í gæsluvarðhaldinu og eftir það og að mikið andlegt álag sé að vera hnepptur saklaus í strangt gæsluvarðhald, sem framlengt er tvisvar sinnum með úrskurðum og verður að lokum 105 dagar að lengd. Þótt ekki sé fallist á það með stefnanda, að um mistök hafi verið að ræða af hálfu rannsóknarmanna í störfum sínum og samskiptum við fjölmiðla, verður að telja, að miski sé nógur samt.“*

Dómum bæjarþings í öllum fjórum skaðabótamálunum var áfrýjað til **Hæstaréttar** þar sem dómar féllu hinn 3. mars 1983, í málum nr. 124/1980, 125/1980, 126/1980 og 127/1980. Málin dæmdu hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason settir hæstaréttardómarar. Umfjöllun um kröfufilið um miskabætur hefst með sömu orðum í öllum fjórum dómunum en þar segir m.a.:

*„[...]ber einkum að líta til þess, að honum var haldið saklausum í gæsluvarðhaldi um 3 ½ mánaða skeið vegna gruns um, að hann væri viðriðinn stórfelldar misgerðir, þar á meðal það alvarlegasta afbrot, sem um ræðir. Húsa-  
kynni þau, sem hann var vistaður í, voru ekki forsvaranleg til svo langrar  
vistunar. Á meðan á gæsluvarðhaldi stóð og í framhaldi af því, varð gagn-  
áfrýjandi síðan fyrir barðinu á einstæðri umræðu í ýmsum fjölmiðlum, er vógu  
að mannróði hans og annarra með getsökum og hleypidómum. Í kjölfar gæslu-  
varðhaldsins fylgdi skerðing á ferðafrelsi og grunsemdir, uns hið sanna í  
málinu var í ljós leitt. Þegar ákveða skal miskabætur, er ekki eingöngu á hina  
óvenjulangvinnu gæsluvarðhaldsvist að líta, heldur einnig þá fáheyrðu andlegu  
og líkamlegu raun, sem henni var samfara, þótt gagnáfrýjandi hafi að lokum  
verið hreinsaður af öllum grun.“*

Í máli Einars Gunnars Bollasonar vísar Hæstiréttur enn fremur til þess að í gæsluvarðhaldsvistinni hafi tekið sig upp sjúkdómur, sem áður hafði orðið vart. Í máli Sigurbjörns Eiríkssonar er vísað til gæsluvarðhalds í um þriggja mánaða skeið en ekki þriggja og hálf mánaðar skeið.

## 10. Fyrri endurupptökubeiðni Sævars, sbr. ákvörðun Hæstaréttar 15. júlí 1997

Hér er um að ræða þá yfirgripsmestu umfjöllun um Guðmundar- og Geirfinnsmála eftir að dómur Hæstaréttar féll árið 1980 til þessa. Þó ber að athuga að hún er takmörkuð að því leyti að hún miðast við endurupptökubeiðni Sævars sem er aðeins einn af sex dómþolum þess máls sem hér er fjallað um. Ákvörðun Hæstaréttar fjallaði um beiðni Sævars, dagsett 23. nóvember 1994, um endurupptöku dóms Hæstaréttar nr. 214/1978 með vísan til 1. mgr. 184. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en í þeirri grein var fjallað um undir hvaða skilyrðum bæri að taka mál upp að kröfu sakfellds manns.

Ragnar H. Hall, hrl. var í desember 1994 settur til að gegna störfum ríkissaksóknara við meðferð málsins, eftir að Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari vék sæti, sbr. 30. gr. laga um meðferð opinberra mála.<sup>18</sup> Í bréfi Ragnars til réttarins dagsettu 12. desember 1995 var lagt til að endurupptökubeiðninni yrði hafnað.

Hæstiréttur skipaði Ragnar Aðalsteinsson, hrl. sem talsmann Sævars í tengslum við beiðni Sævars til endurupptöku. Líkt og fram kemur í sjónvarpsviðtali<sup>19</sup> við Pétur Kr. Hafstein, þáverandi varaforseta Hæstaréttar, átti ákvörðun dómarafundar Hæstaréttar um að skipa talsmann í þessu tilfelli sér ekki fordæmi í íslenskri réttarsögu. Hæstarétti hafi ekki verið skylt að skipa Sævari talsmann en rétturinn hafi talið það eðlilegt þegar fyrir lágu tillögur Ragnars H. Hall, setts ríkissaksóknara. Ragnar Aðalsteinsson hrl., hafi ekki verið réttargæslumaður heldur talsmaður sem ætti að gegna því hlutverki að láta réttinum í té upplýsingar um hvort málið skyldi endurupptekið.

Talsmaður Sævars skilaði greinargerð til Hæstaréttar 21. febrúar 1997 og krafðist þess að málið yrði tekið upp á ný og Sævar sýknaður af kröfum ákærvaldsins vegna brots gegn 218. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (stórfelld líkamsárás og manndráp af gáleysi) samkvæmt 1. lið I. kafla ákæru 8. desember 1976, gegn sömu ákvæðum samkvæmt I. kafla ákæru 16. mars 1977 og gegn 1. mgr. 148. gr. sömu laga (rangar sakargiftir) samkvæmt II. kafla þeirrar ákæru.

Með umsögn ákærvalds um greinargerð talsmanns, sem barst Hæstarétti 22. maí 1997 og telur um 30 blaðsíður, var lagt til að beiðni um endurupptöku málsins yrði hafnað.

Ákvörðun Hæstaréttar er skipt niður í sjö kafla og mun umfjöllun um hana hér á eftir taka mið af þeirri skiptingu. Í IV. kafla ákvörðunar Hæstaréttar eru röksemdir talsmanns Sævars reifaðar á skipulagðan hátt sem og tilsvör ákærvaldsins við þeim. Þannig er í kafla IV.2 fjallað um atriði í tengslum við skýringu lagaheimilda, einkum varðandi

<sup>18</sup> Greinin kveður á um að ríkissaksóknari skuli víkja sæti, þegar hann er svo við málsefni eða aðila riðinn að hætta er á að hann fái ekki við útgáfu ákæru eða önnur störf samkvæmt lögnum litið óhlutdrægt á málavöxtu.

<sup>19</sup> Sýnt í sjónvarpsfréttum RÚV þann 12. febrúar 1996.

endurupptöku opinberra mála, í köflum IV.3., IV.4. og IV.5. um atriði, sem tengjast sérstaklega sakarefninu í I. kafla ákærunnar frá 8. desember 1976, I. kafla ákæru frá 16. mars 1977 og II. kafla sömu ákæru, og í kafla IV.6. um röksemdir, sem lúta að staðhæfingum um harðræði í gæsluvarðhaldsvist, ólögættar rannsóknaraðferðir og brot á reglum um meðferð máls fyrir dómi. Loks er í kafla IV.7. greint frá öðrum atriðum í röksemdum talsmanns Sævars.

Í ákvörðun Hæstaréttar kallast VI. kafli á við IV. kafla, þ.e. í VI. kafla fer rétturinn lið fyrir lið í gegnum röksemdirnar eins og þeim er skipt niður í IV. kafla. Hér verður ákvörðun réttarins gerð skil í sömu röð en röksemdir Hæstaréttar, ríkissaksóknara og talsmanns stillt upp saman um hvert atriði.

### **10.1. Atvik máls, skýrslur ákærðu og sönnunargögn, ásamt röksemdum fyrir niðurstöðum**

Í fyrsta kafla ákvörðunarinnar voru reifaðar ákærurnar, frá desember 1976 og mars 1977. Þá er gerð grein fyrir gæsluvarðhaldsvist Kristjáns Viðars, Sævars, Tryggva Rúnars, Alberts, Erlu og Guðjóns á meðan lögreglurannsókn stóð yfir og farið var með málið fyrir dómi.

Fjallað er um dóm sakadóms Reykjavíkur sem kveðinn var upp 19. desember 1977 og dóm Hæstaréttar sem kveðinn var upp 22. febrúar 1980, en dómi sakadóms var áfrýjað 26. júlí 1978 til staðfestingar að því er varðaði Kristján Viðar og Sævar, en til þyngingar að því er tók til annarra ákærðu.

Í öðrum kafla ákvörðunarinnar var í stórum dráttum farið yfir atvik máls, skýrslur, sönnunargögn og röksemdir fyrir niðurstöðum dómstóla. Skiptist útdrátturinn í fjóra meginkafla eða rúman helming ákvörðunar Hæstaréttar og var umfjöllunin sem hér segir:

- i. Um I. kafla ákæru 8. desember 1976, sem varðaði lát Guðmundar Einarssonar.
- ii. Um I. kafla ákæru 16. mars 1977 varðandi lát Geirfinns Einarssonar.
- iii. Um II. kafla sömu ákæru er varðaði rangar sakargiftir.
- iv. Um umfjöllun í héraðsdómi og dómi Hæstaréttar um lögætti rannsóknar málsins, og hina svokölluðu harðræðisrannsókn.

### **10.2. Meginefni skriflegra yfirlýsinga sem talsmaður Sævars aflaði**

Fjallað er í þriðja kafla ákvörðunarinnar um megin efni skriflegra yfirlýsinga sem fylgdu greinargerð talsmanns Sævars og byggt var á í röksemdum fyrir endurupptökubeiðninni.

#### **10.2.1. Yfirlýsing Alberts Klahn Skaftasonar 16. janúar 1997**

Í yfirlýsingunni er einkum fjallað um minnisleysi Alberts á þessum tíma, aðgerðir sem gripið hefði verið til í því skyni að bæta minni hans og hvernig lögreglan hefði leitt hann í frásögnum með því að nefna möguleika til sögunnar í skýrslutökum. Albert hefði ekki getað gefið skýr svör við spurningum lögreglumanna eftir að hann var handtekinn í desember 1975. Hann hefði endurtekið verið minntur á að hann myndi sleppa betur ef

hann aðstoðaði við rannsóknina og hótað því að vera látinn dúsa, segði hann ekki frá. Ekki gæti hann staðhæft að hann hefði verið að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974.

### 10.2.2. Yfirlýsing Elínborgar Jónu Rafnsdóttur 26. ágúst 1996

Elínborg hafði bent á mynd af Kristjáni Viðari úr myndasafni lögreglunnar 22. janúar 1977 og talið þá mynd líkjast mest manni þeim, er hafði verið með Guðmundi Einarssyni á gangi í Strandgötu í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974, þegar hún var ásamt Sigríði Magnúsdóttur á ferð í bíl og sá Guðmund á gangi með öðrum manni. Við yfirheyrsluna var Elínborgu sýndar 8-9 myndir. Þann 27. janúar 1977 benti Elínborg svo á Kristján Viðar í sakbendingu, en taldi þó að maður sá, sem var með Guðmundi, hafi verið grennri, en að öðru leyti hefðu hann og Kristján verið eins.

Sigríður hafði áður farið í sakbendingu, þar sem Kristján Viðar bar númerið 4, og nefndi Sigríður þá tölu. Elínborg mun hafa heyrt hana nefna töluna og lögreglan ákveðið að skipta um númeraspjöld á mönnunum. Segir svo frá í dómi sakadóms:

*„Við sakbendingu benti vitnið á mann þann, er bar spjald nr. 6, en það var ákærði Kristján Viðar. Vitnið hafði heyrt Sigríði nefna mann, sem bar spjald nr. 4, og taldi vitnið þann mann ekki koma til greina. Vitninu fannst afar líklegt, að maður sá, er bar spjald nr. 6, hefði verið í fylgd með Guðmundi Einarssyni í Hafnarfirði. Það eina, sem vitninu fannst mæla á móti því, var það, að maður sá, sem var með Guðmundi, var grennri, en að öðru leyti hefðu mennirnir verið eins, að því er vitnið minnti. Var vitninu sérstaklega minnstætt andlit mannsins, einkum þykkar varir hans.“*

Fram kemur í dómi sakadóms að ekki hafi verið rætt við Elínborgu um hvarf Guðmundar fyrr en í janúar 1977, en hún hafði hringt í rannsóknarlögreglu þann 29. janúar 1974 og sagst hafa séð Guðmund á gangi umrædda nótt með öðrum pilti, eitthvað eldri með dökkskollitað hár og í gulri skyrtu.

Í yfirlýsingu Elínborgar kom fram að við sakbendingu á skrifstofu sakadóms í janúar 1977 hafi verið raðað upp nokkrum mönnum úr Lögregluskólanum og Kristjáni Viðari. Henni hafi verið sagt fyrir sakbendinguna að Kristján Viðar væri í hópnum. Hún hefði séð myndir af honum í fjölmiðlum og hafi því átt auðvelt með að þekkja hann úr hópnum. Ekki hafi verið unnt að átta sig á hæð mannanna og henni hafi ekki verið kunnugt að Kristján væri 190 sm á hæð. Hefði hún vitað það hefði henni verið ljóst að hann gat ekki verið maðurinn sem hún sá með Guðmundi, þar sem sá maður var lægri vexti en Guðmundur. Þegar hún hafi sagt við lögregluna að Kristján Viðar væri feitari en maður sá sem hún sá á Strandgötunni með Guðmundi hefði lögreglumaður skýrt það þannig að hann hefði fitnað í fangelsinu. Hún sagði í yfirlýsingunni vera þess fullviss að maðurinn sem hún sá með Guðmundi væri ekki Kristján Viðar, enda útlokaði hæð hans það.

### 10.2.3. Yfirlýsingar Erlu Bolladóttur 22. febrúar og 19. nóvember 1996

Í fyrri yfirlýsingu sinni lýsti Erla því annars vegar yfir að það væri rangt sem fram kæmi í dómum sakadóms Reykjavíkur og Hæstaréttar að Sævar, Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hefðu verið í íbúð hennar aðfaranótt 27. janúar 1974 og hún hefði ekki á neinum tímapunkti orðið þess áskynja að þeir hefðu verið að flytja eitthvað þungt, sem gæti hafa verið lík. Rannsóknarlögreglumenn hefðu ekki fallist á skýrslu hennar um það sem raunverulega gerðist umrædda nótt og um síðir fengið hana til að gefa aðra og ranga skýrslu.

Í öðru lagi, að því er varðaði rangar sakargiftir í skýrslum 1976, kom fram að Erla hefði ekki að eigin frumkvæði nefnt þá Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópolðsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen. Hún hafi verið leidd til að gefa slíkar skýrslur, sem skilja mætti þannig að nöfnin væru frá henni komin.

Af síðari yfirlýsingu Erlu eru fjórir kaflar teknir fyrir í ákvörðun Hæstaréttar. Í fyrsta lagi segir Erla þar frá því hvernig hún var, eftir að hafa losnað úr gæsluvarðhaldi í desember 1975, fengin til að ræða um hvarf Geirfinns Einarssonar. Það hafi verið að áeggjan rannsóknarlögreglumannanna Eggerts N. Bjarnasonar og Sigurbjörns Víðis Eggertssonar auk fulltrúa sakadómarar Arnar Höskuldssonar, sem hafi heimsótt Erlu á heimili hennar. Síðar hafi verið sent eftir henni og hún yfirheyrð eða rætt við hana allnokkrum sinnum í Síðumúlafangelsi.

Í öðru lagi segir Erla frá minningu um ferð sína til Grindavíkur árið 1973 ásamt vinkonu sinni. Hefðu þær fengið far með bíl af Moskowitz gerð og hafi V-númer verið á bílnum. Þessa atburði hefði hún notað í frásögn sinni í Geirfinnsmálinu, undir þrýstingi. Í þriðja lagi kemur fram að Erla hafi í ágúst 1976 sagt Karl Schütz allan sannleikann um að hún vissi ekkert um Geirfinnsmálið, en hann hafi brugðist reiður við því. Loks segir frá kynferðislegri áreitni og öðru áreiti sem Erla hafi orðið fyrir í gæsluvarðhaldi. Í eitt skipti hefði hún lagt fram kæru fyrir Erni Höskuldssyni en engir eftirmálar hefðu orðið af því.

Þessar yfirlýsingar Erlu voru ennfremur teknar til skoðunar af Hæstarétti vegna endurupptökubeiðni hennar sjálfar, sbr. ákvörðun réttarins 22. júní 2000.<sup>20</sup>

### 10.2.4. Yfirlýsing Gísla Guðmundssonar 11. október 1996

Gísli Guðmundsson fyrrverandi yfirlögregluþjónn starfaði sem rannsóknarlögreglu- maður hjá sakadómi Reykjavíkur snemma árið 1977 þegar ákæra í Guðmundarmáli kom til meðferðar hjá dómstólnum og var honum falið að vinna með sakadómurinum Gunnlaugi Briem, Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni að málinu. Í yfirlýsingu sinni sagði Gísli frá því hvernig Sævar hefði eitt sinn, á meðan hann sat í gæsluvarðahaldi, sagt honum frá því að eftir heimkomu sína í janúar 1974 hefði hann fyrst rætt við Erlu Bolladóttur síðla á sunnudeginum 27. janúar 1974. Við því hefði Erla brugðist illa og sagst hafa spurnir af því að hann hefði sést í Reykjavík fyrir helgina. Gísli hefði kallað

<sup>20</sup> Sjá nánari umfjöllun hér á eftir í kafla 14.



Erlu Bolladóttur til viðtals til að kanna afstöðu hennar til frásagnarinnar og hefði hún skýrt frá á sama hátt, án þess að Gísli gæfi tilefni til. Gísli hefði við þetta látið gæta Erlu og farið á fund Gunnlaugs og Haralds, sem ekki hefðu talið ástæðu til að fylgja málinu eftir.

Þá hefði Gísli skýrt dómurunum frá framburði Sævars þess efnis að hann hefði verið að Gljúfurárholti 26.-27. janúar 1974, en þeir ekki talið ástæðu til að rannsaka það frekar. Einnig segir Gísli frá því að honum hefði verið falið að koma á sakbendingu þeirra Elínborgar og Sigríðar, sem segir frá hér að framan. Þar hefðu verið valdir nemendur úr Lögregluskólanum af svipaðri hæð og Kristján Viðar. Mynd af honum hafi þá þegar birst í blöðum og því taldi Gísli í yfirlýsingunni gildi sakbendingarinnar takmarkað. Í yfirlýsingunni segir Gísli frá því að þáverandi rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, Hallvarður Einvarðsson, hefði falið honum að rannsaka hvað hefði orðið um búslóð o.fl. sem Sævar hefði skilið eftir að Þverbrekku 4 er hann var settur í gæsluvarðhald. Ítarleg rannsókn hafi leitt í ljós að ekki var unnt að hafa upp á neinum munanna og engin lögregluskýrsla til um leit og haldlagningu þeirra.

#### **10.2.5. Yfirlýsing Hlynns Þórs Magnússonar 26. ágúst 1996**

Hlynur Þór kom samkvæmt yfirlýsingu til starfa sem fangavörður í Síðumúlafangelsi í byrjun árs 1976, en hann hafði áður starfað þar í sumarstarfi. Um þetta leyti hafi vantað fangaverði vegna anna í fangelsinu, einkum vegna sakborninga sem tengdust Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Í yfirlýsingunni lýsir Hlynur Þór mikilli spennu í fangelsinu vegna þessara mála. Af óvenjulegum atburðum nefnir Hlynur Þór m.a. að fangaverðir hafi farið í rannsóknarleiðangra með umræddum sakborningum og einnig hafi þeim verið falið að ræða við sakborningana.

Hlynur lýsir því að framkvæmd einangrunar hafi verið strangari en venja var og enn fremur hafi ráðstafanir verið gerðar til að valda Sævari ónæði og nefnir hann í því sambandi rofa á rafmagnsljósi sem gerður var óvirkur í klefa hans og barsmiðar á útvegg klefans. Einnig hafi það verið rætt meðal fangavarda að einn þeirra hafi kaffært höfuð Sævars í vatni. Þá hafi Sævar verið hafður í fótajárnum, í niðurlægingsarkyni og í þágu rannsóknarhagsmuna.

#### **10.2.6. Yfirlýsing Jóns Bjarman 20. nóvember 1996**

Séra Jón Bjarman var fangelsisprestur á þeim tíma er sakborningar í þessum málum sátu í gæsluvarðhaldi. Hann lýsir því hvernig aðgangur hans að Síðumúlafangelsi og dagbókum hefði verið skertur í kjölfar þess að Erla og Sævar hófu gæsluvarðhaldsvist. Þá hafi iðulega komið fram í heimsóknum hans til Sævars að hann hefði alltaf reynt að afturkalla játningar sínar, sem hann hefði verið þvingaður til að undirrita. Enn fremur staðfesti Jón að rétt væri farið með í grein eftir hann sem birtist í Morgunblaðinu 1. september 1981 þar sem m.a. er gagnrýnd harðræðisrannsókn sem fram fór í kjölfar ábendinga Jóns, í tengslum við Guðmundar- og Geirfinnsmálin.

### **10.2.7. Yfirlýsingar hjónanna Krístrúnar Jónínu Steindórsdóttur og Þórðar Arnar Marteinsonar 7. september 1996**

Krístrún og Þórður bjuggu að Suðurgötu 40 í Hafnarfirði þegar Guðmundur Einarsson hvarf og ráku þau Alþýðuhúsið við Strandgötu. Í yfirlýsingu sinni segir Krístrún frá því að aðfararnótt 27. janúar 1974 hafi hún verið við störf í Alþýðuhúsinu og undir lok dansleiksins sem þar var haldinn hafi hún veitt athygli ungum, hávöxnum og dökkhærðum manni og tók hún strax eftir honum vegna þess hve ölvaður hann var. Með honum hafi verið lágvaxnari dökkskolhærður maður á sama reki sem hafi þurft að styðja við þann ölvaða.

Þegar myndir af Guðmundi Einarssyni hafi birst eftir helgina hafi Krístrúnu orðið ljóst að um væri að ræða ölvaða manninn sem hún hafði veitt eftirtekt. Enda þótt hún hefði ekki verið í vafa um að þarna væri um sama mann að ræða hefði hún ekki komið þeim upplýsingum á framfæri við lögreglu og ekki hefði verið haft samband við hana undir rekstri málsins af rannsóknaraðilum.

Fram kemur í yfirlýsingunni að milli Suðurgötu 40 og Hamarsbraut 11 væri örstutt og að eftir að hafa gengið frá eftir dansleikinn og haldið heim hafi þau hjónin m.a. unnið að uppgjöri kvöldsins. Svo hljóðbært væri á milli húsanna tveggja að heyra mætti þegar fólk talaði saman við Hamarsbraut 11. Hverfið væri auk þess mjög kyrrlátt. Ekki hefði Krístrún orðið þess vör að umferð hefði verið við Hamarsbraut 11 þetta kvöld.

Í yfirlýsingu Þórðar kemur fram að hann minntist þess að eiginkona sín hefði haft orð á því eftir að myndir af Guðmundi birtust, að hún hefði séð hann mjög ölvaðan á dansleiknum umrædda nótt. Hann tók jafnframt undir að mjög hljóðbært væri í hverfinu við Hamarsbrautina og taldi að það hefði ekki farið fram hjá sér, ef umferð hefði verið til og frá Hamarsbraut 11 þessa nótt. Það hefði auk þess vakið athygli og umtal í hverfinu, hefði svo verið.

### **10.2.8. Yfirlýsing Magnúsar Gíslasonar 20. nóvember 1996**

Í yfirlýsingu Magnúsar kemur fram að hann hafi verið fréttaritari Vísis á Suðurnesjum árið 1974 og hefði verið beðinn um að teikna andlitsmynd af manni sem átti að hafa komið í Hafnarbúðina og hringt í Geirfinn Einarsson, kvöldið sem hann hvarf. Á nokkurra daga tímabili hefði hann teiknað margar andlitsmyndir eftir lýsingum þriggja vitna. Eitt sinn hefði Kjartan Sigtryggsson, lögreglumaður í Keflavík, komið til hans með ljósmynd og beðið Magnús um að taka tillit til hennar við gerð myndarinnar, með tilteknum áherslubreytingum. Magnúsi hefði ekki fyrr en árið 1996 orðið ljóst að umrædd ljósmynd hefði verið af Magnúsi Leópoldssyni. Mynd af leirstyttu Ríkeyjar Ingimundardóttur hefði svo birst áður en Magnús lauk verkefni sínu og hætti hann þá teikningum sínum.

### 10.3. Meginefni þeirra röksemda sem talsmaður Sævars færði fram fyrir beiðni um endurupptöku

#### 10.3.1. Skilyrði fyrir endurupptöku<sup>21</sup>

##### 10.3.1.1. Lagarök

Af hálfu dómfellda, **Sævars**, var vísað til þess að samkvæmt 184. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála væru skilyrði fyrir endurupptöku tvíþætt. Annars vegar að komin væru fram ný gögn, sem ætla megi að hefðu skipt verulegu máli fyrir niðurstöðu ef þau hefðu legið fyrir áður en dómur gekk. Hins vegar að ætla megi að málalok hafi verið fengin fram með refsiverðri hegðun, sem hafi valdið rangri niðurstöðu. Færði talsmaður Sævars rök fyrir því að með nýjum sönnunargögnum væri m.a. átt við nýja túlkun á sönnunargögnum sem áður höfðu komið fram, nýjar upplýsingar um ríkjandi þjóðfélagsaðstæður, nýjar upplýsingar um ólögmæti rannsóknaraðferða, ný lagarök og nýja túlkun efnisréttar og réttarfarsreglna.

Á móti var þeirri skoðun lýst af hálfu **ákærvalds** að skýring talsmannsins á skilyrðum fyrir endurupptöku fæli í sér að allar upplýsingar eða aðstæður, sem séu fallnar til þess að draga í efa réttmæti upphaflegs dóms, geti leitt til endurupptöku. Þessa skýringu taldi ríkissaksóknari allt of rúma, því að með henni yrði ávallt unnt að fá mál tekið upp ef dómfelldur maður unír ekki niðurstöðu þess. Benti ríkissaksóknari á að ekki væri nóg að ný gögn væru borin fram, heldur yrðu þau að vera þess háttar að telja mætti að þau hefðu haft verulega þýðingu fyrir niðurstöðu málsins.

**Hæstiréttur** vísaði til þess að heimildir laga um meðferð opinberra mála til að verða við beiðni dómfellds manns um endurupptöku opinbers máls, sem dæmt hefur verið fyrir Hæstarétti, væru „reistar á þeirri meginröksemd að ekki verði unað við að dómur verði látinn standa um sakaráfall á hendur þeim, sem síðar getur sýnt fram á að hann hafi ranglega verið sakfelldur eða að brot hans hafi verið minna en sakfellt var fyrir“.

Þegar mælt væri í lögum fyrir um endurupptöku opinbers máls sem dæmt hefur verið á æðsta dómstigi væri óhjákvæmilegt að líta til þess að á móti röksemdum, sem snúa að mikilsverðum hagsmunum dómfellds manns, vegi sú staðreynd að með slíkri heimild er gerð undantekning frá þeirri meginreglu að dómur sé endanlegur og leiði álitæfni til lykta í eitt skipti fyrir öll. Að sama skapi væri óhjákvæmilegt að taka mið af þessu við skýringu lagaákvæða, sem löggjafinn setur um þetta efni.

Samkvæmt lögskýringargögnum yrði að telja að ákvæði a. liðar 1. mgr. 184. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, fælu í sér heimild til að taka opinbert mál upp á ný eftir kröfu dómfellds manns ef fram kæmu nýjar upplýsingar, sem unnt væri að staðfesta með sönnunargögnum eftir því sem nauðsyn krefði, og líklegt væri að þær hefðu skipt máli fyrir niðurstöðu um sök hans ef þær hefðu komið fyrir dómara áður en dómur gekk.

<sup>21</sup> Umfjöllun um skilyrði fyrir endurupptöku má finna í kafla IV.2 í ákvörðun Hæstaréttar.

Í greinargerð talsmanns Sævars hefði verið vísað til þess að í 3. mgr. 186. gr. laganna kæmi fram að greina ætti í beiðni um endurupptöku þau atriði, sem vefengd væru í dómi, og ástæður sem væru taldar liggja til vefengingar. Því var haldið fram að með þessu væri lögð áhersla á vefengingu, væri hún ekki fjarstæðukennd bæri að heimila endurupptöku.

Hvað þessa röksemd varðaði yrði að líta til þess að 3. mgr. 186. gr. fjallaði um hvers efnis beiðni um endurupptöku þurfi að vera, ekki um skilyrði fyrir því að hún verði tekin til greina. Ekki yrði því fallist á að slík tengsl stæðu á milli 1. mgr. 184. gr. og 3. mgr. 186. gr., að fyrrnefnda ákvæðið yrði skýrt með rýmri hætti en að framan greinir með hliðsjón af orðalagi þess síðarnefnda.

### **10.3.1.2. Lagaskil**

Í greinargerð talsmanns Sævars var vísað til þess að við mat á skilyrðum fyrir endurupptöku yrði að taka mið af gildandi löggjöf þegar endurupptaka væri til umfjöllunar, þar á meðal um réttindi sakbornings og mat á sönnunargögnum. Einnig yrði að meta upphaflegu meðferð málsins í ljósi alþjóðasamninga, þ. á m. mannréttindasáttmála Evrópu, og annarra grundvallarreglna, sem höfðu gildi réttarheimilda þegar málið var rannsakað og dæmt. Við skýringu á þágildandi lögum um meðferð opinberra mála bæri að taka mið af þessu.

**Ríkissaksóknari** benti í þessu samhengi á að hefði mannréttindasáttmáli Evrópu verið íslensk réttarheimild á þessum tíma, hefði þegar verið tekin afstaða til ákæruefna á þeirri forsendu. Taldi hann að mannréttindasáttmálinn hefði reyndar ekki haft lagagildi hér á landi á umræddum tíma, því að lög þess efnis höfðu þá ekki verið sett. Gera yrði greinarmun á þeim rannsóknarháttum eftir þeim reglum sem þá giltu og þeim sem í gildi voru þegar beiðni um endurupptöku kom til kasta réttarins og benti ákærvaldið á þá gríðarmiklu breytingu sem hafí orðið á rannsóknarháttum frá umræddum tíma.

**Hæstiréttur** reifaði að í a. lið 1. mgr. 184. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála væri við það miðað að nýjar upplýsingar gætu því aðeins leitt til endurupptöku máls að þær hefðu líklega orðið dómfellda í hag með þargreindum hætti ef þær hefðu komið fyrir dómara áður en dómur gekk. Í orðalagi ákvæðisins fælist að nýjar upplýsingar gætu ekki orðið til endurupptöku nema þær hefðu skipt máli á þeim tíma, sem dómur gekk, ef þær hefðu þá verið kunnar. Af þessu leiddi meðal annars að upplýsingar um breytingar á réttarheimildum eða beitingu þeirra, sem komu ekki til fyrir en eftir að dómur gekk, skiptu ekki máli við mat á beiðni um endurupptöku nema breytingarnar gætu einhverra hluta vegna talist gilda aftur til þess tíma. Af þeim sökum gætu ákvæði laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 og stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 ekki komið til álita sem grundvöllur til að meta á nýjan leik rannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómi.

Því var lýst að dómar, sem talsmaður Sævars vitnaði til í greinargerð sinni og gengu á árunum 1990 og 1992, hefðu falið í sér breytta afstöðu til áhrifa mannréttindasáttmálans við skýringu landsréttar. Þeirri stefnubreytingu um meðferð réttarheimilda yrði þó ekki gefið gildi aftur til þess tíma, þegar þeim var beitt á annan hátt við úrlausn mála. Hins

vegar mætti fallast á með talsmanninum að með setningu laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, laga nr. 62/1994 og stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 hafi í ýmsum atriðum verið lögfestar áður óskráðar meginreglur íslensks réttar. Því mætti leggja til grundvallar að dómstólar hafi tekið mið af slíkum reglum við úrlausn málsins eftir því, sem þær þóttu gilda á þeim tíma.

### **10.3.2. Hvarf Guðmundar Einarssonar<sup>22</sup>**

#### ***10.3.2.1. Skilyrði til útgáfu ákæru***

Talsmaður **Sævars** vísaði til þess að samkvæmt ýmsum fyrirbyggjandi gögnum hafi dómarrar í héraði og rannsakendur sem að málinu hafi komið ekki talið að við útgáfu fyrri ákærunnar, dagsettri 8. desember 1976, hafi verið fullnægt því skilyrði fyrir höfðun opinbers máls að sakargögn væru nægileg eða líkleg til sakfellis fyrir ætluð brot tengd hvarfi Guðmundar Einarssonar samkvæmt I. kafla ákærunnar. Úr því hafi dómarrarnir bætt með því að fela tilteknum lögreglumönnum áframhaldandi rannsókn sakarefnisins, undir eftirliti dómarranna. Þeir hafi þannig tekið sókn málsins í sínar hendur í stað þess að vísa því frá. Við rannsóknina sem dómarrarnir hafi hlutast til um hafi auk þess verið vanrækt að kanna atriði sem voru Sævari í hag, sér í lagi hvort unnt væri að staðreyna veru Sævars á öðrum stað þegar Guðmundur Einarsson hvarf.

**Ákæruvaldið** benti á að gögn um meðferð málsins fyrir sakadómi hafi legið skýrlega fyrir þegar það var flutt og dæmt og því væri ekki bent á neitt nýtt í þessu sambandi. Sérstaklega var vísað til þess varðandi hugsanlega sönnun fyrir veru Sævars í Gljúfurárholti í Ölfusi á þeim tíma, sem Guðmundur hvarf, að gögn sem lögð hefðu verið fram við meðferð endurupptökubeiðninnar veittu enga slíka sönnun.

**Hæstiréttur** fjallaði um að í dómi sakadóms hefði verið tekin upp orðrétt bókun þar sem skýrlega kom fram skoðun dómenda um að rannsókn málsins á fyrri stigum hafi í ýmsu verið verulega áfátt, svo og til hverra aðgerða hafi verið gripið af því tilefni. Til þeirrar málsmeðferðar hefði Hæstiréttur tekið afstöðu með dómi sínum. Athugasemdir talsmannsins hvað þetta varðaði fælu því ekki í sér upplýsingar um atriði, sem lágu ekki fyrir við úrlausn málsins eða gætu af öðrum sökum leitt til endurupptöku þess samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Staðhæfingar um að vanrækt hafi verið að kanna, við rannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómi, atriði sem kynnu að hafa leitt til sönnunar um fjarvist Sævars þegar Guðmundur Einarsson hvarf aðfaranótt 27. janúar 1974, gætu ekki komið til álita sem tilefni til endurupptöku málsins nema að því leyti, sem nýjar upplýsingar gætu bent til að slík sönnun væri tæk. Gögn vegna rannsóknar fíkniefnamálsins sem vitnað var til í þessu sambandi, gæfu ekki slíkar vísbendingar. Því væru ekki efni eftir 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til að gefa þessu frekari gaum.

---

<sup>22</sup> Umfjöllun um hvarf Guðmundar Einarssonar má finna í kafla IV.3 í ákvörðun Hæstaréttar.

### 10.3.2.2. *Afturköllun játningar*

Þá voru í greinargerð talsmanns **Sævars** færð rök fyrir því að ályktun í dómi Hæstaréttar, um að Sævar hefði ekki dregið til baka játningu sína um sök vegna hvarfs Guðmundar fyrr en í mars 1977, væri röng. Vísað var til þess að í yfirlýsingu Arnar Höskuldssonar frá 1977 hefði komið fram að Sævar hefði í janúar 1976 reynt að bera fyrir sig að hann hefði verið þvingaður til að játa á sig sök vegna hvarfs Guðmunds Einarssonar, en Örn ekki tekið mark á honum. Sömuleiðis hefði m.a. í forsendum dómsúrskurðar þann 3. júlí 1976 verið haft eftir Sævari að framburður hans fyrir lögreglu hafi ekki verið reistur á hans eigin vitneskju, heldur frásögn Erlu Bolladóttur.

**Ákærvaldið** benti á að bréf Arnar Höskuldssonar hafi legið fyrir þegar málið var fyrir dómstólum og það gefi ekki tilefni til að álykta um að Sævar hafi haldið því fram að hann hafi ekki skýrt efnislega rétt frá við yfirheyrslu, heldur að játning hans hafi verið knúin fram með ólögætum aðferðum. Glögggt mætti sjá af málgögnum að Sævar hafi ekki neitað aðild að hvarfi Guðmundar fyrr en 29. mars 1977 og var í því sambandi bent á fimm skýrslutökur hjá lögreglu frá 22. desember 1975 til 9. mars 1977 þar sem Sævar hafi játað aðild að hvarfinu.

Um þetta atriði vísaði **Hæstiréttur** til þess að tilvitnað bréf Arnar Höskuldssonar dagsett 22. ágúst 1977, vísan í lögregluskýrslu 30. apríl 1976 og dómsúrskurð 3. júlí sama árs, sem talsmaðurinn taldi til marks um að Sævar hafi leitast við að skýra rétt frá staðreyndum og þar á meðal dregið til baka framburð sinn um aðild að hvarfi Guðmundar löngu fyrr en lagt hafi verið til grundvallar í dómi Hæstaréttar í málinu, hefði legið fyrir við úrlausn málsins. Meginefni þess hefði að auki verið tekið upp orðrétt í dómi saka-dóms.

Varðandi orðalag í bréfinu um atvik í þinghaldi 11. janúar 1976, sem talsmaðurinn gerði að umtalsefni, væri til þess að líta að Örn Höskuldsson greindi aftur frá þeim atvikum í lögregluskýrslu 3. október 1979, svo sem talsmaðurinn vitnaði einnig til. Í skýrslunni hefði meðal annars verið haft eftir Erni: „Sævar kvartaði við mig undan því að hann hefði verið þvingaður til að játa í Guðmundarmálinu. Ég gerði ekkert með þessa kvörtun Sævars þar sem ég vissi að hún var röng. Þegar Sævar játaði sinn hlut í Guðmundarmálinu fyrst þá var ég nefnilega viðstaddur sjálfur og einnig Jón Oddsson hrl., hans réttargæslumaður. Sævar var ekki beittur neinu harðræði við þessa yfirheyrslu sem var 22. desember 1975 og Jóni Oddssyni hrl. er um það kunnugt jafnvel og mér.“ Í framhaldi af þessu hefði Jón Oddsson hæstaréttarlögmaður, sem var viðstaddur skýrslugjöf Arnar Höskuldssonar, verið spurður að því hvort hann vildi eitthvað segja um þetta atriði. Svar Jóns hefði verið svofellt: „Varðandi ofangreinda fyrirtöku þann 22. des. 1975 get ég staðfest það er fram kemur hjá Erni Höskuldssyni.“

Ekki væru efni til annars en að telja réttan þann skilning, sem ríkissaksóknari teldi að leggja ætti í orðalag bréfsins varðandi umrætt atvik í þinghaldi 11. janúar 1976.

Að því er varðar lögregluskýrslu 30. apríl 1976, frá samprófun sem fór fram þann dag á milli Sævars og Alberts Klahn, hafi hún legið fyrir við úrlausn málsins. Af hálfu Sævars hefði því verið haldið fram að í þeirri skýrslu hafi hann sagt að allar sakir á hendur sér

væru ósannindi og tómur uppspuni. Af skýrslunni yrði ekki ráðið að ummæli um ósannindi og uppspuna hafi beinst að öðru en frásögn Alberts um flutning á líki 14. september 1974.

Dómsúrskurður 3. júlí 1976 hafi legið fyrir við úrlausn málsins, en með honum hafi verið kveðið á um framlengingu gæsluvarðhalds yfir Erlu Bolladóttur vegna aðildar hennar að hvarfi Geirfinns Einarssonar. Í úrskurðinum hafi verið höfð ummæli eftir Sævari um að hann hafi byggt framburð sinn fyrir lögreglu á frásögn Erlu, en ekki á sinni eigin vitneskju. Augljóslega snúi þessi ummæli að þeim þætti málsins, sem úrskurðurinn varðaði, en ekki að hvarfi Guðmundar Einarssonar.

Öll umrædd gögn hafi legið fyrir við úrlausn málsins og gætu þau því ekki gefið tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til endurupptöku þess. Auk þess yrði ekki séð að unnt væri að draga af þeim ályktanir um að mishermt væri í dómi Hæstaréttar hvenær Sævar hafi breytt framburði sínum í þessum þætti.

### ***10.3.2.3. Ályktanir af yfirlýsingum***

Talsmaður **Sævars** sagði að í ljós hefði komið að maðurinn sem vitnin Elínborg Jóna og Sigríður hafi séð á gangi eftir Strandgötunni hafi verið nokkuð lægri en Kristján Viðar, en við sakbendingu þar sem þær bentu á Kristján hafi honum verið stillt upp meðal jafnhárra manna án þess að hæðar þeirra hefði verið getið, eftir að myndir höfðu birst af honum opinberlega. Þetta geti samrýmst yfirlýsingum Krístrúnar og Þórðar Arnar Marteinsonar um að þau hafi séð Guðmund í Alþýðuhúsinu með heldur lágvaxnari manni. Þá hafi verjendur ekki verið viðstaddir skýrslugjöf þeirra Elínborgar og Sigríðar, þær hafi verið leiddar áfram af lögreglu og framburður þeirra fenginn með ólöglegum hætti. Þannig stæðist ekki sú meginforsenda fyrir niðurstöðum í sakadómi, að Guðmundur hafi hitt Kristján fyrir utan Alþýðuhúsið og það hafi leitt til þeirra atburða að Hamarsbraut 11, sem ákært hafi verið fyrir í umræddum þætti málsins.

**Ríkissaksóknari** benti á að vitnin tvö hefðu, þrátt fyrir að nokkur tími hefði liðið, verið nokkuð vissar í sinni sök í sakbendingu og talið sig þekkja manninn sem þær bentu á, m.a. af munnsvip. Þær hafi unnið eið að framburði sínum fyrir rétti, þar á meðal upplýsingum um hæð mannsins, sem þær hafi séð með Guðmundi. Í nýrri yfirlýsingu Elínborgar segi að maðurinn, sem hún hafi séð í umrætt sinn, hafi verið 10 sm lægri en Guðmundur. Yfirlýsing Elínborgar sé gersamlega haldlaus, en í henni felist að við sakbendingu hafi Elínborg bent á mann, sem hafi verið 190 sm hár, og talið hann vera 170 sm.

**Hæstiréttur** vísaði til þess að Elínborg Jóna Rafnsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir hefðu við sakbendingu í janúar 1977 talið sig þekkja Kristján Viðar sem manninn, sem þær sáu gangandi eftir Strandgötu með Guðmundi aðfaranótt 27. janúar 1974. Þetta hafi þær staðfest í skýrslum fyrir dómi 22. mars 1977, þar sem m.a. hafi komið fram að þær hafi talið Guðmund og samferðarmann hans svipaða að hæð. Elínborg hafi getið þess í skýrslu sinni að henni hafi sérstaklega verið minnisstætt andlit samferðamannsins, einkum þykkar varir hans.

Í nýjum vitnaskýrslum segðust þær vissar um að Kristján hafi ekki verið maðurinn og virðist sú ályktun þeirra einkum reist á því að Kristján sé hærri en þeim hafi verið kunnugt um þegar sakbending fór fram. Taldi Hæstiréttur skýringar þeirra á breyttum framburði 23 árum eftir umræddan atburð og 20 árum eftir að þær gáfu eiðfestar vitnaskýrslur ekki með þeim hætti að byggt yrði á nýjum framburði þeirra.

Þá gæti frásögn í yfirlýsingum Krístrúnar Jónínu Steindórsdóttur og Þórðar Arnar Marteinsonar um athafnir manns, sem þau töldu vera Guðmund, undir lok dansleiks í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði engu skipt, enda yrði ekkert ráðið af frásögninni um ferðir Guðmundar eftir dansleikinn. Auk þess kæmi lýsing þeirra á klæðaburði mannsins ekki heim og saman við lýsingu vitna á klæðnaði hans.

Að öllu þessu gættu yrði ekki talið að komnar væru fram nýjar upplýsingar um framangreint efni, sem gætu orðið tilefni til endurupptöku samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála.

#### ***10.3.2.4. Vísbendingar um ferðir Sævars og áhöld um tilefni átaka við Hamarsbraut***

Talsmaður **Sævars** taldi vitnisburð tveggja manna, Sveins Vilhjálmssonar og Smára Kjartans Kjartanssonar, um að Guðmundur Einarsson hafi verið að ganga eftir götu í Hafnarfirði áleiðis til Reykjavíkur milli kl. 2.15 og 3 aðfaranótt 27. janúar 1974 sönnun þess að hann hafi ekki á sama tíma verið á leið á Hamarsbraut með Kristjáni Viðari. Þá væri í dómi Hæstaréttar gengið út frá því að átök sem leitt hafi Guðmund til dauða hafi stafað af neitun hans um að leggja fram fé til áfengiskaupa. Hins vegar hafi Hæstiréttur við úrlausn málsins haft undir höndum gögn um rannsókn á fíkniefnamáli, sem leitt hafi í ljós að Sævar og aðrir ákærðu hafi haft mikið fé undir höndum þegar atvik málsins áttu sér stað. Því standist hvorki tilgátan um að til hafi staðið að ræna veski Guðmundar eða tilgátan um tildrög átaka við hann og meta hefði þurft áhrif þessara upplýsinga við úrlausn málsins.

**Ríkissaksóknari** kvað gögn sem vörðuðu rannsókn fíkniefnamálsins ekkert hafa að geyma sem gæti haft áhrif á mat Hæstaréttar á gögnum varðandi hvarf Guðmundar.

**Hæstiréttur** sagði um þetta atriði að framburður vitnanna Sveins Vilhjálmssonar og Smára Kjartans Kjartanssonar um mann, sem þeir töldu hafa verið Guðmund Einarsson, gangandi frá miðbæ Hafnarfjarðar í átt til Reykjavíkur, hefði legið fyrir við úrlausn málsins. Ekki hefðu komið fram nýjar upplýsingar varðandi skýrslurnar. Veittu þær því ekki ástæðu samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til að taka málið upp á ný.

Vísað var til þess að við úrlausn málsins hafi legið fyrir framburður ákærðra sjálfra um að Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi ætlað að afla sér fjár með því að stela veskjum og að átök þeirra og Sævars við Guðmund Einarsson hafi byrjað vegna ágreinings um hvort Guðmundur legði til fé til kaupa á áfengi. Ekki yrði séð að upplýsingar um fé sem Sævar kynni að hafa haft undir höndum vegna viðskipta með fíkniefni um þessar mundir, gætu brugðið nýju ljósi á það hvort Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi ráðið yfir einhverju fé á sama tíma. Þess væri jafnframt að gæta að við rannsókn málsins hefði



verið borið að þeir hafi árangurslaust reynt að fá fé að láni hjá Sævari sama kvöld. Nýjar upplýsingar hefðu annars ekki komið fram um þetta efni og gæfi það því ekki tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til endurupptöku málsins.

#### ***10.3.2.5. Engar upplýsingar um háreysti við Hamarsbraut 11***

Talsmaður **Sævars** benti á að húsið að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði væri gamalt lítið timburhúss. Þar væri mjög hljóðbært, enda hefðu aðrir íbúar hússins kvartað ef háreysti eða umgangur barst frá kjallaraíbúðinni, sem Erla Bolladóttir hafði til afnota. Húsið standi auk þess við litla götu í hljóðlátu hverfi. Enginn íbúi að Hamarsbraut 11 eða í nærliggjandi húsum hafi hins vegar orðið var við hávaða eða umferð aðfaranótt 27. janúar 1974. Þessu til frekari stuðnings lögju nú fyrir nýjar yfirlýsingar frá þáverandi nágrönnum, Krístrúnu og Þórði Erni.

**Ákærvaldið** hélt því fram að upplýsingar um þetta hafi legið fyrir við úrlausn málsins og mótmælti því að yfirlýsingarnar hefðu nokkra þýðingu fyrir mat á sönnunargögnum málsins.

**Hæstiréttur** benti á að við úrlausn málsins hafi legið fyrir upplýsingar úr lögreglu-skýrslu 13. janúar 1977 um að við athugun hafi komið fram að íbúar að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði og næstu nágrannar gætu ekkert borið um atburði í kjallara hússins aðfaranótt 27. janúar 1974.

Að því leyti gæti yfirlýsing Krístrúnar Jónínu Steindórsdóttur og Þórðar Arnar Marteinsonar ekki talist bæta við nýjum upplýsingum og hún gæfi því ekki tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til að verða við beiðni Sævars.

#### ***10.3.2.6. Breytingar á skýrslum og yfirlýsing Alberts Klahn***

Af hálfu talsmanns **Sævars** var vísað til þess að í dómi Hæstaréttar vanti umfjöllun um breytingar sem gera þurfti á skýrslum eftir að í ljós kom að Albert Klahn hafi ekki haft aðgang að Toyota bifreið líkt og fyrst var talið heldur Volkswagen bifreið. Við breytinguna hafi einnig komið til sú frásögn að lík Guðmundar hafi verið lagt á gólfíð við aftursæti bifreiðarinnar, þar sem Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi svo setið. Þessi skipan hafi að mati talsmannsins verið ómöguleg og þetta hafi ekki verið rannsakað. Sömmuleiðis hafi þurft að breyta skýrslum þegar í ljós kom að síminn að Hamarsbraut 11 hafi verið lokaður. Þá vísaði talsmaðurinn til þess að í yfirlýsingu Alberts frá 1997 komi fram að hann hafi ekki verið að Hamarsbraut umrædda nótt.

**Ákærvaldið** benti á að Albert hafði ekki dregið til baka framburð sinn þegar málið var dæmt í Hæstarétti og ný yfirlýsing 17 árum eftir sakfellingu hans gæti engu skipt um hvort taka ætti málið upp.

**Hæstiréttur** vísaði til þess að fyrst í stað hefði verið ósamræmi á milli framburðar Sævars, Kristjáns Viðars og Alberts um það hvernig tegundar bifreiðin hafi verið sem Albert hafi komið á að Hamarsbraut. Einnig var vísað til vottorðs frá Pósti og síma um hvort síminn að Hamarsbraut hafi verið lokaður.

Þessi atriði hafi öll legið fyrir þegar dómur var felldur á málið og lagt hafi verið mat á þau þá. Engar nýjar upplýsingar hafi komið fram í tengslum við þau og því veittu þau ekki ástæðu samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til að taka málið upp á ný.

Einnig var vísað til yfirlýsingar frá Alberti sem lögð var fram í málinu og framburðar hans í málinu þegar dómur var felldur á það. Hann hefði ekki vikið frá þeim framburði fyrr en með umræddri yfirlýsingu, tæpum 20 árum eftir að hann gaf síðast skýrslu vegna málsins fyrir dómi. Fyrir þessari síðbúnu breytingu á frásögn hefðu ekki verið færðar haldbærar ástæður og væru því ekki efni til að taka tillit til hennar. Samkvæmt því gæti yfirlýsingin ekki gefið tilefni til endurupptöku málsins.

#### **10.3.2.7. Aðkoma Gunnars Jónssonar**

Talsmaður **Sævars** benti á að það hefði fyrst verið nefnt í skýrslu Gísla Guðmundssonar lögreglumanns 3. mars 1977, um samtöl við Sævar næstu daga þar á undan, að Gunnar Jónsson kunni að hafa verið staddur að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974. Eftir skýrslutöku af Albert Klahn Skaftasyni 3. og 4. mars 1977 hafi verið gerðar ráðstafanir til að hafa upp á Gunnari, sem þá hafi búið erlendis. Gunnar hafi gefið skýrslur í lok apríl og byrjun maí s.á. og ekkert munað með vissu, en fallist á að segja óljósa sögu til samræmis við Albert. Síðar hafi hann verið samprófaður við Sævar, Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Ekki verði annað ráðið en að í framburði Gunnars hafi falist að hann hafi ekkert vitað um atburði er tengdust Guðmundi að Hamarsbraut 11. Þá hafi hann verið yfirheyrður að viðstöddum saksóknara fyrir dómurum, án þess að verjendur væru viðstaddir. Gunnari hafi 2. maí 1977 m.a. verið sýnd ljósmynd af Guðmundi Einarssyni, sem Gunnar hafði séð í dagblaði í lok janúar 1974, en hann ekki sett hana í samband við neitt, sem hann hafi orðið sjónarvottur að dagana þar á undan. Taldi talsmaðurinn að sakadómi og Hæstarétti hefði orðið á yfirsjón við mat á sönnunargildi framburðar Gunnars. Það eitt, að verjendur hafi verið útilokaðir frá því að vera við skýrslutöku af honum, hefði að auki átt að nægja til að ómerkja alla málsmeðferðina.

Því var haldið fram af hálfu **ákæruvaldsins** að öll nefnd atriði varðandi mat á sönnunargildi framburðar Gunnars Jónssonar, önnur en yfirlýsing Alberts Klahn Skaftasonar, hafi legið fyrir þegar málið var dæmt. Ekki væru fram komin ný gögn, sem bentu til þess að sakadómi eða Hæstarétti hafi yfirsést mikilvæg atriði í þessu mati. Sérstaklega var mótmælt þeirri fullyrðingu að Hæstarétti hefði borið að ómerkja meðferð málsins á þeirri forsendu að verjendum hafi ekki gefist kostur á að vera staddir við skýrslutöku af Gunnari, enda hafi allt sem að þessu lúti, legið fyrir við flutning og úrlausn málsins. Ný yfirlýsing frá Alberti skipti engu um það hvort taka ætti málið upp á ný.

Bent var á af hálfu **Hæstaréttar** að við meðferð málsins fyrir réttinum hafi legið fyrir dómskýrslur sem teknar voru af Gunnari Jónssyni. Af þeim yrði ráðið að honum hafi að einhverju marki verið veittar upplýsingar þegar skýrslurnar voru gefnar, svo og að framburður hans hafi í ýmsu verið óákveðinn. Á atriði er vörðuðu framburð Gunnars hafi verið lagt mat við úrlausn málsins. Atriði, sem talsmaður Sævars hefði bent á varðandi skýrslur Gunnars snéru því ekki að nýjum upplýsingum um framburð hans.

Samkvæmt því yrði ekki fallist á að fram komnar röksemdir í sambandi við framburð Gunnars gætu leitt til endurupptöku málsins samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála.

#### **10.3.2.8. Yfirlýsing Erlu Bolladóttur**

Vísað var til þess af hálfu talsmanns **Sævars** að í yfirlýsingu Erlu Bolladóttur frá febrúar 1996 kæmi fram að hvorki Sævar né aðrir sem ákærðir voru fyrir aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar hefðu komið að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974. Þar kæmi einnig fram að hún hefði skýrt lögreglumönnum rétt frá atvikum við yfirheyrslu, en þeir fengið hana til að gefa ranga skýrslu. Sakfelling yrði því ekki byggð á umræddum framburði Erlu.

**Ákærvaldið** benti á að Erla hefði ekki tekið aftur framburð sinn í þessum þætti málsins áður en dómur var lagður á það. Nýjar yfirlýsingar um þetta efni geti því engu skipt um mat á þeim sönnunargögnum sem lögð voru til grundvallar við úrlausn málsins.

Til þess var vísað af hálfu **Hæstaréttar** að í yfirlýsingu Erlu Bolladóttur kæmi m.a. fram að rangt væri að hún hafi orðið þess áskynja að Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi flutt eitthvað út úr íbúð hennar að Hamarsbraut aðfaranótt 27. janúar 1974. Hún hafi í upphafi skýrt lögreglumönnum að mestu leyti réttilega frá atvikum, en þeir hafi með ýmsum ráðum fengið hana til að gefa aðra og ranga skýrslu. Frá þeim framburði sem hún gaf við rannsókn málsins og meðferð fyrir dómi hefði hún ekki vikið fyrr en með umræddri yfirlýsingu, tæpum 20 árum eftir að hún gaf síðast skýrslu vegna málsins fyrir dómi og fyrir þeirri síðbúnu breytingu hefðu ekki verið færðar haldbærar ástæður. Því væru ekki efni til að taka mark á yfirlýsingunni og gæti hún hvað þetta varðar ekki gefið tilefni til endurupptöku málsins.

#### **10.3.2.9. Veðurfræðileg gögn**

Vísað var til þess af hálfu talsmanns **Sævars** að í dómi sakadóms greini frá því að þegar Guðmundar Einarssonar var leitað fyrstu dagana eftir hvarf hans hafi verið um 60 sm snjóalag utan vega á óbyggðum svæðum kringum Hafnarfjörð og legið hafi fyrir að ófært hafi verið umrædda nótt. Unnt væri að ráða af nýjum gögnum, um snjó og færð á umræddum tíma, að ókleift hefði verið að aka gamalli Volkswagen bifreið um vegar-slóða í Hafnarfjarðarhrauni þessa nótt. Þetta hafi yfirsést við rannsókn málsins og fyrir bragðið hafi komið fram lýsingar frá sakborningum á ferðinni um hraunið, sem útilokað sé að geti staðist.

**Ríkissaksóknari** vísaði til þess að í gögnum málsins væri vottorð frá Veðurstofu Íslands um veður dagana 25. til 27. janúar 1974. Ný skjöl um sama efni breyti engu um það mat sem hafi verið lagt á þetta atriði við úrlausn málsins.

**Hæstiréttur** vísaði til þess að vottorð Veðurstofu Íslands hafi legið fyrir við úrlausn málsins, um veður dagana 25. til 27. janúar 1974. Einnig lægi meðal gagna málsins minnisblað lögreglumanns 26. febrúar 1977 um viðtöl við leigubifreiðarstjóra, þar sem meðal annars kemur fram að einn þeirra hafi minnst þess að ófært hafi verið seinni hluta aðfararnætur 27. janúar 1974. Á allar þessar upplýsingar hefði verið lagt mat við

úrlausn málsins. Gögn um snjó og færð á vegum á umræddum tíma sem færð hefðu verið fram vörpuðu því ekki nýju ljósi á þetta efni og veittu ekki ástæðu samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til endurupptöku málsins.

### **10.3.3. Hvarf Geirfinns Einarssonar<sup>23</sup>**

#### ***10.3.3.1. Aðrar skýringar á hvarfi Geirfinns***

Talsmaður **Sævars** taldi að rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar hefði gefið ástæðu til að kanna aðrar hugsanlegar skýringar á afdrifum hans, en um það hafi ekki verið að ræða svo neinu næmi. Nefndi hann í því sambandi skýrslu Schütz, þar sem nefnt sé að nokkuð hafi borið í milli í játningum sakborninga og að ekki hafi tekist að sanna játningarnar með vísindalegum aðferðum. Taldi talsmaðurinn skýrsluna og yfirlýsingu Erlu Bolladóttur frá 1996 ýta undir að ásetningur Schütz hafi verið að sanna sök á hendur þeim sem grunaðir voru í málinu.

**Ákærvaldið** neitaði því að umrædd lokaskýrsla Schütz hafi legið fyrir þegar málið var tekið fyrir af dómstólum. Ekki hefði þó verið ástæða til að leggja hana fram, þar sem um væri að ræða samantekt manns sem vann tímabundið að rannsókn málsins. Hún hefði því ekkert gildi sem sönnunargagn í málinu. Þær upplýsingar sem fram kæmu í yfirlýsingu Erlu hefðu legið fyrir þegar hún afturkallaði framburð sinn í þessum þætti málsins 11. janúar 1980, áður en Hæstiréttur felldi dóm í málinu.

Vísað var til þess af hálfu **Hæstaréttar** að við úrlausn málsins hafi legið fyrir ýmis gögn frá rannsóknarlögreglunni í Keflavík vegna hvarfs Geirfinns. Af þeim mætti ráða að könnuð hafi verið ýmis atvik sem talin voru geta tengst þeim atburði. Talsmaðurinn hefði í þessu sambandi bent á nokkur atriði sem hann teldi að tilefni hefði verið til að kanna nánar. Um slík atriði hefðu hins vegar engar nýjar upplýsingar verið færðar fram og gætu þau því ekki gefið tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til að verða við beiðni um endurupptöku.

Vísað var til þess að gögn málsins innihéldu umfangsmiklar lögregluskýrslur frá rannsókn á hvarfi Geirfinns frá því eftir að Karl Schütz kom til starfa við rannsóknina sumarið 1976. Unnt væri að ráða af þeim að hverju rannsókninni var þá beint, þ. á m. að hvaða marki könnuð voru atriði varðandi aðra en þá sem að endingu sættu ákæru. Lokaskýrsla Karls Schütz, sem hefði verið lögð fram í endurupptökumálinu, leiddi út af fyrir sig ekkert í ljós um þetta efni, sem ekki hefði verið unnt að sjá af fyrirbyggjandi gögnum um rannsóknina þegar dómur var felldur á málið. Hugleiðingar í skýrslunni um hvað höfundur hennar hefur talið sannað hefðu ekki getað haft sjálfstætt gildi við úrlausn málsins og gætu því ekki gefið tilefni til að taka málið upp á ný.

#### ***10.3.3.2. Skýrslur Sævars og Guðjóns Skarphéðinssonar***

Því var haldið fram af hálfu talsmanns **Sævars** að því væri ranglega lýst í atvikalýsingu í dómi Hæstaréttar að Sævar hefði fyrst á dómþingi 13. september 1977 neitað að hafa

---

<sup>23</sup> Umfjöllun um hvarf Geirfinns Einarssonar má finna í kafla IV.4 í ákvörðun Hæstaréttar.

verið í Keflavík 19. nóvember 1974. Þeirri neitun hefði verið haldið fram ítrekað áður bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi.

Þá vísaði talsmaðurinn til þess að Guðjón hefði fyrst tjáð sig opinberlega um dóminn í blaðaviðtali árið 1996 og þar lýst því að hann hefði hvergi komið nærri hvarfi Geirfinns. Auk þess hefði Guðjón aldrei tekið af skarið um atburði þá sem ákæran náði til og skýrslur hans hafi allar verið með fyrirvörum. Þrátt fyrir þetta hefði mikið verið lagt upp úr framburði Guðjóns, þar á meðal að hann hafi ekki dregið framburð sinn til baka, í dómi sakadóms og Hæstaréttar.

**Ákærvaldið** veitti tilsvör við síðarnefnda atriðinu og sagði að yfirlýsingar, sem dómfelldu í málinu gæfu 17 árum eftir sakfellingu, sem reist var á játningum þeirra, gætu ekki talist til nýrra gagna, sem geti leitt til endurupptöku samkvæmt viðkomandi lagaákvæðum.

**Hæstiréttur** vísaði til framburðar Guðjóns og að á þeim 20 árum, sem höfðu liðið frá því að hann gaf síðast skýrslu um málið fyrir dómi, hefði hann ekki vikið frá framburði sínum. Frá honum lægi ekki fyrir yfirlýsing um að hann dragi til baka framburð sinn í einhverju eða öllu. Viðtal við hann í dagblaði væri ekki ígildi yfirlýsingar, sem gefin er til afnota í dómsmáli. Þegar af þessari ástæðu væri ekkert tilefni til endurupptöku málsins vegna atriða, sem snéru að framburði hans.

Vísað var til umfjöllunar í forsendum dóms Hæstaréttar um játningar Sævars og Kristjáns Viðars og þess að í þeirri umfjöllun væri ekki tíundað sérstaklega hvenær skýrslur með slíkum játningum komu fram eða hvernig framburður þeirra hefði verið að þessu leyti á fyrri stigum. Hvorki sú umfjöllun né frásögn á öðrum stað í dómnum um að Sævar hafi snúið „gersamlega við blaðinu“ með breytingu á framburði sínum á dómþingi 13. september 1977 gætu gefið tilefni til ályktana um að dómendum hafi ekki verið ljóst að hann hafi neitað allri aðild að hvarfi Geirfinns á ýmsum stigum í skýrslum hjá lögreglunni og fyrir dómi. Því hefði rækilega verið gerð skil í héraðsdómi. Því gætu röksemdir talsmanns Sævars, sem að þessu snéru, ekki gefið tilefni til að taka málið upp á ný.

#### ***10.3.3.3. Rannsóknartilgátur um upphaf Geirfinnsmálsins***

Talsmaður **Sævars** hélt því fram að sú ályktun í dómi Hæstaréttar að upphaf málsins mætti rekja til þess að Sævar og Kristján Viðar hafi hitt Geirfinn að máli í veitingahúsinu Klúbbnum gæti ekki staðist. Vísaði hann þar til vitnisburðar Þórðar Ingimarssonar, sem var með Geirfinni á veitingahúsinu umrætt kvöld. Meðal annars hafi Þórður sagst mundi geta þekkt aftur manninn sem hann sá Geirfinn ræða við á veitingahúsinu, en hann hafi ekki kannast við Sævar eða aðra ákærðu af myndum.

**Ríkissaksóknari** benti á að umrædd atriði hafi legið fyrir við flutning og úrlausn málsins og gætu því ekki komið til skoðunar til stuðnings beiðni um endurupptöku þess.

**Hæstiréttur** vísaði til þess að við úrlausn málsins hefði verið talið sannað með skýrslum Sævars og Kristjáns Viðars, sem þóttu fá stoð í vitnisburði Þórðar Ingimars-

sonar, að tvímenningarnir hafi hitt Geirfinn í veitingahúsinu Klúbbnum að kvöldi 17. nóvember 1974 og m.a. fengið þar nafn hans og heimilisfang. Talsmaðurinn teldi þessa ályktun ekki geta staðist af tilteknum ástæðum. Í því sambandi hefði engum nýjum upplýsingum verið haldið fram og röksemdir sem að þessu lytu veittu því ekki ástæðu samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til að málið yrði tekið upp á ný.

#### **10.3.3.4. Kvikmyndasýning að Kjarvalsstöðum**

Á það var bent af hálfu talsmannsins að móðir **Sævars** hefði borið að hann hafi ekið henni heim eftir kvikmyndasýningu kl. 22:10 þann 19. nóvember 1974. Frásögnin fengi stoð í framburði systur Sævars og í framburði Vilhjálms Knudsen. Mælingar sem framkvæmdar voru til að sýna fram á að Sævari hafi verið unnt að keyra til Keflavíkur í tæka tíð til að hringja þar í Geirfinn hafi verið aðfinnsluverðar.

Af hálfu **ákærvalds** var bent á að upplýsingar um veru Sævars á Kjarvalsstöðum og um framkvæmd mælinga hafi legið fyrir við flutning og úrlausn málsins.

**Hæstiréttur** vísaði til þess að við úrlausn málsins hafi legið fyrir framburðir vitnisins Vilhjálms Knudsen um að hann hafi hitt Sævar á Kjarvalsstöðum á tilteknum tíma að kvöldi 19. nóvember 1974 og framburður móður Sævars og systur um hvenær systir hans hafi verið komin heim til sín eftir dvöl þar með honum. Einnig hafi legið fyrir gögn um mælingar lögreglumanna með áætlun á þeim tíma, sem tæki að aka á milli tiltekinna staða í Reykjavík og þaðan til Keflavíkur.

Í forsendum dóms Hæstaréttar segði að óvíst væri hvenær Sævar hefði farið frá Reykjavík, en mælingar sýni að hann hefði getað verið kominn til Keflavíkur á tilgreindum tíma. Talsmaður Sævars hafi borið bríggur á niðurstöðuna og teldi aðfinnsluvert hvernig staðið hafi verið að mælingum. Engar nýjar upplýsingar hefðu komið fram um þessi atriði málsins og við úrlausn þess hefði legið fyrir hvernig mælingarnar voru gerðar. Því væru þetta ekki atriði sem gæfu tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til endurupptöku málsins.

#### **10.3.3.5. Símtal til Geirfinns**

Talsmaður **Sævars** benti á að í dómi Hæstaréttar væri talið að miða yrði við að Sævar eða Kristján Viðar hefðu hringt heim til Geirfinns að kvöldi 19. nóvember 1974 úr Hafnarbúðinni í Keflavík. Vitni í Hafnarbúðinni hefðu borið kennsl á hvorugan þeirra. Málatalbúnaður hafi byggst á því að annar hvor þeirra hefði verið að verki, þar sem ella hefði ekki staðist að Geirfinnur hafi komið til fundar við þá þetta kvöld. Rannsókn á þessu atriði hefði verið gölluð, m.a. með vísan til yfirlýsingar Magnúsar Gíslasonar sem fenginn var til að teikna mynd af manningum sem hringdi. Lagastoð hefði skort fyrir því að miða við að þar hefði verið á ferð Sævar eða Kristján Viðar.

Af hálfu **ákærvalds** var bent á að þessi atriði hafi legið fyrir við flutning og úrlausn málsins.

**Hæstiréttur** vísaði til þess að við rannsókn og meðferð málsins hefði verið aflað vitna-skýrslna í tengslum við framburð Sævars, Kristjáns Viðars, Guðjóns og Erlu um að Kristján hafi hringt til Geirfinns frá Hafnarbúðinni í Keflavík um kl. 22:15 hinn 19. nóvember 1974. Vitnin hefðu ekki getað borið um þau atvik.

Í dómi Hæstaréttar, þar sem sýnilega hefði verið stuðst við framburð ákærðu hvað þetta varðar, hefði verið miðað við að Sævar eða Kristján Viðar hafi hringt til Geirfinns á umræddum stað og tíma. Nýjar upplýsingar lögju ekki fyrir um þessi atvik, enda kæmu í því sambandi ekki til álita atriði varðandi aðgerðir lögreglunnar í Keflavík við frumrannsókn á hvarfi Geirfinns, til að leita manns sem talinn var hafa hringt frá Hafnarbúðinni í umrætt sinn. Því hefði ekkert komið fram í sambandi við þetta sem orðið gæti tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til að málið yrði tekið upp á ný.

#### ***10.3.3.6. Framburður Sigurðar Óttars Hreinssonar***

Talsmaður **Sævars** benti á að Sigurður Óttar játaði við yfirheyrslu 14. desember 1976 að hafa farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Á dómþingi 13. október 1977 breytti hann framburðinum og sagði að fyrri framburður hefði komið til vegna hótana lögreglu. Fyrir lægi að Sigurður Óttar hafi fljótlega eftir játninguna ráðfært sig við lögmann. Lögmaðurinn hafi samkvæmt talsmanninum ráðlagt Sigurði að leiðrétta frásögn sína. Vísaði talsmaðurinn til þess að lögmaðurinn ásamt öðrum lögmanni í málinu hafi sætt lög-reglurannsókn vegna þessarar atburðarásar.

Til þess var vísað af hálfu talsmannsins að Hæstiréttur, og að nokkru sakadómur, hafi byggt á fyrri framburði Sigurðar Óttars við úrlausn málsins. Þann framburð hafi ríkis-saksóknari talið rangan og dómstólar tekið undir að rannsaka þyrfti hann, þegar Sigurði var gert að sæta 25 daga gæsluvarðhaldi vegna gruns um rangan framburð. Hins vegar hafi dómstólar haft að engu síðari framburð hans, sem ekki hafi verið talinn rangur að sögn talsmannsins.

Talsmaðurinn benti ennfremur á að í dómi sakadóms hafi verið talið að breyting Sigurðar á framburði sínum hafi veikt trúverðugleika hans, en í dómi Hæstaréttar hafi hins vegar verið tekið svo til orða að ekkert mark yrði tekið á afturköllun Sigurðar á framburðinum. Taldi talsmaðurinn að Hæstiréttur hafi með þessu misskilið ályktun héraðsdóms eða talið að breyttur framburður fyrir dómi skipti engu um gildi fyrri fram-burðar, sem hafi verið gefinn 14. desember 1976 meðan Sigurðar sat í fangelsi og gaf lögregluskýrslu sem sakborningur án réttargæslu.

Af hálfu **ákærvalds** var bent á að þessi atriði hafi legið fyrir í gögnum málsins við flutning og úrlausn þess.

**Hæstiréttur** vísaði til ítarlegrar umfjöllunar í dómi sakadóms Reykjavíkur um framburð vitnisins Sigurðar Óttars Hreinssonar hjá lögreglu og fyrir dómi í desember 1976 og maí 1977, svo og um breytingu Sigurðar á framburði sínum í október 1977 og rannsókn, sem varðaði þá breytingu.

Með vísan til þeirrar umfjöllunar yrði ekki fallist á staðhæfingu talsmannsins, um að sannað hefði verið við meðferð málsins að Sigurður hafi leitað til nafngreinds lögfræðings 15. desember 1976, að hann hafi þá haldið því fram að lögreglan hafi beitt nánar tilgreindum ólögmaetum aðferðum við töku skýrslu af sér daginn áður og að hann hafi á því stigi talið sig hafa verið þvingaðan til framburðar hjá lögreglunni. Þá hefðu engar nýjar upplýsingar verið færðar fram til að hnekkja rökstuddri niðurstöðu, sem komist var að við úrlausn málsins um gildi breytts framburðar Sigurðar. Þegar af þeim sökum gæfu atriði varðandi framburð Sigurðar ekki tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til að verða við beiðninni.

#### **10.3.3.7. Meðferð á líki Geirfinns Einarssonar**

Talsmaður **Sævars** vísaði til þess að lagt hafi verið til grundvallar við úrlausn málsins að Sævar, Kristján Viðar og Guðjón hefðu farið með lík Geirfinns Einarssonar í kjallara að Grettisgötu um miðja nótt, þar sem það hafi verið geymt. Þá hafi verið byggt á því að líkið hefði verið grafið í Rauðhólum. Hins vegar hafi verið litið fram hjá því að aksturinn í Grettisgötu hefði að líkindum vakið íbúa í nærliggjandi húsum. Þá hafi ekkert komið út úr rannsóknum á kjallaranum. Enn fremur hefði ekki verið unnt að grafa líkið í Rauðhólum vegna frosts í jörðu á umræddum tíma, nema þá aðeins grunnt.

**Ákærvaldið** veitti tilsvör við tilvísun til frosts í jörðu og vísaði til þess að gögn frá Veðurstofu Íslands um það hefðu legið fyrir við úrlausn málsins, og vísað hefði verið til þeirra í dómi Hæstaréttar.

**Hæstiréttur** tók fram að frásögn um flutning á líki Geirfinns frá Keflavík, geymslu þess að Grettisgötu og greftrun þess í Rauðhólum, sem lá fyrir við úrlausn málsins, hefði verið komin frá ákærðu. Meðal fyrirliggjandi gagna í málinu, sem tengdust þessu, hafi verið vottorð Veðurstofu Íslands um líkur á frosti í jörðu í Rauðhólum 21. nóvember 1974. Lagt hafi verið mat á atriði, sem þessu tengdust við úrlausn málsins og um þau hefðu engar nýjar upplýsingar verið færðar fram. Þau gæfu því ekki tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til endurupptöku málsins.

#### **10.3.3.8. Frásagnir bílstjóra um ferðir Erlu Bolladóttur frá Keflavík til Hafnarfjarðar**

Talsmaður **Sævars** benti á að í dómi Hæstaréttar hefði verið lögð áhersla á framburð Guðmundar Sigurðar Jónssonar og Ámunda Rögnvaldssonar, sem töldu sig hafa ekið Erlu Bolladóttur frá Keflavík. Meðal annars hafi framburður Guðmundar tekið breytingum, bæði hvað varðar tímasetningu og tegund bifreiðar, frá skýrslutöku fyrir lögreglu og fram að skýrslutöku fyrir dómi. Síðari frásögnin hafi fallið betur að tilgátum rannsækenda auk þess sem frásögn sem höfð var eftir Erlu hefði birst í fjölmiðlum áður en hann kom fyrir dóm. Þá hafi Ámundi ekki þekkt Erlu í sakbendingu. Loks væru nýjar skýringar komnar fram á tilurð frásagnar Erlu, í yfirlýsingu hennar frá 1996.

**Ákærvaldið** hélt því fram að umfjöllun talsmannsins um skýrslur vitnanna fæli í sér gagnrýni á mat Hæstaréttar um sönnunargildi gagna, sem hafi legið fyrir við úrlausn málsins, en væru ekki ný gögn, sem leitt gætu til endurupptöku.



**Hæstiréttur** benti á að í vitnaskýrslu fyrir dómi hefði Guðmundur Sigurður Jónsson m.a. borið að hann hafi að morgni 20. nóvember 1974 ekið stúlku, sem hann hafði áður talið sig bera kennsl á við sakbendingu og reyndist vera Erla Bolladóttir, frá tilteknum stað í Keflavík að vegamótum Grindavíkurvegar og Reykjanesbrautar. Ámundi Rögnvaldsson hefði í vitnaskýrslu sagst hafa sama morgun ekið stúlku frá nefndum vegamótum til Hafnarfjarðar. Hann þekkti ekki stúlkuna aftur við sakbendingu, þar sem Erla var meðal annarra.

Ámundi hefði látist áður en leyst var úr málinu fyrir sakadómi. Eins og talsmaðurinn hefði bent á var framburður Guðmundar fyrir dómi í nokkrum atriðum á annan veg en hjá lögreglu, einkum varðandi nákvæmni dagsetningar, þegar umrætt atvik gerðist, hvar Guðmundur hafi tekið stúlkuna upp í bifreið og hverrar tegundar bifreiðin hafi verið. Þetta misræmi hefði legið fyrir í framlögðum gögnum málsins.

Framburðurinn um fyrstnefnda atriðið og það síðastnefnda hefði sótt styrk til framburðar fjögurra annarra vitna. Þá hefði Erla talið sig þekkja hann sem ökumann bifreiðar, sem hún hafi fengið far með umrædda leið að morgni 20. nóvember 1974.

Í yfirlýsingu Erlu 19. nóvember 1996 fjallar hún um minningu af um ferð hennar til Grindavíkur árið 1973, lyti ekki að framburði Guðmundar sem slíkum og gæti þegar af þeirri ástæðu engu skipt varðandi gildi hans. Nýjar upplýsingar hefðu þannig ekki komið fram í sambandi við framburð vitnanna og því væru ekki efni til að málið yrði tekið upp á ný vegna atriða, sem að honum lyti.

#### **10.3.4. Rangar sakargiftir<sup>24</sup>**

##### ***10.3.4.1. Aðdragandi þess að sakborningar bentu á aðila tengda Klúbbnum***

Talsmaður **Sævars** taldi gögn málsins bera með sér að upphaf þess að grunur féll á svokallaða Klúbbsmenn megi rekja til rannsakenda, en ekki til Sævars og annarra sakborninga. Gögn málsins bæru þetta með sér og m.a. hefði Magnús Leópoldsson verið kallaður til skýrslugjafar í Keflavík stuttu eftir hvarf Geirfinns. Í því sambandi vísaði talsmaðurinn til þess að í skýrslu fyrir dómi 22. júní 1977 hafi Sævar borið að lögreglu- maður hafi lagt fyrir hann að Sævar og Einar Bollason hefðu farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Lögreglan hafi einnig nefnt aðra menn við hann. Sömu leiðis hefði Kristján Viðar borið fyrir dómi 13. maí 1977 að lögreglumenn hafi nefnt við hann menn og atburði og leitt hann áfram, m.a. þegar hann átti að hafa bent á mynd af Einari. Leiða mætti að því líkum að lögreglan hafi myndað tengsl milli Klúbbsmanna og sakborninganna í gegnum Erlu Bolladóttur og Einar Bollason en hafi yfirsést að Einar hvorki þekkti þessa menn né tengdist þeim.

**Ákærvaldið** mótmælti röksemdunum sem tilhæfulausum og kvað engin gögn liggja fyrir til stuðnings getsökum um að beitt hafi verið ólögætum og refsiverðum aðferðum til að knýja sakborninga til að bendla aðra tiltekna menn við hvarf Geirfinns. Einnig var vísað til þess að eftir að sakborningar hurfu frá framburði um aðild sína að hvarfi Geir-

<sup>24</sup> Umfjöllun um rangar sakargiftir má finna í kafla IV.5 í ákvörðun Hæstaréttar.

finns og Guðmundar hafi þeir ekki dregið til baka játningar sínar um rangar sakargiftir. Að öðru leyti hafi þau atriði, sem talsmaðurinn vísaði til varðandi framburði Sævars og Kristjáns Viðars legið fyrir við flutning og úrlausn málsins.

**Hæstarétti** þótti ekkert fram komið í skýrslu talsmanns Sævars sem máli skipti til að varpa nýju ljósi á játningu Sævars varðandi ranga skýrslugjöf hans. Í skýrslu fyrir dómi 21. og 22. júní 1977 hefði hann greint í einstökum atriðum frá aðdragandanum að því að hann, Erla og Kristján Viðar báru sakir á Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen um aðild þeirra að hvarfi Geirfinns Einarssonar. Sævar hefði þar lýst því yfir að skýrslur hans um aðild þessara fjögurra manna að atvikum málsins hafi verið rangar, að ákveðið hafi verið fyrirfram að bendla þá við það ef ákærðu yrðu handtekin vegna gruns um aðild að hvarfi Geirfinns og að þetta athæfi hafi verið samantekin ráð til að rugla fyrir rannsókn málsins. Hann hefði viðurkennt þá háttsemi, sem honum var gefin að sök í ákæru vegna þessa. Ekkert tilefni væri til endurupptöku málsins vegna atriða, sem að þessu snúa.

### 10.3.5. Rannsókn<sup>25</sup>

#### 10.3.5.1. Skýrslur og yfirheyrslur

Talsmaður **Sævars** benti á að réttindi sakbornings hefðu ítrekað verið fyrir borð borin við skýrslutökur yfir Sævari af hálfu lögreglu. Skýrslur sem teknar voru hafi ýmist verið formlegar eða óformlegar, t.a.m. hafi skýrslutökur farið fram í ökuferðum. Þá bæru gögn málsins með sér að fram hafi farið víðtækar yfirheyrslur yfir sakborningum án þess að skýrslur eða bókanir finnist um þær. Þessu hafi verið leynt fyrir bæði verjanda Sævars og Hæstarétti. Þá megi ráða að yfirheyrslur yfir Sævari hafi gjarnan staðið yfir í langan tíma, en skýrslur um þær séu litlar að umfangi. Þá staðhæfði talsmaðurinn að atburðir og nöfn hafi verið borin milli sakborninga og þeir leiddir áfram í frásögnum sínum. Lýsti hann dæmum úr gögnum málsins sem væru til sönnunar á því og öðrum staðhæfingum um brot á reglum um réttaröryggi.

**Ákærvaldið** lýsti því yfir að fangelsisdagbækur væru ekki eiginlegt sönnunargagn um hvað hafi farið fram í yfirheyrslum. Almennar reglur giltu um mat á sönnunargildi þeirra, þótt ætla yrði að annað væri ekki fært í þær en það, sem í raun ætti sér stað í fangelsinu. Ekki mætti þó gera of mikið úr einstökum færslum, enda fangaverðir ekki rannsóknarmenn og skýra yrði færslur um framgang rannsóknarinnar í slíkum bókum með það í huga. Þá hlyti það alltaf að vera matsatriði hvort formleg skýrsla væri rituð um hvað eina, sem gerist þegar engin niðurstaða eða árangur væri af viðtali við sakborning. Aðrar kröfur hafi verið gerðar til skýrslugerðar lögreglumanna eftir lögum nr. 74/1974 heldur en í lögum um meðferð opinberra mála.

**Hæstiréttur** vísaði til þess er talsmaðurinn bar um að ljósrít úr dagbókum Síðumúla-fangelsis, sem lögð voru fram með endurupptökubeiðninni, bæri með sér að víðtækar yfirheyrslur hafi farið fram yfir Sævari án þess að fyrir lægi í gögnum málsins lögreglu-

<sup>25</sup> Umfjöllun um rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna má finna í kafla IV.6 í ákvörðun Hæstaréttar.

skýrslur eða endurrit úr þingbók um hvað hafi komið fram við slík tækifæri, svo og að yfirheyrslur hafi í ýmsum tilvikum staðið lengur en heimilt var að lögum. Tilfærð væru dæmi í greinargerð Sævars, sem samrýmst gætu því sem ráðið verður af fangelsisdagbók.

Samkvæmt Hæstarétti yrði til þess að líta að slík dagbók væri heimild um vitneskju þess starfsmanns fangelsisins, sem hana færir, og þá öðru fremur um að tiltekinn fangi sé færður úr klefa í hendur lögreglumanna eða fyrir dóm og að fanginn hverfi aftur til klefa síns að liðnum ákveðnum tíma. Dagbókin gæti hins vegar að öðru jöfnu ekki veitt viðhlítandi upplýsingar um hvað hafi nánar farið fram á tímaskeiði, sem fangi hefur verið utan klefa síns af ástæðum sem þessum, þar á meðal um lengd yfirheyrslu, ef um hana hefur verið að ræða. Því hafi verið haldið fram af hálfu annars ákærðs undir rekstri málsins fyrir sakadómi Reykjavíkur að hann hafi í fjölda tilvika verið yfirheyrður af lögreglumönnum þegar hann sætti gæsluvarðhaldi án þess að skýrslur hafi verið gerðar. Þar sé greint frá spurningum sem lagðar voru fyrir lögreglumenn og kom m.a. fram að slík samtöl við þann gæslufanga gætu hafa tengst öðru en yfirheyrslu.

Því hafi við úrlausn málsins legið fyrir upplýsingar um að lögregluskýrslur hafi ekki verið gerðar við öll tækifæri, þegar lögreglumenn og gæslufangar ræddust við utan fangaklefa. Þau gögn sem hefðu verið færð fram í tengslum við þetta efni, leiddu því ekki sem slík ný atvik í ljós. Þá hefði jafnframt legið fyrir við úrlausn málsins að yfirheyrslur hafi í einhverjum tilvikum staðið lengur yfir en heimilt var að lögum, enda hefði verið að því fundið í dómi Hæstaréttar.

Skýrslur, sem teknar voru af dómfellða og öðrum ákærðu í málinu, bæru með sér að misbrestur hafi verið á því að gætt hafi verið hverju sinni að því að gera þeim grein fyrir réttarstöðu sinni við skýrslugjöf. Þetta hafi legið ljóst fyrir við úrlausn málsins og hafi jafnframt orðið tilefni til athugasemdar í dómi Hæstaréttar. Því væri ekki að sjá að röksemdir talsmannsins, sem að þessu snéru, væru reistar á nýjum upplýsingum.

Jafnframt yrði ráðið af lögregluskýrslum og endurritum úr þingbók að Sævar og aðrir, sem hafðir voru fyrir sök í málinu, hafi margsinnis gefið skýrslur án þess að réttargæslumaður hafi verið viðstaddur. Þegar rannsókn málsins stóð yfir hafi verið í gildi ákvæði 86. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974 um þetta atriði, en að áliðinni rannsókninni var þeim að hluta breytt með 15. gr. laga nr. 107/1976. Eins og ráðið yrði af fyrrnefndri athugasemd í dómi Hæstaréttar, var lagt mat á það við úrlausn málsins hvort sá háttur, sem var hafður á í þessum efnun, hafi samrýmst nefndum lagaákvæðum, en það eigi jafnt við gagnvart Sævari og öðrum sakborningum málsins. Talsmaður Sævars hefði ekki vísað til nýrra upplýsinga, sem máli gætu skipt, í umfjöllun sinni um þetta efni.

Talsmaður Sævars hefði haldið því fram að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að taka aftur framburð sinn við skýrslugjöf þegar rannsókn málsins stóð yfir. Með vísan til umfjöllunar um hvenær Sævar breytti framburði sínum varðandi hvarf Guðmundar, væri ekki fallist á að slík staðhæfing verði réttilega studd við ummæli í bréfi Arnar Höskulds-sonar, dagsettu 22. ágúst 1977, sem talsmaðurinn vísaði til í þessu sambandi.

Ljóst væri að ekki hefði verið virt að vettugi að hann neitaði sakargiftum í sumum skýrslum sínum varðandi hvarf Geirfinns. Ekki hefði verið rökstutt með viðhlítandi hætti að neitað hafi verið að taka tillit til slíkra breytinga á framburði hans við tiltekin tækifæri, en um þetta efni yrðu ekki dregnar ákveðnar ályktanir af yfirlýsingu séra Jóns Bjarman eða framburði hans fyrir dómi.

Sævar hefði borið því við á dómþingi 13. september 1977, þegar hann breytti framburði sínum um aðild sína að hvarfi Geirfinns, að fyrri framburður hans, sem væri rangur, hafi byggst á sögusögnum lögreglumanna og þróast við rannsókn málsins. Þess væri víðar getið, þegar ákærðu eða vitni tóku aftur fyrri framburð sinn, að þeir sem þar áttu í hlut hafi haldið því fram til skýringar að lögreglumenn hafi leitt þá áfram við skýrslugjöf. Við úrlausn málsins hafi verið tekin afstaða til slíkra staðhæfinga, en ekki hefðu verið bornar fram nýjar upplýsingar um þetta efni, sem máli skiptu.

Í röksemdum talsmannsins hefði sérstaklega verið bent á ýmis atriði varðandi Erlu Bolladóttur, sem framangreind umfjöllun tæki ekki til. Hæstiréttur teldi þó að ekki yrði séð að slík atriði væru tengd upplýsingum, sem lágu ekki fyrir við úrlausn málsins, nema að því er varðar 1. lið í yfirlýsingu Erlu 19. nóvember 1996, um að hún hefði verið fengin til að ræða um hvarf Geirfinns Einarssonar að áeggjan rannsóknarlögreglumanna. Það, sem greint er frá í þessum lið yfirlýsingarinnar, væri með öllu órökstutt og stangaðist að auki í ýmsum atriðum á við framburð Erlu varðandi sakarefnið í II. kafla ákæru 16. mars 1977. Því væru ekki efni til að taka tillit til þess, sem í yfirlýsingunni segir.

Vegna umfjöllunar talsmannsins um framburð Erlu á dómþingi 20. desember 1975 væri ástæða til að geta þess að tekið er fram í endurriti frá því þinghaldi að Erla hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og að framburður hennar hafi verið á sama veg og í lögregluskýrslu, þó ekki hafi þar verið sérstaklega bókuð frásögn af framburðinum. Gæti ekki orkað tvímælis við hvaða lögregluskýrslu hafi þar verið átt, en þess væri einnig að gæta að Erla gaf á síðari stigum ítarlega skýrslu um sömu atriði málsins á dómþingi 23. mars 1977.

Samkvæmt öllu framangreindu yrði ekki fallist á að þau atriði, sem fjallað var um í þessum kafla ákvörðunar Hæstaréttar, gætu orðið tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til endurupptöku málsins.

#### **10.3.5.2. Sami réttargæslumaður**

Talsmaður **Sævars** fann að því að sami réttargæslumaður hefði verið látinn gæta hagsmuna Sævars og Erlu.

**Ákærvaldið** benti á að þetta hefði legið fyrir á sínum tíma og auk þess verið heimilt skv. þágildandi lögum ef telja mætti að hagsmunir sakborninganna rækjust ekki á.

Um þetta atriði, sem legið hafi ljóst fyrir við úrlausn málsins og nýjar upplýsingar hefðu ekki verið færðar fram um sagði **Hæstiréttur**, að taka yrði tillit til þess að Jón Oddsson hrl. var skipaður réttargæslumaður Sævars og Erlu þegar þeim var gert að sæta gæslu-

varðhaldi 13. desember 1975 vegna gruns, sem beindist að þeim um fjársvik. Sjáanlega hefði ekki verið talið að hagsmunir þeirra vegna þessa sakarefnis hafi rekist þannig á að þeim yrði ekki skipaður sami réttargæslumaður, sbr. 2. mgr. 81. gr. laga nr. 74/1974.

Við rannsókn á hvarfi Guðmundar hafi Erla ekki verið höfð fyrir sökum, heldur var hún vitni allt frá fyrstu stigum. Sem vitni hafi hún ekki notið liðveislu réttargæslumanns. Stóð eins á við rannsókn á hvarfi Geirfinns allt þar til Erla kvaðst í lögregluskýrslu 4. maí 1976 sjálf hafa orðið Geirfinni að bana, en þá var henni skipaður annar réttargæslumaður. Samkvæmt þessu ættu umræddar aðfinnslur ekki við rök að styðjast og gætu ekki orðið tilefni til endurupptöku málsins.

#### **10.3.5.3. Tilefni yfirheyrsla vegna gruns um aðild að hvarfi Guðmundar**

Talsmaðurinn benti á að **Sævari** hafi verið gert að sæta gæsluvarðhaldi frá 12. desember 1975 vegna gruns um fjársvik. Ekki hafi hann þó verið yfirheyrður vegna þess sakarefnis fyrr en 11. janúar 1976 og í millitíðinni hafi tíminn verið nýttur til að yfirheyrja Sævar vegna gruns um aðild hans að mannshvarfi. Skyld hafi verið að greina honum frá kæruefni svo fljótt eftir handtöku, sem því yrði komið við.

Af hálfu **ákærvalds** var bent á að þetta hafi legið fyrir við flutning og dóm í málinu. Þá lægi ljóst fyrir af efni skýrslna sem teknar voru í desember 1975 að Sævar hefði verið yfirheyrður vegna gruns um aðild að hvarfi Guðmundar.

**Hæstiréttur** vísaði til þess að greint væri frá því í lögregluskýrslu 22. desember 1975, um fyrstu yfirheyrsluna yfir Sævari vegna gruns um aðild hans að hvarfi Guðmundar, að gætt hafi verið ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974.<sup>26</sup> Í lögregluskýrslu 22. janúar 1976, þegar Sævar var fyrst yfirheyrður vegna gruns um aðild hans að hvarfi Geirfinns, segði að gætt hafi verið sama lagaákvæðis. Þá væri þess getið að dómfellda hafi verið kunnugt um nánar tiltekið tilefni yfirheyrslunnar. Sú aðstaða að Sævar sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á öðrum sakargiftum á hendur honum hefði því á engan hátt staðið í vegi að þessar skýrslur yrðu teknar. Umræddar lögregluskýrslur gæfu ekki tilefni til ályktana um að lögreglumenn hafi staðið ranglega að leiðbeiningum við Sævar. Skýrslurnar hafi verið meðal gagna, sem lágu fyrir við úrlausn málsins. Nýjar upplýsingar hefðu ekki komið fram um þau atriði sem talsmaður Sævars hefði fundið að. Því hefði ekkert komið fram í þessu sambandi, sem gæfi tilefni til endurupptöku málsins.

#### **10.3.5.4. Framferði fangavarða**

Talsmaðurinn benti á að skráðar væru óskir Karls Schütz um að fangaverðir, aðrir en yfirfangavörður, ræddu ekki um málið við **Sævar**. Ástæða þess væri að fangaverðir hefðu tekið þátt í rannsókn málsins með því að yfirheyrja sakborninga í klefum eða fengið þá til að styðja við tilgátur að baki rannsókninni. Um þetta lögju fyrir vitnisburðir fangavarða og yfirlýsingar.

---

<sup>26</sup> Ákvæði 1. mgr. 40. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála var svohljóðandi: „Sökuðum manni, sem lögreglumaður yfirheyrir, skal á það bent, að honum sé óskyldt að svara spurningum, er beinlínis varða brot það, sem hann er grunaður um, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag.“

Af hálfu **ákæruvalds** var vísað til þess til þess að framburður einstakra manna, sem getið væri, hafi legið fyrir við flutning og úrlausn málsins. Umfjöllun um ástæðu fyrir umræddri bókun í fangelsisdagbók sé aðeins tilgáta sem ekki væri byggð á neinum tilteknum gögnum.

**Hæstiréttur** vísaði til þess að í kjölfarið á því að Sævar og Tryggvi Rúnar breyttu framburði sínum um aðild sína að hvarfi Guðmundar Einarssonar, á dómþingi 29. og 30. mars 1977, hefðu m.a. verið teknar skýrslur af lögreglumönnum og fangavörðum við meðferð málsins fyrir sakadómi. Í þeim hefði komið fram frásögn um að fangaverðir hafi leitað upplýsinga hjá sakborningum, sem sættu gæsluvarðhaldi vegna málsins.

Hæstiréttur benti á að við lögreglurannsókn, sem fram hefði farið á árinu 1979, vegna kæru Sævars um harðræði í Síðumúlafangelsi, hefði legið fyrir ódagsett bréf hans til stjórnanda rannsóknarinnar, þar sem hann m.a. sakaði tiltekna fangaverði um að hafa yfirheyrt sig á gæsluvarðhaldstímanum og reynt að hafa áhrif á framburð sinn. Skýrslur hafi verið teknar af þessu tilefni af forstöðumanni fangelsisins og nokkrum fjölda fangavarða. Flestir skýrslugjafa hafi kveðið sakborninga hafa rætt um sín mál að eigin frumkvæði og hafi nokkrir jafnframt kannast við að upplýsingum um slík samtöl hafi verið komið áfram til rannsóknarmanna. Tveir hafi hins vegar borið að fangaverðir hafi gagnert leitað upplýsinga. Tveir lögreglumenn hafi sagt fangaverði hafa komið á framfæri skilaboðum, sem þeir töldu sakborningana hafa ætlað lögreglunni. Þá hafi dómara-fulltrúinn, sem stýrði rannsókn málsins, talið líklegt að upplýsingar hafi borist lögreglumönnum á þann hátt.

Vísað var til þess að athugasemd hafi verið gerð í niðurlagi dóms Hæstiréttar, um að ástæða væri til að taka fram að fangavörðum væri ekki heimilt að hafa afskipti af rannsókn opinbers máls að eigin frumkvæði. Ekki yrði séð að bókun í dagbók Síðumúlafangelsis 11. nóvember 1976, sem talsmaður Sævars vísaði til, og yfirlýsing Hlyns Þórs Magnússonar 26. ágúst 1996, veitti neinar upplýsingar umfram það, sem talið hefði verið sannað við úrlausn málsins miðað við fyrrgreinda athugasemd réttarins. Með henni hefði verið tekin afstaða til afleiðinganna af því framferði fangavarða sem um ræddi. Gætu þessar upplýsingar því ekki gefið tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til að málið yrði tekið upp á ný.

#### **10.3.5.5. Harðræði í Síðumúlafangelsi**

Af hálfu talsmanns **Sævars** var bent á að samkvæmt fangelsisdagbókum hefði Sævar í fleiri en eitt skipti verið settur í hand- og fótajárn. Þá hafi hann samkvæmt dagbókunum í nokkur skipti verið sviptur eldspýtum og tóbaki, hann sviptur aðgangi að dægrastyttingu og fyrirmæli hafi verið gefin um að samskiptum við hann skyldi haldið í lágmarki. Ástæður þessara aðgerða hafi verið flóttatilraun, tilraun til að smygla bréfum úr fangelsinu og að Sævar hafi logið „annan úr og annan í við yfirheyrsluáðilana, þar á meðal vararíkissaksóknara“ og var þar vitnað í færslu í fangelsisdagbók. Auk þess hafi Sævar verið sviptur svefni með því að ljós var látið loga að næturlagi í klefa hans. Þá hafi fangavörður kaffært Sævar í vatni, vitandi af vatnshræðslu hans. Vísaði talsmaðurinn í þessu sambandi í yfirlýsingu Hlyns Þórs Magnússonar, fyrrverandi fangavarðar.

Framferði fangavarðanna og rannsakenda taldi talsmaðurinn að hafi verið til þess gert að veikja viðnámsþrótt Sævars. Hugsanlega megi telja það til pyntinga og þar með mætti bera því við að refsiverðri háttsemi hafi verið beitt til að koma fram játningu og nægði það eitt og sér til endurupptöku málsins.

Talsmaðurinn hélt því fram með vísan til ýmissa atriða að rannsókn sem fram fór árið 1979 vegna kæru Sævars um harðræði hafi verið haldin mörgum ágöllum og gæti engan vegin talist hlutlæg. Þá vísaði talsmaðurinn til bréfs sem séra Jón Bjarman fangelsisprestur skrifaði dómsmálaráðherra árið 1978, þar sem greint er frá ótilhlýðilegri harðýðgi við yfirheyrslu eða prófun út af málinu. Greint var frá fjölmörgum atriðum sem talsmaðurinn tindi til varðandi rannsóknina, ágalla sem hann taldi á henni og atriði sem hún hafi þó dregið fram. Þá hafi kinnhestur sá er Hæstiréttur hafi í dómi sínum talið að Sævari hafi verið lostinn átt sér stað við samprófun 5. maí 1976. Hins vegar hafi Sævar samkvæmt gögnum málsins ekki komið fyrir lögreglu í maí 1976 til að gefa skýrslu vegna hvarfs Guðmundar og aðeins eitt sinn vegna hvarfs Geirfinns, þ.e. 8. maí.

**Ákærvaldið** lýsti því yfir að athugasemdir um rannsókn á kæru um harðræði lytu að öllu leyti að atriðum, sem hafi legið fyrir þegar málið hafi verið flutt og dæmt fyrir Hæstarétti. Veruleg þróun hafi síðan orðið á réttarreglum í átt til aukins réttaröryggis, en meta yrði endurupptökubeiðnina út frá þeim réttarreglum, sem hafi gilt þegar dómur var felldur á málið. Þá var vísað til þess að verjandi Sævars lét í ljós við lok rannsóknarinnar að hann teldi þá sem rannsóknina önnuðust hafa vandað mjög til allra vinnubragða, og m.a. gefið honum kost á að vera við yfirheyrslur, en þó tekið fram að hann teldi að rannsóknin hefði átt að ná til fleiri þátta. Þá taldi ákærvaldið að talsmaðurinn drægi of víðtækar ályktanir af því, sem fært hafi verið í dagbók Síðumúlafangelsis um atvikið 5. maí 1976. Taldi hann jafnframt að talsmaðurinn færði í þessu sambandi fram getsakir og ályktanir, sem eingöngu væru gagnrýni á forsendur fyrir dómi Hæstaréttar í málinu og mat réttarins á gögnum þess.

Vísað var til þess af **Hæstarétti** að verjandi Sævars hefði farið þess á leit með bréfi 6. mars 1979 til rikissaksóknara að Sævari yrði gefinn kostur á að gefa frekari skýrslur í málinu, svo og að leggja fram kærur vegna harðræðis, sem hann teldi sig hafa verið beittan í Síðumúlafangelsi og af hendi rannsóknarmanna. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dagsettu 30. maí sama ár hafi Þórir Oddsson vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins verið skipaður rannsóknarlögreglustjóri vegna meðferðar málsins, en Hallvarður Einvarðsson rannsóknarlögreglustjóri vikið sæti í málinu og sent ráðuneytinu gögn um það með tilkynningu 10. maí.

Þegar kæra Sævars kom fram höfðu lög nr. 108/1976 um rannsóknarlögreglu ríkisins tekið gildi með þeim breytingum sem þau leiddu af sér á rannsókn opinberra mála. Yrði ekki fallist á það með talsmanninum að kæruefnið hefði orðið að sæta rannsókn fyrir dómi vegna ákvæðis 4. mgr. 70. gr. laga nr. 74/1974, en þess væri jafnframt að gæta að af gögnum málsins yrði ekki séð að athugasemdum hafi áður verið hreyft af hálfu Sævars við því að rannsóknin væri í höndum lögreglunnar. Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 108/1976, svo sem henni var breytt með 3. gr. laga nr. 5/1978, hafi verið mælt fyrir um

hvað valdið gæti vanhæfi rannsóknarlögreglustjóra og hvernig skipaður yrði þá annar maður til að gegna störfum hans við rannsókn tiltekins máls. Um síðargreinda atriðið sagði eftirfarandi í ákvæðinu: „Þegar ráðherra berst slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, skipar hann vararannsóknarlögreglustjóra eða annan löghæfan mann til meðferðar þess máls ...“. Ekki yrði séð að bornar hafi verið brigður á hæfi Þóris Oddssonar til að gegna störfum rannsóknarlögreglustjóra varðandi kæru Sævars á meðan rannsóknin stóð yfir eða við flutning málsins fyrir Hæstarétti. Reyndar hefði réttargæslumaður Sævars látið sérstaklega í ljós í fundargerð við lok rannsóknarinnar 8. október 1979 að hann teldi „rannsóknaraðila málsins hafa vandað mjög til allra vinnubragða svo til fyrirmyndar er.“ Við úrlausn málsins fyrir Hæstarétti hefði verið byggt á þeirri rannsókn, sem Þórir Oddsson stýrði, og því sýnilega ekki talið að annmarkar hefðu verið á hæfi hans til að gegna starfinu, sem dómurinn yrði að bregðast við af sjálfsdáðum. Gæti því ekki komið til álita að lagt yrði sérstakt mat á þetta atriði í endurupptökumálinu.

**Hæstiréttur fjallaði um upplýsingar um harðræði** og vísaði til mats Hæstaréttar á því sem fram kom við fyrrnefnda lögreglurannsókn 1979, svo og mats hans og sakadóms á atriðum varðandi meðferð Sævars í gæsluvarðhaldsvist, sem upp komu við gagnaöflun um þau við meðferð málsins fyrir sakadómi. Talsmaðurinn hefði gert að umtalsefni ábendingar Jóns Bjarmans til dómsmálaráðherra um meðferð sakborninga í málinu í gæsluvarðhaldsvist, svo og fjölmörg önnur atriði, sem fram hefðu komið við lögreglurannsóknina og málsmeðferðina í héraði. Þar á meðal atriði sem lytu sérstaklega að tilteknu atviki 5. maí 1976. Ekki yrði séð að komið hafi fram svo máli skipti upplýsingar í framburði séra Jóns Bjarman fyrir dómi 20. júní 1997, sem ekki hefðu legið fyrir áður. Þá yrði heldur ekki séð að framburður Hlyns Þór Magnússonar fyrir dómi sama dag, um atriði, sem hann hefði getað borið um af eigin raun, varpaði nýju ljósi á atvik málsins, svo að nokkru geti skipt.

Að öðru leyti en þessu hefði umrædd umfjöllun talsmannsins beinst að atriðum sem legið hefðu fyrir við úrlausn málsins og mat var þá lagt á. Hún gæfi ekki tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til endurupptöku málsins.

Í dómi Hæstaréttar hefði m.a. verið lagt til grundvallar að upplýst hafi verið að Sævar hafi sætt harðræði við samprófun 5. maí 1976 með því að forstöðumaður Síðumúlafangelsis, sem þar var viðstaddur, hafi lostið hann kinnhest. Um þetta segði í dóminum: „Þegar hin rækilega rannsókn bæði fyrir og eftir uppsögu héraðsdóms varðandi meint harðræði og ólögmæta rannsóknarhætti er virt, verður ekki séð, að játningar ákærðu hafi verið fengnar með ólögmætum aðferðum af hálfu þeirra, er fóru með rannsókn málsins. Kinnhestur sá, sem sannað er, að fangavörður hafi lostið ákærða Sævar, var greiddur honum 5. maí 1976 við samprófun, allöngu eftir að þessi ákærði játaði atferli sitt að Hamarsbraut 11.“ Hefði talsmaðurinn réttilega bent á að umrædd samprófun tengdist ekki sakargiftum á hendur Sævari varðandi aðild að hvarfi Guðmundar, heldur rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar.



Það yrði hins vegar að líta til þess að staðhæfingar Sævars um harðræði hefðu upphaflega komið fram við skýrslutöku fyrir sakadómi um ákæruefni varðandi hvarf Guðmundar Einarssonar og hefði verið tekin afstaða til þessara staðhæfinga í þeim kafla sakadómsins, sem laut að því ákæruefni. Tilvitnuð orð væru í þeim kafla dóms Hæstaréttar, sem fjallaði um 1. tölulið I. kafla ákæru 8. desember 1976, þar sem Sævari var meðal annarra gefið að sök að hafa orðið Guðmundi að bana. Í kafla hæstaréttardómsins, sem sneri að I. kafla ákæru 16. mars 1977, þar sem Sævari var ásamt öðrum gefið að sök að hafa banað Geirfinni Einarssyni, hefði m.a. sagt eftirfarandi:

*„Í úrlausn um I. kafla ákæru 8. desember 1976 hér að framan er vikið að rannsóknnum, er fram fóru bæði fyrir uppsögu héraðsdóms og eftir gagnert vegna áburðar ákærðu á hendur rannsóknarmönnum og fangavörðum. Eins og þar greinir, leiða þessar umfangsmiklu rannsóknir eigi í ljós, að þeir annmarkar séu á rannsókn málsins, sem valdi því, að játningar hinna ákærðu Kristjáns og Sævars verði út af fyrir sig eigi lagðar til grundvallar við úrlausn máls þessa.“*

Af þessum tilvitnuðu orðum væri ljóst að í dómi Hæstaréttar hefði verið talið að umrætt atvik 5. maí 1976 hefði heldur ekki áhrif á gildi játninga Sævars og Kristjáns Viðars á sakargiftum samkvæmt I. kafla ákæru 16. mars 1977. Gæfu því athugasemdir talsmannsins í tengslum við þetta ekki tilefni til endurupptöku málsins.

**Hæstiréttur fjallaði um rannsókn á beitingu viðurlaga við agabrotum** og að með bréfi dómsmálaráðherra 28. september 1976 hafi Steingrímur Gautur Kristjánsson verið skipaður sérstakur dómari samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 74/1974 til að rannsaka kæru um ótilhlýðilega beitingu viðurlaga við agabrotum í Síðumúlafangelsi. Kæruefnið snerist í meginatriðum um það að tveir gæsluvarðhaldsfangar, sem ekki voru hafðir fyrir sökum í málinu, kváðust hvor um sig hafa sætt þeirri meðferð að vera lagðir á gólf í fangaklefa með járn um handleggi og járn um fótleggi, sem hafi verið fest annars vegar við stólfót og hins vegar við rúmfót, en stólfótur og rúmfótur hafi verið festir í gólf. Dómarinn hafi tekið skýrslu 11. október 1976 af forstöðumanni Síðumúlafangelsis, þar sem meðal annars hafi verið fært til bókar:

*„Hann er spurður almennt um agaviðurlög og öryggisráðstafanir, hvaða reglur séu hafðar um beitingu þeirra. Hann kveðst telja að reglugerð um fangelsi frá 1957 gildi ekki um þetta fangelsi og þar sem ekki hafi orðið af því að dómsmálaráðherra setti reglur um fangelsið eins og ætlast sé til, hafi hann orðið að mynda þær reglur, sem haldið sé uppi í fangelsinu. Hann segir að þær reglur séu einfaldar, lögð sé áhersla á það við fangana að þeir sýni kurteisi, enda sé þeim þá sýnd kurteisi á mót; ef fangar séu með uppsteit verði að taka á því.“*

Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 12. apríl 1977 til ríkissaksóknara, þar sem gefin var umsögn að lokinni rannsókn dómarans, hafi m.a. verið látið í ljós það álit að reglugerð nr. 260/1957 um fangavist gildi um gæsluvarðhaldsvist í Síðumúlafangelsi. Einnig hefði komið fram að ráðuneytið teldi forstöðumann fangelsisins hafa þurft að beita þeim aðferðum, sem lýst hafi verið í rannsókninni, við fanga sem hafi óhlýðnast

mjög fyrir mælum fangavarda eða valdið sérstökum óróa, enda hafi enginn einangrunarklefi verið í fangelsinu eða annar búnaður til að einangra fanga sem hafi truflað umhverfi sitt. Hafi ráðuneytið lýst því álitu að agaviðurlög eins og beitt hafi verið væru ekki heppileg, en á meðan annarra kosta væri ekki vöð í fangelsinu hefði ráðuneytið ekki lagt bann við notkun þeirra.

Gögn um umrædda rannsókn hefðu ekki verið lögð fram við meðferð málsins. Atriði sem þar greindi, einkum fyrrnefnd skoðun forstöðumanns Síðumúlafangelsisins á því hvaða reglur hafi gilt um beitingu agaviðurlaga þar gagnvart gæsluföngum, yrðu teljast nýjar upplýsingar sem meta yrði frekar eftir ákvæði a. lið 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála hvort gæfi tilefni til endurupptöku málsins. Kæmi þetta til nánari athugunar í kafla VI.7. í ákvörðuninni.

#### **10.3.5.6. Skýrslur úr fangelsisdagbókum**

Talsmaðurinn vísaði til þess að verjandi **Sævars** hefði í maí 1977, með bréfi, óskað eftir öllum upplýsingum úr dagbókum fangelsa sem væru viðkomandi dvöl hans þar. Fallist hafi verið á þá beiðni og verjendur og Hæstiréttur hefðu mátt treysta því að endurrit sem sent var verjandanum bæri með sér allar umbeðnar upplýsingar. Rannsakendur hafi hins vegar haft aðgang að gögnunum í heild. Nú hafi efni fangelsisdagbókarinnar úr Síðumúlafangelsi verið kannað og í ljós komið að í endurriti sem forstöðumaður fangelsisins lét af hendi hefðu ekki verið tekin upp atriði, sem hafi verið andstæð rannsóknarmönnum og ákærvaldinu. Voru tekin 25 dæmi um þetta í greinargerð talsmannsins, þar á meðal væru atriði er lutu að notkun handjárna og fótajárna, sviptingu á munum og þjónustu, niðrandi ummælum og samskiptum hans við réttargæslumann. Talsmaðurinn vísaði til þess að í dómi Hæstaréttar hefði verið talið að annmarkar á rannsókninni væru ekki í svo ríkum mæli að játningar Sævars og Kristjáns Viðars yrðu ekki lagðar til grundvallar og líklegt mætti telja að það mat hefði orðið á annan veg ef réttinum hefði verið kunnugt um aðgerðir, sem nú hafi fyrst verið aflað upplýsinga um úr fangelsisdagbók.

**Ákærvaldið** kvað að því hefði ekki verið kunnugt um annmarka á því endurriti sem forstöðumaður Síðumúlafangelsis lét í té. Því var mótmælt að stjórnvöld hefðu látið rangan útdrátt í té til að blekkja Hæstarétt. Sá sem hafi gert endurritið væri látinn og gæti því ekki svarað því hvers vegna endurritið hafði ekki að geyma allar færslur varðandi Sævar, svo sem ætlast hafi verið til. Hann hefði ekki verið stjórnvald og enginn í slíkri stöðu komið að gerð eða staðfestingu endurritsins. Jafnframt væru efni til að áréttu að starfsmenn fangelsa hafi hvorki gegnt hlutverki við rannsókn opinberra mála né verið starfsmenn dómstóla. Allt of mikið væri gert úr einstökum færslum í fangelsisdagbók af hálfu talsmannsins, en fráleitt væri að færslurnar, sem hann gerði að umtalsefni, hefðu skipt nokkru máli fyrir niðurstöðu málsins. Umrætt atriði gæti því ekki orðið til þess að málið yrði endurupptekið.

**Hæstiréttur** vísaði til þess að samanburður á endurriti úr dagbók Síðumúlafangelsis, sem forstöðumaður þess lét í té með bréfi 13. júní 1977 og lagt var fram í málinu, við dagbækurnar sjálfar, hefði leitt í ljós að allnokkuð vantaði á að í endurritinu væri greint

efnislega frá öllum færslum sem vörðuðu Sævar. Nokkrar af þeim færslum sem ekki var greint frá í endurritinu snéru að aðbúnaði Sævars í fangelsinu og agaráðstöfunum, sem beindust að honum. Færslur af þeim toga, sem telja mætti að skiptu máli, voru þessar:

- Hinn 15. febrúar 1976 væri greint frá því að kl. 16:45 hafi Örn Höskuldsson dómarafulltrúi og Eggert N. Bjarnason lögreglumaður verið að koma að Síðumúlafangelsi með Sævari úr ökuferð þegar hann hafi reynt að strjúka við dyr þess og hafi Örn hlaupið hann uppi. Síðan segði að Sævar væri „nú í handa- og fótajárnum fær ekki að reykja og engar eldspýtur. Að öðru leyti sem minnsta þjónustu.“ Ekki væri greint í endurritinu frá því efnisatriði, sem fælist í tilvitnuðum orðum. Þá hefði heldur ekki verið getið í endurritinu um færslu í dagbókina 9. mars 1976, þar sem kom fram að tóbak, sem aðstandandi Sævars kom með í fangelsið handa honum, hafi verið tekið til geymslu, enda fengi hann ekki tóbak.
- Hinn 25. apríl 1976 væri eftirfarandi fært í dagbókina: „Í dag tók ég allt út frá Sævari nema harðfisk og smávegis annað matarkyns. Í framhaldi af því hef ég ákveðið að ekki verði talað við hann orð í náinni framtíð og honum verði ekki afhentar bækur, spil eða annað til dægrastyttingar meðan hann lýgur annan úr og annan í við yfirheyrsluáðilana, þar á meðal vararíkissaksóknara.“ Þessa hefði í engu verið getið í endurritinu.
- Hinn 24. maí 1976 væri fært í dagbókina að leit hafi staðið yfir á Sævari og öðrum fanga vegna gruns um sendingu bréfa og tóbaks á milli þeirra. Hafi sá grunur reynst á rökum reistur, því að fundist hafi bréf hjá báðum og tóbak hjá Sævari, sem hann hafi ekki átt að hafa. Klefar beggja hafi verið tæmdir öllum munum nema því nauðsynlegasta til þrifnaðar, en Sævar fengi þó að hafa blýant til afnota á meðan hann lyki sálfræðiprófi, sem svo var nefnt í færslunni. Sævar hafi upplýst að hann hafi fengið tóbakið á salerni og skyldi því aftur hert sú regla að leita þar vel eftir að fangar hafi átt þangað erindi. Sagði síðan: „báðir menn eru í fótajárnum og skulu vera það þangað til annað verður ákveðið.“ Ekki hefði verið greint frá þessu í endurriti og heldur ekki frá færslu í dagbók 4. júní 1976 um að Sævar hafi verið leystur úr járnum, sem hann hafi haft frá 24. maí sama árs.
- Dagana 17. og 18. ágúst 1976 væri fært í dagbókina að Karl Schütz hafi mælst til þess að Sævar fengi pappír til að rita minnispunkta og að við því hafi verið orðið eftir nánar tiltekinni reglu. Ekki hafi verið greint frá því í endurritinu.
- Hinn 7. september 1976 væri fært í dagbókina að kl. 20:15 hafi Sævar sagst ekki mundu neyta fæðu fyrr en hann fengi blekpenna, sæng, pappír og lak. Réttargæslumaður hans hafi farið um sama leyti. Um kl. 21:00 hafi fundist á salerni bréfmiði til óþekkts viðtakanda, undirritað með upphafsstöfum Sævars. Engra þessara atriða hafi verið getið í endurritinu.
- Hinn 10. september 1976 væri fært í dagbókina að sú breyting hafi orðið á högum Sævars að hann fengi að hafa tóbak og eldfæri, svo og að hann fengi að fara út í 15 mínútur á dag. Þess hafi í engu verið getið í endurritinu.

Um sum þessi atriði hefðu einhverjar upplýsingar komið fram við lögreglurannsókn á árinu 1979, sem fram hefði farið í tilefni af kæru Sævars um harðræði í gæsluvarðhaldsvist. Þrátt fyrir það yrði ekki talið að ófullkomið endurrit úr fangelsisdagbók, sem lá fyrir við úrlausn málsins, hafi gefið viðhlítandi mynd af því sem ætlast var til með öflun þess. Því yrði að telja framangreindar færslur í bókinni til nýrra upplýsinga, sem meta

yrði frekar eftir ákvæði a. liðar 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála hvort gefi tilefni til endurupptöku málsins. Þá yrði einnig að líta til þess að forstöðumaður Síðumúlafangelsis hefði í lögregluskýrslu 29. september 1979 sagst vita að Sævar hafi verið hafður í fótajárnum vegna agabrots eitt sinn um vorið 1976. Hann hefði hins vegar ekki látið getið um annað tilvik af sama meiði, sem hann hefði sjálfur ritað færslu um í fangelsisdagbók 15. febrúar 1976. Yrði að meta hvort þetta gæfi tilefni samkvæmt b. lið 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til að taka málið upp á ný. Bæði þessi atriði kæmu til nánari athugunar í kafla VI.7. í ákvörðuninni.

**Hæstiréttur fjallaði um önnur atriði í dagbókum Síðumúlafangelsins** og vísaði til framangreinds bréfs verjanda Sævars, dagsettu 11. maí 1977 til sakadóms Reykjavíkur varðandi það að honum yrðu látnar í té „skýrslur úr dagbókum fangelsanna um yfirheyrslur yfir skjólstæðingi mínum, heimsóknir og allt það er varðar dvöl skjólstæðings míns svo sem læknisvitjanir, hvenær hann hafði bækur, skriffæri, tóbak og annað, hversu lengi yfirheyrslur stóðu, hvaða fangaverðir voru á hverjum tíma og hvenær nýir menn ráðnir ...“.

Samkvæmt þessari beiðni hefði forstöðumaður Síðumúlafangelsis sent verjandanum skjal með yfirskriftinni „Endurrit úr dagbók fangelsisins að Síðumúla 28, vegna innsetningar, yfirheyrsla og læknisvitjana í sambandi við Sævar Marinó Ciesielski“, ásamt bréfi dagsettu 13. júní 1977, þar sem forstöðumaðurinn kvaðst afhenda „staðfest endurrit úr dagbók fangelsisins, varðandi allar umbeðnar upplýsingar um gæsluvarðhaldsfangann Sævar Marinó Ciesielski, sem þér báðuð mig um í bréfi dags. 11. maí sl.“ Endurritið hafi verið áritað af forstöðumanninum um staðfestingu. Með ljósritum úr fangelsisdagbók, sem talsmaður Sævars hefði lagt fram, væri leitt í ljós að í endurritinu hefði ekki verið getið um ýmis atriði, sem færð voru í dagbókina og beiðni verjandans náði til. Framar í ákvörðun Hæstaréttar væri getið atriða, sem voru ekki tekin upp í endurritið og vörðuðu agaviðurlög gagnvart dómfellða og aðbúnað hans í fangelsinu.

Að því leyti, sem máli gæti skipt, snéru önnur atriði í fangelsisdagbókinni, sem talsmaðurinn hefði getið um og ekki væru tekin upp í endurritið, meira eða minna eingöngu að afstöðu þess, sem ritað hefði í dagbók hverju sinni, til Sævars. Allt að einu gæti skortur á upplýsingum um þau talist hafa skekkt þá heildarmynd, sem álykta mátti um af endurritinu einu saman. Yrði því að telja að fyrrnefnd ljósrit úr fangelsisdagbók hefðu að þessu leyti að geyma nýjar upplýsingar í skilningi 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála. Kæmi til nánari athugunar í kafla VI.7. í ákvörðuninni hvert gildi þær upplýsingar hefðu fyrir endurupptökubeiðnina.

#### **10.3.5.7. Tillit til gæsluvarðhaldstíma**

Talsmaður Sævars kvað ekki hafa verið tekið tillit til þess við mat á gildi framburðar Sævars og annarra sakborninga að þeir hafi sætt gæsluvarðhaldi svo árum skipti, þar af í langan tíma í einangrun. Þannig hafi Sævar ekki fengið að fara út í fangelsisgarð fyrstu 9 mánuði gæsluvarðhaldsvistarinnar, án þess þó að fram kæmi hvers ákvörðun það hafi verið. Vitnaði talsmaðurinn m.a. til dóma Hæstaréttar í skaðabótamálum fjórmenningsanna svokölluðu árið 1983, en þeir dómur hafi m.a. byggt á því að Síðumúlafangelsi

hafi ekki verið forsvaranlegt til svo langrar vistunar, sem fjórmenningarnir hefðu sætt. Vísaði talsmaðurinn til læknisfræðilegra gagna sem ekki lágu fyrir við úrlausn málsins, þar sem talið væri að einangrun fanga í lengri tíma en 3 eða 4 vikur væri óráðleg vegna hættu á heilsufarsvanda. Þá leiddi talsmaðurinn líkum að því að fyrirfram hefði verið ákveðið að Sævar skyldi sæta gæsluvarðhaldi svo mánuðum skipti, til þess að freista þess að fá hann til að játa á sig sök á hvarfi Geirfinns Einarssonar, enda þótt byggt hefði verið á því við framlengingu gæsluvarðhaldsins að hann lægi undir grun um að hafa orðið Guðmundi Einarssyni að bana.

**Hæstiréttur** vísaði til þess að við úrlausn málsins hafi legið fyrir að Sævar hafði sætt einangrun í gæsluvarðhaldsvist um lengri tíma, svo og hvað gert hafi verið að gengnum sakadómi til að aflétta einangrun að nokkru leyti. Þá hafi legið fyrir við úrlausn málsins gögn um aðstæður í Síðumúlafangelsi, sem var aflað við fyrrnefnda lögreglurannsókn á árinu 1979, en í þeim hafi verið upplýsingar um margvíslega annmarka á aðbúnaði í fangelsinu. Til þessara atriða og hugsanlegra áhrifa þeirra á framburð Sævars og annarra ákærðu, sem sættu gæsluvarðhaldi í umræddu fangelsi, hafi því verið tekin afstaða þegar dómur var felldur á málið. Upplýsingar hefðu ekki komið fram í tengslum við endur-  
upptökubeiðnina um atriði, sem ekki hafi verið kunnugt um við úrlausn málsins. Því væri ekki tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til að málið yrði tekið upp á ný af þessum sökum.

#### **10.3.5.8. Lyfjagjöf**

Af hálfu talsmanns **Sævars** var vísað til þess að fangelsislæknir hefði komið vikulega í Síðumúlafangelsi á meðan Sævar var þar í gæsluvarðhaldi. Hins vegar bendi gögn málsins ekki til þess að almenn læknisskoðun hafi verið gerð á honum, en samkvæmt gögnum hefði hann fyrst fengið lyf eftir rúmlega þriggja vikna gæsluvarðhald, 3. janúar 1976. Benti talsmaðurinn á að fangaverðir hefðu fært föngum lyf, en ekki hjúkrunarfræðingar, svo sem rétt hefði verið. Þá benti talsmaðurinn sérstaklega á að á tímabilinu frá 1. ágúst til 11. desember 1976 hafi Sævari m.a. verið gefin lyfin Mogadon, Tryptizol, Diazepam og Belladenal og á sama tímabili verið yfirheyrður um hvarf Geirfinns Einarssonar og gefið skýrslur með játningu um að hafa átt hlut að því.

Taldi talsmaðurinn vísbendingar um að lyfjagjafir og yfirheyrslur hefðu verið tengdar með það fyrir augum að lyfjagjafirnar gögnuðust rannsakendum. Um áhrif lyfjagjafanna vísaði talsmaðurinn til bréfs sem landlæknir ritaði talsmanninum vegna málsins árið 1997, þar sem fram kom að á sínum tíma hefðu menn ekki þekkt fylgikvilla þeirra lyfja sem um ræddi, sem nú væri vitað að gætu í of miklu magni valdið óæskilegu hugarástandi, sem einkennist af litlum viðnámsþrótti, uppgjöf, sljóleika, kæruleysi og jafnvel skertu minni. Bréfið væri nýtt gagn sem sannaði að lítið mark hafi verið takandi á framburði Sævars og annarra ákærðu.

**Ákærvaldið** benti á að upplýsingar um lyfjagjöf hafi legið fyrir við flutning og úrlausn málsins og lyfjagjöf til sakborninga í þessu máli hafi ekki á neinn hátt verið frábrugðin því, sem hafi tíðkast við lyfjagjöf til annarra fanga á sama tímabili.

Í umfjöllun **Hæstaréttar** kom fram að ekki hefðu verið lögð fram viðhlítandi gögn til stuðnings því að vanrækt hafi verið að afla Sævari læknishjálpar þegar hann kann að hafa þarfnast hennar á meðan hann sætti gæsluvarðhaldi. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti hafi legið fyrir vottorð Guðsteins Þengilssonar, dagsett 7. nóvember 1979 um lyfjanotkun ákærðu á gæsluvarðhaldstímanum, en Guðsteinn hafi þá gegnt starfi fangelsislæknis. Fram hefði komið í vottorði læknisins að Sævari hafi verið gefin ýmis lyf á því tímabili. Í ákvörðun Hæstaréttar voru talin upp þau lyf sem talin voru geta skipt máli vegna endurupptökubeiðninnar.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti hafi legið fyrir lögregluskýrsla 15. janúar 1980 um samtal við lækninn, þar sem hann hefði sagst ekki vita betur en að lyfin hafi verið mulin áður en þau voru gefin sakborningum í málinu.

Í bréfi talsmanns Sævars til landlæknis 16. janúar 1997, sem væri meðal gagna með beiðni um endurupptöku málsins, segði m.a. eftirfarandi:

*„Ég leyfi mér að senda yður hjálaga upplýsingar fangelsislæknis sem lagðar voru fyrir Hæstarétt um lyfjagjafir til skjólst. m., Kristjáns Viðars Viðarssonar, Tryggva Rúnars Leifssonar, Erlu Bolladóttur, Guðjóns Skarphéðinssonar og Alberts Klahns Skaftasonar. Fer ég þess vinsamlegast á leit að þér látið mér í té gögn eða eftir atvikum umsögn um það, hvaða áhrif samspil lyfjanna annars vegar og samspil lyfjanna og einangrunarinnar hins vegar, kunni að hafa haft á líkamlegt og andlegt ástand gæsluvarðhaldsfanganna í einangrun almennt séð og einkum um það hvort við því megi búast að játningar þeirra séu síður ábyggilegar vegna samverkandi áhrifa einangrunarvistar og lyfjagjafar.“*

Í svarbréfi landlæknis til talsmannsins 4. febrúar 1997 segði meðal annars:

*„Á árunum 1970-1980 tíðkaðist að ávísa svefn- og róandi lyfjum í tiltölulega stórum skömmtum. Læknar þekktu ekki fylgikvilla lyfjanna er síðar komu fram og varla hægt að álasa G.Ð. Í ljósi síðari þekkingar eru 30 mg af Diazepam ásamt 3 töflum af Librax, Mogadon o.fl. að öllu jöfnu of stór skammtur. Þetta lyfjamagn veldur gjarnan óæskilegu hugarástandi sem einkennist af litlum viðnámsþrótti, uppgjöf, sljóleika, kæruleysi og jafnvel skertu minni. Helmingatími þessara lyfja er langur og magnið skilast ekki út á einum sólarhring. Þar af leiðandi hafa þessi lyf hlaðist upp en áhrif framangreindra lyfja aukast við viðhaldsskammta sem gefnir eru í langan tíma eins og fram kemur í gögnum.“*

Í ofangreindu bréfi landlæknis væri ekki tekin rökstudd afstaða til þess hvaða áhrif lyfin, sem Sævari hefðu verið gefin samkvæmt vottorði Guðsteins Þengilssonar, kynnu að hafa haft á framburð hans. Umfjöllunin í bréfinu væri mjög almenns eðlis og virtist að auki taka mið af lyfjaskammti, sem var ekki gefinn Sævari samkvæmt læknisvottorðinu. Væri ekki unnt að líta svo á að bréf þetta gæti haft sjálfstætt gildi við mat á beiðni Sævars.

Upplýsingar um magn lyfja handa Sævari og aðferðir við gjöf þeirra hafi samkvæmt áður sögðu legið fyrir við úrlausn málsins. Ekki yrði annað séð en að tilgangur lyfjagjafarinnar hafi verið sá að gera föngunum gæsluvarðhaldsvistina bærilegri, en lyfjagjöfin hafi verið eftir fyrirmælum læknis.

Fram kom að Hæstiréttur hefði aflað sér almennra upplýsinga um áhrif þessara lyfja. Ekki yrði fallist á að fram væru komnar nýjar upplýsingar, sem gætu orðið tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til endurupptöku málsins. Gætu framangreind atriði því ekki leitt til þess að beiðni Sævars yrði tekin til greina.

#### **10.3.5.9. Mat á játningum**

Talsmaður **Sævars** taldi að dómsniðurstaða um sakarefni í I. kafla í báðum ákærum, er tengdust því hvernig sakborningar hefðu orðið valdir að dauða Guðmundar og Geirfinns, hefði byggt á játningum sem styddust ekki við sýnileg sönnunargögn eða framburð utanaðkomandi vitna. Vísaði talsmaðurinn til þess að á ákæruvaldinu hvíli sönnunarbyrði um sekt sakbornings og af því leiddi að þegar vefengt væri að játning hafi fengist með vilja sakbornings og því haldið fram að honum hafi verið þröngvað til framburðar með pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða hótunum um ofbeldi, yrði ákæruvaldið að bera sönnunarbyrði fyrir því gagnstæða. Við úrlausn málsins virtist sönnunarbyrðin hins vegar hafa verið lögð á sakborninga. Þá hafi of mikið traust verið lagt á játningar Sævars, Kristjáns Viðars, Tryggva Rúnars, Erlu og Guðjóns, þegar tekið væri tillit til niðurstaðna geðrannsóknna á þeim.

**Hæstiréttur** fjallaði um að við úrlausn málsins hafi verið lagt mat á gildi framburðar Sævars og annarra ákærðu. Meðal gagna málsins hafi verið skýrslur um geðrannsókn á Sævari, Kristjáni Viðari, Tryggva Rúnari, Erlu og Guðjóni. Greint hafi verið ítarlega frá þessum skýrslum í sakadómi. Við mat á framburði þeirra hefði að sjálfsgöngu verið litið til skýrslna um geðrannsókn og annarra fyrirliggjandi gagna, sem máli gátu skipt um áreiðanleika framburða. Ekki hefðu verið færðar fram nýjar upplýsingar um atriði, sem vörðuðu áhrif þátta í persónuleika hans og annarra ákærðu á framburð þeirra. Umfjöllun talsmannsins um þetta gæfi því ekki tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til að málið yrði tekið upp á ný.

#### **10.3.5.10. Aðild Karls Schütz að rannsókn málsins**

Talsmaður **Sævars** lagði fram gögn um aðdraganda þess að Karl Schütz var ráðinn til starfa í tengslum við rannsókn málsins, og taldi af þeim mega ráða að utanríkisráðuneytið hafi haft milligöngu um ráðninguna. Benti hann á að Schütz var í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 9. september 1976, nefndur sérfræðilegur ráðunautur sakadómaraembættisins í Reykjavík. Hins vegar mætti ráða af gögnum málsins að hann hafi í reynd stjórnað rannsókn málsins og stýrt yfirheyrslum. Karl Schütz hafi hvorki talað né skilið íslensku og því hafi m.a. verið brotið á rétti sakborninga og vitna til að vera yfirheyrð á íslensku. Þá hafi Schütz ekki fullnægt skilyrðum laga um meðferð opinberra mála til að yfirheyra sakborninga og vitni.

**Ákærvaldið** vísaði til þess að upplýsingar um aðild Schütz að rannsókn málsins sjáist í málgögnum, sem hafi legið fyrir við flutning og úrlausn þess. Þær gæfu því ekkert tilefni til endurupptöku.

**Hæstiréttur** vísaði til þess að ljóst hafi verið um þátttöku Schütz í rannsókn málsins af gögnum, sem lágu fyrir við úrlausn þess, svo og að þörf hafi verið á túlki þegar hann var við skýrslutökur. Aðfinnslur talsmannsins sem að þessu snéru gæfu ekki tilefni til endurupptöku málsins.

#### ***10.3.5.11. Málsmeðferð fyrir Sakadómi***

Talsmaður **Sævars** vísaði til þess að sakadómarar hefðu látið afla gagna og með því sótt málið. Þeir hafi síðan þurft að leggja mat á eigin gagnaöflun og sókn. Að auki hafi þeir ákveðið gæsluvarðhald yfir Sævari á grundvelli lagaákvæðis sem kallaði á að tekin væri afstaða til sektar eða sýknu Sævars. Af þessum sökum m.a. hefði Sævar ekki notið réttlátrar málsmeðferðar svo sem áskilið er í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu.

**Ákærvaldið** vísaði til þess að bókanir og gögn um meðferð málsins fyrir sakadómi hafi legið skýrlega fyrir á þeim tíma, sem málið var flutt og dæmt.

**Hæstiréttur** tók fram að samkvæmt réttarfarslögum, sem í gildi voru þegar málið var rannsakað og til meðferðar fyrir dómi, hefði dómara, sem fengið var mál til úrlausnar, verið unnt að ákveða að einstök atriði þess yrðu rannsökuð frekar svo og að skera úr um hvort ákærði skyldi sæta gæsluvarðhaldi, án þess að þær aðgerðir hefðu áhrif á hæfi hans til að leysa úr málinu. Eftir þeim lögum hefði dómarafulltrúi jafnframt haft vald til að kveða á um gæsluvarðhald yfir sakborningi. Breytingar, sem síðan hefðu orðið á réttarfarslöggjöf og framkvæmd hennar, röskuðu í engu því, sem gert var löngu áður en þær hefðu komið til við rannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómi. Því veittu röksemdir talsmannsins, sem þetta vörðuðu, ekki ástæðu til endurupptöku málsins.

#### ***10.3.5.12. Lokað þinghald fyrst um sinn***

Talsmaður **Sævars** benti á að bókun 21. mars 1977 um að þinghöld í málinu yrðu lokað fyrst um sinn hafi verið rökstudd með því að yfirheyrslum væri ekki lokið og ósamræmi væri í framburði ákærðu. Með þessu hafi verið brotið gegn rétti Sævars til opinberrar málsmeðferðar

Af hálfu **ákærvalds** var bent á að gögn um framangreint hafi legið fyrir við úrlausn málsins. Því væru upplýsingarnar ekki ný gögn og gætu ekki komið til álita við úrlausn um það hvort taka ættið málið upp á ný.

**Hæstiréttur** vísaði til þess að við meðferð málsins fyrir Hæstarétti hafi legið skýrlega fyrir að þinghöld í málinu fyrir sakadómi hefðu verið að meginhluta lokað, svo sem greint hafi verið í bókun dómenda í héraði 21. mars 1977. Álitaefni um hvort lagaheimild hafi réttilega staðið til þessarar ákvörðunar sakadóms gætu ekki orðið tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til endurupptöku málsins.



#### **10.3.5.13. Verjendur ekki viðstaddir**

Talsmaður **Sævars** benti á að við munnlega sönnunarfærslu eftir þingfestingu málsins hafi alltaf verið mætt af hálfu ákærvaldsins, en verjendur hafi aðeins verið boðaðir til þinghalda þegar skjólstæðingar þeirra gáfu skýrslur, en ekki þegar aðrir ákærðu eða vitni gáfu skýrslur og ákærðu hafi ekki verið gefinn kostur á að vera við skýrslugjöf annarra. Því hafi hvorki verjendur né ákærðu átt kost á að leggja spurningar fyrir aðra ákærðu eða vitni. Frá þessu hafi verið gerðar einstaka undantekningar. Taldi talsmaðurinn þetta hafa verið í andstöðu við rétt sakborninga til réttlátrar málsmeðferðar. Dómendur hafi ranglega byggt á því að verjendur þyrftu að óska sérstaklega eftir að fá boðun til allra þinghalda.

**Ákærvaldið** vísaði til þess að þessi atriði hafi legið skýrlega fyrir í gögnum málsins þegar það var flutt og dæmt. Ekki væru því fram komin ný gögn um þetta efni sem leitt gætu til endurupptöku.

**Hæstiréttur** vísaði til þess að í þinghaldi í málinu fyrir sakadómi Reykjavíkur 3. október 1977 hefði að gefnu nánar tilteknu tilefni m.a. verið bókað eftirfarandi:

*„Við þingfestingu málsins 21. mars s.l. var verjendum tilkynnt að málsmeðferð héldi áfram næstu daga og vikur og væri þeim frjáls aðgangur að öllum þinghöldunum. Dómarar málsins minnst þess ekki að verjendur hafi látið í ljós ósk um að vera viðstaddir önnur þinghöld en þau, er skjólstæðingar þeirra væru mættir. Var þeim því ávallt tilkynnt um slík þinghöld en ekki önnur að jafnaði.“*

Af þessari bókun, sem legið hafi fyrir við úrlausn málsins fyrir Hæstarétti, hafi verið ljóst hvernig staðið var að rekstri málsins fyrir sakadómi að þessu leyti. Þetta hafi orðið tilefni til athugasemdar í dómi Hæstaréttar, en í ljósi umræddrar bókunar gæti ekki orkað tvímælis hvað átt hafi verið við með orðalagi þeirrar athugasemdar. Hefði því við úrlausn málsins verið tekin afstaða til þess hverju það varðaði að verjendur voru ekki boðaðir til allra þinghalda í sakadómi. Athugasemdir talsmannsins af þessu tilefni gætu því ekki orðið ástæða samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til endurupptöku málsins.

#### **10.3.5.14. Gögn hafi ekki öll legið fyrir**

Talsmaður **Sævars** bar því við að á skorti að öll gögn hafi legið fyrir í málinu og vísaði um þetta m.a. til þess að fyrir lægi að húsleit hafi farið fram á heimili Sævars 13. desember 1975, þar sem lagt hafi verið hald á mikið af skjölum og bréfum. Samkvæmt athugun, sem Gísli Guðmundsson hafi gert 1981 að tilhlutan dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, hafi ekki tekist að upplýsa hvað hafi orðið um gögnin. Réttargæslumaður Sævars hafi ekki átt kost á að kynna sér gögnin, og taldi Sævar ekki vafa á að aðgangur að þeim hefði getað sannað hvar Sævar var á þeim tímum, þegar hann var sakaður um að hafa orðið valdur að mannhvörfum. Einnig hafi í lögregluskýrslu 13. febrúar 1975<sup>27</sup>

<sup>27</sup> Um er að ræða upplýsingaskýrslu þáverandi deildarstjóra tollsins í Keflavík vegna upplýsinga sem honum bárust til eyrna varðandi það að á tímabilinu 11.-19. nóvember 1974, um kl. 08:30-09:00 hafi 4-5

verið greint frá atvikum, sem gætu hafa tengst hvarfi Geirfinns. Gögnum um þessa rannsókn hafi verið komið á framfæri af lögreglunni í Keflavík við þá, sem síðar önnuðust rannsókn málsins í Reykjavík, en þau hafi ekki fundist. Þá vanti bréf Sævars sem hann hafi ætlað að koma á framfæri við dóms- og kirkjumálaráðuneytið með því að fá þau öðrum fanga, þau hafi verið tekin og ekki sé vitað hvað um þau varð. Jafnframt vanti gögn um rannsókn fikniefnamáls, sem beindist að Sævari vegna atburða snemma árs 1974, en þar kunni meðal annars að finnast gögn um fé sem hann réði yfir um þær mundir. Benti talsmaðurinn á fleiri dæmi af svipuðum toga.

Verjendur hafi ekki fengið aðgang að gögnum fyrr en eftir útgáfu ákæru og þeim hafi auk þess aldrei verið veittur aðgangur að gögnum ákærvaldsins og sakadóms sem ekki voru lögð fram. Þetta hefði verið andstætt lögum um meðferð opinberra mála og fyrir-mælum í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Enn fremur fann talsmaðurinn að því að ríkissaksóknari hafi neitað sér um aðgang að gögnum í forum embættisins.

**Ákærvaldið** hélt því fram að vöntun á gögnum úr húsleitinni og getgátur um ástæður fyrir hvarfi þeirra skipti engu um hvort heimild standi til þess að málið verði tekið upp á ný. Ásökunum talsmannsins um að brotinn hafi verið réttur á honum varðandi aðgang að gögnum í vörslum embættisins var einnig vísað á bug. Í því sambandi var bent á að ríkissaksóknara hafi aðeins eitt sinn borist beiðni frá talsmanninum um tiltekin gögn varðandi málið og hafi þau verið afgreidd innan fárra daga frá því að beiðnin barst. Að öðru leyti hafi hann ekki spurst fyrir um tiltekin gögn sem hann teldi vanta samkvæmt framansögðu. Allt að einu hafi verið kannað hvort þau fyndust í vörslum embættisins og hafi það ekki verið nema varðandi rannsókn á umræddu fikniefnamáli. Gögn um þá rannsókn hafi að nokkru verið lögð fyrir Hæstarétt á fyrri stigum við meðferð á beiðni Sævars um endurupptöku málsins, en talsmaður hans hafi ekki leitað eftir frekari gögnum.

Þess var getið af hálfu ákærvaldsins í sambandi við gögn, sem tengjast málinu en hafa ekki verið lögð fram í því, að í upphaflegri beiðni dómfellða um endurupptöku málsins hafi hann getið þess að við rannsókn málsins hafi sakborningar gengist undir svokallað lygamælingapróf hjá dr. Gísla Guðjónssyni, en ekkert hafi komið út úr því, sem hafi bent til sektar. Hafi Sævar bent á að ekkert hafi komið fram um þetta próf við flutning málsins í héraði eða fyrir Hæstarétti. Af þessu tilefni kvaðst ríkissaksóknari hafa leitað skriflegrar heimildar Sævars til að afla gagna um þetta próf og leggja þau fram, þar sem dr. Gísli Guðjónsson myndi ekki láta gögnin af hendi að öðrum kosti. Þessu erindi hafi talsmaður Sævars svarað neitandi með bréfi 13. maí 1997.<sup>28</sup>

**Hæstiréttur** vísaði til þess að talsmaðurinn hefði bent á að við flutning málsins fyrir Hæstarétti hafi verið gagnrýnt af verjendum að misbrestur væri á að framlögð gögn lægju fyrir í samfelldri númeraröð. Þá hefði talsmaðurinn einnig fundið að því að verj-

---

menn sést í Hafnarbúðinni, staðið þétt saman og rætt saman í hálfum hljóðum. Skýrslan geymir nánari upplýsingar um þetta atvik.

<sup>28</sup> Fjallað er nánar um umrædd lygamælingapróf í 19. kafla skýrslu þessarar.

endur hafi ekki fengið aðgang að gögnum málsins fyrr en eftir útgáfu ákæru. Bæði þessi atriði hafi legið fyrir þegar dómur var felldur á málið og gætu aðfinnslur vegna þeirra ekki leitt til endurupptöku þess.

Varðandi ábendingar talsmannsins um að gögn um tiltekin atriði hafi ekki verið lögð fram í málinu yrði ekki litið framhjá því að þær ábendingar komu fyrst fram í endurupptökubeiðninni, þegar meira en 17 ár væru liðin frá því dómur var lagður á málið. Ekki yrði annað séð en að tilefni hafi eins verið til að kalla eftir þeim gögnum áður en málið var flutt ef þau þóttu skipta einhverju fyrir vörn Sævars, en sá tími, sem síðan er liðinn, hefði leitt af sér augljósa hættu á að ekki yrði lengur að þeim gengið.

Viðhlítandi rök hefðu ekki verið færð fyrir því að þessi gögn hafi falið í sér sönnun um atriði, sem einhverju hefði getað breytt við úrlausn málsins. Gæti þetta því heldur ekki gefið tilefni samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til að málið verði tekið upp á ný.

#### **10.3.5.15. Málshraði**

Talsmaður **Sævars** benti á að dómur sakadóms hefði verið kveðinn upp 19. desember 1977, en dómur Hæstaréttar ekki fyrr en 22. febrúar 1980. Töf á meðferð málsins eftir uppkvaðningu héraðsdóms fæli í sér brot gegn málshraðareglu og hafi ekkert verið skýrð í forsendum dóms Hæstaréttar. Þá vísaði talsmaðurinn til þess að málsmeðferð fyrir dómi eftir útgáfu fyrri ákæru hafi staðið í rúm þrjú ár og heildartími málsmeðferðar frá upphafi rannsóknar hafi verið rúm fjögur ár. Sævar hafi sætt gæsluvarðhaldi allan tímann. Tafir yrðu ekki réttlættar með hegðun hans, enda hafi honum verið óskýlt að ljá atbeina sinn til að upplýsa málið. Taldi talsmaðurinn að með drætti á rannsókn og meðferð málsins fyrir dómi hafi með þessu verið brotinn réttur á Sævari.

Af hálfu **ákærvalds** var bent á að eftir uppsögu dóms sakadóms Reykjavíkur hafi verið leitað eftir álit lækna ráðs á skýrslum lækna, sem hafi gert geðrannsóknir á ákærðu og rúmt ár hafi tekið fyrir lækna ráð að skila niðurstöðum sínum. Óverjandi hefði verið að taka málið til flutnings fyrir Hæstarétti án þess að álit lækna ráðs lægi fyrir. Einnig benti ríkissaksóknari á að málið hefði verið óvenjulega umfangsmikið og frágangur málgagna hafi verið vandasamur og tafsamur. Tíminn frá uppkvaðningu sakadóms til dóms Hæstaréttar hafi ekki verið óeðlilega langur.

Hjá **Hæstarétti** kom fram að þegar málið hefði verið flutt fyrir Hæstarétti hefði verið augljóst hversu langur tími var þá liðinn frá því að rannsókn var upphaflega beint að Sævari og öðrum ákærðu, svo og hvenær ákæru voru gefnar út og dómur var lagður á málið í héraði. Aðfinnslur um tafir í þeim eignum gætu ekki orðið ástæða samkvæmt 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til endurupptöku málsins.

### **10.3.6. Önnur atriði í röksemdum talsmannsins og tilsvör ákærvaldsins, þar á meðal heildarályktanir<sup>29</sup>**

Talsmaður Sævars vísaði til þess að játningar ákærðu hafi verið aðalsönnunargögn málsins ásamt því, sem unnt hafi verið að finna til styrktar játningunum. Í slíkum málum skipti miklu hvernig játning hafi verið fengin. Meðal þeirra atriða sem líta yrði til í því sambandi, væri að Sævari hefði verið haldið í einangrun frá desember 1975 og hefði ekki fengið að fara út undir bert loft fyrir en í september 1977. Honum hafi verið haldið undir áhrifum lyfja, sætt líkamlegu ofbeldi og ómannlegri og vanvirðandi meðferð. Sævar hafi ekki notið þess að teljast saklaus þar til sekt yrði sönnuð eða notið vafans í sönnunarfærslu. Þá vísaði talsmaðurinn til þess að Sævar hafi ekki verið dæmdur af sjálfstæðum og óhlutdrægum dómstóli, notið réttlátrar málsmeðferðar eða raunhæfrar varnar. Gögn honum til hagsbóta hafi ekki verið lögð fram, honum hafi ekki verið kynnt framlögð gögn eða framburður annarra. Þá hafi játningar verið dregnar til baka við meðferð málsins.

Í nýjum gögnum væri að finna upplýsingar, sem ekki hafi áður legið fyrir, bæði um meðferð málsins og atvik þess. Með nýjum gögnum um málsatvik hafi verið hnekktt ýmsum meginatriðum, sem hafi verið lögð til grundvallar við mat á sönnun um sekt Sævars.

Með þessu og öllu öðru framangreindu taldi talsmaður Sævars að sýnt hafi verið fram á að ætla meggi að málið hefði farið á annan veg ef ný gögn, sem nú hafi verið lögð fram, hefðu legið fyrir við upphaflega meðferð málsins og farið hefði verið að lögum við rannsókn og meðferð þess. Væri því fullnægt skilyrðum a. og b. liða 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála til endurupptöku málsins.

Af hálfu **ákærvaldsins** var því haldið fram að langflestar athugasemdir talsmannsins, varðandi rannsókn og dómsmeðferð málsins, vörðuðu atriði, sem augljóslega hafi legið fyrir þegar það var flutt og dæmt á sínum tíma. Slík atriði gætu ekki orðið grundvöllur ákvörðunar um endurupptöku.

Þá taldi ríkissaksóknari ljóst að meginsjónarmiðið að baki endurupptökubeiðninni væri að rannsóknarmenn hafi knúið hann og aðra sakborninga til að gefa skýrslur um atburði, sem rannsóknarmennirnir hafi talið hafa gerst. Þessar skýrslur hafi verið þvingaðar fram með yfirgangi rannsóknarmanna og fangavarða. Í tengslum við það væri óhjákvæmilegt að líta til þess að Sævar hefði í fjögur tiltekin skipti í janúar og maí 1976 gefið upplýsingar í lögregluskýrslu um vitneskju, sem hann hafi sagst búa yfir um aðild annarra að hvarfi Geirfinns Einarssonar. Í skýrslu fyrir dómi 22. desember sama ár hafi Sævar hins vegar viðurkennt eigin aðild að hvarfi Geirfinns, svo og að hafa borið rangar sakir á aðra í því sambandi. Sævar hafi gefið ítarlega skýrslu um sama efni fyrir dómi 20. til 22. júní 1977 og áréttað aðild sína að hvarfi Geirfinns við samprófanir 5. og 11. júlí sama ár og í bréfi til sakadóms 12. þess mánaðar. Játningu þessa efnis hafi Sævar síðan dregið til

---

<sup>29</sup> Umfjöllun um önnur atriði í röksemdum talsmannsins og tilsvör ákærvaldsins þar að lútandi má finna í kafla IV.7 í ákvörðun Hæstaréttar.

baka með bréfi 5. september 1977 og á dómþingi 13. sama mánaðar. Þá benti ríkissaksóknari á að Sævar hafi gefið skýrslur hjá lögreglunni 22. desember 1975, 4. janúar, 6. janúar og 30. september 1976 og 9. mars 1977, þar sem hann hafi alltaf játað aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar.

Í skýrslu fyrir dómi 29. mars 1977 hafi Sævar í upphafi játað aðild að hvarfi Guðmundar, en síðan horfið frá því. Ríkissaksóknari vísaði til þess að Sævar hafi þannig viðurkennt aðild sína að hvarfi Geirfinns löngu áður en hann hafi horfið frá játningu um aðild að hvarfi Guðmundar. Eftir að hafa horfið frá játningunni varðandi hvarf Guðmundar, 29. mars 1977, hafi Sævar gefið margar og langar skýrslur fyrir dómi um aðild sína að hvarfi Geirfinns og sammæli sitt við aðra sakborninga um að varpa grun í því máli á aðra menn ef til yfirheyrslu þeirra kæmi. Af hálfu ákærvalds var því haldið fram að staðhæfingar Sævars um að hann hafi verið þvingaður til játninga væru í hæsta máta ótrúverðugar í ljósi framangreinds.

Talsmaðurinn hefði enga tilraun gert til að skýra hvers vegna Sævar hafi ekki dregið til baka skýrslur sínar í sambandi við hvarf Geirfinns um leið og hann hafi dregið til baka skýrslur varðandi hvarf Guðmundar, úr því hann teldi játningar í báðum þessum þáttum málsins fengnar með sömu ólöglegu aðferðunum. Þessu til viðbótar benti ríkissaksóknari á að eftir breytinguna á fyrri framburði, 29. mars 1977, varðandi aðild að hvarfi Guðmundar hafi Sævar borið að hann hafi verið staddur hjá Helgu Gísladóttur alla aðfaranótt 27. janúar 1974. Í sambandi við þetta vísar ríkissaksóknari til þess að Helga hafi margsinnis verið yfirheyrð í tengslum við málið, síðast hinn 11. janúar 1980, en hún hafi þá eins og endranær borið að Sævar hafi farið frá henni um kl. 23:30 að kvöldi 26. janúar 1974 og komið aftur um kl. 04:30 næstu nótt. Við þessa síðustu skýrslugjöf Helgu hafi komið fram, svo ekki verði um villst, að Sævar hafi fengið aðra til að freista þess að fá hana til að breyta framburði sínum á þann veg að hann hafi verið hjá henni alla nóttina. Hafa yrði þetta í huga þegar metnar væru staðhæfingar um ólögsmætar aðgerðir lögreglunnar, ákærvalds og dómara við rannsókn og meðferð málsins.

Ákærvaldið kvað mjög alvarlegar athugasemdir hafa verið bornar fram í greinargerð talsmanns Sævars í garð þeirra lögreglumanna, dómara og fulltrúa ákærvalds, sem hafi komið að rannsókn málsins. Ný gögn til stuðnings slíkum ásökunum væru harla fátækleg, en málstaður Sævars væri að mestu leyti settur fram sem gagnrýni á forsendur dómara fyrir niðurstöðu um mat á sönnunargögnum. Taldi ríkissaksóknari að ekki væru lagaskilyrði til að verða við kröfu um endurupptöku, þegar virtar væru allar röksemdir Sævar og talsmanns hans.

#### **10.4. Skýrslur af fjórum vitnum sem Hæstiréttur mælti fyrir um að skyldi aflað, vegna endurupptökubeiðni Sævars**

Hæstiréttur mælti fyrir um öflun skýrslna af fjórum vitnum og voru þær gefnar fyrir héraðsdómi Reykjavíkur 20. og 21. júní 1997. Gerð var grein fyrir meginefni þeirra í ákvörðuninni.

Skýrsla var tekin af **Elínborgu Jónu Rafnsdóttur** sem staðfesti yfirlýsingu sína frá 26. ágúst 1996. Hún kvaðst hafa verið á ferð í Hafnarfirði í bifreið með Sigríði Magnúsdóttur aðfaranótt 27. janúar 1974. Á Strandgötu hafi þær séð Guðmund Einarsson, sem þær þekktu, og í humátt á eftir honum mann á svipuðum aldri, sem hafi verið mjög grannur með frekar sítt, liðað hár og áberandi ölvaður. Maðurinn hafi komið hálfpartinn hlaupandi á eftir Guðmundi og hent sér upp á bílinn að framanverðu og síðan lent í götunni. Hann hefði getað verið svipaður á hæð og Guðmundur eða aðeins lægri. Fljótlega eftir sakbendinguna 1977 og skýrslur hennar fyrir dómi um tveimur mánuðum síðar hefði hún fengið efasemdir um réttmæti þess, sem hún hafði fært fram þar og hjá lögreglu. Vegna frásagna í fjölmiðlum hafi þær Sigríður vitað hver Kristján Viðar var þegar þær fóru í sakbendinguna og því bent á hann.

Strax eftir sakbendinguna hefði hún gert um það athugasemd við Gísla Guðmundsson lögreglumann að Kristján Viðar væri mikið stærri, þreknari og feitari en maðurinn, sem hún hefði séð með Guðmundi. Það væri algjörlega útilokað að hún hefði bent á Kristján Viðar ef hún hefði vitað á þeim tíma að hann hefði verið um 10 sm hærri en Guðmundur. Þær Sigríður hefðu verið ungar og óþroskaðar og hálf smeykar við þetta allt saman. Því hefðu þær ekki komið leiðréttingu á framfæri fyrr. Þegar þær fengu að sjá gögn málsins hjá manni að nafni Sigursteinn Másson hafi þetta hins vegar farið að rifjast upp fyrir þeim.

**Sigríður Magnúsdóttir** áréttaði fyrri frásagnir sínar um akstur með Elínborgu umrædda nótt. Sigríður hefði kannast við Guðmund og séð koma á eftir honum á Strandgötu ölvaðan mann, sem hafi verið lægri og með styttra hár en Guðmundur, og líklega grannur. Hann hafi reynt að kasta sér á bílinn og við það hafi þær orðið hræddar og ekið brott.

Við sakbendinguna 1977 hefði hún þekkt Kristján Viðar af myndum í blöðum. Ef hún myndi rétt hefði hún strax haft efasemdir um að Kristján Viðar hefði verið maðurinn sem hefði verið með Guðmundi. Hún hefði hins vegar lokað þetta frá sér því að hún hefði verið mjög hrædd þegar sakbendingin fór fram. Þegar hún hefði frétt af því í tengslum við gerð sjónvarpsmyndar eftir Sigurstein Másson að Kristján Viðar hefði verið hærri en Guðmundur hefði hún gert sér grein fyrir að sakbendingin gæti engan veginn staðist, því að maðurinn, sem var með Guðmundi, hefði verið lægri og grennri en hann. Aðspurð hvort rannsóknarmenn hefðu haft tilhneigingu til að beita hana þrýstingi sagði Sigríður að ef hún myndi rétt hafi verið eins og þeir vildu að þær segðu manninn hafa verið Kristján Viðar.

**Jón Bjarman**, fyrrverandi fangaprestur, staðfesti yfirlýsingu sína frá 20. nóvember 1996 og gerði nánari grein fyrir atriðum, sem þar komu fram. Aðspurður hvort sjónarmið hans um aðbúnað og meðferð ákærðu í málinu hefðu öll komist á framfæri við rannsókn, sem fór fram hjá lögreglu 1979 vegna kæru Sævars um harðræði í gæsluvarðhaldsvist, kvaðst hann ekki minnast annars en að svo hefði verið.

**Hlynur Þór Magnússon** staðfesti fyrri yfirlýsingu sína frá 26. ágúst 1996. Hann lýsti því m.a. að hann hefði farið allmargar ferðir með sakborningum í málinu til að leita að

líkum og að minnsta kosti í eitt skipti hefðu hann og Sævar verið hlekkjaðir saman. Hann sagði að einstökum fangavörðum hefði verið falið að vingast við tiltekna fanga í því skyni að fá þá til að tjá sig, en ekki hefði verið um yfirheyrslur að ræða. Í hans hlut hefði komið að hafa samskipti við Erlu Bolladóttur. Hann hefði farið með skriflegar frásagnir frá henni, en hann mundi ekki hvort þeirra skrifaði þær niður. Hlynur sagði að Sævari hefði á stundum verið meinað að fá bækur, ritföng og tóbak og hafi hann litið svo á að það hafi verið gert til þess að beygja hann. Hann hefði heyrt um það talað í fangelsinu að aðgerðir hefðu verið hafðar í frammi til að svipta Sævar svefni, en gat engin dæmi nefnt um það utan þess að vaktarfélagi hans hefði einu sinni farið út að næturlagi og barið grjóti eða einhverju í útvegg til þess að vekja Sævar og hræða hann. Sjálfur hefði hann ekki orðið var við að ljós væri látið loga í klefa Sævars að næturlagi, en sagt hefði verið að það hefði gerst áður en hann kom til starfa. Hlynur hefði ekki orðið vitni að því að Sævar hefði verið kaffærður í fangelsinu, en hann hefði hins vegar heyrt umræður um það hvernig unnt væri að nota sér meinta vatnshræðslu hans. Hlynur lýsti því að Sævar hefði verið hafður í fótajárnum sólarhringum saman til þess að kvelja hann, en hann hefði ekki orðið var við að sakborningar í þessu máli hefðu verið strekktir í járnnum. Þá hefði honum þótt með ólíkindum þær lyfjagjafir, sem fangarnir fengu, og hefðu þeir ekki verið spurðir um þær. Ekki mundi hann eftir dæmum um það að þvinga hefði þurft fanga til að taka lyf, en kvaðst hann geta fullyrt að lyfjagjöf hefði ekki miðast við það hvort yfirheyra átti fanga eða ekki.

## 10.5. Tímalengd gæsluvarðhalds og afplánunar

Í ákvörðuninni var enn fremur rakið með ítarlegum hætti efni vottorðs fangelsismálastofnunar, sem Hæstiréttur aflaði, um gæsluvarðhaldsvist ákærðu í málinu og afplánun refsingar þeirra.

## 10.6. Niðurstaða Hæstaréttar um endurupptökubeiðni Sævars<sup>30</sup>

Niðurstaða Hæstaréttar var orðrétt sem hér segir:

*„Hér að framan hefur verið tekin afstaða til þeirra gagna og röksemda, sem talsmaður dómfellða færir fram fyrir endurupptöku hæstaréttarmálsins nr. 214/1978. Komist er að þeirri niðurstöðu að fæst þessara atriða fullnægi skilyrðum 184. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að koma til álita sem forsenda fyrir endurupptöku málsins. Byggist það aðallega á því að þau lágu fyrir Hæstarétti við uppkvaðningu dóms í málinu 22. febrúar 1980 og var þá tekin afstaða til þeirra. Nokkur atriði varða breytta réttarfarslöggjöf, sem öðlast hefur gildi eftir að dómur Hæstaréttar var kveðinn upp, en að sjálf-sögðu var farið með málið eftir þeirri réttarfarslöggjöf, sem þá var í gildi. Um meðferð málsins ber að hafa í huga að Hæstiréttur taldi á sínum tíma alvarlega galla vera á rannsókn þess, þótt ekki væri talið að þeir ættu að valda því*

<sup>30</sup> Niðurstöðu Hæstaréttar um beiðni Sævars um endurupptöku má finna í kafla VII í ákvörðun réttarins.

*að málið ónýttist eða ekki yrði af sakfellingu. Þessir gallar hafa þó að líkindum einhverju ráðið um það að niðurstaða Hæstaréttar varð nokkuð önnur en héraðsdóms.*

*Því næst er komist að þeirri niðurstöðu að dómfelldi hafi sætt ólögmetu harðræði í gæsluvarðhaldsvist í Síðumúlafangelsi, einkum í apríl og maí 1976. Samkvæmt dómi Hæstaréttar 22. febrúar 1980 var það að nokkru kunnugt en frekari gögn hafa komið fram um þetta. Hins vegar þykja þetta vera einu atriðin, sem færð hafa verið fram og til álita geta komið sem grundvöllur að endurupptöku málsins samkvæmt 184. gr. laga nr. 19/1991. Þau varða tímabil í gæsluvarðhaldsvist dómfellda, sem var annars vegar nokkrum mánuðum eftir að hann gaf skýrslur, þar sem hann játaði að eiga þátt í hvarfi Guðmundar Einarssonar og bar einnig sakir á fjóra nafngreinda menn um aðild þeirra að hvarfi Geirfinns Einarssonar, og hins vegar mörgum mánuðum áður en hann gekkst við aðild sinni að hvarfi hins síðarnefnda. Fyrir liggur að hluti þess harðræðis sem dómfelldi varð fyrir var ætlaður sem agaviðurlög við brotum hans á reglum sem um gæsluvarðhaldsvistina giltu. Þótt atriði þau, sem nú hafa verið leidd í ljós, styrki nokkuð fyrri ásakana dómfellda um harðræði í gæsluvarðhaldsvistinni, er það mat réttarins, að ekki hafi komið fram nýjar upplýsingar, sem líklegar væru til þess að hafa breytt niðurstöðu Hæstaréttar 22. febrúar 1980.*

*Samkvæmt framansögðu er ekki fullnægt skilyrðum 1. mgr. 184. gr. laga nr. 19/1991 til að verða við beiðni dómfellda, Sævars Marínós Ciesielski, um endurupptöku hæstaréttarmálsins nr. 214/1978.“*



## 11. Mannréttindanefnd Evrópu

Í kjölfar fyrrgreindrar niðurstöðu Hæstaréttar 15. júlí 1997, um fyrri endurupptöku-beiðni Sævars vegna hæstaréttarmálsins nr. 214/1978, leitaðist Ragnar Aðalsteinsson hrl. eftir því við mannréttindanefnd Evrópu (MNE) að mál Sævars yrði tekið til skoðunar af hálfu nefndarinnar.<sup>31</sup>

Í svari nefndarinnar, 20. janúar 1998, kom fram að því er varðar dóm Hæstaréttar 1980 að samkvæmt (þágildandi) 26. gr. sáttmálans væri skilyrði þess að nefndin gæti tekið mál til meðferðar að umsókn þar að lútandi bærisk innan sex mánaða frá því að fulln- aðar ákvörðun var tekin í málinu í heimalandinu. Að því er varðaði niðurstöðu endur- upptökumálsins tæki 1. mgr. 6. gr. sáttmálans ekki til slíkra mála, þar sem sá sem óskaði eftir endurupptöku sakamáls, sem endanlegur dómur hefði fallið í, væri ekki borinn sökum um refsiverða háttsemi í skilningi greinarinnar.<sup>32</sup>

Fram kom að með vísan til aðstæðna væri líklegt að málið yrði ekki talið tækt til efnis- meðferðar af hálfu nefndarinnar, yrði því fram haldið.

---

<sup>31</sup> Í nóvember 1998 var mannréttindanefnd Evrópu sameinuð við mannréttindadómstól Evrópu, þegar 11. sammingsviðauki mannréttindasáttmála Evrópu tók gildi.

<sup>32</sup> Vísað var til ákvörðunar nefndarinnar í málum nr. 19255/92, 21655/93, Oberschlick v. Austria, 16. maí 1995, Decisions and Reports 81-A, bls. 5.

## **12. Seinni endurupptökubeiðni Sævars Marinós Ciesielski, sbr. ákvörðun Hæstaréttar 18. mars 1999**

Með ákvörðun Hæstaréttar, 18. mars 1999, hafnaði rétturinn beiðni Sævars um endurupptöku hæstaréttarmálsins nr. 214/1978. Seinni ákvörðunin er samtals tæpar 5 blaðsíður í gerðabók Hæstaréttar. Fjallar hún um beiðni Sævars, dags. 2. febrúar 1999, um „að verða hreinsaður“ af brotum á 215. og 218. gr. almennra hegningarlaga, samkvæmt tilvísuðum ákærum 8. desember 1976 og 16. mars 1977. Beiðninni var fylgt eftir með frekari rökstuðningi og kröfum, með bréfum dags. 15. febrúar og 8., 10., 11. og 12. mars 1999, samkvæmt því sem segir í ákvörðun Hæstaréttar. Þrír dómarrar fjölluðu um endurupptökubeiðnina, þeir Pétur Kr. Hafstein, Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson.

Ákvörðun Hæstaréttar er í sjö köflum. Í fyrsta kafla er vísað til fyrri beiðni Sævars um endurupptöku, sbr. ákvörðunar réttarins 15. júlí 1997. Í öðrum kafla er lagt mat á afstöðu ríkissaksóknara til upptökubeiðninnar. Í þriðja kafla er lagt mat á þau atriði sem fram komu í bréfi Sævars 2. febrúar. Í fjórða kafla er lagt mat á röksemdir sem settar voru fram í bréfi Sævars 15. febrúar. Í fimmta kafla er farið yfir atriði sem fram komu í bréfi Sævars 8. og 10. mars og í sjötta kafla er fjallað um atriði í bréfi 12. mars. Í sjöunda kafla er ákvörðun réttarins tekin saman. Í samantektinni hér að neðan er efni ákvörðunarinnar rakið í annarri röð en þar er gert.

### **12.1. Tilvísun til rýmkunar á heimildum til endurupptöku dæmdra mála**

Í bréfi Sævars 15. febrúar 1999 var, samkvæmt ákvörðun Hæstaréttar, vísað til þess að á þeim tíma hafi legið fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, þar sem ráðgert var að bæta nýju ákvæði við 184. gr. laganna til rýmkunar á heimildum Hæstaréttar til endurupptöku dæmdra mála, með því að heimila endurupptöku í því skyni að endurmeta sönnunargögn. Frumvarpið var samþykkt sem lög nr. 36/1999 þann 10. mars 1999 og með þeim var umræddu ákvæði bætt var við sem c-lið 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála. Ákvæðið er nú efnislega óbreytt að finna í c-lið 1. mgr. 211. gr., sbr. 1. mgr. 215. gr., sakamálalaga nr. 88/2008. Umrætt frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála var lagt fram um miðjan desember 1998 og tóku löggin gildi 1. maí 1999, skv. 47. gr. laganna. Líkt og Hæstiréttur komst að niðurstöðu um í ákvörðun sinni var af þeim sökum ekki unnt að reisa beiðni um endurupptöku á hinum nýja staflið.

### **12.2. Afstaða ákærvalds og tilvísun til fyrri endurupptökubeiðni**

Hæstiréttur vísaði til umfjöllunar sinnar um fyrri beiðni Sævars um endurupptöku, sem tekin hefði verið afstaða til með ákvörðun réttarins 15. júlí 1997. Í ákvörðuninni hefðu verið rakin atvik málsins í meginatriðum, forsendur í dómi sakadóms Reykjavíkur og dómi Hæstaréttar auk niðurstöðu málsins.

Bogi Nilsson ríkissaksóknari lýsti, með bréfi dagsettu 5. mars 1999, þeirri afstöðu til beiðnarinnar að sá kafli laga um meðferð opinberra mála er fjallaði um endurupptöku dæmdra mála hefði ekki að geyma ákvæði um endurupptöku sama máls öðru sinni eða endurupptöku á niðurstöðum Hæstaréttar á fyrri endurupptökubeiðni. Því ætti ákvæði laganna um að ríkissaksóknari sendi Hæstarétti tillögur sínar um endurupptökubeiðni ekki við í málinu.

Varðandi afstöðu ákærvaldsins benti Hæstiréttur á að lög um meðferð opinberra mála legði ekki hindrun við því að dómfelldur maður leitaði endurupptöku máls síns oftan en eitt skipti. Engar lagareglur stæðu því í vegi að dómfelldi áréttaði röksemdir sem hann hefði fært fram í fyrri endurupptökubeiðni. Afstöðu yrði þá að taka til slíkra röksemda, eftir atvikum, með vísan til fyrri úrlausnar réttarins um endurupptökubeiðni.

Af þessum sökum væri afstaða ríkissaksóknara til endurupptökubeiðninnar ekki á hald- bærum rökum reist. Hins vegar stæði hún ekki í vegi þess að tekin yrði afstaða til beiðninnar, svo sem henni væri háttáð, enda lægi fyrir afstaða ríkissaksóknara til fyrri endurupptökubeiðni Sævars.

### **12.3. Keflavíkurgögn og játningar**

Fram kom að í beiðni sinni um endurupptöku 2. febrúar 1999 hefði Sævar í megin- atriðum vísað til þess að gögn ættu að vera í höndum ríkissaksóknara, sem ekki hefðu legið fyrir sakadómi Reykjavíkur eða Hæstarétti þegar dómur var felldur á málið. Um væri að ræða svokölluð „Keflavíkurgögn“ eins og þau væru nefnd í beiðninni, sem fjölluðu að mestu um „meint smygl og viðskipti með spíra“ og tengdust rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar.

Þá tæki Sævar nokkur dæmi um hvernig hann teldi að skort hafi á að játningar hans og annarra ákærðu í málinu bæri saman við áþreifanlegar staðreyndir. Loks hefði hann látið fylgja rannsóknir sem hann vísaði til að innihéldu upplýsingar sem leiddu í ljós að í málum sem þessum geti komið til játningar án þess að annað harðræði kæmi til en að manni væri haldið í einangrun og á hann bornar sakir.

Um þetta sagði Hæstiréttur að hvorki með beiðni Sævars né gögnum sem lögð hefðu verið fyrir réttinn á fyrri stigum væri að finna neitt til staðfestingar því að ríkissaksókn- ari hefði, gagnstætt neitun hans við meðferð fyrri endurupptökubeiðni Sævars, undir höndum svokölluð „Keflavíkurgögn“ eða hvað þau gögn gætu leitt í ljós til stuðnings endurupptökubeiðninni.

Þegar upphaflega hefði verið leyst úr málinu hefði verið tekin rökstudd afstaða til játn- inga Sævars og annarra, þ. á m. um atriði sem ekki hefðu legið önnur gögn fyrir um en þær sjálfar. Ekki gætu rannsóknir almenns eðlis, um áreiðanleika framburðar manna sem sæta einangrun við frelsissviptingu, einar og sér talist til nýrra gagna í skilningi a. liðar 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála. Sævar hefði ekki óskað eftir því að sérstök rannsókn yrði gerð á áreiðanleika skýrslna, sem hann gaf fyrir lögreglu og dómi við rannsókn og meðferð málsins.

Samkvæmt þessu hefði Sævar ekki fært fram haldbær rök fyrir endurupptöku málsins í beiðni sinni 2. febrúar 1999.

#### **12.4. Breytingar á lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, bótaréttur og endurheimtur haldlagðra muna**

Að því er varðaði tilvísun Sævars, í bréfi dagsettu 15. febrúar 1999, til frumvarps um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, sem lagt hafði verið fyrir Alþingi og gerði ráð fyrir rýmkun á heimild til endurupptöku dæmdra mála, hefði frumvarpið verið samþykkt 10. mars 1999. Samkvæmt ákvæðum breytingarlaganna öðluðust þau gildi 1. maí 1999 og því væri ekki unnt að reisa beiðni um endurupptöku á tilvísuðu ákvæði.

Einnig var í endurupptökubeiðninni deilt um tiltekin atriði í úrlausn Hæstaréttar á fyrri beiðni Sævars um endurupptöku málsins árið 1997, að því er varðar mat á upplýsingum um harðræði sem hann sætti í gæsluvarðhaldi. Þá hefði Hæstiréttur ekki í þeirri úrlausn tekið afstöðu til bótaréttar hans vegna meðferðarinnar sem hann sætti í Síðumúlafangelsi, og ekki hefði verið tekið tillit til kostnaðar Sævars af tilraun hans til að fá málið endurupptekið.

Samkvæmt ákvörðun Hæstaréttar voru með þessu ekki færðar fram röksemdir sem gæfu tilefni til þess að rétturinn mæti á nýjan leik afstöðu sína í úrlausn, 15. júlí 1997, til fyrirbyggjandi upplýsinga um harðræði í garð Sævars þegar hann sætti gæsluvarðhaldi.

Kröfu um bætur samkvæmt XXI. kafla laga um meðferð opinberra mála yrði að sækja í einkamáli eftir almennum reglum, sbr. 177. gr. laganna, sem fjallaði um ákvörðun bóta til þeirra sem saklausir hefðu þolað refsidóm eða þolað refsingu. Slíkt yrði ekki gert með beiðni um endurupptöku máls. Ákvæði 191. gr. laganna, sem Sævar hefði vísað til varðandi kostnað sinn af tilraun til að koma fram endurupptöku málsins, ætti aðeins við þegar endurupptaka hefði verið ráðin. Þá bæri að líta til þess að þóknun réttargæslumanns Sævars við beiðni um endurupptöku, sem leyst hefði verið úr 15. júlí 1997, hefði verið greidd úr ríkissjóði.

Fram kom að í bréfi dagsettu 12. mars 1999 hefði Sævar vísað til þess að hann hefði ekki fengið aftur muni, sem lagt hefði verið hald á við handtöku hans í desember 1975. Það atriði gæti ekki leitt til þess að unnt væri að verða við beiðni Sævars um endurupptöku málsins.

#### **12.5. Bindandi réttaráhrif dóma, lyfjagjöf og skýrslugjafir**

Að því er varðar viðhorf sem Sævar færði fram, varðandi sjónarmið og kenningar til bindandi réttaráhrifa dóma, gagnrýni á atriði í úrlausn Hæstaréttar frá 15. júlí 1997, einkum er varðaði harðræði og agaviðurlög, lyfjagjöf og aðbúnað í Síðumúlafangelsi, auk umfjöllunar um skýrslugjöf hans fyrir lögreglu og dómi, sagði Hæstiréttur að þau atriði gæfu ekki tilefni til að rétturinn mæti á nýjan leik þau atriði, sem leyst var úr þann 15. júlí 1997.

## 12.6 Niðurstaða

Niðurstöðuorð Hæstaréttar voru sem hér segir:

*„Samkvæmt framangreindu er ekkert komið fram nú, sem getur orðið til þess að orðið verði við kröfu dómfellda, Sævars Marinós Ciesielski, um endurupptöku hæstaréttarmálsins nr. 214/1978.“*

### **13. Breyting á ákvæði 184. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991**

Með lögum nr. 36/1999, um breyting á lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, var svohljóðandi staflið bætt við ákvæði 1. mgr. 184. gr. laganna sem fjallaði um skilyrði endurupptöku dæmdra mála:

*„c. ef verulegar líkur er leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í máli hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess.“*

Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 36/1999 segir um þessa breytingu að ákvæði laga um meðferð opinberra mála um endurupptöku dæmdra mála væru að stofni til frá árinu 1951 þegar fyrstu lögin voru sett. Fyrirhugað væri að láta fara fram heildarendurskoðun laganna og nauðsynlegt væri þá að huga nánar að þessum ákvæðum. Þó þætti rétt að leggja til að við lögin væri bætt heimild til að taka mál upp á ný í því skyni að endurmeta sönnunargögn. Hér væri um að ræða ákvæði, sem ætlað var að treysta réttaröryggi við mjög sérstakar aðstæður, í líkingu við samsvarandi ákvæði í 3. tölul. 1. mgr. 977. gr. dönsku réttarfarslaganna og 2. mgr. 392. gr. norsku laganna um meðferð sakamála. Þegar dómsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu gat hann þess að gert væri ráð fyrir að við skýringu og beitingu þessarar heimildar kæmu svipuð sjónarmið til álita og eiga við í umræddum nágrannalöndum Íslands. Lögin tóku gildi 1. maí 1999.

Efnislega samhljóða ákvæði er nú að finna í 211. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

## **14. Endurupptökubeiðni Erlu Bolladóttur, sbr. ákvörðun Hæstaréttar 22. júní 2000**

Fram kemur í endurupptökubeiðninni og öðrum bréfaskiptum lögmanns Erlu við Hæstarétt að með vísan til þeirrar vinnu og kostnaðar sem myndi fylgja því að undirbúa málið í heild fyrir endurupptöku og rökstyðja beiðni um slíkt til hlítar, sem útilokað væri fyrir Erlu að kosta, hefði sú leið verið valin að óska fyrst eftir endurupptöku og að Erlu yrði skipaður talsmaður á kostnað ríkissjóðs. Því næst yrði tæmandi rökstuðningi skilað í sérstakri greinargerð. Af þeim sökum var einungis farið fram á endurupptöku málsins að því er varðaði rangar sakargiftir.

Í beiðninni var farið yfir grundvöll málsins, en nánari rökstuðningur og tilvísanir að miklu leyti látnar biða væntanlegrar greinargerðar. Þó var vísað til greinargerðar Ragnars Aðalsteinssonar hrl. vegna endurupptökubeiðni Sævars frá 1997 og tekið undir það sem þar kom fram.

Í beiðni Erlu er sérstaklega vísað til þess að Alþingi hafði þá nýlega bætt ákvæði við 1. mgr. 184. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.<sup>33</sup> Með þeirri breytingu var Hæstarétti sérstaklega heimilað að endurupptaka mál í því skyni að endurmeta sönnunargögn. Leiddar eru líkur að því í beiðninni að sú lagabreyting hafi verið gerð í telfni af afgreiðslu Hæstaréttar á endurupptökubeiðni Sævars vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála, sbr. ákvörðun Hæstaréttar 15. júlí 1997.

Ákvörðun Hæstaréttar, sem samtals er 11 blaðsíður fjallaði um beiðni Erlu, um endurupptöku málsins að því varðaði rangar sakargiftir. Einar Gautur Steingrímsson hrl. rak málið fyrir Erlu. Þrjú dómara fjölluðu um beiðnina.

### **14.1. Umfjöllun Hæstaréttar**

#### **14.1.1. Rangar sakargiftir**

Vísað er til þess að ítarlega sé greint frá atvikum, skýrslum og sönnunargögnum í ákvörðun Hæstaréttar 15. júlí 1997, sem og í dómum sakadóms Reykjavíkur og Hæstaréttar frá 1978 og 1980. Þá er greint frá því hvernig Erla Bolladóttir hafði í desember 1975 verið látin laus úr gæsluvarðhaldi vegna svokallaðs póstsvikamáls og Guðmundarmáls. Þann 21. janúar 1976 hefði hún gefið sig fram við lögreglu vegna ótta og ónæðis og nefnt í því sambandi þrjá menn, Einar Bollason, Sigurbjörn Eiríksson og þriðja mann. Frá þessu sé greint í skýrslu lögreglu 10. mars 1976. Þar komi jafnframt fram að þetta hefði verið nefnt við Sævar, sem sat þá í gæsluvarðhaldi og hafði gert frá 12. desember 1975. Sævar hefði þá sagst halda að um væri að ræða ákveðna menn og taldi upp þá sömu og Erla hafði nefnt. Í framhaldinu hefðu verið teknar skýrslur af Sævari, Erlu og Kristjáni Viðari 22. og 23. janúar 1976 og hefðu þá nöfn svokallaðra fjórmenna

<sup>33</sup> Um 1. mgr. 184. gr. laganna sjá umfjöllun í 13. kafla hér að framan.

komið fram. Um nánari upplýsingar um skýrslur vegna hinna röngu sakargifta er vísað til ákvörðunar Hæstaréttar frá 1997.

Rakið er að Erla hefði í skýrslu þann 13. desember 1976 upplýst að eftir ferð til Keflavíkur 19. nóvember 1974 hefðu Sævar, Guðjón og Kristján Viðar ákveðið að koma sér saman um að nefna svokallaða Klúbbsmenn, kæmi til handtöku þeirra fyrrnefndu. Erla hefði staðfest skýrsluna fyrir dómi 22. desember 1976 og viðurkennt sakargiftir samkvæmt þessum kafla ákæru á hendur henni fyrir dómi 5. júlí 1977. Með sama hætti hafi Sævar viðurkennt í skýrslutökum að um hefði verið að ræða samantekin ráð en Kristján Viðar hefði í skýrslu fyrir dómi neitað þessum sakargiftum og sagt framburð hans hvað þetta varðar mega rekja til upplýsinga sem dómarafulltrúi, lögreglumenn og fangaverðir hefðu látið sér í té.

Vísað er til þess í ákvörðuninni að í dómi Hæstaréttar 22. febrúar 1980 hefði niðurstaða sakadóms verið staðfest að því er varðar umræddan kafla ákærunnar með vísan til framburða sem greint er frá í dómi sakadóms og framburða Erlu og Sævars um að ákærðu hefðu tekið saman ráð til að torvelda rannsókn málsins. Þá er rakið að í endurupptökubeiðni komi fram að Erla telji atvik ekki hafa verið leidd rétt í ljós við rannsókn málsins og hún hafi ekki gefið skýrslur þær sem leiddu til sakfellingar hennar. Rannsakendur hafi skref fyrir skref þrýst henni til að gangast við tilgátum þess efnis að Klúbbsmenn væru viðriðnir hvarf Geirfinns. Þrátt fyrir tilraunir til að leiðrétta framburð sinn hafi hún látið tilliðast að segja það sem rannsóknurum þóknaðist. Réttur sakborninga hafi verið svo lítilsvirtur að ekki sé unnt að treysta því að rannsókn málsins hafi leitt hið sanna og rétta í ljós. Í beiðninni komi fram að nauðsynlegt sé að meta andlegt ástand Erlu á nýjan leik, m.t.t. hegðunar hennar, ástands og gerða. Einnig þurfi að skoða hvort aðstæður og rannsóknaraðferðir hafi verið til þess fallnar að leiða Erlu út í að gefa rangar skýrslur.

#### **14.1.2. Umsögn ríkissaksóknara**

Hæstiréttur fjallaði um umsögn Boga Nilssonar ríkissaksóknara, sem barst 24. maí 2000, þar sem vísað var til ýmissa atriða í dómi sakadóms og Hæstaréttar. Jafnframt lagði ríkissaksóknari fram viðtal við Erlu í Helgarpóstinum 18. janúar 1980, og taldi ákærvaldið lýsingu á hinum röngu sakargiftum í viðtalinu vera í fullu samræmi við framburð hennar fyrir dómi 5. júlí 1977. Ekki hafi verið færðar verulegar líkur fyrir því að sönnunargögn hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu dómsins.

#### **14.1.3. Yfirlýsingar Erlu seint fram komnar**

Hæstiréttur fór einnig yfir yfirlýsingar Erlu frá febrúar og nóvember 1996 sem lagðar voru fram í fyrri endurupptökubeiðni Sævars og fjallað var um í ákvörðun Hæstaréttar 15. júlí 1997. Í þeirri ákvörðun hafi að því er fyrri yfirlýsinguna varðar ekki verið talið að haldbærar ástæður hefðu verið færðar fyrir svo síðbúinni breytingu á framburði Erlu og ekki talin efni til að taka mark á henni. Að því er þá síðari varðar hafi atriði í henni verið órökstudd og auk þess stangast í ýmsum eignum á við framburð hennar um sakar efnið. Því hefðu ekki verið talin efni til að taka tillit til þess sem í þeirri yfirlýsingu sagði.



#### 14.1.4. Nýtt ákvæði 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991

Gerð var grein fyrir ákvæðum 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála, þar sem fram komu skilyrði þess að taka mætti upp mál á ný að kröfu dómfellds manns í umfjöllun Hæstaréttar. Taldi rétturinn að engin ný gögn hefðu verið lögð fram eða líkur leiddar að því að afla mætti gagna sem ætla mætti að skipt hefðu máli fyrir niðurstöðu málsins. Þá hafi ekkert komið fram um refsiverða hegðun þeirra sem að rannsókni málsins komu eða annarra sem ætla mætti að hafi valdið rangri dómsúrlausn. Málsástæður í endurupptökubeiðninni væru því haldlausar að því er varðaði a. og b. liði 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Rakið var í forsendum Hæstaréttar að ákvæði c. liðar 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála mæli fyrir um endurupptöku ef verulegar líkur eru leiddar að því að sönnunargögn hafi verið rangt metin í máli svo áhrif hafi haft á niðurstöðu þess. Ákvæðið bæri að mati Hæstaréttar að skýra með hliðsjón af þeirri meginreglu að dómur á æðsta dómstigi sé endanlegur. Sú skýring fengi einnig stoð í athugasemdum með ákvæðinu í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 36/1999, þar sem m.a. hafi verið vísað til sambærilegra ákvæða í norskum og dönskum réttarfarslögum. Ákvæðinu sé ætlað að treysta réttaröryggi við mjög sérstakar aðstæður.

Fram kemur að því hafi ekki verið mótmælt af hálfu Erlu að framburður hennar hafi verið sá sem í gögnum málsins greinir. Hins vegar hafi ásetningur hennar aldrei staðið til þess að saklausir menn yrðu sakaðir eða dæmdir. Framburð hennar þessa efnis megi rekja til andlegs ástands hennar, auk hugmynda og háttsemi þeirra sem að rannsókni málsins stóðu. Af þeim sökum hafi hinar röngu sakargiftir verið henni refsilausar.

Hæstiréttur rakti að meðal gagna sem lögð voru fyrir sakadóm á sínum tíma hefði verið álitserð geðlæknis um geðheilbrigði Erlu. Fyrir Hæstarétti hefði verið aflað umsagnar Læknaráðs um álitserðina, á hana fallist og Erla talin sakhæf. Ekkert í endurupptökubeiðninni veitti líkur um að gögn um sakhæfi hefðu verið rangt metin eða að háttsemin hafi verið Erlu refsilaus.

Þá taldi rétturinn að engar viðhlítandi ástæður hefðu verið færðar fyrir því að Erla hefði ekki dregið játningu sína til baka og skýrt frá atvikum sem valdið hefðu hinum ranga framburði fyrir en með framangreindum yfirlýsingum 1996.

Ekki yrði heldur litið fram hjá framburði Sævars og Kristjáns Viðars, sem setið höfðu í gæsluvarðhaldi frá desember 1975 vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar. Þeir hafi ekki verið grunaðir um hvarf Geirfinns Einarssonar þegar þeir gáfu í janúar 1976 fyrst skýrslu um tengsl fjórmeninganna við hvarf hans. Framburður allra þriggja, Erlu, Kristjáns Viðars og Sævars hafi verið ítarlegur og borið saman í öllum meginatriðum. Ekki hafi verið leiddar líkur að því að þessi framburður hafi komið til vegna ólögmetra aðferða við rannsókn málsins eða háttsemi og hugmynda rannsækenda.

Að öllu þessu virtu taldi Hæstiréttur að líkur hefðu ekki verið færðar fyrir því að Erla hefði verið sakfelld samkvæmt umræddum kafla ákærunnar á hendur henni frá 16. mars 1977, vegna atvika sem hún bar ekki ábyrgð á og skýrslur hennar hafi af þeim sökum

verið rangt metnar fyrir dómi. Ekkert hafi fram komið sem gæfi tilefni til þess að fram færi frekari gagnaöflun eða að Erlu yrði skipaður sérstakur talsmaður. Skilyrðum 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála væri þannig ekki fullnægt.

## **14.2. Niðurstaða Hæstaréttar**

Vísað er til þess í ákvörðun Hæstaréttar að rétturinn hefði tvisvar áður fjallað um hæstaréttarmálið nr. 214/1978 og endurupptöku þess, í bæði skiptin vegna beiðni Sævars Marinós Ciesielski. Beiðni Sævars 23. nóvember 1994 var hafnað með ákvörðun þann 15. júlí 1997 og beiðni 2. febrúar 1999 var hafnað með ákvörðun þann 18. mars 1999.

Hæstiréttur taldi að afgreiða bæri beiðni Erlu strax á grundvelli framkominnar beiðni og tók þannig ekki tillit til fyrirætlunar Erlu og lögmanns hennar um að henni yrði skipaður talsmaður í því skyni að unnt yrði að skila inn ítarlegri greinargerð vegna beiðninnar. Umsögn ákærvaldsins barst réttinum 24. maí 2000 og ákvörðun réttarins lá fyrir 22. júní sama ár.

Með ákvörðun Hæstaréttar, 22. júní 2000, hafnaði rétturinn beiðni Erlu Bolladóttur um endurupptöku hæstaréttarmálsins nr. 214/1978.

## **14.3. Athugasemdir lögmanns Erlu Bolladóttur**

Með bréfi til Hæstaréttar, dagsettu 23. júní 2000, gerði lögmaður Erlu athugasemd við að honum hefði ekki verið gert kleift að skila athugasemdum við umsögn ákærvaldsins vegna endurupptökubeiðninnar, líkt og boðað hafði verið í bréfi til réttarins 29. maí s.á.

Í bréfinu 23. júní voru settar fram athugasemdir við bréf ríkissaksóknara í nokkrum töluliðum. Meðal annars að ekki hefði verið efni til að fara í umsögninni yfir málið efnislega, með vísan til þess að boðað hafði verið að frekari rökstuðningur myndi koma fram í greinargerð síðar meir. Þá kemur fram að í ljósi ákvörðunar Hæstaréttar 22. júní um að Erlu yrði ekki skipaður talsmaður, væri til skoðunar að ráðist yrði í þá vinnu að afla gagna og útbúa fullbúna greinargerð og í framhaldinu yrði Hæstarétti að líkindum send ný endurupptökubeiðni. Af því varð þó ekki.

## 15. Rannsókn Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara<sup>34</sup>

Magnús Leópoldsson fór þess á leit við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, með bréfi dagsettu 19. apríl 1998, að það hlutaðist til um að athugun færi fram á staðhæfingum vitna í heimildarmyndinni *Aðför að lögum*<sup>35</sup> um að lögreglumenn hafi í árslok 1974 gerst sekir um tilbúning sönnunargagna til að bendla Magnús við hvarf Geirfinns Einarssonar. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið taldi sig ekki hafa lagaheimild til að framkvæma slíka athugun en framsendi erindið til embættis ríkissaksóknara sem hafnaði beiðni Magnúsar um opinbera rannsókn með bréfi 10. júlí 1998.

Magnús lagði málið fyrir dómsmálaráðherra að nýju með bréfi 19. júlí 1998 og fór þess jafnframt á leit við dóms- og kirkjumálaráðuneytið að honum yrði greidd lögmannaðstoð. Lögmanningnum yrði falið að gera athugun á framkvæmd svokallaðrar Keflavíkurannsóknar og hvernig nafn Magnúsar og ljósmynd af honum var dregin inn í rannsóknina. Á þetta féllst ráðuneytið með bréfi 19. október 1998. Í framhaldinu tilkynnti Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. dóms- og kirkjumálaráðuneytinu að hann nyti umboðs Magnúsar vegna þessa máls og fór þess jafnframt á leit við dómsmálaráðherra að hann aflaði lagaheimildar á Alþingi til að fram mætti fara rannsókn á því hver tildrögin voru að gerð leirmyndarinnar í Keflavíkurannsókninni og gæsluvarðhaldinu yfir Magnúsi. Úr varð breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og lögmaðurinn óskaði þá eftir því við embætti ríkissaksóknara að embættið mælti fyrir um hina umbeðnu rannsókn. Ríkissaksóknari vísaði til fyrri leirhöfðurannsóknarinnar frá árinu 1979 þar sem þáverandi lögmaður Magnúsar hafi óskað eftir rannsókn á gerð leirmyndarinnar en að þeirri rannsókn lokinni kom ekki til aðgerða af hálfu ríkissaksóknara.

Lögmaður Magnúsar, lýsti því þá yfir við embætti ríkissaksóknara að rannsóknarbeiðnin væri ekki einskorðuð við tildrög þess að gerð var leirmynd og rökstuddi beiðni sínar frekar. Embætti ríkissaksóknara hafnaði beiðninni um opinbera rannsókn með ítarlegu bréfi 15. september 1999. Lögmaður Magnúsar krafðist þess þá við embætti ríkissaksóknara að ákvörðunin yrði endurskoðuð ella myndi hann beita heimild til að leggja til við forseta Íslands að ákvörðunin yrði felld úr gildi og sérstakur saksóknari settur til að fara með málið. Ríkissaksóknari tilkynnti um að höfnun á beiðni um opinbera rannsókn stæði óhöguð með bréfi 25. október 1999.

Lögmaður Magnúsar óskaði þá með bréfi 18. janúar 1999 að dómsmálaráðherra, með atbeina forseta Íslands, felldi umrædda ákvörðun ríkissaksóknara úr gildi og setti sérstakan saksóknara til að fara með umbeðna rannsókn. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið leitaði umsagnar ríkissaksóknara vegna málsins. Með bréfi 5. desember 2000 kynnti dómsmálaráðuneytið lögmanni Magnúsar að það teldi ekki heimild vera fyrir hendi til að skjóta áðurgreindri synjun ríkissaksóknara um opinbera rannsókn til ráðherra á grundvelli 2. mgr. 26. gr. laga um meðferð opinberra mála og var beiðninni því hafnað.

<sup>34</sup> Svokölluð seinni leirhöfuðsrannsókn, 2001-2003.

<sup>35</sup> Sigursteinn Mátsson og Kristján Guy Burgess, *Aðför að lögum*, heimildarmynd sýnd 1997.

Hins vegar var í því bréfi jafnframt greint frá fyrirætlun dómsmálaráðherra um að slík heimild yrði lögleidd og ef frumvarp ráðherra yrði að lögum myndi ráðuneytið taka mál Magnúsar til meðferðar að eigin frumkvæði. Það gekk eftir og var Lára V. Júlíusdóttir hrl. settur saksóknari með bréfi dómsmálaráðherra þann 25. maí 2001, samkvæmt 4. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Henni var falið að annast opinbera rannsókn á tildrögum þess að Magnús Leópoldsson var á sínum tíma grunaður um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar í Keflavík og látinn sæta gæsluvarðhaldi vegna þess á fyrri hluta árs 1976.<sup>36</sup>

### **15.1. Afmörkun rannsóknarinnar**

Rannsóknarefni setts saksóknara voru þrjú. Í fyrsta lagi, aðdragandi þess að gerð var leirmynd sem byggð var á lýsingu vitna á manni sem kom í Hafnarbúðina í Keflavík þann 19. nóvember 1974, og hvernig var staðið að gerð hennar. Í annan stað, tildrög þess að nafn Magnúsar Leópoldssonar kom fram í rannsókn á Geirfinnsmáli sem leiddi til handtöku hans í janúar 1976. Í þriðja lagi, ástæður þess að gæsluvarðhaldsvist Magnúsar Leópoldssonar stóð svo lengi sem raun varð í ljósi þeirra gagna sem þá lágu fyrir í málinu.

Ljóst er af þessari upptalningu að rannsóknarefni setts saksóknara voru mjög afmarkaðir þættir í rannsókn Geirfinnsmálsins. Settur saksóknari fjallar um það í skýrslu er hún ritaði um vinnu sína til dómsmálaráðherra að rannsóknin hefði að mörgu leyti töluverða sérstöðu umfram hefðbundnar rannsóknir sakamála. Þannig væri rannsóknin sú fyrsta sem grundvallaðist á áðurgreindum breytingum á 66. gr. laga um meðferð opinberra mála auk þess sem um væri að ræða rannsókn á ákveðnum hluta sakamáls sem þá hefði átt sér stað fyrir rúmum aldarfjórðungi. Settur saksóknari fjallar einnig um það að ætla mætti að allar sakir, ef einhverjar eru, væru löngu fyrndar. Farið var yfir gögn málsins og voru formlegar skýrslur teknar af 27 einstaklingum sem allir höfðu réttarstöðu vitnis nema einn sem óskaði sjálfur eftir að hafa réttarstöðu sakbornings. Þar að auki voru tekin símaviðtöl við a.m.k. 14 einstaklinga.

### **15.2. Niðurstöður**

Í skýrslu setts saksóknara komst hún að þeirri niðurstöðu að leirmyndin hafi verið gerð eftir fyrirsögn sjónarvotta þó ekki væri ljós þáttur eins þeirra við þá vinnu. Ekkert hafi komið fram við rannsóknina sem benti til þess að rannsóknaraðilar í Keflavík hafi ætlað að láta leirmyndina líkjast Magnúsi Leópoldssyni.

Þá var það niðurstaða saksóknara að það hefði legið fyrir í ársbyrjun 1975 að mikill orðrómur hefði verið á kreiki um ætlaða aðild Sigurbjörns Eiríkssonar og Magnúsar Leópoldssonar að hvarfi Geirfinns Einarssonar en það hefðu hins vegar verið framburðir Sævars, Erlu og Kristjáns Viðars, um ætlaða aðild Magnúsar Leópoldssonar og annarra

---

<sup>36</sup> Skýrsla Lára V. Júlíusdóttur, setts saksóknara, 2003, bls. 6-7.

að hvarfi Geirfinns sem leiddu til þess að Magnús var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Að lokum var það niðurstaða saksóknara vegna þriðja rannsóknarefnisins að Magnús hefði sætt gæsluvarðhaldi jafn lengi og raun bar vitni þar sem allan þann tíma hefðu rannsóknaraðilum verið að berast ábendingar er tengdust Magnúsi beint eða óbeint. Á sama tíma hefðu sakborningar í málinu borið þá Magnús, Sigurbjörn, Einar og Valdimar ítrekað sökum beint eða óbeint.

Í skýrslunni benti settur saksóknari á nokkur atriði sem henni þótti athyglivert að skoða frekar en féllu utan afmörkunar á hennar rannsókn. Má nefna sem dæmi yfirheyrsluskýrslur fangavarda og gögn sem höfðu verið tekin út úr málinu, til dæmis handskrifuð yfirlýsing Erlu Bolladóttur um afturköllun játningar, til Arnar Höskuldssonar fulltrúa yfirsakadómara 14. ágúst 1976.

### **15.3. Skýrslan send embætti ríkissaksóknara**

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dagsettu 5. febrúar 2003, til embættis ríkissaksóknara var skýrsla setts saksóknara send embættinu. Í bréfinu kemur fram að það sé mat ráðuneytisins að markmið rannsóknarinnar hafi náðst að fullu og ekki væri tilefni til frekari aðgerða af hálfu ráðuneytisins.

Í bréfinu kemur enn fremur fram að í skýrslu setts saksóknara sé á nokkrum stöðum vakin athygli á nýjum upplýsingum sem fram komu við athugun hans en félli ekki undir efnissvið umræddrar rannsóknar. Ráðuneytið gerði ábendingar setts saksóknara að sínum og kom þeim á framfæri við ríkissaksóknara, sbr. 2. mgr. 25. og 1. og 2. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Jafnframt beindi ráðuneytið því til ríkissaksóknara að taka til skoðunar, sbr. 2. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála, hvort tilefni væri til að gera dómfelldu í hæstaréttarmálinu nr. 214/1978 sérstaklega grein fyrir nýjum upplýsingum í umræddri skýrslu. Í greininni var kveðið á um að þeim sem að lögum ættu að vinna að rannsókn eða meðferð opinberra mála og fengju vitneskju eða grun um atriði sem í 1. mgr. greindi og leitt gæti til endurupptöku dæmde máls, bæri að veita dómþola vitneskju um það.

Í svarbréfi Boga Nilssonar ríkissaksóknara 26. febrúar 2003 til ráðuneytisins segir að sérstaklega hafi verið skoðað hvort tilefni væri til að gera dómfelldu í hæstaréttarmálinu nr. 214/1978 grein fyrir nýjum upplýsingum í skýrslu setts saksóknara. Um þetta atriði sagði ríkissaksóknari í bréfi sínu til ráðuneytisins að Hæstiréttur tæki ákvörðun um endurupptöku að fenginni endurupptökubeiðni, venjulega frá dómfellda. Að lokinni athugun á efni skýrslu setts saksóknara ásamt dómi og gögnum í hæstaréttarmálinu nr. 214/1978 var það mat ríkissaksóknara að ekki væri tilefni til að gera dómfelldu í nefndu hæstaréttarmáli sérstaka grein fyrir atriðum í skýrslunni á grundvelli 2. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála.

# Seinni hluti

## **16. Starfshópur um Guðmundar- og Geirfinnsmál**

### **16.1. Skipun starfshóps, hlutverk og afmörkun verkefnis**

Starfshópur um Guðmundar- og Geirfinnsmál var skipaður þann 7. október 2011 af Ögmundi Jónassyni, innanríkisráðherra. Samkvæmt skipunarbréfi starfshópsins var það hans hlutverk að fara yfir málið í heild sinni en sérstaklega þá þætti sem snúa að rannsókn málsins og framkvæmd rannsókna. Í áfangaskýrslu skyldi koma fram hvaða þætti væri rétt að yfirfara og/eða rannsaka sérstaklega og til hvaða ráðstafana unnt væri að grípa varðandi framhald málsins. Starfshópurinn bjó ekki yfir rannsóknarheimildum en gat óskað viðtala með samþykki hlutaðeigandi aðila auk þess sem starfshópurinn gat kallað ýmsa sérfræðinga sér til ráðgjafar. Í samræmi við það verkefni sem starfshópnum var ætlað og þann tilgangs sem vísað var til um vinnu hópsins starfaði hópurinn og aflaði gagna með vísan til b. liðar 1. mgr. 5. gr. lögregluglaga nr. 90/1996 og 19. gr. laga um meðferð sakamál nr. 88/2008.

Fyrsta verkefni starfshópsins var að hefja gagnaöflun og afmarka verk sitt með skýrari hætti m.t.t. þess tímaramma og vinnuframlags sem verkefninu var ætlað. Starfshópurinn einblínir í þessari skýrslu á rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála en fjallar ekki um þá þætti málsins sem lutu að öðrum sakarefnum en beinlínis vörðuðu afdrif Guðmundar og Geirfinns og rangar sakargiftir. Starfshópurinn ákvað að fjalla eingöngu um rannsókn málanna hjá lögreglu og eftir atvikum dómsrannsókn fyrir sakadómi en ekkert mat er í skýrslunni lagt á meðferð málsins fyrir dómi m.t.t. sönnunarmats dómara o.s.frv. Hins vegar er fjallað um ákvarðanir vegna beiðna um endurupptöku sem lagðar hafa verið fyrir Hæstarétt en þar er að finna ítarlega umfjöllun um rannsókn málanna. Þá skoðaði starfshópurinn rannsóknir sem fram hafa farið sem tengjast rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála með beinum eða óbeinum hætti. Ákveðið var að starfshópurinn myndi leggja áherslu á umfjöllun um rannsókn lögreglu gagnvart þeim sem sakfelldir voru fyrir að vera valdir að dauða þeirra Guðmundar Einarssonar í janúar 1974 og Geirfinns Einarssonar í nóvember sama ár og þeirra sem sakfelldir voru fyrir rangar sakargiftir og fyrir að hafa aðstoðað við líkflutninga og greftrun.

### **16.2. Vinna starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmáls**

Starfshópurinn setti sér verklagsreglur sem hann starfaði eftir. Starfshópurinn skipti með sér verkum í grófum dráttum og allir meðlimir starfshóps komu að ritun skýrslu. Gagnaöflun og úrvinnsla gagna var sú vinna sem tók hve lengstan tíma enda eru umrædd gögn afrakstur mikillar vinnu margra rannsóknarlögreglumanna um árabíl og umfangið því mikið. Auk rannsóknargagna unnu skýrsluhöfundar með gögn sem tilheyrðu ákærvaldi, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og fangelsunum.

Starfshópurinn hélt um 30 fundi á tímabilinu og tók um 40 viðtöl, þ. á m. við dómfelldu, sérfræðinga sem starfshópurinn kallaði sér til ráðgjafar, lögreglumenn og fangaverði.

Öll gögn sem starfshópnum bárust voru vistuð í skjalavörslu innanríkisráðuneytisins á meðan starf hópsins stóð yfir. Um aðgang almennings að gögnum starfshópsins gilda reglur upplýsingalaga nr. 140/2012.

### 16.3. Gagnaöflun

Starfshópurinn, ásamt innanríkisráðuneyti, sóttu gögn málsins. Þannig var starfshópurinn í aðstöðu til að hafa yfirsýn yfir þau gögn sem sækja þyrfti og spyrjast fyrir vegna þeirrar vinnu sem hann vann á vegum innanríkisráðuneytisins. Gagnaöflun var seinunnið verk og ljóst er að einhver hluti gagnanna kom ekki í leitirnar undir vinnu starfshópsins.

Starfshópurinn óskaði fyrst eftir gögnum frá Þjóðskjalasafni Íslands þar sem flest gögn voru vörsluð.<sup>37</sup> Því erindi starfshópsins var tekið með jákvæðum hætti í fyrstu og hópunum tjáð að safnið myndi annast ljósritun gagna og afhenda þegar þeirri vinnu væri lokið. Undir lok desember 2011 fékk starfshópurinn þær upplýsingar frá Þjóðskjalasafni að áhöld væru uppi um heimildir starfshóps og innanríkisráðuneytis til að sækja gögn til Þjóðskjalasafns var og starfshópurinn boðaður til fundar í Þjóðskjalasafni. Eftir fund fulltrúa starfshóps og þjóðskjalavarðar og lögfræðings sem Þjóðskjalasafnið hafði leitað til af þessu tilefni var það niðurstaða Þjóðskjalasafnsins, með vísan til 16. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 að safnið gæti ekki veitt starfshópi eða innanríkisráðuneyti aðgang að umbeðnum gögnum. Var það með vísan til þess að um dómskjöl væri að ræða, sem aðeins aðilar máls nytu aðgangs að. Þess í stað þyrftu einstakar undirstofnanir innanríkisráðuneytisins að sækja gögnin til Þjóðskjalasafnsins og afhenda innanríkisráðuneytinu og starfshópnum. Fulltrúar starfshóps mótmæltu þessari lagatúlkun enda hefði ekki verið skilið skýrt á milli lögreglu- og dómsvalds á tíma rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmála.

Starfshópurinn óskaði í kjölfarið eftir því við embætti ríkislögreglustjóra annars vegar og héraðsdóm Reykjavíkur hins vegar að óska eftir gögnum málsins við Þjóðskjalasafn Íslands og fá þau síðan afhent. Viðkomandi stofnanir brugðust skjótt og örugglega við erindi starfshópsins en þessar stofnanir eru skilgreindir sem afhendingaraðilar gagna rannsóknarlögreglu Reykjavíkur og sakadóms Reykjavíkur annars vegar og gagna rannsóknarlögreglu ríkisins hins vegar.

---

<sup>37</sup> Í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 kemur fram í 1. mgr. 5. gr. hverjir skuli afhenda skjöl sín Þjóðskjalasafni til varðveislu. En það eru embætti forseta Íslands, Alþingi, Hæstiréttur, Stjórnarráðið og þær stofnanir sem undir það heyra, svo og aðrar stofnanir ríkisins, fyrirtæki í eigu ríkisins, félagasamtök sem fá meiri hluta rekstrarfjár síns með framlagi á fjárlögum og félög sem njóta verulega styrks af opinberu fé. Meðal annars er kveðið á um í 6. gr. laganna að afhenda skuli Þjóðskjalasafni skilaskyld skjöl að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð þrjátíu ára aldri. Forstöðumenn skilaskyldra stofnana beri ábyrgð á skjalavörslu stofnananna. Afhendingarskyldir aðilar séu skyldugir að hlíta fyrirmælum safnsins um skráningu, flokkun og frágang skjala. Í 7. gr. sömu laga kemur fram að afhendingarskyldum aðilum sé óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum um ónýtingu skjala.



Rétt er að nefna að í upphafi árs 2010 fóru fram bréfaskipti milli embættis ríkislögreglustjóra og embætti ríkissaksóknara þar sem ákvörðun var tekin um að ríkissaksóknari veitti heimild til aðgangs að gögnum rannsóknarlögreglu ríkisins sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni Íslands. Þegar starfshópurinn leitaði til embættis ríkissaksóknara var hins vegar vísað til þess að skjalasafn RLR væri á forræði embættis ríkislögreglustjóra.

Undir lok júlímánaðar 2012 fundust til viðbótar tveir stórir kassar af gögnum í Þjóðskjalasafni sem tilheyra rannsóknagögnum Geirfinnsmáls. Kassarnir fundust fyrir tilviljun þegar verið var að forfæra skjalakassa í safninu. Hluta þeirra gagna hafði starfshópurinn ekki haft undir höndum áður. Gögnin voru óflokkuð en um var að ræða eintök af ágripsbindum, ýmsum rannsóknargögnum lögreglu, upplýsingar um lyfjagjafir, dagbók rannsakenda, ýmsar rannsóknir RLR í tengslum við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála og önnur gögn lögreglu ótengd umræddum sakamálum.

Enn fundust gögn í Þjóðskjalasafni í byrjun janúar 2013. Starfshópurinn hafði þá um skeið leitað ákveðinna gagna en hvert sem leitað var fengið þau svör að fleiri gögn væru ekki skráð hjá viðkomandi stofnun. Það var svo í byrjun árs 2013 sem starfshópurinn fékk staðfestingu á því að fleiri gögn væru til og að þau væru að öllum líkindum í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands. Starfshópurinn óskaði fundar með þjóðskjalaverði og starfsmönnum Þjóðskjalasafns til að gera grein fyrir upplýsingum sem starfshópurinn hafði um að fleiri gögn hlytu að vera í vörslu safnsins. Daginn eftir, þann 9. janúar 2013, fundust gögnin en um var að ræða 13 flutningskassa sem tilheyra Geirfinnsmálinu og Lára V. Júlíusdóttir hrl. studdist við í sinni vinnu.<sup>38</sup> Aðeins hluta þeirra gagna hafði starfshópurinn ekki haft áður undir höndum en það voru til dæmis gögn frá Schütz og rannsóknarnefnd Reykjavíkur, handskrifadir minnisþingtar lögreglumanna og framburðir sakborninga ritaðir af fangavörðum.

Þegar Lára V. Júlíusdóttir hrl. framkvæmdi sína rannsókn sem settur saksóknari hafði dóms- og kirkjumálaráðuneytið aflað gagna fyrir hennar vinnu þegar hún hóf störf og voru gögnin sérstaklega tilgreind sem gögn í Geirfinnsmáli. Í ljósi þess hve ónákvæm skráning er um gögn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna og yfirlit yfir heildargögn ekki til staðar er athyglivert að fyrir svo skömmu síðan skuli hafa verið unnt að aðgreina gögn Geirfinnsmáls annars vegar og gögn Guðmundarmálsins hins vegar en afar fá gögn liggja fyrir um Guðmundarmálið og upphaf þess.

Eiríkur Guðmundsson þjóðskjalavörður, ritaði sérstaka greinargerð dagsetta 22. febrúar 2013 til starfshópsins, um gögn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna sem vörsluð eru í Þjóðskjalasafni. Í greinargerðinni kemur m.a. fram að skjöl frá rannsóknarlögreglu ríkisins hafi borist í Þjóðskjalasafn frá ríkislögreglustjóra árið 1998. Þá hafi verið gert samkomulag milli safnsins og ríkislögreglustjóra um að gömul kærúmal frá RLR yrðu til varðveislu í Þjóðskjalasafni. Forræði safnsins hafi áfram verið í höndum starfsmanna ríkislögreglustjóra og hefði það embætti eitt yfirlit yfir hvaða gögn væru í safni RLR. Enn hafi ekki verið gengið frá skjölum RLR með formlegri afhendingu að uppfylltum

<sup>38</sup> Rannsókn setts saksónara frá 2001-2003, sbr. umfjöllun í 15. kafla fyrri hluta skýrslu.

skilyrðum Þjóðskjalasafns um frágang og skráningu. Hluti þeirra gagna sem starfshópurinn hafi fengið sé úr þessu safni og hafi leit verið tafsöm.

Þá telur starfshópurinn rétt að vekja athygli á því að gögn rannsóknarlögreglu Reykjavíkur virðast hafa borist RLR, væntanlega vegna þeirra rannsókna sem RLR framkvæmdi á sínum tíma, og þaðan hafi þau verið afhent til Þjóðskjalasafns. Af þeim sökum hafi gögn sem héraðsdómur ætti e.t.v. með réttu að teljast afhendingaraðili að endað í skjalasafni sem ríkislögreglustjóri hefur forræði yfir. Starfshópurinn telur brýnt að nú þegar öll þau gögn sem vitað er um að tilheyri Guðmundar- og Geirfinnsmálunum eru á einum stað verði tækifærið nýtt til að flokka þau en gera má ráð fyrir að sú vinna verði nokkuð tímafrek og kostnaðarsöm.

Hjá Fangelsismálastofnun ríkisins var nokkur hluti gagna sem vörpuðu ljósi á gæsluvarðhaldsvist sakborninga í Guðmundar- og Geirfinnsmáli auk þess sem fangelsisdagbækurnar voru sóttar til stofnunarinnar.

Sem fyrr segir heimiluðu embætti ríkislögreglustjóra og héraðsdómur Reykjavíkur starfshópnum aðgang að öllum gögnum Guðmundar- og Geirfinnsmála frá rannsóknarlögreglu ríkisins annars vegar og sakadómi Reykjavíkur hins vegar en þau voru öll vörsluð hjá Þjóðskjalasafni Íslands.

Hæstiréttur vísaði til umbeðinna gagna sem *gagna í tengslum við endurupptökubeiðni Sævars Marinós Ciesielski frá árinu 1994 á hæstaréttarmáli nr. 214/1978*. Þá vísaði rétturinn til 16. gr. laga nr. 88/2008 og synjaði ráðuneytinu um aðgang að gögnum þar sem aðrir en aðilar máls og brotapolí ættu ekki rétt á aðgangi að öðrum gögnum sakamála en ákæru, greinargerð ákærða, endurríti úr dómabók og af úrskurðum og ákvörðunum sem færðar hafi verið í þingbók. Gögnin eru vistuð í skjalageymslu Hæstaréttar. Fulltrúar starfshópsins fengu hins vegar aðgang að gögnunum í skjalageymslunni þar sem þeir fengu að sjá þau gögn sem í réttinum liggja, fletta þeim og skoða gaumgæfilega.

Embætti ríkissaksóknara afhenti starfshópnum öll gögn sem hjá embættinu lágu vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála en engin gögn frá ríkissaksóknara voru skráð í vörslu Þjóðskjalasafnsins.

Embætti sýslumannsins í Keflavík afhenti starfshópnum eina möppu sem var vörsluð hjá þar en að öðru leyti var vísað til Þjóðskjalasafnsins og fékk starfshópurinn afhent önnur gögn Keflavíkurrannsóknarinnar frá safninu.

Þá naut starfshópurinn aðgangs að öllum gögnum í skjalasafni innanríkisráðuneytisins er vörðuðu Guðmundar- og Geirfinnsmál með einum eða öðrum hætti. Flest þeirra gagna eru nú vistuð í Þjóðskjalasafni Íslands að rannsóknargögnum Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara, undanskildum.

### 16.3.1. Tilvísun skýrsluhöfunda til gagna í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum

Öll gögn málsins í skýrslu þessari er tilvísun til allra gagna sem búin hafa verið til við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna, formleg og óformleg, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi og starfshópurinn hefur undir höndum.

1. Fjallað er um **ágripíð** í skýrslu þessari sem þau gögn málsins, og í þeirri framsetningu, sem þau voru lögð fyrir dóm.
2. Í þessari skýrslu er vísað til **gagna lögreglu** sem allra gagna sem urðu til við rannsókn málanna hjá lögreglu, bæði formleg og óformleg. Dæmi um formleg gögn eru yfirheyrsluskýrslur, upplýsingaskýrslur og dagsett og undirrituð bréf og yfirlýsingar. Dæmi um óformleg gögn eru handskrifaðir minnisþingar lög-  
reglumanna.
3. **Núllskjöl** eru gögn lögreglu sem urðu til á tíma lögreglurannsóknar sem ekki voru gerð aðgengileg fyrir verjendum og dómara og eftir atvikum ákærvaldið með sama hætti og önnur gögn, t.a.m. vegna þess að þau voru aldrei færð inn í ágripíð eða vegna þess að þau voru fjarlægð úr því áður en málið var lagt fyrir dóm. Í sumum tilvikum hafa slík gögn ekki verið skráð formlega. Slík skjöl hafa af mismunandi ástæðum ekki verið látin fylgja gögnum sem lögð voru fyrir dóm og gerð aðgengileg verjendum.<sup>39</sup> Í þeim geta verið upplýsingar sem augljóslega hafa ekki þýðingu fyrir viðkomandi mál en í einhverjum tilvikum getur það verið gagnrýniverð að slík skjöl voru ekki aðgengileg með sama hætti og önnur gögn málsins.

### 16.3.2. Frekari heimildir og upplýsingar

Starfshópurinn leitaði heimilda í safnadeild ríkisútvarpsins en þar var m.a. að finna heimildir um blaðamannafund og viðtal við Karl Schütz um rannsóknina, viðtal við varaforseta Hæstaréttar í tengslum við fyrri endurupptökubeiðni Sævars og útvarps- og sjónvarpsviðtöl við Guðjón Skarphéðinsson varðandi játningar hans svo fátt eitt sé nefnt.

Starfshópurinn hafði samband við Sigurstein Músson en hann gerði sjónvarpsmyndina *Aðför að lögum* sem fyrst var sýnd í sjónvarpi árið 1997. Hann bjó yfir óklipptum viðtölum við Jón Bjarman fangaprest, Jón Oddsson, verjanda Sævars, Sævar og Tryggva Rúnar en þeir eru allir fallnir frá.

Starfshópurinn gekk úr skugga um að gögn sem tilheyrðu vinnu Jóns Bjarman fanga-  
prests, væru til í dag. Starfshópurinn leitaði slíkra gagna hjá Biskupsstofu, í skjalasafni innanríkisráðuneytis, hjá Fangelsismálastofnun og fjölskyldu Jóns Bjarman en án árangurs.

### 16.3.3. Týnd vinnugögn og skýrslur lögreglu

Engin stofnun gat í raun veitt upplýsingar um heildaryfirlit allra gagna Guðmundar- og Geirfinnsmálanna. Starfshópurinn varð þess fljótt áskynja að hann hafði ekki gögn undir

<sup>39</sup> Orðið núllskjöl er notað í Noregi (nulldokument) og hefur þar sömu merkingu, þ.e. skjal sem hjá hinu opinbera hefur verið fært í sérstaka möppu eða hefur ekki verið skráð formlega.

höndum sem augljóslega höfðu verið gerð við rannsókn málanna og má sem dæmi nefna þau gögn sem fundust í júlí 2012 og janúar 2013 í Þjóðskjalasafni.<sup>40</sup> Hópurinn hefur unnið nákvæma rafræna skjalaskrá úr þeim gögnum sem hann hafði undir höndum og mun hún fylgja gögnum málsins til Þjóðskjalasafns Íslands að vinnu starfshópsins lokinni.

Þau gögn sem starfshópurinn telur líklegt að hafi orðið til við rannsókn málanna en enn ekki fundist eru helst þessi:

*Frekari gögn frá Schütz og rannsóknarnefnd Reykjavíkur.* Starfshópurinn telur líklegt miðað við umfang rannsóknarinnar að fleiri gögn hafi verið þýdd á þýsku fyrir Schütz en ella má draga þá ályktun að hann hafi ekki haft nægilega góða yfirsýn yfir rannsóknina á tungumáli sem hann skildi.

*Fundargerðir rannsóknarnefndar Reykjavíkur.* Starfshópurinn fékk upplýsingar um að Schütz hafi haldið daglega fundi með rannsóknarnefnd Reykjavíkur og að rituð hafi verið fundargerð. Þær fundargerðir hafa ekki fundist.

*Lögregluskýrslur eða minnisþingur vegna yfirheyrsla yfir Einari Gunnari Bollasyni, Magnúsi Leópoldssyni, Sigurbirni Eiríkssyni og Valdimar Olsen frá janúar til maí 1976.*

*Frekari gögn er varða rannsókn Guðmundarmáls og minnisþingur lögreglumanna í tengslum við hana.*

*Lyfjaskrár.* Skrár sem vísað er til í dagbókum Síðumúlafangelsis yfir lyf sem færð voru föngum. Þær hafa ekki fundist undir vinnu starfshópsins heldur einungis vottorð Guðsteins Þengilssonar fangalæknis sem fylgja gögnum málsins og voru þau vottorð unnin samkvæmt upplýsingum úr umræddum lyfjaskrá.

#### **16.3.4. Núllskjöl**

Við rannsókn lögreglu á Guðmundar- og Geirfinnsmálunum urðu til fjöldi formlegra gagna sem ekki voru lögð fyrir dóm.

Hér er vísað til núllskjala sem gagna lögreglu<sup>41</sup> sem eru ekki aðgengileg með sama hætti og önnur gögn í sama máli, ýmist vegna þess að þau höfðu aldrei verið færð inn í ágrip<sup>42</sup> eða vegna þess að þau höfðu verið fjarlægð úr ágripinu áður en málið var lagt fyrir dóm. Einnig getur verið um að ræða gögn sem ekki voru formlega skráð.

Það þarf í sjálfu sér ekki að vera óeðlileg framkvæmd að gögn séu felld út úr máls- gögnum þegar uppi er sú staða að gögn eru tvítekin í máli. Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, veitti skýringar á því að gögn vantaði í Reykjavíkurrannsóknina með ódagsettu yfirliti yfir blaðsíður sem vantaði í rannsókn Geirfinnsmálsins.

<sup>40</sup> Þess má geta að leirhöfuðið er í vörslu fyrrverandi lögreglumanns í tæknideild.

<sup>41</sup> Hér er miðað við skilgreiningu skýrsluhöfunda á *gögnum lögreglu* í kafla 16.3.1. hér að framan.

<sup>42</sup> Sjá umfjöllun um *ágrip* í kafla 16.3.1.

Meðal gagna lögreglu er ódagsettur, óundirritaður og handskrifaður listi yfir blaðsíðutöl í ágripi rannsóknarinnar þar sem tilgreint er hvaða blaðsíður eigi að taka þar út og sömuleiðis listi yfir þær blaðsíður sem færa skuli inn eða vera inni. Að hluta til er um að ræða sömu ágripsnúmer og Örn Höskuldsson vísaði til og færði fram skýringar á að væru ekki meðal gagna ágripsins. Starfshópurinn telur skýringarnar ekki eiga við um öll gögn sem vísað er til í yfirliti Arnar og hluta þeirra gagna flokkar hópurinn því sérstaklega sem núllskjöl.

Um er að ræða m.a. handskrifuð bréf frá Erlu og vélritaðar yfirlýsingar undirritaðar af henni. Virðist sem fangaverðir hafi vélritað umræddar yfirlýsingar fyrir Erlu. Eftirtalin núllskjöl sem tekin voru út úr málgögnum eftir að hafa verið gefin ágripsnúmer eru meðal gagna lögreglu en einnig var vísað til þeirra í skýrslu Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara, árið 2003:

Handskrifuð frásögn Erlu frá 14. ágúst 1976. Frásögnin hefur fengið ágripsnúmerið 508 og 509. Um er að ræða bréf frá Erlu til Arnar Höskuldssonar þar sem hún m.a. dregur til baka framburð sinn um að hafa skotið mann og fjallar um framburð sinn varðandi Einar Bollason.

Vélrituð yfirlýsing Erlu frá 15. ágúst 1976 sem hefur fengið ágripsnúmerið 513. Um er að ræða yfirlýsingu um Geirfinnsmálið sem er undirrituð af Erlu en vottar að réttri dagsetningu og undirskrift eru Hlynur Þór Magnússon og Gunnar Guðmundsson, fangaverðir. Um er að ræða frásögn frá ferð til Keflavíkur og atburðarás í Dráttarbrautinni og nokkrir menn eru nafngreindir í yfirlýsingunni.

Vélrituð yfirlýsing frá 16. ágúst 1976 sem hefur fengið ágripsnúmerið 514 og 515. Nafn Erlu er vélritað undir yfirlýsinguna en handskrifað er að endurritið sé eftir handriti frá 16. ágúst 1976 en Hlynur Þór Magnússon fangavörður undirritar. Um er að ræða frásögn um atburðarás í Dráttarbrautinni í Keflavík og nafngreindir nokkrir menn.

Vélritað handrit Erlu þar sem hún rifjar upp næsta orðrétt samtal við Sævar sem hún vék að í atburðalýsingu sinni skráð sama dag, 16. ágúst 1976. Handritið hefur fengið ágripsnúmerið 516.

Skýrsla fangavardar um lýsingar Erlu á bát og bílum frá 16. ágúst 1976. Sérstaklega er tekið fram að spurningar hafi ekki á neinn hátt verið leiðandi og er skýrslan undirrituð af Hlyni Þór Magnússyni fangaverði. Þessi skýrsla virðist aldrei hafa verið færð inn í málgögnin og ber ekki ágripsnúmer.

Handskrifuð frásögn Erlu frá 14. október 1976 og hefur fengið ágripsnúmerin 581, 582 og 583. Um er að ræða frásögn frá samtölum við ýmsa aðila þ. á m. Sævar um Geirfinnsmálið. Fjallað er um tengsl fjórmenninganna meðal annarra við smygl.

Handskrifuð frásögn Erlu frá 15. október 1976 og hefur fengið ágripsnúmerið 584. Greint er nánar frá samtölum Erlu og Sævars um Geirfinnsmálið.

Handskrifuð frásögn frá 15. október 1976 og hefur fengið ágripsnúmerið 585. Ólík handritun er á innihaldi bréfs og undirritun Erlu en bréfið er ritað í fyrstu persónu. Um er að ræða frásögn m.a. frá vettvangsferð til Keflavíkur með Sigurbirni Víði og Eggerti Bjarnasyni rannsóknarlögreglumönnum. Nafngreindir eru nokkrir menn sem voru í Dráttarbrautinni samkvæmt frásögninni, þ. á m. fjórmenningarnir svokölluðu.

Ódagsett, handskrifuð frásögn Erlu með afstöðumynd sem virðist vera af sæta-skipan í bíl. Frásögnin hefur fengið ágripsnúmerið 586.

Þar að auki var að finna fleiri núllskjöl sem felld hafa verið úr ágripinu og skjöl sem aldrei virðast hafa verið færð í ágripnið sem starfshópurinn telur hafa haft minni þýðingu fyrir niðurstöðu rannsóknar lögreglu á sínum tíma og vísast til umfjöllunar um þau á blaðsíðum 76-77 í skýrslu Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara, frá árinu 2003.

Við vinnu starfshópsins fundust enn fleiri núllskjöl en hér hefur verið rakið og ekki hafa komið fram áður. Má sem dæmi nefna skýrslu RLR 15. nóvember 1977 um rannsókn á röngum framburði Sigurðar Óttars Hreinssonar, en í skýrslunni kom fram að hún skyldi aðeins vera fyrir saksóknara en ekki lögð fyrir sakadóm. Þá má nefna upplýsingaskýrslu RLR 28. ágúst 1979 þar sem fram kemur að rannsóknarlögreglustjóri hafi fyrirskipað athugun á upplýsingum frá konu sem teldi sig vita samkvæmt draumi hvar Geirfinnur væri niður kominn. Í skýrslunni kemur fram að konan teldi sig vera mjög berdreymsa og lögreglan ók með hana til Keflavíkur til að finna staðinn sem hún taldi Geirfinn vera en án árangurs.

### **16.3.5. Gögn sem sættu tæknirannsókn rannsóknarlögreglu í Wiesbaden í Þýskalandi**

Meðal gagna málsins er íslensk þýðing á niðurstöðum tæknirannsókna vegna ýmissa hluta sem sendir voru til rannsóknarlögreglunnar í Wiesbaden í Þýskalandi.

Vegna **Guðmundarmáls** var sendur fatnaður frá Sævari, Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari. Hlutar úr innréttingu, öskubakki og hlífðaráklæði úr VW bifreið. Einnig gólfteppi úr svefnherbergi, stofu og gangi af Hamarsbraut 11, hnífsblað og ljósmyndaalbúm. Sönnunargögnin átti samkvæmt rannsóknarskýrslu tæknideildarinnar í Wiesbaden öll að rannsaka til að leita að blóði og þar að auki átti að leita að leifum „af saur eða eftir uppköst.“

Mannablóð úr A blóðflokki fannst á frakka Kristjáns Viðars. Rannsókn á „svörtum leifum“ á klæðingu innan úr bílnum bentu til að þar væri um að ræða mannsblóð en nánari rannsóknir leiddu ekkert frekar í ljós.

Ekki reyndist unnt að rannsaka gólfteppið en á hluta teppisins úr forstofu íbúðarinnar fannst þykkur blóðdropi og blóðvatnssýni sýndi að það var mannsblóð en ekki reyndist unnt að gera nánari greiningu á því.

Ekki var unnt að rannsaka hnífsblaðið samkvæmt rannsóknarbeiðni, þ.e. rannsókn leiddi ekkert í ljós.

Í rannsóknarskýrslunni kemur fram að þar sem ekki hafi reynst unnt að komast yfir blóð Guðmundar hafi verið framkvæmd blóðflokkagreining á „höfðuhárum Guðmundar“ sem fengin hafi verið úr hárbursta hans. Rannsóknin leiddi í ljós að „hann hafi verið í A eða AB blóðflokki“. Þess ber að geta að í gögnum málsins kemur fram að móðir Guðmundar hafði notað hárburstann eftir að Guðmundur hafði horfið árið 1974 en tækni-rannsóknin var gerð árið 1976.

Samkvæmt skýrslu Gísla Guðmundssonar, lögreglumanns, um niðurstöður frá þýskri rannsóknarstofu vegna rannsóknar á hnífi sem Sævar var sagður hafa átt bar rannsóknin engan árangur. Í skýrslunni kemur einnig fram að þýska rannsóknardeildin hefði hent hnífsblaðinu að rannsókn lokinni.

Í skýrslu frá Schütz er fjallað um rannsókn sem framkvæmd var á jakka Kristjáns Viðars sem hann kvaðst hafa verið í kvöldið er Guðmundur hvarf, en Guðmundur átti að hafa rífið hnapp af jakka hans í átökunum sem Kristján Viðar hefði síðar saumað aftur á jakkann. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar, sem gerð var í Þýskalandi, var greinilegt að einn hnappur hafði losnað og verið festur á jakkann að nýju. Hins vegar hafi hnappurinn ekki rofnað alveg frá jakkanum, heldur að öllum líkindum losnað.

Vegna **Geirfinnsmáls** var sent til tæknirannsóknar samkvæmt rannsóknarskýrslu frá rannsóknarlögreglunni í Wiesbaden trébútur úr setu í trébekk sem var í þvottahúsi Grettisgötu 82. Þá voru sendar háragningar sem fundust á trébekknum og nokkur trésýni úr honum en á bekknum hafði fundist blóðsvörun. Sex aursýni voru send til rannsóknar sem fundust í Mercedes Benz sendibifreið þeirri sem Sigurður Óttar var talinn hafa ekið til Keflavíkur og teppabútur úr Land Rover bifreið L 1096.

Samkvæmt upplýsingum annars vegar úr Blóðbankanum um blóðflokk Geirfinns og niðurstöðum tæknirannsóknar hins vegar var útilokað að um blóð Geirfinns hafi verið að ræða. Þær háragningar sem fundust á bekknum reyndust vera dýrahár. Rannsókn á trébútum leiddi í ljós að um blóð væri að ræða en ekki var hægt að ákveða af hvaða „tegund“ blóðið var. Aursýni úr Mercedes Benz sendibifreiðinni reyndust jákvæð með tilliti til manna-blóðs en ekki reyndist unnt að framkvæma frekari rannsóknir á því m.a. vegna tímaskorts, samkvæmt rannsóknarskýrslunni. Ekki reyndist unnt að sanna að blóð hafi verið á teppabútum úr Land Rover bifreiðinni.

Starfshópurinn hefur ekki getað aflað upplýsinga um hvort viðkomandi blóðsýni séu aðgengileg í dag og þá hvort þau væru nothæf til DNA rannsókna.

## 16.4. Viðtöl

Starfshópurinn tók viðtöl við dómfelldu í málinu og þá sem sættu gæsluvarðhaldi að ósekju. Þá ræddi starfshópurinn einnig við alla þá sem höfðu samband við hópinn á netfanginu gg(hjá)irr.is og óskuðu sérstaklega eftir viðtali. Einnig voru tekin viðtöl við rannsakendur og fangaverði. Starfshópurinn bauð einstaklingum að koma í viðtal en þeim var gerð grein fyrir því að engin kvöð lægi á viðkomandi til að mæta til viðtals við starfshópinn.

Í upphafi viðtala við fangaverði og rannsakendur var þeim aftur gerð grein fyrir því hvert hlutverk starfshópsins væri, að þeir mættu til viðtals af fúsum og frjálsum vilja, starfshópurinn byggi ekki yfir neinum rannsóknarheimildum og þeir þyrftu ekki að svara neinum spurningum sem þeir vildu ekki svara. Viðtöl starfshópsins við aðila réttarvörslukerfisins voru afar gagnleg og veittu glögga innsýn í það réttarkerfi og þau vinnubrögð sem almennt tíðkuðust á tímum rannsóknarinnar og stunduð voru við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála.

Ekki þekktust allir þeir sem komu að rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna, unnu við fangavörslu eða aðrir fulltrúar réttarvörslukerfisins boð starfshópsins um viðtal. Margir þeirra eru nú fallnir frá eða komnir á háan aldur og nokkrir þeirra glíma við veikindi. Starfshópurinn gerði öllum grein fyrir því að ef þeir kysu að mæta ekki til viðtals myndi það ekki vera túlkað á neinn hátt í skýrslunni.

## **16.5. Dagbækur gæsluvarðhaldsfanga**

Starfshópurinn hafði undir höndum dagbækur tveggja dómfelldu sem ritaðar voru á meðan gæsluvarðhaldsvist þeirra stóð. Gerði starfshópurinn samanburð á þeim og fangelsisdagbókum Síðumúlafangelsis og tímasetningar sem bornar voru saman stóðust.

### **16.5.1. Dagbækur Tryggva Rúnars Leifssonar**

Dagbækur Tryggva Rúnars eru þrjár talsins. Fyrstu opinberu upplýsingarnar um dagbækurnar komu fram í frétt Helgu Arnardóttur fréttakonunni á Stöð 2 þann 3. október 2011. Samkvæmt því sem haft er eftir Kristínu Önnu, dóttur Tryggva Rúnars, í fréttum Stöðvar 2 ritaði Tryggvi Rúnar á annan tug dagbóka í Síðumúlafangelsi en hann hefði hent þeim öllum nema þessum þremur sem hefðu orðið eftir hjá henni. Starfshópurinn móttók dagbækur Tryggva Rúnars 24. október 2011.

Allar dagbækurnar eru stílabækur, A4 að stærð. Í dagbókunum fjallar Tryggvi Rúnar um daglegt líf sem gæsluvarðhaldsfangi í Síðumúlafangelsi, hann skráir þær líkamsæfingar sem hann iðkar, heilsufar og líðan, veður, lyfjatöku, samskipti við fangaverði og lög-reglumenn o.fl.

Fyrsta dagbókin er skrifuð frá 25. október 1976 til 6. febrúar 1977 en einnig er þar að finna efnisyfirlit úr dagbókinni og yfirlit yfir líkamsæfingar Tryggva Rúnars o.fl.

Skráning annarrar dagbókar hefst 19. mars 1977 og síðasta færslan er dagsett 1. maí sama ár.

Þriðja dagbókin er stílabók skráð frá 8. júní 1977 til 21. nóvember sama ár.

### **16.5.2. Dagbók Guðjóns Skarphéðinssonar**

Upplýsingar um tilvist dagbókar Guðjóns komu fram í viðtali starfshópsins við hann þann 10. nóvember 2011. Guðjón veitti starfshópnum góðfúslegt leyfi til að skoða dagbókina og sagði starfshópunum velkomið að hafa hana.



Um er að ræða rauðbrúna, fjögurra gata lausblaðamöppu og í henni er línustrikuð blöð, A4 að stærð. Ritun dagbókarinnar hófst þann 16. nóvember 1976 og síðasta færslan er dagsett þann 28. desember 1977. Í möppunni voru líka fáein bréf til Guðjóns, myndir og úrklippur. Færslur í dagbók Guðjóns Skarphéðinssonar koma heim og saman við handritaða minnispunkta lögreglumanna um yfirheyrslur og viðtöl við Guðjón sem ekki liggja fyrir opinber gögn um.

## 16.6. Framburðir dómfelldu og afturkallanir þeirra

Játningar dómfelldu hafa ætíð sætt gagnrýni í almennri umræðu. Auk þess hefur verið bent á að sálfræðilegt mat á játningum og afturköllum þeirra hafi skort hingað til.<sup>43</sup> Til þess að geta lagt mat á þá þætti sem tilgreindir voru í skipunarbréfi starfshópsins taldi starfshópurinn einsýnt að fara þyrfti fram sálfræðilegt mat á framburðum dómfelldu. Þó Hæstiréttur hafi lagt mat á sönnunargildi játninga sakborninga við úrlausn málsins á sínum tíma þá liggur nú fyrir þekking á sviði réttarsálfræði sem ekki lá fyrir á þeim árum þegar dómur féll. Því var ákveðið að vinna sálfræðilegt mat á framburðum dómfelldu.

### 16.6.1. Aðkoma Gísla H. Guðjónssonar prófessors, að vinnu starfshópsins

Gísli H. Guðjónsson, CBE, PhD, er prófessor emeritus við King's College í London og prófessor við Háskólann í Reykjavík og sérfræðingur í klínískri sálfræði og réttarsálfræði. Gísli var ráðinn sem sérfræðingur starfshópsins við að meta áreiðanleika framburðar og játninga sakborninganna. Gísli hefur rúmlega 30 ára reynslu af sálfræðilegu mati á framburði vitna, þolenda og sakborninga í yfir 1000 málum víða um heim og hefur hann gefið vitnisburði í mikilvægum sakamálum þar sem dómum yfir sakborningum hefur verið hnekt.<sup>44</sup> Á þessum 30 árum hefur hann auk þess framkvæmt fjölda rannsókna á yfirheyrslum lögreglu og sálfræðilegum þáttum framburðar og játninga og birt um 400 vísindagreinir, bækur og bókakafla um rannsóknir sínar á sviði klínískrar

---

<sup>43</sup> Til dæmis má sjá sjónvarpsfréttaviðtal á RÚV við Eirík Tómasson, þá prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, sýnt 16. júlí 1997. Hann fjallaði m.a. um að ekki lægi fyrir mat sálfræðinga á afturköllum játninga en slíkt hafi legið fyrir í sambærilegum málum í Bretlandi. Það skipti ekki sköpum en væri þó innlegg í málið.

Í seinna endurupptökumáli Sævars voru lögð fram gögn um áreiðanleika framburðar manna sem sættu einangrun við frelsissviptingu. Fram kom að þau gögn gætu „ein og sér“ ekki talist til nýrra gagna og þess sérstaklega getið að Sævar hefði „ekki óskað eftir“ að sérstök rannsókn yrði gerð á áreiðanleika skýrslna sem hann gaf fyrir lögreglu og dómi við rannsókn og meðferð málsins.

Þá sagði í endurupptökubeiðni Erlu að kanna þyrfti hvort rannsóknaraðferðir hafi verið til þess fallnar að leiða Erlu út í að gefa rangar skýrslur. Hæstiréttur svaraði því til í úrlausn sinni vegna þess máls að ekki hefðu verið leiddar líkur að því að háttsemi og hugmyndir rannsakakenda hafi orðið þess valdandi að rangur framburður Erlu kom til. Ekkert hafi komið fram sem gæfi tilefni til þess að fram færi frekari gagnaöflun vegna þessa.

<sup>44</sup> Sjá yfirlitsgrein eftir Gísla H. Guðjónsson frá 2010a þar sem hann fjallar um hlutverk sitt í stærstu sakamálum Bretlands í Hæstarétti (Court of Appeal; High Court; House of Lords) frá árinu 1989 til 2009. Sjá einnig bók Gísla H. Guðjónssonar frá 2003 um yfirlit yfir mál sem hann hefur komið að þar sem dómum hefur verið hnekt í Bandaríkjunum, Kanada, Noregi og Ísrael.

sálfræði og réttarsálfræði.<sup>45</sup> Gísli var heiðraður fyrir ævistarfs sitt (Lifetime Achievement Award) af Breska sálfræðingafélaginu árið 2009 og The European Association of Psychology and Law árið 2012. Honum var veitt orða (CBE; Commander of the British Empire) af Elísabetu Bretadrottningu fyrir framlag sitt til klínískrar sálfræði árið 2011.

Þess ber að geta að Gísli H. Guðjónsson starfaði sem rannsóknalögreglumaður hjá saka-dómi Reykjavíkur sumrin 1976 og 1977 á meðan verið var að rannsaka Guðmundar- og Geirfinnsmálin. Gísli starfaði hins vegar ekki við rannsókn þeirra mála. Hann var á þessum tíma í meistaranámi í klínískri sálfræði við Háskólann í Surrey í Englandi. Lokaverkefni hans fjallaði um sálfræðilega þætti lygamælinga og var rannsóknin framkvæmd á Íslandi, á lögreglumönnum, prestum og sakborningum.<sup>46</sup> Fimm dómfelldu Sævar, Erla, Tryggvi Rúnar, Kristján Viðar og Guðjón tóku þátt í rannsókninni ásamt öðrum föngum í Síðumúlafangelsi.

### 16.6.1. Aðrir sérfræðingar

Starfshópurinn ræddi við fleiri sérfræðinga og þá aðallega á sviði lögfræði og lögreglumenn. Má þar nefna Róbert Ragnar Spanó, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og Sigurð Líndal, prófessor emeritus.

Baldvin Einarsson, lögreglumaður og Sævar Þ. Jóhannesson, fyrrverandi lögreglumaður í tæknideild komu einnig á fund starfshópsins. Þá veitti Björgvin Sigurðsson lögreglumaður í tæknideild lögreglunnar á höfðuborgarsvæðinu starfshópnum gagnlegar upplýsingar um tæknirannsóknir.

## 16.7. Úrvinnsla gagna og umfjöllun í seinni hluta skýrslu

Starfshópurinn vann heildaryfirlit í tímaröð upp úr gögnum málsins, vinnugögnum lögreglu og hafði viðtöl, dagbækur Tryggva Rúnars og Guðjóns, bréfaskriftir milli opinberra stofnanna og blaðaumfjöllun vegna málsins til hliðsjónar. Þá vann starfshópurinn nákvæma skrá úr upplýsingum fangelsisdagbóka yfir allar aðgerðir lögreglu gagnvart dómfelldu og þeim sem sættu gæsluvarðhaldi að ósekju sem þar eru skráðar. Til dæmis um aðgerðir lögreglu má nefna yfirheyrslur, viðtöl, samprófanir, vettvangsferðir, sakbendingar o.fl. Með því að bera allar þessar upplýsingar saman í tíma náði starfshópurinn bestu mögulegu yfirsýn yfir allt málið og hvernig rannsókninni vatt fram. Slík heildarsamantekt hefur ekki legið fyrir áður.

Í 17. kafla er fjallað um þær rannsóknir sem fram hafa farið allt til dagsins í dag og fjallað er um í rétttri tímaröð í fyrri hluta þessarar skýrslu. Dregið er fram það sem starfshópurinn telur mikilvægt að árétta um þær rannsóknir. Ýmislegt sem þar kemur fram lá fyrir þegar dómur Hæstaréttar féll eða þegar ákvarðanir voru teknar um endurupptöku-

<sup>45</sup> Gísli skrifaði fyrstu vísindalegu yfirlitsbókina um rannsóknir á yfirheyrslum og játningum, sem Fisher (1993), leiðandi sérfræðingur í yfirheyrslutækni í Bandaríkjunum, taldi umbreyta yfirheyrslum lögreglu úr „list í vísindi“.

<sup>46</sup> Niðurstöður rannsóknarinnar birtust í grein eftir Gísla H. Guðjónsson (1979), Electrodermal responsivity in Icelandic criminals, clergymen and policemen. *British Journal of Social and Clinical Psychology*, 18, 351-353.

beiðnir fyrir Hæstarétti en starfshópurinn telur engu að síður mikilvægt að fjalla um það samhengisins vegna.

Þá er einnig fjallað um aðkomu ákærvaldsins, bæði á tíma rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmála allt að dómsuppsögu í Hæstarétti og aðkomu ákærvaldsins vegna umsagna um þær endurupptökubeiðnir sem lagðar hafa verið fram vegna málsins.

Í 18. kafla er skráning aðgerða lögreglu gagnvart dómfelldu eins og þeim er m.a. lýst í gögnum málsins, vinnugögnum lögreglu og skráningum í fangelsisdagbókum.

Í 19. kafla skýrslunnar er mat á áreiðanleika framburðar dómfelldu og var kaflinn unninn af Jóni Friðrik Sigurðssyni og Gísla H. Guðjónssyni .

20. kafli fjallar um svipuð mál sem upp hafa komið í Noregi og hvaða réttarþróun hefur átt sér stað þar í landi varðandi endurupptöku dæmdra sakamála.

Í 21. kafla eru raktar almennar niðurstöður starfshópsins og að lokum fjallar starfshópurinn um þær leiðir sem hann leggur til um framhald málsins líkt og kveðið er á um í skipunarbréfi innanríkisráðherra.

## 17. Lögreglurannsóknir og afstaða ákærvalds til endurupptökubeiðna

Í þessum kafla er umfjöllun um sakamálarannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála, rannsókn setts saksóknara 2001-2003 og meðferð ákærvalds vegna endurupptökubeiðna. Ítarleg umfjöllun um fram-  
burði sakborninga og rannsóknaraðgerðir lögreglu sem beindust gegn þeim er að finna í 18. kafla skýslunnar.

### 17.1. Rannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar árið 1974

Þau gögn sem liggja fyrir vegna þessarar rannsóknar eru lögreglu-  
skýrslur í frásagnarformi frá lögreglunni í Reykjavík, sem telja fáeinar  
blaðsíður.

Guðmundur Einarsson hvarf eftir dansleik í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði  
aðfaranótt 27. janúar 1974. Síðast sást til hans á gangi við annan mann  
í Hafnarfirði þá um nóttina.

Einar Baldvinsson, faðir Guðmundar, kom á skrifstofu lögreglu að  
morgni þriðjudags 29. janúar og tilkynnti um hvarf sonar síns. Sama  
dag hófst leit að Guðmundi. Leitað var frá Fossvogi þar sem Guð-  
mundur var búsettur og suður um Hafnarfjörð þar sem síðast sást til  
hans. Þar sem um 60 sm snjólag var yfir öllu var ekki unnt að leita í  
hrauninu eða á óbyggðum svæðum utan vegar. Sunnudaginn 2. febrúar  
var Guðmundar enn leitað en leitarskilyrði voru slæm jafnvel þó  
nokkuð hefði rignt. Síðustu skráðu upplýsingar um leit að Guðmundi  
Einarssyni eru úr gögnum lögreglu frá mánudeginum 3. febrúar 1974.  
Leitin skilaði engum árangri.

Auglýst var eftir Guðmundi í blöðum. Tvö vitni gáfu sig fram við  
lögregluna og sögðust hafa séð til Guðmundar aðfaranótt 27. janúar  
1974 í miðbæ Hafnarfjarðar. Lögreglan tók ekki skýrslur vegna þess-  
rar rannsóknar á afdrifum Guðmundar. Ekkert kom fram sem benti til  
þess að saknæmt athæfi hefði átt sér stað í tengslum við hvarf Guð-  
mundar Einarssonar.

### 17.2. Keflavíkurannsókn – hvarf Geirfinns Einarssonar árið 1974

Byggt er á því fyrir dómi að eiginkona Geirfinns hafi skýrt Ellerti  
Skúlasyni vinnuveitanda hans, síðdegis miðvikudaginn 20. nóvember  
frá því að Geirfinnur hafi ekki komið heim um nóttina. Ellert hafi

*29.1.1974 hóf ávana- og  
fikniefnadeild lögreglu  
eftirlit með ferðum  
Sævars vegna gruns um  
fikniefnamisferli.*

*4.2.1974 var Sævar  
handtekinn og  
yfirheyrður vegna  
fikniefnamáls.*

*4.2.1974 var Erla yfir-  
heyrð vegna fikniefna-  
máls. Hún sagði Sævar  
hafa komið til sín að  
kvöldi 27.1.1974 í fyrsta  
sinn eftir að hann kom  
frá útlöndum þann  
24.1.1974.*

tilkynnt lögreglunni í Keflavík um hvarf Geirfinns fimmtudagsmorguninn 21. nóvember og rannsókn þá þegar hafist.

Samkvæmt ódagsettri yfirlitsskýrslu Hauks Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns, var tilkynnt um hvarf Geirfinns að morgni fimmtudagsins 21. nóvember 1974 af vinnuveitanda hans. Í dagbók lögreglunnar í Keflavík þennan sama dag er skráð eftirfarandi:

*„Kl. 09:20 fóru nr. 3 og nr. 7 til Sandgerðis í 03, v. upplýsingaöflunar um hvarf mannsins Geirfinns Einarssonar, Brekkubraut 15, Keflavík, fd. 7/9 1942, sem saknað er frá því kl. 22:30 s.l. þriðjudagskvöld, en þá hafði hann farið að heiman í biðreið sinni Ö 1577. Fannst bifreiðin mannlaus í gær við versl. Járn og Skip. Hafin er leit að Geirfinni á vegum björgunarsveitarinnar Stakks.“*

Miðað við gögn Keflavíkurannsóknarinnar virðist hafa verið lýst eftir Geirfinni í útvarpi kl. 09:30 og klukkan 12:00 fimmtudaginn 21. nóvember 1974. Myndir af leirstyttu<sup>47</sup> voru birtar í fjölmiðlum viku eftir hvarf Geirfinns Einarssonar, þann 26. nóvember 1974. Í rannsókn RLR á tildrögum gerðar leirstyttunnar sem fram fór árið 1979 (málsnúmer 3429/1979) kemur fram að ákvörðun um að birta leirstyttuna hafi verið tekin í samráði við yfirmenn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík og dóms- og kirkjumálaráðuneytis.

Fyrrgreind samantekt Hauks Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns, um Keflavíkurannsóknina, sem telur 8 blaðsíður, endar á orðunum „þetta tilkynnist yður hér með herra lögreglustjóri“. Á samantektinni má sjá að lögreglan í Keflavík áleit strax að um sakamál hefði verið að ræða og rannsakaði mannhvarfið sem slíkt. Virðist það m.a. tengjast upplýsingum frá Þórði Ingimarssyni félaga Geirfinns, um að Geirfinnur hefði átt stefnumót við menn í Hafnarbúðinni að kvöldi 19. nóvember og að Geirfinnur hefði sagt eitthvað á þá leið að kannski væri réttast að hann mætti vopnaður á stefnumótið. Í skýrslu Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara, frá 2003, kemur fram að Þórður hafi ætlað að fá Geirfinn með sér í bíó þetta kvöld en Geirfinnur hafi verið upptekinn þar sem hann þurfti að hitta einhverja menn við Hafnarbúðina. Þórður hafi upplifað það sem Geirfinnur sagði um fundinn sem fyrirlátt, þ.e. Geirfinnur hafi verið að segja honum að það kæmi honum ekki við hvað hann væri að gera þetta kvöld. Þórður sagði jafnframt við rannsókn setts saksóknara að í fyrri

---

<sup>47</sup> Lögreglan í Keflavík lét útbúa leirhöfuð í tengslum við leit að manni sem fékk að hringja í Hafnarbúðinni í Keflavík kvöldið 19. nóvember 1974. Sjá umfjöllun um opinbera rannsókn frá 1979 á gerð leirhöfuðsins hér á eftir.

framburðum hans hafi ekki komið nógu vel fram þetta með fyrirsláttinn, heldur hafi rannsóknaraðilar lagt meiri áherslu á að Geirfinnur væri að undirbúa sig undir að hitta ókunnuga menn sem kynnu að reynast honum hættulegir.

Keflavíkurrannsóknin byggðist á þeirri tilgátu að maður sem hefði komið inn í Hafnarbúðina að kvöldi 19. nóvember 1974 hefði hringt þaðan heim til Geirfinns Einarssonar og fengið hann til stefnumóts við sig. Lýst var eftir þeim manni og sagði lögreglan líklegt að hann gæti veitt mikilvægar upplýsingar um afdrif Geirfinns. Lögreglan lét gera teikningar af manningnum sem hún leitaði og útbúa fyrirnefnda leirstyttu sem mynd var birt af í fjölmiðlum.

Af bréfi bæjarfógetans í Keflavík 13. desember 1974, til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins má ráða að lögreglan hefur þá þegar fundið fyrir miklum þrýstingu frá almenningi og fjölmiðlum vegna málsins. Í bréfinu kemur fram að vegna þessa þrýstings væri óafsakanlegt að draga úr rannsókninni eða hætta henni. Farið var fram á að Hauki Guðmundssyni yrði falið að vinna áfram að rannsókn málsins eingöngu um óákveðinn tíma. Var Hauki falið þetta sérstaka verkefni 17. desember 1974.

Rannsókn lögreglunnar í Keflavík ber þess merki að hún hafi verið umfangsmikil og m.a. fór fram mjög nákvæm skoðun á bakgrunni Geirfinns. Í raun má skipta rannsóknarefni Keflavíkurrannsóknarinnar í tvo hluta. Fyrstu tvo mánuði rannsóknarinnar beinist hún að hvarfi Geirfinns, bakgrunni hans og hans vandamönnum, ásamt því að gerð var ákøf leit að manni sem fékk að hringja stutt símtal í Hafnarbúðinni. Í upphafi árs 1975 er sem áhersla rannsóknarinnar hafi breyst þegar upp komst um viðamikið smygl á spíra. Í fréttatilkynningu, dagsettri 13. janúar 1975, frá lögreglunni í Keflavík segir að í tilefni af blaðaskrifum um áfengis- og tollalagabrot hafi þótt rétt að rannsaka ákveðnar ábendingar í þá átt að tengsl væru hugsanlega á milli þessara tveggja mála. Var Hauki Guðmundssyni rannsóknarlögreglumanni, Kristjáni Péturssyni, deildarstjóra tollgæslu og Rúnari Sigurðssyni lögreglumanni í Reykjavík fenginn þessi þáttur rannsóknarinnar.

Það sem virðist tengja rannsókn á hvarfi Geirfinns við smygl á spíra samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum lögreglunnar í Keflavík er fyrirspurn kunningja Geirfinns um hvort hann gæti eimað sjórekinn spíra og að hann hafi svarað því til að hann myndi athuga það. Þá liggja fyrir gögn um það að heima hjá Geirfinni hafi fundist ófullkomin eim-ingartæki.

Taka verður tillit til þess að embætti lögreglunnar í Keflavík var lítið og vanbúið til að takast á við það fjölmiðlafár sem spratt af rann-

sókninni en enginn hafði það sérstaklega á sinni könnu að svara fyrirspurnum fjölmiðla.

Í upphafi árs 1975 sáu þeir Magnús Leópoldsson og Sigurbjörn Eiríksson ástæðu til að rita dómsmálaráðherra bréf og kvarta undan þrálátum orðrómi um að þeir væru tengdir hvarfi Geirfinns Einarssonar. Erindi þeirra var framsent til bæjarfógetans í Keflavík.

Með bréfi 4. júní 1975 frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til bæjarfógetans í Keflavík var tilkynnt að ekki væri lengur talin þörf á að Haukur Guðmundsson helgaði sig eingöngu störfum við rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar, þar sem fyrirliggjandi rannsóknargögn veittu ekki tilefni til þess. Með bréfinu var Haukur leystur frá þessu sérstaka starfi. Ljóst er þó af rannsóknargögnum lögreglu að Haukur hefur áfram sinnt rannsókn á hvarfi Geirfinns og ritað skýrslur þar að lútandi þó hann hafi einnig sinnt öðrum störfum.

Með bréfi Valtýs Sigurðssonar, fulltrúa lögreglunnar í Keflavík, 8. janúar 1976, voru rannsóknargögn lögreglunnar í Keflavík send embætti ríkissaksóknara. Í bréfinu segir:

*„Í framhaldi af samtali yðar herra ríkissaksóknari, hafa yður nú verið send gögn varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar, Brekkubraut 9, Keflavík sem hvarf þann 19. nóvember 1974. Gögn þessi sem bæði eru skýrslur og ýmis rannsóknargögn varðandi mál þetta, voru afhent á skrifstofu yðar þann 5. þ.m.“*

Af rannsókn RLR, mál nr. 3429/1979, á tildrögum **gerðar leirstyttunnar** (fyrri leirhöfuðrannsóknin) má ráða að lausung hefur verið á Keflavíkurannsókninni og umgjörð hennar. Aðdragandi rannsóknar RLR var að hinn 19. nóvember 1979 óskaði lögmaður Magnúsar Leópoldssonar, Hafsteinn Baldvinsson hrl., eftir því með bréfi til ríkissaksóknara að fram yrði látin fara ítarleg rannsókn á gerð leirmyndar við upphaf rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Ennfremur kemur fram í þessu bréfi að Magnús hafi þá höfðað mál til heimtu bóta vegna gæsluvarðhalds að ósekju og að ógerlegt væri að ljúka því máli án þess að umbeðin rannsókn færi fram.

Í bréfinu kemur jafnframt fram að lögmaðurinn hafi þegar árið 1976 óskað eftir slíkri rannsókn við Örn Höskuldsson, fulltrúa yfirsakadómara, sem hefði tekið beiðni hans vinsamlega en þó látið undir höfuð leggjast að rannsaka þetta atriði.

Þórður Björnsson ríkissaksóknari framsendi bréf Hafsteins til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins þann 21. nóvember 1979. Þar með var

RLR tilkynnt að rétt þætti að verða við þessari beiðni og falin rannsókn málsins. Rannsóknarefnið skyldi vera hvort við gerð leirstyttunnar hafi verið beitt aðferðum, er talist gætu brot gegn XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, (brot í opinberu starfi).

Glöggjt má sjá á rannsókn RLR að aðstandendum Keflavíkurannsóknarinnar bar ekki saman um mikilvæg atriði á frumstigum rannsóknarinnar er vörðuðu upplýsingaöflun um útlit mannsins sem lögreglan í Keflavík lagði mikla áherslu á að finna. Markmið lögreglunnar með gerð teikninga og leirstyttu virðist hafa verið að samræma lýsingar sjónarvotta sem stönguðust á í stað þess að draga þá ályktun að ekki væri hægt að treysta ólíkum lýsingum sjónarvotta. Birting leirstyttunnar hefur leitt til enn meira álags á lögregluna og þrýstings á hana til að upplýsa málið sem þá strax var lýst sem dularfullu sakamáli í fjölmiðlum. Engin ábending um mann sem líktist leirhöfðinu leiddi til handtöku.

Að rannsókn RLR á máli nr. 3429/1979 **lokinni** voru gögn málsins send embætti ríkissaksóknara með bréfi dagsettu 6. mars 1980. Þar segir að rannsókn væri lokið og með bréfinu voru gögn rannsóknarinnar send ríkissaksóknara. Ekki var gripið til frekari aðgerða af hálfu embættis ríkissaksóknara eftir að rannsókn RLR lauk.

Enda þótt rannsókn RLR hafi lokið eftir að dómur Hæstaréttar féll í Guðmundar- og Geirfinnsmálum árið 1980 og teljist þannig ekki hluti af gögnum þeirra mála, er hún mikilvæg heimild um framkvæmd Keflavíkurannsóknarinnar.

### **17.3. Upphaf sakamálarannsókna í Reykjavík vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar 1975-1977**

Fyrstu yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar fóru fram í október 1975, eða tæpum þremur mánuðum áður en fyrstu skýrslurnar voru teknar af dómfelldu í Geirfinnsmálinu. Um er að ræða fyrstu skráðu heimildir um meinta aðild Sigurbjörns Eiríkssonar og Magnúsar Leópoldssonar að hvarfi Geirfinns Einarssonar en þrálátur orðrómur hafði verið uppi um aðild þeirra að málinu á meðan á Keflavíkurannsókninni stóð.

Þann 22. október 1975 kom sonur Guðmundar Agnarssonar til lögreglunnar í Reykjavík vegna frásagnar sem faðir hans sagði honum í tvígang í ölaði en Guðmundur mun hafa átt vingott við fyrrum eigin-



konu Sigurbjörns Eiríkssonar.<sup>48</sup> Sonur Guðmundar nefndi í skýrslunni *Bjössu í Klúbbnum* og *Magnús Leóoldsson*. Tekin var skýrsla af fyrrum eiginkonu Guðmundar sem sagði hann hafa farið að vera upp-  
trekktan haustið 1974 og svo um vorið 1975 hafi hún tekið eftir því að hann væri farinn að drekka áfengi. Guðmundur hafi gjörbreyst úr því að vera vinnandi heimilisfaðir yfir í drykkjumann. Það hafi verið 21. október 1975 sem dóttir hennar og Guðmundar, hafi sagt henni að pabbi sinn hefði trúað henni fyrir því að hann hafi farið út á *bát frá Keflavík* með *Geirfinni* til að sækja *spíra* og Geirfinnur hefði dottið fyrir borð og Guðmundi ekki tekist að finna hann.

Þann 22. október 1975 var Guðmundur Agnarsson vistaður í Síðumúlafangelsi í tæpar 10 klukkustundir. Þá var tekin skýrsla af honum sem sagði þetta allt hafa verið hugarburð einan. Tekin var skýrsla af tengdasyni Guðmundar Agnarssonar, hann sagði sömu sögu, þ.e. að Guðmundur hafi sagt honum og dóttur sinni að hann væri flæktur í Geirfinnsmálið og að hann hefði verið með Geirfinni þegar hann hvarf. Smyglið sem þeir hafi ætlað að sækja hafi komið úr Goðafossi en því hafi verið hent frá borði. Dóttir Guðmundar mætti einnig í skýrslutöku þann 22. október 1975 og skýrði frá með sama hætti og eiginmaður hennar hafði gert. Guðmundur hefði sagt þeim sömu söguna í sitt hvoru lagi með dags millibili, ölvaður. Í frásögn Guðmundar hefðu tilvísanir til eftirfarandi atriða komið fram: *Klúbburinn, Sigurbjörn Eiríksson, Magnús Leóoldsson, smygl á spíra, bátur, höfnin í Keflavík, slippurinn í Keflavík, símtal úr sjoppu, símtal úr Hafnarbúðinni, ljós sendiferðarbill, fleiri menn í fjörunni, jeppi og 175.000 kr. greiðsla*. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að ekkert skip hefði komið í höfnina í Keflavík í nóvember. Goðafoss hafi komið 3. desember og farið aftur 4. desember 1974. Engin frekari gögn liggja fyrir um þessa rannsókn og virðist henni hafa verið hætt.

Guðmundur Agnarsson var boðaður til skýrslutöku vegna rannsóknar Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara, en hann neitaði að mæta þegar eftir því var leitað. Guðmundur lést þann 2. júlí 2002.<sup>49</sup>

Rannsóknarlögreglan í Reykjavík hóf sakamálarannsókn vegna **Guðmundarmáls** í desember 1975 en fyrsta formlega skýrslutakan fór fram þann 20. desember. Ekkert í fyrirbyggjandi gögnum málsins eða vinnugögnum lögreglu skýrir hvers vegna lögreglan hóf slíka rannsókn annað en að lögreglunni hafi borist til eyrna að Sævar væri hugsanlega viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar. Í dómi sakadóms er haft eftir Eggerti N. Bjarnasyni, rannsóknarlögreglumanni:

<sup>48</sup> Skýrsla Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara, 2003, bls. 63.

<sup>49</sup> Skýrsla Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara, 2003, bls. 63.

*„Eggert Norðdahl skýrði frá því, að við rannsókn póstsvikamálsins, sbr. IV. kafla ákæru, dags. 8. desember 1976, hefði grunur vaknað um það, að ákærðu kynnu að vera viðriðinir dauða Guðmundar Einarssonar, en rannsóknarlögreglumenn hefðu áður heyrt orðróm í þá átt. Við yfirheyrslu 20. desember 1975 yfir Erlu Bolladóttur hefði þessi grunur styrkst og rannsókn málsins haldið áfram í framhaldinu af því.“*

Bæði Sævar og Erla sættu á þessum tíma gæsluvarðhaldi vegna gruns um fjársvik. Erlu var sleppt úr varðhaldi eftir að hún gaf framburð sinn í Guðmundarmáli, þann 20. desember 1975. Þann 23. desember 1975 voru þeir Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Albert Klahn færðir í gæsluvarðhald vegna Guðmundarmáls.

**Starfshópurinn telur** líklegt að fleiri gögn hafi verið unnin í tengslum við upphaf rannsóknar Guðmundarmáls en fyrirbyggjandi eru. Af þeim sökum er erfitt að draga ályktanir um upphaf rannsóknarinnar. Með hliðsjón af þeim gögnum sem dómur Hæstaréttar byggir á, auk handskrifaðra minnispunkta lögreglu og færsla í dagbók Síðumúlafangelsis, telur starfshópurinn þá ráðstöfun lögreglu að leysa Erlu úr gæsluvarðhaldi þann 20. desember 1975 úr takti við aðrar ráðstafanir lögreglu í málinu. Erla hafði þá veitt sinn fyrsta framburð í Guðmundarmáli þar sem hún kvaðst hafa orðið vitni að því, aðfararnótt 27. janúar 1974, að Sævar, Kristján Viðar og þriðji maður hafi verið að „bagsa við“ eitthvað stórt og þungt í lakinu hennar og sagðist þess fullviss að í lakinu hafi verið maður.

Samkvæmt gögnum málsins var Sævar fyrst yfirheyrður vegna Guðmundarmáls tveimur dögum seinna og ekki liggur fyrir hvers vegna lögreglan beið í tvo daga með að yfirheyra Sævar um Guðmundarmálið eftir að Erla gaf sinn framburð. Hins vegar er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að Sævar hafi verið yfirheyrður þrisvar sinnum dagana 21. og 22. desember 1975 eftir að Erla gaf sinn framburð, alls í um 12 klukkustundir. Engar upplýsingar eru fyrirbyggjandi um þessar yfirheyrslur og því ekki vitað um hvað var rætt. Fyrsta formlega skýrsla Sævars um Guðmundarmálið fór fram úr leyfilegum yfirheyrslutíma og Sævar undirritaði hana ekki en lögmaður Sævars var viðstaddur þá yfirheyrslu.

Engin tengsl voru á milli Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar önnur en þau að sömu sakborningar sættu rannsókn hjá lögreglu um að hafa orðið valdir að hvarfi þeirra beggja.

Meðal gagna lögreglu um **Geirfinnsmálið** er vélritað minnisblað, dagsett 6. janúar 1976. Lára V. Júlíusdóttir, settur saksóknari, fjallaði um minnisblaðið í umfjöllun um upphaf Reykjavíkurrannsóknarinnar í

*Lögreglan í Keflavík  
afhenti ríkissaksóknara  
gögn Geirfinnsmáls 5.1.  
og með formlegum hætti  
8.1.1976.*

skýrslu til dómsmálaráðherra árið 2003. Í minnisblaðinu er fjallað um stúlku sem hafði „verið í gleðskap í húsi í Kópavogi og þar hefði fólkið talað um hvarf Geirfinns og þá hefði henni og fleirum við hóttað lífláti, ef það segði frá því sem það hefði heyrt.“

Í lögregluskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar, rannsóknarlögreglumanns, sem rituð er 10. mars 1976 er m.a. fjallað um fyrstu aðgerðir rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík í tengslum við Geirfinnsmálið, sem fram fóru um miðjan janúar 1976. Í skýrslunni er vísað til handskrif- aðra minnispunkta lögreglu, dagsettum 21. janúar 1976. Í skýrslunni segir að Erla, sem þá var ekki í gæsluvarðhaldi, hafi komið í viðtal hjá lögreglu vegna ónæðis af símhringingum á heimili móður hennar. Í skýrslunni segir að Erla hafi aðspurð sagst óttast þrjá menn vegna þessa og í tengslum við Geirfinnsmál. Erla hafi nafngreint þá Einar Bollason, Sigurbjörn Eiríksson og Jón Ragnarsson. Þessi framburður Erlu markar formlegt upphaf rannsóknar lögreglunnar í Reykjavík á hvarfi Geirfinns, en samkvæmt fyrirliggjandi gögnum greindi hún Eggerti N. Bjarnasyni rannsóknarlögreglumanni, Erni Höskuldssyni, fulltrúa yfirsakadómara og Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknar- lögreglumanni fyrst frá þessu.

Í öðrum handskrifuðum minnispunktum lögreglu einnig dagsettir 21. janúar 1976 má sjá ritað:

*„Einar Bollason, Sigurbjörn Eiríksson og Jón Ragnarsson eru líklega þeir sem Erla er hrædd við“.*

Í fyrrnefndri skýrslu Eggerts frá 10. mars segir að „ásakanir“ Erlu hafi verið ræddar við Sævar, sem þá sætti gæsluvarðhaldi vegna Guðmundarmálsins. Það hafi verið gert án þess að gefið hafi verið í skyn hverja Erla nefndi en Sævar hafi nefnt sömu þrjá menn.

Samkvæmt fyrstu formlegu lögregluskýrslunni sem tekin var af Sævari vegna Geirfinnsmálsins 22. janúar 1976, greindi hann m.a. frá ferð til Keflavíkur og að þar hafi verið Einar Bollason, Valdimar Olsen og Magnús Leópoldsson. Sævar greindi einnig frá því að nokkrum dögum áður hafi hann hitt Geirfinn Einarsson en Sævar nefndi hvorki Sigurbjörn Eiríksson né Jón Ragnarsson í sinni skýrslu. Telur starfshópurinn því ljóst að ef Sævar hefur nefnt sömu þrjá menn og Erla við yfirheyrslur hjá lögreglu, eru ekki meðal gagna málsins formlegar skýrslur um þær, sem væntanlega væru fyrstu yfirheyrslur yfir Sævari vegna Geirfinnsmálsins.<sup>50</sup> Hins vegar eru meðal gagna

---

<sup>50</sup> Þess má geta að í dagbók Síðumúlafangelsis eru skráðar dagana 21.-22. janúar 1976 alls 5 færslur vegna yfirheyrsla lögreglu yfir Sævari, í samtals tæpar 15

málsins handskrifaðir minnispunktar lögreglu, dagsettir 21. janúar 1976, um framburð Sævars. Minnispunktarnir eru ekki undirritaðir af Sævari, en um er að ræða tvö skjöl, hvorugt þeirra er merkt þeim sem ritar. Í minnispunktunum koma nöfn Jóns Ragnarssonar og Sigurbjörns Eiríkssonar ekki fyrir, en hins vegar nefndi Sævar þá Magnús Leópoldsson, Einar Gunnar Bollason, Valdimar Olsen og Geirfinn Einarsson.

Fyrsta frásögn Erlu vegna Geirfinnsmáls er höfð eftir henni í handskrifuðum minnispunktum dagsettum 21. janúar 1976. Þar lýsir hún ferð til Keflavíkur og atburðarás í Dráttarbrautinni. Erla nefndi m.a. í frásögn sinni *Sævar, M.P. sem hafi verið bílstjóri, Mercedes Benz bifreið, Geira, vettvang niður við sjó, spíra, skip, fleiri bíla á vettvangi, Kristján Viðar, Erla hafi orðið hrædd og hlaupið í burtu, Moskovits bifreið með V númeri, Grindavíkurafluggjarann og Guðjón Skarphéðinsson.*

Þá segir enn fremur í minnispunktunum:

*„Þeir voru allir með hanska.*

*Einar Bollason var þarna Magnús Leópoldsson, Sævar og Kristján og fleiri sem ég þekki ekki. Á bátnum þeir Sævar, Einar og sá þriðji sem ekki kom til baka. Sá sem ég ekki þekkti gæti hafa verið Jón Ragnarsson.*

[...]

*Jakki Kristjáns var með kraga og úr einhverju gerfi leðri. Þegar bílstjórinn fór út úr bílnum þá sagði hann við Sævar að hann skyldi passa mig. Ég held að Sigurbjörn Eiríksson í Klúbbnum hafi verið þarna.“*

Erla greindi starfshópnum frá því, líkt og rakið er hér að framan, að hún hefði leitað til lögreglu í kjölfar nafnlausra símhringinga heim til móður hennar þar sem hún bjó og karlmannsrödd í símanum hafði spurt eitthvað á þá leið *hvort hún væri ekki búin að segja nóg.* Eftir að hafa greint lögreglu frá þessu um miðjan janúar 1976 hafi verið komið upp sólarhringsvakt þar sem lögreglumenn, vopnaðir skammbyssum, hafi setið heima hjá henni til að tryggja öryggi hennar. Þetta staðfesti annar þessara lögreglumanna við starfshópinn. Upplýsingar um þetta eru ekki meðal þeirra gagna sem skýrsluhöfundar hafa undir höndum.

---

klukkustundir, þar af var einungis sú síðasta formlega skráð af lögreglu en hún varði í 4 klukkustundur og 50 mínútur.

**Að mati starfshópsins** verður að teljast óheppilegt að lögreglan ritaði ekki formlega lögregluskýrslu strax um upphaf Geirfinnsmáls heldur tveimur mánuðum síðar. Í skýrslunni segir að Erla hafi nafngreint Einar Bollason, Sigurbjörn Eiríksson og Jón Ragnarsson. Sævar var sagður hafa nafngreint sömu þrjá menn og Erla hefði gert þegar framburður Erlu var borinn undir hann. Misræmi má sjá á því sem fram kemur annars vegar í lögregluskýrslunni frá 10. mars og hins vegar á handskrifuðum minnispunktum lögreglu um framburð Erlu frá 21. janúar 1976 og lögregluskýrslu sem tekin var af Sævari tveimur dögum síðar. Því virðist sem vísað sé til yfirheyrsla yfir Sævari sem engin gögn liggja fyrir um.

Þrátt fyrir að lögreglan hafi ekki séð ástæðu til að rita lögregluskýrslu sem markaði formlegt upphaf rannsóknar Geirfinnsmáls í Reykjavík virðist lögreglan hafa gert viðamiklar ráðstafanir vegna framburðar Erlu um miðjan janúar 1976. Má í því efni nefna að tveir lögreglu-menn vopnaðir skammbyssum sátu heima hjá Erlu til að tryggja öryggi hennar.

#### **17.4. Fjórmenningarnir handteknir**

Handtökur þriggja manna að morgni 26. janúar 1976 og þess fjórða þann 11. febrúar voru samkvæmt dómi Hæstaréttar byggðar á framburði Sævars, Erlu og Kristjáns Viðars. Athygli vekur að samkvæmt vinnugögnum lögreglu og framburðum Erlu, Sævars og Kristjáns Viðars höfðu fleiri en þessir fjórir menn verið nafngreindir og ekki er fyllilega ljóst af fyrirliggjandi gögnum hvers vegna lögreglan handtók þessa fjóra menn frekar en aðra sem bent var á.

Fáar lögregluskýrslur eru fyrirliggjandi af fjórmenningunum og takmarkar það upplýsingar starfshópsins til að byggja á niðurstöður sínar um rannsókn gagnvart þeim.

Ljóst er af vinnugögnum lögreglu og handrituðum minnispunktum að á meðan þeir sættu gæsluvarðhaldi voru að berast ábendingar um Magnús og Sigurbjörn en ekki fundust slíkar ábendingar um Einar og Valdimar. Þá má einnig sjá á lögreglurannsókninni að lögreglan var að grennslast fyrir um fjórmenningana eftir að þeir voru lausir úr gæsluvarðhaldi, þann 9. maí 1976, en á sama tíma sættu þeir skerðingu á ferðafrelsi. Má sem dæmi nefna rannsókn á gestabók hótels þar sem skráðir voru saman Einar Bollason og Geirfinnur Einarsson eftir hvarf Geirfinns, í ljós kom að um hrekk hefði verið að ræða. Daginn eftir að fjórmenningarnir losnuðu úr gæsluvarðhaldi ræddi lögreglan við Guðjón Skarphéðinsson í fyrsta sinn en hann var handtekinn vegna gruns um aðild að Geirfinnsmálinu haustið 1976.

Ljóst er að lengi hafði verið uppi orðrómur um að Klúbbsmenn<sup>51</sup> tengdust hvarfi á Geirfinni Einarssyni. Viðhorf og framkoma einstaka lögreglumanna og fangavarda virðist hafa verið vinsamlegri gagnvart Einari Bollasyni og Valdimar Olsen heldur en Magnúsi Leópoldssyni samkvæmt því sem fram kom í viðtölum þeirra við starfshópinn. Lögreglan hélt fjórmenningunum öllum í gæsluvarðhaldi þar til gæsluvarðhaldsúrskurður yfir þeim rann úr gildi. Einar, Magnús og Valdimar hafa allir lýst því að þá hafi þegar verið komið fram að þeir hefðu fjarvistarsönnun þann 19. nóvember 1974.

## 17.5. Aðkoma Karl Schütz að rannsókninni og rannsóknarnefnd Reykjavíkur

Samkvæmt frétt Morgunblaðsins þann 18. ágúst 1976 tók nefndin formlega til starfa 11. ágúst sama ár. Starfshópurinn hefur ekki fundið gögn þessu til staðfestingar, hvorki um hvenær nákvæmlega rannsóknarnefnd Reykjavíkur var sett á laggirnar né hvenær hún lagðist af.

Heimildir um aðkomu Schütz að rannsókn Guðmundar- og Geirfinns mála er einkum að finna í skjölum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Í bréfi Ólafs Jóhannessonar dómsmálaráðherra dagsett 7. júlí 1976 til dr. Sigfreid Fröhlich, ráðuneytisstjóra í innanríkisráðuneyti<sup>52</sup> Vestur-Pýskalands þakkar ráðherra fyrir aðstoð við að benda á svo hæfan og reynslumikinn mann sem Schütz til aðstoðar og ráðgjafar við sakadóm Reykjavíkur og embætti ríkissaksóknara í tengslum við rannsókn á flóknu morðmáli og hugsanlega morðmálum. Í bréfinu kemur enn fremur fram að ráðherra hafi skipað Pétri Eggerz sendiherra til að ræða við hr. Sigfreid Fröhlich og að hann hafi gefið ráðherra skriflega skýrslu um þeirra fund. Ráðherra hafi ákveðið að óska eftir því við Schütz að koma til Íslands til ráðgjafar. Ráðherra hafi í framhaldinu átt fund með yfirsakadómara í Reykjavík og ríkissaksóknara og boðið þeim aðstoð Schütz og báðir þessir embættismenn hafi samþykkt það. Þá óskaði ráðherra eftir því í bréfinu að Schütz fengi að njóta aðstoðar tæknideildarinnar í Wiesbaden t.d. við blóðrannsóknir og aðrar rannsóknir sem íslenska tæknideildin gæti ekki framkvæmt. Í svarbréfi dr. Siegfried Fröhlich dagsett 15. júlí 1976 til ráðherra kemur fram að hann hafi rætt við yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins í Wiesbaden<sup>53</sup> og að hún muni veita þá aðstoð sem rannsóknarlögreglan geti til að upplýsa málið.

<sup>51</sup> Með „Klúbbsmönnnum“ er hér vísað til Sigurbjörns Eiríkssonar og Magnúsar Leópoldssonar.

<sup>52</sup> Staatssekretär in Bundesministerium des Innern.

<sup>53</sup> Bundeskriminalamtes in Wiesbaden.

Ekki er að finna í skjalasafni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins ráðningarsamning við Schütz. Hins vegar má sjá á bréfum ráðuneytisins dagsettum 9. og 15. september 1976 að ráðuneytið staðfesti að Schütz, fyrrverandi starfsmaður vestur-þýsku alríkisrannsóknarlögreglunnar, hafi verið ráðinn af ráðuneytinu til að vera um óákveðinn tíma, frá 29. júní 1976 að telja, sérfræðilegur ráðunautur sakadómararembættisins í Reykjavík við rannsókn mála vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar og hvarfs Geirfinns Einarssonar. Ekki kemur fram hver er móttakandi bréfsins. Á gögnum dóms- og kirkjumálaráðuneytis má einnig sjá að launagreiðslur til Schütz miðast við að hann hafi hafið störf um mánaðamót júní/júlí 1976. Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis dagsett 13. desember 1976 til yfirsakadómara í Reykjavík kemur fram að ráðuneytið hafi samþykkt að fallist yrði á boð Schütz um að hann kæmi á ný til starfa í byrjun janúarmánaðar 1977 og starfaði fram í febrúarbyrjun sama ár. Samkvæmt frétt Dagblaðsins laugardaginn 5. febrúar 1977 hélt Schütz heim á leið þann sama dag.

Rannsóknarlögreglumenn sem ræddu við starfshópinn könnuðust ekki við að ástæður þess að Schütz var fenginn til að aðstoða lögregluna hafi verið kynntar sérstaklega fyrir þeim en almennt hafi verið litið svo á að íslensku lögreglunni hefði skort kunnáttu til að leysa málið. Ennfremur kom fram í viðtölum við rannsóknarlögreglumenn að aðkoma Schütz að rannsókninni virðist hafa borið brátt að gagnvart þeim. Þannig virðist sem ósk um aðstoð við rannsóknina hafi ekki borist frá rannsakendum málsins heldur virðist sem frumkvæði að því að sækja aðstoð fyrir lögregluna komið frá dómsmálaráðuneyti og dómsmálaráðherra. Rannsóknarnefnd Reykjavíkur fékk ekki sérstakan stað í skipuriti sakadóms Reykjavíkur heldur hafi verið um að ræða teymi rannsóknarlögreglumanna sem fékkst eingöngu við rannsókn þessara mála innan deildarinnar þar sem þau voru til rannsóknar. Lögreglumenn lýstu því fyrir starfshópnum að slík hópvinna hefði verið nýjung á þessum tíma.

Starfshópurinn hefur ekki fundið áreiðanlegar heimildir um hverjir skipuðu rannsóknarnefnd Reykjavíkur. Þeir sem vitað er um að hafi unnið að rannsókn málanna voru þeir sem áður höfðu annast rannsókn málsins hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, þeir Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, Eggert N. Bjarnason og Sigurbjörn Víðir Eggertsson, rannsóknarlögreglumenn. Þar að auki voru þeir Grétar Sæmundsson, Jónas Bjarnason, Haraldur Árnason, Ívar Hannesson rannsóknarlögreglumenn frá sakadómi. Rúnar Sigurðsson, kom inn í rannsóknarnefndina og var sá eini sem kom til starfa við nefndina úr röðum annarra embætta en sakadóms Reykjavíkur. Hann var lögreglu- maður í Reykjavík.

Starfshópurinn hefur ástæðu til að ætla að rannsóknargögn Schütz séu enn ekki öll fundin. Fundargerðir rannsóknarnefndar Reykjavíkur af fundum nefndarinnar hafa til dæmis ekki komið í leitirnar. Þýðingar á málsskjölum sem gerðar voru fyrir Schütz liggja fyrir að einhverju leyti en starfshópurinn telur líklegt að fleiri skjöl hafi verið þýdd fyrir Schütz. Schütz hefur ritað dómsmálaráðherra vikulega skýrslu um framvindu rannsóknarinnar. Fyrir liggja vikuskýrslur 1-7 á þýsku, en einungis skýrslur 6 og 7 liggja fyrir í íslenskri þýðingu. Nánari grein verður gerð fyrir skýrslunum hér á eftir.

#### **17.5.1. Breytingar við aðkomu Schütz**

Því var lýst í viðtölum fyrir starfshópnum að Schütz hafi verið búinn að lesa sér til um málið þegar lögreglumenn mættu til fyrsta fundar við hann. Schütz hefði stjórnað rannsókninni og haldið daglega fundi þar sem rituð var fundargerð. Pétur Eggerz sendiherra hefði séð um að túlka samskipti Schütz og íslensku lögreglumannanna á þessum fundum. Rannsóknarlögreglumenn hafi fengið umsjón með tilteknum sakborningum málsins sem voru þeirra viðfangsefni við rannsóknina.

Hlutverk Arnar Höskuldssonar, fulltrúa yfirsakadómarar, breyttist við komu Schütz. Hann var ekki lengur daglegur stjórnandi rannsóknarinnar og á rannsóknargögnum má sjá að Schütz hefur falið Erni ábyrgð á rannsókn einstakra þátta málsins.

Rannsakendur hafa lýst því fyrir starfshópnum að þegar lögreglumenn á þessum tíma byrjuðu að vinna sem rannsóknarlögreglumenn þá hafi þeir ekki hlotið neina fagþjálfun sem slíkir. Schütz hafi byrjað á því að halda fyrir nefndina fyrirlestur um til hvers væri ætlast af rannsóknarlögreglumönnum við þessa vinnu.

Schütz stjórnaði fundum rannsóknarnefndarinnar, úthlutaði verkefnum til rannsóknarlögreglumanna og setti þeim tímamörk til að vinna þau. Á næsta fundi hefðu lögreglumenn skilað af sér, þá var farið yfir afrakstur vinnunnar og ákveðinn lögreglumaður hafði það hlutverk að taka vinnuna saman og raða málinu niður. Stjórnun Schütz hafi verið markviss og þess gætt að verkefni rannsóknarlögreglumanna sköruðust ekki til að forðast tvíverknað.

#### **17.5.2. Vikulegar skýrslur Schütz til dómsmálaráðherra um rannsóknina**

Eins og fram kemur í skýrslu setts saksóknara frá 2003 eru meðal gagna lögreglu vikuskýrslur til dómsmálaráðherra, ritaðar af Schütz, eftir að hann tók við stjórn rannsóknarinnar. Meðal þeirra gagna sem starfshópurinn hefur undir höndum eru sjö slíkar skýrslur.



Skýrslurnar eru dagsettar 20. september, 15. október, 22. október, 5. nóvember, 19. nóvember og 13. desember 1976 og 7. janúar 1977. Í þeirri fyrstu kemur fram að hún sé rituð í þeim tilgangi að veita dómsmálaráðherra áframhaldandi upplýsingar um atburði og aðgerðir lögreglu og að frá 20. september verði ritaðar vikulegar upplýsingaskýrslur til ráðherra og þeim skilað á mánudögum klukkan 17:00.

Vikuskýrslurnar veita glögga innsýn inn í framvindu rannsóknarinnar, hverju rannsakendur voru að velta fyrir sér á hverjum tíma og hvaða rannsóknaraðgerðir þeir hygðust framkvæma og hvers vegna.

### **17.5.3. Indíánaaðferðin við yfirheyrslur**

Í nokkrum skýrlum málsins er tekið fram að *indíánaaðferðinni* hafi verið beitt við yfirheyrsluna. Í viðtölum við rannsakendendur á þessum árum kom í ljós að þeir sem unnu í rannsóknarnefndinni mundu eftir þessari yfirheyrsluáðferð sem Karl Schütz hefði kennt rannsóknarlögreglumönnum.

Í viðtölum við þá rannsakendur sem þekktu indíánaaðferðina kom fram að um væri að ræða skírskotun til amerískra vestra, þegar vagnalest væri stillt upp í hring og indíánarnir væru á þeysireið fyrir utan skotlínuna. Með vísun til þessa væri nafnið á yfirheyrslutækninni komið. Sólarhringurinn (tímaröð atburða) hefði verið samlíking við þann hring sem indíánarnir riðu. Hugmyndafræði yfirheyrslutækninnar væri sú að spyrja ekki um atvik í tímaröð. Það væri gert í þeim tilgangi að sá sem sætti yfirheyrslu ætti erfitt með að átta sig á atburðarás vegna þeirra spurninga sem viðkomandi væri spurður.

Schütz hefði skipað fyrir um beitingu þessarar aðferðar við einstakar yfirheyrslur, spurningar ættu að vera fáar og flokkaðar. Flokkunin ætti að vera eftir því hvort spurningin væri byggð á lygi, byggð á staðreyndum eða helmingslíkur væri á að spurning byggði á lygi eða staðreyndum. Þessum spurningum ætti að blanda saman og nota indíánaaðferð. Var því haldið fram að sá sem lenti í svona yfirheyrslu ætti mjög erfitt með að halda lygaþræði.

Einn rannsakenda sagði Schütz hafa sagt við sig að þegar fyrstu yfirheyrsla yfir sakborningi væri lokið þar sem indíánaaðferð hefði verið beitt ætti yfirheyrandinn að hafa það sterkt á tilfinningunni hvort um sekann eða saklausan mann væri að ræða.

Annar lýsti aðferðinni þannig að farið væri í kringum það atriði sem leitað væri að en ekki skyldi spyrja um það strax, heldur að reyna að fylla upp í myndina.

Um árangur yfirheyrsluaðferðarinnar voru menn ekki sammála. Einn sagði að aðferðin virkaði best á greinda sakborninga sem ætluðu sér að ljúga að yfirheyranda en ekki á einstaklinga sem væru ekki skýrir í hugsun.

#### 17.5.4. Viðhorf Schütz til íslensku lögreglunnar

Í bréfi dagsettu 8. október 1976 frá Schütz kemur fram að ráðherra hefur óskað þess við Schütz að hann tæki saman tillögur um endurskipulagningu lögreglunnar á Íslandi vegna fyrirhugaðrar stofnunar rannsóknarlögreglu ríkisins. Í bréfi Schütz, sem er þýtt á íslensku og telur 16 blaðsíður, fjallar hann m.a. um menntun og þjálfun rannsóknarlögreglumanna. Schütz tók fram í bréfinu að tillögur hans styddust einvörðungu við reynslu hans sem ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík síðan í byrjun júlí 1976. Um menntun, þjálfun og yfirheyrslutækni rannsóknarlögreglumanna ritar Schütz:

*„Rannsóknarlögreglumenn í Reykjavík og þeir lögreglumenn úti á landi, sem fást við afbrotamál, hafa eingöngu hlotið þá menntun sem ætluð er almennu lögreglunni á Íslandi. Eftir því sem ég hef komist næst felst ekkert námsefni í þeirri menntun, sem nauðsynlegt er, til upplýsingar afbrota.*

*Mér sýnist það alveg bráðnauðsynlegt að þjálfa fyrirhugaða rannsóknarlögreglumenn í öflun sönnunargagna þ.á.m. sýnilegra sönnunargagna og í því að notfæra sér rannsóknartækni í því sambandi.*

*Auk þess er sérþekking margra þeirra á sviði yfirheyrslutækni og aðferðum og í því að koma fram við brotamenn með sálfræðilega heppilegu móti svo ónóg, að sæmilega greindir brotamenn losna fljótt við hina eðlilegu óvissukennd og uppnám og dæmið snýst við. Auk þess skortir flesta rannsóknarmenn það persónulega öryggi og áhrifavald, sem nauðsynlegt er til að ná árangri í erfiðri yfirheyrslu. Þetta er að mínu áliti aðalástæðan til þess að lögreglumenn reyna jafnvel ekki að bera á þann yfirheyrða ósamræmi í framburði og innan síns lagalega réttar að tala um fyrir honum og fá hann til að játa.*

*Það hefur oft sýnt sig að námsefni það sem tilvonandi rannsóknarlögreglumönnum í Þýskalandi er kennt er ásamt öðru vel til þess fallið að veita lögreglumönnum meiri skapgerðarfestu og meira öryggi í umgengni við sakborninga. Við þjálfunina verður að gera greinarmun á yfirmönnum sem eiga að stjórna (yfirmanni stofnunarinnar og deildarstjórum) og þeim*

*sem vinna sem rannsóknarlögreglumenn. (kriminalpolizeilichen Sachbearbeitern).“<sup>54</sup>*

### **17.5.6. Rannsókn á atriðum til að styrkja játningar og lokaskýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur**

Í janúar 1977 bókaði Schütz nokkur atriði sem ætlað var að gætu styrkt játningar í Geirfinnsmálinu, að fenginni frekari athugun. Bókarnir eru þýddar af þýsku yfir á íslensku og merktar rannsóknarnefnd Reykjavíkur. Um er að ræða atriði sem Schütz taldi mega draga ályktanir af, til að undirbyggja betur atburðarásina sem játningarnar vitnuðu um. Með hverju atriði voru ritaðar rannsóknarleiðir, þ.e. með hvaða hætti mætti staðreyna viðkomandi atriði. Hverju rannsóknaratriði var fylgt eftir, ýmist með skýrslutökum eða útdráttum úr eldri gögnum. Atriðin voru lögð fram í sakadómi Reykjavíkur 28. apríl 1977 merkt *Undirbygging*.

Af fyrirliggjandi gögnum málsins má sjá að a.m.k. 24 atriði voru könnuð í tengslum við þetta. Má sem dæmi nefna rannsókn á því hvort Geirfinnur hafi krafist drykkja í Klúbbnum sem hann hafi ekki greitt fyrir, hvort starfsmaður Geysis hafi lánað Sævari og Erlu ljósbláan VW bíl og hvort Sigurður Óttar hafi getað haft yfirráð yfir bíl sem hann hafði borið að hafa ekið til Keflavíkur án þess að nokkur hefði tekið eftir því.

Í lokaskýrslu rannsóknarnefndar Reykjavíkur er vísað til rannsókna þeirra sem ætlað var að styrkja játningar. Þar segir að rannsóknirnar hafi að vísu ekki alltaf staðfest játningar en „þó ekki leitt neitt teljandi misræmi í ljós“.

Í lokaskýrslunni er fjallað um rannsókn Geirfinnsmálsins og er eftirtektarvert á hve afgerandi hátt er fjallað um framburði sakborninga í skýrslunni. Sem dæmi um þetta má benda á eftirfarandi tilvitnun úr skýrslunni:

*„Ekki eru fyrir hendi neinar skynsamlegar ástæður til þess að efast um að verknaðurinn sjálfur og tildrög hans, eins og búið er að játa hann, sé réttur. Með tilliti til þess má líta svo á að niðurstaða rannsóknarinnar sé svo sennileg að hún nálgist vissu.“*

Í lokaskýrslunni er fjallað um þá atburðarás sem rannsóknarnefndin lagði til grundvallar niðurstöðu rannsókna. Þá er líka að finna í lokaskýrslunni persónulýsingu sakborninga og svokallaða skapgerðarlýsingu sem virðist vera byggð á frásögnum sakborninga og athugunum

<sup>54</sup> Þýtt bréf Karl Schütz til dómsmálaráðherra dagsett 8. október 1976.

þeirra rannsóknarlögreglumanna sem um mál þeirra höfðu að gera. Þá er að lokum fjallað um „hliðarverkanir“ rannsóknarinnar. Þar er vakin athygli á sex afbrotum og að lögregla hafði ekki hafið aðgerðir vegna þeirra. Þar á meðal er talið upp að Kristján Viðar hafi játað að hafa orðið Villy Petersen frá Færeyjum að bana, fjallað er um að Sævar hafi játað innbrot í apótek á Selfossi ásamt Guðjóni og að Valdimar Olsen hafi átt skammbyssu sem hann hefði geymt heima hjá sér án þess að borga af henni toll.

**17.5.7. Um vinnu rannsóknarnefndar Reykjavíkur og Karl Schütz**  
Svo virðist sem rannsókn Geirfinnsmálsins hafi verið komin í ógöngur eftir að í ljós kom að fjórir menn höfðu setið saklausir í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarinnar og segja má að ráðuneytið hafi þrýst á um niðurstöðu í rannsóknina með ráðningu Schütz. Starfshópurinn telur enga ástæðu til að ætla eða fundið þess nein merki að ráðuneytið hafi þrýst á um að tiltekin niðurstaða fengist í málið. Ekkert er við þá hugmynd að athuga í sjálfu sér að sótt hafi verið utanaðkomandi ráðgjöf.

Samkvæmt bréfi dómsmálaráðherra til dr. Sigfreid Fröhlich 7. júlí 1976 átti Schütz bæði að vera sakadómi Reykjavíkur og embætti ríkissaksóknara til ráðgjafar. Hann virðist þó svo einungis hafa verið ráðinn sem ráðgjafi við sakadóm við rannsókn málsins og ekki er að sjá nein gögn um að hann hafi verið embætti ríkissaksóknara innan handar. Schütz starfaði hins vegar ekki aðeins sem ráðgjafi, eins og lagt var upp með samkvæmt fyrrgreindu bréfi dómsmálaráðherra, heldur stjórnaði hann rannsókninni og úthlutaði verkefnum til íslensku rannsóknarlögreglumannanna. Hann stjórnaði sumum yfirheyrslum og yfirheyrði jafnvel sjálfur með aðstoð tólks.

Samkvæmt vikuskýrslu Schütz til dómsmálaráðherra 15. október 1976 átti Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, að afhenda öll sönnunargögn í Guðmundarmálinu til ríkissaksóknara þann 19. október 1976 og frá þeim tíma myndi rannsóknarnefndin einungis halda áfram störfum vegna Geirfinnsmáls. Þannig virðist sem rannsakendur hafi talið rannsókn Guðmundarmáls að mestu lokið haustið 1976 og áhersla lögð á rannsókn Geirfinnsmáls eftir það.

Lögreglan viðhafði talsverðan undirbúning vegna handtöku Guðjóns haustið 1976, þó ekkert af þeim upplýsingum sem þá var aflað tengdi Guðjón við Geirfinnsmálið. Hins vegar má greinilega merkja önnur vinnubrögð lögreglu heldur en þegar fjórmeningarnir voru handteknir í byrjun sama árs.

Í vikuskýrslu Schütz til dómsmálaráðherra 19. nóvember 1976 kemur fram að ekki hafi tekist að fá upplýsingar um málið frá öðrum en

sakborningum. Ekki hafi heldur fundist vettvangur né önnur ummerki brots. Schütz útskýrði það m.a. með því að minni um smáatriði væri harla til staðar tveimur árum eftir að brotin áttu sér stað. Ennfremur kemur fram í skýrslunni að upp frá þessum tíma væri lögð áhersla á að yfirheyra sakborningana vandlega og yfirfara framburði sem sakborningarnir skrifuðu. Lögregla reyni jafnframt að koma í veg fyrir að upplýsingar um aðferðir til að villa um fyrir lögreglumönnum berist á milli sakborninga. Í þessu samhengi vekur athygli að samprófanir sem voru algengar framan af rannsókninni, samkvæmt skráningum í fangelsisdagbók, fækkaði með afgerandi hætti haustið 1976 allt þar til samprófanir hófust fyrir sakadómi vorið 1977.

Formlegar boðleiðir á milli æðstu embættismanna ráðuneytisins og lögreglunnar á tíma rannsóknar málanna hjá rannsóknarnefnd Reykjavíkur voru einfaldari en við þekkjum í dag. Dómsmálaráðherra óskaði eftir því að tæknideild lögreglu í Wiesbaden annaðist þær tæknirannsóknir sem íslenska lögreglan gat ekki framkvæmt við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála. Dómsmálaráðherra gekk einnig í að sækja erlendan ráðgjafa fyrir rannsókn þessara tilteknu mála eins og þegar hefur verið rakið. Schütz var ráðgjafi við sakadóm en fékk greidd laun frá dómsmálaráðuneyti.

Schütz upplýsti ráðherra með sérstökum vikuskýrslum um framvindu rannsóknarinnar. Æðsti yfirmaður lögreglunnar var þannig upplýstur um málið af stjórnanda rannsóknarinnar en dómsmálaráðherra var á þessum tíma einnig æðsti yfirmaður ákærvalds.

## **17.6. Sakadómarrar taka við málinu og framhaldsrannsókn Gísla Guðmundssonar, rannsóknarlögreglumanns**

Samkvæmt skýrslu Gísla Guðmundssonar lögreglumanns hafði Gunnlaugur Briem sakadómari óskað eftir því við Gísla þann 13. janúar 1977 að hann framkvæmdi frekari rannsókn á Guðmundarmálinu. Af því tilefni hafi Gunnlaugur lagt fram lista Ármanns Kristinssonar sakadómara með a.m.k. 30 atriðum, misveigamiklum, sem dómarnir töldu þurfa frekari rannsóknar við. Hellerti Jóhannssyni og Nirði Snæhólm, lögreglumönnum var einnig falið að vinna við þetta verkefni. Gísli fór þess þegar á leit við Örn Höskuldsson og Eggert N. Bjarnason að þeir legðu fram allar skýrslur og upplýsingar sem hjá þeim væri að finna um málið.

Hér er um að ræða viðamikla framhaldsrannsókn og fjöldi skýrslna voru teknar vegna hennar. Ekki virðast vera til staðar gögn um að rannsókninni ljúki með formlegum hætti heldur fjallar síðasta skýrslan

um að Gísli Guðmundsson hafi farið með Albert Klahn Skaftason í leiðangur m.a. að Hamarsbraut 11. Með í för voru sakadómarmenn Gunnlaugur Briem, Ármann Kristinsson og Haraldur Henrysson auk Arnar Clausen lögmanns Alberts og nokkrir aðrir lögreglumenn. Þetta var hinn 16. mars 1977 en fleiri skýrslur frá þessari framhaldsrannsókn er ekki að finna meðal gagna málsins. Sama dag voru gefnar úr framhaldsákærur fyrir sakadómi.

Ekki er ljóst hvaða skýrslur og upplýsingar Eggert N. Bjarnason og Örn Höskuldsson afhentu Gísla Guðmundssyni en starfshópurinn telur í dag vanta gögn um upphaf rannsóknar á Guðmundarmáli í fyrir- liggjandi gögnum málsins.

Það sem helst er markvert við rannsókn Gísla er annars vegar tilkoma nýs aðila í Guðmundarmálið og hins vegar upplýsingar um að síminn að Hamarsbraut 11 hafi verið lokaður aðfaranótt 27. janúar 1974. Upplýsingar um að síminn hafi verið lokaður, leiddu til breytinga á framburðum um atburðarás kvöldsins 26. janúar 1974.

Í byrjun mars 1977 veittu Sævar og Albert upplýsingar um Gunnar Jónson og að hann hafi verið með í för aðfaranótt 27. janúar 1974. Lögreglan gerði í samstarfi við dómsmálaráðuneyti ráðstafanir til að hafa uppá Gunnari en hann var þá staddur á Spáni. Tveir lögreglumenn fóru út til að hitta Gunnar og hann féllst á að koma hingað til lands og bera vitni í málinu. Þá kemur einnig fram að Gunnar hafi gist á hóteli í Reykjavík en lögreglumaður var hafður á vakt yfir honum. Gunnar var yfirheyrður fyrir dómi í apríl 1977.

Með bréfi til Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómara, 10. febrúar 1977, sendi Gunnlaugur Briem honum formlegt erindi vegna þeirra skilyrða sem sakadómarmenn þurftu að vinna við vegna málsins.<sup>55</sup> Í bréfinu gerði Gunnlaugur grein fyrir því að honum hafi verið falin skjöl málsins í hendur þann 15. desember 1976 og að hann væri dómsformaður. Við yfirlestur skjalanna hafi komið í ljós að mjög svo skorti á að það væri nægilega rannsakað, að undanskildum þeim þáttum sem ávana- og fikniefnadómstólinn hafði til meðferðar. Hefði því verið ákveðið í samráði við yfirsakadómara að bæta úr því áður en sakadómarmenn þrír tækju við málinu.<sup>56</sup> Þegar hann hefði fengið málskjölin hefðu Kristján Viðar, Sævar, Tryggvi Rúnar, Erla og Guðjón sætt gæsluvarðhaldi. Kristján Viðar og Erla hefðu verið í Hegningarhúsinu, Sævar og Guðjón í Síðumúlafangelsi og Tryggvi Rúnar í

<sup>55</sup> *Málsins*, líklega er hér vísað til Guðmundarmáls o.fl.

<sup>56</sup> Er hér vísað til framhaldsrannsóknar undir forystu Gísla Guðmundssonar, rannsóknarlögreglumanns, í byrjun árs 1977.

lausagæslu á Litla-Hrauni þar sem hann hefði getað haft samneyti við aðra fanga, mátt fá heimsóknir o.fl. Gunnlaugur hafi óskað flutnings á Tryggva í Hegningarhúsið á meðan rannsókn málsins stæði. Hann hafi hins vegar verið fluttur í Síðumúlafangelsi líklega vegna fyrirmæla frá Erni Höskuldssyni, fulltrúa yfirsakadómara og var Tryggvi þar er bréfið var ritað. Erla hafi verið látin laus úr gæsluvarðhaldi þann 22. desember 1976 og það hafi Gunnlagur, dómsformaður í málinu, lesið í blaði þann 27. sama mánaðar. Þann 31. janúar hafi Sævar verið fluttur úr Síðumúlafangelsi í Hegningarhúsið án vitundar Gunnlaugs og settur í klefa við hlið Kristjáns Viðars. Þá hafði um skeið staðið vakt yfir Kristjáni Viðari vegna sjálfsmorðstilrauna hans, sem dómsformaður hefði frétt af skotspónum. Gunnlaugur greindi frá því að hann hefði fengið bréf frá yfirfangaverði Hegningarhússins og í því kæmi m.a. fram að hljóðbært væri í Hegningarhúsinu og heyrst gæti á milli klefa. Allar tilraunir dómsformanns til að ná fram breytingum hefðu verið árangurslausar. Ekki hafi verið leyft að yfirheyra Sævar og Kristján Viðar um Guðmundarmál vegna rannsóknar svokallaðs *Geirfinnsmáls*. Síðdegis þann 9. febrúar 1977 hafi Jónas Bjarnason, rannsóknar-  
lögreglumáður hringt til Gunnlaugs og beint þeirri fyrirspurn til hans frá Sævari um hvenær dómsyfirheyrslur hæfust í máli Sævars. Gunnlaugur hafi ekki vitað hvað Jónasi og Sævari hafi farið í milli og samtal þeirra hefði verið án hans vitundar en Gunnlaugi hafi verið sagt að yfirheyrslum í *Geirfinnsmáli* væri lokið.

Með vísan til alls þessa væri ljóst að málið væri á mjög alvarlegu stigi. Rannsókn málsins hafi þegar tafist af framangreindum orsökum og gæti ekki haldið áfram við þessar aðstæður. Gunnlaugur sagði að lokum í bréfi sínu til yfirsakadómara að skýr svör þyrftu að berast um það þá þegar, hvort fela ætti dómurum málsins forræði fanganna á meðan á rannsókn málsins stæði, en ætlunin væri að hafa þá í einangrun á meðan og ekki leyfa samtöl við þá, nema með sérstöku leyfi hverju sinni.

Sex dögum eftir að framangreint bréf er ritað, eða þann 16. febrúar 1977, er skráð í fangelsisdagbók Hegningarhúss:

*„Takið eftir: Um kl. 15:00 barst bréf frá Gunnlaugi Briem þess efnis að öllum eru bönnuð viðtöl við gæslufangana Sævar Ciesielski og Kristján Viðar nema með sérstöku leyfi í hvert sinn frá honum eða sakadómurinum Ármanni Kristinsyni og Haraldi Henryssyni þetta bann gildir jafnt um Örn Höskuldsson og rannsóknarlögregluþjóna þá er áður fóru með mál þessara fanga. Nefndir sakadómara hafa nú tekið við fullri lögsögu í málum gæslufanganna.“*

## 17.7. Framhaldsrannsóknir RLR

Rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála var að mestu lokið þegar RLR tók til starfa sumarið 1977. Hins vegar rannsakaði RLR einstaka þætti sem ríkissaksóknari óskaði eftir á meðan málið var til meðferðar hjá Hæstarétti.

Sem dæmi um slíkar rannsóknir sem RLR annaðist má nefna að samkvæmt skýrslu RLR 21. janúar 1980 óskaði ríkissaksóknari eftir því að reynt yrði að afla upplýsinga um meðalhraða á akstursleiðum hjá þeim rannsóknarlögreglumönnum, sem áður höfðu framkvæmt slíkar tímamælingar í tengslum við Geirfinnsmálið. Var ákveðnum rannsóknarlögreglumönnum falið að annast að nýju tímamælingar á aksturshraða á milli staða.

Í upplýsingaskýrslu RLR, dagsettri 21. janúar 1980, er fjallað um þá beiðni vararannsóknarlögreglustjóra um að hringja í konu en talið var að hún hefði látið orð falla í þá veru að hún hefði upplýsingar um Geirfinnsmálið. Niðurstaða rannsóknarlögreglumanns RLR var að framburður konunnar væri ekki byggður á neinum rökum heldur getgátum og ýmislegt benti til að konan væri ekki eins og fólk væri flest. Konan hélt því fram að hún teldi líklegt að ákveðinn maður væri sá sem fór inn í Hafnarbúðina til að hringja.

Athygli vekur að í skýrsluna ritar lögreglumadurinn eftirfarandi:

*„Þeir sem lesa ofangreinda skýrslu munu vita hvaða mann hún tilgreindi og verður hann í þessari skýrslu nefndur X.“*

Þá hefur RLR samkvæmt skýrslu 22. janúar 1980, farið þess á leit við tryggingafræðing að hann reiknaði hvaða líkur væru á því að maður sem spurður væri um fjögurra stafa símanúmer gæti farið rétt með einhverjar tvær samliggjandi tölur í númerinu. Niðurstaða útreikninganna var að líkurnar væru á bilinu 3-5%, eftir því hvernig á málið væri litið.

Þar að auki má sjá á gögnum RLR að rannsóknarlögreglan var enn að leita líkamsleifa þeirra Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar eftir að dómur sakadóms féll en samkvæmt dómi sakadóms þótti sannað að lík Geirfinns væri grafið í Rauðhólum. Samkvæmt rannsókn RLR, máli nr. 6293/1976, fékk RLR heimild til leitar í jarðvegi garða við Grettisgötu 82 að líkamsleifum bæði Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar. Beiðni RLR um þessa leit var byggð á upplýsingum sem RLR barst þann 9. apríl 1978 frá Sigurði Stefáni Almarssyni, þá refsifanga á Litla-Hrauni. Sigurður Stefán kvaðst hafa þessar upplýsingar eftir Kristáni Viðari sem einnig var vistaður á



Litla-Hrauni en hafði búið að Grettisgötu 82. Í upplýsingaskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar og Sigurbjörns Víðis Eggertssonar 28. maí 1978 kemur einnig fram að Sigurður Stefán hafi ekki viljað gefa aðrar upplýsingar en að líkin væru grafin við nefnt hús. Um tíma hafi hann virst samþykkur því að skýra frá þessu fyrir dómi án annara skilyrða en að fá að vera viðstaddur uppgröft. Honum hafi snúist hugur og hann ekki viljað staðfesta sína vitnaskju nema honum væri þegar veitt reynslulausn frá þeim dómi, er hann afplánaði. Að lokum fjölluðu rannsóknarlögglumennirnir um mat á trúverðugleika framburðar Sigurðar Stefáns og bentu á að það hafi verið Sigurður Stefán sem hafi veitt upplýsingar sem leiddu til lausnar á hinum svokallaða „Póstmáli“ á sínum tíma. Í fyrirliggjandi gögnum um hið svokallaða póstsvikamál, sem Erla og Sævar sátu í gæsluvarðhaldi fyrir í desember 1975, liggur ekki fyrir skýrsla af Sigurði Stefáni Almarssyni. Leitað var í garðinum við Grettisgötu 82 með stálteinum að kvöldi dags 14. júlí 1978. Leitin bar ekki árangur.

### **17.8. Harðræðisrannsókn setts sakadómara frá 1976**

Í skjalasafni dómsmálaráðuneytis er að finna gögn frá rannsókn setts sakadómara frá því haustið 1976 á harðræði í Síðumúlafangelsi (fyrri harðræðisrannsókn). Í þeirri rannsókn, sem er að öðru leyti ótengd Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, má sjá umfjöllun um bréf sem Sævar og annar fangi<sup>57</sup> skrifuðu og sendu á milli fangaklefa þar sem þeir voru vistaðir í Síðumúlafangelsi. Þetta atvik vakti talsverða athygli á sínum tíma og var nokkuð fjallað um þetta í fjölmiðlum.

Upphaf rannsóknarinnar er samkvæmt gögnum málsins bréf, dagsett 6. september 1976, sem Finnur Torfi Stefánsson hdl., ritar til dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Í bréfinu kemur fram að umbjóðandi Finns Torfa, hafi setið í gæsluvarðhaldi í Síðumúla. Í bréfinu er kvartað undan aðbúnaði gæsluvarðhaldsfangans og andlegu og líkamlegu harðræði sem hann væri beittur í fangelsinu. Í bréfinu er þess krafist að ráðuneytið sjái til þess að aðbúnaður umbjóðandans verði bættur og að rannsókn verði látin fara fram á atburðum þeim sem lýst var í bréfinu. Að lokum er þess krafist að þeim verði refsað sem ábyrgð bera, eftir því sem efni standa til.

Hinn 20. september 1976 sendi ráðuneytið bréf Finns Torfa til embættis ríkissaksóknara til frekari meðferðar.

---

<sup>57</sup> Þess ber að geta að umræddur fangi sætti ekki gæsluvarðhaldi vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála.

Jón Bjarman fangaprestur fór þess á leit við dómsmálaráðuneytið að það léti þegar í stað fara fram könnun á framkvæmd viðurlaga við agabrotum í Síðumúlafangelsi 28, með bréfi dagsettu 24. september 1976. Í bréfinu er tilefni beiðninnar lýst en í septembermánuði 1976 hafi tveir fangar í persónulegum sálgæsluviðtölum við hann kvartað undan því að þeir hafi í verið beittir ótilhlýðilegri harðýðgi, er þeir sátu í gæsluvarðhaldi vegna meintra brota. Þeim hafi verið tjáð, að meðferðin væri refsing vegna agabrota á reglum, sem þeim höfðu ekki verið kynntar.

Um var að ræða tvo fanga. Annars vegar þann gæslufanga sem skrifadist á við Sævar og hins vegar sama gæslufanga og Finnur Torfi Stefánsson hdl. hafði áður ritað bréf fyrir. Í bréfi Jóns Bjarman segir m.a.:

*„Það skal tekið fram, að þessir menn munu ekki þekkjast, brot þeirra eru sitt hvors eðlis og þeir munu ekki hafa talast við. [Fangi A] mun einnig hafa neytt réttar síns þegar eftir að honum hafði verið refsað, og kvartað undan meðferðinni við rannsóknardómarann í máli sínu og réttargæzlumann sinn. Lýsing þessrara tveggja gæslufanga á atvikum og tildrögum er þó nánast sú sama, þ.e., að þeir hafi verið færðir í einangrunarklefa, lagðir þar á gólf, járnaðir á höndum og fótum og festir annarsvegar við stólfót, sem skrúfaður er fast við gólfid og hinsvegar við rúmfót á naglföstum járnbekk, sem í klefanum er. [Fangi B] tiltók ekki hve lengi honum hafði verið haldið þannig en [fangi A] telur að hann hafi þannig legið í járnum í fjóra tíma.“*

Jón ritar í sínu bréfi að hann geti hvorki séð að gildandi lögum og reglum hafi verið fylgt áður en þeim viðurlögum hafi verið beitt sem skjólstæðingar hans hefðu lýst né að umrædd viðurlög séu verjandi. Í bréfi Jóns Bjarman segir ennfremur:

*„Hinú háa ráðuneyti er að sjálfsögðu kunnugt, að óeðlilegt ástand hefir ríkt í fangelsinu að Síðumúla 28 allt frá 23. desember 1975. Margir þeirra fanga, sem hafa verið í gæsluvarðhaldi á þessu tímabili og sumir þeirra, sem eru þar enn hafa kvartað undan harðræði og því, að þeim hafi verið haldið í stöðugum ótta, bæði í sb. við framkvæmd gæzlunnar svo og við yfirheyrslur og rannsóknaraðgerðir í sb. við mál sín.“*

Jón kvaðst telja brýna nauðsyn á því að það væri kannað með prófunum af óvilhöllum aðila, hvort í þessum tilvikum og öðrum hafi verið beitt ótilhlýðilegri harðýðgi við gæsluvarðhaldsfanga. Hann

óskaði jafnframt eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um það, hvort sérstakar reglur giltu um fangelsið að Síðumúla 28, hverjar þær þá væru og hvernig þær hafi verið kynntar.

Með sérstöku skipunarbréfi dagsettu 28. september 1976 var Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari skipaður sérstakur dómari til að fara með rannsókn vegna kæru um ótilhlýðilega beitingu viðurlaga við agabrotum í fangelsinu í Síðumúla 28, skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 74/1974.<sup>58</sup>

Þórður Björnsson ríkissaksóknari ritaði Steingrími Gauti Kristjánssyni bréf, dagsett 29. september 1976 þar sem framsendar voru til hans tvær kærur og er vísað til efnis bréfa þeirra Finns Torfa Stefánssonar hdl., og Jóns Bjarman fangaprests, án þess að ríkissaksóknari afmarkaði rannsóknarefnið sérstaklega.

### **17.8.1. Upphaf rannsókna, yfirheyrslur og lok rannsókna**

Rannsóknin hófst þann 6. október 1976. Sama dag kom fyrir dóminn fangi A og 8. október var sakadómur Árnassýslu háður að Litla-Hrauni en þá kom fyrir dóminn til vitnisburðar fangi B.

Mál umbjóðanda Finns Torfa tengist ekki Guðmundar- og Geirfinnsmáli og verður því ekki fjallað frekar um hans mál hér. Mál fangans B tengist hins vegar Guðmundar- og Geirfinnsmáli að því leyti, að hann sagðist hafa verið beittur harðræði í kjölfar þess að upp komst um bréfaskipti hans við Sævar, sem var í gæsluvarðhaldi í klefa beint á móti klefa fanga B. Fyrir þetta hafi fanginn verið settur í fótajárn og hafður í þeim í eina viku. Fangi B lýsti nánar líkamlegu harðræði sem hann kvaðst hafa verið beittur m.a. svokallaðri strekkingu þar sem hann hefði verið lagður á gólfið og festur með hand- og fótajárnum milli borðfótar og rúmfótar sem fastir voru við gólfið. Þá lýsti hann áverkum sínum. Í framburði hans kemur fram um bréfaskriftirnar:

*„Hann segist hafa það eftir Sævari Sieselski (sic) að reynt hafi verið að stressa hann á taugum, m.a. kveðst hann hafa heyrt að barið var bylmingshögg á klefavegginn hjá Sævari um nótt. Hann kveðst hafa spurt fangavörð úti þetta. Hann kveðst hafa spurt, hvort fangi hefði slegið eða fangavörður. Hann segir að fangavörðurinn hafi ekki sagst kannast við neitt högg. Hann kveður hafa verið barið í vegginn á sínum klefa skömmu síðar. Hann kveður gang vera handan við vegginn. Hann kveðst hafa legið í rúmi sínu við vegginn og*

---

<sup>58</sup> Þar sagði: „Dómsmálaráðherra getur skipað sérstakan dóm, einum eða fleiri dómurum, er halda megi dómþing, hvar sem vera skal á landinu, ef málið þykir ofvaxið hinum reglulega dómanda vegna embættisanna eða af öðrum ástæðum.“

*fundið titringinn. Hann kveðst telja að fangi geti ekki hafa gert þetta þar sem þeir séu í klefum sínum á nóttunni. Hann segist sjálfur hafa barið, en segir að enginn hafi komið. Hann kveðst telja útilokað annað en að fangaverðirnir hafi heyrt högginn. [...] Þegar vitnið var laus úr gæsluvarðhaldinu kveðst hann hafa verið með bréf frá Sævari, sem fangaverðir hafi ekki fundið. [...] Hann kveðst síðan hafa verið látinn laus og kveðst hafa sýnt [þremur nafngreindum mönnum]-bréfin um leið og hann var kominn út í bíl eftir dómsuppkvaðninguna. Bréfin kveðst hann hafa reynt að selja Vísi, Dagblaðinu, Tímanum og Samúel. Hann kveður Dagblaðið og Samúel hafa sýnt áhuga. Hann segir að beðið hafi verið eftir ákvörðun yfirmanns á Dagblaðinu, en kveður Dagblaðið síðan hafa hætt við. Hann kveður þá hafa staðið til að Samúel keypti, en áður en af því gat orðið, kveður hann rannsóknarlögreglumann, að nafni Eggert Kristjánsson eða Bjarnason, ásamt ungum manni, hafi komið heim til sín í Mosfellssveit og farið með sig að Síðumúlafangelsinu. Hann kveður lögreglumanninn hafa spurt sig um bréfin í bílnum á leiðinni. Hann kveðst hafa sagt að hann kannaðist ekki við nein bréf. Þá segir hann að Eggert hafi slegið sig þrisvar utanundir með flötum lófa. Hann segir að í þann mund hafi ekið bill framhjá og kveðst hann hafa sagt við Eggert að fólkið í bílnum mundi hafa orðið vitni að þessu. Hann kveður Eggert hafa ógnað sér og sagt að hann mundi ekki vera vinsæll í Síðumúlafangelsinu. Hann segir að þegar komið hafi verið í Síðumúlafangelsið hafi hann verið yfirheyrður og reynt að fá sig til að undirrita yfirlýsingu um að bréfin frá Sævari væru fölsuð. Hann segist hafa verið búinn að viðurkenna að hann hefði bréfin, en segðist hafa sagt að hann hefði selt þau Fylkingunni. Hann kveðst hafa viljað losna við húsleit. Hann kveðst hafa verið beðinn að undirrita yfirlýsinguna kl. 11 að morgni en kveðst hafa verið úrskurðaður í úttekt kl. 1800.“*

Samkvæmt gögnum málsins voru teknar um 20 skýrslur af föngum og fangavörðum, aflað áverkavottorðs frá lækni og gerðar tilraunir á því að leggja þann fanga sem kærði meðferðina í járn á gólfi fangaklefa líkt og hann hafði lýst hinum svokölluðu strekkingum. Ekki var notast við réttan fangaklefa við þá tilraun heldur minni klefa en stærðamunur klefanna uppgötvaðist áður en rannsókninni lauk. Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður Síðumúlafangelsis kvaðst ekki hafa áttað sig á stærðamun fangaklefanna þegar tilraunin fór fram í fyrra skiptið.

Mánudaginn 1. nóvember 1976 mætti Gunnar Guðmundsson fyrir dóminn. Um beitingu agareglna sagði Gunnar:

*„Aðspurður um beitingu agaviðurlaga í hegningarhúsinu, segir mætti að, ef fangar hafi sýnt ofbeldisfulla framkomu í orði eða verki eða verið með „frekju og kjaft“ hafi þeir verið járnaðir, jafnvel í kuðung, settir í segldúkpoka í járnum með höfuðið eitt upp úr og með ólar spenntar utan um. Hann segist aðeins minnst þess að einu sinni hafi verið notuð spennitreyja. Hann kveðst enga samvisku hafa haft af að beita þessum úrræðum við „frekjuhunda“ en segir að sér hafi fundist sárast að vera með sjúklinga í járnum. Hann segist ekki hafa haft stífari reglur eftir að hann fór að ráða sjálfur og kveður sig hafa dreymt um að hafa annan brag á, þannig að allt væri opnara en vant var í hegningarhúsinu. Hann kveður þessar hugmyndir hafa kollvarpast vegna framferðis fanganna. Hann segir að á undanförnum misserum hafi komið í fangelsið margir menn sakaðir um manndráp og eiturlýfjaafbrot. Af þessum sökum kveður hann agann hafa orðið að vera meiri. Hann tekur fram að hann hafi aldrei beitt fanga hörðum viðurlögum án þess að hafa áður varað hann oftsinnis við, en misjafnlega oft eftir eðli máls hverju sinni.*

*Aðspurður segir mætti að ekkert sérstakt samráð hefi verið haft við dómsmálaráðuneytið um agareglur í Síðumúlafangelsinu. Hann segir, hins vegar, að ráðuneytinu hafi verið kunnugt um þær reglur, sem fylgt hafi verið og tekur fram að hann hafi almennt haft náð samband við deildarstjórnann í ráðuneytinu, Jón Thors. Hann kveðst hafa talið agavandamálin innanhússmál, sem ekki þurfti að hafa samráð um við ráðuneytið. Hann segir að upphaflega hafi verið áætlað að fangelsið yrði varðhaldsfangelsi og til úttektar á vararefsingum við sektum. Hann kveður þetta hafa þróast þannig að fangelsið hafi orðið geymslustaður gæsluvarðhaldsfanga í stórbrotamálum.*

*Mætti kveðst vilja taka fram að aðeins 2,9% af föngum hafi kvartað yfir meðferð.“*

Hinn 4. nóvember mætti fangi B fyrir dóm og gaf skýrslu en um er að ræða lokaskýrslu miðað við gögn málsins. Þann 19. nóvember 1976 sendi rannsóknardómarinn ríkissaksóknara endurrit dómsrannsóknarinnar. Að fenginni umsögn dómsmálaráðuneytisins, tilkynnti ríkissaksóknara rannsóknardómara, með bréfi dagsettu 22. apríl 1977, að af hálfu ákærvaldsins þættu ekki vera efni til frekari aðgerða í málinu.

### 17.8.2. Um rannsóknina

Gögn rannsóknarinnar eru í skjalasafni dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Sem fyrr segir tengdist þessi rannsókn ekki Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Við rannsókn málsins komu fram athygliverðar upplýsingar um samskipti við Sævar og viðhorf forstöðumanns fangelsisins til fanga. Þá kemur ennfremur fram í framburði forstöðumanns Síðumúlafangelsis sem gaf sína skýrslu í nóvember 1976 að undanfarin misseri hafi verið ástæða til að herða agann í fangelsinu vegna fanga sem sætu þar inni vegna manndráps- og fíkniefnamála. Upplýsingar um hertan aga í Síðumúlafangelsi frá því fyrir júl 1975 eru rauði þráðurinn í rannsókninni, hvort sem kærendur, kærðir eða þolendur eru til svara.

### 17.8.3. Umfjöllun í fangelsisdagbókum um bréfin

Þann 24. maí 1976 er færsla í dagbók Síðumúlafangelsis þar sem segir að Sævar ásamt öðrum fanga hafi verið settur í fótajárn og skyldu vera með þau þangað til annað yrði ákveðið. Þar er löng umfjöllun um leit á Sævari og öðrum fanga og klefum þeirra vegna gruns um bréfaskipti á milli þeirra.

Þann 27. maí fékk Sævar viðtal við Jón Bjarman fangaprest. Í færslunni segir að þegar Sævar var farinn fram, hefði verið litið yfir klefa hans og þar hefðu fundist bréf og eldspýtur og penni hjá honum, þrátt fyrir ítarlega leit á mánudagskvöld. Að loknu viðtali Sævars við fangaprest var leitað aftur á honum áður en hann var færður í klefa.

Hinn 15. júní er skráð í fangelsisdagbók að fréttamaður á Dagblaðinu Vísi hafi spurt fréttu af ritskoðun bréfa í Geirfinnsmálinu.

Daginn eftir er skráð í fangelsisdagbók að Jón Thors í dómsmálaráðuneytinu hefði hringt og sagt að fyrrverandi fangi (fangi B), hefði komið með bréf á ritstjórnarskrifstofu Vísis og væri bréfið upphaflega komið frá Sævari. Sama dag er fært í fangelsisdagbók að Örn Höskuldsson hafi hringt og rætt um bréfin og beðið fangaverði að taka gæslufanga fastari tókum. Síðasta færsla í dagbók Síðumúlafangelsis þennan dag er skráning á því þegar Víðir fer og að hann hafi tekið með sér bréfin sem Sævar og fangi B höfðu verið að smygla á milli sín en fangaverðir hefðu fundið og tekið.<sup>59</sup>

---

<sup>59</sup> Fangi B hafði frumkvæði af því að hafa samband við starfshópinn og óskaði eftir viðtalið við hann. Fangi B lýsti fyrir starfshópnum hvernig bréfaskriftirnar milli hans og Sævars fóru fram og var það til samræmis við það sem hér hefur verði lýst. Þá sagði fangi B að hann hefði tekið sálfræðipróf fyrir Sævar í Síðumúlafangelsinu og það hefðu þeir Sævar sent á milli klefa sinna með sama hætti og bréfin.

## 17.9. Rannsókn RLR nr. 3940/1977 á röngum framburði Sigurðar Óttars Hreinssonar frá 1977

Sigurður Óttar var handtekinn og yfirheyrður vegna Geirfinnsmálsins 13. desember 1976. Hann neitaði aðild að málinu en sagðist við yfirheyrslur fyrir dómi daginn eftir hafa ekið sendibíl til Keflavíkur 19. nóvember 1974 en ekki orðið vitni að neinu misjöfnu þar.

Það vakti hörð viðbrögð þegar Sigurður Óttar Hreinsson dró fyrrgreindan framburð til baka, tæplega ári síðar.<sup>60</sup> Miðvikudaginn 12. október 1977, mætti Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari til skýrslugjafar hjá Hallvarði Einvarðssyni, þá nýorðnum rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og áður vararíkissaksóknara. Samkvæmt skýrslunni er ríkissaksóknari tilgreindur sem *kærandi* og Sigurður Óttar Hreinsson er *kærður/grunaður* og rannsóknarefnið er *rangur framburður*.

Í skýrslunni kemur fram að Gunnlaugur Briem dómsforseti hafi hringt til vararíkissaksóknara og skýrt honum frá því að Jón Oddson hrl. hafi greint vararíkissaksóknara frá því að lögmennt Sævars og Kristjáns Viðars hafi verið kvaddir á lögfræðiskrifstofu Róberts Árna Hreiðarssonar og hefði Sigurður Óttar Hreinsson verið þar staddur. Þeir hefðu rætt við Sigurð Óttar vegna þáttar hans í Geirfinnsmálinu. Sigurður Óttar hefði þá sagt að hann hefði aldrei farið til Keflavíkur umrætt sinn, hann hefði gefið framburðinn vegna hótana rannsakenda um gæsluvarðhald og annarra ógnana, m.a. hefði Örn Höskuldsson verið með herðatré á lofti fyrir framan sig. Sigurður Óttar hefði þegar í desember 1976 greint Róberti Árna frá þessu og skrifleg en óundirrituð yfirlýsing Sigurðar Óttars hefði þá þegar legið fyrir en kærasta hans hefði bannað honum að skrifa undir yfirlýsinguna á þeim tíma.

Rannsókn RLR, á máli nr. 3490/1977 hófst sama dag og kæruskýrslan var rituð. Ívar Hannesson lögreglufulltrúi tók skýrslu af hinum grundaða, Sigurði Óttari Hreinssyni. Í formála skýrslunnar segir að „mætta sé birt tilefni skýrslutökunnar“ og vísast til skýrslu Braga Steinarssonar vararíkissaksóknara dagsett sama dag.

Rannsókn RLR fjallar aðallega um þrennt. Í fyrsta lagi að reyna að leiða fram upplýsingar um hvar Sigurður Óttar Hreinsson hefði verið hinn 19. nóvember 1974. Í öðru lagi tímalengd þeirrar yfirheyrslu yfir Sigurði Óttari hinn 14. desember 1976. Í þriðja lagi fjallar rannsóknin um svokölluð „afskipti lögmanna“ af rannsókn Geirfinnsmálsins, n.t.t. afturköllun framburðar Sigurðar Óttars.

---

<sup>60</sup> Miðvikudaginn 5. október 1977 birtist í frétt í Morgunblaðinu um að Sævar og Kristján Viðar hefðu dregið játingar sínar í Geirfinnsmálinu til baka.

Fjallað var um rannsókn RLR bæði fyrir sakadómi og Hæstarétti, engu að síður vill starfshópurinn fjalla hér um rannsóknina í grófum dráttum og vekja athygli á ýmsum atriðum í rannsókn RLR sem ekki hafa legið fyrir áður.<sup>61</sup>

### 17.9.1. Formsatriði rannsókna

Það kemur hvergi fram hvaða framburður RLR eða vararíkissaksóknari telur rangan, sá framburður sem Sigurður Óttar bar fyrst eða þann sem hann bar þegar hann dró fyrri framburð sinn til baka.

Skýrslan af Sigurði Óttari hefst á beinni tilvitnun sem er svohljóðandi:

*„Ég vil byrja skýrslu mína á því, að greina hér frá því, að í vetur er ég var fyrst yfirheyrður vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar þá var ég þvingaður af rannsóknarmönnum til að greina frá aðild í því máli, þrátt fyrir að svo hafi þó ekki verið. Fyrsta skýrsla mín dags. 13. des. 1976 er sú rétta í málinu, en aðrar skýrslur bæði hjá rannsóknarmönnum og eins fyrir dómi, eru rangar.“*

Sigurði Óttari var samkvæmt skýrslunni þessu næst kynnt ákvæði 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og „alvarlega áminntur um sannsögli“ og skýrslutakan hélt áfram.

Þennan dag, 12. október 1977, voru teknar fjórar aðrar lögreglu-skýrslur hjá RLR í tengslum við rannsókn á röngum framburði, þar af ein samprófun og eru skýrslurnar tilgreindar sérstaklega í skjalaskrá rannsóknarinnar. Samkvæmt endurriti úr sakadómsbók Reykjavíkur næsta dag, þann 13. október 1977, sem var lokað þinghald taldi dómari rétt að verða við kröfu sækjanda að fram færi framhaldsrannsókn þar sem vitnið Sigurður Óttar Hreinsson yrði kvaddur fyrir á ný. Sigurður Óttar mætti fyrir dóm og dró framburð sinn frá 25. maí 1977 til baka.

Seinna sama dag var tekin fyrir í sakadómi Reykjavíkur krafa rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og ríkissaksóknara, um gæsluvarðhald og dómsrannsókn. Krafist var gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls í allt að 30 daga en Sigurður Óttar var sakaður um rangan framburð og rangar sakargiftir, án þess að það hafi verið tilgreint nánar.

Daginn eftir, þann 14. október 1977, var kveðinn upp úrskurður í sakadómi Reykjavíkur þess efnis að Sigurður Óttar skyldi sæta gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til 9. nóvember 1977. Þá var kveðinn upp úrskurður í sakadómi Reykjavíkur þar sem fyrrgreindri kröfu um

---

<sup>61</sup> Sigurður Óttar Hreinsson veitti starfshópi um Guðmundar- og Geirfinnsmál viðtal.



dómsrannsókn var hafnað af þeim sökum að rannsókn á máli á hendur Sigðurði Óttari um rangan framburð væri á byrjunarstigi en dómsrannsókn færi einungis fram að lokinni frumrannsókn lögreglu. Þá væri tilteknum formskilyrðum ekki fullnægt.

Báðir þessir úrskurðir sakadóms Reykjavíkur voru kærðir til Hæstaréttar sem staðfesti þá báða 24. október 1977 en rannsókn RLR hélt áfram og næstu skýrslur vegna rannsóknar á röngum framburði eru dagsettar 17. október 1977.

### **17.9.2. Gögn máls nr. 3940/1977 og umfang rannsókna**

Samkvæmt skjalaskrá eru skjöl rannsóknarinnar 20 talsins. Skjal nr. 6 er samkvæmt skjalaskrá „*skýrslur RLR af Sig. Ó. Hreinssyni dags. 17. 10. 1977 og áfram*“. Þar er að finna yfirheyrsluskýrslur málsins en þær eru auðmerktaðar með blaðsíðutali. Nokkrar yfirheyrslur hefjast áður en næstu á undan líkur og því virðast blaðsíðutöl yfirheyrsluskýrslna hafa verið vélrituð á skýrslurnar eftir. Ekkert þarf að vera óeðlilegt við slíka skráningu þegar verið er að raða málinu upp en af þeim sökum getur starfshópurinn ekki sagt til um hvort fleiri skýrslur hafi verið unnar í tengslum við rannsóknina. Starfshópurinn fann eina skýrslu stjórnanda rannsóknarinnar til ríkissaksóknara sem hefur ekki átt að teljast hluti af rannsókninni þó hún beri málsnúmer hennar en nánar verður fjallað um skýrsluna hér á eftir.

Skýrslur framhaldsrannsóknar RLR nr. 3940/1977 eru 42 talsins að meðtöldum kæruskýrslu, upplýsingaskýrslum og samprófunum. Eftir að hinn grunaði, Sigurður Óttar, var úrskurðaður í gæsluvarðhald, þann 14. október var fyrsta skýrsla vegna rannsóknar málsins tekin þann 17. sama mánaðar og þá af honum. Fjöldi fólks, vinir, nágrennar og vinnufélagar Sigurðar Óttars var í framhaldinu yfirheyrðir sem vitni vegna rannsóknar RLR á röngum framburði hans.

Næst síðasta skýrsla málsins var tekin af Sigurði Óttari hinn 3. nóvember 1977. Síðasta skýrsla málsins var einnig tekin af Sigurði Óttari, sú var tekin 6 dögum síðar eða 9. nóvember, sama dag og gæsluvarðhaldsúrskurðurinn rann úr gildi. Engar yfirheyrslur fóru fram í millitíðinni vegna málsins, þ.e. frá 3. til 9. nóvember.

### **17.9.3. Fjarvistarsönnun Sigurðar Óttars Hreinssonar (eitt þriggja rannsóknarefna)**

Alloft undir þessari rannsókn er það hlutverk Sigurðar Óttars að sanna sakleysi sitt eða sýna fram á fjarvistarsönnun. Við yfirheyrslu yfir Sigurði Óttari hinn 17. október 1977 segir m.a.:

*„Nú liggur fyrir, að mætti telur sig ekki hafa ekið sendibifreið til Keflavíkur að kvöldi þess 19. nóvember 1974. Getur mætti skýrt frá hvar hann var staddur umrætt kvöld og þá jafnframt bent á einhvern, sem gæti staðfest það?“*

Sigurður Óttar gat samkvæmt skýrslunni ekki svarað því með fullri vissu hvar hann hefði verið rétt tæpum þremur árum áður en benti á nokkra staði sem hann taldi líklega. Hann nafngreindi sérstaklega 12 einstaklinga sem hann sagðist hafa umgengist mikið á þessum tíma og teldi því hugsanlegt að þeir gætu veitt einhverjar upplýsingar um hvar hann hefði verið umrætt kvöld. Að minnsta kosti sjö þeirra voru yfirheyrðir sem vitni. Í upplýsingaskýrslu, sem rituð er af Grétari Sæmundssyni 10. nóvember 1977, er greint frá því hvers vegna ekki var tekin vitnaskýrsla af þremur af þeim 12 einstaklingum sem Sigurður Óttar hafði bent á. Ein þeirra hefði nýlega átt barn og beðist undan skýrslutöku og sagðist enda engar upplýsingar geta veitt. Annar væri á millilandaskipi og sá þriðji væri fluttur til Akureyrar. Engar skýringar eru gefnar á því hvers vegna ekki voru teknar skýrslur af hinum sem Sigurður Óttar benti á að gætu veitt upplýsingar. Ekki er ljóst af rannsóknargögnum hvort það voru einn eða tveir einstaklingar.

RLR yfirheyrði fleiri einstaklinga sem Sigurður Óttar benti ekki sérstaklega á en enginn sem mætti til yfirheyrslu bjó yfir upplýsingum um hvar Sigurður Óttar hefði verið að kvöldi dags 19. nóvember 1974 eða gat nokkur þeirra staðfest að Sigurður Óttar hefði verið í Keflavík umrætt kvöld.

Meðal gagna lögreglu er upplýsingaskýrsla Grétars Sæmundssonar, dagsett 20. október 1977, um athugun vegna hugsanlegrar fjarvistar-sönnunar Sigurðar Óttars. Þar kemur fram að könnuð hefði verið á lögreglustöðinni við Hverfisgötu fjarskiptaskrá, kæruskrá og dagbók lögreglunnar fyrir dagana 18., 19. og 20. nóvember 1974. Ekkert hafi verið bókað um Sigurð Óttar Hreinsson né bifreiðina R 40045 sem var skráningarnúmer sendibifreiðar þeirrar sem Sigurður Óttar ók til Keflavíkur samkvæmt dómi Hæstréttar. Athygli vekur að slík rannsókn virðist ekki hafa legið fyrir fyrr, en málflutningur var á þessum tíma hafinn fyrir dómi.

#### **17.9.4. Lengd yfirheyrslu yfir Sigurði Óttari Hreinssyni þann 14. desember 1976 (annað þriggja rannsóknarefna)**

Sigurður Óttar var handtekinn 13. desember 1976 og yfirheyrður af lögreglu vegna Geirfinnsmáls. Hann neitaði allri aðild að málinu. Hann var færður í fangaklefa og samkvæmt fangelsisdagbók Síðumúla var hann sóttur daginn eftir klukkan 10:30 af Sigurbirni Víði Eggertssyni og Ívari Hannessyni og færður í sakadóm. Yfirheyrsla yfir honum

hófst klukkan 11:00 samkvæmt lögregluskýrslu en lok yfirheyrslu eru ekki skráð í skýrsluna. Schütz stjórnaði yfirheyrslu.

Þegar Sigurður Óttar dró framburð sinn til baka tæplega ári síðar hélt hann því fram að fyrrgreind yfirheyrsla hjá Schütz hefði varað í 10 klukkustundir án matarhlés.

Meðal rannsóknargagna RLR í máli 3940/1977 er skýrsla, dagsett 18. nóvember 1977, rituð af Grétari Sæmundssyni lögreglumanni. Þar kemur fram að þann dag hafði verið ákveðið að kanna ítarlega hve lengi umrædd yfirheyrsla yfir Sigurði Óttari Hreinssyni hefði staðið.

Þau Pétur Eggerz sendiherra og Auður Gestsdóttir húsfreyja sáu um túlkun við yfirheyrslur sem Schütz stjórnaði. Þau voru yfirheyrð sem vitni undir rannsókn máls nr. 3940/1977. Auður kvaðst hafa verið viðstödd umrædda yfirheyrslu, hún sagði m.a.:

*„[...] Umrædd yfirheyrsla byrjaði fyrir hádegi, en ég man ekki tímasetninguna alveg nákvæmlega, en það gæti hafa verið um kl. 11:00, enda man ég eftir að hlé var gert á yfirheyrslunni í hádeginu. Hléið í hádeginu mun hafa verið 20-30 mín. og minnir mig að Sigurbjörn Víðir Eggertsson hafi verið hjá Sigurði Óttari á meðan í yfirheyrsluherberginu. [...] Ekki man ég nákvæmlega hvenær skýrslutöku lauk, en ég tel að það hafi verið upp úr kl. 15:00 og miða ég þar við, að það var gert matarhlé í matmálstímanum, en það var ekkert kaffihlé gert, svo sem venja var við yfirheyrslur, ef þær stóðu fram yfir kaffitíma.“*

Pétur Eggerz sagði um þessa yfirheyrslu að hann myndi glögglega eftir að hafa verið viðstaddur hana. Hann hafi ekki verið viðstaddur í byrjun hennar. Hann taldi sig hafa borðað hádegisverð með Schütz og svo hefði hann tekið við að túlka af Auði Gestsdóttur. Pétur sagði m.a.:

*„Ég man að áður en byrjað var að bóka framburð Sigurðar Óttars Hreinssonar, þá fór fram almennt samtal milli hans og Karls Schütz. Hafði ég á tilfinningunni að þá væri að brjótast um í huga Sigurðar Óttars, hvort hann ætti að segja frá, eða ekki.“*

Umrædd skýrsla af Sigurði Óttari, frá 14. desember 1976, telur alls tvær vélritaðar blaðsíður. Í henni segir m.a.:

*„Eftir langan formála (sic) Eftir langar samræður ætla ég nú að segja sannleikann.“*

Í framhaldinu lýsti Sigurður Óttar því hvað hefði átt sér stað í Dráttarbrautinni í Keflavík í nóvember 1974, aðdraganda atburðanna og svaraði hann nánari spurningum yfirheyra.

Samkvæmt rannsókn RLR virðist sem Sigurður Óttar hafa verið heima hjá sér að sækja lyf eftir þessa skýrslutöku, ásamt tveimur rannsóknarlögrelumönnum, milli klukkan 16:30 og 17:00, hann hafi verið í sprautun í Domus Medica eftir klukkan 17:00, í fylgd rannsóknarlögrelmannanna og þannig hafi yfirheyrslan ekki staðið óslitið svo lengi sem Sigurður Óttar hefur haldið fram. Samkvæmt endurriti úr sakadómsbók Reykjavíkur mætti Sigurður Óttar síðan fyrir dóm klukkan 18:00 og vék frá dómi klukkan 18:10.

Hins vegar er ekkert í gögnum Guðmundar- og Geirfinnsmálanna né þessarar rannsóknar RLR sem varpar ljósi á það hvar Sigurður Óttar var frá klukkan 18:10 til klukkan 20:04 þegar hann kom aftur í Síðumúlafangelsi, samkvæmt fangelsisdagbókum, í fylgd Ívars Hannessonar rannsóknarlögrelmanns. Sigurður Óttar var yfirheyrður aftur, af Ívari, klukkan 22:55 sama kvöld og þeirri yfirheyrslu lauk klukkan 23:30. Samkvæmt skýrslunni játaði Sigurður Óttar aftur aðild að Geirfinnsmálinu með fyrrgreindum hætti. Að skýrslutöku lokinni var Sigurði Óttari sleppt.<sup>62</sup>

#### **17.9.5. Afskipti af rannsókn Geirfinnsmáls (þriðja rannsóknarefnið)**

Róbert Árni Hreiðarsson, cand. jur. og Jón E. Ragnarsson hrl. voru yfirheyrðir við rannsókn málsins. Þeir voru beðnir um að gera grein fyrir afskiptum sínum af máli Sigurðar Óttars Hreinssonar.<sup>63</sup> Auk þeirra var Sigurður Óttar yfirheyrður vegna þessa sem og unnusta hans sem vitni.

#### **17.9.6. Skýrsla merkt málsnúmeri 3940/1977 sem fannst við vinnu starfshópsins**

Fleiri gögn í tengslum við þessa rannsókn fundust við vinnu starfshópsins. Um er að ræða upplýsingaskýrslu, dagsett 15. nóvember 1977,<sup>64</sup> telur 15 blaðsíður og vélrituð á skýrsluform RLR sem var í þríriti. Staðlaður texti er á umræddu skýrsluformi RLR um að skýrslan sé „lögð fram í sakadóm“. Sá texti hefur verið yfirstrikaður og þess í

---

<sup>62</sup> Talið var að lengd skýrslutöku hefði verið innan leyfilegra tímamarka m.a. með vísan til skráninga fangavarda um tímasetningar í fangelsisdagbók um lok yfirheyrslu lögrelgu. Þannig virðist lögrelgan og síðar dómstólar byggja á skráninga í fangelsisdagbók um aðgerðir lögrelgu í fangelsinu í þessu máli.

<sup>63</sup> Í dagbók Síðumúlafangelsis er skráð þann 13. október 1977 að Gunnlaugur Briem hafi bannað lögmonnum Sævars og Kristjáns Viðars að tala við þá. Banninu var aflétt þann 12. desember samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók.

<sup>64</sup> Síðasta skýrsla málsins var rituð 11. nóvember 1977 samkvæmt gögnum lögrelgu.

stað er vélritað fyrir neðan „Aðeins fyrir Saksóknara“. Skýrsluna undirritar Grétar Sæmundsson lögreglumaður. Fremsta eintak allra blaðsíðna skýrslunnar vantar og hefur af öllum líkindum verið afhent ríkissaksóknara.<sup>65</sup> Skýrslan var þó ekki meðal þeirra gagna sem starfshópurinn fékk afhent frá embætti ríkissaksóknara. Skýrslan fannst meðal gagna lögreglu í skjalahylki sem varðveitt var í Þjóðskjalasafni.<sup>66</sup>

Skýrslan var í brúnu A4 umslagi frá RLR. Framan á umslaginu er vélritað:

*„Afrít af skýrslu/mál Sig. Óttars./Reykjavík, 29. 11. 1977./  
Geymist um óákveðinn tíma og opnast ekki, nema í samráði  
við Grétar Sæmundsson eða Þóri Oddsson.“*

Aftan á umslaginu er undirritun Grétars og Þóris yfir lok umslagsins sem var límt aftur. Umslagið var opið í annan endann þegar starfshópurinn fékk það í hendur.<sup>67</sup> Starfshópurinn fékk þær upplýsingar að það hafa verið vanalegt þegar um viðkvæmar upplýsingar hefði verið að ræða, gjarnan í tengslum við dauðsföll eða sjálfsvíg, að þannig hafi verið búið um skýrslur RLR sem ekki áttu að vera fyrir allra augum. Ástæða þess að skýrsla um rannsókn RLR á röngum framburði Sigurðar Óttars fékk slíka meðferð liggur ekki fyrir.

Í upplýsingaskýrslunni kemur fram að með henni sé reynt að draga fram nokkur aðalatriði úr rannsókn á röngum framburði Sigurðar Óttars Hreinssonar. Þá eru rakið að skýrsla hafi verið tekin af Sigurði Óttari við yfirheyrslur 13. desember 1976 og tvær skýrslur 14. desember 1976. Þar er tekið fram að fyrri skýrslan 14. desember væri þeim annmörkum háð að lok yfirheyrslunnar voru ekki tímasett. Fjallað er um að Sigurður Óttar hafa verið í Síðumúlafangelsi aðfaranótt 14. desember, verið látinn laus eftir seinni skýrslutökuna þann dag en henni hafi lokið seint um kvöld. Í upplýsingaskýrslunni er fjallað um að Sigurður Óttar hafi gefið tvo mismunandi framburði en gefið þá skýringu á fyrri framburði sínum að hann væri kominn til vegna þvingana og hótana frá lögreglunni og hann hafi verið yfirheyrður langt fram úr leyfilegum tímamörkum. Í inngangi skýrslunnar

---

<sup>65</sup> Starfshópurinn fékk upplýsingar um að fremsta síðan af umræddu skýrsluformi RLR sem var í þrítíu hefði verið afhent sem frumgagn frá RLR þegar notast hefði verið við þessa gerð skýrsluforms.

<sup>66</sup> Skjalahylkið er merkt Ríkislögrelustjórinn (RLS) 2009, D-Gögn Þóris Oddssonar, D/1.

<sup>67</sup> Auk fyrrgreindrar skýrslu var einnig í umslaginu annað hvítt umslag A5 að stærð, sem innihélt bréf. Samkvæmt efni bréfsins er það frá árinu 2000. Nánar verður fjallað um efni þess bréfs í umfjöllun um skýrslu Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara 2001-2003.

segir að vitnað verði í gögn málsins varðandi „staðhæfingar“ Sigurðar Óttars.

Skýrslan virðist eiga að þjóna þeim tilgangi að útskýra rannsókn máls nr. 3940/1977 og aðstöðu lögreglumanna RLR fyrir ríkissaksóknara. Þetta má sjá á eftirfarandi tilvitnun úr skýrslunni, sem er upphaf milli-kafla sem ber yfirskriftina: „Athugasemdir við staðhæfingu II“:

*„Með fullyrðingu sinni um að lögreglumenn hafi hótað sér gæsluvarðhaldi, þá hefur Sigurður Óttar Hreinsson felld grun á viðkomandi lögreglumenn um að þeir hafi með því brotið skýlaust ákvæði í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 74/1974. Við sem að rannsókn þessa máls höfum staðið, teljum það ekki réttlæt-legt að við beinlínis yfirheyrum samstarfsmenn okkar um þetta atriði. Teljum við, að þar verði einhver annar að grípa inn í.“<sup>68</sup>*

*Höguðum við rannsókninni á þessum þætti þannig, að við reyndum að kanna trúverðugleika í fullyrðingum Sigurðar Óttars Hreinssonar varðandi þetta atriði. Við þá könnun kom í ljós mikið ósamræmi, sérstaklega hvenær þetta á að hafa átt sér stað. [...]“*

Fjallað er um tvær staðhæfingar Sigurðar Óttars í þessari skýrslu RLR til ríkissaksóknara. Annars vegar að hann hafi verið yfirheyrdur í allt að 10 klukkustundir samfleytt og hins vegar að honum hafi verið hótað gæsluvarðhaldi. Þá er vísað í stutta kafla úr skýrslum rannsóknar máls nr. 3940/1977 og einstök orð og setningar undirstrikaðar til að leggja áherslu á atriði sem veikja trúverðugleika umræddra staðhæfinga Sigurðar Óttars, þ.e.a.s. í skýrslunni eru tíunduð mótrök við framburði Sigurðar Óttars. Þá eru gerðar „athugasemdir við staðhæfingarnar“ í sérstökum milliköflum og raktar „hugsanlegar ástæður“ fyrir röngum framburði Sigurðar Óttars í sérstökum kafla. Skýrslan er merkt málsnúmerinu 3940/1977 en var ekki formlegur hluti máls- gagna.

#### **17.9.7. Um rannsókn og afdrif máls RLR nr. 3940/1977**

Rannsóknin hófst á því að vararíkissaksóknari kærði Sigurð Óttar Hreinsson fyrir rangan framburð. Ekki er tilgreint nánar hvor fram- burður Sigurðar Óttars ákærvaldið taldi rangan.

Þessi rannsókn RLR staðfestir að ítarleg athugun lögreglu á því hvar Sigurður Óttar hefði verið hinn 19. nóvember 1974 hafi ekki legið

---

<sup>68</sup> Rannsakendur harðræðisrannsóknarinnar voru í þessari sömu aðstöðu árið 1979, þ.e. að vera gert að rannsaka ásakanir á hendur samstarfsmönnum sinna.

fyrir þegar dró framburð sinn til baka árið 1977, þ.e. eftir að Guðmundar- og Geirfinnsmálin höfðu verið dómtekin. Rannsóknin leiddi ekki í ljós hvar Sigurður Óttar var umrætt kvöld.

Síðasta skýrsla málsins var rituð 10. nóvember 1977, daginn eftir að Sigurður Óttar var leystur úr gæsluvarðhaldi og virðist skýrslan marka lok rannsóknarinnar. Fimm dögum síðar eða 15. nóvember 1977 er áðurgreind upplýsingaskýrsla Grétars Sæmundssonar rituð.

Í upplýsingaskýrslunni útskýrir lögreglan sína afstöðu til málsins.<sup>69</sup> Lögreglan vakti einungis athygli á atriðum sem voru til óhagræðis fyrir Sigurð Óttar, til dæmis lét hún ógert að fjalla um *hugsanlegar ástæður* þess að enginn sem lögreglan ræddi við undir rannsókninni gat staðfest að Sigurður Óttar hefði verið í Keflavík þann 19. nóvember 1974.

Upplýsingaskýrsluna átti ekki að leggja fyrir sakadóm heldur var henni ætlað að vekja athygli ríkissaksóknara á mótrökum gegn staðhæfingum Sigurðar Óttars. Ástæður sem lögregla sagði vera fyrir því að ekki var rætt við fleiri af þeim einstaklingum sem Sigurður Óttar benti á að gætu hugsanlega veitt upplýsingar um fjarvist hans verða að teljast léttvægar.

Ekki var gerður frekari reki að málsókn á hendur Sigurði Óttari. Málinu var lokað hjá embætti ríkissaksóknara án þess að Sigurði Óttari væri tilkynnt um þá niðurstöðu.<sup>70</sup>

#### **17.9.8. Umfjöllun dómstóla um rannsókn RLR, mál nr. 3940/1977**

Sakadómur fjallaði um það hvernig framburðir Sigurðar Óttars hefðu tekið breytingum. Nánari rannsókn málsins hafi sýnt að óyggjandi væri að skýrslutakan 14. desember 1976 hafi ekki staðið lengur en leyfilegt var. Sigurður Óttar hefði staðfest skýrsluna sama dag fyrir sakadómi og aftur 25. maí 1977. Margt hafi komið fram í málinu til stuðnings því, að hinn eiðsvarni framburður Sigurðar Óttars hafi verið réttur. Hin ákærðu hefðu borið frá upphafi að sendibifreið hefði verið í Dráttarbrautinni og áður en Sævar og Kristján Viðar hefðu breytt framburði sínum hefðu þeir skýrt frá því að Sigurður Óttar hefði ekið sendibifreiðinni til Keflavíkur umrætt sinn. Ákærðu hefðu öll gefið lýsingu á bifreið, „sem gæti átt við bifreið þá, er vitnið [Sigurður Óttar] hafði aðstöðu til að fá afnot af“. Sigurður Óttar hafi ekki breytt

<sup>69</sup> Mál RLR nr. 3940/1977.

<sup>70</sup> Upplýsingar úr bréfi Ragnars H. Hall, setts ríkissaksóknara vegna beiðni um endurupptöku hæstaréttarmálsins nr. 214/1978, dagsett 13. maí 1996. Svar við bréfi Ragnars Aðalsteinssonar hrl. þar sem óskað er upplýsinga um hvort opinbert mál hafi verið höfðað á hendur Sigurði Óttari Hreinssyni í kjölfar þess að hann dró til baka framburð sinn.

framburði sínum fyrr en að loknum munnlegum málflutningi en fram hafði þá komið í dagblöðum að Kristján Viðar og Sævar hefðu breytt framburðum sínum á þá leið að þeir hefðu ekki farið til Keflavíkur.

Þá segir sakadómur um afturköllun framburðar Sigurðar Óttars:

*„Vitnið hefur engum marktækum stöðum rennt undir það, að hinn eiðsvarni framburður þess frá 25. maí sl. sé rangur. Hefur frásögn þess við rannsóknina út af breytingu framburðarins í ýmsu verið reikul. Vitnið hefur ýmist sagt, að það hafi aldrei farið ferðina, eða látið að því liggja, að það myndi ekki eftir henni. Það er álit dómsins, að breyting vitnisins á framburði sínum hafi ekki við rök að styðjast, en hún hlýtur engu að síður að veikja trúverðugleika þess.“*

Umfjöllun Hæstaréttar Íslands um þátt Sigurðar Óttars er eftirfarandi, í dómnum 1980:

*„Hinn 12. október 1977 kom vitnið Sigurður Óttar Hreinsson fyrir rannsóknarlögreglu. Kvað það fyrstu skýrslu sína hinn 13. desember 1976, er það neitaði því að hafa farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974 að kvöldi, rétta, en aðrar skýrslur rangar, þ. á m. eiðvætti sitt hinn 25. maí 1977. Hafi sér verið hótad gæsluvarðhaldi, „ef ekki komi réttur framburður“ frá sér. Hafi rannsóknarmenn „leitt sig inn í málið“ og hafi það „skáldað“ eða „glósað“ í eyðurnar. Á dómþingi 13. október 1977 kvað vitnið sér hafa verið ljóst, þegar það gaf skýrslu sína fyrir dómi 25. maí 1977, að hún væri röng, og væri hún til komin „vegna ótta við lögregluna“. Vitnið kvað nánar svo að orði, að fyrri framburður þess væri ekki réttur að öðru leyti en því, að það hefði getað fengið sendibifreiðina að láni. Um hlut sinn í sviðsetningu, sem fram fór 23. janúar 1977 í Dráttarbrautinni í Keflavík, segir vitnið m. a.: „Ég setti bílinn, þar sem ég hélt, að hann ætti að vera. Ég hafði ekki áður farið á þennan stað“.*

*„Í héraðsdómi eru rakin rækilega gögn máls, er varða aðdraganda að því, er vitnið breytti framburði sínum hinn 12. október 1977, eftir að munnlegur flutningur málsins hófst í héraði. Meðal annars er lýst viðræðum vitnisins við lögmann svo og við vandamenn sína, vini og vinnufélaga. Hefði vitnið verið orðið á báðum áttum um, „hvort hann hefði gert þessa hluti“.*

*„Vitni, er viðstödd voru yfirheyrslur Sigurðar Óttars fyrir þýskum rannsóknarlögglumanni 14. desember 1976, hafa*



*gefið skýrslur í dómi, og eru vætti þeirra rakin í héraðsdómi. Aftaka þau með öllu, að nokkrum þvingunum hafi verið beitt. Hafi Sigurður Óttar verið „rólegur og eðlilegur“ við yfirheyrsluna.“*

*„Með vísan til rökstuðnings héraðsdóms verður ekkert mark tekið á afturköllun Sigurðar Óttars Hreinssonar á framburðum hans.“*

*„Sannað er, að sendibifreiðin, sem Sigurður Óttar Hreinsson ók að beiðni Kristjáns, kom á Vatnsstíg kvöldið 19. nóvember 1974, og ók Sigurður Óttar henni til Keflavíkur. Þar hafði Kristján tal af Sigurði Óttari og mælti svo fyrir, að hann legði bifreiðinni í grennd við Dráttarbrautina.“*

## **17.10. Harðræðisrannsókn RLR nr. 2875/1979**

Jón Bjarman fangaprestur ritaði dómsmálaráðherra bréf dagsett 30. maí 1978. Í því fór hann þess á leit við ráðherra að kannað yrði hvort starfsmenn embættis sakadóms Reykjavíkur, rannsóknarlögreglunnar, embættis ríkissaksóknara og starfsmenn Síðumúlafangelsis hafi sýnt ótilhlýðilega harðýðgi við yfirheyrslur eða einhverskonar prófun í svokölluðum Guðmundar- og Geirfinnsmálum kvöldið 4. eða 5. maí 1976 í Síðumúlafangelsi.<sup>71</sup>

Ekki verður séð af fyrirliggjandi gögnum að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafi brugðist við þessu bréfi Jóns Bjarman fangaprests með formlegum hætti.

Tæpu ári síðar kom Jón Oddsson hrl. á framfæri, með bréfi dagsettu 6. mars 1979 til Þóris Björnssonar ríkissaksóknara, beiðni Sævars um frekari skýrslugjöf og rannsóknir í tengslum við Hæstaréttarmál nr. 214/1978. Vegna þessa bréfs var Sævar, ásamt Jóni Oddssyni hrl. boðaður til skýrslutöku í Hegningarhúsinu í Reykjavík 6. apríl 1979. Samkvæmt skýrslunni voru mættir auk þeirra Sævars og Jóns, Þórður Björnsson ríkissaksóknari, sem lagði fram erindi Sævars og fyrir hönd rannsóknarlögreglu ríkisins voru mættir Þórir Oddsson vararannsóknarlögreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglu- maður. Við skýrslutökuna reifaði Sævar lauslega þau sjónarmið sem lágu að baki bréfinu og að því loknu beindi vararannsóknarlögreglu-

---

<sup>71</sup> Jón Bjarman kvaðst við yfirheyrslur harðræðisrannsóknar, mál RLR nr. 2875/1979, hafa afhent dómsmálaráðherra bréfið daginn sem það var dagsett og síðan sent afrit af því til ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og til yfirsakadómarans í Reykjavík auk þess sem Biskupi Íslands og alræðismanni við bandaríska sendiráðið hér á landi hafi verið afhent eintök af bréfinu.

stjóri, Þórir Oddsson, því til Sævars að hann legði fram skriflega greinargerð um þau atriði sem hann teldi nauðsynlegt að tekin yrðu til rannsóknar. Samkvæmt skýrslunni féllust Sævar og lögmaður hans á þessa málsmeðferð auk ríkissaksóknara. Skýrslan er undirrituð af öllum viðstöddum.

Jón Oddson hrl. sendi vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins bréf, dagsett 7. maí 1979, ásamt ódagsettu bréfi Sævars, þar sem Sævar gerir nokkra grein fyrir kæru sínum. Í bréfi lögmansins segir að hann óski eftir því „að fá inn í rannsóknina kærubréf séra Jóns Bjarman, er hann sendi dómsmálaráðuneytinu, svo og skýrslur hjá Ásgeiri Friðjónssyni, sakadómara, varðandi framburði ákærðu.“

Hallvarður Einvarðsson, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, sendi bréf dagsett 10. maí 1979 til dóms- og kirkjumálaráðuneytis þar sem hann gerði grein fyrir málinu og sendi gögn þess til meðferðar.

Þórir Oddsson vararannsóknarlögreglustjóri, var skipaður með bréfi dagsettu 30. maí 1979 til þess að annast sem rannsóknarlögreglustjóri meðferð málsins.

#### **17.10.1. Greinargerðir kæranda, Sævars og afmörkun rannsóknarefnis**

Sævar sendi átta greinargerðir samkvæmt ágripi harðræðisrannsóknarinnar.<sup>72</sup> Flestar eru ódagsettar en í bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 23. ágúst 1979, er vísað til þeirra allra.

Þórir Oddsson, skipaður rannsóknarlögreglustjóri, ritaði ríkissaksóknara bréf, dagsett 9. ágúst 1979, þar sem hann sendi tilgreind gögn málsins og óskaði eftir því að ríkissaksóknari ákvæði nánar að hvaða kæru greinum lögreglurannsókn málsins skyldi beinast. Þórir Björnsson ríkissaksóknari, svaraði erindinu með bréfi, dagsettu 23. ágúst 1979. Í bréfinu voru gerðar athugasemdir við fjögur atriði í greinargerðum Sævars.

Í fyrsta lagi vakti hann athygli á því að fjögur atvik hafi þegar verið rannsökuð eftir útgáfu ákæru í fjölskipuðum sakadómi í tilefni og framhaldi af bókun Sævars í þinghaldi. Um væri að ræða eftirfarandi fjögur atvik:

- Atvik sem á að hafa gerst 4. janúar 1976 og varðar Eggert Bjarnason og Sigurbjörn Víði Eggertsson.

---

<sup>72</sup> Með ágripi er hér átt við innbundið hefti með rannsóknargögnum RLR sem tengjast rannsókn á harðræði, mál nr. 2875/1979, þ. á m. yfirheyrsluskýrslur, bréfaskipti og rannsóknir á aðbúnaði Síðumúlafangelsis.

- Atvik sem á að hafa gerst 11. janúar 1976 og varðar Örn Höskuldsson.
- Atvik sem á að hafa gerst í lok apríl eða byrjun maí 1976 og varðar aðallega Gunnar Guðmundsson.
- Atvik sem á að hafa gerst í byrjun maí 1976 og varðar aðallega Eggert Bjarnason.

Í öðru lagi taldi ríkissaksóknari samkvæmt bréfinu eðlilegt að lýsingar Sævars í greinargerð hans um ástand og aðbúnað í fangelsinu í Síðumúla væru bornir undir fangaverði og fangelsisstjórn.

Í þriðja lagi sagði ríkissaksóknari í bréfinu að bréf Hinriks Jóns Þórissonar dagsett 18. júní 1979 sem fylgdi korti Jóns Oddssonar hrl. gæfi ekki tilefni til að kveða hann fyrir á ný en sé þess beiðst af öðrum geri ríkissaksóknari ekki við það athugasemdir.

Í fjórða lagi sagði í bréfinu að ríkissaksóknari teldi önnur efnisatriði þeirra gagna sem honum hafi borist virðist vera hrein málflytninguatriði.

Með þessu bréfi ákvað Þórður Björnsson ríkissaksóknari rannsóknarefni harðræðisrannsóknar. Harðræðisrannsóknin átti þannig að fjalla um þau atriði sem kærandi, Sævar, reifaði í sínum greinargerðum að frátöldum framangreindum atriðum sem ríkissaksóknari taldi upp í bréfi sínu 23. ágúst 1979. Harðræðisrannsóknin fjallar því ekki almennt um meint harðræði í Síðumúlafangelsi heldur aðeins afmörkuð rannsóknarefni er luttu að kæruefnum Sævars.

Hinn 28. ágúst 1979 ritaði lögmaður Sævars, Þóri Oddssyni bréf þar sem hann gerir m.a. athugasemdir við afmörkun rannsóknarefnis samkvæmt fyrrgreindu bréfi dagsettu 23. ágúst 1979. Jón óskaði þess m.a. að Sævar fengi að mæta til skýrslutöku vegna efnisatriða greinargerða sinna enda væru þær ýmsum annmörkum háðar og Sævar hafi ávallt gert ráð fyrir að hann fengi síðar að koma að fullkomnari skýrslum.

## **17.10.2. Rannsókn máls nr. 2875/1979**

### ***17.10.2.1. Rannsókn á harðræði***

Formleg rannsókn hófst þann 5. september 1979 og samkvæmt ágripri rannsóknarinnar voru yfirheyrðir fangaverðirnir Erlingur Guðmundsson, Gunnar Marinósson, Högni Einarsson, Skúli Ægir Steinsson, Jón Baldvin Sveinsson, Guðjón Lúther, Ari Ingimundarson, Guðrún Óskarsdóttir, Guðrún Jóna Sigurðardóttir, Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður Síðumúlafangelsis og Örn Ármann Sigurðsson, fyrrverandi fangavörður. Rannsóknarlögreglumennirnir Eggert Bjarnason, Sigurbjörn Víðir Eggertsson, Grétar Sæmundsson og Jónas Bjarnason og Njörður Snæhólm, yfirlögregluþjónn. Jón Bjarman, fangaprestur,

Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara og Hallvarður Einvarðsson, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins. Þá voru yfirheyrð Erla Bolladóttir, Sævar Marinó Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson. Þeim var öllum kynnt vitnaskylda og eftir atvikum veitt réttarstaða sakbornings við yfirheyrslur.

Samkvæmt lögregluskýrslum sem koma fram í ágrípi harðræðisrannsóknarinnar var spurt um a.m.k. eftirfarandi atriði í yfirheyrslum:

- Hvort fangaverðir hafi vafið Sævari inní lak og sveiflað honum til og frá.
- Hvort tekin hafi verið af Sævari hjartalyf.
- Hvort Sævari hafi verið varnað svefni.
- Hvort fangaverðir hafi yfirheyrt Sævar.
- Hvort Sævari hafi verið meinuð útivist.
- Hvort aðbúnaði í fangaklefa Sævars hafi verið ábótavant.
- Hvort Sævari hafi verið gert að fara aðeins á salerni allsnakinn.
- Hvort Sævar hafi þolað harðræði, hótanir og svívirðingar í ferð í Hafnarfjarðarhraun.
- Hvort ljós hafi verið látið loga í fangaklefa Sævars nr. 22.
- Hvort Sævar hafi verið hafður of lengi í fótajárnum.
- Hvort Sævar hafi verið beittur harðræði við samprófun 5. maí 1976.
- Hvort forstöðumaður Síðumúlafangelsis, hafi beitt Sævar ofbeldi í yfirheyrsluherbergi í apríllök eða byrjun maí 1976.
- Hvort fangavörður hafi slegið Sævar í magann með kylfuskafti í kefa Sævars.
- Hvort sagt hafi verið í viðurvist Sævars „Lánaðu honum reipi svo hann geti hengt sig.“

Annað sem Sævar taldi upp í greinargerðum sínum eða kom fram undir harðræðisrannsókn virðist hafa verið talið falla utan afmörkunar rannsóknar með vísan til bréfs ríkissaksóknara frá 23. ágúst 1979.

#### **17.10.2.2. Rannsókn á aðbúnaði**

Auk kvartana Sævars um hans aðbúnað í Síðumúlafangelsi er fjallað almennt um aðbúnað og húsnæði fangelsisins í harðræðisrannsókninni. Rannsakendur öfluðu gagna frá borgaryfirvöldum í Reykjavík og frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Í þeim gögnum koma fram upplýsingar um aðdraganda þess að húsnæðið að Síðumúla 28 í Reykjavík var nýtt sem fangelsi. Síðumúlafangelsið var samkvæmt gögnunum samþykkt í heilbrigðisnefnd 22. nóvember 1960 sem fangageymsla lögreglunnar en ekki gæsluvarðhaldsfangelsi. Þá kemur fram að 1. október 1971 hafi dóms- og kirkjumálaráðuneytið farið þess á leit við borgarstjórnann í Reykjavík að húsnæðið yrði nýtt sem gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsi til bráðabirgða. Var það samþykkt. Þá kemur fram í gögnum málsins að heilbrigðismálaráð hafi ekki verið spurt um

breytta nýtingu á fangelsinu en það hafi átt að gera samkvæmt þágildandi heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík.

Meðal gagna harðræðisrannsóknar er bréf dagsett 31. október 1978 þar sem Ragnar Tómasson hdl. og skipaður réttargæslumaður manns sem dvaldist í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi, fór þess á leit við embætti borgarlæknis í Reykjavík að það mæti hvort klefar þeir sem fangar væru vistaðir í fangelsinu gætu talist fullnægjandi vistarverur. Sérstaklega var óskað eftir að metið yrði hvort stærð klefa, birta, loft-ræsting og húsbúnaður væri fullnægjandi. Ennfremur sagði í bréfi Ragnars Tómarssonar hdl.:

*„Tilfni bréfs míns til yðar er það að um nokkurn tíma hefur mér sem kannski fleirum, fundist áhyggjuefni hversu gæsluvarðhaldi virðist ótæpilega beitt við rannsókn sakamála og eru kunn nýleg og dapurleg dæmu um langa innilokun saklausra manna.*

*Af viðtölum við gæsluvarðhaldsfanga virðist mega ráða að aðbúnaður í vistarverum þeirra verki mjög þjakandi á líðan þeirra og það svo að þeir bíða þess eða ekki bætur að vera lokaðir inni dögum eða mánuðum saman, jafnvel þó saklausir séu. Þar er svo aftur umhugsunarvert hvort skeytingarleysi lögregluyfirvalda um andlega og líkamlega líðan fanga megi rekja til þess að greiðlegar gangi að „fá játningar“ þegar fer að draga af sakborningum eftir nokkra innilokun. Þó því verði tæpast trúað svo sé, er hitt ljóst að gæsluvarðhaldsvist sýnist vera föngum mikið kvalræði og gætir þess áberandi í frásögn þeirra. Að sönnu er það þýðingarmikið fyrir almannheill að sakamál upplýsist en óhikað má telja að það sé jafnframt ríkjandi viðhorf að ekki megi beita fanga ósæmilegu harðræði.“*

Meðal gagna harðræðisrannsóknarinnar er að finna „Athugun á hita- og loftræstikerfi fangelsisins við Síðumúla“. Þessi athugun var unnin af verkfræðistofu og er ódagsett en í gögnum dóms- og kirkjumálaráðuneytis var að finna bréf ráðuneytisins, dagsett 23. mars 1979, þar sem fram kom að ráðuneytið hafi mótttekið niðurstöður athugunarinnar. Í niðurstöðum verkfræðiskrifstofunnar kemur m.a. fram að öll byggingin væri hituð frá einum lofthitara, loftstokkar í þakrými væru skemmdir og að loftstútar niður í fangaklefa væru illa frágengnir og það óþéttir að það sæist niður í klefana ofan úr þakrýminu. Þá kemur þar fram að við veðrabreytingar hrynji steinullaryrk niður í klefana. Í þessari athugun eru lagðar til lagfæringar á loftræsti- og lofthitunarkerfi fangelsisins í 13 tölulíðum.

Meðal gagna harðræðisrannsóknar eru einnig minnisblöð nr. I dagsett 8. nóvember 1978 og nr. II dagsett 5. desember 1978 frá embætti borgarlæknis þar sem fram kemur að hiti og raki hafi verið of mikill í miðálmu. Af gögnum harðræðisrannsóknarinnar má sjá að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafi gripið til þeirra ráðstafana að loka fangelsinu tímabundið árið 1979 til að gera viðeigandi endurbætur vegna hitunar- og loftræstikerfis fangelsisins, sem hafi verið lokið 3. ágúst 1979.

Í ágrípi harðræðisrannsóknarinnar er ekki að finna gögn sem gera grein fyrir aðbúnaði í Síðumúlafangelsi frá árunum 1971 til 1978.

### ***17.10.2.3. Lok harðræðisrannsóknarinnar og athugasemdir verjanda Sævars við rannsókn RLR***

Hinn 8. október 1979 voru samkvæmt gögnum harðræðisrannsóknarinnar mættir á skrifstofu RLR Pétur Guðgeirsson, fulltrúi ríkissaksóknara, Jón Oddson hrl., Þórir Oddsson skipaður rannsóknarlögreglustjóri og Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglumáður. Var Jóni gefið tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við rannsóknina áður en málið yrði sent til ríkissaksóknara til umfjöllunar. Jón kvaðst geta fallist á afgreiðslu málsins og tók fram að hann teldi rannsóknaraðila hafa vandað mjög til allra vinnubragða. Leitað hafi verið samráðs við hann og honum gefinn kostur á að vera viðstaddur yfirheyrslur. Jón gerði þær athugasemdir að rannsóknin hefði átt að ná til fleiri þátta málsins og að aflað yrði upplýsinga um heilsufar Sævars og um lyfjagjöf áður en skjöl málsins yrðu send áfram.

Eins og áður hefur komið fram óskaði Jón Oddsson við upphafi harðræðisrannsóknar að kærubréf séra Jóns Bjarmans yrði meðal gagna harðræðisrannsóknarinnar auk skýrslna Ásgeirs Friðjónssonar sakadómara. Umrætt bréf séra Jóns Bjarmans er meðal gagna í ágrípi rannsóknarinnar, en ekki skýrslur Ásgeirs.

Þórir Oddsson ritaði Jóni Oddssyni bréf, dagsett 10. október 1979, þar sem vísað var til athugasemda við afmörkun ríkissaksóknara á rannsóknarefni harðræðisrannsóknarinnar.<sup>73</sup> Þórir Oddsson rak í því bréfi að Gísli Guðmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn hafi skýrt frá því að hann hafi á sínum tíma aflað umræddra skýrslna Ásgeirs Friðjónssonar og afhent þær Gunnlaugi Briem sakadómara. Því virðist hafa verið gengið út frá því við harðræðisrannsóknina að tekið hafi verið tillit til efnis umræddra skýrslna Ásgeirs við málsmeðferð fyrir sakadómi.

---

<sup>73</sup> Jón Oddson gerði umræddar athugasemdir í bréfi dagsettu 28. ágúst 1979.

Þórir Oddsson, skipaður rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, tilkynnti ríkissaksóknara um lok rannsóknar og sendi embættinu gögn málsins með bréfi dagsettu 11. október 1979.

### 17.10.3. Umfjöllun Hæstaréttar

Í dómi Hæstaréttar er fjallað um að eftir uppsögu sakadóms hafi verið háð framhaldslögreglurannsókn að ósk Sævars, vegna þess að hann taldi sig hafa verið beittan harðræði við rannsókn málsins. Hæstiréttur telur sannað í dómi sínum með vísan til harðræðisrannsóknarinnar að fangavörður hafi lostið Sævar kinnhest við samprófun en um þetta segir í dómi réttarins:

*„Af gögnum máls verður ráðið að við samprófun hinna ákærðu Sævars, Kristjáns og Erlu 5. maí 1976 hafi nafngreindur fangavörður lostið ákærða Sævar kinnhest. Um aðdraganda þessa eru skýrslur óljósar, en þær benda til þess að ákærði Sævar hafi verið æstur og órór við yfirheyrslu þessa.“<sup>74</sup>*

Sá fangavörður, Gunnar Guðmundsson, sagði um þetta atvik við yfirheyrslu vegna harðræðisrannsóknarinnar:

*„Ég finn það á mér að ég hef ekki slegið Sævar Ciesielski og tel mig vera saklausan af þessum áburði. Hinsvegar tel ég mig ekki hafa efni á því að segja, eða rengja, framburð þeirra Hallvarðs Einvarðssonar og Njarðar Snæhólm. Hinsvegar þá veit ég, að ég gerði þetta ekki.“*

Fleiri sem voru viðstaddir umrædda samprófun voru spurðir um þetta atvik. Eggert Bjarnason rannsóknarlögreglumaður sagði eftirfarandi:

*„Ef það telst líkamlegt harðræði að ýta Sævari ofan á stólinn má segja að það hafi verið gert. Að öðru leyti man ég ekki til þess að harðræði hafi verið beitt og ég man ekki til þess að Gunnar Guðmundsson hafi slegið Sævar.“*

Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður sagði um þetta atvik:

*„Ég heyrði talað um það eftir þessa samprófun, veit ekki hvað löngu síðar, að Gunnar Guðmundsson hafi slegið til Sævars. Ég var þó ekki var við þann atburð sjálfur og get því ekkert borið um það.“*

---

<sup>74</sup> Lögregluskýrsla um samprófun Erlu, Sævars og Kristjáns Viðars er ekki meðal gagna Guðmundar- og Geirfinnsmálanna en upplýsingar um samprófun þann dag er að finna í dagbók Síðumúlafangelsis.

[...]

*Það er eins og mig rámi í að ég hafi eitthvað farið út úr herberginu á meðan á samprófuninni stóð, en ég get þó ekki alveg fullyrt um það“.*

Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, kvaðst aðspurður um hvort hann vissi til þess að Gunnar Guðmundsson hafi löðrungað Sævar við þessa samprófun:

*„Nei, það hefur hann þá gert meðan ég var frammi.“*

Erla, Kristján Viðar og Sævar báru öll við harðræðisrannsóknina að Gunnar hafi lostið Sævar kinnhest.

Í V.5 kafla dóms Hæstaréttar viku dómurinn einnig að harðræðisrannsókninni og segir:

*„Það er ámælisvert, að fangavörður laust einn hinna ákærðu kinnhest við yfirheyrslu, en ráðið verður af gögnum máls, að framkoma fangans við rannsóknarmenn í umrætt skipti hafi verið vítaverð.“*

Þá segir Hæstiréttur ennfremur um harðræðisrannsóknina:

*„Vorur yfirheyrdir fangaverðir og ýmsir þeir, sem fóru með rannsókn málsins. Í megindráttum skýrðu þessir aðiljar frá með sama hætti og við rannsókn máls í héraði, og er sú rannsókn rakin ítarlegar í héraðsdómi, en þó komu fram nokkur ný atriði. Í framhaldsrannsókninni voru enn fremur teknar skýrslur af séra Jóni Bjarman fangapresti og ákærðu Kristjáni, Sævari og Erlu. Þá voru gerðar athuganir á aðbúnaði fanga í fangelsinu að Síðumúla. Þá er þess að geta, að fangavörður, sem starfaði í fangelsinu að Síðumúla, kvaðst hafa „heyrt“ einhverja „pústra“ í tvö skipti, þegar verið var að yfirheyra ákærða Sævar. Annar fangavörður taldi sig hafa verið á nætuvatn að því er ætla verður í janúar 1976. Hafi þá tveir nafngreindir fangaverðir farið inn í klefa, m.a. ákærða Sævars, að fyrirmælum yfirfangavarðar í því skyni að halda Sævari vakandi og hafi þeir „tuskað“ hann til. Einnig hafi nafngreindur fangavörður valdið hávaða í grennd við klefa Sævars í því skyni að varna honum svefns, að því er vitnið telur. Þá hafi slökkvari verið óvirkur og hafi eigi verið hægt að slökkva ljós í klefa Sævars. Viðkomandi fangaverðir og rannsóknarmenn hafa alfarið neitað, að þessar frásagnir séu réttar.“*



Þannig liggur fyrir að Hæstiréttur taldi ekki sannað að annað harðræði hafi átt sér stað en kinnhestur, sá sem Gunnar Guðmundsson hafi lostið Sævar.

#### 17.10.4. Gögn harðræðisrannsóknarinnar

Starfshópurinn gekk úr skugga um að fleiri gögn en ágrip rannsóknarinnar lægju fyrir í tengslum við harðræðisrannsóknina. Í Þjóðskjalasafni fannst gul bréfamappa í safni RLR merkt harðræðisrannsókninni en með röngu málnúmeri 2775/79. Á möppunni var handritað: „Gögnin eru hjá Þ.O.“ Mappan var tóm og á broti hennar mátti sjá að hún hafi líklega aldrei hýst skjöl.

Tvö skjalahylki<sup>75</sup> voru í Þjóðskjalasafni Íslands sem í voru rannsóknargögn frá lögreglu vegna margra óskyldra mála, skjölin voru flokkuð eftir málnúmerum RLR og hvert mál í plastvasa. Í skjalahylki D/1 var plastvasi<sup>76</sup> með gögnum tengdum Guðmundar- og Geirfinnsmálum.

Þau gögn sem voru í framangreindum plastvasa, og ekki er jafnframt að finna í ágrip harðræðisrannsóknarinnar, eru gögn er varða skipulag rannsóknarinnar ásamt afritum af tveimur bréfum frá Sigurbjörgu Ólöfu Guðjónsdóttur, móður Sævars. Annað bréfið er dagsett 31. maí 1979 og er til Þóris Oddssonar vararannsóknarlögreglustjóra. Bréfið telur 13 blaðsíður. Afrit bréfsins hefur verið stimplað með stimpli RLR fyrir skjalnúmer og blaðsíðutal og þá hefur mínusmerki verið ritað með blýanti á fyrstu blaðsíðu bréfsins. Í bréfinu gerir Sigurbjörg Ólöf margvíslegar athugasemdir við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna og harðræði sem hún segir son sinn hafa verið beittan undir rannsókninni.

Hitt bréfið frá móður Sævars virðist upphaflega hafa verið alls fimm blaðsíður, en fyrstu tvær blaðsíðurnar vantar. Ekki séð hver hefur verið móttakandi bréfsins eða hver dagsetning þess hefur verið. Afrit þess hefur verið stimplað með stimpli fyrir skjalnúmer og blaðsíðutal með sama hætti og hitt bréfið. Í þessu bréfi spyr Sigurbjörg Ólöf spurninga er varða starfshætti lögreglu og sakadóms við rannsóknina. Erindi bréfsins er skipt upp í töluliði og á þessum blaðsíðum má sjá töluliði 6 til og með 15. Vísar starfshópurinn til bréfanna sem núllskjala, sem ekki voru aðgengileg með sama hætti og önnur rannsóknargögn lögreglu í málinu.

---

<sup>75</sup> Skjalahylkin tvö eru merkt: Ríkislögreglustjórinn (RLS) 2009, D-Gögn Þóris Oddssonar, D/1 og D/2.

<sup>76</sup> Plastvasinn er merktur: 7, 2875/79, Sama, Varðar Guðmundar- og Geirfinnsmál. Afrit af bréfi, dags. 10. október 1979, til Jóns Oddssonar hrl. ásamt skýrslu Njarðar Snæhólm frá 28. ágúst 1979 og afriti af bréfi dags. 31. maí 1979.

Ekki fundust gögn sem sýndu að brugðist hafi verið við erindum Sigurbjargar Ólafar með formlegum hætti.

#### **17.10.5. Um harðræðisrannsóknina**

Harðræðisrannsóknin var framkvæmd af RLR og var Hallvarður Einvarðsson á þeim tíma rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

Allt frá upphafi harðræðisrannsóknarinnar var erindum Sævars til RLR beint til Þóris Oddssonar vararannsóknarlögreglustjóra. Það átti einnig við um erindi sem bárust RLR áður en Þórir Oddsson hlaut sérstaka skipun dómsmálaráðherra til að annast rannsóknina.

Samkvæmt bréfi Jóns Bjarman, fangaprests frá 30. maí 1978 óskaði hann þess við dómsmálaráðherra að hann léti fara fram könnun á því hvort starfsmenn sakadóms Reykjavíkur, rannsóknarlögreglunnar, embættis ríkissaksóknara og starfsmenn Síðumúlafangelsis hefðu sýnt ótilhlýðilega harðýðgi við yfirheyrslu eða prófun í byrjun maí 1976. Viðstaddir þessa athöfn hafi verið Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómarar, Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari, Eggert N. Bjarnason, Sigurbjörn Víðir Eggertsson og Njörður Snæholm rannsóknarlögreglumenn og Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður.

Samkvæmt kærubréfi Jóns Bjarman, og beiðni hans um athugun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þyrfti að rannsaka atvik sem varðaði m.a. Hallvarð Einvarðsson. Vararannsóknarlögreglustjóra var því falið að annast meðferð málsins í samræmi við 1. mgr. 8. gr. þágildandi laga um rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 108/1976, sbr. 3. gr. laga nr. 5/1978.<sup>77</sup>

Rannsakendur harðræðisrannsóknarinnar voru í þeirri óþægilegu stöðu að þurfa að yfirheyra samstarfsmenn sína, auk æðsta yfirmanns, vegna rannsóknarinnar.<sup>78</sup> Hallvarði var við yfirheyrslur kynnt réttarstaða vitnis og sakbornings en það þekktist á þessum árum og var kallað að taka menn fyrir „á blöndunni“.

---

<sup>77</sup> Þar sagði: *Þegar rannsóknarlögreglustjóri er svo ridinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Þegar ráðherra berst slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, skipar hann vararannsóknarlögreglustjóra eða annan löghæfan mann til meðferðar þess máls, sbr. 2. mgr. 2. gr.*

<sup>78</sup> Við gildistöku núgildandi lögreglulaga nr. 90/1996 var samkvæmt athugasemdomum við frumvarpið haft að markmiði að tryggja að mál hlyti vandaða og óhlutdræga rannsóknarmeðferð frá upphafi ef lögreglumaður er kærður fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa eða vegna gruns um slíkt brot. Í 35. gr. laga um lögreglu nr. 90/1996 er gert ráð fyrir að lögreglustjóri við þessar aðstæður skuli tilkynna ríkissaksóknara um ætlað brot þegar í stað og að ríkissaksóknari stýri rannsókn málsins.

Lára V. Júlíusdóttir, settur saksóknari, fjallaði lítillega um harðræðisrannsóknina frá 1979, í tengslum við yfirheyrslur fangavörðna, í sinni skýrslu til dómsmálaráðherra árið 2003:

*„Fyrirliggjandi gögn benda til þess að fangaverðir hafi ekki einungis verið að ræða skipulega við sakborninga um málsatvik heldur hafi þeir einnig stundað einhvers konar yfirheyrslur og látið viðkomandi síðan undirrita framburði sína. Þetta hlýtur að veikja tiltrú manna á hinni svokölluðu harðræðisrannsókn sem fór fram í lok Geirfinnsmálsins. Þessi gögn, sem stöfuðu frá fangavörðum, voru hins vegar ekki lögð fyrir dóm og misvísandi skýring gefin á því.“*

Starfshópurinn tekur undir þessa ályktun setts saksóknara.

#### **17.10.6. Ábendingar um ómannúðlega og vanvirðandi meðferð á föngum**

Starfshópurinn hefur við sína vinnu fengið ábendingar og lesið í gögnum um atvik sem benda til þess að fangar hafi verið beittir ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð í Síðumúlafangelsi á tímum rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmála.

Líkt og þegar hefur komið fram fjallaði Hæstiréttur um harðræðisrannsóknina frá 1979 í dómi sínum um Guðmundar- og Geirfinnsmálin og taldi sannað að forstöðumaður Síðumúlafangelsis hefði lostið Sævar kinnhest við samprófun. Annað harðræði taldist þannig ekki sannað en starfshópurinn vill hér vekja athygli á ábendingum um ómannúðlega og vanvirðandi meðferð á föngum í tíma rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmála.

- Í dómi Hæstaréttar í máli 214/1978 segir í umfjöllun réttarins um harðræði:

*„Þá hafi slökkvari verið óvirkur og hafi eigi verið hægt að slökkva ljós í klefa Sævars. Viðkomandi fangaverðir og rannsóknarmenn hafa alfarið neitað, að þessar frásagnir séu réttar.“*

Fyrrverandi fangavörður sem starfshópurinn ræddi við greindi hópunum frá því að rætt hefði verið um það í fangelsinu að líklegt væri að Sævar myndi reyna að stytta sér aldur. Sævar hafi því verið færður í klefa við hliðina á varðstofunni en þangað til hefði klefinn verið notaður fyrir hreinlætisvörur. Hreinsað hafi verið til í klefanum og Sævar færður þangað til að hægt væri að fylgjast betur með Sævari. Ljósrofi fyrir klefann hafi verið frammi á gangi og forstöðumaður hefði spurt fangavörðinn hvort hann gæti tengt rofann þannig að ljósið logaði alltaf, því þeir þyrftu að fylgjast með Sævari. Það hefði fangavörðurinn gert en ljósið hefði ekki verið mjög bjart og

hann hefði ekki mælt með því sem lesbirtu. Við harðræðisrannsóknina 1979 kom fram að fangavörðurinn fyrrverandi myndi eftir að hafa átt eitthvað við rofann. Þó hefði verið óljóst samkvæmt yfirheyrsluskýrslu af honum í hvaða tilgangi það hafi verið, hver hafi fyrirskipað það og á hvaða tíma það hafi verið gert. Starfshópurinn hefur hvorki fundið í fangelsisdagbók Síðumúlafangelsis, né annars staðar í gögnum málsins, upplýsingar um að Sævar hefði verið talinn í sjálfsvígshættu.

- Fyrrverandi fangavörður sem starfshópurinn átti viðtal við sagðist einu sinni hafa verið vitni af því að skapaður hafi verið hávaði gagngert til að valda ónæði og halda vöku fyrir Sævari. Stólum hafi verið ýtt til og þeir látnir lenda í veggjum fanga-klefa.
- Í yfirheyrsluskýrslu harðræðisrannsóknarinnar yfir fangaverði dagsett 24. september 1979 kemur m.a. fram að yfirfangavörður hafi gefið næturvakt þau skilaboð að halda ætti þeim Sævari og Tryggva Rúnari vakandi um nóttina og hafi það verið gert. Fangaverðir hefðu í mörg skipti þá nótt farið inn í klefa Sævars og Tryggva Rúnars án beiðni umræddra fanga. Fangaverðir hefðu í öllum þeim tilvikum sem þeir hefðu farið í klefa til Tryggva Rúnars, borið upp á hann að hann væri að kalla upp úr svefni nafn stúlku. Það hefði ekki verið rétt hjá þeim en Tryggvi Rúnar hefði virst trúa þessu og verið undrandi. Undir morgun hefði annar fangavarðanna talað um það við Tryggva Rúnar að heppilegast myndi vera að líma heftiplástur fyrir munninn á honum svo köllin heyrðust ekki. Með samþykki Tryggva Rúnars hefðu fangaverðirnir límt grisju fyrir munn Tryggva Rúnars og notað heftiplástur til að festa grisjuna. Þegar yfirfangavörður hefði mætt til vinnu klukkan 08:00 hefðu þeir greint honum frá „plástruninni“. Meðal gagna harðræðisrannsóknarinnar er skýrsla dagsett 28. september 1979. Þar kemur fram að mættir væru á skrifstofu RLR fulltrúi ríkissaksóknara, verjandi Sævars og rannsakendur harðræðisrannsóknarinnar. Fulltrúi ríkissaksóknara óskaði eftir að taka eftirfarandi fram:

*„Þar sem framburður [fangavarðar] í lögregluskýrslu, dags. 24. þ.m., varðandi Tryggva Rúnar Leifsson, ákærða í Hæstaréttarmálinu 214/1978, virðist óviðkomandi sakarefni þess máls og stendur jafnframt utan við takmörk þessarar rannsóknar, eins og hún er ákveðin með bréfi ríkissaksóknara, dags. 23. f.m., þykir af hálfu ákærvaldsins ekki vera ástæða til, að rannsókn þessi beinist að því atriði nú.“*

- Starfshópurinn hefur fengið þær upplýsingar í viðtölum við fangaverði sem voru við störf á tímum rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmálanna að fangar hefðu átt rétt á daglegri úti-vist. Skráningar í fangelsisdagbækur gefa hins vegar til kynna að nokkrir þeirra sem sættu rannsókn vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála hafi ekki notið útivistartíma, án þess að það væri sérstaklega tilgreint sem viðbrögð við agabroti. Dæmi um

slíkt er færsla í dagbók Hegningarhúss þann 29. apríl 1977 þess efnis að Kristján Viðar hafi fengið garðtíma í fyrsta sinn eftir fyrirmælum Gunnlaugs Briem. Þegar það var ritað voru liðnir 113 dagar frá því að Kristján Viðar var fluttur úr Síðumúlafangelsinu í Hegningarhúsið. Þann 29. maí 1977 er eftirfarandi athugasemd rituð í dagbók Síðumúlafangelsis af yfirfangaverði: „Á föstudaginn talaði ég við Gunnlaug Briem fyrir Tryggva Rúnar um svar við því að hann fengi að fara niður í Hegningarhús. Gunnlaugur segist vera búinn að færa þetta í tal við Valdimar [forstöðumann Hegningarhúss] og fengið neitun, en sagðist ætla að athuga það betur eftir hádegið. Um lausagæslu þar yrði ekki um að ræða í náninni framtíð hann yrði lokaður inni þar eins og hér og fengi öngva útivist ef úr þessu yrði. Þetta er ég búinn að segja Tryggva og tel ég því þetta útrætt mál.“

- Hlynur Þór Magnússon, fyrrverandi fangavörður, lagði fram yfirlýsingu fyrir Hæstarétt vegna endurupptökubeiðni Sævars árið 1997. Í henni lýsti Hlynur Þór harðræði í Síðumúlafangelsi á tímum rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmálanna. Hann hefur lýst í fjölmiðlum harðræði við fanga í Síðumúlafangelsi. Hlynur Þór Magnússon var ekki meðal þeirra fangavarda sem yfirheyrðir voru vegna harðræðisrannsóknar, mál RLR nr. 2875/1979.
- Fyrrverandi fangi í Síðumúlafangelsi hafði frumkvæði að samskiptum við starfshópinn. Maðurinn er sá sem skrifaðist á við Sævar í Síðumúlafangelsi er þeir voru báðir fangar þar. Upp komst um bréfaskriftnar og greindi hann starfshópnum frá því að í kjölfarið hefði hann og Sævar sætt harðræði af hálfu fangavarda þ. á m. með svokölluðum strekkingum. Starfshópurinn hefur undir höndum sérstaka harðræðisrannsókn frá 1976. Rannsóknin beindist m.a. að meintu harðræði gagnvart honum. Rannsóknin virðist ekki hafa orðið tilefni til frekari aðgerða. Nánari grein hefur verið gerð fyrir umræddri rannsókn í kafla 17.4. hér að framan.

### **17.11. Rannsókn setts saksóknara frá 2003 í tengslum við gerð leirhöfuðs og á tildrögum þess að Magnús Leópoldsson sætti gæsluvarðhaldi**

Í fyrri hluta skýrslu þessarar er reifaður aðdragandi að rannsókn Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara. Rannsóknin fór fram samkvæmt þá-gildandi 4. mgr. 66. gr. laga um meðferðar opinberra mála nr. 19/1991 sbr. breytingarlög nr. 36/1999 og breytingarög nr. 27/2001.<sup>79</sup> Þetta

---

<sup>79</sup> Ákvæðið var svohljóðandi: Þegar sérstaklega stendur á er ríkissaksóknara heimilt að mæla fyrir um rannsókn þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, svo sem vegna þess að sök er fyrnd, ef ríkir almanna- og einkahagsmunir mæla með því. Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun ríkissaksóknara um synjun á

ákvæði var ekki tekið upp í nýleg lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 og sambærilegt ákvæði því ekki í gildi í dag.

Lára V. Júlíusdóttir, settur saksóknari, fjallaði um það í sinni skýrslu að sök, ef einhver væri í málinu, væri að öllum líkindum fyrnd. Rannsóknarefni hennar var þröngt afmarkað og skiptist í þrjú rannsóknartilvik. Hér á eftir er fjallað um einstaka þætti rannsóknarinnar sem starfshöpurinn telur ástæðu til að vekja athygli á.

#### **17.11.1. Rannsóknartilvik 1**

Rannsóknartilvik 1 fjallaði um aðdraganda þess að gerð var leirmynd, sem byggð var á lýsingu vitna á manni sem kom í Hafnarbúðina í Keflavík þann 19. nóvember 1974, og hvernig var staðið að gerð hennar.

Magnús Gíslason, fyrrverandi fréttaritari, fékk það hlutverk að teikna mynd af þeim manni sem lögreglan í Keflavík taldi hafa komið inn í Hafnarbúðina 19. nóvember 1974. Magnús Gíslason hélt því fram opinberlega árið 1997 að honum hefði brugðið þegar Geirfinnsmálið hefði komist í háamæli á ný í tengslum við endurupptökubeiðni Sævars M. Ciesielski því þá hafi fyrst runnið upp fyrir honum hver sá maður væri á myndinni sem lögreglan hafi afhent honum forðum til að teikna eftir. Hann sagði að hann hefði verið beðinn um að breyta henni en eftir á að hyggja fyndist honum ljóst að lögreglan vildi hafa teikninguna sem líkasta Magnúsi Leópoldssyni.

Í rannsókn setts saksóknara kom fram að lögreglumaður hefði farið með umslag með myndum til Magnúsar en hann vissi ekki af hverjum myndirnar hefðu verið. Þá er vísað til blaðagreinar eftir Valtý Sigurðsson í skýrslu Láru þar sem hann dró í efa að Magnús Gíslason hefði fyrst uppgötvað rúmum 20 árum síðar, þegar honum hafi verið sýnd mynd að Magnúsi Leópoldssyni, að það hafi verið maðurinn sem hann var að teikna.

Settur saksóknari lagði ekki efnislegt mat á orð Valtýs í umræddri blaðgrein en sagði að samkvæmt framburði Magnúsar í fyrri leirhöfuðsrannsókninni mætti „ætla að lögreglan í Keflavík hafi stuðst við ljósmyndir af einhverjum mönnum, án þess þó að gruna þá sérstaklega um að vera valdir að hvarfi Geirfinns, enda hafi verið litill tilgangur í að teikna upp grunaða af ljósmyndum og bæta síðan inn einhverjum atriðum. Ef menn hefðu talið Magnús Leópoldsson vera

---

*rannsókn til dómsmálaráðherra. Nú ákveður ráðherra að rannsókn fari fram og setur hann þá sérstakan saksóknara til að fara með og rannsaka málið.*

*manninn sem kom í Hafnarbúðina hafði verið einfaldara að láta vitni bera kennsl á hann í sakbendingu eða á ljósmyndum.* <sup>80</sup>

Í skýrslu setts saksóknara er einnig fjallað um Jón Grímsson sem gerði tilkall til þess að vera sá maður sem leirstyttan var gerð af en það hafi komið fram í bók sem var útgefin árið 2001. Í bókinni kemur fram að Jón hafi dregist inn í rannsókn á hvarfi Geirfinns þar sem hann hefði verið í Keflavík þann 19. nóvember 1974. Í ódagsettri skýrslu Hauks Guðmundssonar kemur fram að Jón hafði tekið leigubíl til Keflavíkur umrætt kvöld. Þar hafi hann fyrst farið á Aðalstöðina til að hringja. Í bókinni frá 2001 sagði Jón hins vegar að þetta hefði allt eins getað verið Hafnarbúðin sem hann fór inn í til að hringja. Jón hefði talið að samtal hans og Hauks hafi átt sér stað rúmlega viku eftir hvarf Geirfinns. Í skýrslu setts saksóknara segir um frásögn Jóns:

*„Ekkert í núverandi rannsókn styður þessa breyttu frásögn Jóns, þ.e. að hann hafi farið í Hafnarbúðina til að hringja en ekki á Aðalstöðina. Hins vegar styðja gömul og ný gögn frásögn hans um aðra þætti málsins að öðru leyti.* <sup>81</sup>

#### **17.11.2. Rannsóknartilvik 2**

Rannsóknartilvik 2 er um tildrög þess að nafn Magnúsar Leópoldssonar kom fram í rannsókn á Guðmundar- og Geirfinnsmálanna sem leiddi til handtöku hans í janúar 1976. Í skýrslu setts saksóknara kemur m.a. fram að þar sem þau Sævar, Erla og Kristján Viðar hefðu verið sakfelld fyrir rangar sakargiftir hefði ekki verið talin ástæða til að kalla þau fyrir til skýrslugjafar í málinu. Þá kemur jafnframt fram í skýrslu setts saksóknara:

*„Ágreiningslaust er að framburðir Sævars, Erlu og Kristjáns Viðars leiddu til þess að þeir Magnús, Valdimar, Einar og Sigurbjörn voru handteknir og látnir sæta langvinnu gæsluvarðhaldi. Því hefur hins vegar verið haldið fram að þessar röngu sakargiftir hafi orðið til vegna atbeina lögreglu. Jafnframt hefur verið bent á að þau Sævar, Erla og Kristján Viðar báru ekki einungis sakir á fjórmeningana, heldur einnig á þó nokkra einstaklinga til viðbótar. Það sé því ljóst að lögreglan hafi lent í vandræðum með þessar frásagnir í höndunum enda hafi hún ekki einu sinni haft fyrir því að yfirheyra alla þá sem voru nefndir á nafn. Þetta ásamt pólitísku moldvirði á Alþingi leiddi til þess að stjórn rannsóknarinnar*

<sup>80</sup> Skýrsla Lára V. Júlíusdóttur, setts saksóknara, bls. 27-28.

<sup>81</sup> Skýrsla Lára V. Júlíusdóttur, setts saksóknara, bls. 58.

*færðist undir Karl Schütz og rannsóknarnefnd Reykjavíkur var stofnuð.*“

Samkvæmt niðurstöðum setts saksóknara um rannsóknartilvik 2 voru það

*„framburðir Sævars Marinós Ciesielski, Erlu Bolladóttur og Kristjáns Viðars Viðarssonar, um ætlaða aðild Magnúsar Leópoldssonar og annarra að hvarfi Geirfinns Einarssonar, sem leiddu til þess að Magnús var handtekinn ásamt fleirum og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Við þá málsmeðferð var stuðst við framburði Sævars, Erlu og Kristjáns en ekki við þann orðróm og söguburð sem þremmenningarnir virðast hafa nýtt sér við að flækja Magnúsi og fleirum saklausum mönnum inn í málið.*“

Starfshópurinn getur ekki tekið undir framangreinda niðurstöðu setts saksóknara að öllu leyti. Í fyrsta lagi sýnir sú staðreynd að settur saksóknari taldi ekki ástæðu til að kalla Sævar, Erlu og Kristján Viðar til skýrslutöku þar sem þau hefðu verið sakfelld fyrir rangar sakargiftir, hversu þröngar skorður rannsókn setts saksóknara voru settar. Í rannsókninni var gengið út frá ákveðnum forsendum sem komu fram í dómi Hæstaréttar í stað þess að rannsaka málsatvik sjálfstætt. Í öðru lagi nefndi Kristján Viðar ekki Magnús Leópoldsson fyrr en 27. janúar 1976 samkvæmt formlegum lögregluskýrslum, eða daginn eftir að Magnús var handtekinn og færður í gæsluvarðhald. Því telur starfshópurinn ekki rétt að nefna Kristján Viðar í samhengi við handtöku Magnúsar. Í þriðja lagi bendir starfshópurinn á að jafnvel þó settur saksóknari hafi komist að framangreindri niðurstöðu nefndi hún í niðurstöðukafla skýrslu sinnar um rannsóknartilvik 2 að strax í ársbyrjun 1975 hafi mikill orðrómur verið á kreiki um ætlaða aðild Sigurbjörns Eiríkssonar og Magnúsar Leópoldssonar að hvarfi Geirfinns Einarssonar og að Klúbburinn hafi komið við sögu strax á fyrstu dögum Keflavíkurannsóknarinnar. Starfshópurinn telur gögn málsins ekki styðja þá fullyrðingu setts saksóknara að handtökur og gæsluvarðhald yfir fjórmeningunum hafi einungis stuðst við framburði Erlu, Kristjáns Viðars og Sævars.

### **17.11.3. Rannsóknartilvik 3**

Rannsóknartilvik 3 í skýrslu setts saksóknara er um ástæður þess að gæsluvarðhaldsvist Magnúsar Leópoldssonar stóð svo lengi sem raun varð í ljósi þeirra gagna sem þá lágu fyrir í málinu. Í skýrslu sinni rakti sérstakur saksóknari fjölda ábendinga sem lögreglu bærust og tengdust einhverjum fjórmeninganna eða skemmtistaðnum Klúbbn-



um sem voru fyrir utan þær ábendingar sem dómfelldu höfðu fært fram á fjórmeninganna.

Í niðurstöðukafla setts saksóknara segir:

*„Ljóst er að allan tímann á meðan Magnús sætti gæsluvarðhaldi og jafnvel eftir að hann var látinn laus voru rannsóknaraðilum að berast ábendingar er tengdust Magnúsi beint eða óbeint. Á sama tíma báru endanlegir sakborningar þá Magnús, Sigurbjörn, Einar og Valdimar ítrekað sökum beint eða óbeint, og eru þess jafnvel dæmi eftir að þeir voru látnir lausir úr gæsluvarðhaldi.“*

Starfshópurinn tekur undir þá skoðun að gæsluvarðhald fjórmeninganna hafi verið svo langvinnt sem raun bar vitni vegna sambands af ólíkum ástæðum en ekki einvörðungu vegna framburða dómfelldu.

#### **17.11.4. Um rannsókn setts saksóknara 2001-2003**

Aðdragandi rannsóknarinnar er um margt sérstæður. Sérstök lagaheimild var sótt til Alþingis til þess að unnt væri að framkvæma rannsókn sem þessa. Slík heimild er ekki lengur til staðar samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Í skýrslu setts saksóknara er fjallað um ýmsar skýrslur og yfirheyrslur fangavarda sem ekki voru lögð fram í dómi á sínum tíma og flokkast sem núllskjöl. Þess má geta að embætti ríkissaksóknara taldi ekki ástæðu til þess að vekja athygli dómfelldu á þeim nýjum upplýsingum sem komu fram í skýrslu Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara, til dómsmálaráðherra.

Á Þjóðskjalasafni var skjalahylki<sup>82</sup> með gögnum lögreglu sem m.a. tengdust rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála. Áður hefur verið gerð grein fyrir brúnu umslagi sem innihélt skýrslu RLR úr máli nr. 3940/1977 og starfshópurinn hefur flokkað sem núllskjal. Í því umslagi var annað minna umslag hvítt á lit og var það opið þegar starfshópurinn fékk það í hendur. Umslagið er stílað á Þóri Oddson, vara-ríkislögreglustjóra en það inniheldur bréf dagsett 19. janúar 2000. Ekki kemur fram hver ritar en þar kemur fram að um sé að ræða „Trúnaðarmál aðeins fyrir ÞO“ og fjallað er um að rætt hafi verið við „ÁG“ sem hefði verið yfirmaður rannsóknardeildar í Kópavogi. Fjallað er um lán á myndum til eftirtöku vegna rannsóknar og handtöku „ML“.

---

<sup>82</sup> Skjalahylkið er merkt Ríkislögreglustjórinn (RLS) 2009, D-Gögn Þóris Oddsonar, D/1.

## 17.12. Meðferð ákærvalds vegna endurupptökubeiðna

Í fyrri hluta þessarar skýrslu hefur verið vísað til ákvarðana Hæstaréttar vegna þriggja endurupptökubeiðna sem teknar hafa verið til úrlausnar í tengslum við Guðmundar- og Geirfinnsmál. Af þeim þremur hlaut fyrri endurupptökubeiðni Sævars ítarlegustu umfjöllunina.

Í umsögn sinni um greinagerð talsmanns Sævars taldi ákærvaldið ekki ástæðu til að taka til greina neina þeirra röksemda fyrir endurupptökubeiðni Sævars sem talsmaður hans, Ragnar Aðalsteinsson hrl. færði fram. Taldi settur ríkissaksóknari að ekki væru til staðar atriði sem kæmu til álita sem forsenda fyrir endurupptöku málsins samkvæmt 184. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Hæstiréttur taldi hins vegar að nokkur atriði kæmu til skoðunar sem slík, þ. á m. atriði sem settur ríkissaksóknari taldi „fráleitt“ að 184. gr. laganna tæki til.

Hæstiréttur óskar umsagnar ákærvalds vegna beiðna um endurupptöku dæmdra sakamála. Rétturinn óskar umsagna í þeim tilgangi að fá fram afstöðu ákærvaldsins til röksemda sem fram koma í beiðni um endurupptöku áður en rétturinn tekur ákvörðun um viðkomandi beiðni. Ákærvaldinu ber að gæta sanngirni og hlutleysis og stuðla að því að hið sanna og rétta komi í ljós.

Starfshópurinn telur rétt að nefna að Ragnar H. Hall hrl. var settur ríkissaksóknari vegna fyrri endurupptökubeiðni Sævars. Var það vegna þess að Hallvarður Einvarðsson þáverandi ríkissaksóknari vék sæti, sbr. 30. gr. laga um meðferð opinberra mála.<sup>83</sup> Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum frá embætti ríkissaksóknara er ljóst að settur ríkissaksóknari hafi, þann 13. maí 1996, á meðan málið var til meðferðar hjá Hæstarétti, sent Hallvarði Einvarðssyni ríkissaksóknara ýmis bréf er tengdust endurupptökumálinu, „til fróðleiks.“ Með þeim fylgdi svohljóðandi orðsending „Ég vænti þess að þessi bréf skýri sig sjálf. Kveðja Ragnar“. Meðal þeirra gagna sem lágu með orðsendingunni voru bréf talsmanns Sævars til setts saksóknara vegna málsins og tillaga setts ríkissaksóknara til Hæstaréttar, dagsett 12. desember 1995, um að beiðni Sævars um endurupptöku verði hafnað ásamt rökstuðningi ákærvaldsins fyrir þeirri niðurstöðu.

---

<sup>83</sup> Greinin kveður á um að ríkissaksóknari skuli víkja sæti, þegar hann er svo við málsefni eða aðila riðinn að hætta er á að hann fái ekki við útgáfu ákæru eða önnur störf samkvæmt lögnum litið óhlutdrægt á málavöxtu.

## 18. Almennt um rannsókn lögreglu vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálanna

Rannsókn lögreglu, bæði vegna hvarfs Guðmundar og Geirfinns, var vandkvæðum bundin frá upphafi. Má þar helst nefna að lögreglan hafði engin lík til að rannsaka og þannig gátu t.d. áverkar ekki gefið lögreglunni vísbendingar um hvað hefði gerst. Þá hóf lögreglan ekki sakamálarannsókn í Reykjavík fyrr en tæplega tveimur árum eftir hvarf Guðmundar og rúmlega einu ári eftir hvarf Geirfinns. Lögreglan hafði því ekki vettvang til að rannsaka fyrr en löngu eftir meinta atburði. Líkur á því að finna ummerki brots sem gætu gagnast í málinu með þeim möguleikum sem tæknirannsóknir buðu upp á voru því litlar. Þá voru ekki heldur til staðar áþreifanleg sönnunargögn sem komu að gagni.<sup>84</sup>

Af þessu leiðir að sakamálarannsókn lögreglu í máluum byggði nær eingöngu á upplýsingaöflun. Vinna við þá upplýsingaöflun ber þess ótvíræð merki að lögreglan hafði ekkert fast í hendi til að byggja á annað en þá framburði sem komu fram við rannsókn málanna.<sup>85</sup>

---

<sup>84</sup> Í báðum máluum voru ýmsir hlutir sendir til tæknirannsóknar hjá rannsóknar-lögreglunni í Wiesbaden í Þýskalandi. Ekkert kom út úr þeim tæknirannsóknunum sem gat stutt rannsóknartilgátu lögreglunnar eða varpað ljósi á málsatvik með óyggjandi hætti.

<sup>85</sup> Það sem helst var talið styrkja játningar í Geirfinnsmáli var: Vitnisburður fyrrum samstarfsstúlku Erlu um að Erla hefði skýrt frá dvöl sinni í mannlausu húsi í Keflavík um þær mundir sem Geirfinnur hvarf; Framburður vitnis um að hafa ekið Erlu kápulausri frá Keflavík að Grindavíkurafluggjaraanum ásamt sakbendingu þar sem hann bar kennsl á Erlu. Fyrir dómi sagði vitnið það hafi tekið stúlkuna upp í við afleggjara að Keflavíkurflugvelli en við nánari umhugsun teldi hann þetta hafa gerst vestast á Hafnargötu í Keflavík. Einnig var framburður þess fyrir dómi í nokkrum atriðum á annan veg en hjá lögreglu, einkum varðandi dagsetningar og hverrar tegundar bifreiðin hafi verið; Þá var vitnisburður manns, sem þekkti Erlu ekki í sakbendingu, um að hann hefði ekið Erlu frá Grindavíkurafluggjara til Hafnarfjarðar talinn styrkja framburði; Minnisbók Guðjóns þótti styðja framburði; Sævar mundi töluna 31 úr símanúmeri Geirfinns; Tvö vitni, kunningjar Kristjáns Viðars, báru að komið hefði verið að kvöldlagi um það leyti er Geirfinnur hvarf til að sækja Kristján Viðar. Annað vitnið kvaðst hafa séð Kristján Viðar halda út á Vatnsstíg en vitnið dró þann framburð til baka í tengslum við fyrri endurupptökubeiðni Sævars; Vitnisburður manns sem Sævar og Erla hittu á Kjarvalsstöðum, sem sagðist minnst þess að Sævar hafi látið þau orð falla að hann væri að fara til Keflavíkur, a.m.k. hefði hann sagt það einhvern tíma við vitnið um þessar mundir.

Í Guðmundarmáli þótti helst styrkja játningar sakbörninganna að: Tvö vitni báru að hafa séð Kristján Viðar á gangi með Guðmundi nóttina sem hann hvarf, þau drógu vitnisburðinn til baka í fyrri endurupptökumáli Sævars; Blóðdropar á jakka Kristjáns Viðars voru í blóðflokki sem gat verið blóðflokkur Guðmundar en það lá ekki fyrir með óyggjandi hætti; Þá bar vitni að það hefði séð blóðbletti víðs vegar að Hamarsbraut 11 um mánaðamótin janúar og febrúar 1974.

Eftirfarandi eru dæmi um veikleika á sakamálarannsókn lögreglu:

- Dómfelldu breyttu öll framburði sínum ítrekað og í veigamiklum atriðum.
- Eftir því sem starfshópurinn kemst næst hefur enginn setið lengur í gæsluvarðhaldi á Íslandi en þeir sem sættu lengsta varðhaldinu vegna rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmála.
- Allar tilraunir lögreglunnar til að hafa uppi á áþreifanlegum sönnunargöngum, svo sem úlpu, skóflu og hnífi voru árangurslausar.
- Það sama á við um leit að ummerkjum um refsivert athæfi á Hamarsbraut 11, Grettisgötu 82, í Dráttarbrautinni í Keflavík og bifreiðum.
- Lögreglan leitaði enn líkamsleifa Guðmundar og Geirfinns í húsgarði í Reykjavík eftir að dómur féll í héraði þar sem sannað þótti að lík Geirfinns hefði verið grafið í Rauðhólum. Áður hafði verið leitað í Rauðhólum, á Álftanesi, í Hafnarfjarðarhrauni, í kirkjugörðunum í Fossvogi og í Hafnarfirði, í Grafningi og víðar.
- Seint í rannsókninni komu í ljós veigamikil atriði svo sem að síminn á Hamarsbraut var lokaður kvöldið sem Guðmundur hvarf og því var ómögulegt að hringja í Albert þaðan, auk þess sem nýr aðili bættist við atburðarásina í mars 1977, þ.e. 14 mánuðum eftir að flestir aðrir sakborningar voru handteknir.
- Ekki kom í ljós fyrr en eftir að fjórmeningarnir höfðu setið í gæsluvarðhaldi í rúma þrjá mánuði að rannsóknartilgáta lögreglunnar um aðkomu þeirra að Geirfinnsmálinu var ekki á rökum reist.
- Kallaður var til erlendum ráðgjafi við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála, þegar þó nokkuð var liðið á rannsóknina.
- Samkvæmt lögregluskýrslum gekk lögreglan úr skugga um að upplýsingar um afdrif Geirfinns sem komu fram frá sjáendum eða berdreymnu fólki væru réttar.<sup>86</sup>

Sjá má á gögnum málsins, nánar tiltekið skýrslum rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík frá því í október 1975, að tilgáta um ákveðna atburðarás í Geirfinnsmáli var komin fram áður en dómfelldu voru fyrst yfirheyrð.

Rannsóknartilgátur lögreglu bárust á milli sakborninga í einangrun á meðan rannsókn stóð, m.a. með því að:

---

<sup>86</sup> Dæmi um þetta má sjá í upplýsingaskýrslu RLR dagsett 28. ágúst 1979 undirrituð af Nirði Snæhólmi rannsóknarlögreglumanni. Í skýrslunni segir frá því að hann hafi samkvæmt fyrirmælum rannsóknarlögreglustjóra sótt konu sem teldi sig vita um verustað Geirfinns. Sagðist konan vera mjög berdreymin og hefði dreymt Geirfinn eftir hvarf hans. Þá segir í upplýsingaskýrslu lögreglumannsins frá því að hann hefði farið með konuna til Keflavíkur og farið þar um en konan hefði ekki fundið staðinn sem hún taldi Geirfinn vera að finna.

- Framburður annarra sakborninga var borinn undir þann sem var yfirheyrður.<sup>87</sup>
- Framburður annarra sakborninga kom fram við samprófanir á tíma rannsóknar málsins.<sup>88</sup>
- Upplýsingar um rannsóknartilgátu bárust til sakborninga með fangavörðum.<sup>89</sup>
- Framburður annarra sakborninga barst á milli sakborninga með beinum spurningum lögreglu við yfirheyrslur um ákveðna atburðarás.<sup>90</sup>

Í þessum kafla verður fjallað ítarlega um framburði dómfelldu sem rannsókn lögreglu og ákæra ríkissaksóknara byggðu á.

## 18.1. Yfirheyrslur, framburðir og viðtöl við sakborninga við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna

Skýrslur sem ekki eru hluti ágripsins bætast hér við umfjöllunina auk upplýsinga um yfirheyrslur eða viðtöl lögreglu við sakborninga samkvæmt fangelsisdagbókum. Umfjöllun miðast sem fyrr við hvert hinna dómfelldu. Stuðst er við heildaryfirlit sem tekið var saman við gerð þessarar skýrslu. Umfjöllun um þá aðstoð sem sakborningar nutu frá lögmonnum sínum er að finna í 19. kafla þessarar skýrslu um sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburða.

Það athugast að í upptalningu geta verið um að ræða stutt viðtöl og hefur komið fram t.d. við rannsókn Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara, að rannsakendur hafi stundum litið við hjá sakborningum til

<sup>87</sup> Dæmi um þetta má sjá á skýrslu frá 22. desember 1975, af Sævari, en um er að ræða skýrslutöku af honum vegna Guðmundarmálsins. Í skýrslunni kemur fram að framburður Erlu hafi verið borinn undir Sævar. Sjá nánar í kafla 18.1.2. hér á eftir.

<sup>88</sup> Dæmi um þetta sést á samprófun Sævars og Alberts þann 30. apríl fyrir lögreglu. Samkvæmt skýrslu hélt Albert fast í fyrri framburð og rakti fyrir Sævari atburðarásina frá því Sævar hafði hringt í hann aðfaranótt 27. janúar 1974. Sævar sagði þetta ósannindi.

<sup>89</sup> Dæmi um þetta kemur fram í skýrslu Láru V. Júlíusdóttur, setts saksóknara, en þar er haft eftir Valdimar Olsen á blaðsíðu 93: „Það var í eitt skipti að hann [Valdimar] bað um að fá að ræða við réttargæslumann sinn, Jón Gunnar Zoëga, og reyndar hefði sá réttur verið sérstaklega tekinn fram við hann af hálfu rannsóknaraðila. Þá kom yfirfangavörðurinn í Síðumúlafangelsi inn á klefa til hans og vildi vita hvað hann vildi lögmanninum. Við það tækifæri benti hann Valdimar á að játa að hann hefði verið „suður með sjó“ eða eitthvað í þeim dúr. Þetta orðalag datt upp úr Valdimar í næstu yfirheyrslu. Töldu þá yfirheyrendur það benda eindregið til sektar hans en þegar hið sanna kom í ljós fór Sigurbjörn Víðir fram og fékk þetta staðfest hjá yfirfangaverðinum. Valdimar sagði að þetta hefði verið það eina sem hann komst að með óbeinum hætti hvað væri að gerast í málinu. Hann hafði þó einhverju hugmynd um hverjir aðrir höfðu verið handteknir en gat ekki tengt það neinu sérstöku atviki.“

<sup>90</sup> Dæmi um slíkt sést á skýrslu frá 12. nóvember 1976 af Guðjóni Skarphéðinssyni en um er að ræða fyrstu yfirheyrsluskýrsluna af Guðjóni eftir að hann var handtekinn og færður í gæsluvarðhald haustið 1976. Sjá nánar í umfjöllun um Guðjón í kafla 18.1.6. hér á eftir.

Þess að sjá hvernig þeir hefðu það en ekki til að ræða um rannsókn málsins. Líklegt er að það útskýri einstakar færslur í fangelsisdagbók um stuttar heimsóknir lögreglu á klefa sakborninga.

Þá kom fram í viðtölum starfshópsins við lögreglumenn sem unnu við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna og við lögreglumenn sem ekki unnu við rannsókn þessara mála en voru rannsóknarlögreglumenn á þessum árum að það hefði ekki verið almennt að yfirheyrt hefði verið á nóttinni, það hefði þá mikið þurft að liggja við. Það hefði hins vegar verið nokkuð algengt að yfirheyrt hafi verið vegna sakamála fram á kvöld. Ekki verður séð að brún nauðsyn hafi legið fyrir því að yfirheyra sakborninga á nóttinni í þessum sakamálum svo löngu eftir þá atburði sem voru til rannsóknar.

Hér verður fjallað um rannsókn og yfirheyrslur yfir hverjum og einum hinna dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum og í þeirri röð sem lögreglan yfirheyrdi þau fyrst. Sú umfjöllun sem kemur fram í sérstökum gráum dálkum varðar aðgerðir gagnvart dómfelldu sem koma fram í fangelsisdagbókum en engin önnur fyrirbyggjandi gögn fjalla um.

#### 18.1.1. Erla Bolladóttir

Erla Bolladóttir sætti gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi frá 13. desember 1975 vegna gruns um aðild að svokölluðu póstsvikamáli. Meðal rannsakenda þess voru Sigurbjörn Víðir Eggertsson og Eggert N. Bjarnason rannsóknarlögreglumenn.

*Þann 17. desember 1975 er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að tveir lögreglumenn hafi tekið Erlu til viðtals klukkan 11:15. Klukkan 16:30 er skráð að Erla fari inn á sinn klefa eftir langt og strangt viðtal. Klukkan 21:40 er svo skráð að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Erlu til yfirheyrslu, Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, komið klukkan 23:05 og „blandað sér í yfirheyrslu sem fyrir var“. Lok yfirheyrslunnar eru ekki skráð en Sigurbjörn Víðir og Örn fóru úr fangelsinu klukkan 00:35.*

*Þann 18. desember tóku tveir lögreglumenn Erlu til viðtals þann 18. desember 13:00-22:30. Er einnig skráð að Örn Höskuldsson hafi komið klukkan 22:05 og tekið við yfirheyrslunni í smá stund. Klukkan 20:00 er skráð „yfirheyrsla ennþá yfir Erlu og hefur staðið hvíldarlítið síðan í morgun.“<sup>91</sup>*

<sup>91</sup> Samkvæmt gögnum póstsvikamáls voru einungis teknar tvær lögregluskýrslur af Erlu, önnur 13. desember 1975 klukkan 14:55-16:23 og hin 18. desember klukkan 13:00-19:30.

*Þann 19. desember er skráð í fangelsisdagbók að klukkan 11:00 hafi tveir lögreglumenn komið til að tala við Erlu. Ekki er skráð hvenær því viðtali lauk. Þennan sama dag er skráð klukkan 12:45-14:30 að einn rannsakenda hafi tekið Erlu til yfirheyrslu. Klukkan 14:30-18:55 fara rannsóknarlögreglu- maður og Örn Höskuldsson með Erlu í sakadóm. Síðasta færslan í fangelsisdagbók vegna aðgerða lögreglu gagnvart Erlu þann 19. desember er skráð klukkan 19:45-21:30 er tveir lögreglumenn tóku Erlu til yfirheyrslu.*

Sú lögregluskýrsla sem virðist marka *upphaf rannsóknar á hvarfi Guðmundar Einarssonar* sem sakamáls og lögð var fyrir dóm, var tekin af Erlu Bolladóttur þann 20. desember 1975. Tilgreint tilefni skýrslutökunnar er að „rannsóknarlögreglunni hafi borist til eyrna að sambýlismaður Erlu gæti hugsanlega verið viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar aðfararnótt 27. janúar 1974.“ Skýrslutakan hófst klukkan 09:30 og stóð til 16:35 og naut Erla þar réttarstöðu vitnis. Í upphafi skýrslunnar er skráð að Erlu hafi verið gerð ljós vitnaskyldan og þar með að henni væri ekki skylt að bera vitni, þar sem vitnisburður hennar kynni að verða gegn sambýlismanni hennar Sævari.

Samkvæmt skýrslunni greindi Erla í aðalatriðum frá kvöldi 26. janúar 1974, og aðfararnótt þess 27. Erla hefði farið á dansleik í Klúbbnum ein síns liðs þann 26. janúar 1974. Dagsetninguna byggði hún á daga- tali frá 1974, en hún myndi eftir að hafa farið á dansleik rétt fyrir mán- aðamót janúar/febrúar 1974. Samkvæmt skýrslunni sagðist Erla hafa komið ein heim þetta kvöld. Áður en hún hefði farið heim og fyrir utan Klúbbinn hefði hún hitt kunningjakonu sína, sem hefði verið á gamalli Mercedes Benz bifreið. Með henni hefði verið unnusti hennar, ökumaður bifreiðarinnar, og einhverjir tveir strákar. Engan þeirra hefði Erla þekkt, en þau öll verið ölvuð nema ökumaðurinn. Segist Erla samkvæmt skýrslunni hafa bragðað áfengi en ekki verið full. Sambúðin með Sævari hafi verið stíð og hann stundum að heiman sólahringunum saman. Þar sem Erla hefði verið ein og ekki átt neina peninga hefði hún gefið sig á tal við kunningjakonu sína til að fá far heim í Hafnarfjörð. Áður hefðu þau þó farið í partý í húsi ekki langt frá Klúbbnum og svo ekið Erlu heim. Að sögn Erlu hefði ekki verið farin venjuleg leið til Hafnarfjarðar, heldur önnur leið þar sem væri lítil byggð. Samkvæmt skýrslunni lýsti Erla þessu næst húsakynnum að Hamarsbraut 11 og nokkuð nákvæmlega hver aðkoman þar hefði verið umrætt kvöld er hún hefði komið heim, hvaða dyr hefði verið opnar, hvaða dyr lokaðar o.s.frv. Sagðist Erla gera ráð fyrir að hún hefði komið heim um klukkan 03:30-04:00, þó hún væri ekki viss.

*Erla sætti gæsluvarðhaldi vegna póstsvikamáls þegar yfirheyrslur vegna gruns um aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar hófust þann 20.12.1975.*

Tímasetninguna byggði hún á útreikningum á því hvenær dansleiknum hefði lokið þ.e. klukkan 02:00.

Hvergi hefði verið ljós í kjallaraíbúðinni að Hamarsbraut, að sögn Erlu, eftir að hún hefði komið heim. Erla greindi frá því að þau Sævar hafi einungis haft til afnota einn lykil að íbúðinni og Sævar hafi verið með hann umrætt kvöld. Erla hafi því skriðið inn um gluggann í kyndi- og þvottaherberginu, en slíkt gerðu þau oft. Dyrnar úr kyndi- og þvottaherberginu fram á ganginn hefðu verið lokaðar, aftur á móti hefðu dyrnar úr sama herbergi inn í geymsluherbergið innar verið opnar, enda myndi Erla ekki fyrir víst hvort í þeim hefði verið hurð. Erla sagðist samkvæmt skýrslunni ekki hafa kveikt ljós fyrir en hún hefði komið í svefnherbergið, en úr kyndi- og þvottaherberginu hefði hún farið inn ganginn í íbúðinni og þangað inn í stofuna. Hélt Erla að dyrnar af ganginum inn í stofuna hafi verið lokaðar a.m.k. hefði Erla fyrir sið að hafa hana svoleiðis. Þetta myni hún þó ekki fyrir víst. Dyrnar úr stofunni inn í svefnherbergið voru einnig lokaðar en það var aftur á móti óvenjulegt og sagðist hún samkvæmt skýrslunni viss um að þær hafi verið opnar þegar hún hefði farið úr íbúðinni morguninn áður. Þannig hlyti einhver að hafa komið inn í íbúðina í fjarveru Erlu. Nefndi Erla í skýrslunni einnig sykurpoka sem hefði verið í íbúðinni og að úr honum hafi hellst, en þannig hefði pokinn ekki verið fyrir um daginn. Sagðist Erla samkvæmt skýrslunni hafa verið þreytt og farið beint að sofa. Hún hafi veitt því eftirtekt að lakið hafi vantað á rúmið þegar hún fór að sofa. Hún hafi sofnað í öllum fötunum og hafi vaknað eftir að hún taldi sig hafa sofið mjög stutt. Orsökina hafi verið eitthvað þrusk að hún hélt fyrir utan herbergisgluggan. Sofnaði Erla svo aftur en vaknaði á ný stuttu síðar og heyrði þá umgang. Sagði Erla í skýrslunni að þar hafi verið um fleiri en einn að ræða og að líkt og eitthvað þungt væri borið. Hefði Erla þá farið fram úr rúminu og inn í hitt herbergið, en dyrnar úr stofunni voru þá opnar en hún hafði örugglega lokað þeim áður en hún fór að sofa. Hún sagðist ekki hafa gert vart við sig eða kveikt ljós. Sagðist Erla hafa þekkt rödd Sævars og Kristjáns Viðars, kunningja hans, auk þess heyrðist henni vera þriðji maður í íbúðinni. Lýsti Erla þessu öllu frekar nákvæmlega í skýrslunni, segist svo hafa séð Sævar, Kristján Viðar og þriðja manninn hvar sem þeir voru að bagsa við eitthvað stórt og þungt í lakinu hennar. Sagðist hún þess fullviss í skýrslunni að í lakinu hafi verið mannlíkami. Erla lýsti þessu næst ýmsum smáatriðum, þar á meðal bleytubletti hjá sitjanda mannsins í lakinu, saurlykt sem hafi verið, stöðu mannanna þriggja og fleira. Tók Erla loks fram að hún hafi ekki orðið vör við neina bifreið úti þegar hún kom heim.



Skýrslutaka af Erlu fyrir dómi fór fram þennan sama dag klukkan 17:03-17:29. Í dómskýrslu kemur fram að Erla hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og er framburður hennar í samræmi við lögregluskýrslu sem lögð var fyrir dóminn. Er þar um að ræða lögregluskýrsluna frá því fyrir um daginn en hana staðfesti Erla fyrir dómi. Erlu var í kjölfarið sleppt úr gæsluvarðhaldi en Erla hafði frá 13. desember 1975 sætt gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að svokölluðu póstsvikamáli. Samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu, sem tilheyra því máli, játaði Erla aðild sína að póstsvikamálinu þann 18. desember í yfirheyrslu sem samkvæmt tímaskráningu í skýrslunni varði frá 13:00-19:30.

*20.12.1975 var Erlu sleppt úr gæsluvarðhaldi, sem hún hafði sætt frá 13. desember vegna póstsvikamáls.*

**1976** Varðandi upphaf bæði Guðmundar- og Geirfinnsmálanna ber að nefna sérstaklega upplýsingaskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar, rannsóknarlögreglumanns, 10. mars 1976. Í framhaldi af stuttri umfjöllun um aðdraganda lögreglu-rannsóknar á póstsvikamálinu segir orðrétt um upphaf *Guðmundarmálsins*:

*Lögreglan í Keflavík afhenti ríkissaksóknara gögn Geirfinnsmáls 5.1. og með formlegum hætti 8.1.1976.*

*„Þá kom fram, að Sævar M. Ciesielski og fleiri aðilar myndu viðriðnir hvarf ungs manns í Hafnarfirði rétt eftir áramót 1973-74. Í framhaldi af því voru fleiri aðilar, þeir Tryggvi Rúnar Leifsson, Albert Klahn Skaftason og Kristján Viðar Viðarsson úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Þeir viðurkenndu aðild sína að hvarfi unga mannsins og skömmu fyrir jól var Erla Bolladóttir látin laus.“*

Nákvæmari upplýsingar um upphaf *Guðmundarmálsins* er ekki að finna á meðal þeirra gagna sem skýrsluhöfundar hafa undir höndum, nánar tiltekið hvaðan lögreglan fékk þær upplýsingar að Sævar og fleiri aðilar væru viðriðnir hvarf Guðmundar Einarssonar eða hvers eðlis þær upplýsingar voru.

Eftirfarandi segir um upphaf *Geirfinnsmálsins* í fyrrnefndri skýrslu Eggerts N. Bjarnasonar:

*„Nú um miðjan janúar tjáði Erla Bolladóttir okkur, það er mér undirrituðum, Sigurbirni Víði Eggertssyni rannsóknarlögreglumanni og Erni Höskuldssyni fulltrúa yfirsakadómara, að hún yrði fyrir ónæði af símhringingum, og hún væri hrædd. Af því tilefni mætti Erla Bolladóttir til viðtals við þá Örn Höskuldsson og Sigurbjörn Víði Eggertsson að kvöldi þess 21. janúar í fangelsinu að Síðumúla. Þar skýrði hún frá því að nokkrum sinnum hafi verið undanfarna daga og nætur hringt í síma móður hennar, en Erla Bolladóttir dvaldi og dvelur nú hjá móður sinni að Stóragerði 29, en enginn talaði*

*Yfirheyrslur yfir Erlu vegna Geirfinnsmáls hófust 21.1.1976 samkvæmt gögnum málsins.*

*í símann, er hún svaraði. Þó virtist sem einhver væri í símanum hinumegin og einu sinni sagði Erla, að talað hefði verið og þá hefði verið karlmaður, sem óbeinlínis hefði haft í hótunum við hana. Maðurinn hafði spurt hvort Erlu fyndist hún ekki vera búin að gera nóg og benti henni á að vara sig, en sagði, að þó væri henni óhætt fram að ákveðnum mánaðardegi. Systir Erlu Bolladóttur, sem búsett er á Havaii, dvaldi hjá móður þeirra um þessar mundir, en ætlaði af landi brott þennan tiltekna mánaðardag. Erla taldi fremur ósennilegt að einhver ókunnugur fjölskyldunni myndi benda á þennan ákveðna dag. Þeir Örn Höskuldsson og Sigurbjörn Víðir Eggertsson margspurðu Erlu um það hvern eða hverja hún teldi sig vera svona hrædda við. Hún nefndi þá nöfn þriggja manna, þeirra Einars Bollasonar bróður hennar, Sigurbjörns Eiríkssonar og Jóns Ragnarssonar. Þegar Erla Bolladóttir var spurð hvers vegna hún væri hrædd við þessa menn, þá sagði hún það vera í sambandi við hið svokallaða „Geirfinnsmál“. Nánar spurð um það atriði, þá skýrði hún frá vitneskju sinni um það mál og var tekin af Erlu Bolladóttur um það skrifleg skýrsla þann 23. janúar. Á sama tíma og Erla skýrði frá þessu, en áður en af henni var tekin skrifleg skýrsla, þá talaði ég við Sævar M. Ciesielski. Ég tjáði honum, að Erla væri hrædd við einhverja aðila, en gaf honum á engan hátt í skyn hver, eða hverjir það væru. Sævar sagðist þá halda, að Erla myndi hrædd við ákveðna menn og taldi upp þá sömu og Erla hafði nafngreint. Þá sagði Sævar að þetta væri allt í sambandi við „Geirfinnsmálið“ og skýrði frá því á mjög svo sama veg og Erla gerði. Í framhaldi af þessu var tekin skrifleg skýrsla af Sævari og síðan Erlu næsta dag. Þá hafði komið fram, að Kristján Viðar Viðarsson væri við það mál riðinn og var því einnig tekin af honum skýrsla“.<sup>92</sup>*

Samkvæmt þessari skýrslu Eggerts virðist framburður Erlu Bolladóttur frá miðjum janúar og svo 21. janúar 1976 marka upphaf rannsóknar á hvarfi Geirfinns Einarssonar hjá lögreglunni í Reykjavík.

Meðal gagna lögreglunnar eru handskrifaðir minnispunktar, dagsettir 21. janúar 1976, varðandi framburð Erlu Bolladóttur í tengslum við Keflavíkurferð. Í minnispunktunum er til dæmis að finna lýsingu á bifreið sem ekið var til Keflavíkur, fjörunni í Keflavík og að Sævar og

---

<sup>92</sup> Um yfirheyrslur vegna málsins kemur fram í skýrslu Eggerts að á tímabilinu frá 20. janúar til 10. mars 1976 hafi „þessir sjö aðilar“ samtals verið til munnlegrar eða skriflegrar yfirheyrslu 110 sinnum, mismunandi lengi hverju sinni.

Erla hefðu ákveðið að Erla skyldi fara til Kaupmannahafnar. Formlega skýrslu vegna yfirheyrslu yfir Erlu frá 21. janúar 1976 er ekki meðal þeirra gagna sem starfshópurinn hefur undir höndum.

Þann 23. janúar var tekin skýrsla af Erlu hjá lögreglu sem vitni. Yfirheyrslan hófst klukkan 10:30 og lauk klukkan 13:30. Erla greindi frá atburðum þeim er ætlað er að hafi átt sér stað þann 19. nóvember 1974. Í framburði Erlu kom fram að lagt hafi verið af stað til Keflavíkur frá skemmtistaðnum Klúbbnum. Í Keflavík hafi verið fyrir fjöldi manna og bifreiðar niður við sjó, þar á meðal bifreið föður hennar. Erla sagðist samkvæmt skýrslunni muna eftir stórri ljósri sendibifreið og trillubát. Hún hefði séð sjö menn í flæðarmálinu, þ. á m. Sævar, Kristján Viðar, Einar Bollason og Magnús Leópoldsson. Erla sagðist hafa orðið hrædd, hlupið á brott og fundið felustað. Hún sagðist ekki gera sér grein fyrir hversu lengi hún hafi dvalist á felustaðnum en það hafi verið einhverjar klukkustundir. Hún hafi svo yfirgefið staðinn eftir að hún varð vör við að einhver umferð var orðin og fengið far í bæinn með Moskovich bifreið sem fullorðinn maður hefði ekið. Hann hefði verið Eyjamaður sem hefði flutt í land eftir gos. Hún hefði farið úr bílnum við Grindavíkurafleggjarann og fengið far með vörubifreið til Hafnarfjarðar. Þaðan hefði Erla tekið almenningsvagn heim til sín. Sagði Erla undir lok yfirheyrslunnar að hún og Sævar hefðu aldrei talað beinlínis um ferðina til Keflavíkur.

*Þann 23. janúar 1976 er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að klukkan 10:10 hafi lögreglumaður farið úr fangelsinu og sótt Erlu. Klukkan 10:25 hafi lögreglumaðurinn komið með Erlu til yfirheyrslu í Síðumúlafangelsi en farið með hana heim að því loknu klukkan 13:30.*

*26.1.1976 klukkan 06:00, voru Einar Bollason, Magnús Leópoldsson og Valdimar Olsen handteknir og færðir í Síðumúlafangelsi.*

Þann 3. febrúar mætti Erla til skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni. Skýrslutaka hófst klukkan 14:05 en ekki kemur fram hvenær henni lauk. Erla endurtók fyrri framburð um bílferð til Keflavíkur frá Klúbbnum og að Magnús hefði ekið. Erla sagði samkvæmt skýrslunni frá því að stoppað hefði verið við Vatnsstíg á leiðinni þar sem Kristján Viðar hefði komið inn í bílinn. Í skýrslunni kemur fram að Erla hafi þegar farið með rannsakendum til Keflavíkur og skoðað staðhætti. Í Keflavík hefði hún þekkt stað þann sem hún sá mennina og vélbátinn við bryggju. Henni var tjáð að þar væri um að ræða Dráttarbrautina í Keflavík. Frekari upplýsingar um ferð rannsakenda með Erlu til Keflavíkur er ekki að finna meðal gagna málsins. Erla nefndi í skýrslunni 3. febrúar Einar Bollason, Valdimar Olsen og eldri mann. Eftir að Erlu hafði verið sýnd mynd af Sigurbirni Eiríkssyni fannst henni samkvæmt skýrslunni „eldri maðurinn“ hafa getað verið Sigurbjörn. Voru Erlu sýndar myndir af nokkrum karlmönnum og sagðist hún viss um

að einn þeirra hefði verið á bryggjunni og samkvæmt skýrslunni reyndist það vera mynd af Geirfinni Einarssyni.<sup>93</sup>

Í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar rannsóknarlögreglumanns vegna rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmálanna er skráð undir dagsetningunni 4. febrúar 1976: „Þá hefur verið talað við Erlu um þetta mál, [...]“ og kemur m.a. fram að Erla hafi staðfest það sem Sævar hefði sagt sama dag.

Þann 11. febrúar mætti Erla til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni og voru sýndar myndir af 16 mönnum sem lögreglan taldi hugsanlegt að hefðu verið viðriðnir atburðina í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974. Skýrslutaka hófst klukkan 10:50 og lauk klukkan 11:07. Erla sagðist samkvæmt skýrslunni þekkja eða kannast við 9 menn á ljósmyndunum, þar á meðal Magnús Leópoldsson, Einar Bollason, Sigurbjörn Eiríksson, Valdimar Olsen og Geirfinn Einarsson.

*Þann 11.2.1976 var  
Sigurbjörn Eiríksson  
handtekinn vegna  
Geirfinnsmáls.*

Í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar um rannsókn á Guðmundar- og Geirfinnsmálunum er skráð þann 12. febrúar 1976 að Magnús Magnússon og Sigurbjörn Víðir muni sýna Erlu Bolladóttur fleiri ljósmyndir en henni hafi verið sýndar ef hún skyldi kannast við einhverja þar, í sambandi við þá menn sem hefðu verið í Keflavík. Í yfirlitsskýrslunni kemur einnig fram að 1. mars hafi Sigurbjörn Víðir enn einu sinni rætt við Erlu Bolladóttur, en hún haldið sem fyrr fast við sína framburði. Þetta kemur heim og saman við handskrifaða minnispunkta sem fundust meðal gagna lögreglu.

Samprófun Erlu og Einars Bollasonar fór fram 3. mars í Síðumúlafangelsi. Samprófun hófst klukkan 23:35 og lauk 23:45. Fram kemur í skýrslu vegna samprófunarinnar að lögmaður Einars hafi verið viðstaddur yfirheyrsluna og samprófunina en Erla og Einar héldu bæði fast í fyrri framburði sína.

Vettvangsferð rannsakenda með Erlu er nefnd í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar um rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna. Í yfirlitsskýrslunni kemur fram að eftir hádegi 3. mars hafi Örn Höskuldsson og Sigurbjörn Víðir farið með Erlu Bolladóttur til að kanna aðstæður fyrir sunnan Hafnarfjörð. Meðal gagna lögreglu fundust handskrifaðir minnispunktar, dagsettir 3. mars, þar sem vettvangsferðin var nefnd.

---

<sup>93</sup> Byrjað var að lýsa eftir Geirfinni Einarssyni 20. nóvember 1974 og ítrekað birtar myndir af honum í fjölmiðlum.

*Aðfaranótt 4. mars er skráð í fangelsisdagbók Síðumúla-fangelsis að Erla hafi hringt í fangelsið klukkan 01:15 og spurt um rannsóknarmenn, en þeir farnir.*

Í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar kemur fram að föstudaginn 5. mars hafi Eggert og Sigurbjörn Víðir farið með Erlu suður fyrir Hafnarfjörð. Erla benti samkvæmt skýrslunni á hraungjótu skammt frá Krýsuvíkurvegi sem hún taldi mögulegt, að eitthvað hefði verið sett í. Í þeirri gjótu var leitað sunnudaginn 7. mars: „Grafið í hana og leitað eins og hægt var, en án árangurs.“

Þann 30. mars mætti Erla til skýrslutöku fyrir dómi hjá Erni Höskuldsyni. Fram kemur í dómskýrslu að Erla, sem þá hafði stöðu vitnis, hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn. Erla greindi frá því að ferðin til Keflavíkur hafi verið farin stuttu áður en hún og Sævar hefðu farið til Kaupmannahafnar. Skýrsla Erlu hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar var lesin fyrir hana í sakadómi og hún kvað hana rétta en bætti við framburð sinn að komið hefði verið við á Vatnsstíg á leiðinni til Keflavíkur. Þá var skýrsla Erlu hjá rannsóknarlögreglu 19. febrúar lesin upp fyrir hana og hún staðfesti hana með undirskrift.

Samprófun Erlu og Einars Bollasonar fyrir dómi fór fram 7. apríl, klukkan 10:39-11:50. Erlu var samkvæmt skýrslunni bent á að ósamræmi væri á milli framburða hennar og Einars, fyrst og fremst um nærveru hans í Dráttarbrautinni í Keflavík kvöldið 19. nóvember 1974. Erla sagðist þá ekki vera viss um að Einar hefði verið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld, og sagðist Erla ennfremur í vafa um það hvort hún hafi þekkt Einar rétt á sínum tíma í Dráttarbrautinni þar sem á milli þeirra hefðu verið um 5-6 metrar og dimmt. Sagði Erla þessu næst að hún og Einar hefðu verið samprófuð hjá rannsóknarlögreglunni þann 3. mars sl. en þá hafi hún verið í vafa um það að verið væri að samprófa hana með Einari. Sagðist Erla aðspurð ekki hafa verið viss um að um Einar hefði verið að ræða fyrr en hann skrifaði nafn sitt undir skýrslu rannsóknarlögreglunnar, en Erla sagðist þekkja rithönd Einars. Aðspurð sagði Erla að við samprófunina hefði verið um 2-3 metra fjarlægð á milli hennar og Einars. Eftir þetta eða klukkan 11:50, vék Einar úr þinghaldi og Erla var spurð hvort nærvera hans hafi valdið því að hún væri í vafa um að hann hefði verið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld. Erla sagði að nærvera Einars hefði verið þvingandi en sagðist samt enn í vafa um að hann hefði verið þar. Hún kvaðst hins vegar ekki í vafa um að Sævar, Kristján Viðar, Magnús Leópoldsson og Geirfinnur Einarsson hafi verið í Dráttarbrautinni. Enginn hafi sagt sér að Einar hefði verið þar, né hvað segja ætti um ferðina ef þau yrðu spurð.

Daginn eftir, 8. apríl klukkan 14:15-15:03, voru Erla og Magnús Leópoldsson samprófuð fyrir dómi. Í skýrslunni er meðal annars fjallað um sakbendingu þar sem Erla hefði þekkt Magnús úr hópi manna. Magnús sagðist samkvæmt skýrslunni ekki hafa séð Erlu áður og neitaði allri vitneskju um málið. Nánari upplýsingar um sakbendinguna er ekki að finna meðal gagna málsins.

*Þann 3. maí 1976 er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að einn rannsakenda hafði komið með Erlu í fangelsið klukkan 20:30. Virðist Erla hafa verið yfirheyrð til klukkan 23:40 en þá er skráð „yfirheyrslum yfir Erlu lokið og hafði Hallvarður [Einvarðsson] að mestu með þær að gera, fljótlega eftir þetta fer Viðir og Eggert með Erlu heim til sín áður en hún skyldi lokuð inn í klefa.“*

*Klukkan 00:18 aðfararnótt 4. maí er skráð í fangelsisdagbók „Kemur Erla og var þá ákveðið að hún færi á [klefa] 4. Hún var í uppnámi og gerðum við ýmsar ráðstafanir í því sambandi og þótti okkur æskilegt að það yrði leitað betur en við gátum gert. Óskaði Örn Höskuldsson eftir því að við hringdum í Gunnar Guðmundsson [yfirfangavörð] og fengjum fyrir-mæli frá honum hvernig hún skyldi búin undir þessa nótt hjá okkur.“*

Ekki liggja fyrir upplýsingar um ástæðu þess að Erla var handtekin á þessum tímamarki meðal gagna málsins sem starfshópurinn hefur undir höndum.

Þann 4. maí, klukkan 12:40-14:20, var Erla yfirheyrð hjá rannsóknarlögreglu og sagist hún „nú vilja skýra að nýju“ frá aðild sinni að Geirfinnsmálinu. Endurtók hún fyrri framburð um ferðina frá Klúbbnum að Vatnsstíg. Hún greindi frá klæðaburði sínum umrætt kvöld og nefndi bláa kápu í því samhengi. Erla segist nú hafa skotið Geirfinn með riffli sem Sævar hefði rétt henni og útskýrt hvernig ætti að nota á manninn. Erlu hefði síðan tekist að læðast burt og leynast í mannlausu húsi. Eftir þessa skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu mætti Erla fyrir sakadóm og staðfesti framburðinn. Hún var í framhaldinu úrskurðuð í 60 daga gæsluvarðhald.

*Í dagbók Síðumúlafangelsis er skráð 5. maí að Hallvarður og Njörður hafði tekið Erlu og Kristján Viðar í sameiginlegt viðtal klukkan 16:20-17:45. Sama dag er skráð að samprófun á Kristjáni Viðari, Erlu og Sævari hafði farið fram klukkan 21:25-22:50. Klukkan 22:50 hafði Kristján Viðar og Sævar*

*verið færðir á klefa en yfirheyrslu yfir Erlu haldið áfram til 00:30.*

Engar skýrslur um framangreindar samprófanir og/eða aðgerðir lögreglu gagnvart Erlu, Sævari og Kristjáni Viðari, eru fyrirbyggjandi meðal allra þeirra gagna sem starfshópurinn hefur undir höndum.<sup>94</sup>

Næstu daga er skráð 21 færsla í dagbók Síðumúlafangelsis er varða Erlu, þar af eru tvær færslur vegna viðtala fangavörðna við Erlu en engar frekari upplýsingar liggja fyrir vegna þessa:

*Aðfararnótt 6. maí klukkan 02:50, er skráð að fangavörður hafi komið frá því að tala við Erlu góða stund og segði fangavörðurinn að Erla hafi verið orðin hress. Viðtal Hallvarðs Einvarðssonar við Erlu er skráð 6. maí klukkan 21:00-22:40.*

*Sjöunda maí eru fjórar færslur í dagbók Síðumúlafangelsis vegna Erlu. Í fyrsta lagi klukkan 04:30 að fangavörður hafi talað róandi við Erlu góða stund. Í öðru lagi er viðtal Hallvarðs við Erlu sem hófst klukkan 13:10 en ekki er skráð hvenær því lauk. Í þriðja lagi var „Erla tekin til samprófunar við ónefndan“ klukkan 18:00-18:10 og að lokum er skráð samprófun Erlu og Sævars klukkan 18:45-22:10.*

*Þann 8. maí er skráð samprófun Erlu og Einars Bollasonar klukkan 15:15-16:55 og þá er skráð viðtal rannsakenda og Hallvarðs við Erlu, klukkan 19:25-20:15.*

*Tvær færslur eru vegna Erlu í dagbókinni þann 9. maí, hvoru tveggja ferðir rannsakenda á klefa Erlu. Sú fyrri 10:55-12:00 og sú seinni sem hófst klukkan 14:25 en ekki er skráð hvenær lauk.*

*Þann 10. maí er skráð að Hallvarður Einvarðsson hafi „farið inn að tala við Erlu“, klukkan 19:55-20:55.*

<sup>94</sup> Samkvæmt upplýsingum úr harðræðisrannsókn sem gerð var árið 1979 fór fram samprófun Erlu, Kristjáns Viðars og Sævars 5. maí 1976, en eftir rannsóknina þótti sannað að Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður Síðumúlafangelsis, hefði lostið Sævar kinnhest. Í dómi Hæstaréttar frá 22. febrúar 1980 segir m.a. um þetta: „Af gögnum máls verður ráðið, að við samprófun hinna ákærðu Sævars, Kristjáns og Erlu 5. maí 1976 hafi nafngreindur fangavörður lostið ákærða Sævar kinnhest. Um aðdraganda þessa eru skýrslur óljósar, en þær benda til þess, að ákærði Sævar hafi verið æstur og órór við yfirheyrslu þessa“.

*Þann 13. maí er skráð í fangelsisdagbók, klukkan 23:30, að tveir rannsakenda hafi farið úr fangelsinu en annar þeirra hafði þá farið oft inn á klefa 20 og 4 (Erla var í klefa 4 á þessum tíma) til að afla upplýsinga.*

*Þann 14. maí er skráð að Erla og Kristján Viðar hafi verið tekin fram fyrir Hallvarð Einvarðsson og Sigurbjörn Víði klukkan 17:50-18:50.*

*Þann 16. maí klukkan 16:00-16:20 er skráð að Örn Höskuldsson hafi tekið Erlu til viðtals.*

*Þann 17. maí er skráð að Hallvarður og Sigurbjörn Víðir hafi rætt við Erlu klukkan 00:00-00:50.*

*Tvær færslur eru skráðar þann 18. maí vegna aðgerða lögreglu gagnvart Erlu. Í fyrsta lagi viðtal á klefa, líklega klukkan 18:45 en því lauk 19:15 og í öðru lagi viðtal sem hófst klukkan 19:55 og lauk í síðasta lagi klukkan 23:00, en þá fór rannsakandinn sem tók viðtalið úr fangelsinu.*

*Þann 19. maí eru einnig skráðar tvær færslur vegna aðgerða lögreglu gagnvart Erlu, það er viðtal á klefa, þar sem m.a. Hallvarður Einvarðsson var viðstaddur, klukkan 16:45 til 19:20 og annað viðtal sem hófst klukkan 22:15 en lok þess eru ekki skráð. Auk þessara færsla er skráð þann 19. maí að klukkan 22:45-23:40 hafi Örn Höskuldsson og Hannes Thorarensen farið með Erlu í bíltúr.*

*Þann 21. maí er skráð viðtal lögreglu við Erlu í fangelsisdagbók klukkan 15:45-17:10.*

*Þann 26. maí er skráð að einn rannsakenda hafi rætt við Erlu og Kristján Viðar á klefum þeirra klukkan 16:30 en lok eru ekki skráð.*

Samkvæmt gögnum málsins tók lögreglan næst skýrslu af Erlu þann 28. maí, og stóð skýrslutakan klukkan 13:50-19:40. Þá var Erla yfirheyrð um kynni hennar og Sævars af Guðjóni Skarphéðinssyni sem Erla rakti í allöngu máli, sérstaklega náíð samband Sævars og Guðjóns. Erla greindi m.a. frá því að þau Sævar hefðu heimsótt Guðjón á Land Rover bifreið sinni eitt sinn og að hún hefði gjarnan ekið Sævari vegna hinna ýmsu „útréttinga“. Erla nefndi við þessa skýrslutöku símtal Sævars frá Kaupmannahöfn til Guðjóns og að Sævar hefði spurt um ástandið og hvernig málin stæðu. Erla sagði samkvæmt skýrslunni Guðjón hafi ráðlagt Sævari að koma ekki heim til Íslands.



*Samkvæmt skráningu í dagbók Síðumúlafangelsis var Erla tekin fram til Sigurbjörns Víðis 28. maí klukkan 13:50. Í dagbókinni segir að á tímabilinu 18:40-19:35 hafi Hallvarður verið með í viðtalinu við Erlu. Að loknu viðtali við Erlu var henni gerð „grein fyrir skilyrðum áframhaldandi lausagangi hennar eftir að hún var staðin að því að syngja innst inni á kvennagangi.“ Samkvæmt fangelsisdagbók var Erla færð aftur í klefa klukkan 21:40.*

Næstu daga og vikur eru skráðar átta færslur í dagbók Síðumúlafangelsis vegna aðgerða lögreglu gagnvart Erlu, en um þær aðgerðir lögreglu liggja engin nánari gögn fyrir:

*Þann 2. júní klukkan 19:30 er færsla um viðtal rannsakenda við Erlu á klefa. Lok viðtals er ekki skráð en klukkan 22:50, fór umræddur rannsakandi úr fangelsinu samkvæmt skráningu þar um.*

*Annað viðtal lögreglu við Erlu á klefa hennar er skráð þann 4. júní, klukkan 17:15-17:45.*

*Þann 8. júní er skráð viðtal lögreglumanns við Kristján Víðar, sem Erla bættist svo inn í. Viðtalið hófst klukkan 19:40 en lauk klukkan 21:20.*

*Tíunda júní tók Örn Höskuldsson Erlu til viðtals klukkan 17:15-17:40.*

*Tíu dögum síðar, þann 20. júní klukkan 22:34-23:10, er skráð viðtal rannsóknarlögreglumanns við Erlu.*

*Þann 21. júní er skráð viðtal við Erlu á klefa klukkan 23:55-00:25.*

*Viðtal rannsóknarlögreglumanns við Erlu er skráð þann 27. júní klukkan 22:35-23:00 og annað viðtal þann 2. júlí klukkan 16:35-19:40.*

Þann 3. júlí framlengdi Örn Höskuldsson gæsluvarðhald yfir Erlu Bolladóttur vegna Geirfinnsmáls um 60 daga, en sú dómsathöfn fór fram í klefa Erlu í Síðumúlafangelsi.

Næstu vikurnar eru skráðar 35 færslur í dagbók Síðumúlafangelsis um aðgerðir vegna Erlu sem engar nánari upplýsingar liggja fyrir um meðal gagna, sjá nánar um færslurnar:

*Í færslu 10. júlí segir að sálarástand Erlu hafi verið með verra mótí um nóttina, tilraunir hafi verið gerðar til að*

stöðva táraflóð hennar, en án árangurs lengi vel. Voru henni gefin lyf og róaðist hún heldur við það. Svefn óreglulegur.

Fjórar færslur eru skráðar þann 12. júlí. Sú fyrsta klukkan 12:50-14:30 er farið var með Erlu í heilalínurit. Önnur færslan er vegna ferðar rannsóknarlögreglumanns inn í klefa til Erlu klukkan 16:00-16:20. Sú þriðja er vegna viðræðna lögreglumanns og Erlu, í beinu framhaldi af ferðar lögreglumannsins á klefa Erlu, eða klukkan 16:20-16:45. Síðasta færslan í fangelsisdagbók þann 12. júlí varðar það er Erla var klukkan 18:00-19:15 færð í lygamælingapróf til Gísla Guðjónssonar, en um var að ræða námsverkefni sem raunar var óháð sakamálinu.

Tvær færslur eru skráðar 13. júlí, önnur vegna viðtals rannsóknarlögreglumanns við Erlu á klefa hennar klukkan 14:55-15:55 og hin vegna viðræðna lögreglumannsins við Erlu klukkan 17:50-18:05.

Þrjár færslur eru skráðar 16. júlí vegna aðgerða rannsakenda gagnvart Erlu. Sú fyrsta vegna viðræðna Arnar Höskuldssonar við Erlu á klefa hennar, upphaf er skráð klukkan 13:20 en lok eru ekki skráð. Næsta færsla er vegna samtals Erlu og Sævars í áheyrn tveggja rannsakenda klukkan 17:00-20:15. Sú þriðja er vegna ferðar rannsóknarlögreglumanns inn á klefa Erlu klukkan 20:20-21:05, en í kjölfarið voru Erlu gefin 10 mg af diazepam [róandi lyf].

Daginn eftir, 17. júlí, er skráð að einn rannsakenda hafi rætt við Erlu klukkan 09:50-10:00 en klukkan 10:00 hafi Sævar bæst í hópinn til klukkan 12:00.

Næsta dag, 18. júlí, er samskonar skráning í fangelsisdagbók, þ.e. viðtal rannsóknarlögreglumanns við Erlu klukkan 09:20-09:40 er Sævar bættist í hópinn til klukkan 12:55.

Þann 19. júlí er skráð samprófun Erlu og Sævars klukkan 13:30-19:25.

Fjórar færslur eru skráðar í dagbók Síðumúlafangelsis vegna Erlu 20. júlí. Sú fyrsta vegna samprófunar Erlu og Sævars klukkan 10:20-12:50. Önnur vegna leiðangurs með Erlu og Sævar klukkan 12:50-14:30. Þriðja vegna áframhaldandi yfirheyrslu yfir Erlu og Sævari klukkan 14:30-16:10. Sú fjórða og síðasta vegna viðtals rannsóknarlögreglumanns við Erlu og Sævar klukkan 20:35-22:20.

*Þann 21. júlí er skráð að Erla hafi verið tekin í viðtal af rannsóknarlögrelumanni klukkan 17:40-17:50 en klukkan 17:50-19:40 hafi Sævar bæst í hópinn.*

*Þann 22. júlí var Erla tekin til viðtals klukkan 10:15-12:30, en á milli klukkan 10:35-12:00 var Sævar einnig viðstaddur. Þá er einnig skráð yfirheyrsla yfir Erlu og Sævari klukkan 20:25-21:15 þennan sama dag.*

*Þrjár færslur eru skráðar þann 23. júlí í dagbók Síðumúlafangelsis vegna aðgerða lögreglu gagnvart Erlu. Sú fyrsta vegna yfirheyrslu þar sem Sævar var einnig til yfirheyrslu, klukkan 10:00-11:40. Önnur vegna ferðar lögreglu og fangavarðar með Erlu og Sævar suður í hraun klukkan 13:30-15:00. Loks er Erla færð til viðtals klukkan 21:45-22:35, en klukkan 22:35 bættist Sævar við yfirheyrsluna og stóð hún til 23:50. Fram kemur í fangelsisdagbók að Hallvarður Einvarðsson var viðstaddur síðastnefnu yfirheyrsluna.*

*Tvær færslur eru skráðar 25. júlí, önnur varðandi það er Erla var færð fyrir rannsóknarlögrelumann og Hallvarð Einvarðsson klukkan 11:10-11:55 og hin varðandi það er Erla og Kristján Viðar voru færð fyrir Hallvarð klukkan 16:10-17:20 en fram kemur að Hallvarður „hafði ekki árangur sem erfiði“.*

*Fjórar færslur eru skráðar í dagbók Síðumúlafangelsis þann 26. júlí. Sú fyrsta vegna viðtals rannsóknarlögrelumanns við Erlu og Sævar klukkan 10:00-11:45. Önnur vegna ferðar rannsóknarlögrelumanns og fangavarðar með Erlu og Sævari út í hraun klukkan 13:30-14:45. Þriðja vegna viðtals við Erlu og Sævar klukkan 14:45-15:00. Loks vegna viðtals þar sem Hallvarður talaði „aðeins“ við Erlu, klukkan 23:00. Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók fór Hallvarður úr fangelsinu klukkan 00:15.*

*Þann 27. júlí, er skráð í fangelsisdagbók að Sigurbjörn Viðir hafi talað við Erlu og Sævar klukkan 08:00, en Sævar fór klukkan 09:30. Viðtalið við Erlu stóð líklega lengur, en samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók fór Sigurbjörn Viðir úr fangelsinu klukkan 11:00. Þennan sama dag er skráð viðtal Sigurbjörns Viðis við Erlu og Sævar 13:35-14:50, er Sævar yfirgaf viðtalið, en því var fram haldið við Erlu til 16:45.*

*Eitt viðtal rannsakanda við Erlu er skráð 28. júlí klukkan 12:50-14:15 og annað viðtal þann 29. júlí klukkan 22:45-22:55.*

*Þann 30. júlí er skráð viðtal Hallvarðs Einvarðssonar við Erlu inni í klefa hennar klukkan 08:45-09:10. Önnur færslan þennan dag varðar viðtal forstöðumanns fangelsisins við Erlu klukkan 11:00 en lok þess er ekki skráð. Fram kemur í fangelsisdagbók að forstöðumaðurinn hafi tekið Erlu fram í yfirheyrsluherbergi fangelsisins en hún hafði beðið næturvaktina um að hann talaði við sig um sérstakt málefni. Klukkan 21:45 er skráð að lögreglumaður hafi komið og talað við Erlu í smá stund.*

Meðal gagna lögreglu er að finna handskrifað bréf Erlu Bolladóttur sem dagsett er 3. ágúst 1976, til Arnar Höskuldssonar fulltrúa yfirsakadómarar.<sup>95</sup> Í bréfinu kvartar Erla undan því að Örn hafi ekki mætt til fundar við sig þrátt fyrir loforð þar um. Hún lýsir líðan sinni og óskar eftir viðtalið við Örn þegar í stað.

*Þann 4. ágúst er skráð ferð rannsóknarlögreglumanns og fangavarðar með Erlu suður í hraun klukkan 10:15-12:15.*

*Þann 5. ágúst er skráð í fangelsisdagbók klukkan 17:15 að Örn Höskuldsson hafi komið til að tala við Erlu. Lok viðtalsins eru ekki skráð en Örn yfirgaf fangelsið klukkan 19:00. Þá er skráð þennan sama dag að Erla hafi farið í viðtal við rannsóknarlögreglumann klukkan 22:10-23:30, en klukkan 23:15 bættist Sævar við.*

Í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar vegna rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmálanna kemur fram að 5. ágúst hafi Eggert verið viðstaddur samræður Sævars og Erlu. Erla hafi verið mjög miður sín og grátið. Hún hefði hamrað stöðugt á því að Sævar gæti upplýst hvar lík Guðmundar Einarssonar væri að finna, því það væri öruggt að Sævar vissi um það. Sagði Erla einnig að Sævar hafi sparkað í höfuðið á Guðmundi.<sup>96</sup> Sævar viðurkenndi að átökin hefðu átt sér stað og lík

<sup>95</sup> Um er að ræða núllskjal merkt ágrípsnúmerinu 502. Sjá nánari umfjöllun um núllskjöl í kafla 16.3.4. hér að framan.

<sup>96</sup> Fjórar formlegar lögregluskýrslur af Erlu vegna Guðmundarmáls eru meðal gagna málsins. Sú fyrsta frá desember 1975, önnur frá september 1976 og tvær síðustu frá mars 1977. Meðal gagna lögreglan eru hins vegar tvær frásagnir Erlu. Annars vegar vélrituð frásögn og undirrituð af Gunnari Guðmundssyni yfirfangaverði í Síðumúlafangelsi „eftir handriti sem er fyrir hendi“. Um er að ræða núllskjal merkt ágrípsnúmerinu 511-512, sbr. nánari umfjöllun um núllskjöl í kafla 16.3.4. hér að framan. Í skjalinu, sem er ódagsett, er frásögn Erlu varðandi Guðmundarmálið talsvert breytt

Guðmundar hefði verið fjarlægt úr íbúðinni að Hamarsbraut, en neitaði að hafa sparkað í Guðmund og hafa farið með lík Guðmundar á brott með þeim Alberti, Tryggva Rúnar og Kristjáni Viðari. „Annar árangur varð ekki af samtali Erlu og Sævars“ samkvæmt skýrslu Eggerts.

*Þann 8. ágúst er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis viðtal sem Hallvarður Einvarðsson átti við Erlu að hennar ósk, klukkan 16:20-16:23.*

Samkvæmt upplýsingaskýrslu dagsettri 11. ágúst ræddi Karl Schütz við Erlu Bolladóttur.<sup>97</sup> Í upphafi skýrslunnar kemur fram að Erla hafi kvartað undan því að hún hefði hingað til ekki fengið tækifæri til að sjá barn sitt. Við síðustu yfirheyrslu hafi dómariinn sem yfirheyrði hana sagt að fyrr en hún hefði talað við herra Schütz, þá fengi hún ekki að sjá barn sitt. Í skýrslunni segir enn fremur að Erlu hafi verið álasað fyrir að hafa áður fyrr komið með fjölmarga framburði sem hún hefði svo síðar breytt eða tekið aftur. Enginn gæti því vitað hvenær og hvort hún segði satt eða hvort hún kæmi af ásettu ráði með rangan framburð. Samkvæmt skýrslunni var Erla hvött til að hugsa sig vandlega um hvort hún gæti gegnum „eitthvað spor eða týndan hlut eða einhverja sannanlega fullyrðingu komið með sönnun fyrir því að hún væri nú reiðubúin að skýra rétt frá“ en Erla nefndi þá kápuna sína sem hún hafði týnt í Keflavík þann 19. nóvember 1974. Kápan væri í förum Bjarna Þórs Þorvaldssonar, sem hefði ekið fólksbílnum til Keflavíkur. Tekur Erla hér fram að Magnús hafi ekki ekið bifreiðinni til Keflavíkur þann 19. nóvember 1974.

*Þann 14. ágúst er skráð í fangelsisdagbók að Erla hafi afhent fangavörðum bréf til Arnar Höskuldssonar, klukkan 11:20. Þá er færsla sama dag klukkan 13:30 um að Örn Höskuldsson hafi sótt bréfið frá Erlu.*

---

frá því sem fram kemur í skýrslu hennar frá 20. desember 1975. Meðal breytinga má nefna að Erla segir í frásögninni að hún hafi séð til hluta átakanna á Hamarsbrautinni, inn um glugga er hún kom heim aðfararnótt 27. janúar 1974. Hafi hún séð Sævar sparka í höfuð Guðmundar. Þá segist Erla hafa verið með í bíl Alberts er farið var með líkið út á Álftanes. Undir lok framburðar Erlu segir: „Sævar kom svo á sunnudagskvöld og faðmaði mig óvenju innilega. Ég botnaði ekki í hvað hafði skeð, en sagði honum frá slitróttri martröð, sem mig hefði dreymt nóttina áður.“ Svo virðist sem Gísli Guðmundsson hafi ekki haft umrædda frásögn Erlu er hann vann framhaldsrannsókn sína.

Hins vegar er um að ræða handskrifaða ódagsetta frásögn með afstöðuteikningu af bíl þar sem Erla virðist staðsetja sjálfa sig í bílnum við Hamarsbraut 11. Um er að ræða núllskjal, sbr. nánari umfjöllun um núllskjöl í kafla 16.3.4. hér að framan.

<sup>97</sup> Um þessa skýrslutöku skortir skráningu í fangelsisdagbók.

Umrætt bréf Erlu frá 14. ágúst er meðal gagna lögreglu. Í því dregur Erla aðkomu sína að Geirfinnsmálinu til baka sem og sakargiftirnar á hendur Einari Bollasyni. Þá er meðal gagna lögreglu bréf Erlu, til Arnar Höskuldssonar, 15. ágúst 1976. Í því bréfi biðst hún afsökunar á bréfi sínu frá deginum áður og fjallar um aðkomu sína að Geirfinnsmálinu á ný.<sup>98</sup>

Meðal gagna lögreglu er yfirlýsing Erlu, dagsett 15. ágúst, varðandi atriði í sambandi við Geirfinnsmálið. Vottar að yfirlýsingunni eru Hlynur Þór Magnússon fangavörður og Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður Síðumúlafangelsisins. Þann 16. ágúst ritaði Hlynur Þór Magnússon, fangavörður í Síðumúlafangelsi, handrit eftir frásögn Erlu en frumrit er ekki meðal gagna málsins. Sama dag er ritað annað handrit af Hlyni Þór Magnússyni fangaverði efir frásögn Erlu. Í því reynir Erla að rifja upp orðrétt samtal við Sævar, sem á að hafa átt sér stað í nóvember 1974, sem hún vék að í atburðarlýsingu sinni sem skráð var sama dag. Frumrit handritsins er ekki meðal gagna málsins.

Meðal gagna lögreglu eru ódagsettir handskrifaðir minnispunktar lögreglumanns um að þann 15. ágúst 1976 hafi Erla sagt að Bjarni hafi ekið til Keflavíkur og hún svo endurtekið þann framburð daginn eftir. Þá er meðal gagna lögreglu skýrsla sem fangavörður tók af Erlu 16. ágúst 1976. Í skýrslunni kemur fram að fangavörðurinn hafi spurt Erlu út í bát og bíla í Dráttarbrautinni. Erla sagðist ekki geta lýst númeri bátsins vegna dimmu. Nefndi Erla þrjá bíla á vettvangi, tvo fólksbíla og einn sendibíl. Í lok skýrslunnar kemur fram sú athugasemd fanga- varðarins að „spurningar hans hafi ekki á nokkurn hátt verið leiðandi.“<sup>99</sup>

*Í fangelsisdagbók er skráð leit í klefa Erlu 17. ágúst klukkan 15:25 þar sem Örn Höskuldsson, Karl Schütz og fleiri voru viðstaddir.*

Í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar um rannsókn á Guðmundar- og Geirfinnsmálunum kemur fram að við umrædda leit hafi, úr klefa Erlu, verið tekið nokkuð af lesmáli sem er til athugunar hjá lögreglumanni.

Þann 19. ágúst var Erla færð til viðtals við rannsakendur og sýndar myndir af sendibifreiðum til að bera kennsl á bifreiðina í Keflavík frá

<sup>98</sup> Bréf Erlu, frá 14. og 15. ágúst 1976 teljast til núllskjala samkvæmt skilgreiningu skýrsluhöfunda, sjá nánar umfjöllun um núllskjöl í kafla 16.3.4. hér að framan.

<sup>99</sup> Þessir framburður Erlu frá 15. og 16. ágúst 1976 teljast til núllskjala samkvæmt skilgreiningu skýrsluhöfunda, sjá nánar umfjöllun um núllskjöl í kafla 16.3.4. hér að framan.

19. nóvember 1974. Erla benti á mynd merkta nr. 9, Mercedes Benz bifreið, og lit á litaspjaldi nr. 17 og sagði þetta mjög líkt þeirri bifreið sem hefði verið í Dráttarbrautinni þann 19. nóvember 1974.

*Þann 23. ágúst skráir Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður Síðumúlafangelsis í dagbók fangelsisins að Örn fulltrúi hafi hringt að hans beiðni. Var Gunnar að „spá í við hann [Örn] hvort ekki væri tímabært að fara með Erlu á nýja staðinn til að gefa henni kost á að benda á staðinn sem líkið er falið. Tók Örn því vel.“*

*Þann 24. ágúst er skráð í fangelsisdagbók biltúr rannsóknarlögreglumanns og Gunnar Guðmundssonar með Erlu suður í hraun, „á ákveðinn stað“. Var ferðin samkvæmt tímaskráningu í fangelsisdagbók farin klukkan 20:15-21:40.*

*Þann 25. ágúst er skráð í dagbókina af Gunnari að ferðin í gær hafi verið „neikvæð“ að sögn lögreglumanns.*

*Tvær færslur eru skráðar 31. ágúst Erlu, önnur vegna þess að Erla var færð fyrir rannsakanda klukkan 18:10-18:35 og hin vegna þess að Benna [fangavörður] kom og fór inn til Erlu klukkan 19:25-20:10.*

Þann 1. september 1976 klukkan 15:25 var gæsluvarðahald yfir Erlu framlengt um allt að 90 daga vegna Geirfinnsmáls.

Sama dag, 1. september klukkan 20:40-23:45, er skráð skýrslutaka hjá rannsóknarlögreglu. Erla kvaðst samkvæmt skýrslunni fullviss um að hún hefði hvergi komið nærri dauða Geirfinns Einarssonar og að hún hefði ekki skotið hann með byssu. Erla sagði dauða Geirfinns hafa borið að með öðrum hætti og rakti svo atburðarásina að nýju, með nokkrum breytingum. Breyting á framburði Erlu var aðallega varðandi upphaf Keflavíkurferðarinnar og undirbúning hennar. Erla sagði Klúbbsmenn hafa verið í Dráttarbrautinni og nefndi þrjá menn auk þeirra. Sævar hefði barið Geirfinn með spýtu þar til hann hefði hnigið niður. Eftir það hefði Erla hlaupið á brott og falið sig í húsi líkt og hún hafði áður greint frá. Erla sagðist ekki hafa séð Guðjón Skarphéðinsson í Dráttarbrautinni. Í framhaldinu kemur Erla fyrir dóm hjá Erni Höskuldssyni og kvaðst vilja draga til baka framburð sinn um að hún hefði skotið Geirfinn með byssu. Erla kvaðst hafa borið þetta vegna þess að hún hefði haldið að þá væri málið leyst og hún fengi sinn dóm. Kvaðst hún ekki hafa þorað að segja sannleikann. Erla bað um að tekin yrði af henni skýrsla vegna bréfs sem hún hefði nýlega skrifað rannsóknarlögreglumanni, sannleikurinn kæmi fram í því.

*Samkvæmt færslum í dagbók Síðumúlafangelsis var Erla yfirheyrð af Schütz þann 11. september klukkan 15:15-16:37 og þann 12. september klukkan 16:55-17:20. Skýrslur eru ekki fyrirbyggjandi um yfirheyrslurnar.*

*Þann 15. september er skráð í fangelsisdagbók Síðumúla að Erla hafi verið flutt í Hegningarhúsið.*

Fangelsisdagbækur voru ekki haldnar í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg fyrr en frá 1. janúar 1977.

Erla var samkvæmt gögnum málsins næst yfirheyrð þann 21. september 1976, þá í tengslum við Guðmundarmálið. Var í umrætt sinn borið undir hana hvort hún kannaðist við líndúk er fannst í Kapelluhrauni við leit, en Erla sagðist ekki kannast við dúkinn.

Meðal gagna lögreglu er þýðing af athugasemdum sem ritaðar voru af Schütz þann 13. október vegna yfirheyrslu hans á Erlu sem fram fór sama dag. Í athugasemdunum kemur fram að Erla hafi nefnt að hún hafi fengið sprautu þann 12. október 1976 hjá geðlækni til þess að geta munað eftir atburðunum sem hún gæti ekki lengur rifjað upp. Þegar það viðtal hefði farið fram hefði Sigurbjörn Víðir og fleiri verið viðstaddir. Erla myndi eftir því að hafa borið að hún hefði ekki verið í Keflavík. Hún hafi verið heima hjá sér. Hún standi í engu sambandi við þetta mál, ekki heldur sem vitni. Hún hafi eingöngu komið með fyrri framburð vegna þess að Sævar hefði viljað það. Hann hefði gefið henni fyrirmæli um það í Kaupmannahöfn. Erla lýsti sig reiðubúna til að skrifa sjálf á blað öll einstök atriði þessara fyrirmæla. Henni voru fengin til þess mörg pappírblöð.

Fram kemur í athugasemdunum að Schütz hefði sagt Erlu að rætt hafi verið við Sævar sem drægi í efa að hún segði núna allan sannleikann. Hann hefði aðspurður sagst vera reiðubúinn til að taka við skriflegri yfirlýsingu frá Erlu, þess efnis að hún hafi nú í nokkurn tíma sagt lögreglunni rétt frá, og ekki lengur í samræmi við óskir Sævars. Erla hafi þá skrifað með eigin orðum yfirlýsingu.

Í vélritaðri yfirlýsingunni, sem er meðal gagna lögreglu, kemur fram að eftir umhugsun hafi Erla sagt allan sannleikann í Geirfinnsmálinu – eftir að hún hefði fengið að sjá barnið sitt heima hjá móður sinni. Hún bæði Sævar að segja líka allan sannleikann í málinu. Það væri nauðsynlegt fyrir hana að taka að sér móðurhlutverk gagnvart barni þeirra. Barnið þyrfti á henni að halda. Hún minnr Sævar á að hún hafi áður skýrt frá öllu í samræmi við óskir hans en geri það ekki lengur. Henni hafi verið sagt að Sævar hafi óskað eftir skriflegri yfirlýsingu frá henni um hver afstaða hennar væri í dag og að hann sé tilbúinn til að



taka við þessari yfirlýsingu. Er yfirlýsingin að lokum undirrituð af Erlu og dagsett 13. október 1976, í Hegningarhúsinu.<sup>100</sup>

Meðal gagna lögreglu er ljósrit af handriti Erlu sem er dagsett þann 14. október 1976. Í því koma fram upplýsingar varðandi samræður um Geirfinnsmálið sem mögulega hafi átt sér stað. Þann 15. október er dagsett annað handrit eftir Erlu til nánari útskýringa á samtölum þeim sem hún greindi frá í handriti frá deginum áður. Sama dag er dagsett annað handrit, með öðruvísi rithönd en fyrra handrit, ritað í fyrstu persónu og undirritað af Erlu. Í handritinu segir að hún hafi séð hvítan sendibíl fyrir aftan Klúbbinn eitthvert sinn. Þá er meðal gagna lögreglu ódagsett handrit Erlu þar sem hún setur m.a. fram skýringarmynd með sætaskipan í fólksbílnum og fleira um atburðina í Keflavík þann 19. nóvember 1974.<sup>101</sup>

Þann 15. október tók Schütz skýrslu af Erlu og er tekið fram að Schütz hafi viljað fá sannleikann fram í málinu. Samkvæmt skýrslunni afhenti Erla í upphafi yfirheyrslunnar bréf<sup>102</sup> sem hún hafði skrifað Schütz til útskýringa á því hvernig hún teldi sig hafa haft eftir Sævari margt af því sem hún hafði sagt í máli þessu. Í upplýsingaskýrslu vegna yfirheyrslunnar kom fram að á meðan á yfirheyrslunni stóð hefði Erla verið óstyrk og grátið. Erla hefði sagt að það sem hún hefði áður greint og stæði í málsskjölum væri hugarburður hjá sér en þó vissi hún ekki hvort sumt af því væri raunveruleiki. Sama dag gerði Schütz upplýsingaskýrslu með athugasemdum varðandi það sem Erla hafði skrifað niður. Fram kemur í skýrslunni að Schütz hafi við yfirheyrsluna ákveðið bent á andstæður í framburði Erlu. Hún hafi lýst því yfir grátandi að hún hefði aldrei fengið bein fyrirmæli frá Sævari. Er hún var áminnt lýsti hún því enn yfir að hún hefði ekki farið til Keflavíkur, hún héldi fast við það. Enginn tryði henni og hún vissi varla lengur hvað hún ætti að segja. Hún var hvött til að segja loks frá hvaða aðilar hefðu sagt henni í einstökum smáatriðum frá því sem gerðist. Stöðugt hélt hún því fram að það væri ímyndun sín. Einu sinni sagði hún orðrétt: „Ég hef búið það allt til.“ Þegar hún var áminnt frekar af hálfu rannsakenda og sagt frá því að hún gæti ekki hafa fundið upp þessi einstöku atriði sem bæri saman við framburð annarra, komst hún í mikla geðshræringu og varð yfirheyrslunni að ljúka þegar hér var komið. Með upplýsingaskýrslu Schütz fylgja orðrétt nokkrar yfirlýsingar Erlu úr yfirheyrslunni. Meðal annars kemur fram að þegar Erlu

<sup>100</sup> Yfirlýsing Erlu er meðal þeirra gagna sem teljast til núllskjala samkvæmt skilgreiningu skýrsluhöfunda, sjá nánar kafla 16.3.4.

<sup>101</sup> Umrætt handrit Erlu er meðal þeirra gagna sem teljast til núllskjala samkvæmt skilgreiningu skýrsluhöfunda, sjá nánar kafla 16.3.4.

<sup>102</sup> Þetta bréf er ekki meðal gagna málsins, hvorki þeirra sem lögð voru fyrir dóm né gagna lögreglu.

hefði verið gerð grein fyrir að yfirheyrslunni yrði að ljúka hefði hún orðið æst. Hún hafi komist í móðursýkiskast, lamið í borðið aftur og aftur og æpt grátandi: „Enginn trúir mér hérna“. Á leiðinni í fangelsið hótaði hún sjálfsmorði svo Sigurbjörn Víðir heyrði. Klukkustund eftir að hún kom í fangelsið lagði hún samkvæmt skýrslunni fram bréf sem hún óskaði að yrði komið til Schütz.

Meðal gagna lögreglu fundust handskrifaðir minnispointar lögreglu-manns, dagsettir 18. október 1976, varðandi framburð Erlu Bolladóttur þess efnis að „Bjarni og Sigurður Hákonarsson“ hafi farið með í ferðinni til Keflavíkur.

Þann 19. október tók rannsóknarnefnd Reykjavíkur saman skýrslu um atriði úr skýrslum Erlu varðandi vitneskju hennar um hvarf Geirfinns og ferðina til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Sama dag er dagsett handrit Erlu í Hegningarhúsinu þar sem hún sagðist vilja skýra frá Geirfinnsmálinu í „fyllstu einlægni til þess að hún geti laus orðið“. Hún sagðist í bréfinu hafa farið til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974 með Sævari, Kristjáni Viðari og þriðja manni. Þann 21. október 1976 var tekin skýrsla af Erlu en lögreglan óskaði þá eftir lýsingu Erlu á bláu kápunni hennar. Skýrslutaka stóð klukkan 11:00-11:45. Daginn eftir var tekin önnur skýrsla af Erlu klukkan 13:45-14:35. Hún var aftur spurð út í kápuna og henni sýnd svipuð kápa.

Meðal gagna lögreglu er handskrifað bréf Erlu varðandi Geirfinns-málið og ferð til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Í bréfinu segir Erla m.a. að hún hafi farið með Sævari og Kristjáni til Keflavíkur og að hún sé nokkuð viss um að farið hafi verið á Land Rover bifreið hennar. Stoppað hafi verið í nætursölu í Hafnarfirði, en svo ekið að Hafnarbúðinni í Keflavík. „Þar fór bílstjórinn út og kom eftir drykk-langa stund til baka við annan mann. Ekki þekkti ég þann mann, en hann slóst í för með okkur til dráttarbrautarinnar. Þar stigu allir út úr bílnum, nema ég og Sævar. Skömmu síðar fór þó Sævar út og var ég þá ein eftir. Eftir smástund fór ég út líka, en þá sá ég Sævar á tali við tvo menn, annar þeirra tel ég vera Sigurð Hákonarsson, en hinn Geirfinn Einarsson. Á lengdar frá þeim þóttist ég þekkja Bjarna Þór í úlpu með skinni á hettunni.“ Bréf Erlu er dagsett 25. október 1976, en dagsetningin er rituð með annarri rithönd og öðrum penna en annað innihald bréfsins. Bréfið er stimplað af lögreglu og líklega dagsett af henni líka.<sup>103</sup>

---

<sup>103</sup> Umrætt bréf Erlu er meðal þeirra gagna sem teljast til núllskjala samkvæmt skilgreiningu skýrsluhöfunda, sjá nánar kafla 16.3.4.

Í upplýsingaskýrslu Schütz, sem er dagsett 28. október, vegna yfirheyrslu yfir Erlu þann sama dag kemur fram að haldið hafi verið áfram að spyrja Erlu um atburði 19. nóvember 1974.

Þann 30. október var Erla tekin til yfirheyrslu hjá rannsóknarnefnd Reykjavíkur. Yfirheyrslan hófst klukkan 13:00 og stóð til klukkan 16:15. Schütz stjórnaði yfirheyrslunni og ritaði í kjölfarið upplýsingaskýrslu um yfirheyrsluna. Í henni fjallar Schütz aðallega um „fjórða manninn“ í Keflavíkurferðinni. Í skýrslu Schütz segir í upphafi: „Ég [Erla] segi í dag, að ég hafi ekki tekið þátt í ferðinni til Keflavíkur þann 19.11.1974. Ég get sannað það vegna þess að ég var það umrædda kvöld stödd hjá Knudsen-fjölskyldunni ásamt Sævari.“ Segir svo í skýrslu Schütz: „Eftir að henni hafði verið bent á fyrri framburð sinn viðurkenndi hún loks aftur að hafa verið með í ferðinni ásamt Sævari, Kristjáni og einum manni til sem ekki er vitað hver er.“ Erla var spurð um „fyrirverandi vin sinn Sidda“ og hvort hún hefði verið hjá honum í Keflavík umrædda nótt. Erla tekur fram að hún hafi kynnst Sævari „hálfu ári eftir að við Siddi hættum að vera saman. Sævar er mjög afbrýðisamur. Það er útilokað að ég hafi verið hjá Sidda aðfaranótt 20.11.74.“ Þá nefndi Erla samkvæmt skýrslunni „Elvar“ í tengslum við veru sína í rauða húsinu í Keflavík aðfaranótt 20. nóvember 1974, þ.e. að hún hafi ekki verið með honum í rauða húsinu. Segir svo í skýrslu Schütz:

*„Nú var hún aftur spurð um óþekhta manninn, sem talað hefur verið um sem fjórða mann. Erla endurtók að hún hafi ekki þekkt hann.*

*Eftir smá umhugsun nefndi hún Jósep, stjúpföður Sævars. Aðeins seinna Guðjón Skarphéðinsson. Spurð hvort hún vildi ekki nefna rétta nafnið, sagði hún, að það hafi hvorki verið Jósep né Skarphéðinsson.*

*Aftur varð hún þögul, byrjaði að gráta og sló hendurnar fyrir andlitið á sér. Loks sagði hún, að hún væri hrædd við manninn. Henni var sagt, að framburður hennar væri algjört trúnaðarmál, og farið með hann þannig. Samt vildi hún ekki segja meira en að það væri mjög hættulegur maður. Hann ætti mikið af peningum og hann hefði skýrt málið. Maður sem hefði gert svona áður, mundi hiklaust endurtaka það.*

*Erla: „Ef ég segi ekkert meira, hvenær verður rannsókninni lokið? Allt er þetta spursmál um eitt orð.“ Henni var sagt, að rannsóknin væri í fullum gangi, og að betra væri fyrir hana að segja sannleikan. Erla: „Kannski var það stjúpfadir hans Sævars eftir allt, en ég þekki þennan fjórða mann ekki nógu*

*vel. “ Henni var sagt, að þetta væri ekki trúlegt, þar sem hún segist vera hrædd við manninn og að það sé ástæðan fyrir því að hún vilji þegja um hann.*

*Erla verður aftur mjög þögul. Aðspurð segist hún hafa séð manninn í fyrsta skipti þann 19.11.1974. Beðin um að lýsa honum segir hún svo: Hæð ca. 1.80 cm., / meðalmaður að líkamsvöxt, / breiður um axlir, / dökkbrúnt, stutt hár, greitt fram, / ekkert skegg, / aldur ca. 35-40 ára, / var í brúnum leðurjakka.“*

Þann 2. nóvember var Erla heimsótt af rannsakendum í Hegningarhúsið klukkan 11:00 og hún spurð út í fjórða manninn í bílferðinni til Keflavíkur. Erla sagði frá því að Sævar hefði verið með spýtu sem hann notaði til að lemja Geirfinn með. Kristján Viðar og fjórði maðurinn hefðu verið vopnlausir en notað hnefana í átökunum. Eftir þetta hafi Geirfinnur legið hreyfingarlaus og hún hefði farið í burtu og falið sig í einhverju húsi um nóttina.

Þann 4. nóvember er dagsett upplýsingaskýrsla eftir Schütz. Í henni kemur fram að rætt hafi verið við Erlu vegna framburðar Sigurbjörns Víðis, rannsóknarlögreglumanns, þess efnis að Erla hafi sagt sér að hún væri búin að ákveða „að taka á sig“ þrjá mánuði í gæsluvarðhaldi í viðbót vegna þess að hún væri ekki tilbúin að segja frá fjórða mannum. Í skýrslunni kemur fram að Erla hafi sagt þetta við Sigurbjörn Víði þann 3. nóvember.<sup>104</sup> Þegar hún hafi verið spurð út í þetta hefði hún brugðist hin versta við og kallað reiðilega að hún hefði ekkert sagt um það að hún hefði tekið ákvörðun. Hún hefði sagt að hún þyrfti að sætta sig við að sitja inni í þrjá mánuði í viðbót, vegna þess að rannsakendurnir væri ekki ánægðir með framburð hennar. Einnig kemur fram að rætt hafi verið um að hún fengi að sjá barnið sitt og hún hefði verið fullvissuð um að umgengni við það stæði í engum tengslum við rangan, réttan eða engan framburð í málinu. Í sambandi við óskir hennar um að fá að sjá Magnús Leópoldsson og Einar Bollason til að biðja þá afsökunar hefði hún verið beðin um að segja nú loks sannleikann um Geirfinnsmálið. Með því myndi hún hjálpa Magnúsi og Einari mest.

Þann 15. nóvember var Erla yfirheyrð hjá rannsóknarlögreglu og skýrði í þeirri skýrslutöku frá því að eftir kvikmyndasýningu á Kjarvalsstöðum hafi hún og Sævar ekið móður Sævars heim að Grýtu-  
bakka og þaðan á Hjallaveg. Þetta hafi verið að kvöldi 19. nóvember 1974. Í skýrslunni greindi hún líka frá líkflutningum, að Erla taldi

<sup>104</sup> Hvorki er skýrsla um þetta meðal gagna málsins né gagna lögreglu.

Þann 22. nóvember 1974, frá Grettisgötu út að Álftanesi. Hún hefði ekið Land Rover vegna þessara líkflutninga. Sama dag ritaði Schütz skýrslu um framangreinda yfirheyrslu yfir Erlu, undir fyrirsögninni „í dag átti sér stað fróðlegt viðtal við Erlu“.

Þann 19. nóvember 1976 fór fram skýrslutaka sem hófst klukkan 13:00, sem líklega lauk klukkan 15:00 en tímaskráning er ógreinileg í skýrslunni. Í skýrslunni kemur fram að Erla sé þess fullviss að Guðjón hafi verið með í ferðinni til Keflavíkur sem og í ferðinni með líkið út á Álftanes.

Upplýsingaskýrsla er dagsett þann 22. nóvember 1976, klukkan 18:30. Í henni kemur fram að Sigurbjörn Víðir, rannsóknarlögreglumaður, hafi rætt við Erlu í Hegningarhúsinu. Erla hafi rætt við Sigurbjörn Víði um Guðjón.

Þann 24. nóvember gerði lögreglan leit í klefa Erlu. Rannsóknarnefnd Reykjavíkur stóð fyrir leitinni en nóttina áður höfðu tveir menn verið staðnir að verki við að fara inn í fangelsisgarðinn og reyna að ná tali af Erlu. Ekkert athugavert fannst nema þrjú bréfmíðar sem á voru rituð nöfn og eitthvað pár um konunga.

Erla mætti fyrir sakadóm, hjá Erni Höskuldssyni, þann 30. nóvember. Hún var spurð, með vísan til fyrri skýrslna, hvort hún væri nú reiðubúin til að segja sannleikann. Erla sagði síðasta framburð sinn sannleikann. Samkvæmt skýrslunni sagði Erla Sævar hafa sagt sér að nefna nöfn Magnúsar, Sigurbjörns, Valdimars, Einars og fleiri til að leiða athyglina frá þeim sem raunverulega voru við málið riðnir. Erla sagðist einnig hafa skrökvað þegar hún hefði bendlað tvo aðra menn við málið. Erla sagðist nú viss um að Guðjón hefði verið í Dráttarbrautinni og að í Land Rover bifreiðinni hafi verið hún sjálf, Kristján Víðar, Sævar auk bílstjórans sem hún kvaðst ekki vita hver væri. Erla sagði samkvæmt skýrslunni Guðjón hafi farið til Keflavíkur á öðrum bíl. Hún sagðist hafa séð rauðan fólksbíl í Dráttarbrautinni og ljósan sendibíl. Sama dag var gæsluvarðhald yfir Erlu framlengt í allt að 30 daga vegna aðildar hennar að Geirfinnsmáli.

Líkt og segir í dómi sakadóms dagana 3. og 7. desember var Erla yfirheyrð hjá rannsóknarlögreglunni. Erla greindi í þeim yfirheyrslum frá aðdraganda Keflavíkurferðarinnar, átökunum í Dráttarbrautinni og brottför hennar þaðan. Skýrslutaka þann 3. desember hófst klukkan 16:00 en ekki kemur fram hvenær henni lauk. Í skýrslutökunni þann 7. desember greindi Erla frá líkflutningunum en hún sagði lík Geirfinns hafa verið grafið á Álftanesi. Yfirheyrslan stóð frá klukkan 13:30 til 17:40.

Þann 11. desember var farið með Erlu upp í Rauðhóla. Erla benti á stað um 50 metra frá þeim stað sem Sævar hafði benti á. Tekið er fram í skýrslu lögreglunnar að grafið hafi verið á svæðinu en án árangurs.

Daginn eftir, þann 12. desember, var skýrslutaka af Erlu klukkan 14:40-19:40. Í henni greindi Erla frá því að hún og Sævar hafi tekið Volkswagen bifreið á leigu á bílaleigunni Geysi. Hún greindi frá aðdraganda ferðarinnar til Keflavíkur og því sem þar gerðist.

Í skýrslutöku hjá lögreglu þann 13. desember greindi Erla frá flutningum á líki Geirfinns í Rauðhóla á Land Rover bifreið sem hún hefði ekið og greftrun líksins þar. Hún greindi líka frá viðræðum um að blanda Klúbbsmönnum og fleirum inn í málið ef þau yrðu spurð. Erla bendlaði nú Sigurði Óttari Hreinssyni við Geirfinnsmálið. Skýrslan var tekin af rannsóknarnefnd Reykjavíkur og er mjög nákvæm og ítarleg.

Grafið var í Rauðhólum þann 19. desember eftir ábendingum Erlu og Sævars en án árangurs. Þann 22. desember mætti Erla fyrir sakadóm hjá Erni Höskuldssyni og staðfesti skýrslur sínar frá 12. og 13. desember. Erla sagði þau öll hafa talað saman um að bendla aðra við málið, áður en Erla fór til Kaupmannahafnar. Samtalið hafi átt sér stað heima hjá Kristjáni Viðari. Erla sagðist ekki geta bent nákvæmlega á þann stað sem Geirfinnur væri grafinn en það væri örugglega í Rauðhólum. Sama dag, þann 22. desember 1976, var Erla leyst úr gæsluvarðhaldi.

**1977** Óundirrituð skýrsla, dagsett 11. janúar, liggur fyrir vegna Geirfinnsmáls en hún var tekin af rannsóknarnefnd Reykjavíkur. Erla var samkvæmt henni spurð um nokkur atriði varðandi fatnað Geirfinns, ferð Sævars í sjoppu í Keflavík til að hringja og fjárhag Sævars. Hún var spurð um leigu bifreiðar frá bílaleigu Karnabæjar, hvort hún hafi orðið vör við miða með nafni Geirfinns og símanúmeri. Tilgangur skýrslutökunnar var til að „styrkja játningar.“

*13.1.1977 hófst framhaldsrannsókn Guðmundar Gíslasonar, lögreglumanns, að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómara.*

Þann 21. janúar var tekin skýrsla af Erlu og hún spurð um símhringingu Sævars frá Grýtubakka milli klukkan 19:00 og 19:30 þann 19. nóvember 1974. Yfirheyrsla hófst klukkan 13:30 og henni lauk klukkan 14:25. Í skýrslunni kemur fram að Erla hefði séð Sævar hringja í umrætt sinn en ekki heyrt um hvað símtalið snérist. Varðandi dauða Geirfinns nefndi Erla að hann hefði lent í átökum við Sævar, Kristján Viðar og Guðjón en hún greindi ekki nánar frá því hvernig dauða hans bar að.

Rannsóknarnefnd Reykjavíkur tók aðra skýrslu af Erlu þann 31. janúar 1977. Erla var spurð um samskipti hennar og Sævars og nánar um ýmis atriði málsins, einkum huglæg atriði. Hún var m.a. spurð um hvert mat hennar væri á því hvernig sambandi hennar og Sævars hafi verið háttáð á þessum tíma og hvort hún teldi Kristján Viðar hafa verið undir áhrifum lyfja umrætt kvöld. Yfirheyrslan hófst klukkan 14:00 en ekki kemur fram hvenær henni lauk.

Þann 20. febrúar ræddi Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður við Erlu um Guðmundarmálið. Erla sagði fyrri framburð sinn réttan en að hún væri jafnframt tilbúin til að svara einstökum spurningum um málið. Erla greindi frá málinu með svipuðum hætti og áður. Hún fjallaði um lakið sem hafði verið vafið utan um manninn og taldi nokkuð víst að það hefði verið úr rúmi hennar. Hún sagðist ekki hafa séð mann þann sem hefði verið í lakinu en eftir að yfirheyrslur hófust hafi henni verið sagt að þar hefði verið Guðmundur Einarsson. Erla minntist þess ekki samkvæmt skýrslunni að hafa séð hníf eða blóð eftir átökin en minnti að hún hefði séð lakið í ruslatunnunni fyrir utan húsið. Í skýrslunni greindi Erla frá því að Sævar hefði verið handtekinn af Kristjáni Péturssyni vegna fíkniefnamáls í febrúar 1974. Kristján hefði leitað í íbúðinni að Hamarsbraut en Erla sagðist halda að ekki hafi verið lagt hald á neitt.<sup>105</sup>

Þann 14. mars tók Gísli Guðmundsson skýrslu af Erlu vegna Guðmundarmáls. Erlu var samkvæmt skýrslunni bent á nokkur atriði í fyrri framburði sem ekki kæmu heim og saman við sumt af því sem fram hefði komið í framburði hennar hjá rannsóknarlögreglunni þann 20. desember 1975 og í framburðum þeirra Alberts og Sævars. Erla sagðist ekki gera sér grein fyrir hvernig stæði á þessu ósamræmi og teysti sér ekki til að skýra það nánar.<sup>106</sup> Hún sagðist ekki geta gefið skýringu á því hvers vegna hún hefði ekki nefnt alla þá menn sem hafi

---

<sup>105</sup> Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður tók skýrslu af Kristjáni Péturssyni, fulltrúa tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, 26. janúar 1977, vegna handtöku Kristjáns á Sævari þann 4. febrúar 1974 í tengslum við fíkniefnamál. Í skýrslu Gísla kemur fram að Kristján hafi sagt að hann hafi ekki orðið var við neitt á Hamarsbraut 11 þann 4. febrúar 1974 sem varpað gæti ljósi á Guðmundarmálið. Þann 29. janúar 1977 tók Gísli skýrslu af Snorra Sigurjónssyni lögreglumanni, sem einnig kom að handtökunni á Sævari í febrúar 1974. Í skýrslunni kemur fram að Snorri minnst ekki neins í fari Sævars þennan dag, eða hafa tekið eftir neinu, sem tengst gæti rannsókninni á Guðmundarmálinu.

<sup>106</sup> Meðal gagna lögreglan er frásögn Erlu, vélrituð og undirrituð af Gunnari Guðmundssyni yfirfangaverði í Síðumúlafangelsi „eftir handriti sem er fyrir hendi“. Um er að ræða núllskjal merkt ágrípsnúmerinu 511-512, sbr. nánari umfjöllun um núllskjöl í kafla 16.3.4. hér að framan. Í skjalinu, sem er ódagsett, er frásögn Erlu varðandi Guðmundarmálið talsvert breytt frá því sem fram kemur í skýrslu hennar frá 20. desember 1975. Svo virðist sem Gísli Guðmundsson hafi ekki haft umrædda frásögn Erlu er hann vann framhaldsrannsókn sína.

verið staddir á Hamarsbraut umrætt sinn, „ef það væri sannleikur málsins“. Erla gat ekki skýrt ósamræmið milli framburða hennar og Sævars og Alberts hvað varðar lakið, né heldur að líkið hafi verið sett fram í geymslu íbúðarinnar á meðan þeir fóru í burtu af staðnum. Hún sagðist samkvæmt skýrslunni ekki muna eftir bíl Alberts eða hvort síminn hafi verið lokaður vegna vanskila. Erla sagðist ekki geta gefið skýringu á framburði sínum þann 7. febrúar 1974<sup>107</sup> þess efnis að Sævar hafi komið heim til hennar eftir langa fjarveru þann 27. janúar 1974 eða af hverju hún sagðist ekki hafa orðið vör við Sævar heima eftir dvöl í Klúbbnum aðfaranótt 27. janúar 1974. Varðandi framburð sinn frá 20. desember 1975 sagði Erla að þá hefði hún og Sævar verið heitbundin og þess vegna hafi henni verið gerð grein fyrir því að henni væri ekki skylt að bera vitni í málinu.

Þann 23. mars mætti Erla fyrir sakadóm og tekið er fram í skýrslunni að „rækileg dómskýrsla“ hafi verið tekin af Erlu vegna Guðmundarmálsins. Erla staðfesti fyrri framburði sína í málinu og var fásögn hennar í dóminum í meginatriðum á sömu lund.

Þann 1. apríl fór fram samprófun Sævars og Erlu fyrir sakadómi vegna Guðmundarmálsins. Bæði héldu fast í framburði sína og var samprófun því árangurslaus.

Dagana 4. og 5. júlí mætti Erla fyrir dóm hjá dómurum málsins þeim Gunnlaugi Briem, Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni. Í þessum þinghöldum var tekin skýrsla sem lögð var til grundvallar í Geirfinnsmálinu í niðurstöðu sakadóms. Þann 5. júlí fór fram samprófun Erlu og Sævars um það sem bar á milli í framburðum þeirra. Það kom lítið út úr þeirri samprófun en þau héldu sig bæði að mestu við fyrri framburði. Daginn eftir voru Erla og Kristján Viðar samprófuð um það sem bar á milli í framburðum þeirra. Í þeirri samprófun dró Kristján Viðar játningu sína í Geirfinnsmáli til baka. Þann 12. júlí voru Erla og Guðjón samprófuð fyrir sakadómi en lítið kom út úr þeirri samprófun. Að mestu vísuðu þau í fyrri framburði sína. Stöku sinnum kvaðst Guðjón ekki muna atburði og því gæti Erla haft rétt fyrir sér. Erla sagðist ekki alveg örugg um að Guðjón hefði verið með í ferðinni þegar lík Geirfinns hefði verið greftrað en því hafði Guðjón alfarið neitað. Guðjón neitaði einnig að hafa tekið þátt í ráðabruggi um að bendla aðra menn við málið.

Þann 18. ágúst var tekin skýrsla af Erlu fyrir sakadómi þar sem hún naut stöðu vitnis, en skýrslan var tekin í tengslum við framburð Hinriks Jóns

---

<sup>107</sup> Skýrsla af Erlu Bolladóttur sem tekin var í tengslum við fíkniefnarannsókn gagnvart Sævari.



Þórissonar vegna Guðmundarmálsins. Í framburði Hinriks hjá lögreglunni hafði komið fram að hann hefði eitt sinn drukkið vafasaman drykk í partyi að Hamarsbraut 11. Hafi Erla haft á orði umrætt sinn hvernig þeim litist á að drekka mannablóð. Bar Hinrik jafnframt að hann hafi séð blóðbletti í íbúðinni. Erla staðfesti að hluta frásögn Hinriks og sagðist minnst þess að fyrrihluta árs 1976 hafi hún hitt Hinrik og hann hafi farið að tala um blóðbletti við sig.

Síðasta skýrslan meðal gagna málsins sem tekin var af Erlu er dagsett 29. september 1977. Erla gaf þá skýrslu fyrir dómi vegna úrs Sævars sem hann hafði átt árið 1973 þegar Erla og Sævar kynntust. Var það vegna þess að hugsanlegt væri að Sævar hefði tekið úrið af Geirfinni.

Þann 19. desember 1977 féll dómur sakadóms í málinu.

Þann 11. janúar 1980 gaf Erla dómskýrslu fyrir sakadómi, þ.e. stuttu áður en flutningur málsins hófst í Hæstarétti. Samkvæmt dómskýrslu lýsti hún fyrri framburði sína um förina til Keflavíkur, í tengslum við Geirfinnsmálið, ranga og staðhæfði að hún hefði ekki farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Þá kvað Erla fyrri framburði sína um flutning líks Geirfinns Einarssonar einnig ranga. Samkvæmt skýrslunni sagði Erla að gæsluvarðhaldið hefði haft þvingandi áhrif á sig og valdið því, að hún hafi skýrt svo frá sem hún gerði. Þá hafi rannsóknarmenn átt hlut í því að samræma framburðina með því að gefa henni punkta um framburði annarra ákærðu.

#### **18.1.1.1. Kynferðisbrot í Síðumúlafangelsi**

Í bók Erlu Bolladóttur sem ber titilinn, *Erla, góða Erla* og var útgefin árið 2008, fjallar hún m.a. um gæsluvarðhaldsvist sína í Síðumúlafangelsi vegna rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmála. Á blaðsíðu 228-230 segir:

*„Það var í kjölfarið í slíku atviki sem ég bar mig illa í yfirheyrslu. Þá hafði verið komið með fanga í miklu uppnámi um miðja nótt og hann geymdur í meira en klukkustund á klefanganginum. Hann hafði grátið sárt og beðið Guð að hjálpa sér þar til svo virtist sem allir fangar í húsinu hefðu misst stjórn á sér. Ég hafði ekki getað sofið það sem eftir var næturinnar. Ég sagði einum rannsóknarmannanna frá þessu og hann talaði við mig af umhyggju. Hann ræddi við mig um hversu erfitt hlyti að vera fyrir mig að vera alltaf alein í klefa mínum á hverju sem gengi. Ég hlyti að vera einmanna og þurfandi fyrir að einhver væri góður við mig.*

*Ég fór hjá mér við slíkt tal og vissi ekki hvernig ég ætti að svara. Hann sagði eitthvað í þá veru að ég gæti alltaf leitað*

til sín ef ég þyrfti á vini að halda. Hann vildi reynast mér eins vel og hann mögulega gæti. Kannski gæti hann gert meira fyrir mig en hann hefði gert fram að þessu. Ég var ekki viss um hvað hann var að fara en fannst tal hans orðið óþægilega nærgöngult.

Þessu stutta samtali lauk með því að hann lofaði að staldra við í klefanum hjá mér þegar hann ætti leið um. Hann virtist vera að segja þetta til að uppörva mig. Ég kunní hins vegar ekki að umgangast hann á öðrum forsendum en þeim að hann var rannsóknarmaðurinn með valdið og ég gæslufangi hans og samstarfsmanna hans. Ég vissi lítið um hann og leist illa á tilhugsunina um að vera ein með honum á einhverjum öðrum forsendum en ég þekkti hingað til. Ég vonaði að hann gleymdi þessu og léti ekki verða af slíkum heimsóknum.

Skömmu eftir þetta samtal lá ég í rúminu í klefa mínum að kvöldi dags og las þegar hann birtist skyndilega í klefadyrunum. Hann heilsaði og settist á rúmstokkunn hjá mér. Ég settist upp um leið og hjarsláttur minn varð ör og ég varð óörugg. Hann spurði hvernig ég hefði haft það og minnti mig á loforð sitt um að sinna mér betur. Svo stóð hann upp og kikti fram eftir ganginum í gegnum þrönga gættina á klefadyrunum. Þegar hann serí sér að mér aftur renndi hann niður buxnaklaufinni og tók út lim sinn. Ég varð skelfingu lostin um leið og ég tók eftir því að hann var búinn að setja á sig verju.

Ég vissi ekki hvað ég ætti til bragðs að taka en í ráðleysinu þrýsti ég mér upp að veggnum eins og til að komast eins langt frá honum og ég gæti. Hann teygði sig eftir mér og benti mér að leggjast niður á rúmið. Ég þorði ekki að gefa frá mér minnsta hljóð af ótta við afleiðingarnar. Af eðlishvöt vissi ég að ef eitthvað rangt gerðist þá yrði honum trúað en ég fundin sek. Lömuð af skelfingu þorði ég ekki annað en að hlýða. Hann hafði líf mitt í hendi sinni og ég vissi ekki hvar það gæti endað ef honum mislíkaði við mig. Hann lagðist ofan á mig og ég fann hann fara inn í mig. Hann setti lófann yfir varir mínar til að varna því að í mér heyrðist á meðan hann athafnaði sig.

Eftir einhverja stund heyrðist skyndilega umgangur frammi á vaktinni. Hann stökk á fætur um leið og hann benti mér á að liggja kyrr á meðan hann kikti fram. Þegar hann hafði fullvissað sig um að öllu væri óhætt lagðist hann ofan á mig aftur til að halda áfram. Nú var hann hins vegar orðinn svo

*taugaóstyrkur að hann réð ekki lengur við það sem hann ætlaði að gera. Hann tautaði eitthvað fyrir munni sér, stóð upp og renndi upp buxnaklaufinni. Hann horfði fast á mig þegar hann sagði mér að gæta þess að enginn kæmist nokkru sinni að þessu. Hann væri að taka mikla áhættu til að gera þetta fyrir mig. Svo var hann farinn.*

*Ég sat sem steinrunnin eftir að ég var orðin ein. Ég reyndi að átta mig á því sem gerst hafði en eina hugsun mín var sú að ég væri ógeðsleg drusla. Ég starði í hrjúfan, grænmálaðan vegginn eins og ég byggist við að hjálp mín kæmi þaðan. En það kom engin hjálp.“*

Erla greindi í viðtali við starfshópinn frá þessu atviki og hvenær hún hefði fyrst sagt frá því. Út á við hefði hún fyrst sagt Ragnari Aðalsteinssyni hrl. frá þessu í tengslum við fyrra endurupptökumál Sævars en löngu seinna hefði hún fari í viðtal hjá Stígamótum. Vísað er til atviksins í ákvörðun Hæstarréttar vegna endurupptökubeiðni Sævars árið 1997. Erla nafngreindi manninn í viðtali við starfshópinn og sagði hún það hafa verið í fyrsta sinn sem hún nafngreindi hann.

Í viðtali við starfshópinn greindi Erla frá því að hún hefði vaknað við það í oftari en einu sinni að sami fangavörður hefði verið með hendurnar undir náttreyjunni hennar og hefði verið að káfa á henni. Hún hefði kvartað undan þessu við Örn Höskuldsson, fulltrúa yfirsakadómara, sem hefði sagst muna taka á þessu og eftir það hefði þetta hætt.

Erla greindi einnig frá því við starfshópinn að fangavörður hafi verið vingjarnlegur við sig og einu sinni hafi hann farið yfir strikið og kysst hana á munninn.

Starfshópurinn hefur komið upplýsingum um framangreint á framfæri við embætti ríkissaksóknara og Fangelsismálastofnun ríkisins.

#### **18.1.2. Sævar Marinó Ciesielski**

Þann 12. desember 1975 var Sævar Marinó Ciesielski handtekinn og yfirheyrður vegna póstsvikamáls. Hann var í kjölfarið úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna þess máls.

*Í dagbók Síðumúlafangelsis 12. desember er eftirfarandi skráð klukkan 17:45 „Var komið með Sævar Ciesielski vegna brots á hgl. [hegningarlögum] Eggert Bjarnason og Sigurbjörn Víðir rslm [rannsóknarlögreglumenn] komu með hann.“*

*Þann 15. desember er skráð í fangelsisdagbók klukkan 16:30 að farið hafi verið með Sævar í fíkniefnadóm. Sævar kom aftur í fangelsið klukkan 23:40.*

*Þann 17. desember er aftur skráð í fangelsisdagbók að Sævar hafi verið fluttur í fíkniefnadóm klukkan 10:15-12:25. Þá er aftur farið með Sævar í fíkniefnadóm þennan sama dag klukkan 14:20-18:35.*

*Þann 18. desember er skráð að farið hafi verið „aftur með Sævar í fíkniefnadóm“ klukkan 11:00-17:20.*

*Í dagbók Síðumúlafangelsis er skráð 20. desember klukkan 15:15-16:20: „Gísli Pálsson [lögreglumaður á vegum fíkniefnadóms] ræddi við Sævar sem vildi fá Ásgeir [Friðjónsson] dómara en Ásgeir taldi það mundi nægja að láta hann ljúga í Gísla“.*

*Sævar var samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók 21. desember 1975 klukkan 14:45-18:55 færður fyrir Eggert N. Bjarnason og Sigurbjörn Víði Eggertsson „til að byrja með“. Klukkan 19:55-01:55 er skráð „yfirheyrslan hefst yfir Sævari að nýju“.*

*Þann 22. desember var Sævar yfirheyrður samkvæmt fangelsisdagbók klukkan 11:00-13:00.*

*Engar upplýsingar eru fyrirleggjandi vegna framangreindra yfirheyrsla á Sævari dagana 21. og 22. desember 1975.<sup>108</sup>*

*Sævar sætti gæsluvarðhaldi vegna póstsvikamáls þegar yfirheyrslur vegna gruns um aðild hans að hvarfi Guðmundar Einarssonar hófust 22.12.1975.*

Samkvæmt gögnum málsins var Sævar fyrst yfirheyrður af lögreglu vegna *Guðmundarmálsins* þann 22. desember 1975. Sævar var samkvæmt lögregluskýrslu yfirheyrður sem sakborningur og hófst yfirheyrslan klukkan 14:00 og lauk klukkan 19:00. Sævar undirritaði ekki skýrsluna. Jón Oddsson hrl. lögmaður Erlu og Sævars á þessum tíma, var viðstaddur skýrslutökuna en samkvæmt skýrslunni var tilefni yfirheyrslunnar framburður Erlu sem hún gaf tveimur dögum áður og segir í skýrslunni: „Í samráði við Jón Oddsson, hrl., var upphafið af skýrslu Erlu Bolladóttur lesið fyrir Sævar. Sævar bað þó fljótlega um, að lestrinum yrði hætt, og féllst á að skýra sjálfur frá hlutdeild sinni í hvarfi Guðmundar.“ Ekki var tekin skrifleg skýrsla af Sævari, bæði vegna þess að mjög væri liðið á leyfilegan yfirheyrslutíma og einnig

<sup>108</sup> Samkvæmt gögnum póstsvikamáls voru teknar tvær lögregluskýrslur af Sævari, önnur 12. desember 1975 klukkan 16:30-17:05 og hin 11. janúar 1976 klukkan 13:50-15:00.

óskaði Jón Oddsson hrl. eftir þeirri frestun. Í skýrslunni segir að Sævar hafi skýrt frá atburðum mjög á sömu lund og Erla hafði gert, auk þess sem Sævar hafi nefnt þá Kristján Viðar Viðarsson og Tryggva Rúnar Leifsson í tengslum við Guðmundarmálið. Eftir átök á Hamarsbraut hefði Guðmundur beðið bana og Sævar hefði hringt í Albert Klahn Skaftason og hann hefði komið á bifreið föður Alberts og þeir flutt líkið suður í Hafnarfjarðarhraun.

*Samkvæmt skráningu í dagbók Síðumúlafangelsis tók Eggert N. Bjarnason Sævar næst til viðtals 23. desember klukkan 12:30, en „hann [Sævar] vill ekki tjá sig án lögmanns, svo hann var færður á klefa aftur“. Klukkan 18:45-18:50 sama dag, er Sævar samkvæmt fangelsisdagbók færður til „réttarhalds“, að viðstöddum lögmanni sínum. Að þessu loknu, klukkan 18:50-19:00, ræddu Sigurbjörn Víðir og Jón Oddsson, lögmaður Sævars við Sævar í klefa hans.*

*Næsta yfirheyrsla samkvæmt upplýsingum úr fangelsisdagbók fór fram í Síðumúlafangelsi 27. desember 1975, klukkan 13:00-13:50. Í dagbókinni segir að Sævar hafi verið yfirheyrður af Eggerti og Sigurbirni Víði og síðar hafi Örn Höskuldsson bæst í hópinn „en Eggert fór til að sækja jeppa sem þeir hafa fengið að láni, til að fara í leit“. Klukkan 13:50 er skráð að Eggert og Sigurbjörn Víðir hafi farið með Sævar í „ökuferð“, en Sævar kom aftur í fangelsið klukkan 16:45.*

*Í fangelsisdagbók kemur fram að Sævar var yfirheyrður klukkan 14:50-16:00 þann 29. desember, klukkan 16:20-17:00.*

## 1976

*Þann 2. janúar 1976, klukkan 13:10-13:15, er skráð í fangelsisdagbók að Sævar hafi verið yfirheyrður. Þann 3. janúar var Sævar aftur yfirheyrður klukkan 13:55-14:25 og þann 4. janúar klukkan 16:15-16:18, þá að Jóni Oddsyni lögmanni Sævars viðstöddum.*

Engar upplýsingar um framangreindar 10 yfirheyrslur, viðtöl og/eða vettvangsferðir frá 23. desember 1975 til 4. janúar 1976 er að finna á meðal gagna málsins.

Samkvæmt gögnum málsins var Sævar yfirheyrður í annað sinn þann 4. janúar 1976 klukkan 16:50-19:00. Viðstaddir skýrslutökuna voru Jón Oddsson hrl. og Örn Höskuldsson fulltrúi yfirsakadómara. Sævar greindi í framburði sínum að Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hafi

verið fyrir utan Hamarsbraut 11 þegar Sævar kom þangað aðfararnótt 27. janúar 1974. Þeir hafi farið inn en Erla hafi ekki verið heima. Sævar hafi heyrt dynk úr geymslunni, hann hafi farið að athuga málið og þá séð Kristján Viðar og Tryggva Rúnar auk þriðja manns sem lá á gólfinu og búið var að breiða rúmlak yfir. Albert hefði komið á bíl að Hamarsbraut og Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hefðu sett lík mannsins í aftursætið á milli sín. Svo hefði verið ekið suður fyrir Hafnarfjörð, nálægt álverinu í Straumsvík, numið staðar, og þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hefðu farið með líkið úr bílnum. Eftir þetta hafi Sævar annað hvort farið heim til sín eða til vinkonu sinnar sem bjó á Kópavogshæli í starfsmannabústað. Framhald yfirheyrslu fór fram klukkan 20:00-22:40.

*Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók fóru rannsóknarlögreglumenn og fulltrúi sakadómara með Sævar í „ökuför“ klukkan 23:00-00:10 þann 4. janúar 1976.*

*Þá fór fram yfirheyrsla rannsóknarlögreglu yfir Sævari klukkan 13:30-15:30 þann 5. janúar 1976 samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók.*

*Lögreglan í Keflavík  
afhenti ríkissaksóknara  
gögn Geirfinnsmáls 5.1.  
og með formlegum hætti  
8.1.1976.*

Þann 6. janúar var Sævar næst tekinn til yfirheyrslu, samkvæmt þeim gögnum sem lögð voru fyrir dóm. Skýrslutaka fór fram milli klukkan 14:10 og 16:00. Jón Oddsson hrl. og Örn Höskuldsson voru viðstaddir upplestur skýrslunnar. Sævar lýsti í umrætt sinn nákvæmlega húsa-kynnum að Hamarsbraut 11. Hann sagði Kristján Viðar, Tryggva Rúnar og þriðja mann hafa verið fyrir utan Hamarsbraut aðfararnótt 27. janúar 1974 og ruðst inn en Sævari ekki verið gefið um það. Hann kvaðst ekki muna hvort hann hafi opnað með lykli eða hvort húsið hafi verið ólæst. Sævar lýsti átökum sem áttu sér stað þarna inni en sagðist ekki hafa verið þátttakandi í þeim. Hann hafi svo heyrt Kristján Viðar segja að maðurinn væri dáiinn. Sævari hafi orðið svo mikið um það að hann teldi það áfall vera ástæðu þess hversu illa honum gengi að muna ýmis atvik náíð og í réttri tímaröð. Rétt á eftir hafi Albert komið á Volkswagen bifreið sem faðir hans átti. Hafi þeir allir sest upp í bifreiðina og ekið um. Albert hafi að launum fengið hass hjá Sævari. Komu þeir svo aftur að Hamarsbraut en þar sagðist Sævar hafa orðið var við Erlu, sem virðist hafa komið heim í millitíðinni samkvæmt framburði Sævars. Sævar hafi verið að hlúa að Erlu og á meðan hafi Albert, Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar farið frá Hamarsbraut. Albert hafi svo komið aftur og ekið Sævari að starfsmannabústað Kópavogshælis.

*Þann 9. janúar er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að Örn Höskuldsson hafi átt „árangurslaust samtal“ við Sævar klukkan 10:30-10:45. Lögreglan hafi rætt við Sævar daginn eftir klukkan 16:40-18:05 en engar skýrslur liggja fyrir vegna þessara aðgerða lögreglu gagnvart Sævari.*

Samkvæmt gögnum málsins var næst tekin skýrsla af Sævari þann 11. janúar 1976 fyrir sakadómi þar sem hann staðfesti fyrri skýrslu hjá lögreglu. Skýrslutakan fór fram klukkan 13:40-17:30. Sama dag var Sævar úrskurðaður í allt að 60 daga gæsluvarðhald vegna gruns um aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar og jafnframt var úrskurðað að Sævar skyldi sæta geðrannsókn.

Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók höfðu rannsakendur afskipti af Sævari í 9 skipti næstu daga án þess að fyrir liggi gögn um aðgerðirnar. Þær eru eftirfarandi:

*Þann 12. janúar var rætt stuttlega við Sævar klukkan 13:50 en ekki er skráð lok viðræðanna í fangelsisdagbók. Daginn eftir er skráð „útsýnisferð“ klukkan 21:40-23:50.*

*Þann 14. janúar er skráð yfirheyrsla í fangelsisdagbók klukkan 13:45-14:20.*

*„Stutt“ yfirheyrsla yfir Sævari er skráð þann 16. janúar klukkan 16:30 og þann 19. janúar er skráð yfirheyrsla klukkan 14:50-20:40. Daginn eftir er skráð yfirheyrsla klukkan 09:05-14:55.*

*Þann 21. janúar eru skráðar þrjár yfirheyrslur rannsakenda yfir Sævari, klukkan 10:35-13:45, klukkan 16:25-18:45 og að lokum klukkan 20:15-01:10.*

Samkvæmt gögnum málsins var næst tekin lögregluskýrsla af Sævari þann 22. janúar en hún var vegna *Geirfinnsmáls*. Í skýrslunni kemur fram að Sævar hafi nokkrum dögum áður en Geirfinnur hvarf verið einn á gangi um Laugaveg þegar Einar Bollason, Magnús Leópoldsson og Geirfinnur Einarsson hefðu náð tali af honum en þeir hafi allir verið saman í bíl, bláleitri Mercedes Benz bifreið að Sævari minnti, sem Magnús ók. Þeir hefðu rætt um ólöglega dreifingu á áfengi og hvort Sævar gæti tekið slíkt að sér. Nokkrum dögum síðar hafi Einar hringt í sig heima hjá móður Sævars og sótt Sævar á rauðum Fiat. Ekið hefði verið til Keflavíkur, Valdimar Olsen hefði verið með í för og ekki hafi verið numið staðar á leiðinni. Í Keflavík, á stað nálægt höfninni, hafi Magnús og Valdimar farið úr bifreiðinni, en Einar og Sævar ekið um í nokkra stund áður en þeir snéru aftur og sóttu þá

*Yfirheyrslur yfir Sævari vegna Geirfinnsmáls hófust 22.1.1976 samkvæmt gögnum málsins.*

Magnús og Valdimar. Þeir hafi þá greint frá því að slys hefði orðið, Magnús hefði sagt Geirfinn hafa fallið frá borði úr bát og druknað. Ekkert frekar hafi verið rætt um hvernig slysið hefði borið að en Magnús hefði sagt við Sævar að honum væri hollara að nefna það ekki við nokkurn mann. Sævari hefði svo verið ekið heim til móður sinnar og hann hefði verið kominn þangað um klukkan þrjú um nóttina. Sævar sagðist í skýslunni hafa þekkt Geirfinn á myndum sem birtust í fjölmiðlum þegar hann hvarf en ekki látið neinn vita.

Rannsakendur höfðu afskipti af Sævari í átta skipti samkvæmt skráningu í dagbók Síðumúlafangelsis dagana 22.-25. janúar 1976:

*Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, fór inn á klefa til Sævars þann 22. janúar klukkan 21:50-22:00.*

*Eggert N. Bjarnason rannsóknarlögreglumaður fór inn á klefa til Sævars aðfararnótt 23. janúar klukkan 01:00-01:15. Þennan sama dag fór Örn Höskuldsson inn á klefa til Sævars klukkan 13:10-13:40. Þá er skráð að Eggert N. Bjarnason hafi skömmu eftir 16:55 farið inn á klefa til Sævars og verið þar til klukkan 17:50.*

*Loks fór Eggert N. Bjarnason þann 24. janúar klukkan 13:00-14:30 inn á klefa til Sævars.*

*Þá er skráð í fangelsisdagbók yfirheyrsla lögreglu yfir Sævari þann 25. janúar klukkan 02:40-04:20 og önnur klukkan 09:00-09:20. Í fangelsisdagbók er einnig skráð þann 25. janúar klukkan 09:40-11:55 að farið hafi verið með Sævar í „biltúr“.*

Engar skýrslur eru meðal gagna málsins um þessar ferðir rannsakenda inn á klefa Sævars, yfirheyrslur og biltúr. Þess ber þó að geta að í skýrslu lögreglu, sem tekin var af Sævari þann 25. janúar 1976 nefnir Sævar vettvangsferð til Keflavíkur.

Í nefndri lögregluskýrslu 25. janúar sem stóð frá klukkan 14:15 til 15:30 greindi Sævar frá því að honum hafi þá verið ekið til Keflavíkur og þar sýndir tveir staðir. Það væri sjálf höfnin og svo athafnasvæði Dráttarbrautarinnar í Keflavík og bryggjan þar niður af. Sævar sagðist fullviss um að þeir atburðir sem hann hafi lýst hefðu átt sér stað í Dráttarbrautinni og að hann hefði þekkt þann stað með vissu aftur. Sjálf höfnin kæmi ekki til greina. Í skýrslunni nefndi Sævar þá Einar



Bollason, Valdimar Olsen, Kristján Viðar, eldri mann, Geirfinn Einarsson og „fleiri menn.“ Þá nefndi Sævar sendibifreið.

26.1.1976 klukkan 06:00, voru Einar Bollason, Magnús Leópoldsson og Valdimar Olsen handteknir og færðir í Síðumúlafangelsi.

*Í fangelsisdagbók eru skráðar þrjár færslur vegna aðgerða lögreglu gagnvart Sævari 26. janúar. Klukkan 18:30-19:10 var hann til viðtals við rannsakendur, aftur klukkan 19:30-19:45 þá á klefa og klukkan 23:10 er skráð viðtal en lok þess eru ekki skráð.*

Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi meðal gagna málsins um þessi viðtöl lögreglu við Sævar.

Samkvæmt þeim gögnum sem lögð voru fyrir dóm var næst tekin lögregluskýrsla af Sævari þann 27. janúar klukkan 00:25-01:50. Tekið er fram í upphafi skýrslunnar að „Að eigin ósk og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Ég vil nú skýra frá öllum atvikum varðandi ferð mína til Keflavíkur og skýra rétt frá öllu.“ Sævar vísar til fyrri framburðar er varðar aðdraganda ferðarinnar til Keflavíkur. Hann segist þó ekki viss um að Einar Bollason hafi verið ekið bifreiðinni. Í Keflavík hafi Sævar farið um borð í bátinn, ásamt þeim Magnúsi, Kristjáni Viðari og þremur öðrum mönnum, þar á meðal Sigurbirni Eiríkssyni og Geirfinni Einarssyni sem Sævar reyndar þekkti ekki á þeim tíma. Erla og Valdimar hafi orðið eftir í landi. Um borð í bátinum hafi Sævar orðið var við læti á þilfarinu og hann svo séð Kristján Viðar slá Geirfinn auk þess sem Sævar hafi séð Magnús og Sigurbjörn leggja til Geirfinns. Geirfinnur hafi við þetta orðið óstöðugur á fótum, reikað að borðstokknum og fallið útbyrðis í sjóinn.

Skráðar færslur í fangelsisdagbók vegna aðgerða lögreglu gagnvart Sævari næstu daga eru eftirfarandi:

*Þann 27. janúar er skráð viðtal á klefa Sævars klukkan 14:10-14:20.*

*Þann 30. janúar er skráð yfirheyrsla lögreglu klukkan 16:50-17:15. Daginn eftir er skráður „biltúr“ lögreglu með Sævar klukkan 16:45-18:30. Þann 1. febrúar er skráð viðtal á klefa klukkan 17:07-17:15.*

*Þann 4. febrúar er skráð yfirheyrsla klukkan 10:40-11:20. Sama dag er skráð viðtal við Sævar klukkan 14:25 til 14:35 og fram kemur í fangelsisdagbók að þar hafi verið „heil hersveit manna“. Þriðja færslan þennan dag er skráð klukkan 19:55-20:10 vegna viðtals lögreglu við Sævar.*

Í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar rannsóknarlögreglumans vegna rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmálanna er skráð undir dagsetningunni 4. febrúar 1976: „Þá hef ég talað við Sævar Ciecieski frekar um þetta mál.“ Fram kemur í yfirlitsskýrslunni að Sævar hafi m.a. nefnt „Elvar nokkurn, sem Sævar telur að sé úr Keflavík. Hann hafi talað við þau Erlu og Sævar um Geirfinnsmálið og virts vita mikið um það og þar á meðal bátsferðina sjálfa.“ Þó skýrsla Eggerts vísi ekki til tímasetninga sést á fangelsisdagbók að lögreglan ræddi þrisvar sinnum við Sævar umræddan dag.

*Þann 6. febrúar er skráð viðtal á klefa Sævars klukkan 16:15-16:35 og „ökufærð“ með Sævar sama dag klukkan 17:00-17:30. Þann 7. febrúar eru skráðar tvær færslur þar sem lögregla fór inn í klefa til Sævars, klukkan 13:20 og 14:00.*

*Þrjár færslur eru skráðar 8. febrúar. Sú fyrsta er þegar Örn Höskuldsson fór inn á klefa Sævars klukkan 15:35, önnur er „ökufærð“ með Sævar klukkan 17:00-17:30. Loks er skráð „eintal“ milli Sævars og lögreglumans klukkan 17:30-17:55.*

Samkvæmt gögnum málsins var næst tekin skýrsla af Sævari þann 10. febrúar og er skýrslutaka skráð klukkan 09:35-10:00. Samkvæmt skýrslunni voru Sævari „sýndar ljósmyndir af 16 mönnum, sem rannsóknarlögreglan telur hugsanlegt, að verið hafi við Dráttarbraut Keflavíkur og/eða í bátsferð þaðan að kvöldi 19. nóvember 1974.“ Sævar sagðist þekkja fyrir vísit á myndunum þá Einar Bollason og Valdimar Olsen en hann sagðist þekkja þá báða í sjón. Þá kannaðist Sævar við Sigurbjörn Eiríksson á mynd en sagðist þó ekki þekkja hann. Sævar fullyrti að Sigurbjörn hefði verið í bátsferðinni en ekki Einar og Valdimar.

Næstu vikur eru skráðar 11 færslur í dagbók Síðumúla-fangelsis er varða Sævar:

*Þann 11. febrúar er skráð að fulltrúi yfirsakadómara hafi „talað stuttlega“ við Sævar klukkan 12:05. Sama dag er skráð að Sævar hafi verið færður fyrir Gísla Pálsson [frá fíkniefnadómi] og Eggert N. Bjarnason klukkan 14:05-14:30.*

*Þann 14. febrúar er skráð viðtal á klefa klukkan 14:05-18:05 og daginn eftir, 15. febrúar, er skráð að Örn Höskuldsson og Eggert N. Bjarnason hafi farið „ökufærð“ með Sævar klukkan 16:00-16:45. Segir svo í fangelsisdagbók: „Sævar reyndi að strjúka hér við dyrnar Örn hljóp hann uppi og er hann nú í handa og fótajárnum fær ekki að reykja og engar eldspýtur.*

*Þann 11. febrúar var Sigurbjörn Eiríksson handtekinn vegna Geirfinnsmáls.*

*Að öðru leyti sem minnsta þjónustu“. Í dagbók Síðumúla-  
fangelsis er ekki skráð hvenær Sævar losnaði úr fótajárnum  
umrætt sinn.*

*Rannsakendur fóru tvisvar inn í klefa til Sævars þann 18.  
febrúar, klukkan 11:00-11:20 og aftur klukkan 17:15.*

*Þann 23. febrúar er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að  
Eggert Bjarnason hafi hringt og sagt að ef „lögfræðingar  
þyrftu að tala við skjólstæðinga sína yrðu þeir að gera það á  
þriðjudögum og föstudögum á milli kl. 18:00-19:00. Ef eitt-  
hvað væri bráðnauðsynlegt yrðu þeir að hafa samband við  
lögreglumann eða fulltrúa sem með málin fara“.*

*Þann 8. mars er skráð viðtal lögreglu við Sævar klukkan  
17:00-17:45. Tvær færslur eru skráðar daginn eftir, viðtal á  
klefa klukkan 12:10 og yfirheyrsla klukkan 17:00-17:45. Að  
lokum er skráð yfirheyrsla yfir Sævari þann 10. mars klukkan  
23:05-23:30.*

*Sem fyrr eru engar nánari upplýsingar eru um þessar yfir-  
heyrslur, viðtöl og ökuferð meðal gagna málsins.*

Þann 11. mars var Sævar færður fyrir sakadóm Reykjavíkur þar sem  
gæsluvarðhald yfir honum var framlengt um 90 daga vegna Guð-  
mundarmáls.

*Í fangelsisdagbók er skráð viðtal við Sævar klukkan 20:35-  
20:40 þann 16. mars en skýrsla liggur ekki fyrir meðal gagna  
málsins.*

Samkvæmt þeim gögnum sem lögð voru fyrir dóm og skráningu í  
fangelsisdagbók var næst tekin skýrsla af Sævari þann 1. apríl fyrir  
sakadómi Reykjavíkur og stýrði Örn Höskuldsson þingi. Í þinghaldinu  
dró Sævar játningu sína til baka í Geirfinnsmálinu. Sagði Sævar fyrri  
skýrslur ekki byggðar á eigin vitneskju heldur frásögnum Erlu.

*Í aprílmánuði 1976 eru skráðar 25 færslur í fangelsisdagbók  
vegna Sævars. Þar af eru tvær færslur vegna fikniefnamáls  
undir stjórn Ásgeirs Friðjónssonar dómara. Einungis liggur  
fyrir ein skýrsla um þessar aðgerðir meðal gagna málsins. Sú  
skýrsla varðar sampröfun Sævars og Alberts sem fram fór  
þann 30. apríl. Um umræddar aðgerðir í aprílmánuði segir í  
fangelsisdagbók:*

*Þann 3. apríl klukkan 15:55-16:30 var Sævar tekinn til  
yfirheyrslu af Sigurbirni Víði samkvæmt skráningu í dagbók*

*Síðumúlafangelsis. Þann 5. apríl tóku Sigurbjörn Viðir og Eggert Sævar til viðtals klukkan 15:30-15:50.*

*Þann 20. apríl er skráir Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður í dagbók Síðumúlafangelsis, að hann hafi borið undir Örn Höskuldsson beiðni Kristjáns Viðars um að fá að ræða við Sævar í áheyrn rannsakenda. Örn hafi tekið þessu vel, en beðið fangavörð að hringja strax í lækni á Kleppi og bera þetta undir hann. „[Læknirinn] var mótfallinn þessu fyrr en hann væri búinn að koma einu sinni enn og tala við Kristján og gera honum grein fyrir því hvað gæti skeð við þessa endurfundi“. Samkvæmt færslu í dagbók Síðumúlafangelsis-ins kom læknirinn sama dag klukkan 20:30 og ræddi við Kristján Viðar „en [læknirinn] telur þó að það sé frekar óæskilegt á þessu stigi málsins“ að samprófa Kristján Viðar og Sævar „vegna huxanlegra áhrifamáttar Sævars á Kr Viðar“.*

*Tvær yfirheyrslur rannsakenda yfir Sævari eru skráðar 22. apríl. Sú fyrri klukkan 10:30-12:00 og sú síðari klukkan 12:50-16:25.*

*Þann 23. apríl klukkan 10:10-11:05 er skráð yfirheyrsla rannsakenda yfir Sævari og viðtal þann saman dag klukkan 15:10-18:20.*

*Þrjú viðtöl rannsakenda við Sævar eru skráð 24. apríl, klukkan 11:25-12:05, klukkan 16:15-17:10 en þá var Hallvarður Einvarðsson meðal viðstaddra og að lokum klukkan 20:30-20:40. Þann 25. apríl klukkan 18:40-19:10 er skráð viðtal rannsakenda við Sævar.*

*Þann 26. apríl klukkan 13:48-15:50 er skráð yfirheyrsla yfir Sævari. Klukkan 16:30 skráir Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður eftirfarandi í dagbók Síðumúlafangelsis vegna Sævars: „Um sama leyti talaði ég við Örn fulltrúa vegna SMC. Tílefnið var að skömmu eftir að þeir fóru vildi SMC fá að tala við Hallvarð. Ég lét færa Sævar fram til mín til að vita hvað hann vildi Hallvarði það var bara þvæla. Ég messaði yfir honum á nokkurn veginn heiðarlegan hátt. Skömmu síðar þurfti að sækja inn mann sem fara átti til Hafnarfjarðar. Þá lá Sævar grenjandi inni á klefa þegar fangaverðir gengu hjá. Örn eða lögreglumaður ætla að koma á næstunni og reyna við helv. einu sinni enn.“*

*Sama dag, 26. apríl, er skráð önnur yfirheyrsla rannsakanda yfir Sævari klukkan 17:10-17:30 og viðtal fangavarðar og rannsakanda við Sævar klukkan 20:10-23:10. Loks er skráð viðtal rannsakenda við Sævar frá 23:50-00:45.*

*Þann 28. apríl klukkan 12:40-13:05 er skráð yfirheyrsla yfir Sævari í dagbók Síðumúlafangelsis. Daginn eftir, þann 29. apríl klukkan 11:35-12:10, er skráð viðtal rannsóknar-lögreglumanns við Sævar. Annað viðtal rannsakenda við Sævar er skráð þann 30. apríl klukkan 14:10-14:40.*

Sem fyrr segir voru Sævar og Albert samprófaðir þann 30. apríl og fór samprófun fram fyrir lögreglu klukkan 14:14-15:34. Viðstaddir samprófunina voru Örn Clausen lögmaður Alberts og Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari. Samkvæmt skýrslu hélt Albert fast í fyrri framburð og rakti fyrir Sævari atburðarásina frá því Sævar hafði hringt í hann aðfaranótt 27. janúar 1974. Sævar sagði þetta ósannindi og spurði Albert hvenær hann hefði komið fyrst til hans að Hamarsbraut. Það sagði Albert hafa verið á aðfangadag árið 1973 þegar Albert hefði ekið Sævari að Grýtubakka til móður sinnar. Þetta sagði Sævar rétt. Albert rakti svo ferð sem hann kvaðst hafa farið með Sævari, Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari um haustið 1974. Sagði Albert að Sævar hefði komið til sín og beðið hann að aka sér sem Albert hefði gert. Þetta sagði Sævar allt ósannindi og tóman uppspuna í Alberti og neitaði því harðlega að þetta hafi átt sér stað.

*Þann 2. maí er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis yfirheyrsla yfir Sævari klukkan 12:05 sem hafi „lokið samstundis“.*

*Þann 5. maí er skráð í fangelsisdagbók samprófun Sævars, Kristjáns Viðars og Erlu klukkan 21:25-22:50. Klukkan 22:50 hafi Kristján Viðar og Sævar verið færðir á klefa en yfirheyrslu yfir Erlu haldið áfram til 00:30. Engar skýrslur eru fyrirleggjandi um þessar aðgerðir lögreglu gagnvart Sævari, Erlu og Kristjáni Viðari.<sup>109</sup>*

<sup>109</sup> Samkvæmt upplýsingum úr harðræðisrannsókn sem gerð var árið 1979 fór fram samprófun Erlu, Kristjáns Viðars og Sævars en eftir rannsóknina þótti sannað að Gunnar Guðmundsson, forstöðumaður fangelsisins að Síðumúla, hefði lostið Sævar kinnhest. Í dómi Hæstaréttar segir um þetta „Af gögnum máls verður ráðið, að við samprófun hinna ákærðu Sævars, Kristjáns og Erlu 5. maí 1976 hafi nafngreindur fangavörður lostið ákærða Sævar kinnhest. Um aðdraganda þessa eru skýrslur óljósar, en þær benda til þess, að ákærði Sævar hafi verið æstur og órór við yfirheyrslu þessa“. Þess ber loks að geta að í framburði Sævars þann 9. mars 1977 kemur fram að Kristján Viðar og Sævari hafi verið samprófaðir í maí 1976.

*Þann 7. maí fór, samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók, lögregla inn á klefa til Sævars klukkan 16:55-18:45. Þá fór fram samprófun Sævars og Erlu klukkan 18:45-21:00. Sama dag er einnig skráð samprófun Sævars og Kristjáns Viðars klukkan 21:25-22:40.*

*Þrjár færslur eru skráðar í fangelsisdagbók þann 8. maí vegna Sævars. Það eru viðtal klukkan 12:45-13:10, viðtal klukkan 13:30-14:45 og annað viðtal á klefa klukkan 19:10-19:35.*

Engar skýrslur liggja fyrir meðal gagna málsins vegna ofangreindra aðgerða rannsakenda gagnvart Sævari.

Fjórða færslan í fangelsisdagbók þann 8. maí er tímasett frá 00:20-03:35 og kemur fram að hún hafi verið að „eigin ósk“. Meðal gagna sem lögð voru fyrir dóm er skýrsla sem tekin var af Sævari þann 8. maí vegna Geirfinnsmáls. Í skýrslunni kemur fram að Sævar hafi mætt til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu að eigin ósk og að „nú vilji hann segja sannleikann í máli þessu“. Í framburði sínu nefndi Sævar Klúbbsmenn, hann bætti við nokkrum viðkomustöðum áður en haldið var af stað til Keflavíkur og að rifrildi sem hann sagði áður hafa farið fram um borð í bátnum hafa farið fram í landi. Sævar sagði Valdimar hafa verið með ríffil sem Sigurbjörn hefði hrifsað af honum og hleypt af skoti sem olli því að maður féll til jarðar.

Næstu daga eru skráðar 12 færslur í dagbók Síðumúla-fangelsis vegna Sævars sem engar nánari upplýsingar liggja fyrir um meðal gagna málsins:

*Tvær færslur eru skráðar 9. maí en það er vegna ferða lögreglu inn á klefa til Sævars klukkan 10:30-10:55 og aftur klukkan 14:25.*

*Þann 12. maí skráir Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður: „Hringir Hallvarður og sagðist hafa náð í Lárus Helgason lækni og ætlar hann að reyna að koma kl. 17:30 í kvöld en gaf þó ekki algylt (sic) loforð þar um. Einnig tjáði Hallvarður mér að Lárus læknir hefði mælt mjög með því, að Ingvar Kristjánsson tæki Sævar til bæna og ætlar Hallvarður að sjá til þess að Ingvar sálfr. verði skrifað bréf og hann beðinn að taka dýrið að sér. Lárus læknir hafi sagt að utan þess að Ingvar væri góður sálfræðingur hefði hann stórgóða þekkingu á afbrotasálfræði og yfirheyrslum í sambandi við það.“*

*Þá er skráð þann 12. maí kl. 15:20 í dagbók Síðumúla-  
fangelsis: „Hringdi Jón Oddsson lögfr. Sævars og sagðist  
vera að útskrifast af spítalanum og vill hann helst koma og  
taka Sævar með látum og hakka hann í sig. Benti ég honum á  
að tala við Víði“. Klukkan 17:30 þennan sama dag skráir  
Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður: „Hringdi Hallvarður  
og spurði um Lárus lækni og rannsóknarlögregm. ég sagði  
Lárus vera hér og sömuleiðis Sigurbj. Víði. Hallvarður gat  
þess að hann væri búinn að boðsenda bréf til Ingvars sál-  
fræðings um að taka skoffnið hann Sævar að sér.“*

*Þann 24. maí er skráð í fangelsisdagbók að upp hafi komist  
um bréfaskriftir Sævars og annars gæslufanga í Síðumúla-  
fangelsi. Þeir voru báðir settir í fótajárn og „skulu vera það  
þangað til annað verður ákveðið“. Í framhaldi af þessu fór  
fram leit í klefa Sævars.*

*Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók var Sævar losaður úr  
fótajárnum þann 4. júní. Þann sama dag er skráð viðtal  
rannsakenda við Sævar, Kristján Viðar og Tryggva Rúnar  
klukkan 21:50. Kukkan 23:50 fóru Kristján Viðar og Tryggvi  
Rúnar á klefa sína, en viðtalinu var fram haldið yfir Sævari  
til 00:07. Daginn eftir eru skráðar tvær aðgerðir lögreglu  
gagnvart Sævari, en hann var færður fyrir lögreglu klukkan  
10:45-23:50 og frá 16:30-17:30.*

*Þá er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að Sævar og Tryggvi  
Rúnar hafi verið færðir fyrir lögreglu þann 7. júní frá 13:45-  
17:15.*

Þann 9. júní var gæsluvarðhald yfir Sævari framlengt um 90 daga fyrir  
sakadómi Reykjavíkur. Samkvæmt færslu í fangelsisdagbók var Sævar  
„fluttur fram til úrskurðar“ og Jón Oddsson, lögmaður Sævars, við-  
staddur. Tók þetta 30 mínútur samkvæmt tímaskráningu fangelsis-  
dagbókar. Samkvæmt gögnum sem lögð voru fyrir dóm var ekki tekin  
skýrsla af Sævari eftir þetta fyrr en 19. ágúst.

*Í fangelsisdagbók er hins vegar 31 færsla um aðgerðir lög-  
reglu gagnvart Sævari á þessu tímabili sem ekki liggja fyrir  
upplýsingar um meðal gagna málsins:*

*Þann 30. júní er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis viðtal  
rannsakenda við Sævar og Tryggva Rúnar klukkan 15:30 en  
lok eru ekki skráð.*

*Þann 12. júlí er skráð af fangaverði að Sævari hafi verið „boðið lyf að venju en neitaði í tvígang að taka það í votta-  
viðurvist tjáði hann okkur, að um væri að kenna hjartveiki  
sinni. En áður hefur komið fram, að mati læknis, að ekkert sé  
að hjartanu í honum. Sævar fær engin lyf þar til annað  
verður ákveðið af lækni. Hinsvegar er það mitt mat, og jafn-  
vel annarra, að ekkert hjarta sé í Sævari Marinó Ciesielski.“*

*Næsta færsla í fangelsisdagbók vegna aðgerða lögreglu  
gagnvart Sævari er 16 dögum síðar eða 16. júlí og er þá  
skráð viðtal rannsakenda við Sævar og Erlu klukkan 17:00-  
20:15.*

*Tvær færslur eru 19. júlí varðandi samprófun Erlu og Sævars  
klukkan 13:30-19:25 annars vegar og „leiðangur“ í kjölfarið  
með Sævari og Erlu klukkan 20:20-20:50 hins vegar. Daginn  
eftir er Sævar yfirheyrður samkvæmt fangelsisdagbók klukk-  
an 10:00-10:15 og seinna þann dag fór fram samprófun  
Sævars og Erlu klukkan 17:50-19:40.*

*Tvær færslur um aðgerðir lögreglu gagnvart Sævari eru í  
fangelsisdagbók þann 22. júlí en það er þegar Sævar er  
færður fyrir rannsakanda og Erlu klukkan 10:35-12:00 og  
vegna samprófunar Sævars og Erlu klukkan 20:25-21:15.*

*Þann 23. júlí er skráð yfirheyrsla yfir Sævari klukkan 09:30-  
10:00, samprófun Sævars og Erlu klukkan 10:00-11:40, ferð  
rannsakenda „suður í hraun“ með Sævar og Erlu klukkan  
13:30-15:00 og loks samprófun Sævars og Erlu klukkan  
22:35-23:50.*

*Þann 24. júlí var Sævar samkvæmt skráningu í fangelsis-  
dagbók færður fyrir rannsóknarlögreglumann klukkan 09:30-  
10:00 og svo aftur frá 21:00-00:15 þar sem Hallvarður  
Einvarðsson var viðstaddur. Daginn eftir var Sævar færður  
fyrir Hallvarð klukkan 14:00-15:55.*

*Þrjár færslur eru skráðar þann 26. júlí vegna Sævars. Í fyrsta  
lagi samprófun Sævars og Erlu klukkan 08:00-09:30. Í öðru  
lagi ferð rannsakenda „út í hraun“ með Sævar og Erlu  
klukkan 13:30-14:45. Í þriðja lagi er skráð samtál rannsak-  
anda við Sævar klukkan 15:00-15:10.*

*Tvær samprófanir Sævars og Erlu fóru fram samkvæmt fang-  
elsisdagbók þann 27. júlí klukkan 08:00-09:30 og klukkan  
13:35-14:50. Daginn eftir er skráð að Sævar hafi verið*



*færður fyrir rannsakanda klukkan 14:25-15:00 og 29. júlí er Sævar færður fyrir m.a. Hallvarð Einvarðsson klukkan 22:00-23:30.*

Í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar rannsóknarlögreglumans vegna rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmálanna um 3. ágúst 1976 segir að fangavörður hafi undanfarna daga rætt nokkuð við Sævar að beiðni Sævars sjálfs. Sævar hafi þá mikið rætt um Elvar Óskarsson og haldið því fram að Elvar gæti örugglega veitt afgerandi upplýsingar í Geirfinnsmálinu og þá um leið sannað sakleysi Sævars í því máli. Sævar segist nú ekki síður hafa sína vitneskju í Geirfinnsmálinu frá Elvari en frá Erlu. Telur Sævar sig geta fengið Elvar til að segja sannleikann og tjá sig um málið ef Sævar fái sjálfur að tala við hann.

Þá er færsla í fyrrnefndri yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar þar sem fram kemur að Eggert hafi verið viðstaddur samræður Sævars og Erlu þann 5. ágúst 1976. Sævar viðurkenndi að átök hefðu átt sér stað á Hamarsbraut og lík Guðmundar hefði verið fjarlægð úr íbúðinni, en neitaði að hafa sparkað í Guðmund og hafa farið með lík Guðmundar á brott með þeim Alberti, Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari.

*Þann 8. ágúst skráir Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður í dagbók Síðumúlafangelsis klukkan 16:40: „Fór Hallvarður án þess að ég gæti talað við hann ég var að tala við Sævar. Árangur lítill.“*

*Þann 17. ágúst, eða 9 dögum síðar, er skráð leit í klefum í Síðumúlafangelsi klukkan 15:25, viðstaddir voru Örn Höskuldsson, Karl Schütz og fleiri. Klukkan 17:10 þann sama dag yfirheyrði Schütz Sævar á klefa. Í dagbók Síðumúlafangelsis segir „Hann [Schütz] mun hafa sagt Sævari að fá hjá okkur pappír og penna og skrifa á hann minnispunkta fyrir yfirheyrslurnar en muna það að ljúga ekki pappírinn og pennann fær hann ekki fyrr en Örn gæfi grænt ljós þar um“.*

Engar skýrslur vegna þessara aðgerða rannsakenda gagnvart Sævari eru meðal gagna málsins.

Þann 19. ágúst fór fram þriggja mínútna skýrslutaka, klukkan 20:24-20:27. Fram kemur að Sævar hafi verið færður til viðtals og sýndar myndir af sendibifreiðum, til að bera kennsl á bifreiðina sem hefði verið í Keflavík þann 19. nóvember 1974. Sævar sagðist „rangi maðurinn í málinu“ og gæti ekki borið kennsl á bifreiðina því hann hafi ekki verið í Dráttarbrautinni umrætt kvöld. Þá kemur fram í skýrslunni að Sævar hafi virst mjög óstyrkur á taugum.

*Samkvæmt færslu í fangelsisdagbók afhenti Sævar lögreglu bréf til Karls Schütz þann 24. ágúst klukkan 12:45.*

*Þann 30. ágúst er skráð í fangelsisdagbók að m.a. Karl Schütz og Dr. Kisling hafi komið í fangelsið „breiddi sá síðarnefndi úr tækjum sínum á varðstofuskrifborðið (smásjá og m.fl.) og var Sævar færður til þeirra og tekin af honum rithandarsýnishorn o.fl.“ Samkvæmt tímaskráningu í fangelsisdagbók var þetta gert klukkan 11:25-11:40.*

*Þann 6. september er skráð viðtal Schütz við Sævar klukkan 18:32-18:40. Engar frekari upplýsingar um er að finna um þetta meðal fyrirliggjandi gagna málsins.*

Gæsluvarðhald yfir Sævari var framlengt um 90 daga vegna Guðmundarmáls þann 7. september 1976. Þannig var samkvæmt gögnum sem lögð voru fyrir dóm ekki tekin lögregluskýrsla af Sævari vegna Guðmundarmáls frá því að gæsluvarðhald var síðast framlengt um 90 daga þann 9. júní þar til það var framlengt á ný. Vegna Geirfinnsmáls liggur fyrir ein formleg skýrsla af Sævari frá tímabilinu 9. júní til 7. september en samkvæmt skýrslunni sem dagsett er 19. ágúst sagðist Sævar ekki viðriðinn málið.

*Þann 10. september skráir Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður í dagbók Síðumúlafangelsis: „Sú breyting hefur orðið á högum Sævars í dag að hann fær að hafa tóbakið og eldfærin inni hjá sér og einnig er meiningin að hann fái að fara út í 15 mínútur á dag.“*

*Samkvæmt fangelsisdagbók gekkst Sævar undir lygamælingaþróf þann 13. september.*

Þann 20. september var skýrsla tekin af Sævari vegna Guðmundarmálsins og hófst hún klukkan 14:00 og lauk 19:00. Þrátt fyrir fimm klukkustunda yfirheyrslu er skýrslan tæp hálf blaðsíða að lengd. Samkvæmt upplýsingum í upphafi skýrslunnar var hún tekin til að spyrja Sævar hvort hann myndi hvoru megin Guðmundur hafi verið settur inn í bifreiðina sem hann var fluttur í frá Hamarsbraut 11 aðfararnótt 27. janúar 1974. Það eina sem haft er eftir Sævari í skýrslunni er að hann telji að Albert hafi ekið bifreiðinni að húsinu þannig að „framhluti bílsins snéri niður“ og því gæti Sævar ályktað að Guðmundur hafi verið settur inn í bifreiðina vinstra megin, en það skyldi tekið fram að Albert hefði komið inn í forstofuna.

*Seinna sama kvöld er skráð í fangelsisdagbók „rabb“ milli lögreglumanns og Sævars, sem lauk klukkan 21:10 en upphaf þess er ekki skráð. Þá var Sævar samkvæmt færslu í fangelsisdagbók færður fyrir lögreglumann þann 21. september klukkan 15:20.*

*Þann 22. september er skráð yfirheyrsla Schütz yfir Sævari klukkan 15:50-18:05.*

*Þann 29. september er skráð í fangelsisdagbók yfirheyrsla klukkan 19:55-01:05.*

Engar upplýsingar um þetta eru meðal gagna málsins.

Þann 30. september var tekin skýrsla af Sævari klukkan 14:00-21:05. Í lok skýrslunnar kemur fram að Sævari hafi verið ljóst að yfirheyrslan hafi staðið í meira en 6 klukkustundir samfleytt, en hann óskaði þess að haldið yrði áfram uns skýrslutökunni væri lokið hvað sem tímanum liði. Skýrslan er undirrituð af Sævari, og vottuð af Jóni Oddssyni lögmanni Sævars. Í fangelsisdagbók er þessi yfirheyrsla skráð klukkan 13:50-22:45 og þess getið að yfirheyrslan hafi staðið lengur en lögboðna 6 tíma með vitund og vilja Sævars. Yfirheyrslan var vegna Guðmundarmáls. Í skýrslunni greindi Sævar nánar frá atburðarás kvöldsins þann 26. janúar 1974, hvar hann var staddur og hvað hann aðhafðist. Þá greindi Sævar nánar frá atburðarás aðfararnætur 27. janúar. Meðal þess sem kemur fram í framburði Sævars eru áflogin við Guðmund, hnifur, saurlykt sem kom þegar Guðmundur var stunginn, og rúmlakið. Þessu næst fjallar Sævar um að hann og Albert hefðu aðstoðað við að bera líkið og lýsti leiðinni nokkuð nákvæmlega, hvert var ekið með líkið og hvert var ekið eftir að þeir losuðu sig við líkið.

Þann 1. október var farið með Sævar í vettvangsferð klukkan 13:10-17:10, en samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu hafði Sævar látið í ljós við yfirheyrslu daginn áður að hann vildi gera sitt besta til að vísa á hvar hann og félagar hans urðu lík Guðmundar. Farið var suður fyrir Hafnarfjörð og leitað að líki Guðmundar í hrauninu en án árangurs. Sævar hafði orð á því að líkið hafi verið sett í sprungu til bráðabirgða og svo líklega flutt. Hann sagðist hins vegar ekki vita um líkið því hann hefði ekki tekið þátt í flutningnum, hann hafi setið eftir í bílnum en þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hefðu borið líkið út í hraun.

*Viðtal við Sævar var skráð í fangelsisdagbók þann 2. október klukkan 13:20-16:10 og yfirheyrsla þann 4. október klukkan 12:30-14:40, að fulltrúa sakadómara viðstöddum.*

Þann 5. október var bæði farið í vettvangsferð með Sævar og tekin af honum lögregluskýrsla. Samkvæmt tímaskráningu í fangelsisdagbók stóð vettvangsferðin frá klukkan 10:15 til 11:55. Í skýrslu um vettvangsferðina segir að lögreglan hafi farið með Sævar í Fossvogskirkjugarð en hann hafi kvöldið áður viðurkennt við yfirheyrslur hjá Rúnari Sigurðssyni lögreglumanni að lík Guðmundar hefði verið flutt þangað í ágúst 1974. Engin skýrsla er fyrirbyggjandi meðal gagna málsins um yfirheyrslu Rúnars né virðist hún tilgreind í fangelsisdagbók. Sævar benti á ákveðinn stað í kirkjugarðinum en könnun, í samvinnu við yfirverkstjóra kirkjugarðsins, leiddi í ljós að ekki virtist hafa verið hróflað við jarðveginum á umræddu svæði.

Um kvöldið sama dag var tekin lögregluskýrsla af Sævari klukkan 21:10-22:15. Þá gerði Sævar grein fyrir því að hann og Kristján Viðar hefðu ákveðið að flytja lík Guðmundar Einarssonar í ágústmánuði 1974. Hefðu þeir beðið Albert að aka sér í Hafnarfjarðarhraun, sett líkamsleifar Guðmundar í bílinn og ekið að Grettisgötu þar sem þeir hefðu haldið til fram að miðnætti. Þá hefðu þeir farið í Fossvogskirkjugarð og fundið stað fyrir líkamsleifar Guðmundar.

Lögregluskýrsla af Sævari er fyrirbyggjandi meðal gagnanna sem lögð voru fyrir dóm frá 6. október. Um er að ræða upplýsingaskýrslu eða frásögn lögreglu. Í henni segir að lögregla hafi yfirheyrt Sævar um málið og að hann segði það ekki fara á milli mála að líkamsleifar Guðmundar væru í Fossvogskirkjugarði og að hnífur Kristjáns Viðars hefði verið grafinn með. Skýrslan er ekki tímasett en þann 6. október er skráð í fangelsisdagbók yfirheyrsla yfir Sævari klukkan 20:30-22:57.

Næstu daga eru skráðar 12 færslur í fangelsisdagbók vegna aðgerða lögreglu gagnvart Sævari.

*Þann 7. október er skráð að rannsakendur hafi farið með Sævar í „öku- og labbitúr“ klukkan 09:55-10:55 og viðtal klukkan 21:15-00:30.*

*Þann 8. október er skráð að lögreglumaður hafi farið inn á klefa til Sævars klukkan 22:20-23:30 og daginn eftir er skráð yfirheyrsla rannsakenda yfir Sævari klukkan 11:15-11:25.*

*Þann 11. október er skráð að tveir rannsakenda hafi farið inn á klefa til Sævars klukkan 11:00-11:40.*

*Tvær færslur eru skráðar í fangelsisdagbók þann 14. október um aðgerðir lögreglu gagnvart Sævari. Annars vegar þegar rannsakandi fer inn á klefa Sævars klukkan 17:45-19:10 og*

*hins vegar skýrslutaka klukkan 20:55-00:40. Daginn eftir er skráð í fangelsisdagbók að lögregla hafi farið með Sævar „út úr húsi“ klukkan 16:20-17:55.*

*Þann 16. október er skráð að rannsakandi hafi farið inn á klefa til Sævars klukkan 15:30-15:50 og þann 18. október er skráð að Sævar hafi verið færður fyrir lögreglumann klukkan 17:55-18:45. Þann 19. október er skráð „viðring“ á Sævari klukkan 14:30 og að komið hafi verið hann aftur úr „Vatnsmýrinni“ klukkan 15:20.*

*Þann 21. október er skráð að lögreglumenn hafi farið með Sævar fyrir Schütz klukkan 13:55-14:55.*

Engin gögn liggja fyrir um þessar aðgerðir lögreglu og því ekki vitað nánar hvað fór fram.

Þann 22. október var Sævar yfirheyrður í Síðumúlafangelsinu m.a. af Schütz. Einungis upplýsingaskýrsla lögreglumannsins Rúnars Sigurðssonar liggur fyrir vegna yfirheyrslunnar, en ekki undirrituð lögregluskýrsla. Yfirheyrslan er ótímasett en í fangelsisdagbók er skráð yfirheyrsla yfir Sævari klukkan 10:30-12:15. Samkvæmt skýrslunni neitaði Sævar því alfarið að hafa verið í Keflavík þann 19. nóvember 1974 og vita nokkuð um hvarf Geirfinns. Áttu sér stað „nokkrar viðræður milli Sævars og Schütz varðandi ýmis atriði tengd málinu“. Sérstaklega aðspurður greindi Sævar frá því að hann hafi sótt kápu Erlu til Bjarna Þórs Þorvaldsonar og taldi að hann hefði farið með kápuna að Grýtubakka og þar ætti hún að hanga inni í skáp eða í geymslu. Samkvæmt upplýsingaskýrslu Rúnars Sigurðssonar lögreglumanns stóðu viðræður Schütz og Sævars í u.þ.b. klukkustund. Þá er meðal gagna málsins upplýsingaskýrsla dagsett 22. október þar sem segir að Sigurbjörn Viðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður hafi rætt lítilsháttar við Sævar í klefa hans og Sævar hafi sagt frá kápunni hjá Bjarna Þór Þorvaldssyni.

*Þrjár færslur eru skráðar í dagbók Síðumúlafangelsis þann 23. október er varða aðgerðir rannsakenda gagnvart Sævari. Fyrst var Sævar færður fyrir rannsakanda klukkan 10:50-12:15, og aftur klukkan 18:00-23:00 og loks er Sævar færður til viðtals við Schütz klukkan 00:50-01:34.*

Ekki liggja fyrir upplýsingar vegna þessara aðgerða lögreglu meðal gagna málsins.

Þann 27. október var tekin lögregluskýrsla af Sævari og tekið er fram í upphafi hennar að Sævar vilji skýra sjálfstætt frá vitneskju sem hann

búi yfir varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar. Í lok lögregluskýrslunnar kemur fram að Sævari sé ljóst að skýrslutaka þessi hafi farið fram úr 6 klukkustundum en hann hafði verið til yfirheyrslu í Borgartúni 7 klukkan 13:00-18:00 er hann var fluttur í Síðumúlafangelsi þar sem skýrslutaka hófst kl. 18:00 og stóð til 22:00. Framburður Sævars í lögregluskýrslunni er fremur ítarlegur og breyttur frá því sem áður var.

Í skýrslunni er haft eftir Sævari að Kristján Viðar hafi hringt í sig þann 18. nóvember 1974 og beðið sig að koma til Keflavíkur til að taka þátt í áfengissmygli. Sævar greinir nú frá kvikmyndasýningu sem hann hefði verið viðstaddur að Kjarvalsstöðum þann 19. nóvember 1974. Þá nefnir Sævar ónafngreindan ökumann sem ók þeim til Keflavíkur. Ökumaðurinn afhenti Kristjáni Viðari bréfmiða og sagði Kristjáni Viðari að hringja í Geirfinn úr Hafnarbúðinni sem Kristján Viðar og gerði. Sævar gat ekki fjórmeninganna í þessari skýrslu. Sævar greinir frá því að átök hafi átt sér stað í Dráttarbrautinni, áráarmaðurinn væri óþekktur en Sævar lýsti honum. Sævar greindi frá sendibifreið og að Erla hefði komið heim daginn en hún hefði ferðast „á puttanum“ frá Keflavík.

Næst var tekin skýrsla af Sævari þann 28. október en þá sagði Sævar frá því að í nóvember 1974 hafi maður að nafni Guðjón Skarphéðinsson haft samband við sig og spurt hvort Sævar gæti selt fyrir sig spíra. Í skýrslunni kemur fram að Sævar greindi frá þybbnum manni sem hafi tekið þátt í atburðarásinni í Dráttarbrautinni. Sævar greindi frá flutningi líks Geirfinns að Grettisgötu og geymslu þess þar. Líkið hafi síðar verið flutt í Land Rover bifreið austur í Grafning. Loks ber að nefna að framburður Sævars um kápu Erlu breyttist samkvæmt þessari skýrslu. Yfirheyrslan hófst klukkan 14:45 og lauk klukkan 24:00. Í lok skýrslunnar segir að mætta væri kunnert um það að hann hafi verið lengur en 6 klukkustundir í yfirheyrslu og að hann gæfi samþykki sitt til þess að halda áfram uns skýrslan væri fullgerð.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar lögreglumanns fór lögreglan daginn eftir austur í Grafning vegna framburðar Sævars um að lík Geirfinns hefði verið urðað þar þann 23. nóvember 1974. Sævar hafði gert lauslegan uppdrátt af staðnum og átti líkið að vera urðað einhversstaðar milli Hagavíkur og Villingavatns. Lögreglan fór fyrst án Sævars en síðar var ákveðið að fara með Sævar. Það kemur heim og saman við skráningu í fangelsisdagbók um „ökutúr“ klukkan 14:50-18:50. Í Grafningnum var rutt grjóti frá þeim stað sem Sævar benti á en ekkert fannst. Þann 30. október fór lögreglan aftur austur í Grafning með verkfæri til að leita af sér allan grun.

*Þann 30. október eru skráðar tvær færslur í fangelsisdagbók. Þær eru um að lögreglumaður fari inn á klefa til Sævars klukkan 09:55-10:05 og yfirheyrslu klukkan 18:15-20:20.*

*Daginn eftir var Sævar færður fyrir lögreglumann klukkan 20:55-22:30 og þann 3. nóvember var Sævar færður fyrir Schütz klukkan 19:28-20:25.*

Engar skýrslur liggja fyrir meðal gagna málsins vegna þessa.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu var Sævar þann 4. nóvember yfirheyrður af Schütz. Fjallað er um hvort Sigurbjörn Eiríksson hafi farið til Keflavíkur þann 19. nóvember 1974. Fram kemur að Sævari hafi verið kynntur framburður Erlu þess efnis að hún hafi séð Sigurbjörn „margberja“ Geirfinn með spýtu. Samkvæmt skýrslunni sagði Sævar Kristján Viðar hafa látið Erlu „skjóta Geirfinn“ og Sigurbjörn hefði verið með í ferðinni. Sævar sagði samkvæmt skýrslunni að lík Geirfinns hefði verið flutt að Þingvallavatni. Í lok upplýsingaskýrslunnar kemur fram að að yfirheyrslu lokinni hafi Sævar verið fluttur í Síðumúlafangelsi af Jónasi Bjarnasyni og Grétari Sæmundssyni. Sævar er sagður hafa kvartað mikið undan því á leiðinni að sér væri ekki trúað og sagði m.a. að allt sem hann hefði sagt í löngu skýrslunni sem hann hefði gefið síðast væri satt. Hann hefði ekkert meira um málið að segja. Lögreglumennirnir bentu Sævari á að ef þeir ættu að trúa honum yrði hann að gefa þeim eitthvað áþreifanlegt, t.d. hvar lík Geirfinns væri. Sævar ítrekaði að lík Geirfinns væri austur í Þingvallavatni. Samkvæmt skýrslunni sögðu lögreglumennirnir það ekki satt, en á þeim tíma er atburðirnir áttu sér stað hefði engan bát verið að fá. Sævar sagði, samkvæmt skýrslunni að Geirfinnur hefði verið grafinn einhverstaðar í Grafningnum, en hann væri ekki viss á staðnum. Þegar Sævari hefði bent á að ekkert hafi verið á staðnum sem hann hafi bent á í Grafningnum hefði hann svarað því til að Guðjón hefði grafið Geirfinn upp, eftir að Sævar lenti í fangelsinu og hent Geirfinni í vatnið. Þann 6. nóvember er skráð að Sævar hafi óskað eftir að fá samband við rannsóknarlögregluna og tekin var af honum skýrsla klukkan 18:55-22:50. Sævar greindi þar frá „spíraflutningsbát“ og kvartaði undan einangruninni. Í skýrslunni kemur fram að Sævari hafi verið tjáð „að hann skapi sér þetta sjálfur með röngum framburði í sífellu“. Í skýrslunni kemur fram að farið hafi verið til Keflavíkur á Land Rover bifreið þeirra Erlu. Geirfinnur hafi aldrei verið fluttur í Grafning eða að Þingvallavatni. Guðjón hafi fundið stað „suður í hrauni“ og lík Geirfinns flutt þangað í Land Rover bifreiðinni að næurlagi. Sævar greindi einnig frá „lyftingarmanni“ í framburði sínum.

Þann 8. nóvember var Sævar yfirheyrður að nýju samkvæmt upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar lögreglumanns þar um. Yfirheyrslan er ótímasett bæði í upplýsingaskýrslunni og í fangelsisdagbók. Í upplýsingaskýrslunni kemur fram að Sævar „vilji segja sannleikan um hvar lík Geirfinns Einarssonar væri niðurkomið“. Samkvæmt upplýsingaskýrslunni nefndi Sævar Álftanes og tekið er fram að farið hafi verið með Sævar á stað sem hann hefði teiknað upp en ekki er að sjá að Sævar hafi farið í vettvangsferð samkvæmt skráningum í fangelsisdagbók þennan dag.

*Þann 8. nóvember eru skráðar þrjár færslur um aðgerðir lögreglu gagnvart Sævari í fangelsisdagbók. Sú fyrsta er um að Sævar hafi verið færður fyrir Schütz klukkan 14:35-14:45, önnur varðandi um að Schütz komi í Síðumúla til að ræða við Sævar klukkan 16:30-17:05 og sú þriðja er um að Schütz taki Sævar til viðtals klukkan 20:40-21:30.*

Engar skýrslur eru fyrirbyggjandi vegna þessara aðgerða.

Lögreglumenn fóru með Sævar út á Álftanes í leit að líki Geirfinns þann 9. nóvember. Í lögregluskýrslunni kemur fram að í yfirheyrslum yfir Alberti frá því í september 1976 hafi Albert bent á sama stað.<sup>110</sup> Þennan sama dag var Sævar yfirheyrður í Síðumúlafangelsi af rannsóknarnefnd Reykjavíkur klukkan 17:30-23:30. Sævar gaf heildstæðan framburð um atburðarás og aðdraganda Geirfinnsmálsins. Þann 11. nóvember sýndi Sævar, að beiðni lögreglu, hvernig bifreiðarnar hefðu verið stöðvaðar í nánd við Grettisgötu 82 þann 19. nóvember 1974. Samkvæmt fangelsisdagbók fór fram skýrslutaka þann 11. nóvember klukkan 13:00-13:18.

*Þann 11. nóvember er einnig skráð í fangelsisdagbók að Schütz hafi farið með Sævar úr húsi klukkan 13:18-15:00 en upplýsingar um hvert var farið liggja ekki fyrir meðal gagna málsins.*

*Sama dag bókar og undirritar Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður í dagbók Síðumúlafangelsis: „Karl Schutz óskar eindregið eftir því að fangaverðir ræði ekki við Sævar um sakamálin að mér einum undanteknum. Ég óska eindregið eftir því að farið verði eftir þessari beiðni Schutz því eins og hann segir er nóg komið af lyginni aftur og bak og áfram.*

<sup>110</sup> Það skal áréttað í þessu samhengi að Albert var ekki grunaður um aðild að Geirfinnsmálinu.



*Schutz segir að ég gæti metið hvort um grænt ljós væri að ræða. Þess vegna ætti ég einn að hafa samband við þá.“*

Sævar mætti í skýrslutöku þann 15. nóvember sem er tímasett klukkan 11:00-12:10. Lögreglan spurði Sævar sérstaklega um samskipti sín við Guðjón og hvað þeim hefði farið á milli þann 12. desember 1975 þegar Sævar var handtekinn. Sævar sagðist hafa neitað að opna fyrir lögreglunni, þegar hún kom heim til Sævars þann 12. desember, og sagðist Sævar hafa hringt strax í Guðjón og sagði honum að það ætti að handtaka sig. Guðjón hafi sagt Sævari að „þegja um það sem [hann] vissi“ og segist Sævar alveg viss um að það síðasta sem Guðjón hafi sagt í síman „Gefðu ekki neitt upp sem þú veist um Geirfinnsmálið“. Sagðist Sævar þessu næst, áður en lögreglan komst inn, hafa hringt í Ásgeir Friðjónsson fíkniefnadómara og í lögmann en án árangurs. Guðjón hafi svo hringt aftur í Sævar og sagt „Ég ætla að halda mig utan við smyglið þú verður að redda þessu“. Skýrslan var lögð fyrir dóm.

*Sama dag er skráð í fangelsisdagbók að Sævar hafi undirritað skýrslu klukkan 12:45-13:15. Einnig er skráð að Schütz hafi tekið Sævar fram í augnablik klukkan 16:15 þennan dag. Þann 16. nóvember er skráð yfirheyrsla Schütz klukkan 17:55-19:50.*

Engar skýrslur liggja fyrir vegna þessa meðal gagna málsins.

Upplýsingaskýrsla Schütz dagsett 16. nóvember, sem lögð var fyrir dóm, fjallar um viðræður hans við Sævar sama dag. Skýrslan greinir ekki frá tímasetningum viðræðna. Í upplýsingaskýrslunni kemur fram að Sævar hafi greint frá símtali sínu til Guðjóns frá Kaupmannahöfn í byrjun mars 1975. Ástæða símtalsins hafi verið til að fá upplýsingar um póstsvikamálið og um Geirfinnsmálið. Guðjón hefði sagt að lögreglan væri á villigötum með Geirfinnsmálið. Í upplýsingaskýrslum Haraldar Árnasonar, lögreglumanns og Jónasar Bjarnasonar lögreglumanns, kemur fram að þann 17. nóvember hafi verið farið með Sævar út á Álftanes. Í upplýsingaskýrslu Jónasar greinir frá því að á Álftanesi hafi Sævar bent á stað í fjörunni, neðan við bæinn Hausastaði og sagt að þar hafi hann og Kristján Viðar grafið lík Geirfinns Einarssonar. Þá greinir ennfremur í upplýsingaskýrslu Jónasar að þann 18. nóvember hafi lögreglumenn fengið vélskóflu, ásamt stjórnanda, sem hefði grafið upp sandinn á umræddum stað og einnig allt svæði þar um kring. Grafið hafi verið niður í fast grjót en án árangurs.

Samkvæmt lögregluskýrslu var Sævar yfirheyrður þann 17. nóvember í Síðumúlafangelsi og hann spurður sérstaklega um kynni sína af

Guðjóni. Þá fjallaði Sævar um samband sitt við Erlu í skýrslunni. Yfirheyrslan hófst klukkan 22:00 og lauk klukkan 22:25.

*Í fangelsisdagbók er skráð þann 18. nóvember að Schütz hafi tekið Sævar til viðtals klukkan 13:45-15:38 og aftur þann 20. nóvember klukkan 16:45-18:30. Þá er skráð yfirheyrsla þann 21. nóvember klukkan 15:25-16:15.*

Engar skýrslur um þetta eru fyrirbyggjandi meðal gagna málsins.

Samkvæmt upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar lögreglumanns, sem lögð var fyrir dóm, lagði hann nokkrar spurningar fyrir Sævar þann 25. nóvember. Í upphafi skýrslunnar segir að Jónas hafi lagt fast að Sævari að „segja satt frá, en svara þeim ekki að öðrum kosti, þar sem röng svör gerðu engum gagn heldur lengdu aðeins gæsluvarðhaldsvist hans“. Samkvæmt skýrslunni dró Sævar fyrri framburð sinn um að Guðjón hefði ekið til Keflavíkur til baka en greindi jafnframt frá því að vafalaust hefði Guðjón þó verið í Keflavík umrætt kvöld. Sævar greindi samkvæmt skýrslunni frá dökkblárrí Volvo bifreið og ónafngreindum ökumanni. Fram kemur í skýrslunni að líkið hafi í fyrstu verið flutt frá Grettisgötu 82 út á Álftanes og falið þar í hrauninu. Ónafngreindir menn hafi hins vegar verið óánægðir með þennan felustað vegna þess að á þeim stað yrði fljótlega byggt og líkið myndi þá finnast. Hafi líkið þá verið flutt suður í fjöru og grafið þar í sand. Jónas spurði Sævar hverjir hefðu viljað láta flytja líkið, en var Sævar „mjög tregur til að svara, en sagði síðan að þar hefðu verið um að ræða Þórhall Leifsson. Ingimar Jóhannsson (í Bílrúðunni) hefði vitað um þetta“. Í skýrslunni er greint frá því að Sævar hafi gefið í skyn að sá síðarnefndi hefði ekið til Keflavíkur en vildi þó ekki staðfesta það. Samkvæmt tímaskráningu í fangelsisdagbók fór Jónas inn á klefa til Sævars klukkan 16:45-19:05.

*Samkvæmt skráningum í fangelsisdagbók fór lögreglumaður inn á klefa til Sævars þann 28. nóvember klukkan 13:55-14:10 og aftur þann 29. nóvember klukkan 16:35-18:00.*

Engar skýrslur eru fyrirbyggjandi um þetta meðal gagna málsins.

Samkvæmt þeim gögnum sem lögð voru fyrir dóm var Sævar næst yfirheyrður þann 30. nóvember en um yfirheyrsluna liggur fyrir upplýsingaskýrsla Jónasar Bjarnasonar lögreglumanns. Voru lagðar fyrir Sævar „nokkrar spurningar vegna upplýsinga frá Guðjóni Skarphéðinssyni er hann var yfirheyrður 29. sama mán“. Í skýrslunni eru spurningarnar tilgreindar, og svör Sævars við þeim. Sævar greindi frá afnot-

um hans af sendibifreiðum árið 1974 sem og til hvaða sendibifreiða hann hafi þekkt það árið. Sævar nefndi í skýrslunni nokkra aðila þar á meðal Þórhall Leifsson og frænda Kristjáns Viðars, Sigurð Óttar Hreinsson, sem á þessum tíma hefði ekið sendibifreið. Sævar er spurður að því hvort hann hafi farið í bifreið með Guðjóni til Keflavíkur og svarar Sævar því til að hann hafi einungis einu sinni gert það. Það hafi verið að kvöldlagi fyrirpart nóvember 1974, að hann minnir, en Guðjón hafi farið í hús í Keflavík og stoppað þar inni í hálf tíma, á meðan Sævar og Sigvaldi Ásgeirsson biðu úti í bifreið Sigvalda. Sævar greindi einnig frá því að hann og Erla hefðu eitt sinn verið á akstri í Keflavík á blárri Volkswagen bifreið. Sævar sagðist aðspurður hafa hitt Guðjón á Kaffi Mokka þann 20. nóvember og þeir rætt þar um Geirfínn. Sævar benti í skýrslunni á Braga Bergsteinsson sem hefði tekið þátt í líkflutningum eða verið á Grettisgötunni, þegar til stóð að flytja líkið.

Daginn eftir, þann 1. desember, var samkvæmt upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar farið með Sævar í vettvangsferð til Keflavíkur og hann beðinn um að benda á húsið sem Guðjón hefði farið í. Sævar hafi bent á röð húsa á Faxabrautinni en ekki geta sagt hvert húsanna það hefði verið. Samkvæmt tímaskráningu í fangelsisdagbók var Sævar sóttur í Síðumúlafangelsi þann 1. desember klukkan 13:15 og kom hann þangað aftur klukkan 16:25.

*Lögreglumaður fór inn á klefa til Sævars þann 3. desember frá klukkan 00:20-00:40 og þann 4. desember klukkan 17:00-17:32 samkvæmt skráningum í fangelsisdagbók Síðumúlafangelsis.*

*Þá er skráð viðtal Schütz við Sævar þann 5. desember klukkan 15:50-17:35 auk þess sem Sævar var færður fyrir lögreglumann þann sama dag klukkan 22:45-23:30.*

Engar skýrslur liggja fyrir vegna þessa meðal gagna málsins.

Þann 6. desember mætti Sævar fyrir dóm hjá Erni Höskuldssyni, fulltrúa yfirsakadómará, og sagðist samkvæmt skýrslu ekki hafa farið til Keflavíkur þann 19. nóvember 1974.

Ekki er fjallað um ástæður fyrir breyttum framburði Sævars í endurriti sakadóms. Þar kemur einungis fram að Sævar hafi borið að Guðjón hefði greitt sér 500.000 kr. fyrir að nefna nöfn Klúbbsmanna og hefði Sævar átt að fá 500.000 kr. í viðbót að málinu loknu.

Í framhaldi af skýrslutökunni var gæsluvarðhald yfir Sævari framlengt um 150 daga vegna Guðmundar- og Geirfínsmálanna.

*Þann 6. desember fór lögreglumaður inn á klefa til Sævars klukkan 23:00-23:34 samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók. Þá er skráð í fangelsisdagbók að Schütz hafi rætt við Sævar þann 7. desember klukkan 16:50-19:15.*

*Þann 8. desember er skráð að lögreglumenn hafi farið með Sævar í „bíltúr“ klukkan 13:30-15:10 og hann færður fyrir lögreglumenn klukkan 20:20-22:10.*

*Þann 9. desember er skráð önnur bilferð lögreglumanna með Sævar klukkan 13:00-14:05.*

Engar skýrslur liggja fyrir um þetta meðal gagna málsins.

Sama dag, 9. desember, var Sævar yfirheyrður en skýrslan telur tæpar 11 blaðsíður og er efni hennar ítarlegt. Í yfirheyrslunni greindi Sævar m.a. frá undirbúningi og aðdraganda Keflavíkurferðarinnar, atburðum kvöldsins 19. nóvember 1974 og að líkið hafi verið grafið í Rauðhólum. Ekki er fjallað í skýrslunni um ástæður fyrir breyttum framburði Sævars. Skýrslutaka hófst klukkan 17:30 og lauk klukkan 23:30 samkvæmt skýrslu.

Um það er fjallað í upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar, sem er dagsett 30. desember 1976, að þann 10. desember hafi verið farið með Sævar að Rauðhólum í leit að líki Geirfinns. Samkvæmt upplýsingum úr skýrslunni var jarðýta fengin til leitarinnar en leit hefði ekki borið árangur.

*Næstu daga eru í fangelsisdagbók Síðumúlafangelsis skráðar 13 færslur vegna aðgerða rannsakenda gagnvart Sævari, sem ekki eru gögn eða upplýsingar um meðal ganga málsins.*

*Þann 13. desember er skráð í fangelsisdagbók „bíltúr“ með Sævar klukkan 10:55-11:45, „stutt stopp“ fulltrúa sakadómara á klefa Sævars klukkan 17:30 og loks var Sævar færður fyrir lögreglu klukkan 22:30-23:40.*

*Þann 14. desember er skráð að lögreglumaður hafi farið inná klefa til Sævars klukkan 18:10-19:10.*

*Daginn eftir er skráð „bíltúr“ með Schütz klukkan 13:10-14:10 og í kjölfarið að Schütz hefi rætt við Sævar klukkan 14:10-14:35 í Síðumúlafangelsinu.*

*Tvær færslur eru skráðar vegna Sævars þann 16. desember, annars vegar „bíltúr“ með Schütz klukkan 10:20-12:10 og hins vegar að lögreglumaður hafi sótt Sævar og farið með hann klukkan 13:20-14:50.*

*Þann 18. desember kemur fram í fangelsisdagbók að lög-  
reglumenn hafi rætt við Sævar í Síðumúlafangelsinu klukkan  
14:40-15:45 og símtal Sævars við lögreglumann er skráð  
klukkan 21:15-21:23.*

*Þá eru þrjár skráningar í fangelsisdagbók þann 21. desember  
varðandi Sævar, það er í fyrsta lagi um að lögreglumaður  
fari inn á klefa til Sævars klukkan 17:20-18:00, í annan stað  
er skráð að lögreglumaður fari inn á klefa til Sævars klukkan  
21:30-22:00 og loks að lögreglumaður fari inn á klefa til  
Sævars klukkan 22:10-00:04.*

Engar skýrslur liggja fyrir vegna þessa meðal gagna málsins.

Þann 22. desember var dómþing sakadóms háð í Síðumúlafangelsi. Í  
dómskýrslu kemur fram að Sævar „skýri sjálfstætt frá málsatvikum  
greint sinn“. Í skýrslunni kemur fram að áður en Erla og Sævar hefðu  
farið til Kaupmannahafnar hafi þau rætt um að blanda öðrum í málið  
og síðar rætt við Kristján Viðar eftir heimkomu um það, en þessi  
umræða þeirra um að blanda öðrum í málið hafi verið vegna umfjöll-  
unar um spírasmygl í fjölmiðlum.

*Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók var rætt við Sævar  
inni á klefa að kvöldi dags 22. desember klukkan 19:50-  
21:30.*

*Þá bókar Ingimundur Árnason fangavörður þann 23. des-  
ember: „Örn Höskuldsson fulltrúi hringdi og spurði um  
afstöðu mína til lausagæslu til handa SMC, ca 1 klst. á dag.  
Því var alfarið neitað, einnig ræddi hann um að þá langaði  
til að umbuna Sævari samvinnu ágæta nú seinnipart hausts  
og þátt hans í því að rannsókn mála stendur nú í því sem hún  
er nú, sagði hann að Jónas ætlaði að ritskoða Morgunblaðið  
Sævari til aflestrar, tók ég dræmt í þetta en svaraði því samt  
ekki beint neitandi“.*

*Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók fór lögregla á klefa  
Sævars þann 27. desember klukkan 14:25-16:08 og var lög-  
maður Sævars viðstaddur.*

*Loks er í fangelsisdagbók skráð viðtal lögreglu við Sævar  
þann 28. desember klukkan 13:00-13:55, símtal Sævars við  
lögreglumann klukkan 21:00 og annað viðtal lögreglu við  
Sævar klukkan 22:15-23:20.*

Engar skýrslur liggja fyrir um þetta meðal gagna málsins.

Í upplýsingaskýrslu sem Grétars Sæmundssonar lögreglumaður sem ritaði vegna samtals sem hann og Jónas Bjarnason lögreglumaður áttu við Sævar þann 28. desember kemur fram að Sævar hafi í samtalinu greint frá því hvernig þeir Sævar, Kristján Viðar og Guðjón hefðu borið lík Geirfinns og komið því fyrir í Volkswagen bifreið í Dráttarbrautinni. Í upplýsingaskýrslunni segir einnig frá því að Sævar myndi ekki eftir Sigurði Óttari né sendibifreið. Þá er í skýrslunni vísað til þess að Sævar hafi áður sagt að það hafi verið samantekin ráð að blanda Klúbbsmönnum í málið og segðist Sævar hafa nefnt að blanda Klúbbsmönnum í málið við Guðjón á Mokka daginn eftir Keflavíkurförðina.

*Þann 29. desember eru skráð tvö viðtöl á klefa klukkan 17:15-17:20 og klukkan 18:35-18:45.*

Engar skýrslur eða aðrar upplýsingar liggja fyrir vegna þessara viðtala meðal gagna málsins.

**1977** Samkvæmt þeim gögnum sem lögð voru fyrir dóm var næst tekin skýrsla af Sævari þann 7. janúar 1977 klukkan 13:45-15:05. Samkvæmt skýrslunni skýrði Sævar lögreglu frá nokkrum atriðum, þ. á m. miða með símanúmeri Geirfinns og að Sævar og Kristján Viðar hafi ítrekað við Geirfinn að koma til stefnumótsins þeirra að kvöldi þess 19. nóvember einn og fótgangandi. Í skýrslunni er einnig fjallað um kápu Erlu og peninga.

Meðal gagna sem lögð voru fyrir dóm eru fimm upplýsingaskýrslur Ívars Hannessonar lögreglumanns vegna yfirheyrslna yfir Sævari þann 10. janúar 1977. Í skýrslunum kemur fram að tilgangur hvernar og einnar yfirheyrslu var að rannsaka atriði sem kunnir að styrkja játningar Sævars. Samkvæmt tímaskráningu í fangelsisdagbók var Sævar færður fyrir Ívar lögreglumann og Jónas lögreglumann klukkan 13:20-14:55.

*Þann 11. janúar var Sævar færður fyrir lögreglumann samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók klukkan 14:15-14:25 en engin skýrsla eða nánari upplýsingar um þetta er fyrirbyggjandi.*

Þann 12. janúar var Sævar yfirheyrður samkvæmt upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar lögreglumanns. Tímasetningar yfirheyrslunnar eru ekki tilgreindar í upplýsingaskýrslunni. Sævar var sérstaklega spurður út í bát í Dráttarbrautinni að kvöldi 19. nóvember 1974 og skýrði Sævar frá því að hann hefði engan bát séð og að sögurnar um bátinn hafi verið „uppspuni og ósannar.“ Samkvæmt tímaskráningu í

*11.1.1977 tóku lögreglumenn viðtal við starfsmenn Dráttarbrautarinnar. Tveir þeirra sögðu útilokað að bátar eða trillur væru geymdar við bryggjuna næturlangt. Bátar hefðu ekki verið geymdir við bryggjuna, nema rétt á meðan verið væri að undirbúa þá fyrir upptöku.*

fangelsisdagbók fóru lögreglumenn með Sævar út úr húsi þann 12. janúar klukkan 13:10-14:25.

*Samkvæmt skráningum fangelsisdagbók tók lögreglumaður viðtal við Sævar á klefa þann 14. janúar klukkan 16:10-17:00.*

*Þá er skráður „bíltúr“ lögreglumanna með Sævar „í góða veðrinu“ þann 16. janúar klukkan 14:20-16:00.*

Engar skýrslur eru fyrirliggjandi um þetta meðal gagna málsins.

*13.1.1977 hófst framhaldsrannsókn Guðmundar Gíslasonar, rannsóknarlögreglumanns, að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómara.*

Þann 19. janúar var Sævar yfirheyrður samkvæmt upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar. Skýrslan er ótímasett, en samkvæmt tímaskráningu í fangelsisdagbók var farið með Sævar til yfirheyrslu klukkan 14:25-15:30. Samkvæmt skýrslunni voru í umræddri yfirheyrslu lagðar spurningar fyrir Sævar varðandi misræmi sem fram hefði komið í skýrslu sem annars vegar hefði verið tekin var af honum 9. desember 1976 og hins vegar skýrslu sem tekin hefði verið af Kristjáni Viðari þann 14. janúar 1977. Í skýrslunni var fjallað um sendibifreið sem Sigurður Óttar Hreinsson hefði ekið umrætt kvöld, atriði er varða ferðina þegar ekið var til Keflavíkur og áður en til átakanna kom og loks var Sævar beðinn um að skýra nákvæmlega frá því hver ástæðan hafi verið fyrir að Geirfinnur hefði látist í átökunum.

*Þann 20. janúar var Sævar færður fyrir Ásgeir Friðjóns sakadómara vegna fíkniefnamáls klukkan 13:40-15:03.*

Þann 21. janúar var Sævar yfirheyrður samkvæmt upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar lögreglumanns. Samkvæmt upplýsingaskýrslunni spurðu rannsakendur Sævar sérstaklega út í samskipti hans við Geirfinn í Klúbbnum þann 17. nóvember 1974 og bentu Sævari „á framburð Kristjáns V. Viðarssonar í skýrslu þeirri sem hann gaf hjá rannsóknarlögreglunni 14/1 1977 og jafnframt bentum við honum á misræmi það sem fram kæmi þar og í framburði hans sjálfs frá því 9. desember 1976. Sævar sagði frásögn Kristjáns Viðars geta verið rétta og kemur fram að Sævar hafi kynnt sig sem Magnús Leópoldsson eftir að hann vissi hver Geirfinnur hefði verið. Þann 22. janúar var Sævar yfirheyrður samkvæmt upplýsingaskýrslu Grétars Sæmundssonar um yfirheyrsluna. Yfirheyrslan er ótímasett í skýrslunni, en samkvæmt tímaskráningu í fangelsisdagbók var Sævar „færður fyrir“ Grétar þennan dag kl. 20:20-20:50. Samkvæmt skýrslunni var Sævar í yfirheyrslunni spurður nánar út í skóflurnar sem hann fékk að láni til að grafa lík Geirfinns.

Þann 23. janúar var farið með Sævar til Keflavíkur samkvæmt upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar. Upplýsingar um tímasetningar í tengslum við þá ferð með Sævar til Keflavíkur liggja ekki fyrir í skýrslunni en samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók var farið með Sævar til Keflavíkur klukkan 10:45-14:00. Tilgangur ferðarinnar, samkvæmt upplýsingaskýrslunni, var að finna ýmsar staðsetningar bifreiða og sjoppuna sem Sævar hefði ætlað að hringja úr en hætt við. Sævar hefði veitt svör þessu öllu.

Meðal þeirra gagna málsins sem lögð voru fyrir dóm er önnur upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar lögreglumanns vegna yfirheyrslu yfir Sævari þann 24. janúar þar sem Sævar var beðinn að skýra nákvæmlega frá því þegar lík Geirfinns var borið í kjallarann á Grettisgötu 82 aðfaranótt 20. nóvember 1974. Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók var Sævar færður fyrir Grétar og Jónas klukkan 16:10-19:20 þennan sama dag.

*Í fangelsisdagbók er skráður bíltúr lögreglumanna með Sævar þann 27. janúar klukkan 14:02-15:58 og viðtal lögreglumanns við Sævar þann 29. janúar klukkan 15:35-16:10.*

Engar skýrslur eru fyrirleggjandi vegna þessa.

*Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók Hegningarhússins kom Sævar þangað til vistunar þann 31. janúar 1977.<sup>111</sup>*

Meðal gagna sem lögð voru fyrir dóm er lögregluskýrsla frá 1. febrúar sem ekki er tímasett nánar. Svör Sævars voru tilgreind í skýrslunni í framhaldi af spurningum lögreglu sem einnig voru ritaðar í skýrsluna. Samkvæmt skýrslunni greindi Sævar frá því að Kristján Viðar hafi tekið Geirfínn hálstaki, sem Sævar telur að hafi orðið til þess að Geirfínnur „datt dauður niður“. Þá kom fram í skýrslunni að ásetningur Sævars hefði aldrei verið að „drepa“ Geirfínn og ennfremur að Sævar trúði því ekki að ásetningur Kristjáns Viðars hafi verið sá. Í skýrslunni kemur fram að Geirfínnur hefði neitað að segja frá áfenginu og að lík Geirfinns væri í Rauðhólum þar sem þeir hefði grafið það 21. nóvember 1974.

Meðal gagna málsins sem lögð voru fyrir dóm er upplýsingaskýrsla Jónasar Bjarnasonar frá 2. febrúar 1977 um upplýsingar sem hefðu komið fram í framburðum Sævars um þjófnað á seðlaveskjum í Klúbbnum o.fl.

<sup>111</sup> Umrædd færsla dagbókarinnar er skráð þann 11. febrúar 1977 og er svohljóðandi „Kl. 18:15 kom Jónas Bjarnason með Morgunblaðið dags. 11/2 til Sævars Ciesieslski en dagblöð hafa honum verið færð af og til frá því að hann kom í húsið 31. janúar 1977“.



*Þann 3. febrúar 1977 er skráð í fangelsisdagbók Hegningarhúss að Örn Höskuldsson hafi hringt í fangelsið klukkan 15:50 og m.a. beðið um að séð verði svo um að Sævar og Kristján Viðar, sem þá sætti gæsluvarðhaldi í Hegningarhúsinu einnig, geti heldur ekki haft samband sín í milli. Að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómara, gaf forstöðumaður fangelsisins, Valdimar Guðmundsson, vottorð um að Sævar hafi verið látinn í klefa 10 eftir fyrirmælum Arnar Höskuldssonar.*

*Þann 14. febrúar er skráð í dagbók Hegningarhúss klukkan 14:20 að Sævar hafi verið fluttur úr húsinu af rannsóknarlögrelumanni. Kom lögrelumaðurinn með Sævar aftur í fangelsið klukkan 16:20 samkvæmt dagbókinni.*

*Þann 16. febrúar fór Sævar í yfirheyrslu í sakadóm. Í fangelsisdagbók Hegningarhússins er m.a. skráð að Sævar hafi verið sóttur til yfirheyrslu fyrir Harald Henrysson og komið aftur klukkan 12:15 en engin gögn um þetta eru meðal gagna málsins. Sama dag er skráð í fangelsisdagbók Hegningarhúss:*

*„Takið eftir: Um kl. 15:00 barst bréf frá Gunnlaugi Briem þess efnis að öllum eru bönnuð viðtöl við gæslufangana Sævar Ciesielski og Kristján Viðar nema með sérstöku leyfi í hvert sinn frá honum eða sakadómurunum Ármanni Krstinsyni og Haraldí Henryssyni þetta bann gildir jafnt um Örn Höskuldsson og rannsóknarlögreluhjóna þá er áður fóru með mál þessara fanga. Nefndir sakadómara hafa nú tekið við fullri lögsögu í málum gæslufanganna.“*

Þann 2. mars ritaði Gísli Guðmundsson lögrelumaður skýrslu vegna Guðmundarmáls um nýjar upplýsingar frá Sævari þess efnis að frásögnin frá kvöldinu er Guðmundur Einarsson hvarf sé „ekki sannleikanum samkvæm“. Síminn á Hamarsbraut 11 hafi verið lokaður þann 26. janúar 1974. Þá hefði Tryggvi Rúnar verið vafinn á hendi á þessum tíma vegna brunasára. Var þetta kannað nánar samkvæmt skýrslu Gísla og var hvort tveggja staðfest.

Samkvæmt upplýsingum úr skýrslu Gísla sem er dagsett 3. mars kemur fram að þessar staðfestingar á framburði Sævars virðist ekki hafa aðra þýðingu fyrir rannsókn málsins en að sýna að Sævar gæti munað atburði sem gerðust á þessum tíma.

Þann 3. mars ritaði Gísli Guðmundsson lögrelumaður skýrslu sem hefst á umfjöllun um að í viðræðum sem fram hafi farið undanfarna

daga milli hans og Sævars hafi komið fram veruleg breyting á atburðarásinni laugardagskvöldið 26. janúar 1974. Auk þess sem síminn hefði verið lokaður hafi Sævar greint frá „Gunna“, fjórða mannum á Hamarsbraut. Aðspurður um hvers vegna Sævar greindi ekki frá Gunna fyrr hefði Sævar svarað því til að honum hafi yfirleitt ekki verið trúnað og hann þá ekki séð neina ástæðu til að segja frá slíku fremur en öðru sem einhverja þýðingu gæti haft fyrir gang málsins. Samkvæmt skýrslunni greindi Sævar frá atburðarás kvöldið 26. janúar 1974 þannig að hann hefði verið staddur á Vesturgötu og þangað hafi komið Albert Klahn. Þaðan hafi Albert farið að Grettisgötu 82 þar sem Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og umræddur Gunni hafi verið staddir. Síðar um kvöldið hafi Kristján Viðar komið á Kópavogshælið með Alberti og með þeim í bílnum hafi verið Tryggvi Rúnar og Gunni. Hafi Sævar síðan tekið leigubíl að Hamarsbraut og mennirnir hefði þá allir verið komnir inn í íbúðina en Sævar kvaðst ekki vita hvort Gunni hefði verið þar líka.

Þann 9. mars yfirheyrði Gísli Guðmundsson lögreglumaður Sævar í Hegningarhúsinu. Fram kemur í yfirheyrsluskýrslunni að undanfarna daga hafi Sævar rætt um hvarfið á Guðmundi og atburðina að Hamarsbraut 11 aðfararnótt 27. janúar 1974. Skýrslutaka hófst klukkan 15:00 og lauk klukkan 20:40. Samkvæmt skýrslunni greindi Sævar frá umræddu kvöldi, Sævar lýsti aðkomunni á Hamarsbraut og að Kristján, Tryggvi Rúnar, Albert, Gunnar Þór Jónsson og Guðmundur hefðu verið þar inni þegar hann hefði komið þangað en Erla hefði ekki verið heima. Sævar sagði samkvæmt skýrslunni ekki rétt að Kristján Viðar hefði ráðist á Guðmund með eggvopni. Sævar fjallaði síðan um eftirmálana í kjölfar þess að þeir komust að því að Guðmundur væri látinn. Líkið hefði verið borið út í bíl og reynt að setja það í skottið á bifreið föður Alberts en síðan sett í aftursætið. Samkvæmt skýrslunni sagðist Sævar hafa snúið aftur í íbúðina til að slökkva ljós en aldrei séð Erlu þetta kvöld. Þá segir í skýrslunni að þegar hér var komið við sögu, þá óskaði Sævar eftir því að láta staðar numið við skýrslutökuna/yfirheyrsluna og hefði farið fram á það að reynt yrði til þrautar að fá aðra aðila málsins til að segja allan sannleikann.

Samkvæmt lögregluskýrslu Gísla Guðmundssonar var næst tekin skýrsla af Sævari þann 11. mars. Samkvæmt skýrslunni var lögð ein spuning fyrir Sævar, hvort líkamsleifar Guðmundar hafi verið grafnar í Hafnarfjarðarkirkjugarði. Sævar svaraði því á eftirfarandi hátt, „nei, ekki að mér vitandi“.

Þann 29. mars var skýrslutaka vegna Guðmundarmáls. Sævar mætti fyrir dóm, yfirheyrslan hófst klukkan 10:10 og lauk klukkan 17:50. Hlé var gert á þinghaldi klukkan 12:00-14:00 og klukkan 15:45-16:10.

Sævar dró framburð sinn hér formlega til baka fyrir dómi varðandi Guðmundarmál. Í dómskýrslunni kemur m.a. eftirfarandi fram, haft eftir Sævari:

*„Ég var ekki að Hamarsbraut 11 þessa nótt. Ég var hjá Helgu Gísladóttur í starfsmannabústað Kópavogshælis alla þessa nótt, ræddi við hana um morguninn um að fara að Gljúfurholti í Ölfusi. Ég hitti Erlu einhvern tíma á sunnudagskvöldið 27. janúar 1974 og var þá með Viggó Guðmundssyni. Ég var að hugsa um að fara austur í Gljúfurholt, en hætti við það vegna Erlu. Ég var upphaslega látinn játa á mig sakir, beittur líkamlegu ofbeldi af rannsóknarmönnum, einnig af fangavörðum, hótað af Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari. Erla hótaði að fremja sjálfsmorð í júlímánuði 1976 við samprófun í fangelsinu við Síðumúla. Samprófunin stóð öðru hverju í 8 daga, en lengst af í 6 tíma í einu. Var Erla höfð þar til að koma vitinu fyrir mig. Sigurbjörn sagði við mig, að ef ég játaði ekki að hafa verið á Hamarsbraut þessa nótt, myndi ég fá lífstíðaröryggisgæslu.“*

Í dómskýrslunni lýsir Sævar slæmri meðferð sem hann fékk í fangelsinu, bæði af hálfu lögreglumanna og fangavarða.

Þann 31. mars voru Tryggvi Rúnar og Sævar samprófaðir fyrir dómi. Samræmi náðist ekki í framburðum þeirra. Sama dag voru Albert og Sævar samprófaðir fyrir dómi. Samræmi náðist ekki í framburðum þeirra.

Þann 1. apríl voru Erla og Sævar samprófuð fyrir dómi en samræmi náðist ekki í framburðum þeirra. Sama dag voru Kristján Viðar og Sævar samprófaðir fyrir dómi. Samræmi náðist ekki meðal þeirra um það er Kristján Viðar sagðist hafa gert að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974 og það er gerðist eftir að farið var þaðan.

*Í fangelsisdagbók Hegningarhúss er skráð þann 25. apríl:*

*„Takið eftir: Kl. 16:55 hringdi Gunnlaugur Briem sakadómari og tilkynnti að hann hefði svo ákveðið að hér með væri því lokið að fangarnir Kristján Viðar og Sævar Siesielski (sic) fái dagblöð, þá bannar hann öll samtöl við Sævar – án undantekningar nema hvað Jón Oddsson lögmaður má tala við hann og þá samkvæmt leyfi í hvert sinn og undir eftirliti.“*

Engar upplýsingar um þetta eru meðal gagna málsins.

Samprófun Sævars og Gunnars Jónssonar fór fram fyrir dómi þann 4. maí en samræmi náðist ekki í framburðum þeirra.

Þann 5. maí 1977 var gæsluvarðhald yfir Sævari framlengt um allt að 150 daga.

*Í fangelsisdagbók Hegningarhússins þann 5. maí er skráð klukkan 13:30 að Sævar hafi verið fluttur inn í sakadóm, og þaðan í Síðumúlafangelsið.*

*Þann 6. maí er skráð í fangelsisdagbók: „Ég sagði dómánum að ákveðið hefði verið af yfirmönnum hér að Sævar fengi útiverutíma að deginum, þó með venjulegum fyrirvara ef aðstæður leyfðu, var dómárin mjög ánægður með þá ákvörðun.“*

*Þann 14. júní er skráð í fangelsisdagbók Síðumúlafangelsis að Jón Oddsson, lögmaður, hafi sótt bréf vegna yfirheyrslu og sama dag klukkan 19:15-20:25 er skráður bíltúr með lögreglu.*

Dagana 20., 21. og 22. júní voru teknar dómskýrslur af Sævari vegna Geirfinnsmálsins. Þann 20. júní hófst skýrslutaka klukkan 11:00-12:00 er hlé var gert á þinghaldinu. Klukkan 13:40 hófst það að nýju og stóð til 16:15. Þann 21. júní hófst skýrslutaka fyrir dómi klukkan 10:00 og stóð til 12:05, þinghaldi frestað og hófst það að nýju klukkan 14:15 og stóð til 17:05.

Þann 22. júní hófst skýrslutaka fyrir sakadómi klukkan 10:00 og stóð til 12:30.

Þann 5. júlí fór fram samprófun Sævars og Erlu hjá lögreglu. Daginn eftir, þann 6. júlí, var tekin dómskýrsla af Sævari vegna rangra sakar-  
gifta og seinna þann dag fór fram samprófun Sævars og Guðjóns.

*Í fangelsisdagbók er „bílfærð“ skráð þann 7. júlí klukkan 14:45-15:45 en engar frekari upplýsingar liggja meðal gagna málsins um hana.*

Samprófun Sævars og Guðjóns fór fram fyrir dómi þann 11. júlí. Bréf frá Sævari dagsett 12. júlí er meðal gagna málsins en í því kemur fram að hann dragi til baka framburð um geymslu líks Geirfinns á Grettisgötu og að það hafi verið grafið í Rauðhólum. Í bréfinu kemur fram líkið hafa verið skilið eftir hjá öskuhaugum Hafnarfjarðar og að Sævari vildi veita alla hugsanlega aðstoð sé í hans valdi stæði til að finna lík Geirfinns.

*Samkvæmt fangelsisdagbók er skráð viðtal Högna Einarssonar við Sævar, með leyfi frá Gunnlaugi Briem og Haraldí Henryssyni sakadómurum, þann 18. ágúst klukkan 14:37-15:00 og aftur frá 19:05-19:40.*

Í bréfi Arnar Höskuldssonar til sakadóms dagsettu 22. ágúst 1977 segir m.a.: „Sævar Marinó reyndi í þinghaldi hinn 11. janúar að bera fyrir sig, að hann hefði verið þvingaður til þess að játa á sig sakir í „Guðmundarmálinu“. Ég tók ekkert mark á framburði hans, þar sem ég vissi betur, en ég var viðstaddur, þegar hann skýrði fyrst frá, og svo var einnig hans réttargæslumaður Jón Oddsson hrl.“

Þann 5. september barst sakadómi bréf frá Sævari um nokkra atburði dagana 15.-21. nóvember 1974. Í bréfinu kemur fram að allur fyrri framburður Sævars sé rangur og byggður á sögusögnum rannsóknar-lögreglumanna og hafi þróast upp með rannsókn málsins. Hann hafi aldrei farið til Keflavíkur að kvöldi 19. nóvember 1974 og eigi engan þátt í hvarfi Geirfinns Einarssonar. Þá rakti Sævar í bréfinu það sem hann hefði aðhafst umrædda daga fyrir og eftir 19. nóvember 1974. Þann 13. september var tekin dómskýrsla af Sævari varðandi Kjarvalsstaði og bréfið sem Sævar sendi dómnum þann 5. september.

*Þann 13. október er skráð í fangelsisdagbók að Gunnlaugur Briem hefði hringt og sagt að „samkvæmt samhljóða ákvörðun dómara í Guðmundar- og Geirfinnsmáli mættu verjendur Kristjáns Viðars Viðarssonar og Sævars Marinós Ciesielskis ekki tala við þá. Það er Jón Oddsson hrl. við Sævar og Páll A. Pálsson hdl. við Kristján Viðar. Sem sagt þessir lögfræðingar mega ekki undir neinum kringumstæðum tala við skjólstæðinga sína. Þann þetta gildir þar til Gunnlaugur afturkallar það. Dómarinn bjóst við að þetta bann yrði ekki nema í nokkra daga.“*

*Þann 12. desember er skráð í fangelsisdagbók að fyrrgreindu banni frá 13. október sé aflétt.*

Þann 19. desember 1977 féll dómur sakadóms í málinu. Þann 22. febrúar 1980 féll dómur Hæstaréttar í málinu.

### 18.1.3. Kristján Viðar Viðarsson

Þann 23. desember 1975 klukkan 17:30 er skráð í fangelsisdagbók að komið hafi verið með Kristján Viðar í Síðumúlafangelsi frá Litla-Hrauni.<sup>112</sup> Einnig er skráð í fangelsisdagbók klukkan 18:30 að Kristján Viðar hafi verið „tekinn fyrir“ í stutta stund, en samkvæmt skýrslu lögreglunnar 23. desember var hann yfirheyrður klukkan 18:30-18:45. Í skýrslunni kemur fram að Kristján Viðar hafi verið yfirheyrður vegna „vitneskju sem lögreglunni hefði borist og mundi standa í sam-

*23.12.1975 var Kristján Viðar úrskurðaður í allt að 90 daga gæsluvarðhald vegna Guðmundarmáls.*

<sup>112</sup> Samkvæmt gögnum póstsvikamáls var tekin skýrsla af Kristjáni Viðari þann 11. desember 1975 klukkan 21:10-00:25. Fór skýrslutakan fram í Síðumúlafangelsinu og hafði Kristján Viðar stöðu vitnis.

bandi við hvarf ungs manns í Hafnarfirði aðfararnótt 27. janúar 1974.“ Kristján Viðar sagðist í skýrslunni muna eftir þegar lýst var eftir Guðmundi á sínum tíma og að hann kannaðist við Guðmund frá því að þeir voru skólabræður. Samkvæmt skýrslunni þvertók Kristján Viðar hins vegar fyrir að vita nokkuð um hvarf Guðmundar, neitaði að undirrita skýrsluna eða tjá sig um málið yfir höfuð. Sama dag, klukkan 19:15 var tekin dómskýrsla af Kristjáni Viðari en í henni neitaði hann að hafa nokkra vitneskju um hvarf Guðmundar Einarssonar. Kvaðst Kristján Viðar halda að hann hafi verið við vinnu í Vestmannaeyjum er Guðmundur Einarsson hvarf. Að lokum kemur fram í dómskýrslunni að Kristján Viðar hafi neitað að skrifa undir lögregluskýrsluna þar sem hann hefði ekki haft lögmann viðstaddan. Hann var í framhaldinu úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 90 daga.

*Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók var Kristján Viðar yfirheyrður 28. desember klukkan 17:55-19:15 en engar upplýsingar um yfirheyrsluna eru fyrirbyggjandi.*

Samkvæmt gögnum málsins var Kristján Viðar næst yfirheyrður sem sakborningur af lögreglu hinn 28. desember klukkan 19:45-01:42. Samkvæmt skýrslunni játaði Kristján Viðar að hafa komið til Sævars seinast í janúar 1974. Kristján tók fram að hann hefði verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn og því myndi hann ekki greinilega eftir atvikum og tók fram að framburður hans væri um það sem hann telji að hafi gerst. Kristján Viðar lýsti atburðarásinni aðfararnótt 27. janúar 1974 með svipuðum hætti og Erla og Sævar höfðu gert. Þó bar nokkuð í milli, en Kristján Viðar bætti fjórða manningnum við atburðarásina og sagði einnig að Albert Klahn Skaftason hefði komið að Hamarsbraut á gulri japanskri bifreið föður síns. Einhverju þungu hefði verið komið fyrir í skottinu á þeirri bifreið og ekið suður fyrir Hafnarfjörð og losað þar.

*Í kjölfarið á þessari skýrslutöku var farið með Kristján Viðar í „ökufé“ samkvæmt fangelsisdagbók klukkan 01:55-03:00 en engar nánari upplýsingar um hana eru fyrirbyggjandi.*

## 1976

Fram kemur í gögnum málsins og skráningu í fangelsisdagbók að Kristján Viðar var næst yfirheyrður þann 3. janúar 1976 klukkan 13:45-17:25. Samkvæmt skýrslunni sagðist Kristján Viðar „mikið hafa íhugað mál þetta síðan hér var síðast tekin af mér skrifleg skýrsla. Nú tel ég mig muna nánar ýmis atriði málsins“. Í skýrslunni kemur fram að hann muni ekki hvernig á komu hans heim til Sævars stóð umrætt sinn, eða hvernig hann kom

þangað. Kristján Viðar sagðist „aftur á móti þess algjörlega fullviss, að [hann] kom heim til [Sævars] að nóttu til síðast í janúar um helgi á árinu 1974.“ Lýsti Kristján átökum sem áttu sér stað í nokkrum smáatriðum og hvernig Sævar sparkaði ítrekað í höfuð mannsins, að Kristján minnti, en Tryggvi hafi setið ofan á manninum á meðan. Í skýrslunni segir svo: „Ég hef fram að þessu talað um óþekktan mann, sem þarna hafi verið í átökum við þá Tryggva Rúnar og Sævar. Eins og ég hef áður sagt, þá hef ég að undanfögnu mikið hugsað um þetta og fullyrði nú, að þessi óþekkti maður var Guðmundur Einarsson, sem einu sinni var skólabróðir minn, nánar tiltekið í Austurbæjarbarnaskól- anum hér í borginni. Hann var þessa nótt klæddur í jakka og buxur, og minnir mig, að jakkinn hafi verið einhvernveginn köflóttur og fremur dökkur, en buxurnar ljósari, ég held brúnleitar.“ Segist Kristján „enn sem komið er“ ekki muna hvernig stóð á veru hans heima hjá Sævari þetta kvöld en aftur á móti muni hann óljóst eftir því að þessa nótt hafi hann verið í bifreið með Sævari og Tryggva Rúnari. Ekið hafi verið um Hafnarfjörð og „tókum við þá upp í bifreiðina mann í brekkunni á götu þeirri, sem liggur úr Hafnarfirði hingað til borgarinnar. [...] Mér finnst sennilegt, að þar hafi verið um Guðmund að ræða. Ekki get ég fullyrt í hvaða bifreið við vorum, en vel getur verið að það hafi verið bifreið Alberts Klahn Skaftasonar, eða þá leigubifreið. Ég held, að tilefnið til átakanna heima hjá Sævari hafi verið það, að Guðmundur hafi kallað okkur „dóbista“ og átti þar við, að við værum eiturlyfja- neytendur.“

Seinna í skýrslunni lýsti Kristján Viðar því hvernig „Sævar og Tryggvi Rúnar voru að bjástra við eitthvað á gólfinu, eiginlega í dyrunum á milli geymsluherbergisins og þvotta- og kyndiherbergisins. Þeir voru að vefja einhverju ljósu utan um eitthvað, sem var það fyrirferðamikið, að það hefði getað verið mannlíkami. Ekki sá ég þarna mann eða móta fyrir honum, en ég sá í fatnað í umbúðunum. Hverjar þessar umbúðir voru, skal ég ekki segja um, en ég get látið mér detta í hug einhverskonar rúmfatnaður, t.d. sængurver.“ Albert hefði komið að Hamarsbraut á bifreið. Sævar og Tryggvi Rúnar hafi beðið Kristján Viðar að hjálpa sér „við að bera það, sem í umbúðunum var, út úr húsinu“ en Kristján hafi neitað. Kristján hafi farið út úr húsinu á undan hinum að hann telur og sest inn í bifreiðina hjá Alberti. „Þeir Tryggvi Rúnar og Sævar komu svo með byrði sína og settu í farangursgeymslu bifreiðarinnar, eins og ég hef áður skýrt frá. Þó er sá munur þar á, að við nánari umhugsun er ég viss um, að bifreið Alberts var ekki gul af japanskri gerð, heldur VW-fólksbifreið svört að lit.“

*Samkvæmt skráningu í dagbók Síðumúlafangelsis var Kristján Viðar yfirheyrður 6. janúar klukkan 16:45-17:10, aftur 8. janúar klukkan 13:40-15:30 og í kjölfarið farið í „ökuferð“ með hann klukkan 15:30-17:45.*

*Þann 9. janúar var Kristján Viðar í viðtali hjá lögreglu samkvæmt fangelsisdagbók klukkan 15:50-16:10.*

Engar upplýsingar eru um þessar yfirheyrslur, viðtal og ökuferð meðal gagna málsins.

*Lögreglan í Keflavík afhenti ríkissaksóknara gögn Geirfinnsmáls 5. janúar og með formlegum hætti 8.1.1976.*

Tekin var dómskýrsla af Kristjáni Viðari þann 11. janúar þar sem hann staðfesti framburð sinn samkvæmt lögregluskýrslunni frá 3. janúar. Samkvæmt gögnum málsins var Kristján Viðar ekki yfirheyrður vegna Guðmundarmáls frá 11. janúar til 22. mars 1976 þegar gæsluvarðhald var næst framlengt vegna Guðmundarmáls.

*Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók var tekið stutt viðtal á klefa við Kristján Viðar þann 15. janúar.*

*Kristján Viðar var yfirheyrður þann 16. janúar klukkan 13:30-16:30 og aftur þann 22. janúar klukkan 13.30-14:00.*

*Þann 23. janúar klukkan 01:00-01:15 fór einn rannsakenda inn á klefa til Kristjáns Viðars, klukkan 11:05-11:30 og klukkan 13:10-13:30. Þá var Kristján Viðar yfirheyrður klukkan 16:55 þennan sama en klukkan 18:45 er skráð í fangelsisdagbók að rannsakendur hafi yfirgefið Síðumúlafangelsið. Viðtal rannsakanda við Kristján á klefa hans er skráð klukkan 20:15 en lok þess er ekki skráð.*

Engar upplýsingar um þessi viðtöl og yfirheyrslur eru fyrir-liggjandi meðal gagna málsins.

*Yfirheyrslur yfir Kristjáni Viðari vegna Geirfinnsmáls hefjast 23.1.1976 samkvæmt gögnum málsins.*

Fyrsta formlega skýrslan meðal gagna málsins sem rannsóknarlögreglan í Reykjavík tók af Kristjáni Viðari vegna *Geirfinnsmáls* fór fram 23. janúar 1976 klukkan 20:40 til 01:10 en skýrslan telur rétt tæpar tvær blaðsíður. Ástæða skýrslutökunnar var „grunur rannsóknarlögreglunnar um, að mætti kunnri að vera viðriðinn hvarf eða vita um hvarf Geirfinns Einarssonar, sem síðast er vitað um í Keflavík þann 19. nóv. 1974.“ Samkvæmt skýrslunni taldi Kristján Viðar sig ekki viðriðinn eða vita um hvarf Geirfinns. Segir svo í skýrslunni: „Ég tel mig ekki hafa komið til Keflavíkur nema tvisvar um æfina. Fyrri sinnið var, þegar ég var um 13 ára gamall, en hitt sinnið gæti hafa verið einhverntíma um það leyti, sem Geirfinnur á að hafa horfið.“ Kristján Viðar sagðist lítið muna en nefndi þó nokkur atriði, svo sem



að hann hafi mögulega farið til Keflavíkur að kvöldlagi í kringum hvarf Geirfinns, Klúbbinn, dökka Mercedes Benz sendibifreið og aðra fólksbifreið, vettvang nálægt sjó, Erlu, Sævar, Einar Bollason og fleira fólk og bát. Undir lok skýrslunnar segir Kristján: „Frekar get ég ekki tjáð mig um þetta mál, í það minnsta ekki að sinni, en hugsast getur, að atvikunni að rifjast betur upp fyrir mér síðar. Hvort þessi atburður eða ferðalag mitt var um það leyti, sem farið var að lýsa eftir Geirfinni, get ég ekki fullyrt um, en ég tel það vel hugsanlegt.“

*Skráð er í fangelsisdagbók viðtal lögreglu við Kristján Viðar þann 25. janúar 1976 klukkan 04:20-05:15, í beinu framhaldi af yfirheyrslu lögreglu á Sævari. Þá er skráð að rannsakandi fari inn á klefa til Kristjáns klukkan 08:45-09:10, „bíltúr“ lögreglu með Kristján klukkan 13:00-15:20 og yfirheyrsla klukkan 16:10-16:45.*

*Þann 26. janúar er skráð viðtal við Kristján Viðar klukkan 10:00-10:50 og þann 27. janúar klukkan 10:40-12:15.*

Engar upplýsingar um þessar aðgerðir lögreglu eru fyrir-  
liggjandi meðal gagna málsins.

*26. janúar, klukkan 06:00, voru Einar Bollason, Magnús Leópoldsson og Valdimar Olsen handteknir og færðir í Síðumúlafangelsi.*

Kristján Viðar var yfirheyrður sem sakborningur vegna Geirfinnsmáls þann 27. janúar frá 13:30-17:35 en Kristján kvaðst „nú muna betur eftir atvikum í máli þessu, það er eftir að hann kom á stað þann, sem hann telur hafa verið í Keflavík.“ Kristján Viðar bætti við fyrri fram-  
burð að hann hafi farið út á bát ásamt fleirum og nefndi þá Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og a.m.k. einn til viðbótar á bátnum sem hann þekkti ekki. Í skýrslunni kemur fram að Kristjáni hafi verið sýnd ljósmynd af manni, sem honum sé sagt að hafi heitið Geirfinnur Einarsson og telur Kristján sig „vissan um, að hún [ljós-  
myndin] er af þessum manni, sem ég ekki þekkti.“ Kristján nefndi tvær fólksbifreiðar og telur að þær hafi verið af gerðinni Fiat og Mercedes Benz. Valdimar Olsen hefði ekið sendibifreiðinni. Báts-  
ferðin hafi tekið um 1 og ½ klukkustund að hann minnir, en á meðan á bátsferðinni stóð hafi Erla, Valdimar Olsen og Jón Ragnarsson, að Kristján Viðar heldur, orðið eftir í landi. Tilgangur bátsferðarinnar hafi verið að sækja flöskur af áfengi út á sjó. Kristján Viðar lýsti átökum um borð í bátnum og að eftir átökin hafi Geirfinnur legið „á þilfarinu út við borðstokkinn og bærði ekki á sér. [...] Er að landi var komið aftur, þá voru bifreiðarnar þar fyrir og ég held það fólk, sem ég hef hér fyrr í þessari skýrslu skýrt frá, að hafi orðið eftir í landi. Nú var hafist handa um að setja varninginn upp á bryggjuna og inn í sendibifreiðina og man ég ekki betur, en Geirfinnur innpakkaður í plast, hafi farið sömu leið.“ Kristjáni var sýnd mynd af Geirfinni og

var hann þá viss um að hann væri maðurinn sem hann þekkti ekki um borð.

*Samkvæmt skráningu í dagbók Síðumúlafangelsis var Kristján Viðar yfirheyrður þann 30. janúar klukkan 15:25-16:45.*

*Þá er í fangelsisdagbók færsla um viðtal rannsakenda við Kristján Viðar 4. febrúar klukkan 11:40-12:45 og yfirheyrslu klukkan 13:15-13:50.*

Engar upplýsingar um þessar aðgerðir lögreglu gagnvart Kristjáni Viðari eru meðal gagna málsins.

Þann 11. febrúar var Kristján Viðar yfirheyrður vegna Geirfinnsmáls og sýndar myndir af 16 mönnum sem mögulega hefðu verið í dráttarbrautinni í Keflavík og/eða bátsferðinni að kvöldi 19. nóvember 1974. Skýrslutaka hófst klukkan 10:09 og lauk klukkan 10:42. Kristján þekkti 5 menn fyrir vísit, þ. á m. Valdimar Olsen, Einar Bollason og Sigurbjörn Eiríksson og einn enn. Fimmta manninn þekkti Kristján Viðar ekki með nafni en var sagt að væri Geirfinnur Einarsson.

*Þann 11. febrúar var Sigurbjörn Eiríksson handtekinn.*

*Samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsis var Kristján Viðar tekinn til viðtals hjá rannsakanda þann 2. mars klukkan 20:35-21:10 en engar upplýsingar um viðtalið eru meðal gagna málsins.*

Þann 2. mars var Kristján Viðar yfirheyrður aftur klukkan 21:00-00:00 en um yfirheyrsluna liggur fyrir skýrsla lögreglu. Samkvæmt skýrslunni dró Kristján Viðar allan fyrri framburð til baka, neitaði allri aðild og að hvarfi Geirfinns og Keflavíkurför. Tilgreint er í skýrslunni að Kristján Viðar hafi sagt vitneskju sína um málið hafi verið úr fjölmiðlum en ferðinni til Keflavíkur og staðhættum hafi Kristján lýst sjálfstætt. Hann gat ekki skýrt hvaða hvatir lágu að baki röngum framburði en tók fram að Guðmundamálið hafi fengið mikið á sig og það gæti verið ástæðan. Kristján Viðar sagði þau Sævar og Erlu færu alrangt með þegar honum var sagt að þau hefðu borið að hann hefði verið með í Keflavíkurferðinni.

*Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók var Kristján Viðar tekinn til viðtals af rannsakendum þann 5. mars klukkan 14:30-17:50.*

*Þann 7. mars klukkan 15:15-15:35 var Kristján Viðar aftur tekinn til viðtals af rannsakendum og sama dag klukkan 20:40-23:10.*

*Kristján Viðar var tekinn til yfirheyrslu þann 8. mars klukkan 14:15-15:10 samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók. Skráð er „ferðalag“ lögreglu með Kristján Viðar sama dag klukkan 20:20-22:00.*

Engar upplýsingar um þessar aðgerðir lögreglu gagnvart Kristjáni Viðari eru fyrirbyggjandi meðal gagna málsins.

Þann 9. mars var tekin skýrsla af Kristjáni Viðari. Skýrslutaka hófst klukkan 12:10 og lauk 14:05. Í upphafi skýrslunnar segir: Síðast var hér tekin skrifleg skýrsla af mætta 2. þ.m. og sagði hann þá fyrri skýrslur sínar alrangar. Síðan þá segist Kristján Viðar mjög hafa hugsað málið og komist að þeirri niðurstöðu, að þetta sé ekki með öllu rétt. Áminntur um sannsögli skýrir mætti því frá eftirfarandi: „Mér hefur hér verið tjáð, að Erla Bolladóttir hafi sagt mig hafa komið í bifreið á Vatnsstíg kvöldið, sem ég á að hafa farið til Keflavíkur. Þegar mér hefur verið bent á þetta atriði, þá rifjast ýmislegt upp fyrir mér.“ Samkvæmt skýrslunni segist Kristján Viðar „nú muna greinilega eftir því“ að hafa sest upp í fólksbifreið að kvöldlagi sem stóð á Vatnsstíg, hvernig bifreiðin hafi snúið og hvaðan hann kom að henni. „Hver sat undir stýri bifreiðarinnar, það vil ég ekki fullyrða um, en ég tel mig hafa í það minnsta kannast við þann aðila. Nú var ekið út úr borginni og endaði ökuferðin í eða við dráttarbraut, sem ég er nú algjörlega viss um, að er Dráttarbraut Keflavíkur. Það hefur nú verið farið með mig öðru sinni til Keflavíkur og í dráttarbrautina og nú í myrkri.“ Í Dráttarbrautinni hafi Kristján Viðar, Sævar og „ökumaðurinn“ farið út úr bifreiðinni, „en um Erlu er ég ekki viss. Fleiri menn voru þarna fyrir, er við komum á staðinn, en ég vil ekki fullyrða með vissu hversu margir þeir voru, þó held ég þrír. Ég man mjög óljóst eftir atvikum þarna í dráttarbrautinni og ekki get ég munað eftir því að hafa farið í neina bátsferð, eða hafa séð bát þarna við bryggju. Aftur á móti hef ég þekkt bryggjuna við dráttarbrautina aftur, er ég sá hana í myrkri og ég kannast einnig við það hvernig sjálft svæðið er upplýst, þegar ég sá það. [...] Eins og ég hef sagt, þá get ég ekki gert mér grein fyrir hvað verið var að aðhafast þarna í dráttarbrautinni, nema ég er alveg viss, að það varðaði við lög. Ég man eftir því, að þegar ekið var á brott þaðan, þá sat ég í aftursæti bifreiðar og hallaði mér fram á við og spurði, hvort okkur yrði nokkuð blandað í þetta. Mér var svarað að svo yrði ekki. Ég er alveg viss um, að mér var mikið í mun, að mér yrði ekki blandað í eitthvað, sem ég ekki man hvað var, en hefur örugglega varðað við lög. Persónulega held ég, eða öllu heldur finnst, að þetta ferðalag hafi eitthvað verið í sambandi við spíritus, þótt svo ég ekki muni það.“ Í skýrslunni nafngreindir Kristján Viðar ekki aðra en Sævar, Erlu og sjálfan sig í tengslum við atburðina í Dráttarbraut-

inni. Í skýrslunni segir svo „Nafnið Geirfinnur segir mér ekkert í þessu samanbandi, í það minnsta ekki enn sem komið er.“

*Í fangelsisdagbók er skráð viðtal lögreglu við Kristján þann 15. mars klukkan 21:30-21:40, þann 16. mars klukkan 20:45-21:50, þann 17. mars klukkan 00:25-01:25 og loks er skráð að „talað“ hafi verið við Kristján Viðar inn á klefa klukkan 23:05-23:50.*

Um þessar aðgerðir lögreglu gagnvart Kristjáni Viðari er ekki að finna frekari upplýsingar meðal gagna málsins.

Þann 18. mars er næst skráð skýrslutaka samkvæmt gögnum málsins og samkvæmt henni fór hún fram klukkan 13:30-15:00. Í skýrslunni kemur fram að Kristján Viðar hafi verið yfirheyrður að hans ósk. Hann sagðist samkvæmt skýrslunni töluvert hafa hugsað um Keflavík-urferðina frá síðustu skýrslutöku, hann vildi ekki fullyrða neitt en finnst endilega að Valdimar Olsen og Einar Bollason hafi verið með í Dráttarbrautinni. Í skýrslutökunni nefndi Kristján „varning“, þ.e. „Ekki var það lík, heldur einhver varningur [...]“. Þá nefndi Kristján Viðar samkvæmt skýrslunni að hann teldi sig muna eftir að Sigurbjörn Eiríksson hafi verið í Dráttarbrautinni, en „vill þó ekki fullyrða um tilvist hans frekar en hinna tveggja“ sem hann hafði nafngreint.

*Í dagbók Síðumúlafangelsis, þann 19. mars, er skráð klukkan 20:40 að Sigurbjörn Víðir „hafi farið inn á gang að tala við Kristján Viðar, Tryggva Rúnar og [...]“.*

Um þetta eru ekki frekari upplýsingar meðal gagna málsins.

Þann 22. mars var tekin dómskýrsla af Kristjáni Viðari um Guðmundarmál. Í skýrslunni greindi Kristján Viðar frá í samræmi við fyrri framburð sinn en nokkuð nánar þó. Í framhaldinu var gæsluvarðhald yfir Kristjáni Viðari framlengt í allt að 90 daga.

*Í fangelsisdagbók þann 30 mars er skráð að Sigurbjörn Víðir „hafi farið inn á gang að tala við Kristján Viðar og Tryggva Rúnar“. Hafi þetta verið klukkan 20:50 en lok eru ekki tilgreind og engar upplýsingar um viðtalið eru á meðal gagna málsins.*

Samkvæmt gögnum málsins var næst tekin skýrsla af Kristjáni Viðari 9 dögum eftir að hann var úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald. Það var 31. mars hjá Erni Höskuldssyni fulltrúa yfirsakadómara. Dómskýrslan er um Geirfinnsmálið og í henni kemur fram að eftir að Kristján Viðar staðfesti að mestu það sem fram kom í skýrslu lögreglu

frá 9. mars sagði hann skýrslur hans frá 23. og 27. janúar og 10. febrúar<sup>113</sup> ekki sannleikanum samkvæmar. Þær hafi verið skáldaðar til að hann fengi frið fyrir fangavörðum og lögreglumönnum en hann hafi verið orðinn mjög „slæmur á taugum“ á þessu tímabili vegna stöðugra yfirheyrsla um Guðmundarmálið.

*Að kvöldi 31. mars er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis klukkan 22:15-23:30 að lögregla hafi átt viðtal við Kristján Viðar á klefa að hans beiðni en engar upplýsingar um viðtalið er meðal gagna málsins.*

Þann 1. apríl var tekin skýrsla af Kristjáni Viðari fyrir dómi og samkvæmt henni sagði Kristján ýmislegt hafa rifjast upp fyrir sér frá því að hann hefði síðast komið fyrir sakadóm. Í skýrslunni lýsti hann aðallega atburðum í Dráttarbrautinni, slagsmálum og manni sem hafi verið alblóðugur í framan en Kristján Viðar hafi ekki átt beina aðila að átökunum heldur verið áhorfandi.

Þann 6. apríl kom Kristján Viðar fyrir dóm. Í dómskýrslu segir „Dómarrinn getur þess, að fram hafi farið sakbending þar sem Kristján Viðar Viðarsson sá Einar Bollason í hópi manna. Skoðaði Kristján Viðar fyrst baksvip mannanna, en síðan andlit þeirra. Kristján Viðar kvaðst þekkja baksvip Einars Bollasonar sem baksvip bifreiðastjóra bifreiðarinnar, sem hann steig upp í á Vatnsstíg.“ Samprófun Kristjáns Viðars og Einars Bollasonar í fór fram kjölfarið. Kristján Viðar sagðist alveg viss um að Einar hafi verið í dráttarbrautinni en Einar neitaði öllu.

*Í fangelsisdagbók eru skráðar tvær færslur vegna aðgerða lögreglu gagnvart Kristjáni Viðari seinna þann 1. apríl, þ.e. viðtal rannsakenda við Kristján Viðar klukkan 18:50-19:10 og annað viðtal frá 21:30-23:15.*

Engar upplýsingar um viðtölin eru meðal gagna málsins.

Þann 7. apríl tók lögreglan skýrslu af Kristjáni Viðari klukkan 14:50-19:45 vegna Guðmundarmáls. Þá höfði liðið 16 dagar samkvæmt gögnum málsins frá því Kristján Viðar var úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald vegna Guðmundarmáls. Fram kemur í skýrslunni að hún hafi farið fram að ósk Kristjáns Viðars. Samkvæmt skýrslunni breytti Kristján Viðar framburði sínum þannig að Guðmundur hafi ekki látist af völdum átaka heldur hafi Kristján Viðar stungið hann með hnífi: „[...] en þá réðist Guðmundur aftan að mér og tók mig háls-

<sup>113</sup> Í endurriti sakadóms er vísað til 10. febrúar en skýrsla lögreglunnar er dagsett 11. febrúar. Skráning yfirheyrslu í fangelsisdagbók er frá 10. febrúar og því hugsanlegt að lögregluskýrslan sé rangt dagsett.

taki aftan frá. Ég reyndi hvað ég gat til þess að losa mig, en tókst ekki. [...] Nú greyp mig einhver hræðsla og án þess ég gerði mér grein fyrir hvað ég var að gera, þá greyp ég til hnífsins, sem ég hafði fest við beltið á hægri mjöðm mér. Ég kippti hnífunum úr slíðrinu og rak hann í blindni aftur fyrir mig, og fann ég, að hann stakkst í Guðmund. Líkið hafi verið lagt „á gólfíð á milli fram- og aftursætis bifreiðarinnar þvert í hana.“ Síðan var ekið suður fyrir Hafnarfjörð þar sem líkinu hafi verið komið fyrir „ofan í djúpri hraun sprungu, sem var svo djúp, að barmar hennar gnæfðu yfir höfuð mér, er ég var komin ofan í hana. Sprungan kom svolítið inn undir sig niðri við botninn og myndaðist þar eins og helliskúti.“ Samkvæmt gögnum málsins var næsta formlega skýrsla tekin af Kristjáni Viðari vegna Guðmundarmáls þann 20. júní en þá var gæsluvarðhald yfir honum framlengt að nýju.

Þann 8. apríl var Kristján Viðar færður fyrir sakadóm vegna Geirfinnsmáls og fram fór sakbending þar sem Kristján Viðar benti á Valdimar Olsen í hópi manna. Í dómskýrslunni kemur einnig fram að Kristján Viðar hafi tvisvar áður hitt Valdimar og hann þekkti Valdimar í sjón. Valdimar sagðist hins vegar aldrei hafa séð Kristján áður. Aðspurður sagði Kristján Viðar að Valdimar hefði verið í hópi manna í Dráttarbrautinni umrætt kvöld.

*Í fangelsisdagbók er skráð 14. apríl að lögreglumaður hafi farið inn á klefa til Kristjáns klukkan 17:20-17:50 og aftur 19. apríl klukkan 22:30-23:35 en engar upplýsingar um þessar ferðir eru á meðal gagna málsins.*

Samkvæmt gögnum málsins tók lögreglan næst skýrslu af Kristjáni Viðari þann 20. apríl klukkan 14:40-17:45. Yfirheyrt var vegna Geirfinnsmáls og samkvæmt skýrslunni sagði Kristján Viðar „ýmsa hluti hafa skýrst fyrir sér í sambandi við ferðina til Keflavíkur.“ Hann væri viss um að Einar, Valdimar og Sigurbjörn hefðu verið í Dráttarbrautinni. Kristján Viðar greindi samkvæmt skýrslunni frá tveimur símtölum sem hann átti við Sævar. Fyrri símtalið átti sér samkvæmt skýrslunni stað um miðjan dag er Sævar hrindi í Kristján Viðar þar sem Kristján var staddur að Laugavegi 32. Ræddi Sævar við Kristján Viðar um hvort Kristján vildi „koma með í einhvern leiðangur. [...] Að þarna væri um spíraflutning að ræða og mikla peninga í því sambandi.“ Seinna símtalið átti sér samkvæmt skýrslunni stað um kvöldið sama dag. Þá hafi Sævar aftur hringt í Kristján Viðar á Laugarveg 32, en Sævar hafi verið staddur í sjoppu við hliðina. Bað Sævar Kristján Viðar að koma út í bíl á Vatnsstíg. Kristján Viðar lýsti því svo samkvæmt skýrslunni þegar hann gekk frá heimili sínu að Laugavegi 32 og að Vatnsstíg, hvernig hann fór inn í bíl sem hann sagðist telja hafa verið rauðan Fiat en Sævar, Erla og Einar hefðu staðið fyrir utan bif-

reiðina. Samkvæmt skýrslunni fjallaði Kristján Viðar um bláa sendi-bifreið með stóru vélarhúsi við Vatnsstíg og nokkra menn inni í henni. Sævar hefði rætt við mennina sem hann lýsti og klæðaburði þeirra. Kristján greindi í skýrslunni frá Dráttarbrautinni og að þar hafi verið bátur, sem var að leggja frá bryggju. Í skýrslunni er greint frá lýsingu Kristjáns Viðars um atburði í Dráttarbrautinni „hópur manna hafði slegið hring um einn mann og var sá maður mjög skelfdur á svipinn og blóðugur í andliti. [...] Eftir þetta fór ég [Kristján] að bera einhvern varning af bryggjunni og að bifreið sem stóð skammt frá.“ Undir lok skýrslunnar segir eftirfarandi: „Ég er viss um að Einar Bollason, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson voru þarna í dráttarbrautinni og man ég eftir því að hafa séð Sigurbjörn ásamt öðrum manni á bryggjunni. Magnús Leópoldsson þekki ég ekki og þess vegna get ég ekki sagt til um hvort hann hefur verið þarna staddur í dráttarbrautinni. Í sambandi við „Sigga Rauða“, Viggó Guðmundsson og þennan bróður Gústafs Agnarssonar, finnst mér að þessir menn hafi verið þarna, en ég vil þó ekki fullyrða um það.“

*Þennan dag, 20. apríl, er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að rannsóknarlögreglumaður hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars klukkan 23:20-23:50.*

*Þann 23. apríl klukkan 11:05 er aftur skráð að rannsóknarlögreglumaður hafi farið inn á klefa til Kristjáns, í beinu framhaldi af viðtali við Sævar.*

*Skráð er viðtal rannsakenda við Kristján Viðar þann 24. apríl milli 13:30-15:15. Þá er skráð að lögregla hafi farið inn á klefa til Kristjáns klukkan 23:40-00:10 þennan sama dag, aftur þann 26. apríl klukkan 17:50-18:10 og þann 28. apríl klukkan 11:35 en lok eru ekki skráð.*

*Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi vegna þessara aðgerða lögreglu gagnvart Kristjáni Viðari meðal gagna málsins.*

Samkvæmt gögnum málsins var næst var tekin skýrsla af Kristjáni Viðari fyrir sakadómi þann 28. apríl og var Páll A. Pálsson lögmaður Kristjáns Viðars viðstaddur. Skýrslutakan stóð yfir klukkan 13:52-15:08. Efni skýrslunnar er í samræmi við framburð sem Kristján Viðar gaf 20. apríl. Kristján Viðar nefndi rifrildi við Sævar og menn í slippnum í Keflavík. Hann greindi einnig samkvæmt skýrslunni frá því að hann hefði komið að Laugavegi 32 í blárrí leigubifreið eins og Viggó Guðmundsson ók stundum.

*Daginn eftir, 29. apríl, klukkan 20:10 átti lögregla viðtal við Kristján Viðar á klefa „í dálitla stund“, samkvæmt skráningu í dagbók Síðumúlafangelsis.*

*Þann 1. maí klukkan 21:05-00:20 er skráð að Kristján Viðar hafi verið „færður fyrir“ rannsakendur, þ. á m. Hallvarð Einvarðsson.*

*Aðfararnótt 2. maí er skráð í fangelsisdagbók viðtal rannsakenda við Kristján Viðar klukkan 01:10-01:40. Sama dag er skráð yfirheyrsla frá 17:20-19:10 og viðtal frá 20:30-22:20 og skráð er að Hallvarður Einvarðsson hafi verið meðal yfirheyranda. Loks er skráð „ökufærð“ rannsakenda með Kristján Viðar þennan dag klukkan 22:45-00:20.*

*Þann 3. maí er skráð í fangelsisdagbók önnur „ökufærð“ rannsakenda með Kristján Viðar klukkan 11:55-12:50, yfirheyrsla klukkan 16:04-18:50 og stutt yfirheyrsla klukkan 23:55 án þess að lok séu tilgreind.*

*Þann 5. maí er skráð samprófun Kristjáns Viðars og Erlu klukkan 16:20-17:45 þar sem skráð er að Hallvarður Einvarðsson hafi verið meðal yfirheyranda. Þá er í fangelsisdagbók skráð önnur samprófun þennan dag, þ.e. samprófun þeirra Kristjáns Viðars, Erlu og Sævars klukkan 21:25-22:50. Klukkan 22:50 hafi Kristján Viðar og Sævar verið færðir á klefa. Loks er skráð þann 5. maí í fangelsisdagbók lok viðtals lögreglu á klefa við Kristján Viðar, klukkan 23:20, en upphaf þess er ekki skráð.<sup>114</sup>*

*Þann 6. maí er skráð í fangelsisdagbók að Kristján Viðar hafi verið „færður í skýrslutöku hjá lögreglu“ klukkan 14:15-17:45 þar sem skráð er að Hallvarður Einvarðsson hafi verið meðal yfirheyranda. Þá er önnur skráning í fangelsisdagbók þennan sama dag vegna lokayfirheyrslu klukkan 00:37 en upphaf hennar er ekki skráð.*

*Daginn eftir, þann 7. maí, er skráð viðtal rannsakenda við Kristján Viðar klukkan 09:00-10:35.*

---

<sup>114</sup> Í dómi Hæstaréttar er fjallað um harðræðisrannsóknina frá 1979, þar segir: „Af gögnum máls verður ráðið, að við samprófun hinna ákærðu Sævars, Kristjáns og Erlu 5. maí 1976 hafi nafngreindur fangavörður lostið ákærða Sævar kinnhest. Um aðdraganda þessa eru skýrslur óljósar, en þær benda til þess, að ákærði Sævar hafi verið æstur og óror við yfirheyrslu þessa“. Rétt er að geta þess að engin skýrsla liggur fyrir um umrædda samprófun.



Þann 7. maí er einnig tekin lögregluskýrsla af Kristjáni Viðari klukkan 12:50-16:15. Tekið er fram að skýrslutakan fari fram að ósk Kristjáns Viðars og að hann vildi gefa skriflega skýrslu um það sem „hefði rifjast upp í huga sínum síðustu daga.“ Samkvæmt skýrslunni gerði Kristján Viðar nánari grein fyrir atburðunum varðandi Keflavíkurferðina. Í því sambandi nefnir Kristján Viðar í skýrslunni „Sigga Rauða“, og fjallar nú um mann sem hann kannast við, en „sá er kunningi Viggó Guðmundssonar, og er hann mikið í lyftingum.“ Auk þeirra hafi verið fleiri menn í Keflavík sem Kristján ekki þekkti. Þá nefndi Kristján Viðar samkvæmt skýrslunni mann sem tók þátt í Keflavíkurferðinni sem „var að mér finnst suðrænn í útliti, en talaði alveg íslensku og er ég viss um að hann er íslendingur.“ Kristján Viðar lýsir þessu næst samkvæmt skýrslunni að hann hafi komið að þar sem menn höfðu slegið hring um liggjandi mann: „Maðurinn lá á grúfu og var höfuð hans blóðugt. Þessir þrír menn voru að vinna á manninum með höggum og spörkum. Einnig var búið að leggja til hans með lagvopni eða hníf, það er að segja að búið var að skera í fötin á bakhluta mannsins.“<sup>115</sup>

*Í fangelsisdagbók eru þrjár færslur vegna aðgerða lögreglu gagnvart Kristjáni þann 7. maí. Klukkan 17:30-17:45, er skráð að Kristján hafi verið færður til viðtals við lögreglu og Hallvarð Einvarðsson, klukkan 21:15-22:00 er Kristján færður fyrir lögreglu og loks er skráð samprófun Kristjáns Viðars og Sævars klukkan 21:55-22:40.*

*Næsta dag, 8. maí, er skráð ferð rannsakenda með Kristján Viðar suður til Keflavíkur klukkan 13:30-16:20 þar sem vararíkissaksóknari er með í för.*

*Þann 10. maí er skráð að vararíkissaksóknari hafi tekið Kristján Viðar í viðtal klukkan 16:15-16:20.*

*Þann 11. maí klukkan 13:20-13:55 tekur rannsóknar-lögreglumadur viðtal við Kristján Viðar og þann 12. maí er skráð að lögregla hafi farið inn á klefa til Kristjáns klukkan 22:30-22:50.*

*Þann 14. maí er skráð að Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari hafi komið í Síðumúlafangelsið og tekið Kristján til „smá viðtals“ klukkan 10:15-10:40. Annað viðtal við Kristján Viðar er skráð þennan sama dag þar sem*

<sup>115</sup> Undir skýrsluna er ritað: „Viðstaddur yfirheyrsluna var Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari.“

*Hallvarður er einnig viðstaddur klukkan 15:05-15:20. Þá er skráð þann 14. maí að Kristján hafi verið „tekinn fram fyrir“ Hallvarð klukkan 17:50-18:50 og virðist Erla einnig hafa verið viðstödd. Loks er skráð þann 14. maí að Kristján hafi verið „tekinn fram“ í smá stund á milli klukkan 19:45-20:05.*

Engar upplýsingar um þessar yfirheyrslur og viðtöl eru skráð meðal gagna málsins.

Í upplýsingaskýrslu Eggerts Bjarnasonar lögreglumanns, dagsettri 15. maí 1976, kemur fram að daginn áður, þann 14. maí, hafi skýrsla verið tekin af Guðjóni Skarphéðinssyni. Þá hafi Kristján Viðar verið „færður úr klefa sínum í herbergi við hlið þess, sem yfirheyrslan yfir Guðjóni fór fram í. Var Kristjáni Viðari gert mögulegt að sjá Guðjón tvívegis meðan á yfirheyrslunni stóð og með þeim hætti, að hann gat virt Guðjón vel fyrir sér.“ Samkvæmt upplýsingaskýrslunni „Kvaðst Kristján Viðar þá þegar hafa borið kennsl á mann þennan og væri hann þess fullviss, að þar væri kominn „útlendingslegi maðurinn“, sem hann hefur rætt um að hafi verið á Vatnsstíg og síðar í Dráttarbraut Keflavíkur.“

*Þann 15. maí er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis yfirheyrsla yfir Kristjáni Viðari klukkan 16:20-16:40 en engar upplýsingar um hana eru meðal gagna málsins.*

Þann 15. maí er skráð skýrslutaka hjá lögreglu sem er meðal gagna málsins og stóð hún klukkan 18:50-19:25. Samkvæmt skýrslunni ítrekaði Kristján Viðar að hann hafi borið kennsl á Guðjón og greindi m.a. frá því að Guðjón hafi stjórnað að hluta því sem Kristján Viðar hefði gert í Dráttarbrautinni. Kristján Viðar greindi líka í skýrslunni frá hvítleitum bát með stýrishúsi. Hann greindi frá deilum við Guðjón um greiðslu vegna ferðarinnar, Kristján Viðar hafi reiðst og í leit sinni að Sævari hafi hann komið auga á liggjandi mann og aðra viðstadda.

*Þann 15. maí er skráð í fangelsisdagbók að lögregla hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars klukkan 23:25-23:40 en engar nánari upplýsingar um þetta eru meðal gagna málsins.*

Í upplýsingaskýrslu Sigurbjörns Víðis Eggertssonar lögreglumanns, dagsettri 16. maí 1976, kemur fram að föstudaginn 14. maí, hafi Ólafur Sigurgeirsson mætt til viðtals hjá lögreglunni í Síðumúlafangelsi. Segir svo í skýrslunni „Kristján Viðar Viðarsson var viðstaddur nokkurn tíma þess viðtals, en Kristján Viðar hafði áður bent á Ólaf á mynd af lyftingarmönnum, sem líklegan til að hafa verið í sendibifreiðinni á Vatnsstíg.“

Í upplýsingaskýrslu Sigurbjörns Víðis Eggertssonar lögreglumanns kemur fram að þann 16. maí 1976 klukkan hafi Kristján Viðar mætt til skýrslutöku „að eigin ósk“. Fór hún fram milli klukkan 23:50 og 24:00 samkvæmt tímaskráningu. Í skýrslunni kemur fram að Kristján Viðar sé „þess nú fullviss, að maður sá sem ég sá hér í yfirheyrsluherberginu sl. föstudag og ræddi lítilsháttar við og ég hafði áður nefnt í skýrslum sem lyftingarmann, er maðurinn sem var inni í farmskýli sendibifreiðarinnar á Vatnsstíg.“ Undir skýrsluna er ritað: „Viðstaddur yfirheyrsluna var Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari.“

*Þann 16. maí er skráð í fangelsisdagbók að lögregla og vararíkissaksóknari hafi tekið Kristján til viðtals klukkan 23:20-24:00. Daginn eftir, þann 17. maí, er skráð viðtal lögreglu klukkan 17:00-17:25. Engin skýrsla liggur fyrir meðal gagna málsins vegna þessara tveggja aðgerða.*

Þann 18. maí 1976 var tekin lögregluskýrsla af Kristjáni Viðari og hófst hún klukkan 14:10 en lauk klukkan 14:25. Samkvæmt skýrslunni kvaðst Kristján Viðar „mikið hafa hugsað um mál þetta og þá sérstaklega hvaða menn voru í sendibifreiðinni á Vatnsstíg. Ég er þess nú fullviss að einn þeirra manna, sem í sendibifreiðinni voru þ.e. í farmskýli bifreiðarinnar, var Guðmundur Birgisson.“

*Sama dag er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis viðtal lögreglu klukkan 18:30-18:45 og samprófun Kristjáns Viðars við Guðmund Birgisson.*

*Þann 19. maí er eftirfarandi færsla í fangelsisdagbók: „Páll lögmaður Kristjáns Viðars hringir vegna útivistar hans. Klukkustund síðar er hringt í Örn og rætt um útivist fanga. Ákveðið var að Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Erla fengju að fara út ca. 15. mín. á dag.“*

*Eftirfarandi er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis 26. maí klukkan 16:30: „[...] þá hefur Sigurbjörn Viðir talað við Kristján og Erlu á klefum þeirra.“*

*Hinn 30. maí er skráð viðtal lögreglu við Kristján Viðar klukkan 21:30-21:45.*

*Þann 2. júní eru skráðar viðræður lögreglu, Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars klukkan 17:22-19:00.*

*Þann 3. júní er skráð samprófun Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars hjá lögreglu klukkan 21:10-22:50, en Kristján Viðar hafði verið færður fram til viðtals klukkan 21:00.*

*Þann 4. júní er skráð samprófun Kristjáns Viðars, Tryggva Rúnars og Sævars fyrir lögreglu klukkan 21:50-23:56.*

*„Leiðangur“ rannsakenda með Kristján Viðar er skráður þann 7. júní klukkan 20:05-22:20.*

*Viðtal rannsakenda við Kristján er skráð þann 10. júní klukkan 16:40-19:00 og aftur klukkan 18:10-19:00. Þá er skráð viðtal rannsakenda við Kristján Viðar klukkan 23:00 og samprófun Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars klukkan 23:30-00:45.*

*Þann 11. júní er skráð í fangelsisdagbók viðtal rannsakenda við Kristján Viðar klukkan 22:20-23:35 og samprófun Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars klukkan 23:35-23:45. Yfirheyrsla er skráð í fangelsisdagbók þann 12. júní klukkan 21:40-22:55, skýrslutaka þann 13. júní klukkan 15:00-15:45 og viðtal lögreglu við Kristján Viðar þann 15. júní klukkan 19:50-20:40.*

*Engar nánari upplýsingar í tengslum við þessar færslur um Kristján Viðar eru fyrirleggjandi meðal gagna málsins.*

Samkvæmt gögnum málsins voru engar skýrslur teknar af Kristjáni Viðari vegna Guðmundarmálsins frá 7. apríl þar til hann mætti fyrir sakadóm vegna málsins þann 20. júní 1976. Þá var gæsluvarðhald yfir honum framlengt um allt að 90 daga vegna Guðmundarmálsins en engin efnisleg skýrsla tekin af honum um málið. Samkvæmt gögnum málsins var heldur ekki tekin skýrsla af Kristjáni Viðari vegna Geirfinnsmálsins frá 18. maí þar til gæsluvarðhald var framlengt þann 20. júní.

Tveimur dögum síðar, þann 22. júní 1976, fór fram skýrslutaka hjá lögreglu að ósk Kristjáns Viðars klukkan 13:40-14:50. Kristján Viðar kvaðst samkvæmt skýrslunni vilja breyta framburði sínum frá 7. apríl og segir í skýrslunni: „Í þeirri skýrslu minni segi ég, að ég hafi stungið Guðmund Einarsson með hnífi og það hafi orðið hans bani. Þetta er ekki rétt, ég stakk Guðmund aldrei með hnífi eða öðru. Hitt er aftur á móti rétt, að ég, Tryggvi Rúnar Leifsson og Sævar Ciesielski lentum í átökum við Guðmund heima hjá Sævari í Hafnarfirði, og þau átök leiddu til dauða Guðmundar.“ Að öðru leyti lýsti Kristján Viðar kvöldinu með svipuðum hætti og áður. Hann greindi frá því í skýrslunni að búið væri að fara með sig nokkrum sinnum í ökuferðir suður fyrir Hafnarfjörð til þess að athuga hvort hann kannaðist þar við einhvern stað þar sem þeir hefðu urðað Guðmund. Þá kemur fram í

skýrslunni að honum fyndist helst koma til greina rauðamalgryfja í því samhengi.

*Sama dag, 22. júní, er einnig skráð í dagbók Síðumúla-fangelsi „bíltúr“ rannsakenda með Kristján Viðar klukkan 11:00-11:35 og skýrslutaka klukkan 18:00-19:00. Daginn eftir, 23. júní, er skráð viðtal lögreglu við Kristján Viðar klukkan 16:10-16:55.*

*Þann 24. júní er skráð samprófun Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars klukkan 13:40-14:05 og 29. júní er skráð skýrslutaka rannsakenda af Kristjáni Viðari klukkan 14:30-16:15 og aftur 17:20-19:10.*

*Skráð er samprófun Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars klukkan 15:30-18:45 þann 30. júní, viðtal lögreglu við Kristján 2. júlí klukkan 19:40-20:20 og þá er skráð í fangelsisdagbók að Hallvarður Einvarðsson hafi rætt við Kristján klukkan 14:20 en ekki er skráð hversu lengi.*

*Viðtal rannsakenda við Kristján Viðar er skráð þann 5. júlí klukkan 22:05-22:35 og einnig þann 12. júlí klukkan 13:25-14:20. Daginn eftir, 13. júlí er skráð að rannsakandi hafi farið á klefa til Kristjáns klukkan 17:10-17:40. Sama dag tók Kristján Viðar lygamælingapróf hjá Gísla Guðjónssyni, í tengslum við námsverkefni Gísla.*

*Þann 25. júlí er skráð að Erla og Kristján Viðar hafi verið færð fyrir Hallvarð Einvarðsson klukkan 16:10-17:20, en að Hallvarður „hafi ekki haft árangur sem erfiði.“*

*Þann 28. júlí er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að rannsakandi hafi farið inn á kefa til Kristjáns Viðars klukkan 18:15-18:25 og að rannsakendur, ásamt Hallvarði Einvarðssyni hafi farið með Kristján Viðar suður í hraun klukkan 18:25-19:30.*

*Þann 17. ágúst er skráð leit í klefa m.a. Kristjáns, þar sem Örn Höskuldsson, Karl Schütz og fleiri koma að.*

Engar upplýsingar um framangreindar færslur um Kristján Viðar eru meðal gagna málsins.

Meðal gagna málsins er upplýsingaskýrsla dagsett 19. ágúst um það að Kristján Viðar hafi klukkan 20:30 verið færður til viðtals og honum sýndar myndir af ýmsum tegundum af sendibifreiðum til að bera kennsl á bifreiðina sem var í Keflavík þann 19. nóvember 1974. Í

skýrslunni kemur fram að Kristján Viðar segðist viss um að engin af bifreiðunum á myndunum líktist bifreiðinni sem verið hefði í dráttarbrautinni 19. nóvember 1974 og hann teldi hana hafa verið bláa. Samkvæmt upplýsingaskýrslunni lauk samtalinu klukkan 20:40.

Önnur upplýsingaskýrsla, dagsett 27. ágúst, er meðal gagna málsins. Hún er um að Haraldur Árnason lögreglumaður hafi rætt við Kristján Viðar á klefa hans í Síðumúlafangelsinu. Samkvæmt skýrslunni sagði Kristján Viðar frá því að í ágúst 1974 hafi Sævar komið til sín að Grettisgötu 82, einhverntíma í ágúst 1974, laust eftir hádegi. Í skýrslunni kemur fram að Kristján hafi „fylgt Sævari niður í kjallara hússins og þar inni í þurrkherbergi hafi staðið tveir pokar úr efni eins og notað er í sjóstakka. Sagðist Kristján hafa haldið í fyrstu að í pokunum væri þýfi og spurt Sævar hvort svo væri, en hann þá svarað: „Það er maður í pokunum“. Þeir hafi hringt í Albert sem hefði komið og Tryggvi Rúnar hefði verið þarna líka. Samkvæmt upplýsingaskýrslunni greindi Kristján Viðar m.a. frá því að hann hefði velt því nokkuð fyrir sér hvernig Sævar hafi komið með umrædda poka að bakdyrum heimilis hans að Grettisgötu 82. Sagðist Kristján í því sambandi vilja benda á að Sigurbjörn Eiríksson og Gróa Bæringsdóttir hefðu haft aðgang að íbúð að Grettisgötu 78 og að greiður aðgangur væri á milli bakdyra húsanna. Kristján hefði svo jafnframt greint frá því að þetta væri aðeins hugarburður hans sjálfs og að hann hefði ekkert fyrir sér í því að þaðan væru pokarnir komnir.

*Þann 28. ágúst er skráð í fangelsisdagbók að rannsakandi hafi komið og talað við Kristján Viðar klukkan 21:55-00:30 en engin skýrsla um viðtalið er fyrirliggjandi meðal gagna málsins.*

Meðal gagna málsins er að finna upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar lögreglumanns, vegna framburðar Kristjáns Viðars frá 30. ágúst, þar sem fram kemur að Kristján Viðar hafi lýst sendibifreiðinni. Í framhaldinu hafi lögregla aflað upplýsinga um bíla sem pössuðu við lýsingu Kristjáns Viðars og komist að því að einungis einn bíll hér á landi virtist samsvara lýsingu Kristjáns Viðars. Það væri bíll í eigu fyrrum íbúa að Grettisgötu 82 sem þekktur væri af lögreglu fyrir fíkniefnamál.

*Sama dag, 30. ágúst, er skráð í fangelsisdagbók að klukkan 11:40-12:10 hafi komið í fangelsið Karl Schütz, Jónas Bjarnason og Dr. Kisling. „Breiddi Dr. Kisling úr tækjum sínum á varðstofuborðið (smásjá og fl.)“ og var Kristján Viðar færður fram til þeirra.*

*Þann 4. september er skráð í fangelsisdagbók að klukkan 14:55 hafi Karl Schütz „farið ásamt fríðu föruneyti, en síðastur gekk Kristján Viðar“. Þá er skráð að lögreglu- maður hafi komið með Kristján til baka í Síðumúlafangelsið klukkan 17:50.*

*Þann 6. september er skráð viðtal lögreglu við Kristján Viðar klukkan 11:20-12:55.*

Engar upplýsingar um þessar ráðstafanir eru meðal gagna málsins.

Þann 6. september er auk fyrrgreindrar yfirheyrslu skráð ökuferð Schütz og fleiri með Kristján Viðar klukkan 14:35-18:35 en upplýsingaskýrsla um ferðina, rituð af Karli Schütz, er meðal gagna málsins. Samkvæmt skýrslunni var farið með Kristján Viðar í fólksbíl að Vatnsstíg og hann beðinn að skýra frá því sem hann vissi um undirbúning ferðarinnar til Keflavíkur. Samkvæmt skýrslunni greindi Kristján Viðar frá því að Sævar hafi beðið sig að hringja í ókunnugan mann úr kaffihúsi í Keflavík. Sævar hafi skrifað númerið á blað og sagt nafn mannsins sem hefði verið óvenjulegt. Kristján Viðar greindi samkvæmt skýrslunni frá því að farið hafi verið á tveimur bílum til Keflavíkur, hann nefndi útlandingslega manninn og að Kristján Viðar hafi farið með sömu fólksbifreið til Reykjavíkur og í henni hafi verið sömu manneskjur og á leiðinni til Keflavíkur fyrir utan Erlu.

Samkvæmt skýrslunni var hann spurður út í fyrri framburð sinn um „hvert farið hefði verið að lokum með manninn sem lá á jörðinni, gat K. ekki svarað því. Það var hins vegar greinilegt, að þegar spurt var um þetta, þá var hann ekki einungis taugaóstyrkur, heldur einnig dálítið árásgjarn. Hann var gripinn undarlegum æsingi. Þegar honum var borið á brýn, að við fyrri vitnaleiðslur, þá hefði hann talað um, að maður í plastikumbúðum hefði verið lagður í sendiferðabifreiðina, svaraði hann því til, að þetta hefði hann sagt, af því menn með barefli hefðu komið inn í klefann til sín. Aðspurður, sagði hann þetta hafa verið fangaverði. Verðirnir hefðu umfram allt viljað fá út úr honum, að hafi hlotið að þekkja Magnús Leópoldsson, þar sem hann hafi oftlega verið í Klúbbnum. Verðirnir hefðu samt sem áður ekki slegið hann.“ Fram kemur í athugasemdum Schütz í lok upplýsingaskýrslunnar að „Ofanskráðar útskýringar hins ásakaða Kristjáns eru árangur mjög langs og tregs samtals. Hinn ákærði svaraði mörgum spurningum, sem í þessari athugasemd hafa ekki verið skrifaðar niður, að hann muni ekki meira. Hann segist hafa gert sér far um að segja sannleikann. Á mörgum sviðum viti hann hreinlega sagt engin smáatriði lengur.“

Daginn eftir, þann 7. september, var farið með Kristján Viðar í vettvangsferð til Keflavíkur til að rannsaka frá hvaða kaffihúsi Kristján Viðar hefði hringt í Geirfinn og leiddi rannsóknin í ljós að Kristján Viðar héldi að um Hafnarbúðina væri að ræða þar sem að allir staðhættir þar inni kæmu kunnuglega fyrir sjónir. Ökumaðurinn hefði ritað símanúmer og nafn mannsins sem hringja átti í á miða en ekki Sævar. Barn hafi svarað í símann og kallað á föður sinn í símann. Um þessa vettvangsferð til Keflavíkur liggur fyrir upplýsingaskýrsla Haraldar Árnasonar lögreglumanns, meðal gagna málsins.

Dómskýrsla var tekin af Kristjáni Viðari þann 17. september en þá var gæsluvarðhald yfir honum framlengt um 90 daga vegna Guðmundarmáls. Kristjáni var bent á misræmi í fyrri framburðum sínum. Í dómskýrslunni kemur fram að Kristján Viðar segðist ekki vita um hnífinn sem hann hafði áður sagst hafa „notað á Guðmund“. Samkvæmt skýrslunni sagði Kristján Viðar að hann hefði sagst hafa notað hnífinn á Guðmund Einarsson vegna þess að sér hafi þá fundist það. Kristján Viðar segir samkvæmt skýrslunni að sig minnti þó að hann hafi tekið hnífinn af Sævari í Kópavogi umrætt sinn og verið með hann á Hamarsbraut 11.

*Þann 18. september er skráð í fangelsisdagbók að Kristján Viðar hafi verið færður í yfirheyrslu hjá Haraldi Árnasyni, en færslan er ótímasett. Hins vegar kemur fram í fangelsisdagbók að Haraldur kom í fangelsið klukkan 22:00 um kvöldið og fór klukkan 05:50 að morgni 19. september.*

Þann 19. september tók Haraldur Árnason lögreglumaður viðtal við Kristján Viðar, sem fór fram að beiðni Kristjáns. Skýrslan vegna viðtalsins er í frásagnarformi og ekki kemur fram klukkan hvað það hófst eða hvenær því lauk. Í frásögninni kemur fram að í ágúst 1974 hafi Tryggvi Rúnar komið heim til Kristjáns að Grettisgötu með öðrum manni sem Kristján þekkti ekki. Kristján Viðar lýsti því samkvæmt upplýsingaskýrslunni hvernig hann hefði veitt ókunnuga manningu höfuðáverka fyrir slysi með U laga járntein. Maðurinn hefði misst meðvitund og blætt úr honum við þetta. Daginn eftir hafi Sævar komið og farið með Kristján Viðar niður í kjallara þar sem hafi verið „tveir pokar staðið við dyrnar á þurrkherbergi sem þar var, en þetta voru pokar úr svipuðu efni og notað er í sjóklæðnað, orange-gulir að lit og hnýtt fyrir þá með hvítum reymum. Pokarnir voru úttroðnir [...] Ég spurði Sævar hvað þetta væri, en hann sagði þá: „Það er maður í þessum pokum og þeir eru splunkunýir, keyptir í Ellingsen“.“ Samkvæmt upplýsingaskýrslunni sagði Kristján Viðar Sævar svo hafa talað um Guðmundarmálið og hvernig Kristján Viðar hefði stungið Guðmund með hnífi og nú væri best að losa sig við hnífinn. Hnífurinn



hefði því verið settur í pokann með líkinu. Hringt hafi verið í Albert sem hefði komið á gulri, japanskri bifreið föður síns og ekið Tryggva Rúnari, Sævari, Kristjáni Viðari og líkinu út í Hafnarfjarðarhraun. Segir svo í skýrslunni eftir Kristjáni Viðari: „Ég vil taka það fram, að ég hefi aðeins orð Sævars fyrir því, hvað í pokunum var, en hafi það verið satt, sem hann sagði mér, þá veit ég ekki hvar lík þetta mun hafa verið hlutað sundur og sett í pokana, en engin ummerki sá ég í kjallaranum heima hjá mér, sem bentu til að það hafi verið gert þar, en þó vil ég ekki fullyrða að svo hafi ekki verið, því þar er þvottahús og auðvelt að afmá öll slík ummerki.“

Önnur upplýsingaskýrsla Haraldar Árnasonar vegna við Kristjáns Viðars frá 19. september er meðal gagna málsins. Samkvæmt henni breytti Kristján frásögn sinni í Guðmundarmálinu þannig að upptök áfloganna hafi verið vegna þess að Sævar hafi stolið veski Guðmundar. Guðmundur hafi tekið Kristján Viðar hálstaki en Kristján stungið Guðmund með hnífi sem hafi verið slíðraður við belti sitt. Guðmundur hafi slitið tölu af jakka Kristjáns Viðars sem Guðmundur hafi haldið í greipum sínum þegar hann „féll á gólfíð“. Kristján Viðar lýsti samkvæmt skýrslunni að „skyrta Guðmundar var blóðug, ofan við beltisstað og fann ég einhvern vandan þef, sem líktist einna helst saurlykt, en var sterkari og mjög römm.“ Þá lýsti Kristján Viðar hvernig þeir vöfðu Guðmundi í lak, Erla hefði komið heim og Albert komið á bíl. Kristján fjallaði samkvæmt upplýsingaskýrslunni um flutning líksins með svipuðum hætti og áður en hafi ekki geta sagt til með nákvæmum hætti hvar Guðmundur hefði verið lagður. Tryggvi Rúnar hefði tekið töluna úr lófa Guðmundar og rétt Kristjáni Viðari úti í hrauninu. Eftir þetta hafi þeir ekið að Hamarsbraut 11 og svo að Grettisgötu 82. Í lok skýrslunnar segir eftir Kristjáni: „Þetta sem ég hef nú sagt, er atburðarásin, eins og ég man hana best, þó svo að sumt af því sem gerðist sé eins og þokukennt fyrir hugskotsjónum mínum. Vonast ég til að geta lagað það sem mig gæti hugsanlega rangminnt og að geta bætt í eyðurnar, eftir því sem minni mitt skýrist.“

*Samkvæmt fangelsisdagbók sóttu tveir rannsakendur Kristján Viðar í Síðumúla þann 20. september og var hann í burtu klukkan 12:40-13:35. Þá er skráð skýrslutaka sama dag klukkan 20:50-01:10.*

Engar upplýsingar eru um fyrri ráðstöfunina þennan dag en skýrsla af Kristjáni Viðari sem liggur fyrir meðal gagna málsins virðist passa við seinni færsluna þó tímaskráning skýrslunnar gefi til kynna mun styttri skýrslutöku en dagbókin.

Skýrslan, sem er meðal gagna málsins, er tímsett klukkan 22:15-23:00 þann 20. september og er Páll A. Pálsson, lögmaður Kristjáns Viðars, viðstaddur. Við skýrslutökuna var seinni frásögn Kristjáns Viðars frá 19. september lesin fyrir hann og hann taldi hana rétta. Hann bætti aðeins við frásögnina og sagðist ekki hafa þagað vísitandi yfir atburðarásinni heldur hafi þetta rifjast upp fyrir honum smám saman.

*Þann 21. september er skráð í fangelsisdagbók að Schütz ásamt rannsakendum hafi farið með Kristján Viðar úr fangelsinu klukkan 14:43-15:40 en engar upplýsingar um þetta eru meðal gagna málsins.*

Að kvöldi sama dags og aðfaranótt þess næsta voru teknar tvær skýrslur af Kristjáni Viðari vegna Guðmundarmáls. Sú fyrri klukkan 18:00-18:10 þar sem Kristján Viðar var spurður hvoru megin Guðmundur hafi verið settur inn í bílinn við Hamarsbrautina og tekinn út í Hafnarfjarðarhrauni. Kristján Viðar kvaðst samkvæmt skýrslunni muna að Guðmundur hafi verið settur inn og tekinn út úr bifreiðinni hægra megin. Seinni skýrslan var klukkan 00:20-00:40 þann 22. september og var Páll A. Pálsson, lögmaður Kristjáns Viðars viðstaddur. Fyrri frásögnin frá 19. september var þá borin undir Kristján Viðar og samkvæmt skýrslunni taldi hann skýrsluna rétta að öllu leyti en bætti því við að Tryggvi Rúnar virtist hafa vitað hvað væri í pokunum.

*Klukkan 01:30 aðfaranótt 4. október er skráð í fangelsisdagbók að Kristján Viðar hefði hringt og kvaðst ekki geta sofð fyrir höfuðverk [...] Kvartaði Kristján einnig undan höggum sem væri verið að berja í vegg.*

Þann 4. október var farið í vettvangsferð með Kristján Viðar, en þetta kemur fram í upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar lögreglumanns. Samkvæmt skýrslunni var farið með Kristján Viðar um veg sem Albert hafði nefnt í framburði í hrauninu á móti Álverinu. Kristján Viðar sagði þann stað mjög líkan þeim er þeir hefðu farið með lík Guðmundar. Í upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar kemur fram að þann 5. október hafi Kristján Viðar sagt lögreglunni að staðurinn sem farið hafði verið á deginum áður væri réttur staður.

*Í fangelsisdagbók er skráð þann 4. október að Kristján Viðar hafi verið „færður fyrir“ rannsakanda klukkan 15:30-15:45. Þann 10. október er aftur skráð að Kristján Viðar hafi verið færður fyrir rannsakanda klukkan 20:30-22:15.*

*Þann 12. október er skráð viðtal rannsakanda við Kristján Viðar á klefa hans klukkan 21:30-21:45 og aftur daginn eftir klukkan 17:30-18:35, en varðandi síðari færsluna segir í*

*dagbókinni að Haraldur lögreglumaður hafi rætt við Kristján á klefa hans en Haraldur hafi verið „orðinn leiður á að biða eftir horninu en þar var Rúnar að messa yfir Sævari“.*

*Þá er skráður „bíltúr“ lögreglu með Kristján í fangelsisdagbók þann 14. október klukkan 14:30-17:30.*

Eftir bíltúrin þann 14. október, klukkan 17:30 hófst skýrslutaka sem stóð til 19:25, vegna Guðmundarmáls. Samkvæmt skýrslunni greindi Kristján Viðar frá ferð í ágúst 1974 sem hann fór með Sævari og Alberti í Fossvogskirkjugarð að grafa eitthvað niður. Kristján Viðar sagði að þegar hann hugsaði málið hafi það líklega verið Guðmundur sem þeir voru að grafa. Hann sagðist ekki muna hvort Guðmundur hafi verið sóttur í Hafnarfjarðarhraun en vonaðist til að minni sitt skýrðist. Daginn eftir mætti Kristján Viðar í aðra skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd Reykjavíkur að eigin ósk. Yfirheyrslan hófst samkvæmt skýrslunni klukkan 19:40 og lauk klukkan 23:40.

*Schütz tók Kristján Viðar „í hornið“<sup>116</sup> samkvæmt fangelsisdagbók þann 16. október klukkan 14:10-16:20 án þess að skýrsla liggja fyrir um það meðal gagna málsins.*

Seinna sama dag ritaði Schütz upplýsingaskýrslu. Í henni kemur fram að lögreglan hafði spurt Kristján Viðar út í frásögn hans frá 19. september um hnappinn af jakka hans sem hann sagði Guðmund hafa slitið af. Hann hélt fast í þann framburð þrátt fyrir að vera bent á að ósamræmi væri milli þeirrar frásagnar og rannsóknar tæknideildarinnar í Þýskalandi sem hefði komist að þeirri niðurstöðu að hnappurinn hefði aðeins losnað á jakkanum sem sendur var út til rannsóknar, en aldrei losnað alveg af. Kristján Viðar var spurður hvort um annan jakka gæti hafa verið að ræða og viðurkenndi hann að svo gæti verið.

Þann 20. október mætti Kristján Viðar til yfirheyrslu hjá lögreglu og samkvæmt skýrslunni að eigin ósk, en þetta kemur fram í upplýsingaskýrslu Rúnars Sigurðssonar lögreglumanns. Samkvæmt upplýsingaskýrslunni var haft samband við lögregluna úr Síðumúlafangelsi klukkan 17:00 þennan dag vegna óskar Kristjáns Viðars þar um. Rannsóknarlögreglumaður mætti þá í Síðumúlafangelsi og fór inn á klefa til Kristjáns. Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók var lögreglumaðurinn á klefa hjá Kristjáni klukkan 17:10-18:32. Í upplýsingaskýrslu Rúnars kemur fram að eftir stuttar viðræður hafi Kristján Viðar farið að tala um Geirfinnsmálið og skýrt frá ýmsu er málið

<sup>116</sup> „Hornið“ var yfirheyrsluherbergi í Síðumúlafangelsi.

varðar. Hafði Rúnar þá samband við Karl Schütz sem óskaði eftir því að Kristján Viðar yrði fluttur í Borgartún 7 til viðræðna við sig og hefði það verið gert. Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók fór lögreglumadurinn með Kristján klukkan 18:32 úr fangelsinu og kom aftur með hann klukkan 22:40. Loks kemur fram í upplýsingaskýrslunni að eftir nokkrar viðræður í Borgartúni milli Schütz og Kristjáns Viðars hafi verið farið með Kristján Viðar til Keflavíkur og að Dráttarbrautinni þar sem Kristján hefði lýst því sem hann hefði sagt frá. Vettvangsferðin til Keflavíkur með Kristján Viðar stóð frá 20:00-20:45 samkvæmt því sem segir í dómi sakadóms en klukkan 21:00-21:30 samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu.

Meðal gagna málsins er lögregluskýrsla vegna Kristjáns Viðars er dagsett 21. október 1976. Samkvæmt skýrslunni stóð skýrslutakan yfir frá 11:30 til 13:00 en í henni segist Kristján Viðar nú muna að hann hefði verið beðinn um að hringja í Geirfinn við Hafnarbúðina. Geirfinnur hafi staðið upp á hæð, gengið skref aftur á bak og fallið aftur fyrir sig af hamri, eftir að hafa ógnað Kristjáni. Kristján hafi gengið til Geirfinns og þá hafi verið „þar fyrir tveir menn, en það voru sjóklæddir menn, en Geirfinnur lá á bakinu endilangur u.þ.b. þremur metrum frá hamrinum. Fannst mér hann vera blóðugur á höfði, en ekki á andliti, en hann lá þannig að ég sá framan í hann.“ „Útlendingslegi maðurinn“ hafi verið í Dráttarbrautinni og nokkrir aðrir menn. Í lok skýrslunnar segir: Þegar ég [Kristján] fór úr Dráttarbrautinni lá Geirfinnur í fjörunni, þar sem hann lenti og veit ég ekki hvað varð um hann. Ég vil geta þess að ég tók ekki þátt í neinum flutningi á áfengi.“

Þann 22. október mætti Kristján Viðar að eigin ósk í skýrslutöku vegna Guðmundarmáls, klukkan 16:55-17:36. Þá kvaðst Kristján Viðar vilja breyta skýrslu sinni frá 16. október og að hún yrði eyðilögð, ekki vegna þess að hún væri röng heldur vegna þess að hún væri óskýr. Skýrslan fjallar um hnappinn af jakka Kristjáns Viðars og hann sagðist nú muna eftir að hafa verið í öðrum jakka.

*Þann 25. október er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að lögreglumenn hafi farið með Kristján Viðar klukkan 12:20 og komið með hann aftur klukkan 16:07. Í færslunni kemur ekki fram hvert var farið með Kristján umrætt sinn.*

Samkvæmt samantektarskýrslu Haraldar Árnasonar lögreglumanns fór fram þann 25. október sakbending hjá tæknideild rannsóknarlögreglunnar í Borgartúni. Samkvæmt skýrslunni og beindinst sakbendingin að manni sem átti að hafa hringt í Geirfinn úr Hafnarbúðinni um kvöldið 19. nóvember 1974. Í skýrslunni kemur ekki fram hvaða menn

voru í sakbendingunni en fram kemur að sjónarvottur úr Hafnarbúðinni mætti til sakbendingarinnar.

*Daginn eftir er skráð í fangelsisdagbók að Haraldur hafi farið með Kristján Viðar klukkan 20:33-03:50. Ekki er tilgreint hvert farið var.*

Þann 1. nóvember var Kristján Viðar yfirheyrður af lögreglu. Skýrslan var rituð eftir á, en hún hefst á orðunum „Í dag talaði ég við Kristján Viðar Viðarsson og spurði hann nokkurra spurninga varðandi ýmis atriði, er fram komu í skýrslum Sævars C. frá 27. og 28. okt. s.l. og skýrslu Erlu B. frá 22. okt. s.l. [...] Beitt var „Indjánaaðferðinni“.“ Skýrslan er ekki undirrituð af Kristjáni Viðari en samkvæmt skýrslunni stóð yfirheyrsla frá 15:10-18:45. Skýrslan er sett upp í formi spurninga og svara, með vísan í viðeigandi framburði Erlu og Sævars. Segir svo í skýrslunni: „Kristján virtist ekki sýna nein óeðlileg viðbrögð gagnvart framangreindum spurningum og erfitt að átta sig á sannleiksgildi svara hans.“

Þann 3. nóvember var tekin lögregluskýrsla af Kristjáni Viðari og samkvæmt henni skýrði hann með svipuðum hætti og áður frá atburðarásinni þann 19. nóvember 1974. Í þessari skýrslu kemur í fyrsta sinn fram að lík Geirfinns hafi verið geymt í þvottahúsi heima hjá Kristjáni Viðari að Grettisgötu 82. Í skýrslunni er greint frá kápu Erlu og aðspurður kvaðst Kristján Viðar ekki hafa rætt við Geirfinn í Klúbbnum þann 17. nóvember 1974. Samkvæmt tímaskráningu stóð skýrslutakan yfir frá 22:50 til 00:55.

Eftirfarandi kemur fram í upplýsingaskýrslu Haraldar Árnasonar lögreglumanns dagsettri 5. nóvember: „Í dag, kl. 01:30, var haft samband við mig frá fangelsinu í Síðumúla og mér sagt, að Kristján Viðar, gæslufangi óskaði eftir viðtali við mig, þar sem hann hefði viðbótarupplýsingar varðandi Geirfinnsmálið. Ég fór og talaði við Kristján[...]“ Í upplýsingaskýrslunni kemur fram að Kristján myndi nú að hann hefði verið staddur í Klúbbnum einhverja helgi fyrir Keflavíkurfirðina. Sævar hafi verið með honum og beðið sig um að gefa sig á tal við mann um spíraviðskipti. Í lok upplýsingaskýrslunnar segir: „Meðan Kristján sagði frá, virtist hann í fullkomnu jafnvægi og bar ekki á neinum taugaóstyrk. Að hans eigin sögn, hafði hann skömmu áður tekið inn svefnlyfjaskammt, og sagði hann jafnframt að slík lyf virkuðu vímuefandi á hann, frekar en svæfandi, en ekki bar á neinum vímuefnaáhrifum, þegar ég talaði við hann. Sagðist hann mundu gera allt er hann gæti, til að reyna að muna, hvaða kvöld þetta atvik átti sér stað, í Klúbbnum og hver, eða hverjir hafi verið með honum og Sævari.“

*Samkvæmt fangelsisdagbók fór einn rannsakenda inn á klefa til Kristjáns Viðars þann 6. nóvember klukkan 19:10-19:53 og var lögmaður Kristjáns Viðars viðstaddur.*

Engin skýrsla er fyrirleggjandi um þetta.

Þann 9. nóvember mætti Kristján Viðar í skýrslutöku hjá lögreglu klukkan 19:30-21:45. Samkvæmt skýrslunni sagði Kristján Viðar Pál Konráð Konráðsson hafa komið til dyra þann 19. nóvember þegar Sævar hafi komið að Laugavegi 32 að sækja Kristján Viðar og Kristján sagðist þess fullviss að Guðjón Skarphéðinsson hefði ekið sendibifreiðinni til Keflavíkur en ekki bifreiðinni sem Kristján, Sævar og Erla fóru í til Keflavíkur. Í lok skýrslunnar segir: „Þegar yfirheyrslu var hér komið var kl. 21:45 og er yfirheyrslu frestað til næsta dags.

Meðal gagna málsins er lögregluskýrsla, dagsett 10. nóvember, en í upphafi hennar kemur eftirfarandi fram: „Skýrslutaka þessi er í beinu framhaldi af yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, sem hófst kl. 15:00 í dag.“<sup>117</sup> Samkvæmt skýrslunni stóð yfirheyrslan yfir frá 17:00 til 19:25 og gaf Kristján Viðar þarna nákvæma lýsingu á hvað gerðist eftir komuna aftur til Reykjavíkur. Auk þess nefndi Kristján að Geirfinnur hefði mögulega verið skotinn.

*Í dagbók Síðumúlafangelsis er skráð þann 11. nóvember að tveir rannsakenda hafi farið inn á klefa til Kristjáns Viðars klukkan 13:55-14:10 og að farið hafi verið með Kristján Viðar „út úr húsinu“ klukkan 14:10-16:08.*

*Tveimur dögum seinna er skráð í fangelsisdagbók að Haraldur hafi sótt Kristján Viðar klukkan 18:43 og hann komið aftur í fangelsið klukkan 01:00. Í kjölfarið er skráð að farið hafi verið með Kristján „í hornið“ klukkan 01:00-01:45.*

Engar upplýsingar um þessar aðgerðir lögreglu gagnvart Kristjáni Viðari liggja fyrir meðal gagna málsins.

Þann 15. nóvember fóru rannsóknarlögreglumenn með Kristján Viðar í vettvangsferð til Keflavíkur. Tílefnið er skráð að Kristján Viðar hefði upplýst að á leiðinni til Reykjavíkur frá Dráttarbrautinni hefði verið

<sup>117</sup> Meðal gagna málsins er ekki að finna skýrslu um yfirheyrslu yfir Kristjáni Viðari klukkan 15:00 þann 10. nóvember 1976.

stöðvað fyrir framan hús og bílstjórinn farið inn í húsið.<sup>118</sup> Kristján Viðar benti á hús í Ytri-Njarðvík. Athugað var hverjir hafi búið í húsinu á umræddum tíma.

Í ódagsettri upplýsingaskýrslu Haraldar Árnasonar lögreglumanns kemur fram að á tímabilinu 17.-20. nóvember hafi rannsóknarlögreglumenn farið þrisvar með Kristján Viðar í vettvangsferð út á Álftanes. Í fyrsta sinn var farið vegna framburðar Sævars um að þeir hefðu grafið lík Geirfinns þar í fjörunni. Tekið var fram að ekið hafi verið með Kristján Viðar umrætt sinn víðs vegar um nesið án þess að honum væru gefnar upplýsingar um það sem fram væri komið í málinu. Kristján Viðar hefði einungis verið beðinn að finna stað þann sem líkið hefði verið grafið. Eftir tilraunir til að finna staðinn hefði Kristján Viðar að lokum bent á vesturjarðar Gálgahrauns og sagst muna að hann og Sævar hefðu komið þangað með „lík Geirfinns vafið í svart plast. Þetta hafi verið stuttu eftir dauða hans.“ Þeir hefðu komið á Land Rover bifreið Sævars og Erla ekið. Þeir hefðu grafið upp úr gjótu með skóflu en það hafi verið lítil not af henni þar sem erfitt hafi verið að grafa. Lík Geirfinns hefði verið sett í gjótuna og uppmokstrinum mokað yfir og svo sléttað og settur mosi yfir. Í upplýsingaskýrslu Haraldar segir að farið hafi verið með Kristján tvisvar aftur „þarna suður í hraunið til að láta hann benda nákvæmlega á staðinn, en hann gat ekki fundið hann örugglega.“ Kristján Viðar sagðist hafa hent skóflunni frá sér í hraunið að verkinu loknu.

*20. nóvember gerði rannsóknarnefnd Reykjavíkur yfirlit yfir ósamræmi í framburðum Sævars og Kristjáns Viðars.*

*Vettvangsferð rannsakenda með Kristján Viðar er skráð í fangelsisdagbók þann 20. nóvember klukkan 10:00-11:05 dagbókinni segir að lögreglumenn hafi farið með Kristján „suður í hraun“.*

*Þann 22. nóvember er færsla í fangelsisdagbók um að Kristján Viðar hafi verið færður fyrir rannsakanda klukkan 14:00-16:10 en engin skýrsla er fyrirliggjandi um þetta meðal gagna málsins.*

Í sakadómi eru upplýsingar um viðtöl rannsóknarlögreglumanns Haraldar Árnasonar við Kristján Viðar um flutning á líki Geirfinns og felustað þess í hrauninu. Rætt hefði verið um leitina í Álftaneshrauni og fram kemur að Kristján Viðar segðist muna að stuttu eftir að Geirfinnur hefði verið fluttur í hraunið hefði Sævar haft samband við Kristján og sagt að „þessir menn“ væru óánægðir með felustaðinn og

<sup>118</sup> Samkvæmt síðustu bókuðu skýrslum sem eru frá 9. og 10. nóvember tók Kristján Viðar fram að hvergi hefði verið stoppað á leiðinni til Reykjavíkur frá Dráttarbrautinni. Umræddur framburður liggur því ekki fyrir í öðrum gögnum en þessari skýrslu um vettvangsferðina.

að flytja þyrfti líkið. Kristján Viðar segðist, samkvæmt skýrslunni, fullviss að líkið hafi verið flutt þó hann hefði ekki tekið þátt í því. Óljóst er til hvaða tímabils er verið að vísa hvað varðar dagsetningar og tímasetningar á þeim viðtölum sem rannsóknarlögreglumaðurinn fjallaði um.

*Þann 27. nóvember er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að Haraldur Árnason hafi komið til viðtals við Kristján Viðar. Klukkan 15:26 hafi Kristján Viðar verið færður í „hornið“ til Haraldar en viðtalinu hafi lokið á klefa Kristjáns Viðars. Skýrsla vegna þessa liggur ekki fyrir.*

*Þann 1. desember 1976 klukkan 15:00 er skráð að fulltrúi yfirsakadómara hafi hringt í Síðumúlafangelsið og viljað færa Kristján Viðar í Hegningarhúsið. Síðar þennan sama dag klukkan 16:50 hefðu boðunarmenn komið og sótt farangur Kristjáns Viðars.*

Var Kristján Viðar þar með fluttur úr Síðumúlafangelsi í Hegningarhúsið, Skólvörðustíg. Í Hegningarhúsinu var ekki haldin dagbók fyrir en frá og með 1. janúar 1977.

Sakbending fór fram þann 30. nóvember klukkan 14:00 í tæknideild rannsóknarlögreglunnar og var tilgangurinn að kanna hvort Kristján Viðar þekkti Guðjón Skarphéðinsson úr hópi 8 manna. Það athugast að Kristján Viðar hafði þann 14. maí sama ár tvívegis verið leyft að virða Guðjón fyrir sér en í kjölfarið vísaði Kristján Viðar til þess að Guðjón væri „útlendingslegi maðurinn“. Eftir sakbendinguna fór fram samprófun þeirra Kristjáns Viðars og Guðjóns sem Schütz ritar athugasemdaskýrslu um. Í skýrslunni, sem dagsett er 30. nóvember, kemur fram að Kristján Viðar hafi fullyrt að þeir Guðjón hefðu talað saman áður, í Dráttarbrautinni og að hann hefði einnig rætt við mann í síma sem hétu Guðjón Skarphéðinsson.

Skýrsla um viðtal, dagsett 3. desember, er meðal gagna málsins. Kristján Viðar breytti samkvæmt skýrslunni frásögn sinni og sagði Baldur Skaftason leigubílstjóra hafa verið með þeim þetta kvöld í Keflavík í stað Guðjóns Skarphéðinssonar. Guðjón hefði þannig hvorki verið á Vatnsstíg né í Dráttarbrautinni og ekki tekið þátt í að flytja lík Geirfinns heldur Baldur. Kristján Viðar nefndi tvo aðra menn samkvæmt skýrslunni, lýsti þeim og nafngreindi. Kristján Viðar nafngreindi einnig Guðmund Valdimarsson, fangavörð og sagði hann hafa verið í Dráttarbrautinni auk Viggós Guðmundssonar. Um upplýsingaskýrslu er að ræða.



Kristján Viðar var næst yfirheyrður þann 14. desember samkvæmt gögnum málsins, skýrslutaka stóð yfir klukkan 13:15-13:55. Í skýrslunni nefndi Kristján Viðar Sigurð Óttar Hreinsson, frænda sinn, í fyrsta sinn samkvæmt gögnum málsins.<sup>119</sup> Kristján Viðar greindi samkvæmt skýrslunni frá því að Sævar hefði hringt í sig þann 18. nóvember 1974 og beðið sig að útvega sendibifreið til að fara til Keflavíkur daginn eftir. Kristján Viðar hefði hringt í Sigurð Óttar þann 19. nóvember 1974 og beðið hann að koma í Dráttarbrautina um kvöldið. Á Vatnsstígnum hefði Sigurður Óttar verið kominn á Mercedes Benz bifreið sem hann hefði stundum fengið lánaða. Sendibifreiðin hefði verið gul og gluggalaus á hliðum. Meðal gagna málsins er að finna aðra skýrslu, dagsetta sama dag og virðist efnislega sem um sömu skýrsluna sé að ræða þó ekki sé um nákvæmt endurrit að ræða.

Þann 17. desember mætti Kristján Viðar fyrir sakadóm þar sem gæsluvarðhald yfir honum var framlengt um allt að 150 daga vegna Geirfinns máls.

Þann 21. desember er dagsett skýrsla um þann stað sem Kristján Viðar hafði bent á sem staðinn sem lík Geirfinns væri grafið. Væri það í um 30 m fjarlægt frá þeim stað sem Sævar hefði bent á í upphafi. Uppgröftur með vélgröfu fór fram á umræddum stað og næsta nágrenni en án árangurs. Í skýrslunni kemur fram að lögreglan hafi fengið skuggamyndir og loftmyndir frá landmælingum Íslands frá árunum 1974 og 1975 til að gera samanburð og reyna að finna út hvort jarðrask eða tilfærsla á grjóti hefði átt sér stað á umræddu svæði í Rauðhólum. Í skýrslunni kemur ekki fram hver niðurstaða þessara athugana hafi verið varðandi jarðraskið nema að svæðið sé friðlýst og þar eigi því ekki að vera rask.

## 1977

Líkt og að framan greinir hófst skráning fangelsisdagbókar í Hegningarhúsinu, Skólavörðustíg, þann 1. janúar 1977. Á fyrstu blaðsíðu dagbókarinnar segir eftirfarandi „Í þessa bók skal innfæra hverjir eru á vakt hverju sinni og hvað helst ber til tíðinda á hverri vakt, og er þá átt við atburði, sem máli skipta“. Er þetta undirritað af Valdimari Guðmundssyni, þáverandi forstöðumanni Hegningarhússins.

Þann 6. janúar 1977 fékk lögreglan tilkynningu klukkan 01:52 um að Kristján Viðar hefði kveikt í rúmdýnu sinni í klefa 10 í Hegningarhúsinu að Skólavörðustíg.

---

<sup>119</sup> Sævar hafði gert hið sama við yfirheyrslur 5 dögum áður.

*Í dagbók Hegningarhússins er skráð aðfararnótt 6. janúar 1977 að klukkan 01:40 hafi Kristján Viðar kveikt í klefa nr. 10. Kom slökkvilið á staðinn klukkan 01:50 og fór klukkan 02:10. Því næst er skráð að Kristján Viðar hafi farið á Slysadeild Borgarspítala og þaðan í fangelsið í Síðumúla.*

*Í fangelsisdagbók Síðumúlafangelsis er skráð klukkan 02:25 að þrír lögreglumenn hafi komið með Kristján Viðar í járnum úr Hegningarhúsinu. Var leitað á honum og „við leit á honum fannst rakvélablað, brotinn spegill“. Þessa sömu nótt, klukkan 03:50-04:30 er Kristján Viðar samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók færður fyrir lögreglumann til viðræðna. Klukkan 09:55 þann 6. janúar hringdi fulltrúi sakadómara í fangelsið og fór fram á að höfð yrði sérstök aðgæsla á Kristjáni, helst að stöðug yfirsetuvakt á honum, ef fanga-verðir gætu, vegna sjálfsmorðstilrauna hans. Síðar sama dag, klukkan 16:00 hringir fulltrúi sakadómara aftur í fangelsið og er í dagbók þess skráð að fulltrúinn hafi ítrekað stöðuga gæslu á Kristjáni, allan sólahringinn. Klukkan 22:30 er síðasta skráning í fangelsisdagbók Síðumúlafangelsis þennan dag vegna Kristjáns Viðars, en samkvæmt skráningunni fóru lögreglumenn með Kristján Viðar í Hegningarhúsið í járnum.*

Frá þessum tíma, þ.e. 6. janúar 1977, ber skráning í fangelsisdagbók Hegningarhússins með sér að haldin hefur verið sólahringsvakt yfir Kristjáni Viðari. Voru vaktmenn yfir Kristjáni almennt tveir í senn og á vegum sakadóms.<sup>120</sup>

*Þann 11. janúar er skráð í dagbók Hegningarhússins að Kristján Viðar hafi klukkan 16:20 farið í yfirheyrslu og komið aftur klukkan 19:00. Þann 12. janúar er skráð að um klukkan 13:00 hafi komið fyrirskipun frá fulltrúa yfirsakadómara um að klefinn hjá Kristjáni Viðari og gæslumanni hans skyldi hafður opinn og var Kristján Viðar þá færður af klefa 7 á klefa 8. Þennan sama dag er skráð að Kristján Viðar hafi verið fluttur til yfirheyrslu úr Hegningarhúsinu klukkan 14:30 og hann komið aftur klukkan 18:00 ásamt fylgdarmönnum úr sakadómi.*

*11.1.1977 tóku lögreglumenn viðtal við starfsmenn Dráttarbrautarinnar. Tveir þeirra sögðu útilokað að bátar eða trillur væru geymdar við bryggjuna næturlangt. Bátar hefðu ekki verið geymdir við bryggjuna, nema rétt á meðan verið væri að undirbúa þá fyrir upptöku.*

<sup>120</sup> Þann 5. maí er samkvæmt skráningu í dagbók Hegningarhússins gerð sú breyting á vöktuninni að einungis einn vaktmaður er hafður yfir Kristjáni, í stað tveggja. Síðasta færsla í dagbók Hegningarhússins vegna vaktar yfir Kristjáni Viðari er skráð þriðjudaginn 17. maí 1977, en það er sama dag og Kristján Viðar var fluttur á Litla-Hraun.

Samkvæmt gögnum málsins voru næst ritaðar tvær skýrslur þann 13. janúar 1977. Um er að ræða skýrslur í frásagnarformi og fjalla um vinnu lögreglunnar við að „styrkja játningar“. Kristján Viðar var spurður um sjoppuna í Keflavík sem Sævar hafði farið inn í og sagst ætla að hringja. Kristján Viðar sagðist vera ókunnur í Keflavík og ekki geta gefið nánari upplýsingar um sjoppuna. Sævar hefði farið inn, hringt, komið strax aftur út og Guðjón síðan ekið að Hafnarbúðinni þar sem Kristján hringdi í Geirfinn. Þá var Kristján Viðar beðinn um að lýsa nákvæmlega fatnaði Geirfinns. Hann gerði það og nefndi í fyrsta sinn „að hann hefði tekið seðlaveski úr buxnavasa Geirfinns og einnig penna.“ Í skýrslunni kemur fram að hann hafi afhent lögreglunni pennann. Samkvæmt skýrslunni sagði Kristján Viðar að hann, Sævar og Erla hafi farið með lík Geirfinns frá Grettisgötu 82, en þar hafi það verið í kjallaranum, í Land Rover bifreið sem Erla ók upp í Rauðhóla. „Þar hefðu þeir Sævar síðan mokað gryfju og sett líkið þar í. Hann sagði að sig minnti, að þá áður, hefðu þeir tekið umbúðirnar af líkinu. Síðan hafi bensíni verið hellt yfir og Sævar hefði síðan kveikt í.“

*13.1.1977 hófst framhaldsrannsókn Gísla Guðmundssonar, lögreglumanns, að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómara.*

Daginn eftir, þann 14. janúar, var tekin skýrsla af Kristjáni Viðari klukkan 16:00-00:10. Tekið var fram í lok skýrslunnar að Kristjáni Viðari væri ljóst að skýrslutakan hafi farið fram úr 6 klukkustunda yfirheyrslutíma en henni hafi verið lokið að hans ósk. Skýrslan er undirrituð af Kristjáni Viðari. Um er að ræða heildarskýrslu um málsatvik í Geirfinnsmálinu. Sama dag er dagsett upplýsingaskýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur þess efnis að Kristján Viðar hafi fyrir skömmu afhent penna sem hann hefði sagst hafa tekið af líki Geirfinns í kjallara Grettisgötu 82. Samkvæmt skýrslum voru eiginkona, sonur og vinnuveitandi Geirfinns yfirheyrð vegna pennans (teikniblýantur) en ekkert þeirra mundi sérstaklega eftir að hafa séð pennann áður. Þann 18. janúar mætti Kristján Viðar fyrir sakadóm og staðfesti framburð sinn í skýrslum frá 14. janúar.

*Í dagbók Hegningarhússins er skráð þann 14. janúar klukkan 14:40 að farið hafi verið með Kristján Viðar úr húsinu. Þá er skráð að Kristján Viðar hafi komið „frá sakadómi klukkan 05:35, laugardaginn 15. janúar“.*

*Þann 16. janúar er skráð að klukkan 17:00 hafi einn rannsakandi komið og tekið Kristján Viðar með sér út úr húsinu án vaktmanna Kristjáns og að sami rannsakandi hafi komið aftur með Kristján Viðar klukkan 23:30.*

*Þann 18. janúar klukkan 15:40 var Kristján Viðar, samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók, sóttur í fangelsið og færður til yfirheyrslu. Kristján Viðar kom aftur klukkan 17:50.*

*Laugardaginn 22. janúar er skráð í dagbók Hegningarhússins klukkan 13:10 að Kristmundur Sigurðsson lögreglu- maður hafi komið að beiðni Ármanns Kristinssonar saka- dómara til að ræða við Kristján Viðar. Ekki er skráð hversu lengi viðræðurnar voru. Daginn eftir, sunnudaginn 23. janúar, er skráð klukkan 12:20 að Kristján Viðar hafi verið fluttur úr húsinu af Haraldi Árnasyni og Gunnlaugi Sigurðs- syni. Kristján hafi komið aftur klukkan 15:05 í fylgd vakt- manns á vegum sakadóms.*

*Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók var Kristján Viðar fluttur í sakadóm klukkan 13:14 þann 25. janúar 1977. Klukkan 15:10 kom hann aftur í Hegningarhúsið.*

*Engar upplýsingar liggja fyrir um hvað fór fram í framan- greindum aðgerðum frá 16.-25. janúar 1977.*

Þann 27. janúar fór fram sakbending í tengslum við Guðmundarmál. Var Kristjáni Viðari þar stillt upp ásamt 8 öðrum, fyrir Elínborgu Rafnsdóttur og Sigríði Magnúsdóttur, sjónarvotta. Sakbendingin fór fram undir stjórn Gísla Guðmundssonar lögreglumanns og að fyrirlagi Gunnlaugs Briem sakadómarara. Í skýrslu Gísla vegna sakbendingar- innar kemur fram að Elínborg hafi bent á Kristján Viðar og sagt hann helst líkjast þeim manni sem hún hefði séð með Guðmundi aðfaranótt 27. janúar 1974. Hún gæti þó ekki fullyrt um það svo löngu síðar. Elínborg segði Kristján samt mun feitari en manninn sem hún sá umrætt kvöld. Sigríður benti einnig á Kristján og sagði hann líkjast þeim manni sem hún sá með Guðmundi umrætt kvöld. Þó gæti hún ekki fullyrt um þetta.

Í upplýsingaskýrslu Gísla Guðmundssonar lögreglumanns um rann- sókn hans á Guðmundamálinu kemur m.a. fram að þennan sama dag hafi hann rætt við Kristján Viðar og innt hann eftir því hvort Kristján gæti verið maðurinn sem stúlkurnar hefðu séð með Guðmundi umrætt sinn. Í skýrslunni kemur fram að Kristján segði svo ekki geta verið því hann hafi verið með Tryggva Rúnari allt kvöldið og vísaði til fyrri framburðar þess efnis.

Þann 1. febrúar er dagsett skýrsla sem tekin var af Kristjáni Viðari hjá rannsóknarlögreglunni vegna Geirfinnsmáls. Tími upphafs yfirheyrslu er ekki skráður en lok hennar eru skráð klukkan 15:00. Í skýrslunni eru bæði spurningar lögreglu og svör Kristjáns Viðars tilgreind. Í

henni kemur m.a. fram að Kristján Viðar hafi verið undir áhrifum lyfja og skýrði það minnisleysi hans um suma hluti. Kristján Viðar fjallar um það samkvæmt skýrslunni að hann telji ekki hafa verið fyrirfram ákveðið að „drepa Geirfínn“. Kristján Viðar lýsti í skýrslunni átökunum í Dráttarbrautinni og kom fram að Sævar hefði lamið Geirfínn með „lurk“ en Guðjón tekið Geirfínn hálstaki. Þá kemur einnig fram að Kristján Viðar hefði tekið Geirfínn hálstaki hann hafi síðan slegið hann tvisvar og einu sinni með „spýtu“. Hann hefði þreifað eftir púlssi en ekki fundið. Hann hefði þá farið að sendibifreið Sigurðar Óttars og þegar hann hefði komið til baka hefði Sævar sagt að Geirfínnur væri dáinn.

*Þann 3. febrúar 1977 klukkan 15:50 er skráð í fangelsisdagbók Hegningarhússins að Örn Höskuldsson hafi hringt í fangelsið. Það hann um að það væri „brýnt fyrir þeim, sem vakta Kristján Viðar að tala ekkert við hann og sjá svo um að hann og Sævar“<sup>121</sup> geti heldur ekki haft samband sín í milli“.*

*Þann 11. febrúar er skráð að Kristján Viðar hafi haft „segubandstæki hjá sér að leyfi dómara en á það er hægt að hlusta án þess að heyrist þar sem tækið hefur hlustun fyrir eyra. Enginn fangavörður hefur heyrt eða veit hvað á þeim kassetum er sem Kristjáni eru færðar“.*

*Þann 16. febrúar er skráð í fangelsisdagbók Hegningarhúss:*

*„Takið eftir: Um kl. 15:00 barst bréf frá Gunnlaugi Briem þess efnis að öllum eru bönnuð viðtöl við gæslufangana Sævar Ciesielski og Kristján Viðar nema með sérstöku leyfi í hvert sinn frá honum eða sakadómurunum Ármanni Kristinsyni og Haraldi Henryssyni þetta bann gildir jafnt um Örn Höskuldsson og rannsóknarlögregluþjóna þá er áður fóru með mál þessara fanga. Nefndir sakadómarar hafa nú tekið við fullri lögsögu í málum gæslufanganna.“*

*Þann 8. mars er eftirfarandi færsla „Haraldur Árnason lögreglumaður kom hér um kl. 23:15 og hafði meðferðis 2 kassettur ætlaðar Kristjáni Viðari. Ragnar Þorsteinsson kom með poka úr klefa fangans sem í eru kassettur. Valdimar Guðmundsson gerði ofanritaðar kassettur upptækar og kom í veg fyrir samtal þeirra í milli varðandi fangann Kristján Viðar.“ Stuttu síðar, eða kl. 00:05 kom Gísli Guðmundsson*

<sup>121</sup> Sævar var þann 31. janúar 1977 fluttur úr Síðumúlafangelsinu í Hegningarhúsið að Skólavörðustíg.

*lögreglumaður og ræddi við þá Ragnar Þorsteinsson og Gunnlaug Sigurðsson. Þessir tveir voru meðal þeirra sem stóðu vakt yfir Kristjáni Viðari á vegum sakadóms.*

Samkvæmt gögnum málsins var næst tekin skýrsla af Kristjáni Viðari þann 11. mars 1977. Hún er um Guðmundarmál og er tímasett klukkan 11:00-11:03. Gísli Guðmundsson yfirheyrði þá Kristján Viðar að fyrirlagi Gunnlaugs Briem sakadómarar og var lögð fyrir hann sú eina spurning, hvort líkamsleifar Guðmundar hafi verið grafnar í kirkjugarðinum í Hafnarfirði en samkvæmt skýrslunni sagði Kristján Viðar það þá án hans vitundar.

Gísli Guðmundsson yfirheyrði Kristján Viðar aftur þann 14. mars klukkan 13:50-16:50 vegna Guðmundarmáls samkvæmt skýrslu þar um. Samkvæmt henni dró Kristján Viðar til baka framburð sinn um að hafa stungið Guðmund og að hafa tekið þátt í líkflutningum. Sagði Kristján Viðar í skýrslunni þá Albert og Gunnar Jónsson hafa verið að Hamarsbraut en taldi þá ekki hafa tekið þátt í átökunum og Kristján Viðar bar kennsl á Gunnar á mynd.

Samkvæmt gögnum málsins var næst tekin skýrsla af Kristjáni Viðari fyrir sakadómi þann 25. mars 1977. Um er að ræða skýrslu um heildarframburð Kristjáns Viðars vegna Guðmundarmáls. Þann 28. mars var tekin önnur dómskýrsla af Kristjáni Viðari um Guðmundarmálið þar sem fyrri frásagnir voru bornar undir hann og spurt hvor þeirra væri rétt. Kristján Viðar sagði samkvæmt skýrslunni framburðinn frá 25. mars vera réttari. Sama dag fór fram samprófun Kristjáns Viðars og Erlu fyrir sakadómi.

Þann 31. mars fór fram samprófun Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars fyrir sakadómi en ekki náðist samræmi í framburði þeirra samkvæmt skýrslu þar um. Samprófun Sævars og Kristjáns Viðars fór fram 1. apríl fyrir sakadómi en ekki náðist samræmi í framburðum þeirra samkvæmt skýrslu. Hinn 19. apríl fór fram skýrslutaka fyrir sakadómi vegna Guðmundarmáls. Samkvæmt skýrslunni gerði Kristján breytingu á fyrri framburði varðandi það þegar hann kom að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974.

Þann 29. apríl er skráð í dagbók Hegningarhússins að Kristján Viðar hafi fengið garðtíma í fyrsta sinn eftir fyrirmælum Gunnlaugs Briem. Þetta er 113 dögum eftir að Kristján Viðar var fluttur úr Síðumúlafangelsinu yfir í Hegningarhúsið.

Þann 4. maí voru Kristján Viðar og Gunnar Jónsson samprófaðir fyrir dómi. Þeir kváðust kannast við hvorn annan og kvaðst Gunnar, sem þá hafði verið kynntur framburður Kristjáns Viðars, ekkert við fram-

burðinn að athuga. Sömuleiðis sagðist Kristján Viðar ekkert hafa að athuga við framburð Gunnars. Viðstaddur samprófunina var lögmaður Kristjáns Viðars.

*Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók Hegningarhússins þann 5. maí 1977 klukkan 17:00 hafði „vakt yfir Kristjáni Viðari breyst upp að hálfu leyti“ og var Kristján um leið fluttur í klefa 10. Færslur næstu daga í fangelsisdagbók vegna vaktar yfir Kristjáni Viðari breytast á þá leið að einungis einn vaktmaður er skráður yfir Kristjáni, í stað tveggja.*

Þann 12. og 13. maí 1977 mætti Kristján Viðar til skýrslutöku fyrir sakadómi. Þá voru teknar skýrslur sem lagðar voru til grundvallar í Geirfinnsmálinu fyrir dómi. Þann 12. maí mætti Kristján fyrir sakadóm klukkan 10:00-12:15 þegar gert var hlé á þinghaldi. Hann mætti aftur fyrir dóm klukkan 13:30 og vék klukkan 17:40. Þann 13. maí kom Kristján Viðar fyrir dóm klukkan 10:00-12:00 þá var gert hlé til klukkan 13:35 og vék hann klukkan 16:20. Í dómskýrslunum var framburður Kristjáns Viðars rakinn og jafnframt getið um misræmi og fjallað um viðauka. Í dómskýrslunni segir m.a.:

*„Í skýrslu þeirri sem ég gaf 27. janúar kemur fram ýmislegt, sem lögreglumennirnir sögðu mér. Þeir sögðu mér að hafði farið í sjóferð og einnig lýstu þeir bifreiðunum, sem farið hefði verið á, bæði lit og tegund. Ég man eftir því t.d. í Guðmundarmálinu, að ég sagði að við hefðum verið á Volkswagen bifreið, en Eggert Bjarnason sagði mig ljúga því og var bókað við hefðum verið á gulri japanskri bifreið.*

*Örn Höskuldsson kom til mín í klefann og sagði mér að menn sæktust eftir lífi mínu og sagðist Örn enga ábyrgð geta tekið á hvað fyrir kæmi. Sagði Örn að ég mundi vita hvaða menn þetta væru og lét í það skína að hann vissi það, að ég gæti með framburði mínum komið í veg fyrir það. Jafnframt fóru fangaverðir upp á þak fangelsisins og gerðu þar mikinn hávaða. Ég var í klefa nr. 17, en Sævar í klefa nr. 15. Fangaverðir skiptust á að vera í klefa nr. 16 og lömdu í veggina svo ekki var svefnfriður á næturnar. Högni Einarsson kom inn á klefann til mín tvisvar á nóttu til og fór að spyrja mig sérstaklega hvort ég þekkti Magnús Leópoldsson. Örn Ármann var með honum og sagði að ég hefði verið að drekka spíra eða áfengi ókeypis í Klúbbnum. Það væri hægt að sýna starfsfólkinu myndir og mundi það þekkja mig.*

*Ég var veikur fyrir. Ég hafði fengið áfall í sambandi við Guðmundarmálið. Ég var máttlaus alla daga og gat ekki sofð á nóttunni fyrir látum í fangavörðum. Ég var orðinn alveg ruglaður. Ég fór margsinnis fram á að fá að tala við sálfræðing eða geðlækni, en því var ekki sinnt, fyrren Hallvarður Einarsson krafðist þess við dómsyfirheyrslu. Ég margneitaði að gefa skýrslur á þessa menn og að ég hafi farið í sjóferð, en það var gengið svo fast á mig og Örn Höskuldsson sagði að ég fengi frest til kl. 8 um kvöldið 27. janúar til þess að gefa skýrslu. Hvað átti að gerast vissi ég ekki, en fangaverðir voru farnir að ganga á klefana og dingluðu kylfum framan í mann. Ég vissi ekki hvað mundi gerast og var orðinn hræddur. Ég lét því undan og gaf skýrsluna, bæði til að kaupa mér frið til að geta hugsað um Guðmundarmálið og einnig vegna þess, að ég var farinn að trúa því, sem mér var sagt um málið.“*

Þann 16. maí 1977 var gæsluvarðhald yfir Kristjáni Viðari framlengt um allt að 150 daga vegna rannsóknar á bæði Geirfinns- og Guðmundarmáli. Hann var færður í vistun á vinnuhælinu að Litla-Hrauni að hans ósk.

*Samkvæmt skráningu í dagbók Litla-Hrauns kom Kristján Viðar þangað klukkan 12:20, í fylgd rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Er enn fremur skráð í tilefni af komu Kristjáns Viðars að hann fái ekki heimsóknargesti inn á klefa til sín, aðeins í herbergi inn af varðstofu í viðurvist fangavarðar. Helgi Gunnarsson, forstjóri Litla-Hrauns, yfirfari allan póst, sem komi og fari frá Kristjáni Viðari.*

Samkvæmt gögnum málsins var Kristján Viðar næst yfirheyrður þann 6. júlí fyrir dómi, þá vegna rangra sakargifta. Samkvæmt skýrslunni neitaði Kristján Viðar að segja nokkuð nema að lögmanni sínum viðstöddum. Sama dag var framkvæmd samprófun Kristjáns Viðars og Erlu. Samkvæmt skýrslu um samprófunina var Kristján Viðar spurður hvar hann hefði farið í Volkswagen bifreiðina á Vatnsstíg þann 19. nóvember 1974. Kristján Viðar sagðist samkvæmt skýrslunni aldrei hafa verið staddur á Vatnsstíg ásamt Erlu, Sævari og Guðjóni og „aldrei farið inn í neina Volkswagen bifreið á Vatnsstíg.“ Hann hafi ekki farið til Keflavíkur 19. nóvember 1974. Hann vissi ekkert um þetta mál, væri saklaus af því að hafa átt þátt í dauða Geirfinns Einarssonar og hættur að taka þátt í þessum „skrípalátum.“ Í dómi sakadóms segir að vegna þessa framburðar Kristjáns Viðars þætti rétt að það kæmi fram að hann hafi verið fluttur úr gæsluvarðhaldi í Hegningarhúsinu í Reykjavík og settur í svokallaða lausagæslu á Litla-Hrauni 17. maí. Hafi ákærði verið þar í gæslu við venjulegt fangaviðurværi til 5. júlí.



Samkvæmt gögnum málsins mætti Kristján Viðar þann 27. september í samprófun með Guðjóni, sem fór fram fyrir sakadómi. Fyrir dómi óskaði Kristján Viðar að það yrði bókað að hann vildi leiðrétta eftirfarandi atriði í framburði sínum frá 6. júlí: Þar sem hann hefði sagt að hann væri saklaus af að hafa átt þátt í dauða Geirfinns Einarssonar, ætti að standa að hann væri saklaus af því að hafa átt þátt í hvarfi Geirfinns Einarssonar. Sama dag óskaði Kristján Viðar eftir að bókað væri fyrir sakadómi vegna Guðmundarmáls að hann vissi ekkert um hvarf Guðmundar. Hann hefði farið fram á það þann 12. maí í hegningarhúsinu og 6. júlí í þinghaldi í Geirfinnsmálinu að þetta yrði bókað en því hefði verið hafnað. Að ósk lögmanns var Kristján Viðar spurður hvers vegna hann hefði gefið dóms- og lögregluskýrslurnar í Guðmundarmálinu. Kristján Viðar skýrði það þannig að lögreglumenn hefðu farið fram á það og hann ekki talið sér heimilt að neita því. Hann og meðákærðu hefðu verið yfirheyrð saman án þess að skýrsla hefði verið tekin og þau látin hjálpast að við að muna atburði sem ekki hefðu gerst en lögreglumenn talið að hefði átt sér stað. Kristján Viðar sagðist ekki hafa verið staddur í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt meðákærðu og Guðmundi Einarssyni og Gunnari Jónssyni.

Í tveimur skýrslutökum fyrir sakadómi þann 29. september ítrekaði Kristján Viðar afturköllun framburða í bæði Guðmundar- og Geirfinnsmáli. Sama dag var gæsluvarðhald yfir Kristjáni Viðari framlengt um allt að 120 daga.

*12.10.1977 hófst  
rannsókn RLR á röngum  
framburði Sigurðar  
Óttars.*

*Í dagbók Síðumúlafangelsis er skráð 13. október að Gunnlaugur Briem sakadómari hafi hringt og sagt að „samkvæmt samhljóða ákvörðun dómara í Guðmundar og Geirfinnsmáli mættu verjendur Kristjáns Viðars Viðarssonar og Sævars Marinós Ciesielski ekki tala við þá. Það er Jón Oddsson hrl. við Sævar og Páll A Pálsson hdl. við Kristján Viðar. Sem sagt þessir lögfræðingar mega ekki undir neinum kringumstæðum tala við skjólstæðinga sína. Bann þetta gildir þar til Gunnlaugur aftur kallar það. Dómarinn bjóst við að þetta bann yrði ekki nema í nokkra daga.“ Banninu var aflétt þann 12. desember samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók.*

*Í þessu samhengi má nefna eftirfarandi færslu í dagbók Síðumúlafangelsis, sem skráð er þann 14. nóvember 1977: „Hringdi Gunnl. Briem rannsóknardómari og boðaði komu Páls A. Pálssonar til að tala við Kristján Viðar. Páll má ekki tala við hann einslega og ekki tala um sakamálin. Ranns.lögrm á að vera viðstaddur.“*

Þann 19. desember 1977 féll dómur sakadóms í málinu. Þann 22. febrúar 1980 féll dómur Hæstaréttar í málinu.

### ***18.1.3.1. Sjálfsvígshætta***

Þann 6. janúar 1977, klukkan 02:25 var Kristján Viðar aftur fluttur í Síðumúlafangelsi vegna íkveikju af hans völdum í rúmdýnu í klefa sínum í Hegningarhúsinu. Í Síðumúlafangelsi var Kristján Viðar þar til klukkan 22:30 þann 6. janúar, en þá var hann fluttur aftur í Hegningarhúsið. Sama dag er dagsett bréf rannsóknarnefndar Reykjavíkur undirritað af Karli Schütz til Halldórs Þorbjörnssonar, yfirsakadómarar. Í bréfinu segir að Kristján Viðar hafi á tímabilinu 24. desember 1976 til 5. janúar 1977 tvisvar sinnum reynt að fyrirfara sér í Hengningarhúsinu. Hann hafi bæði reynt að skera sig á púls og kveikja í klefa sínum. Í bréfinu kemur enn fremur fram það mat Schütz að Kristján Viðar væri á þessum tímamarki mjög mótstöðulítill og óútreiknanlegur. Hætta var talin á að hann endurtæki þessar tilraunir. Schütz taldi af þessum ástæðum óhjákvæmilegt að strax yrði tekin upp stöðug gæsla yfir Kristjáni Viðari og henni haldið áfram næstu vikur allan sólarhringinn. Í bréfinu segir enn fremur að þrátt fyrir að fangelsisstjórninni hafi verið bent á þetta og að sakadómur Reykjavíkur myndi leggja til starfskraft, hafi fangelsisstjórnin neitað Erni Höskuldssyni um liðsinni í þessu máli. Halldór, yfirsakadómari, ritaði Jóni Thors, deildarstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu samdægurs bréf vegna þessa. Óskað var eftir því að, af hálfu ráðuneytisins, yrði því komið til leiðar að viðeigandi ráðstafanir í fangelsinu vegna sjálfsvígstilraunanna næðu fram að ganga.

Skráningar fangelsisdagbóka Hegningarhússins við Skólavörðustíg hófust 1. janúar 1977. Miðvikudaginn 5. janúar 1977 er skráð klukkan 14:00 að Kristján Viðar hafi kveikt í klefa nr. 10 og að slökkvilið hafi komið á staðinn. Þá er skráð sama dag að Kristján Viðar o.fl. hafi farið á slysideild Borgarspítala og þaðan í fangelsið í Síðumúla. Daginn eftir er skráð klukkan 08:40 að Ragnar Vignir hafi komið og ljósmyndað brenndan klefa Kristjáns Viðars, sömuleiðis er skráð að Kristján Viðar hafi verið fluttur úr Síðumúlafangelsi í Hegningarhúsið og færður í klefa nr. 7. Þá er skráður starfsmaður sakadóms á verði yfir Kristjáni Viðari klukkan 22:30. Eftir þetta má sjá að sólarhringsvakt hefur verið hafin yfir Kristjáni Viðari í Hegningarhúsinu.

Í viðtali starfshóps við fyrrverandi lögreglumann sakadóms Reykjavíkur, sem vann við þetta verkefni, kom fram að starfsmenn sakadóms og fangaverðir hefðu alltaf verið tveir á vakt í einu til að tryggja öryggi Kristjáns Viðars. Hann var einn á einangrunargangi Hegningarhúss, vaktmenn voru í klefa á móti honum, hinum megin við ganginn, og báðir klefarnir opnir. Kristján Viðar hafi ekki gert neinar tilraunir

til að skaða sig á þessum tíma sem vakt stóð yfir. Þessar sólarhringsvaktir stóðu þar til Kristján Viðar var fluttur að Litla-Hrauni þann 17. maí 1977. Í fangelsisdagbók Litla-Hrauns er skráð þegar Kristján Viðar kom inn í fangelsið og þá er jafnframt skráð að hann fái ekki heimsóknargesti inn í klefa til sín, aðeins í herbergi inn af varðstofu í viðurvist fangavarðar. Helgi Gunnarsson forstjóri yfirfari allan póst, sem komi til og fari frá Kristjáni Viðari. Ekki er að sjá á skráningu í fangelsisdagbók Litla-Hrauns að þar hafi verið áfram sérstök vakt yfir honum vegna sjálfsvígshættu. Þá er ekki að sjá á skráningum í fangelsisdagbók að Kristján Viðar hafi notið aðstoðar fangalæknis, fanga-prests eða annarrar sálgæslu á þessu tímabili.

#### 18.1.4. Tryggvi Rúnar Leifsson

Á Þorláksmessu 1975 klukkan 18:50-19:00 var Tryggvi Rúnar Leifsson fyrst yfirheyrður af lögreglu, vegna vitneskju sem rannsóknarlögreglunni hafði borist og bent til þess, að Tryggvi ætti hlut í máli er ungur maður hvarf í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974. Við skýrslutökuna neitaði Tryggvi Rúnar allri vitneskju um hvarf Guðmundar Einarssonar. Var hann því næst færður fyrir sakadóm klukkan 19:35 þar sem hann staðfesti framburð sinn hjá lögreglu þess efnis að hann væri ekki viðriðinn hvarf Guðmundar. Í framhaldi af því var Tryggvi Rúnar úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 90 daga og til að sæta rannsókn á geðheilbrigði.

*23. desember var Tryggvi Rúnar úrskurðaður í allt að 90 daga gæsluvarðhald vegna Guðmundarmáls.*

**1976** Samkvæmt gögnum málsins var Tryggvi Rúnar næst yfirheyrður af lögreglu 9. janúar 1976 klukkan 08:50-10:05 eða 17 dögum síðar. Í skýrslunni kemur fram að hann hefði „mikið hugsað um mál þetta“ frá því síðasta skýrsla hefði verið tekin af honum 23. desember 1975. Sagðist Tryggvi þá vilja „skýra frá ýmsum atriðum varðandi málið“ og greindi m.a. frá eftirfarandi:

*„Ég man eftir því tilviki, að ég var á þeim tíma, sem atburður sá, sem hér um ræðir, á að hafa átt sér stað, staddur einhversstaðar í húsi með þeim Sævari Ciesielski, Kristjáni Viðari Viðarssyni og einhverjum einum enn, sem ég ekki bar kennsl á. Ég get ekki munað hver húsráðandi var á þessum stað, eða hvar þetta húsnæði var.“*

Í skýrslunni greindi Tryggvi einnig frá því að upp hafi komið „eitt-hvað ósamkomulag“ og það hafi „ábyggilega verið á milli þeirra Kristjáns og þess nafnlaus.“ Að átökunum loknum hafi maðurinn verið fluttur inn í geymsluherbergi íbúðarinnar, en Tryggvi greindi frá því að hann hafi „leitað eftir hjartslætti eða æðaslætti, eða öðru lífsmarki, en fann ekkert. Okkur brá þá nokkuð í brún, því við vorum þess

allir fullvissir, að maðurinn væri látinn.“ Eftir umræður hafi verið ákveðið að „láta hann til að byrja með fram í geymsluherbergið. [...] Hvað skeði eða við aðhöfðumst eftir að hafa komið manningum fyrir í geymsluherberginu, því get alls ekki komið fyrir mig, í það minnsta ekki að svo komnu máli. Eitthvað hljótum við þó að hafa gert við látinn manninn, en ég man ekki hvernig við bárum okkur að. Ekki man ég heldur aðdragandan að því, að við yfirleitt vorum staddir í þessari íbúð eða húsi, en bæði það og hvað gert var við manninn, kann að rifjast upp fyrir mér síðar.“

Samkvæmt skráningu í dagbók Síðumúlafangelsis höfðu rannsakendur hins vegar talsverð afskipti af Tryggva Rúnari í millitíðinni, á fyrrnefndu 17 daga tímabili frá 23. desember 1975 til 9. janúar 1976, án þess að frekari upplýsingar liggi fyrir um þau meðal ganga málsins. Færslur í fangelsisdagbók vegna Tryggva Rúnars frá umræddu tímabili eru sem hér segir:

*Aðfararnótt 27. desember 1975 klukkan 02:00 er skráð að Tryggvi hafi „talað við sjálfan sig annað slagið“. Sama dag klukkan 11:00-12:25 var Tryggvi tekinn til yfirheyrslu. Klukkan 12:25 er skráð að fangaverðir hafi hringt í lækni og hann beðinn um að koma „og sprauta Tryggva Rúnar niður svo hann geti sofnað“. Klukkan 14:00 er skráð að læknirinn hafi farið úr fangelsinu „eftir að hafa sprautað Tryggva með 2 amf Clorpr.“*

*Sama dag klukkan 12:30 fór fulltrúi yfirsakadómara inn á klefa til Tryggva til að ræða við hann en lok viðtalsins eru ekki tilgreind í fangelsisdagbók. Þann 28. desember klukkan 14:55-17:25 var Tryggvi tekinn til yfirheyrslu og aftur þann 30. desember klukkan 13:20-14:15.*

*Þann 2. janúar 1976 var Tryggvi tvívegis tekinn til yfirheyrslu samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók, fyrst klukkan 17:00-18:45 og aftur frá 21:30-21:55.*

*Þann 3. janúar frá 09:30-10:00 var Tryggvi Rúnar tekinn til yfirheyrslu samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók og farið með hann út í „leiðangur“ sama dag klukkan 10:00-10:55. Loks var Tryggvi þann 3. janúar tekinn til yfirheyrslu af lögreglu frá 18:50-19:25.*

*Þann 4. janúar var Tryggvi færður til yfirheyrslu hjá lögreglu samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók klukkan 14:30-16:10. Þá er skráð að fulltrúi yfirsakadómara hafi talað við Tryggva*

*Rúnar og Albert klukkan 22:30 en lok viðtalsins eru ekki skráð.*

*Þann 7. janúar er skráð yfirheyrsla yfir Tryggva Rúnari klukkan 15:30-20:55, jafnframt er skráð að Tryggvi Rúnar hafi fengið 15 mínútna hlé frá 19:45-20:00.*

*Þann 8. janúar eru skráðar þrjár yfirheyrslur vegna Tryggva, sú fyrsta klukkan 08:50-12:00, önnur klukkan 13:10-13:35 og sú þriðja klukkan 18:50-19:25. Fram kemur í fangelsisdagbók að síðastnefnda yfirheyrslan hafi verið að beiðni Tryggva Rúnars sjálfs.*

*Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók Síðumúlafangelsis var Tryggvi Rúnar yfirheyrður tvisvar af lögreglu þann 9. janúar, daginn sem hann játaði fyrst aðild að Guðmundarmálinu. Fyrri skráningin kemur heim og saman við þær tíma-setningar sem skráðar eru í skýrslu lögreglu vegna yfirheyrslunnar og nefnd var hér að framan. Síðari yfirheyrslan er skráð klukkan 14:30-15:05.*

*Daginn eftir, þann 10. janúar, er skráð yfirheyrsla hjá lögreglu klukkan 13:50-16:15.*

*Engar upplýsingar liggja fyrir um hvað fór fram í þessum yfirheyrslum og viðtölum, þegar frá er talin fyrri yfirheyrslan þann 9. janúar.*

Þann 11. janúar var tekin skýrsla af Tryggva Rúnari fyrir sakadómi klukkan 15:01-16:18. Í endurriti úr sakadómsbók Reykjavíkur kemur fram að Tryggvi Rúnar skýri sjálfstætt frá málsatvikum. Framburður hans var til samræmis við fyrri framburð samkvæmt lögregluskýrslu þann 9. janúar. Tryggvi Rúnar sagðist fyrir sakadómi ekki muna hvernig á því stóð að þeir voru staddir á Hamarsbraut 11 eða hvað þeir gerðu við lík mannsins. Samkvæmt gögnum málsins var næst tekin skýrsla af Tryggva Rúnari þann 22. mars fyrir sakadómi, um leið og gæsluvarðhald var framlengt yfir honum.

*Samkvæmt skráningum í dagbók Síðumúlafangelsis höfðu rannsakendur hins vegar afskipti af Tryggva Rúnari í millitíðinni, á tímabilinu 11. janúar til 22. mars 1976, sem hér segir:*

*Þann 11. janúar er skráð viðtal rannsakenda við Tryggva klukkan 18:10-19:10 og svo samprófun skráð sama dag með Alberti klukkan 19:40-19:55 en um hana er jafnframt skráð „varð árangurinn enginn“.*

*Þann 14. janúar er skráð yfirheyrsla af hálfu fulltrúa yfirsakadómara klukkan 14:45-15:30.*

*Fjórar færslur eru skráðar 15. janúar vegna aðgerða lögreglu gagnvart Tryggva Rúnari. Sú fyrsta vegna yfirheyrslu klukkan 08:50-12:00 og framhald yfirheyrslu klukkan 12:30-15:10. Vegna framangreindra færsla er jafnframt skráð í fangelsisdagbók að Tryggvi hafi verið „látinn borða í horninu“. Þá er skráð yfirheyrsla rannsakenda klukkan 15:40-16:00 og aftur klukkan 17:45-20:30.*

*Tvær færslur eru skráðar í fangelsisdagbók daginn eftir, 16. janúar, báðar vegna viðtals rannsakanda við Tryggva Rúnar, klukkan 09:00-09:10 og klukkan 10:30-12:05.*

Í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar rannsóknarlögreglumanns vegna rannsóknar Guðmundar- og Geirfinnsmálanna er skráð undir dagsetningunni 6. febrúar 1976: „Í dag fór ég, og Örn Höskuldsson, með Tryggva Rúnar Leifsson suður fyrir Hafnarfjörð, í þeim tilgangi hvort hann myndi geta þekkt aftur einhvern þann stað sem þeir kynnu að fara með lík Guðmundar Einarssonar. Þetta var gert að ósk Tryggva Rúnars sjálfs. [...] Við gengum þar nokkuð um. Þar mjög nálægt er gömul fjárborg upphlaðin úr steinum og fannst honum fullvíst að að þeirri fjárborg hefði hann komið áður og það hefði verið með Sævari Cicielski og einhverjum fleirum sem að hann gat ekki munað. Frekara gat hann ekki munað um ferðir sínar í sambandi við þetta, en hyggst hugsa málið nákvæmlega.“

*Þann 7. febrúar er skráð að fulltrúi yfirsakadómara hafi farið inn á klefa til Tryggva klukkan 14:00. Þá er skráð „ökufærð“ rannsakenda með Tryggva Rúnar sama dag klukkan 14:50-17:00.*

*Þann 23. febrúar er eftirfarandi færsla í dagbók Síðumúla-fangelsis: „Hringdi Eggert Bjarnason rslm. og tjáði mér að ef lögfræðingar þyrftu að tala við skjólstæðinga sína yrðu þeir að gera það á þriðjudögum og föstudögum á milli kl 18:00 og 19:00. Ef eitthvað væri bráðnauðsynlegt yrðu þeir að hafa samband við lögrm. eða fltr. sem með málin hafa að gera.“*

*Þann 6. mars er skráð í fangelsisdagbók klukkan 13:10-13:45 að Tryggvi hafi verið „færður til viðtals“ við rannsakendur.*

*Þann 19. mars klukkan 20:40 er eftirfarandi færsla í fangelsisdagbók „Fer Viðir inn á gang, talar við Kristján,*

*Tryggva og Magnús. “Daginn eftir er skráð viðtal rannsakennda við Tryggva Rúnar klukkan 14:00-14:50.*

Engar upplýsingar liggja fyrir meðal gagna málsins um hvað fór fram í þessum yfirheyrslum, viðtölum og ökuferðum, að ökuferðinni þann 6. febrúar.

Þann 22. mars 1976 mætti Tryggvi Rúnar fyrir sakadóm þar sem tekin var dómskýrsla af honum og sagðist Tryggvi Rúnar engu hafa við málið að bæta. Í framhaldi af skýrslutöku fyrir dómi 22. mars var gæsluvarðhald yfir Tryggva Rúnari framlengt um allt að 90 daga vegna Guðmundarmáls.

Samkvæmt gögnum málsins var næst tekin skýrsla af Tryggva Rúnari 30. apríl, eða 38 dögum síðar.

Samkvæmt skráningum í dagbók Síðumúlafangelsis höfðu rannsakenndur hins vegar afskipti af Tryggva Rúnari í milli-tíðinni sem hér segir:

*Þann 24. mars var Tryggvi Rúnar yfirheyrður klukkan 15:30-16:20.*

*Skráð er að Sigurbjörn Viðir hafi farið inn á klefa til Tryggva Rúnars 26. mars klukkan 19:04-19:10.*

*Þann 30. mars klukkan 20:50 er skráð að Sigurbjörn Viðir hafi farið „inn á gang“ til að ræða við Kristján Viðar og Tryggva Rúnar.*

*Þann 6. apríl klukkan 23:15-23:25 er eftirfarandi færsla í dagbók Síðumúlafangelsis: „Þá hefur [Sigurbjörn] Viðir farið inn á klefa til Tryggva Rúnars í viðtal“.*

*Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður í Síðumúlafangelsi skráir í fangelsisdagbók 12. apríl að hann hafi hringt í Örn fulltrúa yfirsakadómara: „Erindi mitt við hann var að fá hjálp fyrir Kristján Viðar og Tryggva Rúnar frá geðlækni vegna eindreginnar beiðni þeirra þar um. Vegna ákveðinna þátta í skapgerð þeirra. Örn lofaði að athuga þetta fljótlega.“*

*Þann 26. apríl er skráð að Sigurbjörn Viðir hafi farið inn á klefa til Tryggva Rúnars klukkan 18:10-18:30.*

*Þann 27. apríl kom rannsóknarlögreglumaður og ræddi við Tryggva Rúnar „vegna ávísanamisferlis“ og þann 29. apríl*

*er skráð að Sigurbjörn Víðir hafi farið inn á klefa til Tryggva Rúnars klukkan 17:05 en lok eru ekki skráð sérstaklega.*

Engar upplýsingar liggja fyrir vegna þessara aðgerða gagnvart Tryggva Rúnari.

Þann 30. apríl fór fyrrgreind skýrslutaka fram fyrir sakadómi klukkan 10:00. Bókað var í dómþingi að „kærði kveðst ekki muna í hvaða húsi þessi atburður átti sér stað og ekki heldur, hvernig stóð á ferðum hans þangað. Kærði kveðst muna að Kristján Viðar var að deila þar við mann og enduðu þær deilur með átökum. Kærði kveðst hafa slegið manninn niður og sá kærði þá að Sævar Marínó sparkaði í höfuð hans. Maðurinn hreyfði sig ekki eftir þetta, og fóru þeir félagar með hann fram í geymsluherbergi og fóru síðan að ræða um hvað gera skyldi. Kærði kveðst ekki muna eftir að hafa flutt mann þennan í bifreið Alberts Skaftasonar. Kærði tekur fram að hann hafi ætlað að ganga á milli þegar Kristján Viðar hefði verið í átökum við manninn.“ Sama dag klukkan 10:17-10:49 fór fram samprófun Tryggva Rúnars og Alberts fyrir sakadómi. Ekkert samræmi náðist fram í framburðum þeirra.

*Þann 28.5.1976  
úrskurðaði sakadómur  
um að geðrannsókn yrði  
unnin á Tryggva Rúnari.*

Samkvæmt skýrslu dagsett 8. mars 1977 ræddu Haraldur Árnason og Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumenn við Tryggva Rúnar að kvöldi 28. ágúst 1976 um flutning á líki Guðmundar. Í skýrslunni kemur fram að: „Um þetta leyti, hafði staðið yfir árangurslaus leit að líki Guðmundar í hrauninu sunnan við álverið í Straumsvík, en á því svæði töldu sakborningar sig hafa falið líkið.“ Samkvæmt skýrslunni var rætt um „friðlýsta fjárborg“ þarna á svæðinu. Undir lok skýrslunnar kemur fram að „frásögn Tryggva [bendi] til þess, að ferð sú sem hann segir frá, hafi verið farin að degi til, en að auki, er næsta óhugsandi að ganga þarna um hraunið í náttmyrkri.“

Þann 20. júní var gæsluvarðhald yfir Tryggva Rúnari framlengt um 90 daga. Kom Tryggvi Rúnar af þessu tilefni fyrir dóm en virðist ekkert hafa verið spurður um efnisatriði málsins.

Samkvæmt upplýsingum úr dagbók Síðumúlafangelsis ræddu rannsakendur við Tryggva Rúnar á tímabilinu frá 30. apríl til 17. september 1976, án þess að frekari upplýsingar liggi fyrir meðal gagna málsins um hvað fór fram. Skráningar í fangelsisdagbók á umræddu tímabili eru sem hér segir:

*Þrjár yfirheyrslur yfir Tryggva Rúnari eru skráðar þann 1. júní, sú fyrsta klukkan 09:50-10:50, framhald af henni klukkan 14:05-15:00 og sú þriðja klukkan 20:45-22:10.*



Þann 3. júní er skráð viðtal Sigurbjörns Víðis við Tryggva Rúnar klukkan 12:45-13:55 og sama dag klukkan 21:10-22:50 er skráð að Tryggvi Rúnar hafi verið „færður fram til viðtals“ við Sigurbjörn Víði og Kristján Viðar.

Þann 4. júní klukkan 21:50-23:56 er skráð að Tryggvi Rúnar, Kristján Viðar og Sævar hafi verið „teknir til samtals“. Daginn eftir, 5. júní klukkan 17:30-18:15, er skráð samprófun Tryggva Rúnars og Sævars.

Þann 6. júní er skráð viðtal Sigurbjörns Víðis við Tryggva Rúnar klukkan 21:45-23:40. Daginn eftir klukkan 13:45-17:15 er aftur skráð viðtal Sigurbjörns Víðis, nú við Sævar og Tryggva Rúnar.

Tvær færslur eru skráðar þann 10. júní, önnur vegna viðtals rannsakanda við Tryggva Rúnar klukkan 15:10-15:30 og hin vegna samprófunar Tryggva Rúnars og Kristjáns Viðars klukkan 23:35-23:45. Daginn eftir, 11. júní, er Tryggvi Rúnar aftur tekinn til viðtals af Sigurbirni Víði, en „fyrir var Kristján Viðar“.

Þann 12. júní er skráð yfirheyrsla klukkan 23:02-23:50.

Þann 13. júní klukkan 15:45-18:20 er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að rannsakendur hafi farið með Tryggva Rúnar í „biltúr“.

Þann 21. júní er skráð í fangelsisdagbók að Tryggvi hafi verið sóttur og fluttur „í sakadóm“ klukkan 13:45-15:30. Sama dag er færsla um að Örn Höskuldsson fulltrúi yfirsakadómara, hafi farið inn á klefa til Tryggva Rúnars klukkan 16:25-16:40.

Þann 24. júní er skráð að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar til „viðtals“ klukkan 13:40-14:04.

Þann 30. júní klukkan 15:30-18:45 er aftur skráð að Sigurbjörn Víðir hafi tekið Tryggva Rúnar til viðtals, og „síðan bættist Kristján Viðar í hópinn.“

Þann 3. júlí er skráð viðtal rannsakanda við Tryggva Rúnar klukkan 10:30-11:20.

Þann 5. júlí klukkan 22:35 segir að Sigurbjörn Víðir hafi talað „stutt við Tryggva og Erlu á klefum.“

*Tvær færslur eru skráðar þann 12. júlí vegna aðgerða rannsakanda gagnvart Tryggva Rúnari, önnur vegna viðtals klukkan 10:30-11:20 og hin vegna lygamælingaprófs klukkan 19:15.*

*Þann 13. júlí er skráð viðtal rannsakanda við Tryggva Rúnar á klefa hans klukkan 14:55 en lok þess er ekki skráð sérstaklega. Sama dag klukkan 17:20-17:35 talaði fulltrúi yfirsakadómara við Tryggva Rúnar.*

*Þann 16. júlí er skráð að fulltrúi yfirsakadómara hafi rætt við Tryggva Rúnar á klefa klukkan 13:20. Klukkan 16:25 sama dag er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að Tryggvi Rúnar hafi verið fluttur að Litla-Hrauni.*

*Þann 4. ágúst klukkan 22:55 er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að komið hafi verið með Tryggva Rúnar frá Litla-Hrauni og „á hann að vera hér óákveðið vegna málsrannsóknar og blóðtöku.“*

*Þann 9. ágúst klukkan 13:20 var samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsis farið aftur með Tryggva Rúnar á Litla-Hraun.*

*Þann 30. ágúst klukkan 19:00 er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að Sigurbjörn Víðir hafi komið með Tryggva Rúnar í fangelsið. Þann 31. ágúst er skráð í viðtal rannsakanda við Tryggva klukkan 17:27-17:58.*

*Þann 3. september er skráð viðtal rannsakanda við Tryggva Rúnar klukkan 13:23-13:35.*

*Þann 10. september er skráð viðtal rannsakanda við Tryggva klukkan 16:58-17:23 og aftur þann 16. september klukkan 18:35-19:00.*

Sem fyrr segir var tekin skýrsla af Tryggva Rúnari fyrir sakadómi þann 17. september 1976. Í henni kemur fram að hann myndi ekki hvort Kristján Viðar hefði verið með hníf að Hamarsbraut og hann sagðist samkvæmt skýrslunni heldur ekki muna hvert þeir hefðu farið með lík Guðmundar. Í framhaldinu var gæsluvarðhald yfir Tryggva Rúnari framlengt um allt að 90 daga vegna Guðmundarmáls.

Lögreglan tók skýrslu af Tryggva Rúnari þann 21. september til að spyrja hann „hvoru megin Guðmundur hefi verið settur í bifreiðina er líkið hefði verið flutt frá Hamarsbraut.“ Skýrslutaka hófst klukkan 13:20 og lauk klukkan 14:45. Tryggvi sagðist ekki geta gert sér grein fyrir þessari hlið málsins, hann myndi ekki þetta atriði. Hann kvaðst

ekki geta munað eftir bifreiðinni eða Alberti, flutningi á Guðmundi úr íbúðinni eða ökuferðinni út í hraun.

Þann 17. desember 1976 var gæsluvarðhald yfir Tryggva Rúnari fram-  
lengt um 150 daga. Kom Tryggvi Rúnar fyrir sakadóm af þessu tilefni  
en skýrsla var ekki tekin af honum umrætt sinn um málið.

Næsta skýrsla meðal gagna málsins sem tekin var af Tryggva Rúnari  
er dagsett þann 11. mars 1977 eða tæplega 6 mánuðum síðar.

Á tímabilinu frá 21. september 1976 til 11. mars 1977 eru  
skráðar eftirfarandi færslur í dagbók Síðumúlafangelsis vegna  
Tryggva Rúnars sem engar upplýsingar liggja fyrir um meðal  
gagna málsins:

*Þann 21. september er skráð að einn rannsakanda hafi tekið  
Tryggva Rúnar til viðtals klukkan 13:25-14:45. Annað viðtal  
rannsakanda við Tryggva Rúnar er skráð 28. september  
klukkan 19:20-20:00. Sama dag er eftirfarandi færsla í fang-  
elsisdagbók „Tryggvi Rúnar Leifsson hefur ekki matast í dag,  
ósáttur við kerfið.“*

*Þann 12. október er skráð viðtal rannsakanda við Tryggva  
Rúnar klukkan 23:30-00:20 og aftur þann 15. október  
klukkan 18:00-18:30.*

*Þann 16. október klukkan 16:25-16:55 er skráð að Tryggvi  
Rúnar hafi verið „færður fram til viðtals við Schütz og co.“*

*Tvær færslur eru skráðar þann 20. október, báðar í tengslum  
við að Tryggvi hafi verið „færður fram til [Sigurbjörns]  
Viðis“, í fyrra skiptið klukkan 12:55-13:10 og í síðara skiptið  
klukkan 19:30-21:15.*

*Þann 25. október er skráð að Sigurbjörn Viðir hafi farið inn  
á klefa til Tryggva Rúnars klukkan 16:50-17:14 „til að ræða  
við hann“.*

*Þann 1. nóvember er skráð að Sigurbjörn Viðir hafi komið  
klukkan 20:10 og að hann „ræddi stutta stund við Tryggva  
Rúnar“.*

*Þann 3. nóvember klukkan 21:25-21:50 fór Örn Höskuldsson,  
fulltrúi yfirsakadómara, inn á klefa til Tryggva Rúnars sam-  
kvæmt skráningu í fangelsisdagbók.*

*Þann 11. nóvember, klukkan 14:30, er skráð að Tryggvi  
Rúnar hafi verið fluttur að Litla-Hrauni. Samkvæmt skrán-*

ingu í fangelsisdagbók kom hann aftur í Síðumúlafangelsi þann 16. desember klukkan 16:45.

Þann 17. desember er skráð að Tryggvi Rúnar hafi verið „færður í hornið til Víðis“ klukkan 09:04-09:30. Sama dag klukkan 17:30, eftir að gæsluvarðhald hafði verið framlengt um 150 daga, er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að farið hafi verið með Tryggva Rúnar aftur á Litla-Hraun.

## 1977

Þann 14. janúar er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að komið hafi verið með Tryggva Rúnar frá Litla-Hrauni „að beiðni Gunnlaugs Briem dómara“.

Þann 18. janúar klukkan 10:00-11:40 er skráð að Tryggvi Rúnar hafi verið sóttur „fyrir Gunnlaug Briem“ sakadómara. Sama dag er skráð viðtal Sigurbjörns Víðis við Tryggva klukkan 18:45-21:20. Þá er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis 18. janúar 1977 klukkan 22:15 að hringt hafi verið í Sigurbjörn Víði „og hann beðinn um að sjá um að Tryggvi fái að tala við verjanda sinn sem fyrst og einnig að hann fái að breyta framburði sínum frá í gær“. Ekki er hins vegar að sjá á gögnum málsins né skráningu í fangelsisdagbók að rætt hafi verið við Tryggva Rúnar daginn áður, eða þann 17. janúar.

Þann 19. janúar klukkan 09:55-11:50 er aftur skráð að Tryggvi Rúnar hafi verið „sóttur fyrir Gunnlaug Briem“. Klukkan 13:50 sama dag er eftirfarandi skráð: „Hringdi Gunnlaugur Briem sakadómari og tjáði mér að Tryggvi Rúnar ætti að vera í algjörrri einangrun og um flutning niður á Skólavörðustíg yrði ekki að ræða að sinni. Þessi ákvörðun er tekin af öllum þremur dómurunum. Hins vegar segist Gunnlaugur vera tilbúinn að tala við Tryggva ef hann vilji eitthvað við sig tala eða bæði um það.“

Þann 20. janúar er skráð að farið hafi verið með Tryggva Rúnar í sakadóm klukkan 10:55-13:10.

Þann 24. janúar klukkan 17:45-18:00 er skráð að einn rannsakenda hafi farið inn á klefa til Tryggva. Daginn eftir, 25. janúar klukkan 16:15 er eftirfarandi færsla í dagbók Síðumúlafangelsis: „Hringt með hraði í Gunnlaug Briem dómara fyrir Tryggva Rúnar, sem vill breyta, og bæta fram-

*burð sinn fyrir dómi helst nú þegar. Dómarinn tók þessu vel og sagðist láta sækja manninn hið fyrsta.“ Tryggvi Rúnar var fluttur í sakadóm sama dag klukkan 16:30-18:00.*

*Þann 26. janúar klukkan 13:10-14:10 var farið með Tryggva Rúnar í sakadóm „fyrir Harald Henryrsson“. Daginn eftir, 27. janúar klukkan 08:15-08:40 er skráð viðtal rannsakanda við Tryggva Rúnar.*

*Tvær færslur eru skráðar í dagbók Síðumúlafangelsis vegna aðgerða lögreglu gagnvart Tryggva Rúnari þann 9. febrúar. Fyrri færslan varðar viðtal rannsakanda við Tryggva Rúnar klukkan 08:00-09:05 og hin skýrslutöku klukkan 13:30-14:45.*

*Þann 16. febrúar er eftirfarandi færsla: „Kom Smári Sigurðsson lögreglumaður með erindisbréf frá Gunnlaugi Briem dómara varðandi það að Tryggvi þarf að fá leyfi hverju sinni til að tala við lögmann sinn eða aðra“.*

*Eftirfarandi skráir Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður þann 22. febrúar vegna Tryggva Rúnars: „Hringdi Gunnlaugur Briem sakadómari og spurði um liðan Tryggva Rúnars. En séra Jón Bjarman hafði sagt Haraldi Henryrssyni sakadómara að hann teldi að Tryggvi væri að verða ruglaður. Ég sagði Gunnlaugi að ég fyndi ekki að svo væri.“*

*Þann 24. febrúar er skráð viðtal á klefa klukkan 15:35-17:40, en ekki kemur fram hver ræddi við Tryggva umrætt sinn.*

*Þann 3. mars klukkan 11:40 er skráð í fangelsisdagbók að Gunnlaugur Briem dómari hafi hringt vegna Tryggva og beiðni hans um að fá samtali við lögmann sinn. Í tilefni af þessu skráir Gunnar Marinósson, varðstjóri í Síðumúlafangelsi, eftirfarandi í dagbók fangelsisins: „það getur ekki orðið að svo komnu máli a.m.k. ekki strax. Hilmar [lögmaður Tryggva] vill fá að tala einslega við Tryggva en það vill Gunnlaugur ekki, hann er ekki sáttur við viðbrögð hans og framkomu í Guðmundarmáli og sagðist ekki skilja það. Ég sagði dómaranum að það væri ekki nýtil komið með breyttan framburð í því máli. Tryggvi hafði haft við orð snemma s.l. sumar að draga framburð sinn til baka.“*

*Daginn eftir, þann 4. mars, klukkan 13:20-13:55 fór fram samprófun Tryggva Rúnars og Páls R. Eliassonar „með samþykki Gunnlaugs Briem“ sakadómara.*

*Þann 6. mars skráir Gunnar Marinósson varðstjóri athugasemd í dagbók Síðumúlafangelsis: „Tryggvi Rúnar Leifsson hefur tilkynnt að hann ætli ekki að borða neinn mat á næstunni, fara sem sagt í hungurverksfall í mótmæla skyni vegna seina gangs og framvindu í sambandi við mál þau er hann hefur fengið ákæru í.“ Daginn eftir, 7. mars, er eftirfarandi skráð: „Talað við Guðstein lækni vegna neitunar Tryggva með að borða. Læknirinn sagði það vera í lagi í tvær til þrjár vikur ef hann drykki vatn.“ Læknirinn fór fram á að Tryggva yrðu ekki gefin lyf á tóman maga á meðan á þessu stæði. Þennan sama dag klukkan 10:15 ritar Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður að hann hafi farið „inn til Tryggva Rúnars og talað við hann í fullri meiningu. Okkar samtal endaði á því að Tryggvi lofaði að borða aftur.“*

Engar frekari upplýsingar liggja fyrir um hvað fór fram við framangreindar aðgerðir rannsakenda og sakadómara gagnvart Tryggva Rúnari. Efnislegar upplýsingar um breyttan framburð Tryggva Rúnars dagana 17.-24. janúar er ekki að finna meðal gagna málsins.

Þann 11. mars fór fram skýrslutaka lögreglu. Yfirheyrslutími samkvæmt skýrslunni eru 20 mínútur eða klukkan 13:35-13:55. Yfirheyrandi var Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður en sakadómaraar höfðu falið honum sérstaka framhaldsrannsókn á Guðmundarmálinu. Að fyrirlagi Gunnlaugs Briem sakadómara lagði Gísli eina spurningu fyrir Tryggva Rúnar, hvort líkamsleifar Guðmundar hafi verið grafnar í Hafnarfjarðarkirkjugarði. Tryggvi Rúnar sagðist samkvæmt skýrslunni ekkert vita um þetta af því að hann hafi hvergi komið þar nærri.

*Samkvæmt skráningu í dagbók Síðumúlafangelsis var Tryggvi færður fyrir Gísla Guðmundsson rannsóknarlögreglumann þann 12. mars klukkan 16:10-17:45.*

*Þann 15. mars er farið með Tryggva Rúnar í sakadóm klukkan 10:30-13:00 samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók.*

*Þann 17. mars kom rannsakandi í fangelsið til að ræða við Tryggva klukkan 10:30-11:30.*

*Þann 21. mars er skráð að farið sé með Tryggva Rúnar í sakadóm klukkan 10:15-10:40.*

*Þann 29. mars er skráð í fangelsisdagbók að Gísli Guðmundsson hafi rætt við Tryggva „skv. beiðni hans“ og hafi þetta verið klukkan 18:10-19:20.*

Engar nánari upplýsingar liggja fyrir meðal gagna málsins vegna framangreindra færslna í fangelsisdagbók.

Þann 30. mars, klukkan 09:45-12:20, mætti Tryggvi Rúnar fyrir sakadóm og gaf dómskýrslu. Tryggvi dró játningu sína til baka. Hann sagðist samkvæmt skýrslunni ekki vilja viðurkenna, að það væri rétt sem honum væri gefið að sök. Hann neitaði að hafa ráðist á Guðmund Einarsson að Hamarsbraut 11 ásamt meðákærðu aðfaranótt 27. janúar 1974 og misþyrmt honum svo, að Guðmundur hafi hlotið bana af. Samkvæmt skýrslunni kvaðst hann aldrei hafa komið að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, hvorki umrædda nótt né fyrir þann tíma. Tryggvi Rúnar sagði að sér hafi verið sýnt húsið að Hamarsbraut 11 í ársbyrjun 1976 til að vita, hvort hann myndi eftir því. Hann kvaðst ekkert hafa kannast við húsið og aldrei hafa komið þar inn. Tryggvi Rúnar óskaði eftir því að það yrði bókað að þegar hann hefði verið tekinn fyrst þann 23. desember 1975 heima hjá sér, hefði þessi sök verið borin upp á hann. Síðan hafi hann verið yfirheyrður. Honum hafi orðið mikið um þetta, þar sem hann hefði verið saklaus í þessu máli. Hann hefði ekki getað sofíð og honum hafi verið neitað um svefntölfur. Síðan hafi liðið 2-3 dagar, þar til það hefði þurft að sprauta hann niður til að hann gæti sofíð, enda hefði hann verið kominn með óráð. Hann vildi taka það fram, að upp úr þessu hefði verið borin á hann tvö önnur stórmál, að hann hefði átt að hafa orðið stúlku að bana í Vík í Mýrdal og einhverjum manni í Ólafsvík. Átti það að hafa verið haustið 1974.

Tryggvi Rúnar sagðist samkvæmt skýrslunni alls ekki telja sig hafa verið kominn í fullt jafnvægi þegar hann hefði verið tekinn í yfirheyrslu dag eftir dag, sem oft hefðu varað í 12 klukkustundir. Ekkert hefði komið annað til umræðu en að hann ætti að játa þetta mál, sem upp á hann hefði verið borið. Það hefði verið alveg sama hvað hann segði, þeir hefðu ekki tekið mark á því. Tryggvi Rúnar sagði að hann hefði bara átt að játa að hafa verið með fyrrgreindum mönnum við nefndan verknað. Fyrstu dagana hefði hann átt að skýra frá því sjálfur, hvernig þetta atvikaðist. Hefði einn rannsóknarmannanna sagt að hann fengi að rotna í 2 ár í Síðumúla. Það væri hægt að halda honum inni þann tíma. Í þessum yfirheyrslum hafi þeir yfirleitt verið þrír, Örn Höskuldsson, Sigurbjörn Víðir Eggertsson og Eggert N. Bjarnason. Áfram hafi hótanirnar haldið og þeir sagt að hann yrði dæmdur fyrir þetta, því það væru allir búnir að játa og hefðu bent á hann. Loks hefði komið að því að hann sæi sér ekki annað fært en að játa á sig þátttöku í verknaðinum, þar sem honum hafi þótt það skynsamlegra, úr því sem

komið væri. Fyndist honum yfirheyrslurnar með þeim hætti að hann játaði þetta með því hugarfari að hið sanna kæmi í ljós, þegar málið kæmi fyrir dómara.

Þann 31. mars fór fram samprófun Tryggva Rúnars og Erlu fyrir dómi. Erlu var kynnt neitun Tryggva Rúnars á því að hann hefði verið að Hamarsbraut 11 umrædda nótt. Erla hélt engu að síður fast við framburð sinn. Erla kvaðst hafa dregið upp mynd af Tryggva Rúnari í tæknideild rannsóknarlögreglu, ennfremur hafi hún hafi lýst útliti hans.<sup>122</sup> Sama dag voru Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar samprófaðir fyrir dómi. Framburðir þeirra beggja voru lesnir í dómnum. Kristján Viðar sagði framburð sinn réttan í öllum atriðum en Tryggvi Rúnar neitaði því að hann hefði verið með meðákærðu að kvöldi hins 26. janúar og aðfaranótt 27. janúar 1974. Samkvæmt skýrslunni sagði Tryggvi Rúnar framburð Kristjáns Viðars allan vera lygi. Ekki náðist samræmi í framburðum þeirra. Samprófun Tryggva Rúnars og Sævars fór einnig fram þennan dag en samræmi náðist ekki í framburðum þeirra. Eftir að framburður Sævars hafði verið kynntur fyrir Tryggva Rúnari sagði Tryggvi Rúnar að hann gæti ekki staðfest það svoleiðis. Hann hafi verið svo mikið með þessum mönnum að hann gæti ekkert fullyrt um það, hvort hann hefði verið með þeim þetta sinn. Það væri rétt að þeir hefðu oft verið að „putta“ eða á „veskjabríserii“ en hvort það hefði verið þetta kvöld eða ekki myndi hann ekki. Tryggvi Rúnar og Albert voru einnig samprófaðir fyrir dómi þennan dag. Báðir héldu fast við framburði sína og náðist ekki samræmi.

*Samkvæmt skráningu í dagbók Síðumúlafangelsis þann 5. apríl klukkan 18:15-19:00 tók Gísli Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður viðtal við Tryggva Rúnar á klefa hans og aftur daginn eftir klukkan 17:45-18:35.*

Þann 4. maí fór fram samprófun Tryggva Rúnars og Gunnars Jónssonar fyrir dómi. Gunnar kvaðst kannast við Tryggva Rúnar. Tryggvi Rúnar kvaðst hins vegar ekki kannast við Gunnar, en sagðist ekki geta fullyrt um það, hvort hann hefði séð hann áður. Framburður Gunnars var rakinn og kvaðst Gunnar halda fast við hann. Tryggvi Rúnar hélt og fast við framburð sinn og neitaði að hafa verið að Hamarsbraut 11 umrætt sinn. Fékkst ekki samræmi í framburði þeirra. Hilmar Ingi-mundarson, hrl. og verjandi Tryggva Rúnars, var viðstaddur samprófunina.

Þann 16. maí klukkan var gæsluvarðhald yfir Tryggva Rúnari fram-lengt um allt að 150 daga.

<sup>122</sup> Hvorki er slík teikning né lýsing meðal gagna málsins.



*Þann 29. maí 1977 klukkan 08:00 er eftirfarandi athugasemd rituð í dagbók Síðumúlafangelsis af Gunnari Guðmundssyni yfirfangaverði: „Á föstudaginn talaði ég við Gunnlaug Briem fyrir Tryggva Rúnar um svar við því að hann fengi að fara niður í Hegningarhús. Gunnlaugur segist vera búinn að færa þetta í tal við Valdimar [forstöðumann Hegningarhúss] og fengið neitun, en sagðist ætla að athuga það betur eftir hádegið. Um lausagæslu þar yrði ekki um að ræða í náinni framtíð hann yrði lokaður inni þar eins og hér og fengi öngva útivist ef úr þessu yrði. Þetta er ég búinn að segja Tryggva og tel ég því þetta útrætt mál.“*

Þann 19. desember 1977 féll dómur sakadóms í málinu. Dómur Hæstaréttar í málinu féll 22. febrúar 1980.

#### **18.1.4.1. Skýringar rannsakenda á yfirheyrslum yfir Tryggva Rúnari án skýrslutöku**

Hilmar Ingimundarson lögmaður Tryggva Rúnars sendi sakadómi bréf dagsett 14. september 1977. Með bréfinu var óskað eftir því að lagðar væru fyrir rannsakendur spurningar um hvers vegna Tryggvi Rúnar hefði verið tekinn til yfirheyrslu í ein 30 skipti, án þess að lögreglumenn bókuðu nokkuð um hvað gerst hafi, hver hafi verið tilgangur ferða lögreglumanna inn í klefa Tryggva Rúnars og hvað hefði farið þeim á milli.

Eggert N. Bjarnason rannsóknarlögreglumaður veitti svör fyrir dómi 27. september 1977: „Ég dreg það í efa, að hann hafi verið færður í yfirheyrslu svo oft, en ég rengi ekki, að það hafi verið talað við hann jafnvel í ein 30 skipti. Samtölin fóru fram, að því er ég best man, oft að beiðni Tryggva Rúnars sjálfs, en ekki af því, að ég óskaði að tala við hann. Um slík samtöl var ekki gerð sérstök skýrsla.“

Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður sagði fyrir dómi sama dag: „Ég held, að það komi ekki til, að þetta hafi verið yfirheyrslur, heldur var oft um viðtöl við Tryggva Rúnar að hans beiðni að ræða. Það er ekki venja í yfirheyrslum að bóka allar yfirheyrslur og yfirleitt ekki bókað í yfirheyrslu, nema eitthvað nýtt komi fram eða sá, sem er yfirheyrður, vilji bæta einhverju við framburð sinn.“

Spurningu um tilgang með ferðum lögreglumanna inn í klefa Tryggva Rúnars Leifssonar og hvað þeim hefði farið á milli svaraði Sigurbjörn Víðir: „Tryggvi Rúnar hafði oft samband við fangaverði og óskaði eftir að fá að tala við mig, bæði um málið og um persónuleg mál“.

Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, svaraði spurningunum þannig, bréflaga 22. september: „Ég hef verið beðinn að skýra, hvernig standi á ferðum mínum inn í klefa til Tryggva Rúnars Leifssonar, á meðan hann var vistaður í fangelsinu að Síðumúla 28. Oftast fór ég inn í klefa að beiðni Tryggva sjálfs, og yfirleitt var erindið, að hann vildi sýna mér myndir þær, sem hann hafði teiknað og/eða málað. Tryggvi vildi líka alltaf gefa mér myndir eftir sig, og á ég nokkrar myndir eftir hann. Ég minnst þess ekki að hafa farið inn í klefa til hans nema samkvæmt hans beiðni, og var erindið oftast það, sem fyrr greinir. Yfirheyrslur fóru ekki fram í klefunum.“

Ennfremur í bréfi dagsettu 27. september: „Í framhaldi af bréfi mínu, dags. 22. september s.l., vil ég taka fram, að ég get ekki upplýst, hvers vegna Tryggvi Rúnar var tekinn til yfirheyrslu í „ein 30 skipti, án þess að þeir bóki nokkuð um það“. Ég sjálfur yfirheyrði ekki Tryggva Rúnar, án þess að það væri bókað, og hafði alltaf votta viðstadda. Ég vil geta þess, að ekki tíðkast að hafa votta viðstadda lögreglu-yfirheyrslur, en þeir eru alltaf kallaðir til til þess að votta undirskrift undir skýrslu. Hvaða erindi lögreglumenn hafa átt við Tryggva Rúnar fram í yfirheyrsluherbergi í ein 30 skipti, get ég ekki sagt til um, en erindin geta verið mýmörg, án þess að um yfirheyrslu hafi verið að ræða, þó ekki væri nema til þess að spyrja hann, hvort hann hefði eitthvað nýtt fram að færa, sem svo hafi ekki reynst vera neitt. Einnig er rétt að geta þess, að Tryggvi Rúnar bað lögreglumenn oft um viðtal, ef ég man rétt, og gæti verið, að þau viðtöl hafi farið fram í yfirheyrsluherbergi, en Tryggvi átti oft erindi við lögreglumenn, án þess að það kæmi málsrannsókninni beint við, svo sem biðja þá að koma skila-boðum til fjölskyldu sinnar o. s. frv. Ég vona, að ég hafi svarað öllum spurningum, sem fram koma í bréfi Hilmars Ingimundarsonar, með þessu.“

#### 18.1.5. Albert Klahn Skaptason

*Þann 23. desember 1975 klukkan 05:00 er skráð í fangelsis-dagbók Síðumúlafangelsis að komið hafi verið með Albert í Síðumúla frá Seyðisfirði. Engar frekari upplýsingar liggja fyrir um klukkan hvað Albert var handtekinn eða hvernig hann var fluttur.*

*23. desember var Albert úrskurðaður í allt að 45 daga gæsluvarðhald vegna Guðmundarmáls.*

Sama dag klukkan 13:55-17:10 var tekin lögregluskýrsla af Alberti sem vitni í Guðmundarmálinu. Var Alberti tjáð að tilefni yfirheyrslunnar væri „hvarf á ungum manni í Hafnarfirði fyrir tæpum tveimur árum, nánar tiltekið aðfararnótt 27. jan. 1974.“ Samkvæmt skýrslunni var Alberti „tjáð, að Sævar Ciesielski hafi tjáð rannsóknarlögreglunni, að á þeim tíma muni maður hafa verið barinn í íbúð Sævars, eða í

geymsluherbergi henni tilheyrandi, en á þeim tíma bjó Sævar að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði.“ Albert greindi frá því að á þessum tíma hefði hann umgengist Sævar mikið sem og Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Samkvæmt skýrslunni sagðist Albert oft hafa verið á bíl föður síns sem var gul Toyota fólksbifreið. Segir svo í skýrslunni:

*„Það skeði eitt sinn að nóttu til, gæti vel verið aðfaranótt 27. jan. 1974, að ég kom á bifreið föður míns heim til Sævars í Hafnarfirði. Ekki man ég fyrir víst hvort ég ók einhverjum þeirra féлага þangað, eða hvort þeir hringdu heim til mín og báðu mig að koma. Hvað klukkan var, er ég ekki viss um, en hún gæti hafa verið einhversstaðar milli 24:00-05:00.*

*Ekki man ég gjörlla hvernig stóð á komu minni í húsið heima hjá Sævari, en ég man, að ég sat þar í bifreiðinni á bifreiðastæðinu Suðurgötumegin við hús það, sem Sævar bjó í. Næst man ég fyrir víst, að Sævar kom frá húsinu að bifreiðinni og bað mig að opna farangursgeymsluna hvað ég gerði. Ég settist svo inn í bifreiðina aftur, en Sævar fór aftur inn í húsið. Eftir nokkra bið komu þeir allir þrír, það er Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar að bifreiðinni. Bifreiðin snéri þannig, að afturendi hennar vísaði að húsinu, eða öllu heldur að sundi milli hússins og næsta húss. Þarna er, eða var, slæm götulýsing og fylgdist ég aðeins með ferðum þeirra í baksýnispegli bifreiðarinnar, þeim sem staðsettur er á vinstri hlið hennar. Ég sá, að þeir allir þrír voru með, að ég held fleiri en einn poka, eða eitthvað, sem líktist poka. Eins getur vel verið, að þetta hafi aðeins verið einn poki, eða eitthvað pokalaga, sem þeir hafi hver um sig haldið í á mismunandi stöðum. Ekki sá ég neitt hvað var í þessum poka eða pokum. Byrði sína settu þeir í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Meðan þeir voru að því, þá ruggaði bifreiðin svolítið til og smádynkir heyrdust og virtist mér það benda til þess, að verið væri að setja eitthvað fremur þungt í farangursgeymsluna.“*

Svo lýsti Albert því samkvæmt skýrslunni að Kristján Viðar og Tryggi Rúnar hefðu sest í aftursæti bílsins, Sævar hefði ekki komið alveg strax en svo sest í framsætið. Albert lýsti ökuleiðinni sem hann hefði ekið út úr Hafnarfirði að sunnanverðu og að Sævar hefði vísað veginn. Albert sagðist ekki viss hversu langt þeir hefðu ekið en sagðist halda þá hafa ekið framhjá álverinu í Straumsvík. Eftir að Albert hefði stöðvað bílinn hefðu þremmenningarnir farið úr bílnum út við hraun en Albert beðið í bílnum. Þeir hefðu tekið byrðina úr farangursgeymslunni og horfið í myrkrið. Þeir hefðu komið aftur eftir 15-30 mínútur.

Hann hefði svo ekið til baka en hann kvaðst ekki vera viss hvert. Það hefði borist í tal milli Alberts og Sævar hvað hefði verið í pokanum og Sævar hefði þá „berum orðum“ sagt að „lík hefði verið í pokanum.“ Hefði Alberti þótt þetta fjarstæðukennt og kvaðst ekki hafa tekið mark á því. Í kjölfarið á þessari yfirheyrslu var tekin dómskýrsla af Alberti sem kærðum og í skýrslunni kemur fram að hann kannaðist við að hafa ekið Sævari, Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari með eitthvað sem þeir hefði sett í farangursgeymslu bifreiðar sem Albert hefði ekið.

*Í dagbók Síðumúlafangelsis þann 23. desember er skráð að lögregla hafi farið með Albert í „leiðangur út í bæ“ klukkan 14:25 en engar upplýsingar um þennan leiðangur liggja fyrir meðal gagna málsins. Miðað við skráningu í dagbókina virðist sem komið hafi verið með Albert til baka í fangelsið klukkan 18:50.*

Þann 23. desember 1975, klukkan 19:58 mætti Albert fyrir sakadóm. Kvaðst hann samkvæmt dómskýrslu kannast við að hafa ekið Sævari, Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari „með eitthvað sem þeir höfðu sett í farangursgeymslu bifreiðar kærða.“ Albert staðfesti fyrir dómi lögregluskýrsluna sem tekin hafði verið af honum fyrir um daginn. Í beinu framhaldi af skýrslutökunni fyrir dómi var Albert úrskurðaður í allt að 45 daga gæsluvarðhald vegna aðildar að Guðmundarmáli.

**1976**

Samkvæmt gögnum málsins mætti Albert næst til skýrslutöku hjá sakadómi 11. janúar 1976 eða 19 dögum eftir að hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Af skráningum í fangelsisdagbók Síðumúlafangelsis má hins vegar ráða að lögreglan og fulltrúi yfirsakadómara áttu samskipti við Albert í millitíðinni sem hér segir:

*Þann 25. desember er skráð að „Örn Höskuldsson og fylgdarlið“ hafi sótt Albert og farið með hann í „leiðangur“ klukkan 15:55-18:50.*

*Þrjár færslur eru skráðar þann 27. desember í dagbók Síðumúlafangelsis vegna Alberts. Sú fyrsta vegna yfirheyrslu frá klukkan 09:00-09:45. Önnur vegna yfirheyrslu klukkan 17:00-17:15. Sú þriðja er skráð klukkan 17:40 og er svolhljóðandi: „Skömmu eftir að Eggert og Sigurbjörn Víðir yfirgáfu fangelsið varð Albert óður á klefa sínum og braut stól sem þar var (stóllinn átti ekki að vera þar). Settur í hand- og fótjárn. Handjárn tekin af honum fljótlega enda farinn að jafna sig“.*

*Á gamlársgangi, 31. desember, er skráð yfirheyrsla frá klukkan 14:30-15:00. Þann 2. janúar 1976 er skráð yfirheyrsla klukkan 14:45-16:20 en þá segir að yfirheyrslu hafi verið frestað.*

*Þann 4. janúar klukkan 10:35-12:00 er enn skráð yfirheyrsla yfir Alberti. Þá er skráð yfirheyrsla þann 5. janúar klukkan 15:35-16:43 og ótímasett yfirheyrsla er skráð þann 6. janúar.*

*Þrjár færslur eru skráðar vegna aðgerða rannsakenda gagnvart Alberti þann 9. janúar, það er stutt viðtal Arnar Höskuldssonar á kletta klukkan 15:05, viðtal við Albert klukkan 16:15-17:40 og „bíltúr“ með Albert klukkan 19:15-21:30. Þá er einnig skráð „ökufærð“ rannsakenda með Albert þann 10. janúar klukkan 16:15-18:50.*

Albert mætti sem fyrr segir fyrir sakadóm þann 11. janúar klukkan 14:30-14:45 og þá sem kærður. Í dómskýrslunni er tekið fram að Albert greini sjálfstætt frá málsatvikum og að framburður hans sé í samræmi við lögregluskýrslu frá 23. desember 1975.

*Þann 11. janúar er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis, auk framangreindrar dómskýrslu, samprófun Alberts og Tryggva Rúnars frá klukkan 19:40-19:55. Daginn eftir er skráð viðtal rannsakenda við Albert klukkan 13:00-13:15.*

*Tvær færslur eru skráðar þann 14. janúar vegna aðgerða lögreglu gagnvart Alberti, önnur vegna yfirheyrslu klukkan 15:35-16:50 og hin vegna „ökufærðar“ klukkan 17:15-18:55, en hvað síðarnefndu færsluna varðar er skráð að ferðin hafi verið „árangurslítill.“*

*Þann 18. janúar er eftirfarandi skráð í dagbók Síðumúlafangelsis vegna Alberts: „Þó ber að geta þess að Albert Klahn var nær því búinn að kalla yfir sig járn og öll friðindi tekin af honum um kl. 13:00 og aðalega er hann illur út í fötu sem hjá honum er, og á að pissa í ef hann þarf með, en hann hafði vit á að draga sig í hlé áður en til átaka kom“.*

*Þann 21. janúar er skráð yfirheyrsla rannsakenda yfir Alberti klukkan 09:45-10:30.*

Meðal gagna lögreglu er handskrifaður framburður Alberts Klahn, dagsettur 21. janúar 1976, sem undirritaður var af fangaverði. Þar segir að ekið hefði verið heiman frá Sævari í átt að Sædýrasafni, snúið við og ekið til baka. Stoppað hafi verið við útskot á veginum, þar hafi

Þrír farþegar farið út með stóran hvítan poka sem var hafður inni í bílnum á leiðinni suður eftir. Farið hefði verið með farangurinn út af veginum í átt að álverinu. Voru u.þ.b. 15 mínútur í burtu og svo hafi verið ekið heim til Sævars. Formleg skýrsla um þennan framburð er ekki meðal gagna málsins.<sup>123</sup>

*Þann 23. janúar er skráð í fangelsisdagbók að rannsakandi hafi farið inn á klefa til Alberts klukkan 11:30-11:40.*

*Tvær færslur eru skráðar þann 25. janúar vegna aðgerða lögreglu gagnvart Alberti, viðtal Arnar Höskuldsson við Albert klukkan 10:45-11:20 og „ökufærð“ rannsakenda með Albert klukkan 11:20-12:00.*

Engar frekari upplýsingar liggja fyrir um þessar aðgerðir meðal gagna málsins.

Þann 6. febrúar mætti Albert fyrir sakadóm vegna Guðmundarmáls. Samkvæmt gögnum málsins hafði ekki verið tekin skýrsla af Alberti frá því að hann mætti í 15 mínútna skýrslutöku fyrir dómi þann 11. janúar. Samkvæmt skýrslu sakadóms frá 6. febrúar kemur fram að í dóminum liggi frammi ófullgerð lögregluskýrsla. Þá kemur fram að Albert segðist þá fullviss um að hafa ekið veginn að Sædýrasafninu. Í kjölfar þessarar dómskýrslu var gæsluvarðhald yfir Alberti framlengt um allt að 30 daga.

*Þann 6. febrúar, eftir að gæsluvarðhald var framlengt, var samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók farið með Albert í „ökufærð“, klukkan 17:35-18:45.*

Í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar lögreglumanns um rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna segir að hann hafi ásamt öðrum lögreglumanni farið með Albert suður í hraun þennan dag, 6. febrúar, á stað sem Sævar hafði fyrr um daginn vísað á. Hafi Albert á staðnum bent á mjög svipaðar slóðir og Sævar hafði gert.

*Þann 11. febrúar er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að Örn Höskuldsson hafi rætt við m.a. Albert klukkan 12:05-12:15.*

*Tvær færslur eru skráðar í fangelsisdagbók vegna aðgerða lögreglu gagnvart Alberti þann 12. febrúar, það eru „stutt“ viðtal á klefa einhverntíma á bilinu 13:40-14:30. Þá er skráð*

<sup>123</sup> Framburðurinn er dæmi um gögn sem teljast til núllskjala samkvæmt skilgreiningu skýrsluhöfunda, sjá nánar kafla 16.3.4.

*„ökufærð“ eins rannsakenda og lögmanns Alberts í „sól og suðurátt“ klukkan 15:00-16:30.*

*Þann 16. febrúar er skráð „ökufærð“ lögreglu með Albert klukkan 17:00-19:10.*

Í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar vegna rannsóknar á Guðmundar- og Geirfinnsmálunum segir að þann 16. febrúar hafi verið farið með Albert suður fyrir Hafnarfjörð og skoðaðar gryfjur gegnt álverinu og gryfjur gegnt Lónakoti, svo og svæði við Kúagerði. Ennfremur segir í skýrslunni að svæði austur við Krísuvíkurveg, sunnan Reykjanesbrautar nálæggt öskuhaugunum í Hafnarfirði hafi verið skoðað. Þá kemur fram að Albert hafi ekki treyst sér til þess að segja til ákveðið um neinn af þessum stöðum en honum fundist hann eitthvað kannast við sig í gryfjunum eða við gryfjurnar gegnt álverinu og eins í Kúagerði. Í skýrslunni segir svo: „Þar fannst honum [Alberti] mjög líklegt að hann hefði farið þá seinni ferð, sem farin var, sem hann tekur sig hafa farið með lík.“

*Þann 2. mars er skráð í fangelsisdagbók að fulltrúi yfirsakadómara hafi farið inn á klefa til Alberts klukkan 17:00-17:50.*

*Þann 5. mars er aftur skráð að fulltrúi yfirsakadómara hafi átt við Albert „stutt“ viðtal klukkan 18:45 og þann 6. mars klukkan 10:00-11:00 er skráð að tveir rannsakenda hafi farið í „bílfærð í góða veðrinu“ með Albert.*

*Loks er þann 7. mars skráð í fangelsisdagbók, klukkan 16:00, að fulltrúi yfirsakadómara hafi rætt „smá stund“ við Albert inn á klefa hans um gæsluvarðhaldsúrskurðinn og boðað komu sína síðar um daginn varðandi úrskurðinn.*

Þann 7. mars mætti Albert fyrir sakadóm. Samkvæmt dómskýrslunni sagðist Albert „nú vera viss um að hann hafi farið tvær ferðir með lík fyrir þá félagar Sævar Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Tryggva Rúnar Leifsson.“ Albert sagðist ekki hafa vitað í fyrra skiptið hvað hann hefði verið að flytja en honum sagt í seinna skiptið að hann væri að flytja lík. Fram kom í skýrslunni að Albert sagðist ekki muna hvert hann hefði ekið en teldi að í seinna skiptið hefði hann ekið suður í Kúagerði. Í kjölfar þessarar skýrslutöku var gæsluvarðhald yfir Alberti framlengd um allt að 30 daga.

*Þann 9. mars klukkan 14:30-15:50 er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að sálfræðingur hafi komið og talað við Albert. Tilkynnti sálfræðingurinn fangavörðum að hann kæmi aftur*

*næsta fimmtudag klukkan 15:00 og „þyrfti þá tvo tíma“. Sálfraeðingurinn kemur svo aftur í fangelsið samkvæmt skráningu í dagbók þann 11. mars klukkan 15:00-17:20 og þann 13. mars klukkan 13:45-15:10. Þann 13. mars er einnig skráð í fangelsisdagbók að Albert hafi verið „tekinn í ferðalag“ klukkan 15:10-18:05 með sálfræðingnum, fulltrúa yfirsakadómara og einum rannsakenda. Þann 15. mars kemur sálfræðingurinn að nýju í fangelsið og „tekur Albert til sálgreiningar og sefjunar“, klukkan 15:30-18:30. Þann 19. mars er skráð í fangelsisdagbók að sálfræðingurinn hafi komið í fangelsið og átt viðtal við Albert klukkan 11:30-13:20. Þá er skráð að skömmu síðar hafi yfirfangavörður talað við fulltrúa yfirsakadómara um ákveðin atriði sem Albert sagði honum frá „og var fulltrúi yfirsakadómara ánægður með“.*

Meðal gagna lögreglu er skýrsla Geirs V. Vilhjálmssonar M.A., frá Rannsóknarstofnun vitundarinnar, dagsett 21. mars 1976 og stíluð á Örn Höskuldsson. Skýrslan er rituð í tengslum við „vinnu okkar með [Alberti] að upprifjun á ökuferðum hans suður fyrir Hafnarfjörð í tengslum við hvarf Guðmundar Einarssonar.“ Í skýrslunni kemur fram að fram hafi farið fjórir „sefjunarfundir með Alberti, 11., 13., 15., 19. mars 1976.“ Þessar dagsetningar koma heim og saman við framangreindar færslur í dagbók Síðumúlafangelsis.

Þann 19. mars mætti Albert í skýrslutöku hjá lögreglu sem vitni klukkan 15:30-17:03 og var lögmaður Alberts viðstaddur. Albert skýrði svo frá að skýrsla sem tekin hefði verið af honum þann 23. desember 1975, er hann hefði sagst hafa flutt lík af heimili Sævars í Hafnarfirði eitthvert út í hraun aðfaranótt 27. janúar 1974, væri rétt að öðru leyti en því að atburðurinn hefði ekki átt sér stað í janúar 1974 heldur þann 14. september 1974. Segir svo í skýrslunni:

*„Hitt er annað, að í janúar 1974, nánar tiltekið aðfaranótt þess 27., þá flutti ég einnig eitthvað heiman frá Sævari í Hafnarfirði. Með honum voru þá þeir Kristján Viðar Viðarsson og Tryggvi Rúnar Leifsson. Þetta kom þannig til, að Sævar hringdi heim til mín um nóttina, ég held um kl. 01:00 og bað mig að koma heim til sín suður í Hafnarfjörð. Hann talaði um að gefa mér hassmola og féllst ég á að koma. Ég hafði á þessum tíma til umráða bifreið föður míns, en faðir minn átti þá VW-fólksbifreið árgærd 1957. Ég stöðvaði bifreiðina við húsið heima hjá Sævari og kom hann þá út að bifreiðinni til mín og bað mig að bíða aðeins, hvað ég gerði. Hann hvarf svo aftur inn í húsið, en kom aftur eftir skamma*



*stund og rétt á eftir honum þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Þeir síðarnefndu báru á milli sín nokkuð langan poka, eða eitthvað pokalaga úr ljósu efni, að ég held lérefsti, eða einhverju slíku. Þetta hefur verið vafið innan í eitthvað og það var bundið fyrir báða enda, það man ég greinilega. Sævar kom að bifreiðinni til mín og bað mig að opna farangursgeymsluna og gerði ég það. Þeir reyndu að koma þessari byrði sinni fyrir í farangursgeymslunni, en hún reyndist ekki nógu stór. Þessi byrði þeirra virtist vera nokkuð þung eftir því hvernig þeir meðhöndluðu hana. Nú settu þeir byrðina inn í bifreiðina og lögðu hana á gólfíð milli fram- og aftursætis. Hún var svo löng, að sitthvor endi bognaði upp á við.“*

Þeir hefðu ekið úr bænum í átt að Sædýrasafninu, stoppað þar og reynt að komast inn um hliðið. Albert lýsti svo frekari akstri samkvæmt skýrslunni og fyrirkomulagi með byrðina. Eftir þetta hafi Albert ekið þeim öllum aftur heim til Sævars og þá hefði hann fyrst fengið hassmola þann sem Sævar hefði lofað.

Albert sagði samkvæmt skýrslunni að aldrei hefðu þeir minnst á hvað byrðin væri né hvað það var sem þeir voru að losa sig við. Í framhaldi af þessari skýrslutöku, klukkan 17:35, var Albert leystur úr gæsluvarðhaldi.

Þann 30. apríl klukkan 14:14-15:34 mætti Albert í samprófun hjá lögreglu með Sævari sem fór fram í Síðumúlafangelsi. Í samprófuninni hélt Albert sig fast við fyrri framburð og rakti fyrir Sævari atburði aðfaranætur 27. janúar frá því Sævar hringdi í Albert. Sævar sagði Albert fara með ósannindi og neitaði því harðlega að þetta hafi átt sér stað. Sama dag voru Albert og Tryggvi Rúnar samprófaðir fyrir dómi en sú samprófun bar ekki árangur.

Í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar vegna rannsókna á Guðmundar- og Geirfinnsmálum kemur fram að 7. ágúst 1976 klukkan 10:30-15:00 hafi Schütz átt viðtal við Albert. Í yfirlitsskýrslunni kemur fram að viðræðurnar hafi farið fram á skrifstofu Arnar Höskuldssonar í húsakynnum sakadóms Reykjavíkur. Schütz hefði bent „Albert á það að hann teldi Albert ekki beinlínis vera afbrotamann og var Albert mjög ánægður með það.“ Þá segir í skýrslunni að Schütz hafi kynnt sér mjög nákvæmlega framburði Alberts í málum þessum og það væri staðreynd að Albert hefði ekki alltaf sagt satt. Í skýrslunni kemur enn fremur fram:

*„Albert kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því í hverju það lægi að hann hefði ekki sagt satt og hann bætti því við að hann vissi ekki hvar líkið og átti þá við lík Guðmundar*

*Einarssonar væri grafið. Nokkur orðaskipti urðu milli þeirra Schütz og Alberts út af þessu. Schütz vildi meina að Albert hlyti að vita hvert hann hefði farið með líkið. En Albert kvaðst alls ekki geta munað það. Því vildi Schütz ekki trúa. Albert sagði að hann vildi óska þess að honum væri það mögulegt, það er, að muna hvert farið var með líkið og hvar látið. Schütz benti Alberti á það að innan skamms, eftir óvissan tíma, mundi hafin mjög nákvæm leit með mannskap á tækjum að líkinu. Slik leit myndi mjög kostnaðarsöm og Albert bæri þar mikla ábyrgð á. Albert hélt því fram að hann myndi sum atriði mjög vel í sambandi við líkflutninginn en önnur ekki. Hann sé ruglaður á staðháttum, sérstaklega eftir að hafa farið á staðinn. Schütz benti Alberti á það að þarna sé um svo áhrifamikinn verknað að ræða, það er líkflutningurinn að Albert hljóti að muna hvert farið hafi verið og hann, þ.e. Albert sé nú gefið tækifæri til þess að leiðrétta í síðasta sinn það sem rangt væri í fyrri framburðum hans. Með því myndi staða Alberts batna gagnvart yfirvöldum. Eftir sem áður kveðst Albert ekki geta munað nánar um atvik heldur en hann hefur þegar skýrt frá og óskar eftir allri þeirri aðstoð sem mögulegt sé að fá til þess að muna betur. Segist í rauninni ekkert hafa munað um þessa hluti er handtakan fór fram en minnið hafi komið síðan. Schütz telur það eðlilegt að erfitt sé að muna eftir þetta langann tíma og bendir á að ýmislegt sé ekki trúverðugt í framburði Alberts og ræðir við hann um sjálfan aksturinn. Schütz benti Alberti á samsekt Alberts ef síðar yrði sannað að hann hefði leynt einhverju. Schütz finnst merkilegt, af hverju Albert man ekki eftir ástæðum til ferðar hans til Hafnarfjarðar og ræðir ýmis atriði þar að lútandi fram og til baka og bendir á ósamræmi sem fyrr í skýrslum Alberts. Albert telur sig tvívegis ekið einhverju fyrir Sævar og þá féлага, en hafi í upphafi ruglað tilvikunum saman. Segist svo muna fyrir víst, hvað sett var í Toyota bifreiðina og hvað í Volkswagen bifreiðina. Í bæði skiptin fór hann í hraunið og er hárviss um það.“*

Þessu næst hefði Albert lýst nánar hvað hefði verið sett í Toyota bifreiðina, hvernig Sævar hefði sagt honum hvað hefði verið í pokunum og að Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hefðu sagt að Albert yrði drepinn ef hann segði frá. Í skýrslu Eggerts kemur fram að Schütz hafi bent á að Albert væri með þriðju útgáfuna af því sem hefði gerst og að það væri mjög alvarlegt. Albert hefði sagt algerlega öruggt að Erla hafi aldrei verið með, hvorki í ferðinni með Toyota eða Volkswagen bifreiðinni. Aðspurður hefði Albert svo svarað nokkrum spurn-

ingum um ferðirnar og aðstæður. Í yfirlitsskýrslunni kemur fram að þeir Schütz og Albert hefðu rætt um hvernig líkinu hefði verið komið fyrir í Volkswagen bifreiðinni en í framhaldi af útskýringum Alberts hefði Schütz bent honum á að enn einu sinni væri ósamræmi í skýringum. Albert hefði svarað því til að hugsanlegt væri að hann hefði eitthvað hagrætt hlutunum en það væri þá óafvitandi. Í skýrslunni kemur fram að Albert fullyrti að ekki hefði verið farið á sama staðinni í bæði skiptin og lýsti svo nánar hvert ekið hafi verið hvert sinn. Albert hafi greint frá því að hann „hélt í fyrstu að hann hefði farið á Toyota-bifreiðinni í fyrri ferðinni en sá síðar að slíkt var útilokað þar eð í ljós kom að faðir hans var ekki orðinn eigandi þeirrar bifreiðar þá. Þá segir Schütz, að það sé á hreinu, að Volkswagen ferðin var frá húsi Sævar og Toyota ferðin einnig.“

Þessu næst segir frá því í skýrslunni að Albert hafi greint frá sæta-skipan, að hann hafi ekki orðið var við vonda lykt í bílnum eða að einhver hafi kvartað undan því og að gluggar bílsins hafi verið opnir. Segir að lokum í skýrslunni að Albert teldi að ólíklegt væri að tíu mánuðir hafi liðið á milli ferðanna en vildi þó ekki útiloka það. Í skýrslunni kemur fram að í framhaldi af viðtalinu eða klukkan 15:00 hefði verið farið með Albert suður að Sædýrasafni um gamla Keflavíkurvegin í Kúagerði og að Lónakotsgryfjunni. Albert hefði talið sig hafa stöðvað Volkswagen bifreiðina á veginum við Sædýrasafnið. Næst hefði lögreglan ekið um Keflavíkurveg með Albert og í átt til Keflavíkur og fylgt þeirri leið sem Toyota bifreiðin hefði átt að verið ekið. Undir lok skýrslunnar kemur fram að ekið hafi verið aftur að Borgartúni en eftir það hefði Eggert ekið aftur með Albert suður nýja Keflavíkurveg að ákveðnum stað.<sup>124</sup>

Þann 21. september mætti Albert í skýrslutöku hjá lögreglu, í Síðumúlafangelsi, klukkan 16:20-16:30. Tilefni skýrslutökunnar var til að athuga hvort Albert myndi hvoru megin Guðmundur hafi verið settur í bifreiðina er hann var fluttur frá Hamarsbraut og út í Hafnarfjarðarhraun og hvoru megin hann var tekinn úr bifreiðinni. Albert kvaðst samkvæmt skýrslunni minnst þess að þegar hann hefði komið að Hamarsbraut 11 hefði hann ekið bifreiðinni aftur á bak til vesturs að húsinu og að Guðmundur hefði verið settur inn í bifreiðina hjá sér hægra megin en Albert gat þess að hann hefði ekki farið út úr bifreiðinni og að stýrið hefði verið vinstra megin í bifreiðinni. Ennfremur gat Albert þess samkvæmt skýrslunni að farið hafi verið með Guðmund út úr bifreiðinni hægra megin en hann hafi setið kyrr í bifreiðinni.

---

<sup>124</sup> Meðal rannsóknargagna lögreglu er tillaga að áætlun, útbúin af Schütz og dagsett 8. ágúst 1976, um víðtæka leit í hrauninu ásamt ýmsum hliðarráðstöfunum vegna rannsóknar málsins.

Í annarri frásögn Alberts sama dag, sem getið er í upplýsingaskýrslu eins rannsakenda, segir að lögreglan hafi rætt við Albert vegna ákveðinnar spurningar í Guðmundarmálinu. Viðræður hefðu hafist klukkan 16:20 en ekki kemur fram hvenær þeim lauk. Ekki kemur fram hvaða spurningar voru bornar fram við Albert umrætt sinn. Eftir þá skýrslutöku hafi Albert óskað eftir því að hann mætti koma öðru hverju og ræða málin ef það mætti vera til þess að rifja þau frekar upp þannig að hann gæti gefið betri skýringar á ýmsum hlutum sem ekki væri komnir á hreint. Ekkert kemur fram um réttarstöðu Alberts undir þessum viðræðum.

Þann 22. september mætti Albert aftur til viðræðna við lögreglu í Síðumúlafangelsi en án þess að fram komi hver réttarstaða hans væri. Samkvæmt tímaskráningu í fangelsisdagbók fór viðtalið fram klukkan 13:50-13:55. Ekki var um formlega skýrslutöku að ræða, framburður Alberts umrætt sinn er óundirritaður og settur fram í upplýsingaskýrslu lögreglumanns. Fram kemur í upplýsingaskýrslunni að eftir nokkrar viðræður hafi verið farið með Albert út í Hafnarfjarðarhraun. Ekið hafi verið um gamla Keflavíkurveg, Krísuvíkurveg og víðar, þar á meðal leið sem liggur að Kúagerði. Þar hefði Albert virst kannast við sig en sagt svæðið breytt, svo hefði verið ekið til baka til Reykjavíkur.

Daginn eftir ræddi lögreglan við Albert í húsakynnum sakadóms. Aftur er um upplýsingaskýrslu að ræða, framburðurinn því ekki undirritaður og ekki greint frá réttarstöðu Alberts umrætt sinn. Albert greindi m.a. frá því að Erla hafi haft hjá sér farmiða, áfengi og gjaldyri kvöldið áður en hún hefði verið handtekin í seinna skiptið.

Dagana 28. og 29. september leitaði lögreglan að líkamsleifum Guðmundar í grennd við þann stað sem Albert hafði bent á þann 23. september. Um þetta er fjallað í upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar lögreglumanns um leitina. Í sömu upplýsingaskýrslu kemur fram að þann 4. október hafi lögreglan farið með Albert í hraunið sunnan Hafnarfjarðar en hann hefði sagst vilja benda á þann stað sem hann hefði ekið líki Guðmundar í janúar 1974 en ekkert fannst.

Þann 5. október var tekin lögregluskýrsla af Alberti klukkan 11:15-15:30. Albert var beðinn um að rifja upp aðild sína að hvarfi Guðmundar. Albert sagði þá samkvæmt skýrslunni Sævar hafa nefnt flutning á líki í símann er hann hefði hringt um nóttina. Albert sagðist samkvæmt skýrslunni hafa lagt bifreiðinni á planið fyrir ofan húsið gengið niður fyrir húsið, niður kjallaratröppurnar og bankað eða hringt dyrabjöllunni. Sævar hafi komið til dyra en bannað Alberti að koma inn og sagt Alberti að sækja bílinn. Segir svo í skýrslunni eftir Alberti: „Ég

náði í bifreiðina og ók henni að kjallaratröppunum og snéri vinstri hlið bifreiðarinnar að húsinu. Er ég hafði beðið nokkra stund þá kom Sævar út og bað mig að opna „húddið“ en mig minnir að til þess hafi ég fyrst tekið í handfang inni í bifreiðinni, en svo farið út og tekið í handfang framan á „húddinu“ og opnað þannig. Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar komu svo út og báru eitthvað á milli sín. Settu þeir það í farangursgeymsluna, en það var svo fyrirferðamikið að ekki var hægt að loka með nokkru móti. Þá var ekki um annað að ræða en setja þetta inn í bifreiðina og kann að vera, að ég hafi átt uppástunguna af því.“ Albert lýsti ferðinni úr bænum og hvernig Sævar hefði komið til baka með lakið úr hrauninu. Undir lok skýrslunnar segir: „Það hefur nú verið að rifjast upp fyrir mér að verið geti að ég hafi farið í fleiri ferðir líkra erinda fyrir strákana. Mig rámar í að ég hafi síðar farið með þessa sömu stráka suður í hraun. Þá hafi verið meðferðis svartir tómir pokar. Þeir Tryggvi Rúnar og Sævar hafi farið út í hraun og sótt eitthvað í pokana, sem voru látnir hver utan um annan. Kristján var með mér í bifreiðinni. Svo man ég að farið var út á Álftanes og þar var tekin gröf rétt við hliðina á bifreiðinni. Þetta er allt mjög óljóst fyrir mér, en þó getur verið að þetta geti ég rifjað upp.“

Í fyrrnefndri upplýsingaskýrslu Jónasar Bjarnasonar lögreglumanns kemur fram að þann 5. október hafi lögreglan farið með Albert suður á Álftanes en samkvæmt skýrslunni vísaði Albert á stað í fjörunni þar sem hann hefði tekið þátt í að grafa hlut sem hann taldi að geta hafa verið lík.

Lögregluskýrsla var tekin af Alberti þann 6. október klukkan 08:45-09:45. Tilgangur skýrslutökunnar var „fyrst og fremst um þau atriði hvar lík Guðmundar Einarssonar er nú.“ Albert benti samkvæmt skýrslunni á hugsanlega staði sem líkið gæti verið. Í skýrslunni segir að hann geti ekki gefið neina skýringu á því hvers vegna þetta hefði farið að rifjast upp fyrir honum nú, „en tel ég þó að þar hafi aðalorsökin verið, að ég óttaðist refsingu.“ Sagðist Albert hafa „reynt að byrgja þetta inni“ en gerði sér ljóst, að hann hefði „barist á móti því að segja sannleikann um þetta mál.“ Segir svo í skýrslunni eftir Alberti: „Mér finnst núna við þessar síðustu yfirheyrslur að eitthvað sé að mér í höfðinu. Ég veit að ég tók þátt í þessu og að ég ætti að geta sagt skýrt frá öllu, en þótt ég reyni að leggja mig fram þá á ég erfitt með að greina á milli hugarburðar og veruleika. Ég hef frá barnsaldri neytt margvíslegra fíkniefna og eiturlyfja. Það kanna að eiga sinn þátt í að ég muni þessi mál óskýrt.“

Önnur lögregluskýrsla var tekin af Alberti þennan dag, klukkan 11:30-12:15 og greindi hann samkvæmt skýrslunni frá með svipuðum hætti og deginum áður, þó með nokkrum breytingum varðandi tímasetn-

ingar um að ekið hefði verið á Toyota bifreiðinni heim til Kristjáns Viðars og þangað sóttir pokar. Það hefði verið nokkrum mánuðum eftir hvarf Guðmundar og Albert greindi samkvæmt skýrslunni frá greftrun líksins í Hafnarfjarðarhrauni. Albert nefndi Tryggva Rúnar varðandi greftrun líksins og þá greindi hann frá viðkomu í Fossvogskirkjugarði.

Þá er meðal gagna málsins upplýsingaskýrsla lögreglu, dagsett 6. október, um að lögreglan hefði ferð með Albert suður í Fossvog þar sem hann hefði bent á efra hlið á austurhlið kirkjugarðsins, sem hefði verið það sama og Sævar hefði bent á sama dag. Samkvæmt skýrslunni beið Albert í bílnum á meðan félagar hans fóru inn í garðinn. Sýndi Albert lögreglunni hvernig hann hefði lagt bifreiðinni, en miðað við þær lýsingar var ekki hægt að sjá mikið frá bifreiðinni inn í garðinn vegna gróðurs og var Alberti bent á það. Þá sagðist Albert hafa farið inn fyrir hliðið og þannig séð til félaga sinna inni í garðinum, en nokkru síðar viðurkenndi hann að hafa farið með þeim inn í garðinn og hjálpað til við greftrunina. Samkvæmt skýrslunni sagðist hann þó ekki geta sagt til um hvar það hefði verið.

Samkvæmt óundirritaðri upplýsingaskýrslu sem er meðal gagna málsins var farið aftur með Albert 8. október í Fossvogskirkjugarð, þar sem hann taldi sig geta munað frekar eftir ferðinni í garðinn sumarið 1974. Samkvæmt skýrslunni lýsti Albert umrætt sinn leiðinni sem þeir hefðu farið inn í garðinn.

Þann 10. október skráði Gísli Guðmundsson lögreglumaður í skýrslu að farið hafi verið með Albert aftur í Fossvogskirkjugarð. Þar hefði hann rammað inn ákveðinn stað sem hann taldi þá ekki hafa farið út fyrir. Svo hafi verið farið með Albert að hrauninu sunnan Hafnarfjarðar. Albert hefði sagt að hann væri alveg viss um að þeir hefðu farið í Fossvogskirkjugarð en áður hefði það verið þurrkað úr minninu.

Þann 11. október var tekin lögregluskýrsla af Alberti sem er tímasett klukkan 16:30 en ekki kemur fram hvenær yfirheyrslu lauk. Réttarstaða Alberts er ekki tilgreind í skýrslunni. Albert bætti smávægilegum athugasemdum við fyrri framburð og sagðist þá m.a. muna óljóst eftir því að hafa farið úr bílnum úti í hrauni með strákunum en svo hefði verið farið í Fossvogskirkjugarð.

## 1977

Næst var tekin skýrsla af Alberti, eftir útgáfu ákæru, þann 22. febrúar 1977. Skýrslutakan hófst klukkan 16:30 og stóð til 18:59 og var skýrslan tekin af Gísla Guðmundssyni, rannsóknarlögreglumanni. Gísli vann þá við framhaldsrannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar sem hann var fenginn

*13.1.1977 hófst framhaldsrannsókn Guðmundar Gíslasonar, lögreglumanns, að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómara.*

til að framkvæma að beiðni sakadómara. Albert sagðist samkvæmt skýrslunni ekki muna eftir neinu sérstöku til að skýra málið. Albert greindi frá einu atriði sem hann hafði ekki minnst á áður. Það var að Tryggvi Rúnar hefði tekið hann hálstaki aftanfrá eftir að þeir hefðu lagt af stað í bílnum eftir að þeir hefðu losað sig við líkið. Tryggvi Rúnar hefði virst lang æstastur, Sævar hefði verið í jafnvægi og Kristján Viðar líkt og í annarlegu ástandi.

Albert kvaðst ekki muna hvernig hann hefði ekið að húsinu að Hamarsbraut en hann lýsti atburðum með svipuðum hætti og hann hefði áður gert. Albert tók sérstaklega fram við skýrslutökuna að hann hefði ekki séð fleira fólk þarna en Sævar, Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Albert var samkvæmt skýrslunni spurður út í nokkur atriði svo sem klæðnað Kristjáns Viðars en Albert kvaðst minna að hann hefði verið í hálf síðum mokkajakka. Hann var spurður hvort hnapp hefði vantað á jakkann en Albert kvaðst ekki muna það samkvæmt skýrslunni. Hann var spurður úti blóðbletti eða lykt en Albert sagðist hvorugu muna eftir. Aðspurður mundi Albert ekki eftir hníf samkvæmt skýrslunni. Tekið er fram í skýrslunni að Gísli hefði sýnt Alberti mynd af byssusting og Albert sagst viss um að hann hafi séð alveg eins hlut heima hjá Kristjáni Viðari en það hafi verið áður en atburðirnir hefðu átt sér stað.

Önnur skýrsla Gísla, dagsett 3. mars, er meðal gagna málsins og í henni kemur fram að Albert hafi komið á skrifstofuna þann dag klukkan 18:00. Hann hefði borið fyrir sig miklu minnisleysi en þó virst færast nær raunveruleikanum þegar liðið hefði á samtalið. Albert hefði gefið upplýsingar um félagasinn, Gunnar Jónsson og sagt að það gæti verið að hann hefði verið með þeim er þeir fóru til Hafnarfjarðar. Samkvæmt skýrslunni hefði Albert verið kominn að niðurstöðu um að hann hefði ekið þeim félögum að Hamarsbraut 11 laugardagskvöldið 26. janúar 1974. Í framhaldi af þessum framburði og í samráði við Gunnlaug Briem var Albert færður í Síðumúlafangelsi til vistunar. Undirritun Alberts er ekki á skýrslunni.

Þann 4. mars yfirheyrði Gísli Guðmundsson Albert að nýju. Í skýrslunni kemur fram að Albert hafi „óskað eftir því í upphafi, að taka það sérstaklega fram, að hann hafi nú ákveðið að gera hreint fyrir sínum dyrum og segja allan sannleikann í málinu.“ Yfirheyrslan hófst samkvæmt skýrslu klukkan 13:00 og stóð til klukkan 02:00. Albert greindi samkvæmt skýrslunni frá atburðum umrædds kvölds með heildstæðum hætti. Nokkrar breytingar urðu á framburði hans en að mörgu leyti bar framburður hans saman við framburði Sævars og Kristjáns Viðars. Albert sagði samkvæmt skýrslunni að hann hefði þá sagt allan sannleikann í málinu og fyrri framburðir hans sem kæmu ekki heim og

saman við þessa skýrslu væru ekki réttir. Hann kvaðst samkvæmt skýrslunni reiðubúinn að gera allt sem í hans valdi stæði til að upplýsa málið. Í lok skýrslu segir: „Tekið skal fram að hlé var gert á yfirheyrslunni á meðan Albert mætti fyrir dómi, svo og klukkutíma matarhlé. Yfirheyrslan var gerð að fyrirlagi Gunnlaugs Briem og Ármanns Kristinssonar sakadómara og með fullu samþykki Alberts.“

Morguninn eftir, 5. mars, fór Gísli Guðmundsson með Albert suður í Hafnarfjarðarkirkjugarð „þar sem hann taldi mikla möguleika á því að hann gæti bent á staðinn, þar sem lík Guðmundar Einarssonar var grafið.“ Albert sagðist samkvæmt skýrslunni hafa tekið þátt í greftrinum. Athugun á garðinum tók tvær klukkustundir en Albert gat ekki bent á umræddan stað. Sama dag yfirheyrði Gísli Guðmundsson, Albert að nýju. Fór yfirheyrslan fram klukkan 13:15 en ekki kemur fram hvenær henni lauk. Samkvæmt skýrslu var Albert inntur eftir því hvort hann gæti upplýst eitthvað frekar í málinu, t.d. hvað hefði orðið um veski Guðmundar og armbandsúr. Albert sagðist aldrei hafa séð neitt veski eða armbandsúr. „Ítrekað aðspurður“ sagðist Albert alveg viss um að líkamsleifar Guðmundar hefðu verið settar í Hafnarfjarðarkirkjugarð.

Síðar sama dag, þann 5. mars, mætti Albert fyrir sakadóm en hann hafði þá verið í haldi frá deginum áður samkvæmt ákvörðun dómara. Albert lýsti nánar ferðinni frá Hamarsbrautinni út í hraun og flutningnum í ágúst 1974.

Þann 7. mars fór Gísli Guðmundsson með Albert í Hafnarfjarðarkirkjugarð til að kanna hvort hann hefði áttað sig frekar á þeim stað í garðinum sem líkamsleifar Guðmundar hefðu verið settar, samkvæmt upplýsingaskýrslunni sem gerð var að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómara. Kirkjugarðsvörðurinn hefði gefið þær upplýsingar að það væri mjög ótrúlegt að hægt væri að eiga við gróin svæði án þess að hann yrði þess var. Hann hefði ekki orðið var við neitt jarðrask á þessum tíma, nema í sambandi við grafir sem hefðu verið teknar. Kirkjugarðsvörðurinn sagði klaka ólíklega fara úr jörðu fyrr en í júní en eftir það væri auðvelt að kanna með járnteini hvort eitthvað hefði verið grafið í garðinum þetta grunnt þar sem um væri að ræða mold í efsta lagi.

Þann 10. mars yfirheyrði Gísli Guðmundsson Albert en hann var sérstaklega spurður að því samkvæmt skýrslunni hvort hann gæti upplýst hvað hefði orðið af armbandsúri Guðmundar. Albert sagðist samkvæmt skýrslunni ekkert vita um armbandsúrið en sagðist ennfremur ekki vita hvort Gunnar hefði tekið það.



Þann 16. mars fór Gísli Guðmundsson með Albert í „leiðangur“ að Hamarsbraut 11 samkvæmt skýrslu Gísla og var kjallaraíbúðin skoðuð. Eftir það var farið í kirkjugarðinn í Hafnarfirði. Með í ferðinni voru Gunnlaugur Briem, Ármann Kristinsson og Haraldur Henrysson sakadómarar auk Arnar Clausen réttargæslumanns Alberts. Þá voru viðstaddir nokkrir lögreglumenn. Gunnlaugur ræddi við Albert en Albert mundi lítið af því sem gerðist umrætt kvöld. Albert sagði líkið vera grafið í Hafnarfjarðarkirkjugarðinum.

Þann 28. mars voru Albert og Kristján Viðar samprófaðir fyrir dómi. Þann 31. mars voru Albert og Sævar samprófaðir fyrir dómi. Framburður Alberts varðandi Sævar var lesinn upp í heyranda hljóði. Albert kvaðst halda fast við framburð sinn. Sævar sagði framburðinn rangan að öllu leyti, nema að meðákærðu hefðu komið að starfsmannabústaðnum við Kópavogshæli og beðið hann um peningalán. Samræmi náðist ekki og var samprófun án árangurs. Sama dag voru Albert og Tryggvi Rúnar samprófaðir fyrir dómi og var framburður Alberts lesinn líkt og hjá Sævari. Albert kvaðst halda fast í framburð sinn. Alberti var gerð grein fyrir framburði Tryggva Rúnars þess efnis að Tryggvi Rúnar hefði ekki verið með meðákærðu að kvöldi 26. janúar og aðfaranótt 27. janúar 1974. Þeir héldu báðir fast við sinn framburð og samræmi náðist ekki.

Þann 3. maí voru Albert og Gunnar Jónsson samprófaðir fyrir dómi. Farið var yfir framburð Alberts og Gunnar spurður um málsatvik. Gunnar sagði samkvæmt skýrslunni mikið hafa rifjast upp fyrir sér og síðan gaf hann framburð um atvik málsins og aðkomu hans að því. Albert var samkvæmt skýrslunni spurður af hverju hann hefði ekki nefnt Gunnar Jónsson fyrr í þessu máli en Albert sagðist enga skýringu geta gefið á því. Samkvæmt því sem fram kemur í sakadómi breytti Albert, þann 3. maí 1977, framburði sínum vegna atburða kvöldsins 26. janúar 1974. Þá sagðist hann hafa farið í heimsókn á Grettisgötu fyrr um kvöldið.

Þann 4. mars, klukkan 17:50, var tekin dómskýrsla af Alberti en hann lýsti sig þá reiðubúinn til að greina frá atburðum án lögmanns. Í skýrslunni greindi Albert frá Gunnari Jónssyni og að hann hefði verið með þeim í bílnum að kvöldi 26. janúar 1974. Albert greindi frá kvöldinu og atburðum að Hamarsbraut sem Albert kvað nú hafa verið vitni að ásamt Gunnari. Albert sagði Tryggva Rúnar, Sævar og Kristján Viðar alla hafa ráðist á Guðmund með hrottafenginni árás. Albert hefði svo ekið Gunnari heim til sín að Lokastíg og snúið svo aftur að Hamarsbraut og þaðan farið út í hraun.

Þann 19. desember 1977 féll dómur í sakadómi. Dómur Hæstaréttar var uppkveðinn 22. febrúar 1980.

#### 18.1.6. Guðjón Skarphéðinsson

Í yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar rannsóknarlögreglumans vegna rannsókna Guðmundar- og Geirfinnsmálanna eru upplýsingar um viðræður Eggerts við Guðjón Skarphéðinsson 10. febrúar og 12. maí 1976. Svo virðist sem viðræðurnar hafi farið fram á heimili Guðjóns og var Guðjón samkvæmt skýrslunni m.a. spurður út í kynni sín af Sævari.

Þann 14. maí 1976 mætti Guðjón í fyrsta sinn til formlegrar yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni samkvæmt gögnum málsins. Í upphafi skýrslunnar er fjallað almennt um kynni Guðjóns af Sævari. Guðjón var samkvæmt yfirheyrsluskýrslunni spurður um hvar hann hefði verið í nóvember 1974 og hvort hann hefði verið í eða hjá sendibifreið á Vatnsstíg á þeim tíma ásamt Sævari, Erlu og Kristjáni Viðari. Guðjón sagðist samkvæmt skýrslunni ekkert kannast við neitt í sambandi við slíka bifreið veturinn 1974.

*Við yfirheyrsluna  
14.5.1976 var Kristjáni  
Viðari gert kleift að virða  
Guðjón fyrir sér tvisvar  
sinnum.*

Það kom fram að hann sagðist þekkja Erlu í sjón en Kristján Viðar kannaðist hann ekkert við. Guðjón rakti kynni sín af Sævari og hvernig upp úr þeim kynnum hefði slitnað í byrjun desember 1975 vegna fíkniefnamáls sem hefði komist upp um. Í skýrslunni greinir frá því að Guðjón minntist þess að sumarið 1975 hafi Geirfinnsmálið borist í tal á milli þeirra Sævars og Sævar hefði þá sagt sem svo að „um það mál vissi hann allt.“ Guðjón hafi innt Sævar eftir þessu en ekki fengið neitt meira upp úr honum. Guðjón tjáði lögreglunni í yfirheyrslunni að eitt sinn, í tengslum við umræður um mannshvörf, hefði Sævar sagt sér að „hér á landi væri enginn vandi að losna við menn fyrir fullt og allt. Allt, sem þyrfti að gera væri að kála þeim og urða þá svo suður í hrauni, þar myndust þeir aldrei.“ Guðjón sagði algengt að Sævar færi að tala um atburði eða hluti af engu tilefni eða samhengi. Guðjón rifjaði einnig upp samkvæmt skýrslunni að eitt sinn hefði Sævar komið með Erlu í heimsókn á þáverandi heimili Guðjóns á Ásvallagötu og hefðu þau komið á nýkeyptum Land Rover sem Erla hefði ekið.

Rannsóknarlögreglumadurinn Schütz ritaði skýrslu dagsetta 5. nóvember 1976 í tilefni af þeirri stöðu sem þá var komin upp í málinu, nánar tiltekið að „grunur hefur fallið á Guðjón Skarphéðinsson um að hafa tekið þátt í morðinu á Geirfinni.“ Segir ennfremur í skýrslu Schütz: „Guðjón á að hafa verið staddur í Dráttarbrautinni í Keflavík 19.11.74, og tekið þátt í átökum við Geirfinn. Auk þess hafi hann falið lík Geirfinns í Grafningnum eða Þingvallavatni. Þegar frekari grun-

semndum hefur verið safnað skal hafist handa gegn Guðjóni.“ Í skýrslunni er vísað til lista yfir atriði sem huga þyrfti að áður en hafist yrði handa gegn Guðjóni. Samkvæmt lista Schütz þurfti að afla saka-vottorðs Guðjóns, „lista yfir sakamál sem hann hefði verið viðriðinn en ekki ákærður fyrir svonefnd grunuð tilfelli“, upplýsinga um fangelsisvistir, bifreiðar sem hann hefði átt, vopn í hans eigu, „upplýsingar bandarísku stöðvarinnar“, „svokallaðar vítaverðar persónulegar upplýsingar o.s.frv.“

Þann 8. nóvember útbjó lögreglan skýrslu með upplýsingum eftir könnun á Guðjóni. Enginn dómur lá fyrir yfir Guðjóni og hann var með hreint sakavottorð. Hann var grunaður um aðild að smygli á fíkniefnum árið 1975 en málið var enn í rannsókn. Guðjón var í fanga-geymslu lögreglunnar á Hverfisgötu á vegum ávana- og fíkniefna-deildar lögreglu frá 12.-13. desember 1975 og síðan í Síðumúla þaðan sem hann losnaði þann 18. desember 1975. Guðjón hafði einungis átt eina bifreið, af gerðinni Citroen. Hann hafði ekki skotvopnaleyfi. Þann 10. nóvember útbjó rannsóknarnefnd Reykjavíkur svo skýrslu þar sem tekin voru saman þau atriði þar sem Guðjóns var getið varðandi ferðina til Keflavíkur þann 19. nóvember 1974.

Rannsóknarlögreglumenn handtóku Guðjón á heimili hans að Rauð-arárstíg 32 í Reykjavík þann 12. nóvember 1976. Skráð er að Guðjón hafi mætt til yfirheyrslu hjá rannsóknarnefnd Reykjavíkur „án mót-þróa“ og að hann samþykkti jafnframt húsleit. Í skýrslu lögreglu vegna húsleitarinnar kom fram að leitinn hefði ekki borið annan árangur en þann að í tösku undir skrifborði hafi fundist lítil minnisbók sem hefði verið í opnu umslagi. Í bók þessa væru skrifaðar margskonar upplýsingar og heimilisföng sem ekki gæfu neinar grunsemdir til kynna. Hinsvegar hefði verið í bókinni laust blað sýnilega rífið úr bókinni og í miðju bókarinnar hefði verið skrifað á tvö blöð. Voru á þessum blöðum skráðar ýmsar færslur um Geirfinnsmálið úr fjölmiðlum frá tímabilinu 22. nóvember 1974 til 26. nóvember sama ár. Á fyrstu síðu minnisbókarinnar stóð ritað: „Skrifað á Laugavegi 28, 6. júní með nýkeyptum penna Sævars.“

Í skýrslutöku hjá lögreglu þann 12. nóvember útskýrði Guðjón framangreindar færslur um Geirfinnsmálið í minnisbókinni. Sagði Guðjón að þegar hann hefði verið kallaður til yfirheyrslu þann 14. maí 1976 hafi honum verið ljóst að farið var að bendla hann við málið. Í framhaldinu hefði hann farið að reyna að finna út hvað hann hefði gert þetta kvöld, þ.e. 19. nóvember 1974. Hann hefði því farið á Landsbókasafnið, skoðað blöð frá þessum tíma og skrifað hjá sér helstu atriði varðandi málið og atburði sem þá gerðust í því augnamiði að rifja upp þennan tíma. Blaðið úr minnisbókinni, sem lögreglan fann,

hafi einmitt verið þetta blað. Guðjóni var bent á að hann lægi undir grun vegna hvarfs Geirfinns. Guðjón fullyrti að hann hefði enga vitneskju um hvarfið eða nokkuð í því sambandi umfram það sem hann hefði lesið í blöðunum.

Yfirheyrslan þann 12. nóvember 1976 hófst klukkan 07:25 og stóð til 13:10 samkvæmt skýrslu. Skýrslan ber þess merki að Guðjón hefur verið spurður út í ákveðin atriði en ekki veitt sjálfstæða frásögn. Þannig kvaðst Guðjón viss um að hann hafi ekki verið á Vatnsstíg þar sem Sævar og Erla sögðu hann hafa verið og ekki heldur haft þar nokkur afskipti af sendibifreið eða fólksbifreið. Sagði Guðjón alrangt að hann hafi átt símtal við Geirfinn og á eftir sagt Sævari að Guðjón ætti stefnumót við Geirfinn. Samkvæmt skýrslunni sagðist Guðjón aldrei hafa heyrt Geirfinns getið fyrr en hann las um málið í blöðunum. Guðjón sagðist ekki minnst þess að hann hafi hringt heim til móður Sævars til að tala við Sævar og kvaðst hann þess fullviss að hann hefði ekki farið til Keflavíkur með Sævari, Erlu og Kristjáni Viðari þann 19. nóvember 1974. Guðjón sagðist ekki hafa komið að Grettisgötu 82 og þar af leiðandi kannaðist hann ekki við þá stöðu að fólksbifreið hafi verið stöðvuð aðaldyramegin og sendibifreið í sundinu bak við húsið. Samkvæmt skýrslunni sagðist Guðjón ekkert vita um samtal sem hafi átt að eiga sér stað heima hjá Kristjáni aðfaranótt 20. nóvember 1974. Hann kvaðst aldrei hafa heyrt um að flytja ætti lík Geirfinns. Það væri ófyrirleitin lygi að segja að hann hafi tekið þátt í samræðum um að „sýna manni fulla hörku“. Það væri einnig lygi að hann hefði látið af hendi miða með nafni og símanúmeri Geirfinns. Hann hefði ekki átt nokkurn þátt í átökum í Dráttarbraut Keflavíkur. Í skýrslunni kom fram að allt sem Guðjóni skildist að hafi komið fram varðandi þátttöku sína í því sem gerðist í Keflavík væri lygi. Hann hefði hvergi komið þar nærri. Guðjón sagði ekki ljóst hvers vegna hann væri talinn viðriðinn málið en benti á að það hafi gerst áður að saklausir menn hafi verið bendlaðir við það. Guðjón nefndi þessu næst í skýrslunni að hann hefði í nóvember 1974 verið nýlega búinn að kaupa íbúð og verið þar flest kvöld að vinna við að standsetja hana. Teldi hann að svo hefði einnig verið kvöldið 19. nóvember 1974 en hann ætti þó ekki gott með að færa fram ákveðnar sönnur á það. Þá nefndi Guðjón í skýrslunni að Sævar hafi eitt sinn komið heim til sín í nóvember 1974. Guðjón myndi ekki nákvæmlega hvenær það hefði verið en var viss um að það hefði verið um kvöld á virkum degi. Honum fyndist sem það kynni að hafa verið þetta umrædda kvöld, 19. nóvember 1974. Erla hefði nýlega verið búin að kaupa Land Rover bifreið og hefði Sævar verið nokkuð hreykinn af því. Eftir þetta hefði Guðjón ekki heyrt frá Sævari fyrr en í símtali frá Kaupmannahöfn um veturninn.

Eftir yfirheyrsluna var Guðjón færður í Síðumúlafangelsið. Sama dag var hann aftur tekin í yfirheyrslu hjá lögreglu, klukkan 17:45-19:45. Skýrslan telur þrjár og hálfu blaðsíðu og í upphafi hennar er haft eftir Guðjóni: „Svo sem ég sagði í upphafi fyrri yfirheyrslu í máli þessu nú í dag, þá fullyrði ég, að ég er algerlega saklaus að hvarfi Geirfinns Einarssonar.“ Samkvæmt skýrslunni fjallar Guðjón þar almennt um kynni sín af Sævari og hvað hann aðhafðist haustið 1974. Guðjón hefði ekki átt bifreið árið 1974, myndi ekki til þess að hafa fengið bifreiðar að láni þetta ár nema bifreiðar tengdaföður síns sem væru af gerðinni Blazer og Cortina. Rétt fyrir páska 1975 hefði Guðjón keypt Citroen bifreið og kvaðst hann eiga hana enn þegar yfirheyrslan fór fram en hún hafi verið í geymslu hjá Eimskip frá 12. desember 1975. Guðjóni var sýnd loftmynd af Dráttarbrautinni í Keflavík og hann fullyrkti að hafa aldrei komið þangað. Hann „neitaði algerlega að hafa þann 19.11.1974 tekið þátt í nokkrum átökum á þessum stað. Svo sem ég hef skýrt frá áður þá er ég saklaus af því að hafa átt þátt í hvarfi Geirfinns Einarssonar og hef enga vitneskju um það mál.“ Guðjón sagðist ekki geta vitað nokkra ástæðu fyrir því að Sævar, Erla og Kristján Viðar bendluðu hann við málið. Klukkan 23:30 sama dag var enn rætt við Guðjón. Þá skýrði Guðjón samkvæmt skýrslu með samþærilegum hætti frá kynnum sínum af Sævari og Erlu og áður og neitaði allri aðild að hvarfi Geirfinns.

Þann 13. nóvember 1976, klukkan 01:55-02:00, var Guðjón úrskurðaður í allt að 20 daga gæsluvarðhald vegna Geirfinnsmáls. Honum var skipaður verjandi, Haraldur Blöndal, cand. jur. Haraldur hringdi í Síðumúlafangelsið klukkan 03:50 og spurði um Guðjón. Sama dag var Guðjón færður til yfirheyrslu í Síðumúlafangelsi. Yfirheyrslan hófst klukkan 11:15 og henni lauk klukkan 12:50. Guðjón neitaði í skýrslunni allri aðild að Geirfinnsmáli.

*Samkvæmt upplýsingum úr dagbók Síðumúlafangelsis var Guðjón færður fyrir dómara, að lögmanni sínum viðstöddum, þann 13. nóvember klukkan 19:05-19:17.*

*Þá kemur fram í fangelsisdagbók að Guðjón hafi verið yfirheyrður daginn eftir, klukkan 21:40-00:10.*

*Þann 15. nóvember er skráð í fangelsisdagbók, klukkan 11:35, að Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómara, hafi tilkynnt að Haraldi Blöndal væri óheimilt að hitta Guðjón, skjólstæðing sinn.*

Engar skýrslur um þetta eru fyrirbyggjandi.

Þann 15. nóvember mætti Guðjón til skýrslutöku hjá lögreglu og samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók var Schütz viðstaddur hana. Skýrslan er ekki undirrituð af Guðjóni. Tímasetning skýrslutökkunnar er skráð klukkan 16:20-17:30. Samkvæmt skýrslunni sagði Guðjón frá því að Sævar hefði hringt í sig í desember 1975 þegar lögreglan hefði komið að handtaka Sævar. Guðjón „segir að hann hafi ekki sagt Sævari að segja ekkert um Geirfinnsmálið, Sævar ljúgi ef hann haldi því fram. Guðjón sagði það einnig lýgi að talað hafi verið um Geirfinnsmálið, er Sævar hringdi til hans erlendis frá í mars 1975. Sævar hafi ekki spurt hvort óhætt væri að koma heim. Hann segir, að Erla og Sævar hafi ekki komið heim til sín skömmu eftir að þau komu til landsins um vorið 1975. Ekki heyrt þau tala um Geirfinnsmálið á þeim tíma.“ Þegar Erla hefði verið búin að segja lögreglunni frá Geirfinnsmálinu veturinn 1976 hefði hún komið heim til hans og sagt Guðjóni og konu hans frá öllu sem hún væri búin að segja lögreglunni. Skýrslan ber þess merki að Guðjón hafi verið spurður beint út í framburð Sævars en ekki látinn skýra sjálfstætt frá.

Þann 16. nóvember var Guðjón yfirheyrður af lögreglu. Yfirheyrslan hófst klukkan 21:20 en lauk klukkan 23:42. Guðjón rakti þá helstu atburði lífs síns undanfarin tvö ár, þar á meðal störf, heimilishagi, ferðalög, o.s.frv. Hann neitaði allri sök í Geirfinnsmálinu.

Daginn eftir hófst yfirheyrsla hjá lögreglu yfir Guðjóni klukkan 19:30 en ekki kemur fram hvenær henni lauk. Skýrslan er ekki undirrituð af Guðjóni. Tilgangur yfirheyrslunnar er sagður vera að spyrja Guðjón út í „hlut hans í máli því er upp kom í des. 1975 er hass fannst í bifreið hans er hún kom til landsins frá Hollandi.“ Í skýrslunni kemur einnig fram að Guðjóns sé „spurður um þetta hass-mál til að ganga úr skugga um hvort í því máli kæmi fram ástæða hjá Sævar til að ljúga sökum á Guðjón í Geirfinnsmálinu, enda væri jöfnum höndum reynt að kanna þau atriði sem bentu til sektar hans og sýknu.“ Segir ennfremur í skýrslunni að er „kom að því að spyrja um ágóðahlut Guðjóns í hassmálinu svaraði hann óljósum orðum og varð að hætta yfirheyrslu þar sem ekki reyndist unnt að fá Guðjón til að skýra sjálfstætt frá. Guðjón var að öðru leyti rólegur og svaraði skilmerkilega, nema þegar kom að ágóðahlutanum varð hann órór og virtist renna í skap“.

*Í fangelsisdagbók er skráð viðtal lögreglu við Guðjón þennan sama dag, 17. nóvember, klukkan 19:06-20:45 en engin skýrsla liggur fyrir vegna þessa. Upphaf fyrrgreindrar yfirheyrslu skarast við tímaskráningu vegna fyrrnefndrar yfirheyrslu og því líklegt að um sé að ræða sama viðtalið eða yfirheyrslu, a.m.k. að hluta.*

Þann 18. nóvember var tekin skýrsla af Guðjóni fyrir sakadómi vegna stöðu verjanda hans sem cand.jur. og samþykkti Guðjón að Benedikt Blöndal hrl. tæki við sem verjandi hans.

*Í fangelsisdagbók Síðumúlafangelsis er skráð að Guðjón hafi verið „færður inn í horn“, þann 18. nóvember, klukkan 15:34-16:45, en þess er getið í dagbókinni að Schütz hafi ásamt fleirum verið staddur í fangelsinu á þessum tíma.*

Upplýsingaskýrsla Schütz sem dagsett er sama dag, 18. nóvember, liggur fyrir meðal gagna málsins. Hún fjallar um samtal Guðjóns og Schütz og í henni kemur fram að Schütz hafi spurt Guðjón spurninga, m.a. um rauða Fiat bifreið og af hverju Guðjón hafi farið að tala um hana daginn áður við Grétar Sæmundsson rannsóknarlögglumann. Ekki liggur fyrir skýrsla um samtal Grétars og Guðjóns frá 17. nóvember 1976, sem vísað er til eða frekari upplýsingar um það.

*Þann 19. nóvember tóku lögreglumaður og Jón Ísberg, þáverandi sýslumaður á Ísafirði, viðtal við Guðjón samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók klukkan 11:30-11:45 en engar nánari upplýsingar liggja fyrir í gögnum málsins um það eða ástæður þess að Jón Ísberg ræddi við Guðjón.*

Þann 19. nóvember klukkan 13:30-15:30, var Guðjón yfirheyrður fyrir sakadómi af Birgi Þormari, fulltrúa yfirsakadómara. Guðjón var beðinn um að skýra frá öllum samskiptum sínum við Erlu frá því hún losnaði úr gæsluvarðhaldi 20. desember 1975.<sup>125</sup> Guðjón sagði Erlu hafa komið til sín seinni hluta janúar 1976 og getið um yfirheyrslurnar sem hún hefði þá sætt. Skýrði hún Guðjóni frá Geirfinnsmálinu, rýskingum í fjörunni, bátsferð, hvernig hún hefði flúið í rautt hús og Einar Bollason sótt hana þangað. Hún hefði haft orð á því að væri í lífshættu af völdum Sigurbjörns Eiríkssonar. Hún hefði af þeim sökum verið vernduð af vopnuðum lögregluþjónum. Hún hefði sagt Guðjóni að hún væri á förum til Hawaii og rætt samskipti sín við Sævar í gegnum árin. Hefði Erla sagt Guðjóni að Sævar hefði ætlað að drepa hana og hann hefði ógnað henni líkamlega. Erla hefði líka rætt um Guðmundarmálið. Guðjón hefði síðar hitt Erlu aftur, þau fengið sér kaffi og hún hefði þá rætt sömu mál. Guðjón hefði spurt Erlu af hverju Sigurbjörn sæktist eftir lífi hennar. Hann hefði ekki fengið skýr svör, önnur en að Sævar tengdist Klúbbsmönnum með komum í einhverja skrifstofu-

<sup>125</sup> Erla hafði verið í gæsluvarðhaldi vegna póstsvikamálsins en var sleppt úr haldi 20. desember 1975. Hún var hneppt í gæsluvarðhald á ný þann 4. maí 1976 vegna Geirfinnsmálsins.

byggingu Klúbbsins. Þar hefði verið drukkið og Sævar hefði einskonar sölumannshlutverk með áfengi á vegum Klúbbsmanna.

Í framhaldi af þessari yfirheyrslu yfir Guðjóni kvað sakadómur upp úrskurð þess efnis að Póstur og sími skyldi láta í té allar tiltækar upplýsingar um notkun símanúmers Guðjóns.

Sama dag, þ.e. 19. nóvember 1976, tók rannsóknarnefnd Reykjavíkur saman skýrslu um þau atriði þar sem Guðjóns hafði verið getið varðandi ferðina til Keflavíkur og atriði varðandi samskipti hans við Sævar sem fram höfðu komið við yfirheyrslur og skýrslutök frá 10. nóvember 1976.

*Þann 23. nóvember er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að lögreglan hafi farið með Guðjón klukkan 13:55-16:22. Ekki kemur fram í dagbókinni hvert var farið.*

Engar nánari upplýsingar eru fyrirliggjandi um þetta en upphaf einnar skýrslu er skráð á tíma og skarast við þessa tíma-setningu.

Skýrsla er skráð þann 23. nóvember vegna yfirheyrslu á Guðjóni, en samkvæmt skýrslunni var stjórnandi yfirheyrslunnar Karl Schütz. Upphaf skýrslutökunnar er skráð klukkan 14:20 en lok eru ekki skráð. Skýrslan telur tæpar átta blaðsíður og er í formi langra og ítarlegra spurninga og fylgja þeim svör Guðjóns. Guðjón var m.a. spurður út í athugasemdirnar sem hann skráði um Geirfinnsmálið í minnisbók sína. Guðjón útskýrði þær færslur með sama hætti og áður. Í þessari skýrslu nefndi Guðjón fyrst efasemdir um hvort hann væri ekki viðriðinn Geirfinnsmálið, en hann myndi ekki betur. Schütz benti Guðjóni á að athugasemdirnar í minnisbókinni vektu grun um að hann væri viðriðinn hvarf Geirfinns og að hann hafi viljað safna efni til að útbúa fjarvistarsönnun. Guðjón kvaðst „gjarnan [hafa viljað] vita hvort ég hefði fjarvistarsönnun eða nánar tiltekið sagt nákvæmlega hvar ég hef verið þennan dag.“ Ég hugsaði þetta ekki sem nokkurs konar vörn heldur sem minnisatriði, af því að á þessum tíma hafði ég gleymt öllu varðandi þetta mál.“ Segir svo í skýrslunni:

*„Spurning:*

*Við lestur þessara athugasemda kemur í ljós að þér hafið skrifað hjá yður menningarviðburði t.d. um tónlistamenn og rithöfunda en eingöngu á tímabilinu 4.11-24.11. Í allri minnisbókinni eru hvergi athugasemdir menningarlegs eðlis að finna. Það lítur auðvitað þannig út, að þér væruð að undirbúa fjarvistarsönnun. Hvað viljið þér segja um það?*



Svar:

*Já ég vildi vita nákvæmlega hvað hefði gerst og hvar ég hefði verið á þessum degi, og þess vegna er eðlilegt að ég skrifaði hjá mér eingöngu menningarviðburði sem áttu sér stað á þessum tíma.*

Spurning:

*Finnst yður það ekki einkennilegt, að saklaus maður – sem hefur ekkert að óttast – skuli skrifa hjá sér slíkar athugasemdir.*

Svar:

*Mér gat ekki fundist það eftir að hafa verið tekinn fastur 15. maí. Ég var ekki tekinn fastur, heldur yfirheyrður og ég átti við yfirheyrslu.*

[...]

Áminning:

*Kristján V. Viðarsson fékk 15.5.1976 tækifæri til að horfa á yður, oft í Síðumúla.*

*Kristján sagði: Ég er alveg viss um, að maðurinn sem ég sá í yfirheyrsluherberginu er sami maðurinn sem ég sá ásamt Sævari Ciesielski hjá sendiferðabifreiðinni á Vatnsstíg í samræðum, þar er maðurinn sem mér fannst svo „útlendingslegur“. [...]*

*Hvað segið þér um það?*

*Svar: Nei, ég er viss um að ég var aldrei á Vatnsstígnum. Ég verð að segja eins og er, ég get ekki munað til þess að hafa verið með neinu fólki á Vatnsstígnum. Ég held að þetta sé einhver bölvuð vitleysa. Nei, ég var þetta kvöld 19.11.74 ekki á Vatnsstígnum. Ég er viss.*

Áminning:

*Við yfirheyrslu hafid þér oft komið með þá athugasemd að þér munið ekki vel. Þér hafid m.a. verið spurdir að því hvort þér séuð aðeins viðriðnir málið eða hvort þér hafid farið með til Keflavíkur, e.t.v. aðeins hluta leiðarinnar. Þér hafid við því sagt efnislega, „Hef ég kannski farið með hluta af leiðinni...“ hikað, þagnað, það kemur ekkert, ég man ekkert.*

*Eruð þér viðriðnir Geirfinnsmálið eða ekki eða getið þér ekki munað eftir því.*

*Svar:*

*Ég man ekki eftir því þess vegna segi ég nei. að svo miklu leyti sem ég veit. Ég hef ekkert fleira að segja. mér kemur þetta allt spánskt fyrir sjónir.“*

*Þann 24. nóvember klukkan 16:30-17:10 er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að Guðjón hafi verið færður fyrir Birgi Þormar, fulltrúar yfirsakadómara, en engar upplýsingar um það eru meðal gagna málsins.*

*Daginn eftir er skráð að rannsakandi hafi farið inn á klefa til Guðjóns klukkan 11:35-12:10.*

Upplýsingaskýrsla er dagsett þann 25. nóvember þar sem fram kemur að Grétar Sæmundsson rannsóknarlögreglumaður hafi farið með skrifpappír til Guðjóns. Af þessu tilefni hafi Grétar rætt stuttlega við Guðjón. Guðjón hafi að fyrra bragði sagt Grétari frá ferð til Keflavíkur þann 19. nóvember 1974. Það væri skrytið að hann myndi ekki eftir henni þó hann sæi stundum myndir fyrir hugskotsjónum sínum sem hann ætti erfitt með að átta sig á. Guðjón hefði spurt hvort ekki væri rétt að honum yrði ekið til Keflavíkur, ef það mætti verða til þess að eitthvað rifjaðist upp fyrir honum. Grétar kvaðst samkvæmt skýrslunni mundi segja dómaranum frá þessu og að hann tæki ákvörðun um það. Grétar hefði brýnt fyrir Guðjóni að skrifa allt niður sem verða mætti til að skýra þetta mál. Fram kom í skýrslunni að Guðjón hefði verið í mjög viðkvæmu sálarástandi þetta sinn, hefði virst klökkur og átt erfitt með að tala um málið.

*Í fangelsisdagbók er skráð að rannsakandi hafi komið og rætt við Guðjón á klefa klukkan 10:45 þann 26. nóvember en ekki er skráð hvenær viðræðum lauk.*

Önnur upplýsingaskýrsla er dagsett sama dag, þann 26. nóvember og kemur þar fram að Grétar hafi komið aftur í Síðumúlafangelsið til að sækja það sem Guðjón hefði skrifað dómaranum. Fram kemur í skýrslunni að Guðjón hefði verið „í betra jafnvægi, kvaðst ekki hafa getað rifjað neitt upp um Keflavíkurferð og teldi sig ekki hafa farið þangað“.

*Þann 28. nóvember er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis viðtal Schütz við Guðjón klukkan 16:25-16:45. Í kjölfarið, klukkan 16:45-19:30, er skráður „biltúr“ Schütz og rannsakanda með Guðjóni.*

Meðal gagna málsins er upplýsingaskýrsla Schütz, dagsett 28. nóvember, vegna ferðar lögreglu með Guðjón til Keflavíkur. Skýrslan er í frásagnarformi og ekki undirrituð af Guðjóni. Samkvæmt skýrslunni var ekið um Vatnssstíg að ósk Guðjóns sem sagðist ekkert muna þegar þar hefði verið ekið. Í skýrslunni segir að borið hefði verið á Guðjón að hann hafi spurt í samtali um Volkswagen bifreið í sambandi við Vatnssstíginn. Guðjón segðist þá hafa farið með Volkswagen bifreið til Keflavíkur, hann hafi ekið sjálfur, gæti ekki sagt hvaða dag en að það hafi verið í nóvember 1974. Hann héldi að bifreiðin hefði verið full af fólki en hann væri þó ekki viss. Allt sem Guðjón sagði á leiðinni til Keflavíkur var skrifað niður á meðan á ferðinni stóð samkvæmt skýrslu Schütz, en Guðjón skrifaði ekki undir skýrsluna.

Samkvæmt skýrslunni var Guðjón spurður á leiðinni til Keflavíkur af hverju hann myndi svo lítið eftir svo mikilvægum atburðum. Guðjón svaraði því til að hann hafi á árinu 1974 verið orðinn þunglyndur og myndi þess vegna ekki ákveðin atvik skýrt. Þunglyndið lýsti sér í þreytu og rólegheitum en ástæðan hefði verið lát föður Guðjóns og því miður hefði hann aldrei farið í meðferð hjá geðlækni. Guðjón sagði að í júlí 1975 hafi hann verið staddur á Gljúfurárholti með Sævari, þar hafi verið gulur Mercedes sendiferðabíll og hafi Sævar ekki viljað að Guðjón sæi fólkið sem sat í bílnum. Guðjón sagðist ekki viss um hverjir hefðu verið í Volkswagen bílnum á leiðinni til Keflavíkur, hugsanlega Sævar og Erla. Kristján Viðar hafi Guðjón ekki þekkt persónulega samkvæmt því sem kemur fram í skýrslunni og þess vegna væri Guðjón ekki viss hvort hann hefði verið með.

Þegar ekið var inn í Keflavík í bílferðinni með lögreglunni hafi Guðjón sagt samkvæmt skýrslunni: „mig grunar að við höfum ekið hér“ og hafi átt við aðalgötuna en hann hefði „ekki farið inn í Hafnarbúðina“. Guðjón sagðist samkvæmt skýrslunni ekki hafa verið hjá Hafnarbúðinni er ekið hefði verið þangað og hann hefði ekki lent í slagsmálum í Keflavík við fullorðinn mann. Segir í skýrslunni að Guðjón hefði svo stjórnað ferð lögreglubílsins gegnum Keflavík. Lagt hafi verið við bæjarmörkin og farið úr bílnum í 200 m fjarlægð frá Dráttarbrautinni. Guðjón sagðist samkvæmt skýrslunni hafa beðið í bílnum, ekið að kvikmyndahúsi og þegar hann hefði komið aftur og sótt farþegana þrjá hefðu þeir farið aftur til Reykjavíkur. Guðjón myndi aðeins þegar hann hefði lagt bifreiðinni fyrir framan húsið sem hann átti heima í. Í

lok skýrslunnar ritar Schütz athugasemd: „Allt sem G. sagði var skrifað niður á meðan á ferðinni stóð.“

Samkvæmt skýrslunni óskaði Guðjón eftir því að fara úr lögreglubílnum í Dráttarbrautinni en það var ekki leyft. Þá spurði Guðjón hvernig veður hefði verið 19. nóvember 1974. Í skýrslunni kemur fram að þegar til Reykjavíkur var komið hefði Guðjón óskað eftir að ekið yrði að Grettisgötu. Þar hefði hann bent á stað þar sem hann hefði átt heima og beðið um að farið yrði að Grettisgötu 82. Þar sagðist Guðjón aldrei hafa komið en einu sinni verið gestur í húsi við hliðina.

Þann 29. nóvember var tekin skýrsla af Guðjóni hjá rannsóknar-lögreglunni. Tilefni hennar var að rifja upp atvik frá deginum áður. Skýrslutakan er tímasett klukkan 15:30-18:40. Tilefni skýrslutökunnar var að „rifja upp atvik frá í gærðag, er honum var ekið um götur hér í borginni og einnig til Keflavíkur.“ Hann kvaðst í skýrslunni minna að hann hafi lagt upp í Keflavíkurferðina í Volkswagen bifreið, kannski 19. nóvember 1974, frá Lambhóli við Starhaga og hann hefði verið þar í heimsókn hjá Rafni Guðmundssyni. Ekki væri víst að hann myndi þetta rétt. Guðjón hélt samkvæmt skýrslunni að Sævar hefði komið að Lambhóli þetta kvöld. Hann héldi að þarna hefði verið ákveðið að fara til Keflavíkur en hann minntist þess ekki að hafa átt að fá ágóða fyrir vikið. Guðjón minnti að hann hefði ekið til Keflavíkur og þrjú farþegar hefðu verið með, þ. á m. Sævar og hinir tveir gætu hafa verið Erla og Kristján Viðar. Í skýrslunni sagðist hann muna að hann hefði verið hræddur við einn farþeganna, kannski hefði verið ekið frá Lambhóli að Vatnsstíg. Guðjón kvaðst í skýrslunni ekki muna hvernig Volkswagen bifreiðin hefði verið á lit, hann héldi að hún hefði verið ljósblá og það gæti hafa verið bílaleigubíll. Guðjón minnti samkvæmt skýrslunni að daginn eftir hafi hann setið á Kaffi Mokka og lesið blað þar sem fjallað var um jarðarför Þórbergs Þórðarsonar og sagðist Guðjón minna að Sævar hefði komið inn á kaffihúsið og sagt að nú væri bara að þegja. Guðjón sagði frá því í skýrslunni að í ferðinni til Keflavíkur hefði verið stoppað á götuhorni ekki langt frá Hafnarbúðinni og að einn maður hefði farið út úr bifreiðinni. Hann lýsti því þegar komið var í Dráttarbrautina og Guðjón sagðist nú hafa verið viðstaddur en myndi ekki hvað hafi gerst. Hann nefndi sjoppu sem Sævar hefði hringt úr. Guðjón kvaðst samkvæmt skýrslunni ekki vita hver tilgangur Keflavíkurferðarinnar hefði verið. Hann minnti að hann og Sævar hefðu aðeins verið tveir í bílnum á leiðinni til baka og að „Sævar sló kumpánlega í öxlina á [honum] og sagði við [Guðjón] eitthvað á þá leið, að ég væri orðinn samsekur um morð.“ Guðjón kvaðst samkvæmt skýrslunni næst muna eftir sér þar sem hann hefði hniðið niður í stól heima hjá sér. Guðjón rifjaði líka upp þegar hann

hefði farið með Sævari að Gljúfurárholti í júlí 1975, þar sem hann hefði séð Mercedes Benz bifreið og bendlaði hann bifreiðina við Erlu og að hún hafi fengið hana lánaða til búferlaflutninga vorið 1975.

*Auk færslu vegna framangreindrar yfirheyrslu þann 29. nóvember er skráð í fangelsisdagbók klukkan 19:55-22:55 að Guðjón hafi verið „færður í hornið til Grétars [Sæmundssonar]“.*

Sakbending fór fram þann 30. nóvember í tæknideild rannsóknarlögreglunnar en tilgangurinn var samkvæmt skýrslu að kanna hvort Kristján Viðar þekkti Guðjón úr hópi 8 manna. Ásamt Guðjóni voru valdir sjö nemar lögregluskólans og þeir valdir eftir hæð, aldri og útliti sem svipaði til Guðjóns. Kristján Viðar kvaðst þekkja Guðjón sem „útlendinglega manninn“ sem hann hafði greint frá í skýrslum sínum.

Guðjón var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni sama dag klukkan 15:00-18:50 og sagðist hann við yfirheyrsluna geta fullyrt að eftir vinnu þann 18. nóvember 1974 hafi hann farið á Kaffi Mokka og hitt Erlu og Sævar. Þar hafi Sævar vakið máls á Keflavíkurferðinni og sagst ætla að hitta mann þar. Annað hafi Sævar ekki gefið upp um ferðina en Guðjón kvaðst hafa skilið að erindið væri „utan við lögin.“ Tekið er fram í skýrslunni að þennan dag hafi Guðjón verið látinn sjá Kristján Viðar en ekki er greint frá því hvernig það fór fram. Guðjón sagðist ekki þekkja hann sem fjórða manninn í bifreiðinni til Keflavíkur. Guðjón breytti framburði sínum í nokkrum atriðum samkvæmt skýrslunni og lýsti ferðinni til Keflavíkur. Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa séð lík og ekki muna eftir að hafa tekið þátt í átökum. Guðjón bætti hér við framburð sinn að þegar Sævar hafi sagt við sig að hann væri orðinn samsekur að morði á leiðinni heim hafi hann sagt „sástu ekki þegar við drápum manninn“ Guðjón sagðist samkvæmt skýrslunni ekki viss um hvort hann hafi tekið þátt í að grafa lík.

Þann 30. nóvember 1976 fór einnig fram samprófun Guðjóns og Kristjáns Viðars fyrir dómi. Kvaðst Guðjón þá ekki þekkja Kristján Viðar en aðspurður sagði hann möguleika á því að hann hefði rætt við Kristján Viðar í Dráttarbrautinni í Keflavík.

*Þann 1. desember tók Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómara, Guðjón „til tals“, klukkan 15:45-16:40 en engin skýrsla um þetta er meðal gagna málsins.*

Daginn eftir var tekin dómskýrsla af Guðjóni klukkan 14:10-16:15, en þar greindi Guðjón frá atburðum með svipuðum hætti og dagana áður. Skýrslan telur sex blaðsíður. Guðjón nefndi af þessu tilefni fréttuumfjöllun u.þ.b. viku eftir hvarf Geirfinns og að Guðjón hafi ekki sett

það í nein tengsl við ferðina til Keflavíkur, enda kannaðist hann ekki við Geirfinn eða lýsinguna á manninum sem talinn var hafa hringt úr Hafnarbúðinni. Samkvæmt skýrslunni datt Guðjóni fyrst í hug tengsl Keflavíkurferðarinnar og hvarf Geirfinns eftir að Guðjón var yfirheyrður í maí 1976. Guðjón kvaðst samkvæmt skýrslunni ekki vita neitt um hvar lík Geirfinns væri „dysjað“.

Guðjón nefndi í skýrslunni að tilgangur Keflavíkurferðarinnar hafi verið að Sævar ætlaði hitta mann og eiga við hann viðskipti. Sagði Guðjón nánar frá ferðinni að Lambhóli og að Sævar hefði hitt sig þar. Samkvæmt skýrslunni kannaðist Guðjón ekki við þriðja manninn, en sagðist halda að hann hefði verið hræddur við hann og því ekki þorað að skorast undan Keflavíkurferðinni. Guðjón sagðist minna að Fiatinn hefði verið skilinn eftir á Snorrabraut og Guðjón ekið þremmenningunum til Keflavíkur á bíl af amerískri eldri gerð. Mundi hann óljóst atburðarásina og þvertók ekki fyrir að stoppað hafi verið á Vatnsstíg. Hann minnti samkvæmt skýrslunni að spurt hafi verið á hæðinni fyrir ofan Hafnarfjörð hvort „menn sæju sendibifreið. Er til Keflavíkur kom, hafi verið staðnæmst við bragga, er kallast „Pípugerð Áhaldahús“. Guðjón sagði að hann hafi beðið í bílnum í um 20 mínútur en allir aðrir farið út. Þau hefðu svo komið aftur og ekið að „sjoppu“ við olíustöð í Keflavík. Guðjón sagði í skýrslunni að sig minnti að Sævar hefði hringt þaðan en eftir þetta hefði verið ekið á sömu slóðir aftur og farþegar aftur farið úr bílnum. Guðjón myndi ekki hvort hann hefði farið út, minni hans förlaðist um það sem kynni að hafa gerst.

Samkvæmt skýrslunni minntist Guðjón ekki þátttöku í átökum né að hafa orðið vitni að þeim. Hann myndi þegar farið var frá Keflavík að hafa það á tilfinningunni að eitthvað hræðilegt hefði gerst sem ekki hefði átt að gerast. Guðjón nefndi í skýrslunni að Sævar hefði vel hafa getað verið eini farþegi hans til Reykjavíkur. Guðjón ítrekaði það sem Sævar hefði sagt og segist hafa svarað Sævari því að hann hafi ekki séð neitt. „Ólýsanlega skelfingu“ hafi sett að Guðjóni og hann hafi verið „örmagna“ við heimkomuna.

*Seinna sama dag, 2. desember klukkan 17:45, var Guðjón „færður í hornið til tals“ við Grétar samkvæmt skráningu í dagbók Síðumúlafangelsis. Ekki kemur fram í fangelsisdagbók hvencær talinu lauk en Grétar fór úr fangelsinu klukkan 20:00.*

Þetta kemur heim og saman við handskrifaða minnispunkta sem fundust meðal gagna lögreglu. Þar er skráð tímasetningin 17:50, að Guðjón hafi þekkt Geirfinn, Baldur Skaftason og Þórhall Leifsson af myndum af 12 mönnum. Einnig kemur fram að Guðjón hafi farið eitthvert á Fiat.

Um kvöldið 2. desember, klukkan 21:10-21:25, var gæsluvarðhald yfir Guðjóni framlengt í allt að 60 daga.

*Þann 3. desember fór Grétar Sæmundsson rannsóknar-lögreglumaður samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók inn á klefa til Guðjóns klukkan 15:00-16:40.*

Samkvæmt handskrifuðum minnispunktum lögreglu, dagsettum 3. desember 1976, sem eru meðal gagna lögreglu, sagðist Guðjón „ekki hafa farið á Volkswagen, né heldur Fiat. Hann hafi farið á fjögurra dyra bíla.“ Á leiðinni til Keflavíkur minnti Guðjón að Sævar hefði talað um „að fá upplýsingar hjá manningum.“

*Þann 5. desember klukkan 14:20-15:40 er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis viðtal Schütz við Guðjón.*

Í gögnum lögreglu er að finna handskrifaða minnispunkta, frá sunnudeginum 5. desember 1976, þar sem fram kemur að Schütz og Pétur Eggerz hafi talað við Guðjón. Talað hafi verið um geðheilsu Guðjóns og hugsanlegt ósakhæfi. Hafi Guðjón spurt hvað hefði verið sagt um Álftanes og ætlaði hann að hugleiða það sjálfur.

*Skráð er viðtal lögreglu við Guðjón í fangelsisdagbók þann 6. desember klukkan 22:20-01:50.*

Meðal gagna lögreglu eru handskrifaðir minnispunktar, tvær blaðsíður að lengd, vegna yfirheyrslu lögreglunnar 6. desember 1976. Á blaðsíðunum kemur eftirfarandi fram, í stafliðaröð, en sjötta stafliðinn vantar í handskrifuðu minnispunktana:

- 1. Fór á ljósbláum VW er fullviss. Veit ekki hver átti hann, sennilega bilaleiga.*
- 2. Man að lík Geirfinns var í aftursæti á bakaleið. Þorði ekki að líta við. Var hræddur við það sem gerst hafði. Hvað á fjölskyldumaður að gera sem er skyndilega farinn að aka líki um nótt.*
- 3. Eins og mér finnst að ekið hafi verið af Keflavíkurvegi beint inn á Álftanesveg. Til hægri eru hús og svo úfið hraun. Manstu eftir gálgahrauni? Eitthvað rámar mig í það. Sennilega væri gott að fara í bíltúr þangað og skoða sig um. Sennilega hefur líkið verið fært. Tók ekki þátt í því en hugsanlega verið með í ráðum. Það hlýtur að hafa verið gert áður en Sævar fór til K.höfn. Dettur helst í hug að það hafi verið sett á stað þar sem rotnar fljótt. Sennilegur staður: hitaveitustokkur. Kannski húsgrunnur í byggingu. Sævar veit örugglega hvar líkið er.*
- 4. Land Rover var með bilað rafkerfi og slóttugheit að fara á VW.*

5. *Man að talað var um sendibil sem var í samfloti. Getur verið að ekið hafi verið framhjá honum í KV, man ekki eftir hverjir voru í honum. Ef til vill Kristján farþegi.*
7. *Dráttarbr. man ekki eftir öðrum en Sævari, Kristjáni, Geirfinni og sjálfum. Getur ekki sagt frá fleirum þar sem hann man ekki eftir fleirum þar. Man ekki hvernig maðurinn dó. Ef hinir segja að Guðjón hafi átti í hlut, þá mun það vera rétt. Var haldinn árásarhneigð. Réðst eitt sinn á barnaplú. Reynir að rifja þetta upp. Fjórmenningarnir saklausir. Vissi ekki af því fyrirfram hvernig þeim var blandað í málið. Tilbúinn að staðfesta sakleysi þeirra.*

Rannsóknarlögreglumaður ritaði skýrslu, dagsetta 6. desember, vegna framburðar Guðjóns um jarðarför Þórbergs Þórðarsonar og að það komið heim og saman við frétt í Þjóðviljanum þann 20. nóvember 1974. Í skýrslunni var vakin athygli á misræmi í framburði Guðjóns þess efnis að hann hafi sagst aðeins einu sinni hafa komið á Landsbókasafnið og að það hefði verið eftir yfirheyrslu lögreglunnar á Guðjóni vorið 1976. Við athugun á gestabók Landsbókasafnsins hafi hins vegar komið fram að Guðjón hafi ekki verið skráður í hana árið 1976 heldur í júlí 1975. Guðjón sagði þetta misskilning, hann hafi oftast en einu sinni farið á Landsbókasafnið, en hann hafi einungis einu sinni farið þangað í þeim tilgangi að skoða blöð vegna Geirfinns málsins og það hafi verið vorið 1976. Hann hafi ekki skráð sig í gestabók þá.

*Þann 7. desember er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að rannsakendur hafi farið með Guðjón út úr fangelsinu klukkan 15:30-18:30, ekki kemur fram hvert. Daginn eftir er skráð að Guðjón hafi verið færður fyrir rannsakendur klukkan 15:00-19:25. Engin frekari gögn eru fyrirliggjandi vegna þessa.*

Meðal gagna málsins er lögregluskýrsla, dagsett 8. desember 1976, sem tekin var af Guðjóni. Samkvæmt skýrslunni hófst yfirheyrslan klukkan 22:25 en skýrslan gefur ekki til kynna hvenær henni lauk. Samkvæmt tímaskráningu í fangelsisdagbók má sjá að henni hafi lokið klukkan 04:10 um nóttina. Í upphafi skýrslunnar kvaðst Guðjón ætla að skýra frá „sannleikanum í máli þessu eftir því sem hann best muni. Nokkur atriði væru óljós í minni hans en kynnu að rifjast upp síðar.“ Guðjón tók sérstaklega fram í skýrslunni að hann gæti fullyrt að Einar Bollason, Magnús Leópoldsson, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson væru allir saklausir og að Guðjón hafi ekki átt neinn þátt í að bendla þá við málið. Honum hafi verið fullljóst að þeir hefðu verið saklausir í gæsluvarðhaldi og það hvíldi mjög á honum að hafa ekki haft kjark til að segja frá málinu þá. Að öðru leyti gaf Guðjón



nokkuð heildstæða skýrslu þar sem hann greindi frá með svipuðum hætti og áður.

Í skýrslunni er haft eftir Guðjóni að Sævar hefði sagt honum þann 18. nóvember 1974 að hann hafi hitt mann í Klúbbnum og þyrfti að skreppa til Keflavíkur vegna viðskipta með spíra. Guðjón sagði í skýrslunni að bifreiðin sem farið var á til Keflavíkur hefði verið ljósblá Volkswagen bifreið, sem hann hefði ekið, frá bílaleigunni Geysi. Á leiðinni til Keflavíkur hefði farið fram samræður um að „sýna manni fulla hörku“. Varðandi tímasetninguna um komuna til Keflavíkur greindi Guðjón frá þeim möguleika að hlé hafi verið á sýningu í kvikmyndahúsi í Keflavík, vegna fólksfjölda fyrir utan. Guðjón sagði að Sævar hafi orðið æstur yfir því að hafa ekki hitt manninn eftir fyrsta stopp í Keflavík, sem hefði verið í sjoppu þar sem svo mannmargt hefði verið að Sævar vildi ekki hringja þaðan. Því hefði verið farið í Hafnarbúðina. Farþegi í aftursætinu hafi farið úr bifreiðinni til að hringja og samkvæmt skýrslunni rámaði Guðjón í að hann hefði verið beðinn um miða sem Sævar hefði látið Guðjón fá áður. Sá sem hringdi hefði svo komið aftur í bifreiðina og sagt að maðurinn kæmi.

Maðurinn hefði svo komið og sest inn í bifreiðina. Guðjón hefði ekki heyrt nafns hans getið og varð Guðjóni einungis síðar ljóst að þetta hefði verið Geirfinnur. Hafi Sævar og Geirfinnur rætt um „spíritus“ að Guðjón minnti, á meðan ekið var í Dráttarbrautina í Keflavík. Sá staður hafi líklega orðið fyrir valinu að Guðjón héldi vegna þessara „ljósfælnu viðskipta“ sem áttu að eiga sér stað. Sævar og Geirfinnur hafi orðið ósáttir, þeir hefðu farið út úr bílnum og lent í átökum. Guðjón minnti samkvæmt skýrslunni að Geirfinnur hafi ætlað burt en Guðjón þá gripið í hann og tekið hann hálstaki. Guðjón kvaðst ekki muna eftir barsmíðum með barefli eða hnefum eða spörkum. Guðjóni hafi orðið mikið um hvað þarna gerðist og gæti ekki sagt hver hlutur hans eða annarra hefði verið í átökunum er hefðu leitt til dauða Geirfinns. Hann kvaðst samkvæmt skýrslunni ekki muna eftir áverkunum en muna að ekkert blóð hafi verið á Geirfinni. Guðjón sagðist ekki muna eftir því að lík Geirfinns hafi verið sett í bifreiðina en á leiðinni til baka til Reykjavíkur myndi hann eftir orðum Sævars þess efnis að hann væri nú samsekur um morð.

Samkvæmt skýrslunni hafi Guðjón verið mjög óttasleginn og ekki þorað að líta aftur í bifreiðina. Því væri hins vegar ekki að efast að líkið var í bifreiðinni. Guðjón nefndi að Erla hefði farið úr bifreiðinni í Dráttarbrautinni, hann mundi ekki með hvaða hætti þó. Erla hefði gleymt kápunni sinni í bifreiðinni en Guðjón sagði í skýrslunni að hann hafi vorið 1976 lesið framburð ökumanns, sem hún hafði fengið far með á leið til Reykjavíkur, en sá hafi talað um að hún hafi verið

illa klædd og Guðjón dregið þá ályktun af því að hún hefði gleymt kápunni.

Guðjón greindi þessu næst frá því í skýrslunni að á leiðinni til Reykjavíkur hafi þeir þrír talað um hvað ætti að gera við líkið en ekki hafi orðið samkomulag um það. Þá nefndi Guðjón í skýrslunni a.m.k. þrjá staði sem hann minnti að hefðu verið athugaðir með það í huga að losa þá við líkið. Í lok skýrslunnar tók Guðjón fram að „fjórði maðurinn“ í bifreiðinni á leiðinni suður í Keflavík hafi verið Kristján Viðar Viðarsson en Guðjón sagðist jafnframt ekki hafa þekkt hann fyrir þennan tíma og tekið lítið eftir honum í þessari ferð. Við samprófun hafði Kristján Viðar sagt að hann hafi verið í Dráttarbrautinni umrætt sinn og gæti Guðjón ekki dregið það í efa enda þótt hann komi Kristjáni ekki fyrir sig.

*Þann 10. desember er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að Guðjón hafi verið færður fyrir tvo rannsakendur klukkan 21:15-00:50.*

Meðal gagna málsins er ódagsett upplýsingaskýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur varðandi Guðjón Skarphéðinsson en samkvæmt upplýsingaskýrslunni ræddi einn rannsakenda við hann 10. desember 1976. Formleg skýrsla virðist þannig ekki hafa verið tekin af Guðjóni þennan dag heldur rituð skýrsla um yfirheyrsluna. Í lok skýrslunnar kemur fram að Guðjón hafi sagst hafa ótrúlega gott minni en hann þyrfti að hugsa málið í rólegheitum. Þegar hann væri yfirheyrður ætti hann erfitt með að ákveða hvað væri rétt og satt og hvað ekki. Hann hafi sagst muna setjast niður og skrifa gang málsins en þannig ætti hann auðveldast að rifja upp.

*Í dagbók Síðumúlafangelsis er skráð að Grétar Sæmundsson hafi farið „augnablik“ inn á klefa Guðjóns þann 13. desember klukkan 13:45 og aftur farið inn á klefa hans sama dag klukkan 21:15-22:10.*

*Daginn eftir eru þrjár færslur í fangelsisdagbók vegna aðgerða lögreglu gagnvart Guðjóni. Sú fyrsta er viðtal á klefa klukkan 12:50-14:00, önnur er framhald viðtals við Guðjón klukkan 14:30-16:30 og sú þriðja er þegar Guðjón er færður fram til viðtals við Birgi Þormar, fulltrúa yfirsakadómara, klukkan 18:15-19:10. Fram kemur að lögmaður Guðjóns var viðstaddur síðasta viðtalið.*

Meðal gagna málsins er að finna handrit Guðjóns, „gjört í Síðumúla“ dagsett 14. desember 1976. Handritið telur 11 blaðsíður. Í upphafi handritsins kemur fram að það sé gert til uppfyllingar á fyrri skýrslu

en ekki kemur fram hvaða skýrslu. Í handritinu virðist Guðjón reyna að varpa ljósi á atriði sem komið höfðu fram við meðferð málsins. Fjallaði Guðjón í handritinu m.a. um rauða Fiat bifreið og gulan sendiferðabíl af gerðinni Mercedes Benz, ökuferð til Keflavíkur, átök og flutning á líki, auk þess sem Guðjón setti fram afstöðumyndir og teikningar í handritinu. Allur framburður Guðjóns í handritinu er með þeim hætti að Guðjón vísaði til þess að svona „hlytu“ hlutirnir að hafa verið, „telja yrði víst“ að eitthvað hafi gerst, svona „mun þetta hafa“ verið, eða „trúlega hafi þetta“ verið svona. Ítrekað kemur fram að hann muni ekki atburðarás. Hann nefnir í handritinu að umræður um líkflutning ætti hann að muna vegna þess að þær væru tæplega hversdagslegar, en „því væri ekki til að heilsa.“

*Þann 16. desember er skráð í fangelsisdagbók að Guðjón hafi verið færður fram til viðtals við Birgi Þormar, fulltrúa yfirsakadómara, klukkan 17:25-16:30 (svo skrifað). Annað viðtal Birgis Þormars við Guðjón er skráð þann 20. desember klukkan 18:10-19:20.*

*Tvær færslur eru skráðar 21. desember vegna aðgerða lögreglu gagnvart Guðjóni, annars vegar þegar Guðjón var færður fram fyrir rannsakanda klukkan 15:15-17:30 og hins vegar þegar sami rannsakandi fór inn á klefa til Guðjóns klukkan 01:06-04:10 aðfaranótt 22. desember.*

Meðal gagna málsins er ódagsett upplýsingaskýrsla Grétars Sæmundssonar „með minnisatriðum úr yfirheyrslum yfir Guðjóni þar sem ekki voru gerðar formlegar skýrslur.“ Fyrsta minnisatriðið er um yfirheyrslu frá 21. desember, þar sem segir að Guðjón hafi nefnt nokkur atriði með óljósum hætti en sagt sem fyrr að hann myndi lítið. Guðjón hafi nefnt að honum þætti vanta einn mann í málið, án þess að geta gert frekari grein fyrir því.

*Þann 22. desember er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis að einn rannsakanda hafi tekið Guðjón til viðtals klukkan 18:20-20:05 og að klukkan 21:10-21:30 hafi Birgir Þormar og Gísli Guðjónsson komið og rætt við Guðjón (varðandi lygamælingapróf).*

*Skráð er viðtal rannsakanda við Guðjón á klefa þann 23. desember klukkan 16:00-17:20.*

*Þrjár færslur eru skráðar þann 27. desember vegna aðgerða lögreglu gagnvart Guðjóni, viðtal við Guðjón klukkan 12:45, sem sennilega lauk klukkan 16:30.*

*Þá er skráð viðtal Birgis Þormars við Guðjón klukkan 16:30-16:50.*

*Guðjón er loks aftur færður fyrir Birgi Þormar, lögmann sinn og Gísla Guðjónsson klukkan 17:45-18:35.<sup>126</sup>*

Annað minnisatriðið, í fyrrgreindri upplýsingaskýrslu Grétars Sæmundssonar „með minnisatriðum úr yfirheyrslum yfir Guðjóni þar sem ekki voru gerðar formlegar skýrslur“ er frá yfirheyrslu 27. desember. Þar koma fram nánari upplýsingar um akstursleiðir í tengslum við Keflavíkurferðina. Þá fjallar Guðjón samkvæmt skýrslunni um klæðaburð sinn umrætt kvöld 19. nóvember 1974. Þriðja minnisatriðið í sömu upplýsingaskýrslunni er um yfirheyrslu 28. desember og þar kemur fram að við yfirheyrslu yfir Guðjóni hafi hann verið spurður hver maðurinn væri sem hann hefði séð koma á Lambhól með Erlu og Sævari. Guðjón hafi svarað því að hann haldi að það hafi verið Ingimar Jóhannsson.

*Þann 29. desember eru skráðar þrjár færslur í dagbók Síðumúlafangelsis vegna aðgerða lögreglu gagnvart Guðjóni. Um er að ræða viðtal rannsakenda við Guðjón klukkan 14:05-18:00, viðræður Birgis Þormars, fulltrúa yfirsakadómara, við Guðjón á milli klukkan 18:15-19:05 og viðræður eins rannsakenda við Guðjón klukkan 21:00-03:00.*

Engar frekari upplýsingar liggja fyrir vegna þessara aðgerða gagnvart Guðjóni.

Síðustu tvö minnisatriðin í ódagsettu upplýsingaskýrslunni „með minnisatriðum úr yfirheyrslum yfir Guðjóni þar sem ekki voru gerðar formlegar skýrslur“ eru frá yfirheyrslum 29. desember 1976. Meðal þess sem kemur fram er að Guðjón segist nú samkvæmt skýrslunni ekki viss um að hann hafi séð Ingimar Jóhannsson, líkt og hann hafði greint frá daginn áður. Þá er í skýrslunni haft eftir Guðjóni: „Segir Sævar aldrei í sinni áheyrn hafa talað um hvað gert var við lík Geirfinns. Segir hugsanlegt að ekið hafi verið með líkið beint að Grettisgötu, en hann muni ekki eftir neinu í því sambandi og þyki sér með ólíkindum að það hafi verið gert.“ Þá kemur fram að Guðjón sé „alveg viss um að ekki hafi verið kveikt í líkinu, enda hlyti hann að muna eftir því þar sem það væri fáránlegt.“

Einnig er meðal gagna málsins upplýsingaskýrsla lögreglu dagsett 29. desember. Í henni kemur fram að Guðjón hefði stungið upp á að lík

<sup>126</sup> Líklegt er að rætt hafi verið við Guðjón vegna lygamælingaprófs.

Geirfinns gæti verið í opnum skurði við Dalbraut, en skurðinn hefði Guðjón nefnt í sambandi við lagningu jarðrafmangskapals. Samkvæmt upplýsingaskýrslunni athugaði lögreglan þetta og upplýsti fulltrúi rafmagnsveitunnar í Reykjavík að jarðkapallinn hefði verið lagður um Dalbraut sumarið 1973. Mokað hafi verið ofan í skurðinn jafnóðum og verkinu lauk það sumar.

*Í dagbók Síðumúlafangelsis er skráð þann 30. desember klukkan 16:15-17:20 að Guðjón hafi verið færður til viðtals við rannsakendur og síðar hefði fulltrúi yfirsakadómara „bæst í hópinn.“ Þá er skráð að klukkan 21:00-23:00 hafi Guðjón aftur verið færður til yfirheyrslu en klukkan 23:00-23:30 hafi rannsakendur farið út með Guðjón. Ekki kemur fram hvert var farið.*

*Þann 31. desember er skráð í fangelsisdagbók að Guðjón hafi verið sóttur af Gísla Guðjónssyni og Gunnlaugi Sigurðssyni, hann fluttur í sakadóm klukkan 12:20-15:35.*

*Þann 3. janúar 1977 er skráð að Guðjón hafi verið færður til viðtals við rannsakendur klukkan 14:09-18:25. Klukkan 17:08 hafi lögmaður Guðjóns komið í fangelsið og hafi lögmaðurinn ásamt Birgi Þormari farið til viðtals við Guðjóns.*

*Engar skýrslur eru fyrirleggjandi um þetta.*

Meðal gagna málsins er handrit Guðjóns „gjört skömmu eftir jól 1976“. Í handritinu virðist Guðjón leitast við að varpa ljósi á þrjú atriði: „1. Lambhóll? 2. Endalok í Rvík. 3. Sagði S. þér hvað hann gerði við líkið?“ Hann greindi í handritinu frá slæmu minni og að honum þætti leitt að vist innan veggja fangelsisins virtist aðallega hafa haft þau áhrif að hann yrði með degi hverjum „sljóari og dauðari“. Í lok handritsins segir Guðjón:

*„Herra vararíkissaksóknari og herra Schütz hafa í minni áheyrn slegið því föstu að fólk segi ekki ósatt eftir tólf mánaða gæsluvarðhald. Ef þetta er rétt og herra Sævar hefur gert sitt besta til að benda á þann stað þar sem hann kom margumræddu líki fyrir, en það samt ekki fundist, er aðeins hægt að draga af því þær ályktanir að a) aldrei hafi verið um neitt lík að ræða. b) líkinu hafi verið stolið af Sævari og hann hafi ekki hugmynd um hvar það sé. Það er náttúrulega ekki í mínum verkahring að svara þessum spurningum. En báðar vekja þær ýmsar óþægilegar grunsemdir um aðild aðilja að þessu máli, sem aldrei eiga að koma fram í dagsljósið.“*

1977

Meðal gagna málsins eru þrjár skýrslur lögreglu vegna yfirheyrslu yfir Guðjóni, allar dagsettar þann 10. janúar 1977. Skýrslurnar þrjár eru liður í sérstöku rannsóknarverkefni lögreglu sem fólst í því að kanna ýmis atriði til að „styrkja játningar sakborninga“.<sup>127</sup> Í allar skýrslurnar er rituð eftirfarandi athugasemd, 10. janúar 1977 „Þegar kom að því að Guðjón var beðinn um að skrifa undir þennan framburð sinn, þá neitaði hann að skrifa undir. Hann sagðist hafa greint frá þessu atriði áður“. Fyrsta skýrslan er vegna yfirheyrslu sem skráð er að hafi farið fram klukkan 16:20-16:55. Samkvæmt skýrslunni var Guðjón spurður hvenær dagsins Sævar hefði hringt heima hjá Guðjóni þann 18. nóvember 1974. Sagði Guðjón við yfirheyrsluna að símtalið hafi kannski verið um klukkan 17:30 en frekari upplýsingar gæti hann ekki gefið.

Önnur skýrslan varðar yfirheyrslu sem skráð er að fram hafi farið klukkan 17:20-18:10. Samkvæmt henni var Guðjón beðinn um að lýsa nákvæmlega fatnaði Geirfinns þann 19. nóvember 1974 en hann sagðist draga í efa að hann hefði nokkuð um þetta atriði að segja, alla vega með nokkurri vissu. Sagðist Guðjón ekki vita hver Geirfinnur Einarsson hefði verið og hefði aldrei heyrt hann nefndan á nafn. Einu upplýsingarnar sem Guðjón hefði um fatnað Geirfinns væru þær sem hann hefði lesið um í Morgunblaðinu, er greint hefði verið frá hvarfi Geirfinns.

Þriðja og síðasta skýrslan 10. janúar 1977 er vegna yfirheyrslu sem skráð er að hafi farið fram klukkan 17:05-17:12. Guðjón mun hafa verið spurður út í sjoppuna í Keflavík sem Sævar hefði farið inn í þann 19. nóvember 1974. Guðjón nefndi tvær bensíndællur og að ekið hafi verið framhjá aðalbílastöðinni að sjoppu sem hefði verið nær Njarðvíkum.

*Tvær færslur eru skráðar í dagbók Síðumúlafangelsis þann 11. janúar vegna aðgerða lögreglu gagnvart Guðjóni. Önnur vegna viðtals rannsakenda við Guðjón klukkan 16:15-17:20 og í hinni færslunni segir að Birgir Þormar hafi komið í fangelsið og sótt bréf frá Guðjóni klukkan 18:45.*

*Þann 12. janúar er skráð að rannsakendur hafi farið með Guðjón klukkan 17:00-17:40 en ekki kemur fram hvert.*

*Þann 13. janúar er skráð að rannsakandi hafi, ásamt fanga-verði, farið inn á klefa til Guðjóns klukkan 12:10-12:25.*

<sup>127</sup> Sjá nánari umfjöllun um rannsóknarverkefnið hér í kafla 17.5.6.

*Þann 18. janúar er skráð að Guðjón hafi verið færður fyrir rannsakendur, að lögmanni sínum viðstöddum klukkan 15:20-16:15.*

Engar skýrslur um þetta eru fyrirleggjandi.

Þrjár upplýsingaskýrslur eru meðal gagna málsins, vegna yfirheyrsla yfir Guðjóni þann 19. janúar en skýrslurnar þrjár eru allar liður í sérstöku rannsóknarverkefni lögreglu sem fór fram til að „styrkja játningar“ sakborninga. Í fyrstu upplýsingaskýrslunni er fjallað um svör Guðjóns við spurningum um tvær skóflur sem hann hefði fengið að láni. Guðjón hefði staðfest að hann hafi einungis fengið eina skóflu lánaða. Önnur upplýsingaskýrslan varðar spurningar í tengslum við símtal til vinnuveitanda Geirfinns í kringum 19. nóvember 1974. Í skýrslunni kemur fram að Guðjón sagðist ekki hafa hringt símtalið og ekki vita til þess að neinn annar hafi gert það. Þriðja upplýsingaskýrslan varðar það hvort Sævar hafi beðið Guðjón að leggja fram peninga í tengslum við Keflavíkurfærðina. Guðjón sagðist samkvæmt upplýsingaskýrslunni hvorki minnst þess að Sævar hafi sagt sér nákvæmlega hvað til staði að gera í Keflavík né að Sævar hafi beðið sig að leggja fram peninga.

*Tvær skráningar eru í fangelsisdagbók vegna aðgerða lögreglu gagnvart Guðjóni þann 19. janúar 1977 og líklegt má telja að hér sé um að ræða þær yfirheyrslur sem vísað er til í framangreindum upplýsingaskýrslum. Annars vegar klukkan 15:45-16:20 er lögreglumenn koma og fara inn á klefa til Guðjóns. Hins vegar er skráð að Guðjón hafi verið færður fram til lögreglumanna milli klukkan 21:30-23:20.*

*Þann 20. janúar er skráð í fangelsisdagbók að Guðjón hafi verið færður fyrir einn rannsakenda klukkan 16:20-18:40 og að nýju klukkan 19:10-20:10.*

*Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók komu tveir rannsakenda þann 21. janúar og sóttu Guðjón klukkan 16:00-16:38, en ekki kemur fram hvert var farið með hann.*

Meðal gagna málsins er að finna bréf Guðjóns til Grétars Sæmundssonar lögreglumanns dagsett 21. janúar 1977. Í bréfinu kemur fram að Guðjón hafi „reyndar átt von á þér [Grétari] hingað í kvöld, en því var víst ekki slegið föstu.“ Í bréfinu er fjallað um ferð þeirra fyrr um daginn og segir frá tröppum, bakdyramegin á ónefndu húsi, sem honum hafi verið starsýnt á í ferðinni. Lýsti hann hvernig honum fyndist að hann hefði farið inn í húsið og staðhátum þegar inn væri komið. Auk þess lýsti Guðjón í bréfinu óljósum minningum þar sem

Sævar kom fyrir, Vatnsstíg, Úðafoss, Fiat bifreið o.fl. Guðjón skrifaði í lok bréfsins að honum hefði þótt réttara að hripa þetta niður en þetta væri birt án ábyrgðar af hans hálfu.

*Í fangelsisdagbók er skráð þann 21. janúar að Grétar Sæmundsson hafi komið klukkan 20:55 í Síðumúlan með pappír og „skólabók“ handa Guðjóni.*

*Þann 22. janúar klukkan 21:10-23:20 er skráð að Guðjón hafi verið færður til viðtals við einn rannsakenda.*

*Tvær færslur eru skráðar þann 23. janúar varðandi aðgerðir lögreglu gagnvart Guðjóni. Fyrri færslan varðar það að tveir rannsakendur komu og sóttu Guðjón til að fara með hann til Keflavíkur klukkan 10:55-15:20.*

*Engar skýrslur um þetta eru fyrirbyggjandi.*

Í upplýsingaskýrslu lögreglumanns dagsettri 8. febrúar kemur fram að tilgangur ferðar til Keflavíkur þann 23. janúar 1977 hafi verið endursviðsetning atburða í Dráttarbrautinni. Við sviðsetninguna hafi Guðjón séð sendibílinn, sem notaður hefði verið við sviðsetninguna og hafi Guðjón þá strax haft orð á því að hann þekkti þar aftur sendibílinn, sem hefði verið í Dráttarbrautinni í Keflavík 19. nóvember 1974. Hefði Guðjón jafnframt haft orð á því að nú væri stuðari bifreiðarinnar rauður og rauðar rendur hefðu verið á hliðum bifreiðarinnar. Þær rendur hefðu ekki verið á bifreiðinni þann 19. nóvember 1974 og stuðarinn hefði verið svartur. Loks sagðist Guðjón muna að á bifreiðinni hefði verið R-númer. Þetta staðfesti Guðjón síðar í formlegri skýrslu dagsettri 25. janúar 1977. Lögreglan hafði í kjölfar þessa framburðar Guðjóns samband við eiganda sendibifreiðar sem var talin hafa verið í Dráttarbrautinni þann 19. nóvember 1974. Staðfesti eigandinn að bifreiðin hefði verið eins og Guðjón hefði lýsti henni og með R-númeri.

*Síðari færslan í dagbók Síðumúlafangelsis vegna aðgerða lögreglu gagnvart Guðjóni þann 23. janúar varðar það er Guðjón var færður til viðtals við einn rannsakenda klukkan 19:25-23:10.*

*Tvö viðtöl lögreglu við Guðjón eru skráð þann 24. janúar, klukkan 13:35-18:00 og aftur klukkan 19:25-21:15.*

*Engar skýrslur liggja ekki fyrir um þetta.*



Þann 25. janúar var tekin heildarskýrsla af Guðjóni hjá lögreglu. Fór skýrslutaka fram klukkan 09:30-11:30 og framhald sama dag klukkan 12:55-18:45.

*Í fangelsisdagbók þann 26. janúar er skráð að rannsakendur hafi farið með Guðjón klukkan 18:15-18:50 án þess að nánari upplýsinga liggi fyrir um hvað hafi verið gert. Þá er skráð þann 28. janúar klukkan 09:00-10:00 að tveir lögreglumenn hafi farið með Guðjón í heilarit.*

*Í persónulegri dagbók Guðjóns sem hann skráði í gæsluvarðhaldinu segir um þetta: „Vaknaði um 8:30. Fékk morgunkaffi og síðan kom Gr. og með honum ...? ungmenni og fylgdu þeir mér í heilalínurit á Eiríksgötu 29. Það voru leiðindaaðfarir. Tengdar 16 elektróður í hausinn á mér og síðan andað með opnum augum og ljós blikkuðu í augun, blátt í opin augu, rautt í lokuð. Svo þvoði hjúkrunark. þetta af mér en ég brann bakvið eyru og á enni. Sveið mig lengi í merkin eftir þessa þyrnikórónu.“*

Meðal gagna málsins er upplýsingaskýrsla Grétars Sæmundssonar dagsett 26. janúar 1977. Skýrslan er rituð í tengslum við „margítrek-aðar fyrirspurnir“ hans til Guðjóns um „stunguskófluna“ sem hefði verið notuð til að grafa lík Geirfinns. Samkvæmt upplýsingaskýrslunni hafi Guðjón ekki veitt upplýsingar um málið. Fram kemur í skýrslunni að Grétar ræddi um skófluna við fleiri sem tengdust Guðjóni en án árangurs.

Skýrslutaka fór fram þann 29. janúar. Upphaf yfirheyrslu er skráð klukkan 18:40 en lok hennar eru ekki skráð. Í fangelsisdagbók kemur hins vegar fram að henni hafi verið lokið klukkan 19:15. Í skýrslunni fjallar Guðjón um einstök atriði varðandi Keflavíkurförðina þann 19. nóvember 1974.

Þann 31. janúar staðfesti Guðjón fyrir dómi heildarskýrslu sem hann gaf hjá lögreglu þann 25. janúar. Segir í dómskýrslunni að Guðjón hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum og að framburður hans sé í samræmi við skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Í niðurlagi dómskýrslunnar segir að Guðjón hafi lesið yfir lögregluskýrsluna, sagt hana rétta og staðfest með undirritun sinni. Skýrslutaka hófst klukkan 16:45 og að henni lokinni var gæsluvarðhald yfir Guðjóni framlengt um allt að 100 daga og vék Guðjón frá dómi klukkan 17:25.

Meðal gagna málsins er skýrsla rannsóknarnefndar Reykjavíkur 1. febrúar 1977 vegna yfirheyrslu yfir Guðjóni. Ekki kemur fram hvenær skýrslutaka hófst en lok hennar eru skráð klukkan 12:15. Í skýrslunni

er að finna svör við spurningum sem lagðar voru fyrir Guðjón. Meðal þess sem fram kemur í skýrslunni er að Guðjón teldi hugsanlegt að dauði Geirfinns hafi verið fyrirfram ákveðinn.

Samkvæmt gögnum málsins var ekki tekin skýrsla af Guðjóni frá 8. febrúar allt þar til gæsluvarðhaldsúrskurður yfir Guðjóni var fram-  
lengdur um allt að 150 daga þann 11. maí 1977.

*Viðtal rannsakenda við Guðjón, að lögmanni Guðjóns við-  
stöddum, er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis þann 10.  
febrúar, klukkan 16:25-17:00.*

*Þann 12. febrúar er skráð í fangelsisdagbók að rannsakandi  
hafi komið með þýskt bréf til Guðjóns.*

*Þann 13. febrúar er skráð að sami lögreglumaður hafi komið  
með bréf til Guðjóns og tekið annað bréf frá honum. Þá er  
skráð í beinu framhaldi af þessu að rannsakandinn ætli að  
tala við Guðjón. Þetta er tímasett klukkan 18:10 en lok eru  
ekki skráð.*

*Daginn eftir er skráð að Örn Höskuldsson, fulltrúi yfir-  
sakadómara, hafi farið inn á klefa til Guðjóns klukkan 17:05-  
17:25.*

*Þann 17. febrúar er skráð í fangelsisdagbók að einn rann-  
sakenda hafi komið í fangelsið klukkan 18:40 og farið inn á  
klefa til Guðjóns til að ræða við hann til klukkan 19:50. Þann  
18. febrúar er skráð að tveir rannsakenda hafi farið með  
Guðjón í sakadóm klukkan 14:25-16:15.*

*Þann 28. febrúar er skráð í fangelsisdagbók Síðumúla-  
fangelsis að Gunnlaugur Briem hafi hringt og gefið þau  
fyrirmæli að Guðjón fengi engin bréf nema þau færu fyrst í  
gegnum hann og fangaverðir megi ekki opna þau – tók ekki  
afstöðu til Morgunblaðsins.*

*Þann 1. mars segir í fangelsisdagbók „hringir Gunnlaugur  
aftur og tilkynnir að Guðjón megi fá Morgunblaðið, en engar  
heimsóknir.“*

*Þá er skráð viðtal Gísla Guðmundssonar á klefa þann 2.  
mars klukkan 11:20-11:55.<sup>128</sup>*

<sup>128</sup> Framhaldsrannsókn Gísla Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns laut að Guðmundarmálinu en Guðjón var sakborningur í Geirfinnsmálinu.

*Þann 21. mars klukkan 11:00-11:50 var farið með Guðjón í sakadóm samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók.*

*Þann 25. mars ritar Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður að Sr. Ragnar Fjalar Lárusson hafi hringt í fangelsið vegna heimsóknar til Guðjóns, „en við Gunnlaugur Briem vorum búnir að tala okkur saman um að þessi heimsókn færi ekki fram hér í húsinu og yrði sá háttur hafður á að lögreglum. frá Gunnlaugi sæi um hana utanhúss í bíl og keyrðu þá jafnvel um á meðan þeir töluðust við“.*

*Þann 30. mars fer umrædd heimsókn svo fram og er þá í horninu að lögreglumanni viðstöddum. Svo fær sérann að hitta Guðjón aftur þann 4. apríl að sama lögreglumanni viðstöddum, og segir hann að fleiri viðtöl yrðu ekki leyfð.*

*Þann 5. apríl er skráð í fangelsisdagbók að einn rannsakenda hafi „komið við á leið til vinnu“, klukkan 08:00, og tekið þrjú bréf frá Guðjóni, sem send voru til Gunnlaugs Briem dómara „til umfjöllunar“.*

*Þann 18. apríl ritar Gunnar Guðmundsson yfirfangavörður í dagbók Síðumúlafangelsis að Jón Thors úr dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hafi hringt vegna neitunar um að Ragnar Fjalar mætti hitta Guðjón og vildi fá að vita hvort það hefði verið Gunnar eða Gunnlaugur Briem sem hefði neitað því en „það hefðum við gert í félagi [...] Deildarsj tjáði mér að ég yrði að vera hlutlaus í málinu. Það sagðist ég ekki geta. Hann tjáði mér þá að móðir Guðjóns gengi í skrokk á ráðherra og væri síhringjandi í hann út af þessu.“.*

*Þann 22. apríl klukkan 16:10, er skráð að komið hafið verið með bréf til Guðjóns úr sakadómi.*

*Þann 28. apríl, klukkan 16:00, er skráð að Guðjón fái aftur bréf frá Gunnlaugi Briem sakadómara og þann 5. maí, klukkan 14:55, er enn skráð að Guðjón fái bréfi frá Gunnlaugi Briem, sakadómara.*

*Bréf Guðjóns og Gunnlaugs Briem sakadómara eða afrit þeirra fundust ekki meðal gagna málsins.*

Samkvæmt gögnum málsins var því næst tekin skýrsla af Guðjóni þann 29. júní 1977 fyrir sakadómi. Samkvæmt fangelsisdagbók er skráð ein færsla í millitíðinni sem ekki kemur fram í gögnum málsins en hún er skráð þann 27. maí, klukkan 13:30 og þar segir að Guðjón fái skjöl úr sakadómi.

*Þann 24. júní er skráð í fangelsisdagbók að Gunnlaugur Briem hafi hringt í fangelsið og boðað komu réttargæslumanns Guðjóns, sem í þetta sinn mætti ræða einslega við hann.*

Þann 29. júní var fyrrgreind dómskýrsla tekin af Guðjóni klukkan 10:00-12:20 og henni fram haldið klukkan 13:40-17:10. Daginn eftir var skýrslutöku fyrir sakadómi haldið áfram klukkan 10:00-12:00 og aftur klukkan 14:10-16:53. Guðjón sagðist í umræddri skýrslutöku ekki hafa tekið Geirfinn hálstaki heldur hefði Schütz sagt sér þetta eftir Kristjáni Viðari, þ.e. að Kristján Viðar hafi borið að Guðjón hafi tekið Geirfinn hálstaki. Guðjón kvaðst ekki geta lýst þætti þeirra Kristjáns Viðars og Sævars í átökunum né myndi hann eftir að barefli hafi verið notað. Í skýrslunni segir að Guðjón teldi sig, eftir á að hyggja, muna eftir því augnabliki er Geirfinnur féll til jarðar en með hverjum hætti það gerðist vissi hann ekki. Guðjón var spurður hvort það væri rétt sem hann hefði skýrt rannsóknarlögreglu frá um átökin og síðan staðfest í dómi svo og það er hann hafði skráð í handriti 14. desember 1976 í Síðumúla. Guðjón svaraði því samkvæmt skýrslunni að honum hafi verið það ljóst frá upphafi að hann hefði verið í þeirri hættulegu aðstöðu að geta játað öllu eða neitað öllu um þessa atburði. Hann myndi ekkert sjálfstætt og gæti ekki gert sér neina grein fyrir því hvað hefði gerst, hvorki fyrir hans þætti né annarra, sem þarna hefðu verið.

Þann 1. júlí var aftur tekin skýrsla af Guðjóni fyrir sakadómi klukkan 11:05-12:05. Guðjóni var kynntur framburður Sævars um flutning á líki Geirfinns en Guðjón sagði framburðinn alrangan hvað sig varði. Guðjón sagðist ekki hafa tekið þátt í flutningi á líki Geirfinns og sagðist ekki vita hvar lík Geirfinns væri niðurkomið.

*Samkvæmt færslu í dagbók Síðumúlafangelsis hringdi Gunnlaugur Briem þann 6. júlí og sagði að enginn mætti hafa samband við Guðjón og Sævar fram á laugardagskvöld og þar með taldir lögfræðingar og prestar „og er þetta vegna samprófunar í málinu. Fangar mega ekki vita um þessa ákvörðun.“*

*Síðar sama dag er skráð að Gunnlaugur hringt aftur og frestað ákvörðun fram á mánudagskvöld.*

Samprófun Guðjóns og Sævars fór fram fyrir dómi þann 11. júlí en samræmi náðist ekki um flest atriði og Guðjón vísaði í fyrri framburði.

Daginn eftir voru Guðjón og Erla samprófuð. Þau vísuðu að mestu í fyrri framburði. Guðjón bar nokkuð við minnisleysi og því gæti Erla

haft rétt fyrir sér. Erla sagði ekki alveg öruggt að Guðjón hefði verið með í ferðinni þegar lík Geirfinns hefði verið greftrað en því hafði Guðjón alfarið neitað. Guðjón neitaði að hafa rætt um Geirfinnsmálið við Erlu eftir á um hvað ætti að gera ef þau yrðu spurð um það. Þá neitaði Guðjón því að hafa tekið þátt í ráðabruggi um að bendla aðra menn við málið.

*Þann 13. júlí 1977 er skráð í dagbók Síðumúlafangelsis: „Í símtali frá Gunnlaugi Briem kemur fram að Benedikt Blöndal megi tala við Guðjón en hann má alls ekki sýna honum málsskjölin. Það sama gildir um hina verjendurnar.“*

Þann 13. september fór verjandi Guðjóns fram á það fyrir sakadómi að Guðjón og Kristján Viðar yrðu samprófaðir.

*Í dagbók Síðumúlafangelsis er skráð þann 14. september að farið hafi verið með Guðjón í sakadóm klukkan 11:15-12:15 en engin gögn liggja fyrir um hvað fór þar fram.*

Samkvæmt gögnum málsins var ekki tekin skýrsla af Guðjóni frá fyrrgreindri skýrslutöku 11. júlí allt til 27. september. Þann dag var Guðjón færður fyrir dóm klukkan 14:45-14:50 og sagðist ekkert hafa við fyrri framburð að bæta. Þá voru Guðjón og Kristján Viðar samprófaðir klukkan 14:45-15:15 og bar samprófun engan árangur.

*Samkvæmt skráningum í fangelsisdagbók Síðumúlafangelsis þann 10. október 1977 hringdi Gunnlaugur Briem sakadómari í fangelsið og setti við því algert bann að Benedikt Blöndal ræddi við Guðjón Skarphéðinsson, skjólstæðing sinn. Ástæða þessa banns er ekki tilgreind í fangelsisdagbók, né annars staðar í gögnum málsins. Banninu var aflétt 16. nóvember sama ár. Þann 7. desember er skráð að Guðjón hafi fengið bréfasendingu frá Birgi Þormar, fulltrúa sakadómara.*

Þann 19. desember var kveðinn upp dómur í sakadómi Reykjavíkur. Þann 22. febrúar 1980 féll dómur Hæstaréttar í málinu.

## 19. Mat á áreiðanleika framburða dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum

Tilfni þessa kafla í skýrslu starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmálin er mat á áreiðanleika framburða og játninga sakborninganna sex, sem voru vitni eða sakfelld í þessum tveimur málum: Erlu Bolladóttur í báðum málunum, Alberts Klahn Skaftasonar í Guðmundarmálinu, Sævars Marinós Ciesielski í báðum málunum, Kristjáns Viðars Viðarssonar í báðum málunum, Tryggva Rúnars Leifssonar í Guðmundarmálinu og Guðjóns Skarphéðinssonar í Geirfinnsmálinu. Kaflinn var unninn af Gísla H. Guðjónssyni og Jóni Friðriki Sigurðssyni.

Kaflinn skiptist í þrjá megin hluta. Í fyrsta hlutanum er ítarlegt yfirlit yfir alþjóðlegar rannsóknir á sviði framburðar við yfirheyrslu hjá lögreglu og fyrir dómi og falskra játninga og meðferð réttarvörslukerfa í ýmsum löndum á sakamálum, t.d. Bretlandi, Bandaríkjunum og Noregi. Í öðrum hlutanum er fjallað um mat á áreiðanleika framburðar og játninga sakborninganna sex í sérstökum kafla fyrir hvern og einn þeirra og í þriðja hlutanum eru helstu niðurstöður matsins dregnar saman og fjallað um áreiðanleika framburðar sakborninganna í heild.

### 19.1. Yfirheyrslur lögreglu og rannsóknir á fölskum játningum, réttarsálfræðilegri vinnu og lagalegu mati

Tilgangur þessa yfirlits er að skýra þróun og greina frá fyrirliggjandi þekkingu á aðferðum við yfirheyrslur lögreglu og rannsóknnum á fölskum játningum, réttarsálfræðilegri vinnu og lagalegu mati. Yfirlitinu er ætlað að veita starfshópi í innanríkisráðuneytinu um Guðmundar- og Geirfinnsmálin þann nauðsynlega fræðilega bakgrunn sem þarf til að leggja mat á málin tvö, sem starfshópurinn hefur til skoðunar, þar á meðal áreiðanleika framburða hinna dómfelldu.

#### *Yfirheyrslur lögreglu*

Yfirheyrslur lögreglu eru grundvallartæki til upplýsingaöflunar í rannsókn sakamála.<sup>129</sup> Það er því mikilvægt að upplýsingarnar sem fást úr slíkum yfirheyrslum séu skýrar, heildstæðar, áreiðanlegar og uppfylli lagalegar kröfur, hvort sem þær koma frá vitnum eða grunuðum.<sup>130</sup> Það veltur gjarnan á ásýnd slíkra viðtala með tilliti til áreiðanleika og sanngirnis, hvort ganga megi út frá því að réttlætinu sé fullnægt.<sup>131</sup>

Talsverð þróun átti sér stað í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar varðandi formlega þjálfun í framkvæmd yfirheyrsla lögreglu í Bretlandi. Sú þróun hófst eftir að upp komu nokkur dæmi um réttarspjöll (e. *miscarriage of justice*) á sjöunda og áttunda áratug aldarinnar og byrjun þess níunda, sem talin eru hafa markað þáttaskil og komu óáreiðan-

<sup>129</sup> Williamson, 2007.

<sup>130</sup> Gudjonsson, 1992, 2003a.

<sup>131</sup> Gudjonsson & Pearse, 2011.

legar játningar þar við sögu. Í kjölfarið fór fram viðtæk athugun og gagnrýni á starfsaðferðir lögreglu og málsmeðferð dómstóla.<sup>132</sup>

Stjórnvöld í Bretlandi hafa sýnt að þau bregðast fljótt við málum sem upp hafa komið þar sem réttarspjöll hafa átt sér stað. Breytingar voru fyrst gerðar í kjölfar Fisher rannsóknarinnar (*The Fisher Inquiry*) árið 1977 þar sem tekið var upp á ný mál þriggja ungmenna sem höfðu játað að hafa valdið dauða Maxwell Confait og verið ranglega sakfelld á grundvelli játninganna.<sup>133</sup> Í framhaldinu var sett á fót sérstök nefnd, *Royal Commission on Criminal Procedure*, árið 1978. Tillögur nefndarinnar, sem settar voru fram í skýrslu árið 1981 urðu til þess að grundvallarbreytingar urðu á lögum og málsmeðferð sakamála, m.a. reglum um yfirheyrslur lögreglu.<sup>134</sup> Umtalsverðar breytingar urðu á framkvæmd yfirheyrsla í gæsluvarðhaldi með nýjum lögum um rannsókn sakamála (*Police and Criminal Evidence Act 1984 - PACE*) og tilheyrandi verklagsreglum sem voru innleiddar í Englandi og Wales árið 1986.<sup>135</sup> Eftirfarandi breytingar voru þar á meðal:

1. Upplýsa verður þá sem eru í varðhaldi á lögreglustöð um lagalegan rétt þeirra, þar á meðal að þeir eigi hvenær sem er rétt á endurgjaldslausri lögfræðiaðstoð og að upplýsingum sé komið á framfæri um handtöku þeirra.
2. Lögreglan getur haldið grunuðum í 24 tíma án kærú en framlengja má varðhaldið í 36 tíma að tilteknum skilyrðum uppfylltum og í 96 tíma samkvæmt beiðni til undirréttar (*Magistrates' Court*). Eftir að kæra hefur verið lögð fram á hendur hinum grunaða má ekki spyrja hann frekar vegna brotsins.
3. Gefa verður hinum grunaða kost á óslitnu hléi í að minnsta kosti átta klukkustundir á hverjum sólarhring. Hinn grunaði á að fá 15 mínútna hlé á tveggja klukkustunda fresti og matarhlé eiga að vara í að minnsta kosti 45 mínútur.
4. Sérstök ákvæði gilda um grunaða sem eru yngri en 17 ára og einnig fyrir þá sem hætt er við að kunnir að gefa óáreiðanlegan framburð vegna einhvers konar geðheilbrigðisvanda.<sup>136</sup>
5. Öll viðtöl skulu vera hljóðrituð á rafrænu formi.

Auk þessara fimm atriða hefur í nýrri verklagsreglum verið einblínt á hæfni sakborninga til yfirheyrslu (e. *fitness to be interviewed*). Sakborningur getur talist óhæfur til yfirheyrslu ef eitthvað sem hann segir í gæsluvarðhaldi um aðild, eða meinta aðild sína að brotinu sem yfirheyrslan varðar, gæti síðar talist óáreiðanlegt við málsmeðferð fyrir dómi vegna líkams- eða hugarástands hans.<sup>137</sup> Þegar meta á hvort eigi að yfirheyra sakborning í gæsluvarðhaldi þarf einnig að hafa eftirfarandi í huga, samkvæmt tilvísuðum verklagsreglum:

---

<sup>132</sup> Gudjonsson, 2003a.

<sup>133</sup> Gudjonsson, 2003a.

<sup>134</sup> Home Office, 1985.

<sup>135</sup> Sjá yfirlit í Gudjonsson, 2003a.

<sup>136</sup> Það er að segja þeir eiga rétt á að ábyrgur aðili (e. appropriate adult) sé viðstaddur, sem er ekki lögmaður hins grunaða. Hlutverk hans er að gefa ráð, auðvelda samskipti og tryggja að viðtalið sé framkvæmt rétt og á sanngjarnan hátt m.t.t. veikleika hins grunaða.

<sup>137</sup> Home Office, 2012.

1. Hvernig líkams- og hugarástand þess sem sætir varðhaldi getur haft áhrif á getu hans til að skilja eðli og tilgang yfirheyrslunnar, til að skilja hvers er spurt og til að átta sig á mikilvægi svara sem hann gefur og til að geta tekið rökréttar ákvarðanir um hvort hann vilji segja eitthvað.
2. Að hversu miklu leyti svör sakborningsins skýrast af líkams- eða hugarástandi hans frekar en að hann greini skýrt og röklega frá aðild sinni að brotinu.
3. Hvernig eðli yfirheyrslu, sem gæti falið í sér sérstaklega nærgöngular spurningar, getur haft neikvæð áhrif á sakborninginn.
4. Læknisfræðileg greining er ekki fullnægjandi til að meta hæfi sakborningsins heldur þarf viðeigandi heilbrigðisstarfsfólk að vera ráðgefandi um hæfi hans til að takast á við yfirheyrslur. Til dæmis getur manneskja með mjög alvarlegan geðsjúkdóm verið hæf til yfirheyrslu.<sup>138</sup>

PEACE líkanið<sup>139</sup> hefur verið í notkun í Bretlandi samfelld síðan 1993 eða allt frá því að það varð hluti af þjálfun lögreglumanna. Það er nú notað í mörgum löndum víðs vegar um heiminn þar á meðal í Nýja Sjálandi og Noregi.<sup>140</sup> PEACE líkanið var þróað út frá þekktum sálfræðilegum meginreglum og í samvinnu sálfræðinga, lögreglumanna og lögfræðinga. Tilgangur líkansins er að taka tillit til veikleika sakborninga til að minnka hættuna á fölskum játningum.<sup>141</sup> Áhersla er lögð á sanngirni (*fairness*), fordómaleysi (*open-mindedness*) varðandi sekt eða sakleysi sakbornings, fortíð hans og persónuleg vandamál, framkvæmanleika (*workability*), ábyrgð (*accountability*) og að komast að staðreyndum (*facts*) fremur en að fá fram játningu. Með líkaninu er leitast við að nota ekki leiðandi spurningar, beita ekki miklum þrýstingi eða að hafa vísvitandi sálfræðileg áhrif (e. *psychological manipulation*) á hinn grunaða og þar með minnka mögulega hættuna á fölskum játningum en ná um leið fram sönnum játningum.<sup>142</sup>

Til samanburðar þá hvetur hin svokallaða Reid tækni, sem nýtur vinsælda í Bandaríkjunum, þá sem yfirheyra til að nota tveggja stiga ferli. Fyrsta stigið er viðtal þar sem sakborningurinn er ekki sakaður um neitt. Þá er safnað upplýsingum um bakgrunn sakborningsins ásamt því að byggja upp traust og samvinnu. Síðan er tekin ákvörðun um það hvort sakborningurinn segi ósatt til um brotið eða ekki. Ef það er metið sem svo að sakborningurinn segi ósatt færast viðtalið yfir á annað stig sem skiptist í níu þrepa ásakandi (sem gerir ráð fyrir sekt) yfirheyrslu.<sup>143</sup> Kassin og Gudjonsson<sup>144</sup> færa rök fyrir því að það megi smætta níu þrepa Reid tæknina í þrjá megin áfanga:

1. *Gæsluvarðhald og einangrun*, þ.e. hinn grunaði er hafður í haldi og hann einangraður, kvíði og óvissa eru kölluð fram til þess að veikja mótstöðu hans.
2. *Sakborningnum mætt með staðhæfingum (confrontation)* um sekt hans. Honum eru kynnt gögn sem honum er talin trú um að séu sakfelliandi, gögnin þurfa ekki

<sup>138</sup> Home Office, 2012, bls. 63.

<sup>139</sup> PEACE er skammstöfun fyrir *Preparation and Planning, Engage and Explain, Account and Clarification, Closure and Evaluation*.

<sup>140</sup> Bull & Soukara, 2010.

<sup>141</sup> Shawyer, Milne & Bull, 2009.

<sup>142</sup> Shawyer et al., 2009.

<sup>143</sup> Inbau et al., 2001.

<sup>144</sup> 2004.



að vera ósvikin. Neitunum er hafnað, jafnvel þó þær séu réttar. Áhersla er lögð á neikvæðar afleiðingarnar af því að halda áfram að neita sök.

3. *Gera lítið úr broti (minimization)*, þ.e. sá sem yfirheyrir reynir að vinna sér inn traust sakborningsins og býður honum upp á afsakanir fyrir brotinu, þar á meðal að um hafi verið að ræða slys eða að fórnarlambið hafi átt þetta skilið.

Ólíkt PEACE líkaninu fylgir Reid tækninni aukin hætta á fólkskum játningum.<sup>145</sup>

Nefna má í þessu sambandi mál Darrel Parker, skógarvarðar frá Lincoln í Bandaríkjunum, sem var ranglega dæmdur fyrir að hafa orðið eiginkonu sinni að bana árið 1955. Sakfellingin byggðist á falskri játningu sem John E. Reid, einn upphafsmanna Reid tækninnar, og samstarfsmenn hans fengu eftir 12 klukkustunda yfirheyrslu. Bandarísk yfirvöld viðurkenndu árið 2012 sakleysi Parkers. Þegar Parker var hreinsaður af morðinu í ágúst 2012 var Burning dómismálaráðherra Nebraska<sup>146</sup> gagnrýninn á störf John E. Reid og sagði hann þekktan „fyrir vafasamar aðferðir þar sem miklum þrýstingi er beitt og sem kalla fram falskar játningar.“<sup>147</sup>

Gísli H. Guðjónsson,<sup>148</sup> annar höfunda þessa kafla, hefur fært rök fyrir því að yfirheyrslur sakborninga feli í sér víxlverkandi ferli þar sem eftirfarandi þættir geta haft áhrif á áreiðanleika útkomunnar:

1. *Þættir tengdir aðstæðum*. Hér koma til skoðunar eðli og alvarleiki glæpsins, þrýstingur á lögreglu að leysa glæpinn, samskipti milli sakborninga í málinu og tengsl á milli sakborninga og fórnarlamba. Lögreglumenn geta verið undir miklum þrýstingi fjölmiðla eða pólitískum þrýstingi til að leysa mál. Þetta getur aukið tilhneigingu þeirra til að nota strangari og meira þvingandi yfirheyrslutækni sem leiðir til óáreiðanlegra framburða.<sup>149</sup> Einnig getur þurft að skoða sérstaklega óvenjulegar aðstæður sakborninga. Stundum verður mun meira álag á sakborninga vegna óvenjulegra aðstæðna þeirra eða skoðana, til dæmis fjölskylduaðstæðna.<sup>150</sup>
2. *Þættir tengdir varðhaldi*. Hér koma einkum til skoðunar eðli og lengd gæsluvarðhalds. Almennt er meiri hætta á óáreiðanlegum framburðum eftir því sem gæsluvarðhaldið er lengra og eftir því sem sakborningurinn er einangraðri.
3. *Þættir tengdir yfirheyrslu*. Hér koma til skoðunar aðstæður við yfirheyrslu, eðli hennar og lengd. Almennt er aukin hætta á óáreiðanlegum framburðum því lengri og meira leiðandi sem yfirheyrslur eru og ef þær fara fram að nóttu til.
4. *Þættir tengdir heilsu*. Hér koma til skoðunar líkamlegir þættir, t.d. hjartasjúkdómar, sykursýki eða að vera í gæsluvarðhaldi án þess að hafa aðgang að nauðsynlegum lyfjum. Einnig geðheilbrigðisþættir, t.d. kvíði, þunglyndi, alvarleg neyð, svefnvandamál, alvarlegir geðsjúkdómar, námserfiðleikar, athyglis-

<sup>145</sup> Gudjonsson & Pearse, 2011; Kassin et al., 2010, Pearse & Gudjonsson, 1999.

<sup>146</sup> *Attorney General*.

<sup>147</sup> Sjá frétt á vef Omaha World-Herald 31. ágúst

2012: <http://www.omaha.com/article/20120831/NEWS/708319908/1685>.

<sup>148</sup> 2003a, 2003b.

<sup>149</sup> Gudjonsson, 2003a; Pearse & Gudjonsson, 1999.

<sup>150</sup> Sem dæmi um slíkar aðstæður má nefna móður, sem er sakborningur eða vitni, en er aðskilin frá barni sínu, einhvern sem hefur áhyggjur af því að barn sitt verði sett á stofnun eða af því að náinn vinur eða ættingi verði handtekinn ef lögreglunni finnst viðkomandi ekki vera samvinnuþýður.

brestur með ofvirkni eða vímuefnanotkun, sem geta skert getu sakborningsins til að takast á við gæsluvarðhaldið og yfirheyrslur eða getu hans til að taka ákvarðanir.

5. *Þættir tengdir persónuleika*. Persónuleikabættir á borð við sefnæmi og undanlátssæmi geta skert getu sakborningsins til að ráða við gæsluvarðhald og yfirheyrslur eða getu hans til að taka ákvarðanir.
6. *Þættir tengdir stuðningi*. Hér er fyrst og fremst um að ræða tvo þætti: Viðvera lögmanns og ábyrgs aðila (e. *appropriate adult*) í viðtalinu. Jafnvel þótt svonefndir ábyrgir aðilar haldi sig oft til hlés í yfirheyrslum þá eykur viðvera þeirra líkurnar á því að lögmaður sé kallaður til og minnkar álagið í yfirheyrslunni.<sup>151</sup>
7. *Þættir tengdir samskiptum einstaklinga*. Margskonar og flókin samskipti á milli þess sem er yfirheyrður, lögreglunnar og annarra sem eru viðstaddir yfirheyrsluna eða tengdir málinu (t.d. aðrir sakborningar).

Gísli H. Guðjónsson, Clare, Rutter og Pearse<sup>152</sup> gerðu yfirgripsmikla rannsókn á áhættuþáttum sakborninga sem voru í haldi og yfirheyrðir á tveimur lögreglustöðvum í Bretlandi. Niðurstöður þeirra voru þær að margir sakborningar höfðu lága greind (meðalgreind um IQ 82) og þjáðust af miklum kvíða og geðheilbrigðisvanda og áttu því á hættu að gefa villandi framburð.

Redlich<sup>153</sup> greindi frá hærri tíðni falskra játninga meðal brotamanna með geðsjúkdóma í Bandaríkjunum, í samanburði við aðra brotamenn. Ungir afbrotamenn með lengri afbrotaferil ásamt þeim sem hafa fleiri einkenni geðsjúkdóma voru líklegri til að gefa falskar játningar heldur en aðrir þátttakendur í rannsókninni. Þar að auki liggur fyrir viðtækur rannsóknargrunnur sem sýnir að yngra fólk er í aukinni áhættu á að gefa falskar játningar í yfirheyrslum og gæsluvarðhaldi heldur en þeir sem eldri eru.<sup>154</sup>

### ***Einangrunarvist***

Samkvæmt yfirliti yfir alþjóðlegar rannsóknarheimildir og reynslu Gísla H. Guðjónssonar, annars höfundar þessa kafla, af fjölda sakamála víða um heim, er ljóst að löng einangrunarvist sakborninga var mjög sjaldgæf upp úr 1970, nema í hryðjuverkamálum samkvæmt neyðarlögum á Norður-Írlandi.<sup>155</sup> Samkvæmt þeim lögum mátti halda grunuðum hryðjuverkamönnum í einangrun í allt að sjö daga við erfiðar aðstæður, sem leiddi til opinberrar rannsóknar og mikilvægra tillagna um réttarbætur.<sup>156</sup>

Grassian<sup>157</sup> bendir á að löng einangrunarvist geti valdið ruglástandi hjá sakborningum, sem í alvarlegum tilfellum hafi einkenni óráðs í fráhvarfi, með ofsóknarkennd og ofskynjunum. Einnig veldur einangrun oft alvarlegum svefntruflunum<sup>158</sup> sem veikir mót-

---

<sup>151</sup> Medford et al., 2000.

<sup>152</sup> 1993.

<sup>153</sup> 2007.

<sup>154</sup> Drizin & Leo, 2004; Guðjónsson, 2003a; Guðjónsson, Sigurdsson, Sigfusdóttir & Young, 2012; Redlich, 2007.

<sup>155</sup> Shallice, 1972; Walsh, 1982.

<sup>156</sup> *The Bennett Committee and the Royal Commission on Criminal Procedure*.

<sup>157</sup> 2006.

<sup>158</sup> Haney, 2003.

stöðu sakborninga við yfirheyrslur og eykur sefnæmi þeirra og undanlátssemi.<sup>159</sup> Í flestum sakamálum þar sem réttarspjöll hafa átt sér stað hefur það verið eðli yfirheyrsla, tímasetning þeirra (t.d. yfirheyrslur seint að kvöldi eða að nóttu til) og lengd, sem hefur valdið áhyggjum frekar en löng einangrunarvist. Löng einangrunarvist er líkleg til að ýkja veikleika hinna grunuðu, valda viðbótarþrýstingi og auka verulega hættu á óáreiðanlegum framburðum.<sup>160</sup>

### **Skráning lögregluviðtala**

Áður en *Police and Criminal Evidence Act* var tekið upp í Bretlandi árið 1986 var algengt að lögreglumenn yfirheyrðu sakborninga án þessa að hljóðrita yfirheyrsluna en útbyggju síðan samantekt yfir meint ummæli sakborningsins úr yfirheyrslunni.<sup>161</sup> Slík skráning felur í sér ýmis vandamál vegna þess að ómögulegt er að vita nákvæmlega hvaða spurningar bornar voru upp við sakborninginn, með hvaða hætti það var gert og nákvæmt svar sakborningsins við þeim. Yfirleitt er samtalið skrásett á valkvæman máta og jafnvel þegar einhver tími hefur liðið frá yfirheyrslunni og minnið af samtalinu hefur dofnað. Þar að auki geta slíkar greinargerðir litast vegna smávægilegra breytinga á orða- vali og merkingu og vegna þess að sá sem tekur viðtalið leggur huglægt mat á hvað sakborningurinn segir og hvernig hann man það sem sakborningurinn sagði. Gudjonsson<sup>162</sup> hefur fært sterk rök fyrir því að öll viðtöl lögreglu eigi að hljóðrita rafrænt.

### **Falskar játningar**

Í september 1981 kynntu Gísli Guðjónsson og James MacKeith grein sem byggði á raunverulegum málum þar sem falskar játningar og sálfræðileg áhrif yfirheyrslu komu við sögu, á alþjóðlegri ráðstefnu í Stokkhólmi.<sup>163</sup> Ráðstefnugestir voru fullir efasemda um að falskar játningar ættu sér stað hjá þeim sem ekki væru haldnir alvarlegum geðsjúkdómum. Slíkum efasemdum var einnig fyrir að fara í ensku lagaumhverfi allt þar til Guildford fjórmeningunum var sleppt árið 1989 og hafa þessar efasemdir farið minnkandi síðan þá, ásamt því að fjöldi dóma hefur fallið þar sem fjallað er um þrýsting við yfirheyrslur lögreglu og sálfræðilega veikleika sakborninga.<sup>164</sup>

Á ráðstefnunni í Stokkhólmi kynntu Gísli og James hugtakið minnisvafaheilkenni (e. *Memory Distrust Syndrome*).<sup>165</sup> Minnisvafaheilkenni er „ástand þar sem fólk fer að vantroysta verulega eigin minni. Þetta hefur þær afleiðingar að það er í mikilli hættu á að reiða sig á ytri áreiti og það sem er gefið í skyn“.<sup>166</sup> Þetta getur komið til þegar lögregla grefur undan minningum sakborningsins um hvar hann var niðurkominn þegar hinn saknæmi atburður átti sér stað og sakborningurinn kemst á þá skoðun að hann hafi hugsanlega gerst brotlegur án þess að muna eftir því.

<sup>159</sup> Gudjonsson, 2003a.

<sup>160</sup> Gudjonsson, 2003a.

<sup>161</sup> Gudjonsson, 1992, 2003a.

<sup>162</sup> 2012.

<sup>163</sup> Gudjonsson & MacKeith, 1982.

<sup>164</sup> Gudjonsson, 2003a, 2003b, 2010a, 2012; Kassin et al. 2010.

<sup>165</sup> Gudjonsson & MacKeith, 1982. Minnisvafaheilkenni hefur verið staðfest í óháðum rannsóknum (van Bergen et al., 2010).

<sup>166</sup> Gudjonsson, 2003a, bls. 196.

Snemma á níunda áratug síðustu aldar gerðu Gísli og James nákvæma rannsókn á fölskum játningum og þeim sálfræðilegu ferlum sem tengjast þeim.<sup>167</sup> Þessar rannsóknir sýndu fram á mikilvægi sálfræðilegra veikleika og að falskar játningar á alvarlegum brotum væru mun algengari en áður var talið. Falskar játningar skýrðust af samspili nokkurra þátta, þar á meðal þrýstingi lögreglu í viðtali, hræðslu við eða hótun um gæsluvarðhald og sálfræðilegum veikleikum. Það sem skiptir kannski mestu er að þeir sýndu fram á að falskar játningar á alvarlegum brotum eins og manndrápum eða kynferðisbrotum geta átt sér stað án þess að geðsjúkdómi sé fyrir að fara hjá sakborningi. Þessar rannsóknir ásamt fræðslu fyrir lögmenn lögðu grunninn að því að áfrýjunardómstóll í Bretlandi (*Court of Appeal*) fór í auknum mæli að taka tillit til tilvistar og eðlis falskra játninga og jók skilning á hættunni á fölskum játningum við yfirheyrslur.<sup>168</sup>

Gísli H. Guðjónsson<sup>169</sup> skrifaði fyrstu alhliða bókina um sálfræði yfirheyrsla og játninga. Hún hefur haft áhrif á rannsóknir, störf og dóma á heimsvísu.<sup>170</sup> Í umsögn um bókina taldi Fisher<sup>171</sup> hana umbreyta yfirheyrslum lögreglu úr „list í vísindi“. Styrkur hennar lægi í því að færa saman ólíkar nálganir, þ.e. þörf réttarkerfisins fyrir sanngirni, umhugsun lögreglunnar um að ná „hinum rétta“, vilja sakborninga til að komast frá óþægilegum kynnum við boðvald og áhuga vísindamanna sem stunda jafnframt hagnýt störf (e. *scientist-practitioner*) á að skilja af hverju sakborningar haga sér eins og þeir gera, auk þess að draga úr mistökum sem verða til innan réttarkerfisins. Ætla mætti að einstök reynsla Gísla af yfirheyrslum, klínískri sálfræði og af mikilvægum réttarmálum og rannsóknum, sem hefðu verið birtar víða, hafi gert að verkum að honum hafi tekist að innleiða svo margþætta nálgun.<sup>172</sup>

Á tíunda áratugnum var Gísli kallaður til sem sérfræðivitni í tveimur málum fyrir áfrýjunardómstólum í Bandaríkjunum (Joe Giarratano og Henry Lee Lucas), sem varð til þess að ríkisstjórar Virginíu (Lawrence Douglas Wilder) og Texas (George W. Bush) breyttu dauðadómi yfir mönnunum í lífstíðarfangelsi.<sup>173</sup> Síðan þá hafa fjölmargir dómarmenn verið felldir úr gildi í Bandaríkjunum vegna DNA prófana. Samkvæmt vefsíðu *Innocence Project*<sup>174</sup> hafa 302 dómarmenn verið ógiltir á grundvelli DNA prófa þar í landi. Meðaltími refsivistar þessa hóps var 13,6 ár. Átján manns (6%) höfðu verið dæmdir til dauða áður en DNA próf sannaði sakleysi þeirra og varð til þess að þeim var sleppt. Í um það bil 25% mála þar sem fólk hefur verið látið laust á grundvelli DNA sýna höfðu sakborningarnir sagt eitthvað sem benti til sektar þeirra, játað á sig glæpin eða lýst sig

<sup>167</sup> Gudjonsson & MacKeith, 1982, 1988, 1990, 1994, 1997 – sjá einnig Gudjonsson, 1992, 2003a, 2003b.

<sup>168</sup> Gudjonsson, 2003a; Anna Hildur Hildibrandsdóttir, 2001.

<sup>169</sup> 1992.

<sup>170</sup> Gudjonsson, 2003a.

<sup>171</sup> 1993. Dr. Ronald P. Fisher er Prófessor í sálfræði við Florida International University. Hann er m.a. höfundur hugræna viðtalsins (Cognitive Interview) sem nú er notað við yfirheyrslur víða um heim. Hann hefur birt fjölda vísindagreina og bóka um minni og upprifjun (sjá umsögn um bók Gísla í Fisher, R. P. (1993). Police interrogation: from art to science. A book review of “The Psychology of Interrogations, Confessions and Testimony”, *Contemporary Psychology*, 38, 1320-1321.)

<sup>172</sup> Sjá bls. 1320.

<sup>173</sup> Gudjonsson, 1999, 2003a.

<sup>174</sup> *Innocence Project*; <http://www.innocenceproject.org> (26.februar 2013).

seka.<sup>175</sup> Þessi frægu mál virðast þó aðeins vera toppurinn á ísjakanum þegar kemur að fölskum játningum vegna þess að þarna er einblínt á mál þar sem mögulegt er að fá DNA sýni en það er helst hægt í morð- og nauðgunarmálum.<sup>176</sup>

Garrett<sup>177</sup> rannsakaði 40 mál þar sem falskar játningar komu við sögu og DNA próf leiddu til þess að sakfellingu var snúið við.<sup>178</sup> Þótt ótrúlegt megi virðast innihélt vitnisburður sakborninganna mjög nákvæmar og sannfærandi upplýsingar um brotin. Þessar upplýsingar bárust sakborningunum viljandi eða óviljandi frá lögreglunni. Fyrir dómi var þetta notað gegn þeim og var lítið svo á að þetta væri merki um „sérþekkingu“ þeirra á brotinu. Þetta gefur til kynna að dómarmar og kviðdómendur verði að fara mun varlegar með meinta „sérþekkingu“ sakborninga en áður var talið. Ef lögreglan hafði „sérþekkinguna“ þegar yfirheyrslan fór fram er hættu á að hún liti vitnisburðinn. Lögreglan annaðhvort veit ekki af, kys að hunsa eða nýtir sér þetta.

Í ítarlegri greiningu Garretts á 40 fölskum játningum kom þetta einnig í ljós:

1. Yfirheyrslurnar voru illa skráðar: „Hins vegar var einungis hluti yfirheyrslunnar hljóðritaður í öllum þessum málum, oft yfirlýsing um sekt í lok yfirheyrslu.“<sup>179</sup> Þetta gerði það að verkum að ómögulegt var að vita nákvæmlega hvernig játningarnar lituðust.
2. Í um 75% málanna höfðu sakborningarnir veitt upplýsingar sem samrýmdust ekki staðreyndum málsins: „Þetta ósamræmi hefði átt að vera viðvörðun um að játningarnar væru falskar.“<sup>180</sup> Í réttarhöldunum sem fylgdu gerðu saksóknarar lítið úr ósamræminu og lögðu áherslu á hversu nákvæmar staðreyndirnar voru sem sakborningar gáfu upp.
3. Í þrettán málum (32,5%) fylgdi lögreglan sakborningunum á vettvang brotsins og „hver og einn sakborningur greindi frá eiginleikum brotavettvangsins sem höfðu ekki verið gerðir opinberir og voru studdir af rannsókninni.“<sup>181</sup> Þetta sýnir hættuna við að fara á vettvang brotsins þegar ferðirnar eru ekki skráðar á fullnægjandi hátt (þ.e. það er mikilvægt að sjá og heyra hvað fer fram í slíkum vettvangsferðum).
4. Garrett færði rök fyrir því að fjórir þættir hefðu átt að sýna að þó nokkur hluti játninganna hefðu ekki komið til af fúsum og frjálsum vilja: a) Í þrettán af 40 málum (33%) voru sakborningarnir ungmenni, undir 18 ára aldri. Það er þekkt að ungmenni eru í sérstakri áhættu að gefa falskar játningar við yfirheyrslur<sup>182</sup>; b) Í að minnsta kosti sautján af 40 málum (43%) voru sakborningarnir með lága greind eða geðfatlaðir sem veikir færni þeirra til að takast á við gæsluvarðhald, yfirheyrslur og til að taka upplýstar ákvarðanir.<sup>183</sup> Þetta er í samræmi við aðrar

<sup>175</sup> *Innocence Project*; <http://www.innocenceproject.org> (26. febrúar 2013).

<sup>176</sup> Garrett, 2011, Kassir et. al., 2010.

<sup>177</sup> 2011.

<sup>178</sup> Garratt, B. L. (2011). *Convicting the innocent*. London: Harvard University Press.

<sup>179</sup> Sjá bls. 32.

<sup>180</sup> Sjá bls. 33.

<sup>181</sup> Sjá bls. 33.

<sup>182</sup> Drizin & Leo, 2004;<sup>182</sup> Gudjonsson, 2003a; Gudjonsson, Sigurdsson, Sigfusdóttir, & Young, 2012; Redlich, 2005, 2007; Redlich et. al., 2010.

<sup>183</sup> Clare & Gudjonsson, 1995.

svipaðar rannsóknir.<sup>184</sup> Þeir sem eru með greind í meðallagi eða yfir meðallagi veita þó einnig stundum falskar játningar við alvarlegum brotum<sup>185</sup>; c) Skortur á lögfræðiaðstoð (enginn sakborninganna fékk lögfræðilega ráðgjöf áður en hann játaði); d) Tímalengd yfirheyrslanna og gæsluvarðhaldsins var einnig talið mikilvægur þáttur.

5. Í 36 málanna (90%) varði yfirheyrslan í meira en þrjá tíma (það er að segja í fjórum málum kom fólks játning fram eftir minna en þrjá tíma). Yfirleitt voru „margar yfirheyrslur á mörgum dögum eða yfirheyrslur sem vörðu í heilan dag þar sem eingöngu voru gerð matar- og svefnhlé“.<sup>186</sup> Í greiningu Drizin og Leo<sup>187</sup> á 125 tilfellum af fólkskum játningum kom í ljós að í þeim tilvikum þar sem lengd yfirheyrslanna var skráð vörðu þær að meðaltali í 16,3 klukkustundir og 73% yfirheyrslanna vörðu meira en sex klukkustundir samanlagt. Þetta sýnir að þó að sumar falskar játningar komi fram í stuttum yfirheyrslum þá kemur meirihlutinn fram í löngum og ítrekuðum yfirheyrslum. Jafnvel höfundar hinnar umdeildu Reid tækni vara við því að láta yfirheyrslur vara í meira en fjórar klukkustundir<sup>188</sup> og nú er kveðið á um það í lögum í Englandi að hlé sé gert á yfirheyrslum á tveggja tíma fresti.<sup>189</sup>
6. Garrett komst að því að 10 sakborningar (25%) játuðu sig seka og það fór engin málsmeðferð fram. „Þó nokkrir þeirra vildu upphaflega að málsmeðferð færi fram en eftir að dómarrinn ákvað að játning myndi duga ákváðu þeir að lýsa sig seka. Aðrir lýstu sig seka vegna þess að þeir höfðu gefið falska játningu og samþykkt að bera vitni gegn öðrum saklausum einstaklingum í skiptum fyrir mildari dóm“ (bls. 150). Redlich og félagar<sup>190</sup> færa rök fyrir því að svipuð ferli eigi sér stað við falskar játningar í yfirheyrslum og fyrir dómi og að hvort tveggja þurfi að skoða sérstaklega. Þetta getur tengst því að sakborningur telur (réttilega) að það að draga játningu til baka, jafnvel þó hún sé fólks, leiði til harðari refsingar.<sup>191</sup>
7. Það var algengt meðal þeirra 40 sem játuðu ranglega á sig sök að bendla annað saklaust fólk við málið. Garrett segir: „Það eru ekki eingöngu játningar einstaklings sem geta litast, heldur geta falskar játningar haft margföldunaráhrif þar sem fleira saklaust fólk er dregið inn í rannsóknina og fjöldi játninga litast“.<sup>192</sup> Í *Central Park Jogger* málinu játuðu fimm unglingar (14-16 ára) til dæmis á sig árás og bendluðu þau hvert annað við hana. Innan við 72 klukkustundum eftir handtöku þeirra höfðu öll fimm ungmennin játað árásina og gefið upp smáatriði sem seinna var byggt á í dómi yfir þeim.<sup>193</sup> Það er áhugavert að sjá að það var meiriháttar ósamræmi milli frásagna sakborninganna og annarra sönnunargagna, en lítið var gert úr þessu ósamræmi við réttarhöldin.<sup>194</sup> Sullivan fullyrðir: „Í *Central Park* málinu voru til dæmis svo margar mótsagnir milli frásagna sak-

<sup>184</sup> Drizin & Leo, 2004; Gudjonsson & MacKeith, 1994; Perske, 2008; Redlich, 2005, 2007; Redlich et al., 2010.

<sup>185</sup> Gudjonsson, 2003a.

<sup>186</sup> Sjá bls. 38.

<sup>187</sup> 2004.

<sup>188</sup> Inbau et al., 2001.

<sup>189</sup> Home Office, 2012.

<sup>190</sup> 2010.

<sup>191</sup> Redlich et al., 2011.

<sup>192</sup> Sjá bls. 26.

<sup>193</sup> Kassin et al., 2005; Garratt, 2011.

<sup>194</sup> Sullivan, 1992.

borninganna að það er engin leið að vita fyrir víst hvað gerðist“.<sup>195</sup> Árið 1990 voru ungmennin sakfelld en þau sýknuð árið 2002 eftir að borin voru kennsl á gerandann með DNA prófi.

8. Central Park málið er gott dæmi um hættuna við þá „blindu trú“ (rörsýn) sem lögregla, ákærvald og dómara hafa oft á játningum sem sönnunargögnum, jafnvel þó að játningarnar séu ósannfærandi vegna meiriháttar ósamræmis (bæði hjá sama einstaklingi og á milli einstaklinga) og vegna skorts á óháðum sönnunargögnum sem undirbyggja frásögnina. Meili<sup>196</sup>, fórnarlambið sem lifði árásina í Central Park af, og hafði enga minningu um árásina eða nauðgunina vegna alvarlegra höfuðáverka af völdum árásarinnar, bar vitni við réttaröld ungmennanna fimm (að beiðni ákærðu voru tvö aðskilin réttarhöld, ein fyrir þrjú þeirra og önnur fyrir hin tvö). Meili segir þannig frá atburðarásinni áður en hún bar vitni í báðum réttarhöldunum: „Elizabeth [saksóknarinn] greindi okkur frá því að hún hefði játningar undir höndunum, að játningarnar væru áreiðanlegar og þess vegna gæti ég af skynsemi trúað því að þau væru sek“.<sup>197</sup>
9. Garrett sagði: „Það kom mér á óvart að eftir að dómur féll andmæltu mörg af þeim sem höfðu ranglega játað ekki lengur játningunni, jafnvel þó að þau andmæltu dómnum“.<sup>198</sup> Þetta virðist vera vegna þess að þau töldu það vera tilgangslaust að mótmæla játningunni sem sönnunargagni vegna þess hve þungt hún vó í réttarhöldunum.
10. Aðeins þrír (8%) af þeim sem látnir voru lausir eftir að sakfellingu þeirra hafði verið snúið við (e. *exonerated*) höfðu fengið sálfræðing eða geðlækni til þess að bera vitni um játningarnar en í engu tilvikanna dugði það til þess að sannfæra dómara um að útiloka játninguna sem sönnunargagn. Þetta virðist mega rekja til þess hversu sterkt sönnunargildi játningarnar voru taldar hafa, ásamt reynslu- og þekkingarleysi bæði réttarins og viðkomandi sérfræðinga í sálfræði og geðlæknisfræði sem báru vitni, um umdeildar játningar.
11. Í átta málum (20%) áttu DNA sönnunargögnin eftir að sýna fram á sakleysi sakborninganna þegar réttarhöldin fóru fram en: „Dómarar og kviðdómar virðast hafa trúað játningunum frekar en DNA prófunum. Þessir átta einstaklingar voru ekki sýknaðir fyrir en frekari DNA prufur voru gerðar sem ekki aðeins útilokaði þá heldur bendlaði aðra við brotin“.<sup>199</sup> Þetta sýnir hvað játningar hafa mikil áhrif í réttarsalnum en þetta mátti einnig sjá í sögulegu manndrápsmáli Birgitte Tengs í Noregi.<sup>200</sup>

Í Bandaríkjunum hafa verið gerðar rannsóknir á umdeildum játningum í kjölfar mála þar sem sýknudómur hefur verið kveðinn upp á grundvelli DNA prófana. Drizin og Leo<sup>201</sup> hafa birt ítarlega greinargerð í tengslum við 125 mál í Bandaríkjunum frá árunum 1971 til 2002 þar sem sannað hefur verið að falskar játningar komu fram. Þetta er stærsta úrtak af þessu tagi sem hefur verið rannsakað.<sup>202</sup>

---

<sup>195</sup> Sjá bls. 314.

<sup>196</sup> 2003.

<sup>197</sup> Sjá bls. 170.

<sup>198</sup> Sjá bls. 185.

<sup>199</sup> Sjá bls. 35.

<sup>200</sup> Sjá kafla 20 í Gudjonsson, 2003a.

<sup>201</sup> 2004.

<sup>202</sup> Sjá einnig Ofshe og Leo, 1997.

### **Réttarspjöll í Bretlandi**

Gísli H. Guðjónsson<sup>203</sup> hefur farið yfir 34 mál þar sem komu við sögu umdeildar játningar í Bretlandi frá árinu 1989 til 2010 og sakfellingu var snúið við. Í rannsókninni voru málin sjálf skoðuð, hvenær dómur féll, hvenær sýknudómur var kveðinn upp, hvort sálfræðilegur eða geðlæknisfræðilegur vitnisburður var til staðar, hvort sálfræðilegir veikleikar, ófullnægjandi framferði lögreglu eða ófullnægjandi málsmeðferð hafi verið höfuðástæður fyrir sýknu (byggt á röksemdafærslu í forsendum dóms) og eðli veikleikanna.

Með sálfræðilegum veikleikum er átt við eiginleika sem voru greindir í sálfræðilegu eða geðlæknisfræðilegu mati og sem minnka áreiðanleika þess hluta framburðar sakborninganna sem benti til sektar. Með ófullnægjandi framferði lögreglu eða ófullnægjandi málsmeðferð er átt við alvarleg brot á verklagi eða í starfi lögreglu (til dæmis að greina grunuðum ekki frá lagalegum rétti sínum á borð við rétt á aðstoð lögmanns, tilbúnað sönnunargagna eða að eiga við skráningu viðtalanna), að greina ekki frá því sem ber að greina frá eða ef dómarrinn afvegaleiðir kviðdóminn (e. *misdirection by the trial judge*; til dæmis mál Derek Bentley).

Um var að ræða 27 manndrápsmál, fjögur hryðjuverkamál þar sem m.a. var sakfelld fyrir morð (fjórmenningarnir frá Guildford, sexmenningarnir frá Birmingham, Judith Ward, Alfred Allen), ein tilraun til manndráps (Paul Blackburn), eitt mál þar sem lagt var á ráðin um rán (Kayed Antar) og eitt kynferðisbrotamál (Shane Smith). Í rannsókninni voru 46 þátttakendur, 43 karlar (93%) og þrjár konur (Carole Richardson, Jacqueline Fletcher og Judith Ward). Fyrir áfrýjunardómstól (*Court of Appeal*) var hlýtt á vitnisburð geðlækna og sálfræðinga í fimmtán málanna (44%). Gísli bar vitni í ellefu af þessum fimmtán málum. Þar að auki voru tvö mál (Fletcher og Long) þar sem eingöngu var notast við vitnisburð geðlæknis en í máli Fletchers lágu fyrir sálfræðilegar skýrslur og var til þeirra vísað í dómnum.

Allmargar ástæður voru að baki hinum óáreiðanlegu játningum, þeirra á meðal lág greindarvísistala (e. *borderline IQ*), persónuleikaröskun, þunglyndi, sjúkleg athyglisþörf og óvenju hátt sefnæmi og/eða undanlátssemi. Það var niðurstaða Gísla að í 28 málanna (82%), þar á meðal þeirra sem vörðuðu brot lögreglu, að lykilatriðið að baki hinum óáreiðanlegu játningunum hafi verið vanhæfi sakborninganna til að ráða við álagið í yfirheyrslum og í gæsluvarðhaldi. Í einu málanna (Pendleton) var sakfelling staðfest fyrir áfrýjunarrétti og var því áfrýjað til bresku lávarðadeildarinnar (*House of Lords*) þar sem niðurstöðunni var snúið við árið 2001. Það var gert á grundvelli sálfræðilegs vitnisburðar Gísla fyrir áfrýjunarrétti. Fyrsta málið, þar sem byggt var á sálfræðilegum sönnunargögn fyrir áfrýjunarrétti var árið 1991 í máli Engin Raghup. Það mál varð þess valdandi að sálfræðilegum sönnunargögnum hefur síðan verið gefið aukið vægi í Bretlandi.<sup>204</sup>

---

<sup>203</sup> 2010a.

<sup>204</sup> Gudjonsson, 2003a.



### **Rannsóknir á fölskum játningum á Íslandi**

Nokkur fjöldi rannsókna á fölskum játningum, sem hafa haft áhrif á alþjóðlegum vettvangi, hafa verið framkvæmdar á Íslandi.<sup>205</sup> Rannsóknirnar sýna að ungmenni og fangar á Íslandi greina oft frá því að hafa gefið falskar játningar. Rannsóknirnar hafa verið ferns konar:

1. *Rannsóknir meðal dómfelltra einstaklinga í fangelsisvist.*<sup>206</sup> Fyrstu tvær fangelsisrannsóknirnar voru framkvæmdar snemma á tíunda áratugnum og sýndi sú fyrri að 12% af 229 þátttakendum höfðu einhvern tímann gefið falska játningu<sup>207</sup> og sú síðari að 12% af 509 föngum höfðu gert það sama.<sup>208</sup> Þriðja fangelsisrannsóknin<sup>209</sup> var framkvæmd um 15 árum síðar á 90 föngum og sýndi að tíðni falskra játninga hafði aukist í 24%. Gísli og Jón Friðrik<sup>210</sup> færðu í einni rannsókninni rök fyrir því að líklegasta skýringin fyrir þessari aukningu á fölskum játningum væri að þýðið í fangelsinu hafi breyst, þ.e. þeir sem sakfelldir voru fyrir síður alvarleg brot hafa aukin tækifæri til að afplána refsingu utan fangelsa. Íslensku fangelsisrannsóknirnar hafa aukið skilning á tíðni, aðstæðum og eðli falskra játninga. Þær hafa sýnt fram á mikilvægi persónuleikaeinkenna, afbrotasögu og vímuefnamisnotkunar og mikilvægi athyglisbrests með ofvirkni, meðal þeirra sem hafa sögu um falskar játningar. Þær hafa einnig ítrekað sýnt fram á þrjár lykilástæður fyrir fölskum játningum: a) löngun til að forðast gæsluvarðhald (þetta virðist vera sérstaklega öflugur þáttur), b) vangetu til að takast á við yfirheyrslur og c) löngun til að taka sök fyrir hinn raunverulega brotaman. Í einu tilvikanna þótti sannað að sakborningurinn hefði játað ranglega á sig manndráp til að hefna sín á lögreglunni. Þetta varð til þess að hann var dæmdur í 45 daga í fangelsi fyrir rangan framburð.
2. *Rannsókn meðal grunaðra og vitna á íslenskum lögreglustöðvum.*<sup>211</sup> Þessi litla rannsókn, þar sem þátttakendur voru 47 sakborningar og 31 vitni, sýndi fram á marktækan mun á geðheilsu sakborninga og vitna. Sakborningarnir voru þunglyndari, vonlausari, höfðu oftár fengið meðferð vegna vímuefnamisnotkunar, þeir voru undanlátssamari og með meiri persónuleikavanda heldur en vitnin. Níu hinna grunuðu (19%) greindu frá því að hafa gefið falska játningu einhvern tímann á ævinni og fjórir af þeim greindu frá því að hafa gefið falska játningu í yfirheyrslunni sem var að ljúka þegar þeir tóku þátt í rannsókninni. Einn þessara fjögurra sagði ástæðuna vera þá að hann væri að vernda annan, einn vildi forðast lengra gæsluvarðhald og tveir sögðust ekki hafa nemt ekki að neita brotinu, sem virtist endurspeglar vonleysi og þunglyndi þeirra. Þessi rannsókn undirstrikar þau sálfræðilegu vandamál og veikleika sem sakborningar á íslenskum lögreglustöðvum hafa og styður við niðurstöður Gudjonsson, Clare, Rutter og Pearse<sup>212</sup> þar sem rannsakaðir voru grunaðir á enskum lögreglustöðvum. Margir sakborn-

<sup>205</sup> Gudjonsson, 2010b; Gudjonsson & Sigurdsson, 2010; Sigurdsson og Gudjonsson, 2009.

<sup>206</sup> Gudjonsson & Sigurdsson, 1994; Gudjonsson et al., 2008a; 2010a; Sigurdsson, 1989; Sigurdsson & Gudjonsson, 1996a, 1996b, 1996c, 1997, 2001.

<sup>207</sup> Gudjonsson & Sigurdsson, 1994.

<sup>208</sup> Sigurdsson & Gudjonsson, 1996a.

<sup>209</sup> Gudjonsson et al., 2008a, 2010a.

<sup>210</sup> 2010.

<sup>211</sup> Sigurdsson og félagar, 2006.

<sup>212</sup> 1993.

ingar eru í áhættu á að gefa óreiðanlega frásögn af ýmsum geðheilbrigðis-  
ástæðum, þar á meðal vegna vímuefnamisnotkunar.<sup>213</sup>

3. *Rannsóknir meðal framhalds- og háskólanema.*<sup>214</sup> Þessar rannsóknir samanstóðu af 2.550 nemendum sem stunduðu nám að lokinni grunnskólagöngu. Einnig hefur svipuð rannsókn verið framkvæmd í Danmörku<sup>215</sup> sem samanstóð af 715 nemendum í framhaldsskóla. Niðurstöður þessara rannsókna eru athyglisverðar. Fyrstu tvær rannsóknirnar, sem voru gerðar á framhalds- og háskólanemum, gáfu til kynna að 25% hafi verið yfirheyrðir af lögreglu. Af þeim voru 67% og 66% sem sögðust hafa gerst sekir um brotið sem þeir voru yfirheyrðir vegna. Hins vegar var tíðni sektar 51% í dönsku rannsókninni. Þetta gefur til kynna að íslenska lögreglan sé færari en sú danska í að kalla þá seku til yfirheyrslu. Um 1,2-6,8% þeirra sem voru yfirheyrðir greindu frá því að hafa gefið falska játningu. Í tveimur rannsóknanna var einnig spurt um ástæður fölsku játninganna.<sup>216</sup> Algengasta ástæðan fyrir falskri játningu var að vernda einhvern annan, þ.e. að taka á sig sökina og refsinguna (60%) og næst algengasta ástæðan var ósk um að sleppa úr varðhaldi og frá streitunni við yfirheyrslur.
4. *Stórar faraldsfræðilegar rannsóknir á nemendum í grunn- og framhaldsskólum.*<sup>217</sup> Þessar rannsóknir eru fjórar stórar kannanir sem samanstanda af samtals 39.372 íslenskum nemendum. Þar að auki er til ein stór evrópsk rannsókn á yfirheyrslum lögreglu og játningum. Hún samanstendur af 24.627 grunnskólanemum og þar af 2.023 grunnskólanemum úr Reykjavík.<sup>218</sup> Þetta eru stærstu rannsóknir sem gerðar hafa verið á yfirheyrslum og fölskum játningum. Þessar stóru rannsóknir staðfesta háa tíðni sektar hjá þeim sem eru yfirheyrðir á Íslandi (65-67%), miklu hærri en í öðrum löndum Evrópu þar sem tíðnin er að meðaltali um 44%. Hæsta tíðnin var á Íslandi (71%) og Finnlandi (64%) en sú lægsta í Rússlandi (35%), Lettlandi (36%) og Litháen (37%).<sup>219</sup> Falskar játningar frá þeim sem voru yfirheyrður voru á bilinu 7,3% og 13,8%. Það má sjá á þessum rannsóknum að falskar játningar eru miklu algengari hjá yngra fólki sem er í samræmi við fræðigrunninn.<sup>220</sup> Tvö algengustu brotin þar sem falskar játningar koma við sögu voru þjófnaður og alvarleg umferðarlagabrot. Þrjár algengustu ástæðurnar voru að hylma yfir með einhverjum, þrýstingur lögreglunnar og að vilja sleppa úr gæsluvarðhaldi. Þessar rannsóknir sýna fram á mikilvægt samband falskra játninga og að hafa orðið fyrir einelti, að hafa lent í áfalli á lífsleiðinni, hegðunarröskunar og einkenna athyglisbrests með ofvirkni.

### **Hugtakið „falskar játningar“**

Það er almennt viðurkennt að hugtakið falskar játningar falli í þrjá megin flokka<sup>221</sup>:

1. *Sjálfviljugar falskar játningar* (e. *voluntary false confessions*), þ.e. ekki er neinn þrýstingur frá lögreglu á að játa. Hvatinn á bak við þessa tegund af falskri

<sup>213</sup> Sjá einnig Pearse og félagar, 1998.

<sup>214</sup> Gudjonsson et al., 2004a, 2004b, 2006a.

<sup>215</sup> Steingrimsdóttir og félagar, 2007.

<sup>216</sup> Gudjonsson og félagar, 2004a; Steingrimsdóttir og félagar, 2007.

<sup>217</sup> Gudjonsson og félagar, 2006b, 2008b, 2009a, 2009b, 2010a, 2010b, 2012.

<sup>218</sup> Gudjonsson og félagar, 2010a.

<sup>219</sup> Gudjonsson, 2010a.

<sup>220</sup> Drizin & Leo, 2004; Garrett, 2011.

<sup>221</sup> Kassin og Wrightsman, 1985 – Þetta er fyrsta birta greinin um mismunandi sálfræðilegar tegundir af fölskum játningum.

2. *Falskar játningar þvingaðar af undanlátssemi* (e. *coerced-compliant false confessions*), þ.e. sá sem gefur fölsku játninguna lætur undan þrýstingi, ræður ekki við þrýstinginn frá lögreglu, þ.e. vegna yfirheyrslu, gæsluvarðahalds eða sambærilega ráðstafana, og reynir að sleppa frá honum með því að gefa falska játningu, þrátt fyrir að vita betur.
3. *Falskar játningar þvingaðar af sannfæringu* (e. *coerced internalised false confessions*), þ.e. vegna utanaðkomandi þrýstings. Sakborningurinn er beittur fortölum og honum talin trú um að hann hafi framið afbrot sem hann er saklaus af. Sakborningurinn man ekki eftir að hafa framið brotið en samþykkir engu að síður að hafa gert það. Þessi tegund falskra játninga er nátengd hugmyndinni um minnisvafaheilkenni.<sup>222</sup>

Gísli Guðjónsson<sup>223</sup> leggur til að orðið „þrýstingur“ (e. *pressure*) sé notað í staðinn fyrir orðið „þvingun“ (e. *coercion*), þrýstingur sé sálfræðilega þýðingarmeira orð og ekki eins takmarkandi lagalega. Ofshe og Leo (1997) hafa einnig skrifað gagnlega greiningu á hugtakinu „falskar játningar“ og greint mál sem komið hafa upp.

Sefnæmi (e. *suggestability*) og undanlátssemi (e. *compliance*) eru tvö persónuleika-einkenni sem kunna að vera mikilvæg þegar kemur að umdeildum játningum, en þessi einkenni verður að túlka í samhengi við alla málavöxtu. Það eru engin sálfræðileg próf sem geta sannað hvort játning er sönn eða fölsk. Þar að auki eru til mál þar sem fólk hefur gefið falskar játningar án þess að hafa mælst yfir meðallagi í sefnæmi eða undanlátssemi og sumar þessara játninga hafa komið til án þess að leiðandi spurningum eða þrýstingi sé beitt.<sup>224</sup>

Sjálfviljugar falskar játningar hafa ekki verið rannsakaðar eins mikið og falskar játningar af þrýstingi<sup>225</sup>, en hins vegar hafa gögn verið að koma fram sem sýna að þær eigi sér stundum stað.<sup>226</sup> Tilvik eru skráð um fólk sem þjáist af vonleysi, lágu sjálfsmati, persónuleikaröskun og athyglispörf sem hefur gefið falskar játningar sjálfviljugt í manndrápsmálum.<sup>227</sup> Í einu íslensku tilfelli þar sem var gefin sannanleg fölsk játning á manndrápi, var hvatinn að hefna sín á lögreglunni fyrir að hafa handtekið viðkomandi vegna gruns um minniháttar afbrot.<sup>228</sup>

Mál Andrew Evans í Bretlandi er fyrir margar sakir áhugavert.<sup>229</sup> Hann var meðalgreindur og hafði nýlega verið vísað úr breska hernum af læknisfræðilegum ástæðum (vegna astma). Hann fékk heimsókn frá lögreglunni eitt kvöld í október 1972 og fékk

<sup>222</sup> Guðjónsson, 2003a.

<sup>223</sup> Guðjónsson, 2003a.

<sup>224</sup> Guðjónsson, 2003a, 2010b.

<sup>225</sup> Kassin og Guðjónsson, 2004, Kassin et al., 2010.

<sup>226</sup> Guðjónsson, 2003a, Guðjónsson et al., 2008a, 2012.

<sup>227</sup> Guðjónsson, 1999, 2003a.

<sup>228</sup> Sigurdsson, 1998, mál númer 41; Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurdsson, 2010.

<sup>229</sup> Guðjónsson, 2003a; Guðjónsson, Kopelman og MacKeith, 1999.

svo martröð um nóttina þar sem hann sá andlit ungrar stúlku. Daginn eftir gekk hann inn á lögreglustöð og sannfærði sjálfan sig smátt og smátt, og síðar lögregluna, um að hann hefði annað hvort orðið vitni eða átt aðild að morðinu á 14 ára gamalli stúlku, Judith Roberts, í júní sama ár. Hann var á þessum tíma í geðlægð og hafði fengið uppáskrifuð slævilyf hjá heimilislækni sínum. Evans var sakfelldur fyrir morðið en málið var tekið upp og hann sýknaður 25 árum síðar, eða 3. desember 1997, á grundvelli þess að játningin byggði á „minnisvafaheilkenni“ (e. *distrust memory syndrome*) og „falskri minningu“ (e. *false memory*). Þetta hafði verið misgreint við réttarhöldin sem sálrænt minnisleysi (e. *psychogenic amnesia*). Minnisvafaheilkennið varði í mörg ár og kom í veg fyrir að Evans drægi játninguna sína til baka þar til hann fór að lokum að efast um aðild sína að morðinu. Sá lærdómur sem einkum má draga af þessu máli er eftirfarandi:

1. Málið sýnir mikilvægi lágs sjálfsmats og vonleysis ásamt lúmskri athyglisþörf í að stuðla að játningu sem var í eðli sínu óáreiðanleg.
2. Málið bar öll helstu merki minnisvafaheilkennis, en það hugtak hefur verið viðurkennt af áfrýjunarrétti í Englandi. Það getur tekið langan tíma fyrir minnisvafaheilkenni að ganga til baka og það tefur þann sem játaði í að draga játninguna til baka.
3. Gögn sýna fram á að háir skammtar af slævilyfjum (benzódíazepíni) geti búið til ímyndað og falskt minni.<sup>230</sup> Lader<sup>231</sup> vill meina að eftirfarandi lyfjaáhrif geti haft áhrif á framburð: róandi, afhömlun, þverstæð viðbrögð (e. *paradoxical reaction*) og breytingar á einbeitingu, minni og námi. Samkvæmt Lader skerða svefnlyf og önnur slævilyf hugræna virkni eins og einbeitingu og minni venjulegra einstaklinga og því stærrí sem skammturinn er þeim mun meiri skerðing. Curran<sup>232</sup> færir rök fyrir því að þau lyf sem skaða minnið trufla nýjar atburðarminningar (e. *episodic memories*; þ.e. þau lyf auki hættuna á bjögun nýrra minninga) frekar en að trufla endurheimt gamalla atburðarminninga vegna þess að þær eru skráðar áður en lyfin voru tekin. Þetta getur haft afdrifaríkar afleiðingar þegar sakborningar eru yfirheyrður um atburði sem þeir hafa ekki upplifað, eins og virðist hafa verið í máli Evans, og er dæmigert fyrir fólk sem gefur falskar játningar. Af þessu leiðir að stórir skammtar af svefnlyfjum geta truflað verulega getu saklauss fólks til þess að ráða við yfirheyrslur og auka líkurnar á að fram komi bjöguð og ímynduð frásögn af atburðum.

Í Bretlandi játaði David MacKenzie falskt á sig nokkur óleyst morð sem áttu sér stað á árunum 1979-1985. Þessar fölsku játningar komu til vegna þess að MacKenzie gat ekki greint á milli raunveruleika og ímyndunar.<sup>233</sup> MacKenzie var með greind á mörkunum tornæmis (IQ=76), en fyrsta greining hans var persónuleikaröskun. MacKenzie játaði fyrsta morðið á sig árið 1979 en lögreglan kærði hann ekki enda taldi hún hann ekki vera morðingjann. Árið 1986 var MacKenzie í varðhaldi vegna kynferðisafbrotis og játaði á sig átta óleyst morð sem hann hafði heyrt af í gegnum fjölmiðla. Hann greindi lögreglunni frá því að hann þjáðist af sektarkennd yfir morðunum og að hann vildi að morðin hættu. MacKenzie var ákærður og sakfelldur fyrir tvö af þessum átta morðum. Á

<sup>230</sup> Dundee, 1990.

<sup>231</sup> 1999.

<sup>232</sup> 2006.

<sup>233</sup> Gudjonsson, 2003a.

meðan hann var í haldi játaði hann á sig fleiri morð en í ljós kom að hann hefði ekki getað framið þau. MacKenzie virðist þó ekki hafa játað á sig morð af handahófi, hann játaði eingöngu á sig morð sem voru framin á svæðum þar sem hann þekkti til, þ.e. hann hafði verið í nágrenninu en ekki endilega á sama tíma og morðin voru framin. Hann var síðan dæmdur fyrir bæði morðin sem hann var ákærður fyrir, en árið 1992, var sakfell-ingunni snúið við eftir að áfrýjun á þeim forsendum að játningarnar væru óáreiðanlegar og að það skorti gögn til þess að styðja við frásögn hans. Í forsendum dómsins sagði (í íslenskri þýðingu):

*„[...] játningarnar voru það ósannfærandi að kviðdómur sem fær viðeigandi leiðbeiningar ætti ekki að geta dæmt neinn sekan út frá þeim. Dómarinn, að því gefnu að hann hafi ekki útilokað játningarnar, hefði átt að taka málið úr höndum kviðdómsins. Játningarnar geta verið ósannfærandi til dæmis vegna þess að í þær vantar smáatriði sem ættu að vera til staðar ef sakborningurinn er sekur og segir rétt frá, af því að þær eru í ósamræmi við önnur gögn eða af því að óáreiðanleikinn felst í játningunni á annan hátt“.*<sup>234</sup>

Sá lærdómur sem einkum má draga af þessu máli er eftirfarandi:

1. Sakborningur getur verið í hættu á að gefa lögreglu falska játningu vegna lágs sjálfsmats eða geðtruflana. Stundum tengist þetta þörf sakborningsins á fordæm-ingu eða mikilli athyglisþörf og óeðlilegri tilhneigingu til ímyndunar og rangra skoðana.
2. Þessi niðurstaða áfrýjunarréttar gefur til kynna að það verði að hafa varann á þegar um er að ræða ósannfærandi játningar og þá sérstaklega með tilliti til þriggja þátta: a) að það vanti smáatriði í frásögn þess sem virðist sekur og viljugur að greina frá sekt sinni, b) að meiriháttar ósamræmi sé á milli frásagnar og annarra sönnunargagna og c) innbyggður óáreiðanleiki sem gæti stafað af því að innihald játningarinnar er vafasamt eða vegna sálfræðilegra veikleika sakborninganna eða hvoru tveggja.

Mál þremmenninganna frá Cardiff er þýðingarmesta málið sem upp hefur komið í Englandi í tengslum við „kúgandi“ (e. *oppressive*) viðtalstækni.<sup>235</sup> Málið varðaði morð á vændiskonu, Lynette White, árið 1988.<sup>236</sup> White var stungin meira en 50 sinnum á heimili sínu þar sem hún stundaði vændi. Tíu mánuðum síðar voru fimm karlmenn handteknir eftir að tvö vitni gáfu sig fram. Bæði höfðu verið beitt þrýstingi frá lögreglunni og gáfu falskan vitnisburð. Þrjár sakborninganna voru að lokum dæmdir árið 1990. Einn sakborninganna, Stephen Miller, var yfirheyrður 19 sinnum og bendlaði ranglega aðra sakborninga við málið en þeir neituðu sök. Af yfirheyrslunum voru 12 tímar og 42 mínútur hljóðritaðar á fimm dögum í viðurvist lögmanns hans. Áfrýjunarréttur vildi meina að lögmaður Millers hafi brugðist skyldu sinni að grípa inn í yfirheyrslurnar. Gísli hlustaði á hljóðritin af yfirheyrslunum og þar kom skýrt fram að lögreglumennirnir ógnuðu og spiluðu með sjálfstraust Millers og fengu hann til að efast um minni sitt og

<sup>234</sup> Gudjonsson, 2003a, bls. 473.

<sup>235</sup> Gudjonsson, 2003a.

<sup>236</sup> Cardiff, Wales.

sakleysi. Hann neitaði meira en 300 sinnum að hafa framið morðið áður en hann játaði. Það fyrsta sem hann viðurkenndi og bendlaði hann við glæpinn kom fram á fyrstu fimm klukkutímum á yfirheyrslubandi 7, þar sem hann sagðist ekki vita hvað hann hefði verið að gera af því hann var „skakkur“. Þetta varð til þess að hann gaf sterklega í skyn að hann hefði framið morðið: „[...] ég veit það ekki, það getur verið, það getur verið að þetta hafi gerst svona.“ Þetta gaf til kynna, það sem var síðar staðfest í klínísku mati á Miller, að játningin hafi verið „þvinguð af sannfæringu“ og stafaði af minnisvafaheilkenni, þar sem grafið var undan trú hans á eigið sakleysi í yfirheyrslunum. Sakfellingingu allra þriggja sakborninganna var snúið við af áfrýjunarrétti árið 1992 vegna þess hversu kúgandi yfireyrslurnar voru. Árið 2003 játaði Jeffrey Gafoor, sá sem í reynd framdi morðið, og hann fékk lífstíðardóm. Aðalatriðin úr þessu máli má taka saman á eftirfarandi hátt:

1. Þetta mál sýnir að það að hafa lögmann viðstaddan yfirheyrslu er ekki alltaf nægjanlegt til að koma í veg fyrir falska játningu, jafnvel þegar játningin er þvinguð, þ.e. hún er tilkomin vegna kúgunar í yfirheyrslunni. Því miður var verjandinn viðstaddur allar yfirheyrslurnar án þess að mótmæla neinu. Hann tók því þátt í þvinguninni með óvirkni sinni og gaf yfirheyrslunum ranglega lögmætt yfirbragð.
2. Málið sýnir hvernig sakborningur með veikleika, en Miller var með jaðargreind og mældist afbrigðilega sefnæmur, varð það ruglaður í langri yfirheyrslu, þar sem mikið var spilað með sjálfstraust hans, að hann fór að lokum að trúa því að hann hefði verið viðriðinn morð án þess að muna eftir því. Þessi trú hans, að hafa átt aðild að manndrápi, varð til vegna minnisvafaheilkennis sem var ennþá til staðar þegar Gísli hittir hann meira en ári eftir yfirheyrsluna. Þetta sýnir hvernig langar yfirheyrslur geta haft langvarandi áhrif á minni og geta búið til ranga trú á eigin sekt til lengri tíma, þrátt fyrir sakleysi.

Birgitte Tengs málið í Noregi er mjög gott dæmi um það hvernig fölsk játning getur komið fram, hjá heilbrigðum 19 ára karlmanni með greind yfir meðallagi, vegna hægfara þróunar minnisvafaheilkennis. Birgitte Tengs, sem var þá 17 ára, fannst myrt á eyjunni Karmøy þann 6. maí 1995. Hún var með alvarlega höfuðáverka, hafði verið nauðgað og kyrkt. Þann 10. og 11. maí 1995 var 17 ára gamall frændi hennar yfirheyrður af lögreglunni vegna þess að fyrrum skólastjóri hans hafði upplýst að hann hefði sögu um óviðeigandi kynhegðun. Frændinn játaði ekki. Tveimur árum síðar var málið rannsakað aftur og frændi Birgitte yfirheyrður í um 180 klukkustundir.<sup>237</sup> Í yfirheyrslunum játaði hann að hafa myrt frænku sína. Engar formlegar skrár eru til af þessum yfirheyrslum en hann var handtekinn 8. febrúar 1997 og 21. febrúar afhenti hann lögmanni sínum minnisblað þar sem hann greindi frá því að hafa myrt Birgitte Tengs en að hann myndi ekki eftir morðinu. Formleg játning fékkst hjá honum stuttu síðar.

Þrátt fyrir þetta hélt hann því staðfastlega fram að hann myndi ekki eftir að hafa framið morðið en samþykkti engu að síðar að hann hefði gert það. Frændinn var dæmdur í

---

<sup>237</sup> Fahsing & Rachlew, 2010.

nóvember 1997 en málið var tekið fyrir á efra dómstigi árið 1998. Við áfrýjunina bar Gísli vitni sem sérfræðingur skipaður af réttinum, ásamt sænska geðlækninum Ulf Asgard. Gísli taldi játninguna falska en Ulf hana sanna. Eftir að öll sönnunargögnin höfðu verið lögð fram var frændinn sýknaður af kviðdómi fyrir Lagmannsrett. Þrátt fyrir það var hann álitinn sekur að líkindum (e. *balance of probability*) og dæmdur til að greiða fjölskyldu fórnarlambins bætur. Þegar málið var rannsakað á ný var frændinn sýknaður á grundvelli DNA prófs og honum voru ákvarðaðar bætur árið 2001. Því máli var áfrýjað til Hæstaréttar Noregs sem hækkaði bæturnar árið 2003, en í millitíðinni hafði mannréttindadómstóll Evrópu komist að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu<sup>238</sup> við meðferð málsins.

Þeir lykilþættir sem áttu þátt í þessari fölsku játningu voru félagsleg einangrun á meðan á gæsluvarðhaldinu stóð, langar og áhrifamiklar yfirheyrslur og það hversu óöruggur sakborningurinn varð með fjarvistarsönnun sína; foreldrar sakborningsins gáfu fjarvistar-sönnun en þeim var ekki trúað í réttarhöldunum árið 1997 og hefur vitnisburður Ulf Asgards sennilega ýtt þar undir. Það var smátt og smátt grafið undan trausti sakborningsins á eigið minni (þ.e. fjarvistarsönnuninni) með löngum og ýtnum yfirheyrslum sem vörðu í nokkra mánuði og urðu til þess að lokum að hann trúði sjálfur að hann væri sekur. Fljótlega eftir að málið kom upp voru gerðar breytingar á verklagi lögreglu í Noregi við upptökur viðtala og hið enska PEACE líkan tekið upp þó svo að ekki hafi verið komið á rafrænni hljóðritun á yfirheyrslum lögreglu. Lykilatriðin úr þessu máli má taka saman með eftirfarandi hætti:

1. Þetta er sannreynd fölsk játning 19 ára gamals manns með greind yfir meðallagi, sem átti ekki við nein geðræn vandamál að stríða. Veikleikar hans í varðhaldi og við yfirheyrslur tengdust sögu hans um meinta óviðeigandi kynhegðun mörgum árum áður þegar hann var ennþá í skóla, trú hans og afvegaleiddu trausti hans á lögreglunni, fjörugu ímyndunarafli og litlu trausti á eigin minni (þ.e. fjarvistar-sönnunina).
2. Löng eingangrunarvist ásamt löngum og ásakandi yfirheyrslum urðu til þess að hann gaf falska játningu um að hafa myrt frænku sína og gaf út yfirlýsingu þess efnis að hann væri sekur. Falska játningin var „þvinguð af sannfæringu“ (e. *coerced internalised*) og bar öll höfuðeinkenni minnisvafaheilkennis sem varði í marga mánuði. Á þessum tíma trúði hann því að hann hefði myrt frænku sína þrátt fyrir að muna ekki eftir að hafa gert það.
3. Engar tilhlýðilegar skrár voru til um löngu yfirheyrslurnar sem urðu til þess að frændinn gaf falska játningu og því var mat á yfirheyrslunum erfitt. Þess vegna er ekki hægt að gera sér nákvæmlega í hugarlund hvernig þær fóru fram.
4. Í kjölfar þessa máls og tveggja annarra<sup>239</sup> var verklag lögreglu og réttarfarsreglur teknar til endurskoðunar.<sup>240 241</sup> Þetta sýnir að falskar játningar geta haft jákvæð

<sup>238</sup> Í ákvæðinu segir: Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.

<sup>239</sup> Lilandmálið og Moenmálið.

<sup>240</sup> Mál Fritz Moen er annað þekkt mál í Noregi þar sem sýnt var fram á falska játningu í tveimur manndrápsmálum. Moen hélt fram sakleysi sínu í báðum málunum allt þar til hann lést 1. maí 2005. Þá beið hann eftir niðurstöðu vegna áfrýjunar í öðru málinu til nefndar um endurupptöku sakamála í Noregi (*Kommissjonen for gjenoptakelse av straffesaker*), sem sett var á fót 2004. Það var dapurleg staðreynd að

áhrif á lögreglustörf og bætt réttarfar annarra mála þar sem hætta er á réttarspjöllum.<sup>242</sup>

Gísli og James<sup>243</sup> greina frá skýru dæmi um falska játningu vegna þvingunar og undirgefni. Árið 1987 játaði 17 ára gamall maður í Bretlandi, FC, að hafa nauðgað og myrt tvær eldri konur. Hann var yfirheyrðir samkvæmt PACE lögnum í næstum fjórtán tíma með nokkrum hléum á tveimur dögum. Lögreglan sagðist hafa vitni sem höfðu séð hann í nágrenni heimilis þolendanna um það leyti sem þær voru myrtar. Hann neitaði sök en neitunum hans var mótmælt ítrekað. Hann játaði síðan fyrir eldri rannsóknarlögreglumanni eftir að lögreglumaðurinn hafði spurt hann um af hverju honum „gengi svona illa með stelpur og kynlíf“. Daginn eftir í öðru viðtali reyndi hann að draga játninguna til baka með lögmann viðstaddan en þegar því var mótmælt lét hann fljótt undan og játaði aftur. Játningin virtist vera nákvæm og trúverðug og sakborningurinn var áfram í haldi. Áður en hann játaði byrjaði hann að kjökra, skjálfa og gráta. Nokkrum dögum síðar, á meðan hann var enn í haldi, játaði hann aftur á sig morðin og skrifaði yfirlýsingu þess efnis að hann hefði framið þau, eftir þrýsting frá öðrum fanga. Maðurinn var í varðhaldi í marga mánuði en var síðan sleppt eftir að raunverulegi morðinginn var handtekinn.

Hvorki var sýnt fram á geðveilu í geðlæknisfræðilegu né sálfræðilegu mati fyrir réttarhöldin en sýnt var fram á að sakborningurinn var með meðalgreind. Hann var kvíðinn að eðlisfari og skoraði afbrigðilega hátt á sefnæmiskvörðum í tengslum við að takast á við álag í yfirheyrslunni. Eftir að honum var sleppt fór hann í viðtal hjá Gísla og James<sup>244</sup> og sagði ástæður fölsku játninganna þær að hann vildi að yfirheyrslunum lyki, að hann héldi að þær myndu halda áfram „að eilífu“ ef hann héldi áfram að neita. Hann hafði á endanum sagt lögreglunni það sem hann hélt að þeir vildu heyra til þess að losna undan álaginu af yfirheyrslunni og gæsluvarðhaldinu. Hann sagðist ekki hafa gert sér grein fyrir alvarleika þessa fyrr en nokkrum dögum síðar þegar hann mætti fyrir rétt. Lykilatriðin úr þessu máli má taka saman sem hér segir:

1. Þetta er sönnuð fölsk játning þar sem tvö manndráp og nauðgun koma við sögu. Ungur maður gefur falska játningu eftir nokkurra klukkustunda yfirheyrslu þrátt fyrir að fá hlé, vegna vanhæfni hans til þess að takast á við álagið í gæsluvarðhaldinu og yfirheyrslunum. Hann átti ekki við nein geðræn vandamál að stríða og var með meðalgreind.
2. Lykilatriði í þessu máli var að lögreglan kom auga á hvað FC var viðkvæmur og vandræðalegur yfir kynferðislegri hegðun sinni og notaði það til þess að þvinga fram játningu í yfirheyrslunum. Í öðrum málum þar sem við koma falskar játningar og réttarspjöll hefur slíkum aðferðum einnig verið beitt með hörmulegum

---

sakleysi hans í síðara málinu varð staðfest aðeins nokkrum mánuðum eftir lát hans. Sjá nánar umfjöllun um Moen málið í 20. kafla skýrslu þessarar.

<sup>241</sup> Fahsing & Rachlew, 2010.

<sup>242</sup> Réttarvörslukerfið í Englandi hefur brugðist á svipaðan hátt við sambærilegum réttarspjöllum en ameríska réttarkerfið hefur verið mun tregara til breytinga þrátt fyrir 297 mál þar sem sakfellingu hefur verið snúið við eftir DNA próf (Gudjonsson, 2012).

<sup>243</sup> 1990.

<sup>244</sup> Gudjonsson og MacKeith, 1990.



afleiðingum.<sup>245</sup> Það er lykilatriði að töluverð hætta skapast á fölskum játningum ef spilað er á veikleika sakborninga.

3. Jafnvel eftir að hann dró játninguna til baka í viðurvist lögmanns daginn eftir þá brotnaði hann fljótlega niður á ný þegar hann mætti mótstöðu. Hann gaf þá aftur falska játningu og nákvæmari útlistun á því sem hann átti að hafa gert. Nokkrum dögum síðar var þrýst á hann af öðrum fanga og gaf hann þá aftur falska játningu. Þetta sýnir að það getur verið erfitt að halda það út að draga falska játningu til baka þegar þrýstingur kemur frá lögreglu eða samföngum.
4. Þetta mál gefur til kynna að barnsleg trú saklausra grunaðra einstaklinga á að sannleikurinn (réttlætið) sigri að lokum geti aukið hættu á fölskum játningum. FC áttaði sig ekki á alvarleika játningarinnar og var fyrst og fremst að reyna að finna leið til þess að fá lögregluna til þess að hætta að yfirheyra hann og sleppa honum úr haldi. FC virðist hafa haft barnalega skoðun á því hversu öflugt það er að vera saklaus sem er annar þáttur sem hefur verið sýnt fram á að eykur líkurnar á fölskum játningum.<sup>246</sup>

### **Leiðir að fölskum játningum og röngum dómum**

Leo og Drizin<sup>247</sup> færa rök fyrir því að það séu þrjár villuleiðir að fölskum játningum og röngum dómum:

1. *Rangar ályktanir (misclassification)*. Fyrstu mistökin sem lögreglan gerir yfirleitt, þegar réttarspjöll eiga sér stað, verða þegar hún „ranglega ákveður að saklaus manneskja sé sek“.<sup>248</sup> Það er að segja lögreglan einblínir á rangan sakborning vegna lélegrar eða óviðeigandi viðtalsþjálfunar, „blindrar trúr“ (ofursjálfsstraust) á færni sína til að koma auga á blekkingu og vegna lítills skilnings á sálfræðilegum þáttum.
2. *Þvingun (e. coercion)*. Þegar sá sem liggur undir grun hefur verið (ranglega) álitinn sekur vill lögreglan gjarnan fá fram játningu og getur leitt hana fram með þrýstingi, með því að beita sálfræðilegum aðferðum (e. *psychological manipulation*) og leiðandi spurningum sem oft innihalda lúmskar hótanir eða hvatningu.<sup>249</sup> Í svona málum hefur lögreglan yfirleitt lítil eða engin sönnunargögn sem gerir það oft að verkum að hún verður ennþá ákveðnari í að leysa málið með því að ná fram játningu. Í slíkri stöðu er sakborningurinn oft þannig staddur að hann getur eingöngu einblínt á skammtíma afleiðingar hegðunar sinnar og sér jafnvel þann eina kost í stöðunni að gefa játningu í von um að yfirheyrslunni og varðhaldinu ljúki.<sup>250</sup>
3. *Spillíáhrif (e. contamination)*. Þegar hinn grunaði hefur játað glæpinn (þ.e. sagt: „ég gerði það“) aðstoðar lögreglan yfirleitt við að búa til sannfærandi játningu með smáatriðum sem bendla sakborninginn við afbrotið.<sup>251</sup> Leo og Drizin<sup>252</sup> kalla þetta „samtalið eftir játninguna“ (e. *the post admission narrative*)<sup>253</sup> og

<sup>245</sup> Gudjonsson, 2003a.

<sup>246</sup> Kassin, 2005; Kassin og félagar, 2010.

<sup>247</sup> 2010.

<sup>248</sup> Sjá bls. 13.

<sup>249</sup> Pearse & Gudjonsson, 1999.

<sup>250</sup> Gudjonsson, 2003a.

<sup>251</sup> Garrett, 2011.

<sup>252</sup> 2010.

<sup>253</sup> Sjá bls. 19-20.

þetta er oft mjög öflugt sönnunargagn í réttarhöldum og leiðir yfirleitt til þess að sakborningurinn er dæmdur sekur.<sup>254</sup>

Leo og Drizin<sup>255</sup> lýsa því hvernig rörsýn (e. *tunnel vision*) og staðfestingavilla (e. *confirmation bias*) liti ekki aðeins viðtalsferlið heldur hafi keðjuverkandi áhrif gegnum allt lagaferlið, allt frá ákvörðuninni um að ákæra og til áfrýjunarferlisins. Þarna getur komið við sögu hjarðhugsun (e. *group thinking*) þar sem allir í rannsóknarteyminu eru á þeirri skoðun að einstaklingurinn sé sekur og þetta hefur svo áhrif á og kemur fram í frammistöðu þess sem yfirheyrir.

Bingham af Cornhill, dómsforseti í Wales (*Lord Chief Justice*), lét eftirfarandi orð falla í inngangi að bókinni „Analysing Witness Testimony“<sup>256</sup> um það hvernig lögum er beitt á vitnisburð (í íslenskri þýðingu):

*„Við lifum og lærum. Við höfum lært, ekki aðeins það augljósa að sum vitni eru hreinskilin og önnur óhreinskilin, að sum vitni eru áreiðanleg en önnur ekki, heldur einnig aðra hluti sem ekki eru eins augljósir: að vitni geta verið að hluta til hreinskilin og að hluta til óhreinskilin, að hluta til áreiðanleg og að hluta til óáreiðanleg, að vitni geta verið algjörlega hreinskilin, fullkomlega örugg og mjög sannfærandi en haft samt rangt fyrir sér: að fólk getur stundum, af flóknum sálfræðilegum ástæðum, sagst bera ábyrgð á hræðilegum verkum sem það gerði aldrei“.*

Þessi orð dómsforsetans gefa til kynna að skilningur, túlkun og beiting laga þurfi að geta aðlagað sig í nálgun sinni að réttlætinu. Fisher og McKenzie<sup>257</sup> virðast taka undir þetta þegar þeir bera saman mismunandi nálgun enska og ameríska réttarkerfisins að réttarspjöllum og benda á að embættismenn í Massachusetts fylki ættu að íhuga að öflugri úrræði til að vernda þá saklausu frá mistökum lögreglu og misnotkun og líta í því efni til reynslu Englendinga.

### **Niðurstöður**

Fræðin á bak við falskar játningar rekja upphaf sitt til níunda áratugarins með vinnu Gísla Guðjónssonar og James MacKeith á Englandi. Þeir mótuðu hugtakið „minnisvafaheilkenni“, þróðu aðferð til að meta mál þar sem játningar eru umdeildar, greindu mjög nákvæmlega mál þar sem falskar játningar þóttu sannaðar og þróðu mælitæki til að meta mismunandi sálfræðilega veikleika. Saul Kassin og Lawrence Wrightsman í Bandaríkjunum flokkuðu falskar játningar í sjálfviljugar, þvingaðar af undanlátsemi og þvingaðar af sannfæringu. Ofshe og Leo<sup>258</sup> og Drizin og Leo<sup>259</sup> greindu síðar mjög nákvæmlega afar mörg mál þar sem sannað þykir að falskar játningar hafi komið við sögu. Síðan þá hefur mikil tilraunavinna farið fram í tengslum við falskar játningar af

<sup>254</sup> Sjá einnig Leo & Davis, 2010.

<sup>255</sup> 2010.

<sup>256</sup> Heaton-Armstrong, Shepherd, & Wolchover, 1999.

<sup>257</sup> 2003.

<sup>258</sup> 1997.

<sup>259</sup> 2004.

hálfu Saul Kassin og félag. Við þá vinnu bætast rannsóknir á fölskum játningum fanga og geðveikra, einnig fólks sem er yfirheyrt á lögreglustöðvum og rannsóknir og stórar faraldsfræðilegar kannanir á fölskum játningum sem hafa að mestu leyti verið framkvæmdar á Íslandi og hafa haft alþjóðleg áhrif á fræðin um falskar játningar.

Öll þessi vinna hefur sýnt fram á að falskar játningar eru mun algengari en lengi var talið og varpað ljósi á ferlin sem búa þeim að baki. Þegar DNA rannsóknir voru kynntar til sögunnar á níunda áratugnum varð auðveldara að komast að sakleysi þeirra sem gáfu upp meinta falsa játningu. Þann 26. febrúar 2013 höfðu 302 dómar verið ógiltir vegna DNA prófa í Bandaríkjunum síðan 1989. Garrett hefur nýlega rannsakað 40 DNA ógildingarmál þar sem falskar játningar koma við sögu og aukið skilning okkar á fölskum játningum, áhættuþáttum og ferlunum sem búa að baki. Eins og þetta yfirlit sýnir er vísindagrunnurinn á bak við falskar játningar nú orðinn töluverður og hefur hann haft áhrif á dómaframkvæmd á alþjóðavísu.

Að lokum geta sálfræðileg gögn varðandi falskar játningar haft jákvæð áhrif á störf lögreglu og bætt nálgun réttarkerfisins á réttarspjöllum í öðrum tilfellum. Þannig hafa bæði enska og norska réttarkerfið brugðist við réttarspjöllum sem hafa komið upp.

## **19.2. Sálfræðilegt mat á framburðum dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum**

Í þessum kafla liggur fyrir sálfræðimat á áreiðanleika framburða sakborninganna sex, Erlu, Sævars, Kristjáns Viðars, Tryggva Rúnars, Alberts og Guðjóns, sem sakfelld voru í Guðmundar- og/eða Geirfinnsmálunum. Sævar, Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Albert voru sakfelldir fyrir aðild að Guðmundarmálinu og Erla, Sævar, Kristján Viðar og Guðjón að Geirfinnsmálinu. Matið byggir á margskonar gögnum sem liggja fyrir í málunum tveimur, s.s. lögregluskýrslum, dómi Hæstaréttar, geðskýrslum um fimm sakborninganna,<sup>260</sup> endurupptökubeiðnum Sævars og Erlu, harðræðisrannsókninni 1979, upplýsingum frá Fangelsismálastofnun ríkisins um gæsluvarðhalds- og afplánunurvistir sakborninganna, færslum um sakborningana í dagbókum fangelsisins Síðumúla 28 þegar þeir voru vistaðir þar í gæsluvarðhaldi eða voru færðir þangað til yfirheyrslu, og fjölda annarra málsgagna.

Matið byggir einnig á gögnum og upplýsingum sem aflað var sérstaklega við rannsókn starfshópsins, s.s. viðtölum við þá sakborninga sem enn eru á lífi, viðtölum við nokkra rannsakendur og fangaverði er komu til viðtals við starfshópinn eða höfunda þessarar skýrslu, og dagbókum tveggja sakborninga, Guðjóns Skarphéðinssonar og Tryggva Rúnars Leifssonar, sem þeir rituðu í gæsluvarðhaldinu um líðan sína, hugsanir og ýmsa atburði. Sumar lýsingar þeirra eru mjög ítarlegar og koma heim og saman við dagbækur Síðumúlafangelsis. Telja höfundar þessa sálfræðimats lýsingar þeirra á ástandi sínu, vangaveltum og álaginu sem þeir upplifðu í gæsluvarðhaldinu trúverðugar og að ekki sé nokkur vafi á að dagbækurnar hafi verið ritaðar þegar sakborningarnir voru vistaðir í

<sup>260</sup> Ekki var gerð geðrannsókn á Alberti Klan Skaftasyni og ástæða þess liggur ekki fyrir.

gæsluvarðhaldinu. Þá höfðu höfundar matsins bækur og greinar sem ritaðar hafa verið um sakborningana í málunum tveimur, blaðagreinar um málin o.fl. til hliðsjónar við matið.

Höfundar þessa hluta skýrslu starfshópsins fóru yfir dagbækur Síðumúlafangelsis á þeim tíma er rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna fór fram og skráðu allar færslur um sakborningana í málunum báðum í tímaröð. Í dagbækurnar er ýmislegt skráð er snerti daglegt líf í fangelsinu, s.s. heimsóknir utanaðkomandi einstaklinga eins og fangaprests, fangelsislæknis, rannsakenda og lögmanna sakborninga. Þá er skráð hver eða hverjir komu til að hitta hvaða sakborning og af hvaða tilefni, s.s. „til viðtals“, skýrslutöku eða yfirheyrslu,<sup>261</sup> og þegar farið var með sakborninga út úr fangelsinu í einhverjum erindagerðum, s.s. til skýrslutöku í sakadómi, til lækna og í ýmiskonar „leiðangra“, „vettvangsferðir“ og „bíltúra“.<sup>262</sup> Oft er skráð hvar samtöl eða yfirheyrslur áttu sér stað í fangelsinu, þ.e. í yfirheyrsluherbergi eða í klefa viðkomandi sakbornings, og lang oftast er skráð hvenær samtál eða ferðir út úr fangelsi hófust og hvenær þeim lauk.

Dagbækurnar gefa mikilvægar upplýsingar um ýmislegt er snerti líf sakborninganna í Síðumúlafangelsi þegar þau voru vistuð þar í einangrun á meðan á rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna stóð. Sérstaklega mikilvægar eru upplýsingar um samskipti rannsakenda við sakborningana, um ákvarðanir sem teknar voru um vistun sakborninganna í einangruninni, um afskipti fangavarða að rannsókn málanna og um viðhorf bæði fangavarða og rannsakenda til sakborninganna. Margt af því sem skráð er í dagbækurnar staðfestir frásagnir sakborninganna sem komu fram í viðtölum við starfshópin og höfunda þessa kafla og margt af því sem fram hefur komið í bókum og greinum sem skrifaðar hafa verið um þá á síðustu þremur áratugum.

Hluti þessara upplýsinga sem skráðar voru eftir dagbókunum var notaður í sálfræðimatinu, s.s. um heimsóknir lögmanna sakborninganna, fjölda yfirheyrsla og annarra samtala rannsakenda við sakborningana, fjölda ferða út úr fangelsinu o.s.frv. Dagbækurnar gefa þó ekki heildstæða mynd að þessu leyti og var heildaryfirlitið yfir öll fyrirbyggjandi gögn í málunum sem starfshópurinn vann og nánar er fjallað um hér á eftir notað að auki til að fá fram sem skýrasta mynd af rannsókn málanna.

Þann fyrirvara<sup>263</sup> ber auk þess að gera við upplýsingarnar úr dagbókunum, s.s. varðandi tímasetningar og tímalengd viðtala og ferða út úr fangelsinu, að dagbækurnar voru ekki

<sup>261</sup> Almennt virðist það hafa verið kallað skýrslutaka þegar skýrsla var tekin af sakborningi við eða eftir yfirheyrslu og hún lang oftast undirrituð. Yfirheyrslur og viðtöl við sakborningana voru hins vegar fleiri en skýrslutökur. Í sálfræðimatinu hér á eftir er því talað um skýrslutökur þegar fyrir liggja skriflegar skýrslur og þegar ekki liggja fyrir skýrslur er talað um yfirheyrslur eða viðtöl. Í samantektarköflunum er orðið yfirheyrsla notað yfir allar yfirheyrslur, hvort sem skýrslur liggja fyrir eða ekki.

<sup>262</sup> Um vandamál sem fylgja því að eiga samskipti við sakborninga utan formlegra og skráðra viðtala sjá í Moston og Stephenson (1993).

<sup>263</sup> Í endurupptökumáli Sævars frá 1997 fjallaði talsmaður hans um upplýsingar um formlega og óformlegar yfirheyrslur og ökuferðir sem skráðar voru í dagbækur fangelsisins en ekki eru til skýrslur eða aðrar ritaðar heimildir um. Hæstiréttur fjallaði um þetta og sagði að líta yrði til þess að „að slík dagbók væri heimild um vitneskju þess starfsmanns fangelsisins, sem hana færir, og þá öðru fremur um að

gerðar með rannsókn sem þessa í huga. Ljóst er þó að upplýsingar um fjölda og lengd yfirheyrsla og annarra samskipta milli rannsakenda og sakborninga eru frekar van- en oftaldar því í málunum báðum liggja ekki fyrir upplýsingar um tímalengd yfirheyrsla í fjölda tilvika og þá liggur oft ekki fyrir hvort um formlega skýrslutöku var að ræða eða óformlegt samtal. Þá er ljóst að ekki liggja fyrir skýrslur eða upplýsingar um öll samskipti rannsakenda og sakborninganna.

Þrenns konar fyrirvara má hafa í huga varðandi gögn þau er lögð voru til grundvallar við sálfræðimatið. *Í fyrsta lagi* eru liðin tæplega 40 ár frá því sakborningarnir voru vistaðir í einangrun í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Þetta langur tími á milli atburða og upprifjunar í viðtali getur auðveldlega leitt til þess að frásagnir fólks verða ónákvæmar, því almennt séð þá versnar minni fólks með tímanum.<sup>264</sup> Minni sakborninganna um sum málsatvik geta hafa dofnað, þótt líklegt sé að minni þeirra á helstu atburði sé rétt. Vitað er að aukaatriði geta gleymst og aðalatriði spillst í minni fólks vegna truflandi áhrifa upplýsinga sem síðar berast, s.s. fjölmiðlaumfjöllunar eða vegna samtala við aðra.<sup>265</sup>

*Í öðru lagi* þá er almennt talið óráðlegt að treysta eingöngu á framburð sakborninga við svona mat. Höfundar hafa því forðast það eins og unnt er með því að meta frásagnir þeirra í samhengi við önnur gögn sem fyrir liggja og í mörgum tilvikum geta staðfest frásagnir þeirra, t.d. með því að bera þær saman við lögreglu- og dómskýrslur, dagbækur fangelsisins og viðtöl við fyrrverandi fangaverði og rannsakendur.

*Í þriðja lagi* ber að hafa í huga við lestur sálfræðimatsins að í því eru birtar tilvitnanir úr lögregluskýrslum og öðrum málsgögnum án þess að vísað sé nákvæmlega til viðeigandi skjala og blaðsíðunúmera. Þegar starfshópurinn hóf störf kom fljótt í ljós að gögnin í þessum tveimur málum höfðu ekki verið flokkuð og vistuð á aðgengilegan hátt til rannsókna. Þá kom einnig í ljós að þau eru ekki öll á forræði eins aðila eða stofnunar og að þeim hefur ekki verið haldið til haga á einum stað. Starfshópurinn lagði því mikla vinnu í að afla gagna, flokka þau og skrá heildstætt í tímaröð. Sú skrá liggur að miklu leyti til grundvallar lýsingum á rannsókn málanna eins og henni er lýst í sálfræðimatinu sem fjallað er um hér á eftir og því er ekki vitnað til einstakra skjala.

Niðurstaðan af yfirheyrslu lögreglu (eða samtals í klefa sakbornings eða í ökuferð með hann) er lifandi og gagnvirkt ferli, sem samanstendur af nokkrum mikilvægum þáttum sem skipta má upp í *aðstæðubundna* þætti, *persónulega* þætti og þætti er lúta að *stuðningi* sem sakborningurinn fær á meðan á rannsókn málsins stendur. Með aðstæðubundnum þáttum er í fyrsta lagi átt við aðstæður við rannsókn málsins, þ.e. eðli rannsóknarinnar, fyrirbyggjandi sönnunargögnum í málinu sem borin eru saman við játningu

---

tiltekinn fangi sé færður úr klefa í hendur lögreglumanna eða fyrir dóm og að fanginn hverfi aftur til klefa síns að liðnum ákveðnum tíma. Dagbókin gæti hins vegar að öðru jöfnu ekki veitt viðhlítandi upplýsingar um hvað hafi nánar farið fram á tímaskeiði, sem fangi hefur verið utan klefa síns af ástæðum sem þessum, þar á meðal um lengd yfirheyrslu, ef um hana hefur verið að ræða.“ (Sjá nánar í kafla 10).

<sup>264</sup> Sjá í Gísli H. Guðjónsson (1992).

<sup>265</sup> Sjá nánar umfjöllun um trúverðugleika framburða fyrrverandi vistmanna og starfsmanna í skýrslu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 (vistheimilanevnd), bls. 93-97.

sakbornings um aðild að máli, möguleikum á spilliáhrifum og þrýstingi á lögreglu til að leysa mál. Í öðru lagi er átt við þætti eins og eðli og lengd lögregluviðtalsins við sakborninginn, eðli og lengd einangrunarvistarinnar<sup>266</sup> og hversu góð og heildstæð skráning viðtala er. Með persónulegum þáttum er átt við hluti eins og einstaklingsbundnar aðstæður sakborningsins sjálfs þegar hann er hnepptur í gæsluvarðhald og einangrunarvist, tengsl á milli hans og rannsakenda, tengsl á milli sakborninga (ef fleiri en einn sakborningur eiga hlut að máli), persónuleika sakbornings og líkamlega og andlega heilsu hans. Með stuðningsþáttum er átt við stuðning lögmanns, samskipti sakbornings við fjölskyldu og veru óháðs aðila, sem gætir hagsmuna sakbornings, í lögregluviðtali.

Í sálfræðimatínu á áreiðanleika framburðar sakborninganna í Guðmundar- og Geirfinns-málunum sem hér fara á eftir er reynt að lýsa aðdragandanum og atburðarásinni í framburðum hvers og eins þeirra eins vel og kostur er og meðferð þeirra í einangrunarvistinni. Upplýsingarnar eru þó ekki tæmandi, eins og gefur að skilja því magn fyrirbyggjandi gagna er mikið, en reynt er að gefa sem gleggsta mynd af framburðum þeirra og framvindu málanna og því er vitnað orðrétt í fjölda skýrslna. Fjallað er um geðrannsóknir sem gerðar voru á fimm sakborninganna og niðurstöður þeirra til að fá sem skýrasta mynd af veikleikum sakborninganna sem koma til álitu þegar áreiðanleiki framburðar þeirra er metinn. Fjallað er um viðtöl sem höfundar þessa kafla og starfs-  
hópurinn áttu við sakborningana sem á lífi eru, svo og viðtöl við nokkra þáverandi fangaverði, viðhorf fangavarda og rannsakenda til þeirra, til að fá sem gleggsta mynd af sálrænu ástandi sakborninganna og aðstæðum þeirra í einangruninni.

Sálfræðimatið er unnið út frá núverandi vísindalegri þekkingu á sviðinu. Sú þekking hefur vaxið gríðarlega síðan á níunda áratugnum.<sup>267</sup> Við mat á áreiðanleika framburðar er það besta aðferðin (e. *golden standard*) til að samþætta upplýsingar úr ýmsum áttum, s.s. bakgrunnsupplýsingar úr máli, lögregluskýrslur og gögn um einangrunarvist sakbornings, framburð, dómskjöl, viðtöl við sakborninga og vitni, s.s. lögreglumenn og fangaverði, persónulegar dagbækur og geð- og félagssögu sakbornings. Í lok hvers mats eru allar þessar upplýsingar dregnar saman eftir fræðilegri umgjörð Gísla H. Guðjónssonar<sup>268 269</sup> um játningar og lagt mat á bæði sálræna og aðstæðubundna þætti svo og stuðning lögmanns á meðan á einangruninni stóð. Í lokin eru svo settar fram ályktanir höfunda um áreiðanleika framburðar hvers og eins sakbornings.

---

<sup>266</sup> Í Bretlandi hefur verið afar sjaldgæft að halda sakborningum í gæsluvarðhaldi og einangrun í 96 tíma í sakamálum fyrir ákæru, en það er hámark samkvæmt lögum (Home Office, 1985). Einangrunarvist getur þó verið lengri, eða í allt að hálfan mánuð, í hryðjuverkamálum. Strax á áttunda áratugnum lýstu fræðimenn yfir miklum áhyggjum af notkun einangrunarvistar og pyntinga í hryðjuverkamálum á Norður-Írlandi (sjá í Shallice, 1972; Walsh, 1982).

<sup>267</sup> Sjá fyrsta hluta þessa kafla.

<sup>268</sup> Gísli H. Guðjónsson (2003a).

<sup>269</sup> Sjá einnig umfjöllun um þessa fræðilegu umgjörð í fyrsta hluta þessa kafla.

### 19.2.1. Sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburðar Erlu Bolladóttur

Erla Bolladóttir sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á Guðmundar- og Geirfinnsmálunum í 239 daga, eða frá 4. maí til 22. desember 1976.<sup>270</sup> Hún var ekki ákærð fyrir aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar, en 16. mars 1977 var hún hinsvegar ákærð fyrir aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar með því að hafa aðstoðað við að afmá ummerki um brotið og fyrir m.a. það hlaut hún með dómi sakadóms þriggja ára fangelsisvist. Staðfesti Hæstiréttur þá refsingu með dómi sínum þann 22. febrúar 1980.

#### *Yfirheyrslur yfir Erlu*

Erla Bolladóttir fæddist 19. júlí 1955 og var hún því 20 ára gömul þegar fyrst var tekin af henni skýrsla vegna Guðmundarmálsins þann 20. desember 1975 í Síðumúlafangelsi. Við þessa skýrslutöku hafði Erla stöðu vitnis og tilefni skýrslutökunnar var að „rannsóknarlögreglunni hefur borist til eyrna að sambýlismaður Erlu geti hugsanlega verið viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar, aðfaranótt 27. janúar 1974.“ Skýrslutakan tók samtals sjö klukkustundir og fimm mínútur og lýsti Erla atburðarás eftir að hún kom heim á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði seint um nótt eftir dansleik aðfaranótt 27. janúar 1974. Hún sagðist hafa orðið vitni að því að Sævar, Kristján Viðar og þriðji maðurinn, sem hún ekki þekkti, voru að bera eitthvað stórt og þungt á milli sín í ljósu laki. Sagðist Erla ekki hafa séð hvað í lakinu var en hún væri þess fullviss að þetta var mannlíkami. Erla var látin laus að lokinni þessari skýrslutöku.

Þess ber að geta að þegar þessi skýrslutaka vegna Guðmundarmálsins átti sér stað hafði Erla setið í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi í vikutíma vegna póstsvikamáls eða frá 13. desember 1975. Samkvæmt dagbók fangelsisins hafði hún verið yfirheyrð sjö sinnum dagana 17. til 19. desember í samtals 25 og hálf klukkustund. Samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur játaði Erla aðild að póstsvikamálinu „og skýrði frá því, hvernig þau ákærði Sævar Marinó hefðu staðið að því að svíkja fé út hjá Pósti og síma í ágúst og október 1974.“ Lengsta yfirheyrslan stóð yfir í níu og hálf klukkustund, eða frá hádegi til klukkan hálf ellefu um kvöldið og ein yfirheyrslan stóð fram á nótt. Þá vekur einnig athygli að samkvæmt dagbók fangelsisins var Erla yfirheyrð í klefa sínum í fimm og hálf klukkustund einn daginn.

Fyrsta skýrslan vegna Geirfinnsmáls, sem tekin var af Erlu, er dagsett þann 23. janúar 1976. Samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsis var Erla sótt af Sigurbirni Víði, rannsóknarlögreglumanni, og fór skýrslutakan fram í fangelsinu og tók þrjár klukkustundir. Erla gaf upplýsingar um það sem hún taldi sig vita um hvarf Geirfinns. Hún sagði að þau Sævar hefðu farið upp í bíl við skemmtistaðinn Klúbbinn og sagðist í fyrstu ekki hafa kannast við bílstjórann, en áttað sig á því er komið var til Keflavíkur að hann var Magnús Leópoldsson. Þá sagðist hún, auk þeirra tveggja, hafa séð í fjörunni í Keflavík Einar bróður sinn og Kristján Viðar og ókunnugan mann sem hana grunaði síðar að hefði verið Geirfinnur. Í ferðinni til Keflavíkur sagðist hún hafa haft það á tilfinningunni að það ætti að stytta sér og einhverjum manni aldur. Hún sagðist hafa flúið af staðnum

<sup>270</sup> Erla var vistuð í gæsluvarðhaldi frá 13. til 20. desember 1975 vegna póstsvikamáls, er hún var fyrst yfirheyrð vegna Guðmundarmálsins.

er í Dráttarbrautina í Keflavík kom og fengið far með Moskovitch fólksbifreið og síðar vöruflutningabifreið til Hafnarfjarðar. Við þessa skýrslutöku minntist hún ekki á Guðjón Skarphéðinsson. Að skýrslutöku lokinni skilaði Sigurbjörn Víðir rannsóknarlögreglu- maður henni heim til sín.

Fyrir liggur að frá því að Erla var látin laus úr gæsluvarðhaldinu vegna póstsvikamálsins 20. desember 1975 og þangað til hún var úrskurðuð í gæsluvarðahald á ný vegna Geirfinnsmálsins þann 4. maí 1976 voru teknar af henni átta skýrslur vegna þess máls og á því fjögurra mánaða tímabili var hún þrisvar sinnum færð til samprófunar, tvisvar sinnum tekin í sakbendingu og einu sinni farið með hana í vettvangsferð „suður fyrir Hafnarfjörð“, þar sem hún vísaði á „hraungjótu skammt frá Krísuvíkurvegi sem hún taldi mögulegt, að eitthvað hefði verið sett í“. Ekki liggja fyrir skýrslur vegna vettvangs- ferðarinnar og einnar yfirheyrslunnar, en upplýsingar um að þessar rannsóknaraðgerðir hafi verið framkvæmdar er að finna í dagbók fangelsisins Síðumúla.

Samkvæmt dagbók fangelsisins var komið með Erlu í fangelsið um klukkan hálf níu að kvöldi 3. maí, og hún yfirheyrð í rúmar þrjár klukkustundir. Að lokinni þeirri yfir- heyrslu, fljótlega eftir miðnætti, var hún vistuð í fangaklefa og um það segir eftirfarandi í dagbók fangelsisins: „Kemur Erla og var þá ákveðið að hún færi á [klefa] 4. Hún var í uppnámi og gerðum við ýmsar ráðstafanir í því sambandi og þótti okkur æskilegt að það yrði leitað betur en við gátum gert [þ.e. á Erlu og af því tilefni var kallað í kven- fangavörð til að leita á henni]. Óskaði Örn Höskulds [fulltrúi yfirsakadómara] eftir því að við hringdum í Gunnar Guðmundsson [yfirfangavörð] og fengjum fyrirmæli frá honum hvernig hún skyldi búin undir þessa nótt hjá okkur“. Um klukku tíma síðar er skráð í dagbókina: „Hallvarður ítrekar að Erlu verði gætt mjög vel.“

Dagbókin greinir einnig frá að Hallvarður Einvarðsson, þáverandi vararíkissaksóknari, hafi spurt hvort séra Jón Bjarman fangaprestur, væri kominn til hennar. Samkvæmt dagbókinni var Jón Bjarman beðinn um að vitja Erlu og dvaldi hann hjá henni í rúma tvo klukku tíma um nóttina. Að því viðtali loknu segir í dagbókinni: „og er hún [Erla] allt önnur að sjá eftir það viðtal, tekur clorali 15 mg [róandi lyf] og sofnar [...] Jón Bjarman hefur sagt Erlu Bollad. að hún megi kalla eftir sér jafnt nótt sem dag. (eigi hún mjög erfitt)“. Morguninn eftir hringdi Hallvarður aftur til að grennslast fyrir um líðan Erlu og skrifar dagbókarritari Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður: „Ég sagði að henni liði vel hún hefði sofnað eftir að prestur fór frá henni og hef gefið fyrirmæli um að hún fengi lyf til að sofna af“. Seinna þennan dag, 4. maí, var Erla yfirheyrð í tæpan þrjá og hálf klukkustund. Hún sagðist hafa orðið Geirfinni að bana með því að skjóta hann með riffli sem Sævar hefði látið hana fá og að því loknu hefði hún laumast burtu og falið sig í mannláusu húsi. Í framhaldi af skýrslutökunni var hún svo úrskurðuð í 60 daga gæsluvarðhald.<sup>271</sup>

<sup>271</sup> Þess skal getið að séra Jón Bjarman, fangaprestur, ritaði dómsmálaráðherra bréf þann 24. september 1976 og aftur 30. maí 1978, til að vekja athygli á meintu harðræði við m.a. sakborningana í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, sérstaklega dagana 4. og 5. maí 1976. Jón Bjarman lýsir frásögnum þriggja sakborninganna, Sævars, Kristjáns Viðars og Erlu, á eftirfarandi hátt: „Í samprófuninni var lagt hart að



Ellefta skýrslutakan af Erlu fór ekki fram fyrr en þrem vikum síðar eða 28. maí 1976 og stóð hún í tæpar átta klukkustundir, en á tímabilinu frá 4. til 28. maí var hún yfirheyrð (eða „tekin til viðtals“) 20 sinnum í samtals um 21 klukkustund og tekin í samprófun fjórum sinnum (ein samprófunin tók þrjár klukkustundir og 25 mínútur). Yfirheyrslan 28. maí snerist að mestu um samskipti Sævars og Guðjóns og samkvæmt dagbók fangelsisins var Hallvarður viðstaddur yfirheyrsluna.

Tólfta skýrslutakan af Erlu, fór fram 75 dögum síðar eða þann 11. ágúst og var þýski rannsóknarlögreglumaðurinn Karl Schütz viðstaddur þá yfirheyrslu. Yfirheyrslan snerist m.a. um hver hefði ekið bifreiðinni sem þau fóru í til Keflavíkur og um kápu sem hún hefði týnt í ferðinni. Á þessum 75 dögum hafði hún, samkvæmt færslum í dagbók fangelsisins, verið yfirheyrð eða við hana rætt 45 sinnum í samtals rúmar 50 klukkustundir, hún þrisvar sinnum látin undirgangast samprófun og farið með hana í fjórar ferðir út úr fangelsinu, þar af þrisvar sinnum með Sævari og einu sinni með fangaverði. Í dagbók fangelsisins er skráð að þrjár þessara ferða voru farnar „suður í hraun“. Þess ber að geta að sjö yfirheyrslanna fóru fram í klefa Erlu í Síðumúlafangelsi og stóð sú lengsta yfir í þrjár klukkustundir og 20 mínútur. Í millitíðinni, eða þann 3. júlí var gæsluvarðhaldinu yfir Erlu framlengt um 60 daga og fór sú dómsathöfn einnig fram í klefa Erlu.

Þann 14. ágúst, eða þremur dögum eftir tólftu skýrslutökuna 11. ágúst 1976, afhenti Erla fangaverði lokað bréf til Arnar Höskuldssonar um Geirfinnsmálið, en Örn kom samdægurs og sótti bréfið, skv. dagbók fangelsisins. Í bréfinu dregur Erla játningu sína um að hafa orðið Geirfinni að bana til baka, „Játning mín var vísvitandi uppspuni“ skrifar hún, og gefur þær ástæður fyrir að hafa játað að eftir að afskiptum rannsakenda af Guðmundarmálinu lauk hafi henni fundist hún vera yfirgefín og í slæmu andlegu ástandi og hafi hún því verið að vekja athygli á sér með því að spinna upp atburðarás í Geirfinnsmálinu. „Síðan sá ég, eða gerði, í hugskotssjónum mínum mynd af atburðinum og lifði mig inn í hana. Sagði ykkur frá því aftur og aftur, svo hún mótaðist æ fastar í höfði mínu.“ Degi síðar var gerð leit í klefum Síðumúlafangelsisins og samkvæmt dagbók fangelsisins voru Örn Höskuldsson og þýski rannsóknarlögreglumaðurinn Schütz meðal þeirra er voru viðstaddir leitina. Úr yfirlitsskýrslu Eggerts N. Bjarnasonar yfir rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna má lesa um þessa leit: „Úr klefa Erlu Bolladóttur var einnig tekið nokkuð af lesmáli sem Sigurbjörn Víðir hefur til athugunar.“ Ekki virðist hins vegar hafa verið skrifuð sérstök skýrsla um þessa leit og ekki liggur fyrir hvaða „lesmál“ var tekið af Erlu.

Erla skrifaði Erni Höskuldssyni annað bréf þann 15. ágúst þar sem hún segir bréfið sem hún skrifaði deginum áður hafi verið „mistök af minni hálfu“. Þá segir hún:

---

Sævari að játa lýsingu Erlu á atvikum en hann virtist ringlaður og miður sín og ekki vita hvaðan á sig stóð veðrið. Meðan að þessu fór fram greip Eggert í hár Sævars, kippti honum og hrinti til og frá svo hann var nærri fallinn í gólfíð og ógnaði honum. Seinna, þegar Sævar mótmælti einhverju, gekk Gunnar yfirfangavörður að honum og löðrungaði hann. Samprófunin endaði í upplausn við það að Erla fór að æpa í móðursýkiskasti, var þá kallað á tvo fangaverði, sem drógu Sævar til klefa síns.“ Sjá einnig Rannsókn á meintu harðræði, mál nr. 2875/79.

*„Ég sit hér og hugsa, ég hugsa ótrúlega mikið um þessa hluti og hvers vegna enginn talar við mig. Ég veit ekki hvað gerist og ég verð örvæntingarfull og reið út í lífið held ég og skrifaði þetta bréf (14.8) sem framhald af slíkum hugsunum. Ég dreg það hér með til baka, í þeirri von, að þú fyrirgefir mér og ég get gert mér í hugarlund hversu mjög þetta bréf hefur reitt þig til reiði. [...] Ég vonast eftir fyrirgefningu þinni og meira að segja samtali, í tengslum við barnið mitt, sem ég lifi fyrir.“*

Þrettánda skýrslutakan af Erlu vegna Geirfinnsmálsins fór svo fram nokkrum dögum eftir þetta, eða 19. ágúst, og stóð hún aðeins yfir í 20 mínútur. Farið var í eins og hálf klukkustundar vettvangsferð með Erlu „á ákveðinn stað“ suður í hraun þann 24. ágúst og þá var hún yfirheyrð einu sinni þann 31. ágúst og kvenfangavörður, sem starfaði í öðru fangelsi<sup>272</sup>, fengin til að ræða við hana á klefa í rúman hálf tíma. Ástæða þess að kvenfangavörður var fengin til að ræða við Erlu í þetta skiptið var sú að henni leið mjög illa og var talin vera í sjálfsvígshættu.

Þann 1. september var gæsluvarðhaldið framlengt um 90 daga og um kvöldið var tekin fjórtánda skýrslan af Erlu. Skýrslutakan stóð yfir í rúmar þrjár klukkustundir og lauk rétt fyrir miðnætti. Í þeirri skýrslutöku dró hún formlega til baka framburð sinn um að hún hefði skotið Geirfinn.

Fimmtánda skýrslutakan af Erlu fór ekki fram fyrr en einum og hálfum mánuði síðar eða 15. október og í þetta skipti var skýrslutökunni stjórnað af þýska rannsóknarlögreglumanninum Schütz. Samkvæmt dagbók fangelsisins hafði Erla verið yfirheyrð tvisvar dagana 11. og 12. september í samtals um tvær klukkustundir og í bæði skiptin af Schütz og þann 15. september var hún færð úr Síðumúlafangelsi í Hegningarhúsið. Að kvöldi þess 12. október var Erla sótt í Hegningarhúsið og flutt í Síðumúlafangelsið og 15. október var hún yfirheyrð á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Í upplýsingaskýrslu Sigurbjörns Víðis Eggertssonar, rannsóknarlögreglumanns, 15. október 1976, segir að í byrjun yfirheyrslu þennan dag hafi Erla afhent Schütz bréf sem hún hafði skrifað honum tveimur dögum áður. Í yfirlýsingunni lýsir Erla „...því hermeð yfir, eftir langar og yfirvegaða umhugsun að nú hef ég sagt allan sannleikann í Geirfinnsmálinu – eftir að ég fékk að sjá barnið mitt heima hjá móður minni. Ég legg áherslu á það, að hér er um hinn raunverulega sannleika að ræða. [...] ég hef áður skýrt frá öllu í þessu máli, í samræmi við óskir hans [Sævars] en það geri ég ekki lengur.“ Þá segir Erla jafnframt: „Það er nauðsynlegt fyrir mig að taka að mér móðurhlutverk mitt gagnvart barni okkar [Sævars], [...] Barnið þarf nauðsynlega á mér að halda.“

Í fyrnefndri upplýsingaskýrslu Sigurbjörns Víðis segir um yfirheyrsluna 15. október að Erla hafi skýrt frá því:

*„hvernig hún teldi sig hafa haft eftir Sævari, margt af því sem hún hafði sagt í máli þessu. Erlu var bent á það sem hún hefði sagt og stæði í skjölum málsins*

<sup>272</sup> Þess ber að geta að ekki störfuðu kvenfangaverðir í Síðumúlafangelsinu á þessum tíma.

og kvaðst Schütz hvetja hana til að segja allan sannleikan. Hann benti henni ennfremur á að margt af því sem hún hefði sagt og stæði í málsskjölunum, kæmi heim og saman við það sem aðrir hefðu sagt og kæmi því ekki annað til greina, að hans áliti, en að annað hvort hefði hún farið til Keflavíkur í umrætt sinn eða einhver hefði sagt henni frá þessari ferð og það mjög nákvæmlega og þá skyldi hún segja hver hefði sagt henni það. Schütz ítrekaði við Erlu að segja allan sannleikan í málinu og svaraði hún þá: „Þá hef ég farið til Keflavíkur“. Hann bað hana að skrifa bréf með öllum þeim upplýsingum varðandi málið, sem hún vissi, og kvaðst Erla mundi gera það. Meðan á yfirheyrslunni stóð var Erla mjög óstyrk og grét. Sagði að það sem hún hefði sagt og stæði í málsskjölunum væri hugarburður hjá sér, en þó vissi hún ekki hvort sumt af því væri raunveruleiki.“

Þann 15. október ritaði Schütz athugasemdir við þessa yfirheyrslu. Í athugasemdum Schütz segir að eftir að Erlu hafði verið bent „ákveðið á andstæður í framburði“ hennar, þá:

„lýsti [Erla] því enn yfir grátandi að hún hefði aldrei fengið bein fyrirmæli frá Sævari. Er hún var áminnt lýsti hún því enn yfir að hún hafi ekki verið í Keflavík, hún héldi fast við það. Enginn tryði henni og hún vissi varla lengur hvað hún ætti að segja. Hún var hvött til þess að segja loks frá því hvaða aðilar hefðu sagt henni í einstökum smáatriðum frá því sem gerðist. Stöðugt hélt hún því fram að það væri ímyndun sín. [...] Þegar hún var áminnt frekar og sagt frá því að hún gæti ekki hafa fundið upp þessi einstöku atriði sem bæri saman við framburð annarra, komst hún í mikla geðshræringu [...] Ég held fast við það að ég var ekki í Keflavík [...] Þegar henni var sagt að yfirheyrslan yrði að taka enda varð hún æst. Hún virtist ætla að komast í móðursýkiskast. Erla lamdi aftur og aftur í borðið og æpti grátandi: „Enginn trúir mér hérna.“ Á leiðinni í fangelsið hótaði hún sjálfsmorði svo að Víðir heyrði.“

Sautján skýrslur til viðbótar voru teknar af Erlu frá 15. október til 22. desember 1976 þegar hún var leyst úr gæsluvarðhaldi. Á þessu tímabili var einu sinni leitað í klefa hennar og einu sinni farið með hana úr fangelsinu. Lengsta skýrslutakan fór fram þann 12. desember og stóð hún í tæplega sex og hálf klukkustund. Þá fóru fram 11 skýrslutökur af Erlu frá 11. janúar til 29. september árið 1977, og sex samprófanir. Í fjórum skýrslutakanna og þrem samprófunum hafði Erla stöðu vitnis en ekki sakbornings. Skýrslurnar þegar Erla hafði stöðu vitnis vörðuðu Guðmundarmálið. Erla var vistuð í Hegningarhúsinu áður en skráning fangelsisdagbókar hófst þar og liggja því ekki fyrir tæmandi upplýsingar um hve oft Erla var yfirheyrð eftir að hún var flutt þangað.

### **Samantekt um yfirheyrslur yfir Erlu**

Samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsis og skýrslum lögreglunnar virðist Erla hafa verið yfirheyrð eða „tekin til viðtals“ samtals 105 sinnum í gæsluvarðhaldinu vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálanna á tímabilinu frá 20. desember 1975 til 15. september

1976 er hún var færð í Hegningarhúsið.<sup>273</sup> Rétt er að áréttta, að Erla var ekki í gæsluvarðhaldi frá 20. desember 1975 til 4. maí 1976.<sup>274</sup> Viðtöl þessi eða yfirheyrslur fóru ýmist fram í yfirheyrsluherbergi í fangelsinu, í klefa hennar, hjá sakadómi Reykjavíkur eða hjá lögreglunni. Þá var hún 11 sinnum tekin í sampröfun á þessu tímabili. Samanlögð skráð tímalengd viðtala og yfirheyrsla á þessum tíma er rúmlega 120 klukkustundir (fimm sólarhringar), en gera má ráð fyrir að heildartíminn sé mun lengri því tímalengd sumra viðtala og yfirheyrsla er ekki skráð. Þess ber að geta að 17 (16%) af þessum 105 samskiptum fóru fram í klefa Erlu í Síðumúlafangelsi. Þá vakti það athygli höfunda þessa kafla að einn rannsakenda heimsótti Erlu oft í klefa hennar í stutta stund, stundum snemma morguns eða seint um kvöld.

Samkvæmt dagbók fangelsisins ræddi Jón Oddsson lögmaður Erlu og Sævars einu sinni við Erlu þann 13. desember 1975 þegar hún var úrskurðuð í gæsluvarðhald vegna pósts-  
svikamálsins og einu sinni fjórum dögum síðar og fór með bréf frá Erlu til móður hennar. Þar fyrir utan er aðeins einu sinni skráð í dagbók fangelsisins að lögmaður hennar (þá Guðmundur Ingi Sigurðsson) hafi verið viðstaddur samskipti við rannsakendur og var það þegar hún var úrskurðuð í gæsluvarðhald 4. maí 1976 vegna Geirfinnsmálsins.

### **Geðrannsókn á Erlu**

Erla gekkst undir geðrannsókn hjá Ásgeiri Karlssyni, geðlækni, vorið 1976 á meðan hún var vistuð í gæsluvarðhaldi og segir svo í skýrslu hans: „Þegar beðið var formlega um geðrannsókn þessa h. [hinn] 23. apríl 1976, var Erla vitni í alvarlegu sakamáli og átti erfitt með að rifja upp atburði“. Gylfi Ásmundsson sálfræðingur, lagði nokkur sálfræðipróf fyrir Erlu vegna geðrannsóknarinnar og var niðurstaða hans sú að hún væri meðalgreind og með eðlilegt minni, en með:

*„hysterískan persónuleika [...] virtist ýkja geðræn vandamál sín, en það benti engu að síður til þess, að Erla væri áberandi óvirk og undanlátssöm gagnvart öðrum, jafnvel svo að jaðraði við masochisma. [...] all gott hugmyndaflug og voru þau fjölbreytt að efni. Svör hennar voru þó ekki að sama skapi í samræmi við raunveruleikann og lituð af sjálfmiðaðri einkareynslu. [...] Tilfinningaviðbrögð hennar í prófinu báru þess vott að um hysterískan persónuleika væri að ræða. Hún virðist reyna að dylja tilfinningaviðbrögð sín með hálf gagnsæjum intellectual hjúp, þess á milli blossa tilfinningar fram á þann veg, að raunveruleikaskyn og hugsun brenglast og talsverðar líkur eru á þokuástandi (dissociative state) með tilheyrandi minnisleysi. [...] Fram kemur, að það eina*

<sup>273</sup> Þann 15. september 1976 var Erla færð í Hegningarhúsið og ekki er ljóst hvort eða hve oft hún var yfirheyrð þar, en í Hegningarhúsinu voru ekki haldnar fangelsisdagbækur fyrr en frá og með 1. janúar 1977.

<sup>274</sup> Erla var yfirheyrð 11 sinnum (skýrslutökur) til viðbótar eftir að hún var leyst úr gæsluvarðhaldi þann 20. desember 1975. Rétt er að ítreka hér að Erla var vistuð í gæsluvarðhaldi frá 13. til 20. desember 1975 vegna pósts-  
svikamáls, er hún var fyrst yfirheyrð vegna Guðmundarmálsins, og svo aftur frá 4. maí til 22. desember 1976 vegna Geirfinnsmálsins. Hún var vistuð í Síðumúla frá 4 maí til 15. september, en þá var hún færð í Hegningarhúsið.

*sem henni þykir vænt um er barn hennar, hún er mjög upptekin af velferð þess“.*

Í mati geðlæknisins var minni Erlu talið „mjög gott í mörgum atriðum“, en hins vegar væru „miklar gloppur í minni hennar á ýmsa atburði, sem hafa greinilega verið henni erfiðir, og valdið henni tilfinningalegri spennu“. Í niðurstöðukafla geðrannsóknarinnar er Erlu svo lýst á eftirfarandi hátt:

*„Hún er í meðallagi greind og haldin persónuleikagöllum (personalitas hysterica). Fleiri þætti má greina í persónuleika hennar, svo sem nokkuð sterka geðvillu, (psychopathia) ásamt mikilli óvirkni (passivity) og þörf fyrir að stjórnast af öðrum og verður þetta nær masochistisku atferli [...] Persónuleiki hennar er veikbyggður og varnir því veicar og er því líklegt að undir tilfinningalegu álagi, geti geðstjórn brotnað niður og viðbrögð orðið óeðlileg og leitt til truflunar á meðvitund (dissociative state). Erla hefur jafnframt verið haldin fælni (phobia) og sefasýki (neurotic hysterica).“<sup>275</sup>*

### **Viðtal við Erlu**

Höfundar þessarar skýrslu áttu viðtal við Erlu Bolladóttur í innanríkisráðuneytinu mánu- daginn 6. febrúar 2012. Viðtalið tók tvær klukkustundir og 15 mínútur. Erla kom vel fyrir í viðtalinu og svaraði spurningum að því er virtist eftir bestu getu. Svör hennar voru skýr og hún hafði greinilega yfirgripsmikla þekkingu á bæði Guðmundar- og Geirfinnsmálinu. Í nokkur skipti klökknaði hún, einkum þegar rætt var um Einar bróður hennar og föður þeirra. Aðspurð kvaðst Erla vera saklaus í báðum málunum. Hún greindi frá því að aðkoma sín að þessum tveimur málum væri ólík eins og hér greinir, en í upphafi hafi grunur rannsakenda beinst að Sævari og síðan öðrum sakborninganna.

Þess ber að geta að Erla skrifaði bókina, *Erla góða Erla*, sem kom út árið 2008, um líf sitt og sakamálin tvö sem eru til umfjöllunar í þessari skýrslu. Í bókinni lýsir Erla yfir- heyrslunum, sambandi sínu við rannsakendur, hugsunum sínum, andlegu ástandi og við- brögðum. Frásagnir hennar eru í flestum atriðum samhljóða því sem hún skýrði frá í viðtali við skýrsluhöfunda og er nokkrum sinnum vitnað hér til bókar hennar til áherslu.

Erla sagði að yfirheyrslur í Guðmundarmálinu hefðu byrjað þegar hún var í gæsluvarð- haldi í Síðumúlafangelsi vegna póstsívikamálsins frá 13. til 20. desember 1975. Hún segir í bók sinni<sup>276</sup> að í upphafi hafi hún verið mjög tortryggin í garð rannsakenda og verið ákveðin í að vera ósamvinnuþýð og neita sakargiftum varðandi póstsívikin. Hún hafi óttast að ef hún játaði þá yrði nýfætt barn hennar tekið af henni, en ef hún héldi áfram að neita yrði hún í gæsluvarðhaldi í 30 daga. Að lokum hafi það verið löngunin til

<sup>275</sup> Sálfræðilegir eiginleikar Erlu, eins og þeim er lýst í geðrannsókn Ásgeirs Karlssonar, geðlæknis, eru svipaðir eiginleikum ensku konunnar Judith Ward, sem dæmd var fyrir sprengjutilræði í Englandi árið 1974, sem varð 12 farþegum langferðabifreiðar að bana. Judith var metin með meðalgreind, sefasýki, persónuleikatrufun og athyglisþörf. Játning hennar var síðar álitin óáreiðanleg og dómnum hnekkt (*conviction overturned*) og var hún þess vegna látin laus úr fangelsi árið 1992 (Gísli H. Guðjónsson, 2003a, bls. 470-472).

<sup>276</sup> Erla Bolladóttir, *Erla góða Erla*, 2008, bls. 176-178.

að komast heim til dóttur sinnar sem gerði það að verkum að hún játaði. Sagði Erla að það hefði verið léttir og hún verið tilbúin að fara heim, en þá hefði Örn Höskuldsson beðið sig að setjast niður því hann þyrfti að spyrja hana spurninga um annað mál, sem reyndist vera Guðmundarmálið. Hún sagðist ekkert hafa vitað um hvarf Guðmundar á þessum tíma en kannaðist við hann á mynd sem henni var sýnd.

Í framhaldi af því sagðist hún hafa verið spurð að því hvað hún hefði verið að gera daginn sem Guðmundur hvarf og hún hefði þá sagt rannsakendum frá draumi (martröð)<sup>277</sup> sem hana hafði dreymt um nótt, í janúar 1974 eftir að hafa verið í Klúbbnum að skemmta sér. Hún sagðist hafa sofið illa þá nótt og dreymt að einhverjir væru að hvíslast á fyrir utan húsið og fannst það vera Kristján Viðar og einhverjir með honum, sem henni fannst í draumnum vera vondir menn. Hún sagðist hafa sett þennan draum í samband við að Sævar hefði komið með Kristján Viðar, Albert Klan og Tryggva Rúnar heim til þeirra einni eða tveimur vikum fyrir þessa nótt. Þeir stoppuðu ekki nema í fimm til tíu mínútur í forstofunni á meðan Sævar leitaði að einhverju í íbúðinni, en henni hefði þótt þetta undarlegt því hann hefði alltaf varað hana við að þessir menn kæmu á heimili þeirra.

Erla sagði að við fyrstu yfirheyrslurnar í Guðmundarmálinu hefði Örn Höskuldsson túlkað þennan draum á þann hátt að hún hefði orðið vitni að alvarlegum atburðum sem hefðu gerst á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði og að rannsakendur ætluðu að hjálpa henni að muna hvað hefði gerst. Í framhaldi af þessu hafi Örn gert henni grein fyrir því að hún slyppi ekki úr fangelsinu fyrr en hún hefði skýrt frá því sem hefði gerst. Hún sagði hann hafa beðið sig um að hugsa málið vandlega yfir nóttina því hún yrði yfirheyrð daginn eftir. Þetta gerði hana óörugga og hún fór að efast um að þetta hefði verið draumur og ef til vill atburður sem tengdist hvarfi Guðmundar Einarssonar. Hún sagðist að lokinni skýrslutöku um kvöldið hafa verið spurð áfram margra spurninga um Guðmundarmálið, en daginn eftir hafi hún svo lýst atburðarásinni eins og draumurinn hefði verið veruleiki og bendlað hina sakborningana við málið.

Erla sagði að efasemdir sínar hefðu magnast upp við yfirheyrslurnar daginn eftir. Hún sagði að mikið hefði verið rætt um hvað gæti hugsanlega hafa gerst í íbúðinni þessa umræddu nótt og rannsakendur hefðu endalaust komið með hugmyndir þar að lútandi. Hún hefði hjálpað þeim að fylla í eyðurnar með ímyndunarafli sínu án þess að muna eftir þessu. Hún sagðist hins vegar ekki hafa geta útilokað að þetta hefði gerst eins og

---

<sup>277</sup> Frásögn Erlu um draum (martröð) hafa skýrsluhöfundar fundið í núllskjali, merkt ágripsnúmeri 511-512. Um er að ræða vélritaða frásögn sem undirrituð er af Gunnari Guðmundssyni yfirfangaverði í Síðumúlafangelsi. Þessu svipar til máls Andrew Evans, sjá Gísla H. Guðjónsson (2003a), bls. 482-492, sem dreymdi vandan draum (martröð), en taldi sér trú um að hann væri veruleiki og hann hefði annað hvort orðið vitni að morði eða sjálfur myrt 14 ára gamla stúlku. Eins og Erla var Andrew meðalgreindur, hafði tilfinningaleg vandamál, „hysterical disorder“ og sterka þörf fyrir athygli. Í yfirlýsingu Erlu frá 22. febrúar 1996, að tilefni endurupptökubeiðni Sævars til Hæstaréttar 1996, segir Erla: „Ég var einangruð og andlega illa á mig komin um þessar mundir og þegar ég vaknaði um nóttina til að hafa hægðir þá hafði ég ekki þrek til að fara á fætur, heldur gyrti niður um mig og hafði hægðir í rúminu. Þess vegna flegði ég um morguninn lakinu út í öskutunnu og þar er að finna tilefni lýsingar á hægðum sem ég síðar á að hafa tengt líki því sem ofan nefndu ákærðu áttu að hafa verið með“.

stungið var uppá. „Með spurningum þeirra [rannsakenda] og óákveðnum svörum mínum mótaðist smám saman frásögn um hvernig Guðmundur Einarsson var myrtur og lík hans fjarlægð af heimili mínu“.<sup>278</sup> Í lok yfirheyrslanna var skrifuð skýrsla sem lýsir atburðarásinni á Hamarsbraut eins um staðreyndir væri að ræða en ekki er getið um efasemdir Erlu sem rætt hafði verið um í yfirheyrslunum.

Erla sagðist hafa verið látin laus úr gæsluvarðhaldinu skömmu eftir þessa skýrslutöku um þátttöku Sævars, Tryggva Rúnars, Kristjáns Viðars og Alberts í Guðmundarmálinu. Rannsakendur hefðu sagt henni síðar að þeir hefðu staðfestingu á framburði hennar og hún hefði orðið óviss um hvort þetta hefði í raun og veru gerst eða aðeins verið draumur, því hún treysti ekki minni sínu. Jafnvel löngu eftir að afplánun lauk hefði hún verið óviss og rugluð um hvort atburðurinn hefði í raun og veru gerst. Hún sagðist mjög mikið hafa reynt að rifja upp hvort Guðmundi var ráðinn bani í íbúðinni að Hamarsbraut, en án árangurs. Erla sagði að eftir framburð sinn um aðild fjórmenninganna, Sævars, Kristjáns Viðars, Tryggva Rúnars og Alberts, að Guðmundarmálinu hafi henni fundist hún hafa þörf fyrir að hafa haft rétt fyrir sér því hún skammaðist sín svo mikið fyrir að hafa flækt þá í málið. Hún hefði með því blandað fjórum ungum mönnum í morðmál, sem hún vissi ekkert um, og í framhaldinu átt erfitt með að sætta sig við að hafa logið upp á þá alla.<sup>279</sup>

Erla sagði að undanfarin ár hafi hún orðið fullviss um að framburður hennar í Guðmundarmálinu væri algjört rugl og að þeir atburðir sem hún lýsti hafi alls ekki gerst. Hún sagðist viss um að málið byggðist á draumi hennar, hugmyndum rannsakenda og hennar eigin ímyndunarafli. Það skipti hana miklu þegar hún undirritaði játningu sína í póstsvikamálinu að hún bjóst við því að fá að fara heim til dóttur sinnar, sem þá var aðeins um þriggja mánaða gömul. Hún sagði að þegar rannsakendurnir hefðu farið að ræða um Guðmundarmálið og það var ljóst að hún yrði ekki látin laus úr fangelsi það kvöld hafi hún brotnað niður og daginn eftir sá hún sér enga aðra útgönguleið en að gefa rannsakendum einhverjar upplýsingar sem þeir vildu fá þótt hún hefði enga vitneskju um Guðmund Einarsson eða hvarf hans þessa umræddu nótt.

Erla sagði að yfirheyrslurnar í Geirfinnsmálinu hefðu byrjað með öðrum hætti. Hún hefði þá verið búin að kynnast rannsakendunum vel og hafi í raun og veru litið á þá sem vini sína. Áður, bæði í viðtalsgrein við hana í tímaritinu Mannlíf árið 1991 og í bók sinni, hefur Erla greint frá því að hún hafi verið mjög háð Sævari áður en þau voru fangelsuð vegna póstsvikamálsins, þrátt fyrir að þau væru ýmist saman eða sundur.<sup>280</sup>

Frá því hún var laus úr gæsluvarðhaldi vegna póstsvikamálsins þann 20. desember 1975 þar til hún var handtekin vegna Geirfinnsmálsins 3. maí 1976 var Sævar í gæsluvarðhaldi og því hefði hún verið orðin einangruð frá öðru fólki og háð rannsakendum.

<sup>278</sup> Erla Bolladóttir, Erla góða Erla, 2008, bls. 192.

<sup>279</sup> Þessi óþægindi Erlu stöfuðu af hugarmisræmi (e. *cognitive dissonance*), sem getur leitt til staðfestingarvillu. Sjá í Gísli H. Guðjónsson, 2003a, bls. 178 og í Appleby, Hasel, & Kassin, 2013.

<sup>280</sup> Erla Bolladóttir, Erla góða Erla, 2008, bls. 163-164 og Þorsteinn Antonsson, Áminntur um sannsögli, þar sem vitnað er í grein um Erlu í tímaritinu Mannlíf í júlí 1991.

Þeir hefðu verið orðnir „fasti punkturinn“ í lífi sínu og verið að aðstoða hana við ýmislegt á þeim tíma. Hún sagði að Sigurbjörn Víðir rannsóknarlögreglumaður hefði verið sérstaklega góður við sig á þessum tíma og hún hafi litið á hann sem sérstakan trúnaðarvin sinn. Hún hafi verið orðin háð honum og reynt að forðast að móðga hann á nokkurn hátt.

Þess ber að geta að Erla hefur bæði skýrt frá því í bók sinni<sup>281</sup> og í viðtölum við starfs-  
hóp um Guðmundar- og Geirfinnsmálin og höfunda þessarar skýrslu að í júlí 1976 hefði  
einn rannsakenda misnotað hana kynferðislega í fangaklefa í Síðumúlafangelsi. Hún  
sagði að lengi framan af hefði hún kennt sjálfri sér um það sem gerðist og atvikið hefði  
haft mjög neikvæð áhrif á hana og dregið úr baráttuþreki hennar því hann var viðstaddur  
yfirheyrslurnar í framhaldinu.

Kveikjan að því að hún bendlaði Sævar og síðan hina sakborningana við málið var sú að  
skömmu áður, þegar Sigurbjörn Víðir fór með hana í íbúðina í Þverbrekku, þá heimili  
Erlu og Sævars, sem var innsiglið á þeim tíma, til að sækja persónulega hluti sem hún  
þurfti á að halda fyrir sig og barn sitt, hefði hann spurt sig hvort hún teldi hugsanlegt að  
Sævar væri viðriðinn hvarf Geirfinns. Hún sagðist hafa sagt honum að hún tryði því  
ekki. Hún sagðist einnig hafa sagt honum að hún hafi heyrt Sævar hæla sér af því að  
hann vissi eitthvað um málið, sem hún trúði ekki því hann þóttist oft vita eitthvað sem  
hann ekki vissi. Þegar hún áttaði sig á því að Sigurbjörn Víðir hafði sérstakan áhuga á  
þessu bað hún hann um að segja engum frá því. Hún sagði hann hafa lofað því. Daginn  
eftir sagði hún hann hins vegar hafa komið með Örn Höskuldsson heim til sín og þeir  
útskýrt fyrir henni alvarleika þess sem hún hafði sagt um Sævar og töldu henni trú um  
að hún hefði sennilega upplifað svipaðan atburð og í Guðmundarmálinu, en bælt  
minningarnar.

Erla sagðist sannfærð um að rannsakendur og þá sérstaklega Sigurbjörn Víðir og Örn  
Höskuldsson hafi vitað frá upphafi að þessir sakborningar hefðu ekkert með Geirfinns-  
málið að gera. Aðspurð um hvað hún hefði fyrir sér sagði hún að það hefði legið í loft-  
inu því þeir hefðu verið svo vandræðalegir þegar hún var að gefa lýsingar á atburðum  
sem hún vissi greinilega ekkert um. Yfirheyrslurnar hefðu verið eins og „hálfgerðir  
samningar um skýrslur“ og þetta hefði verið meira áberandi eftir því sem leið á yfir-  
heyrslurnar og oft hafi þetta snúist um þá sögu sem var í gangi á hverjum tíma.

Í yfirlýsingu Erlu frá 13. október 1976, sem áður er minnst á í þessari skýrslu, segist hún  
hafa fengið sprautu hjá geðlækni deginum áður, eða 12. október, „til þess að geta munað  
eftir atburðunum sem hún gæti ekki lengur rifjað upp“<sup>282</sup>. Í bók sinni lýsir hún því að  
Ásgeir Karlsson geðlæknir hafi verið fenginn til að hjálpa henni til að rifja meira upp  
um Geirfinnsmálið. Henni hafi verið gefið lyf í æð, hann hafi reynt að dáleiða hana, og  
hún spurð spurninga um málið.<sup>283</sup> Lýsing hennar kemur heim og saman við svonefnt

<sup>281</sup> Erla Bolladóttir, Erla góða Erla, 2008, bls. 229-232.

<sup>282</sup> Skýrsluhöfundar hafa ekki fundið aðrar upplýsingar um þetta í málsskjöllum.

<sup>283</sup> Erla Bolladóttir, Erla góða Erla, 2008, bls. 225-226.



*abreaction test*<sup>284</sup>, sem var stundum notað í sakamálum í Englandi á þessum tíma til að reyna að fá einstaklinga til að rifja upp meintar bældar minningar.<sup>285</sup>

Erla sagði að sér hefði verið haldið á lyfjum í gæsluvarðhaldinu sem hefði gert hana sljóa og dregið úr henni kraft. Hún sagðist á tímabili hafa fleygt lyfjunum í salernið og við það styrkst töluvert. Það hafi hins vegar komist upp og lyfin eftir það gefin mulin eða á fljótandi formi. Hún sagði að fangaverðirnir hefðu sannfært sig um að það væri best fyrir hana.

Erla var einnig spurð um aðdraganda þess að hún flækti svokölluðum „fjórmenningum“, þ.e. Einari Bollasyni, Magnúsi Leópoldssyni, Valdimar Olsen og Sigurbirni Eiríkssyni, í Geirfinnsmálið. Hún sagði að við yfirheyrslurnar hefðu umræðurnar farið að snúast um smygl og þannig hafi Einar bróðir hennar flækst í málið og ef til vill væri ástæðan sú að hún hafði í spjalli við rannsakendur sagt þeim frá því að Einar hefði einhvern tímann gefið föður þeirra smyglaðan bjór.

Erla sagðist í einhver skipti hafa reynt að draga játningar sína í Geirfinnsmálinu til baka en rannsakendur hefðu ekkert mark tekið á henni og haldið áfram eins og ekkert hefði í skorist. Hún sagðist hafa verið orðin vonlaus um að einhver myndi nokkurn tímann trúa sér. Hún sagðist þó hafa fengið von þegar þýski rannsóknarlögreglumadurinn Schütz kom að málinu sumarið 1976. Hún sagðist hafa undirbúið sig vel undir fyrsta viðtalið við hann og hefði verið ákveðin í að draga framburð sinn til baka. Það kom henni því mjög á óvart þegar Schütz tók því illa og þvertók fyrir að hlusta á slíkt. Hann hafi tjáð henni að þetta væri alvarlegt mál og ráðlagði henni að hugsa sig betur um áður en hún drægi framburð sinn til baka. Erla sagði að þarna hefði síðasta vonin verið tekin frá henni því hún hefði verið orðin svo háð rannsakendunum að hún gat ekki lengur dregið framburð sinn til baka. Hún sagðist hafa verið í meiri vafa um framburð sinn í Guðmundarmálinu, því þegar málið var tekið fyrir í Hæstarétti var hún enn óviss um þann framburð sinn og átti erfitt með að gera greinamun á því sem var raunverulegt og óraunverulegt í því máli. Að þessu leyti voru þessi tvö mál mjög ólík í hennar huga.

Í viðtalinu við höfunda þessa kafla var Erla beðin um að fylla út kvarða frá 0-100% um hversu mikla trú hún hafði á minni sínu um aðild að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Hún sagði að við fyrstu yfirheyrsluna í Guðmundarmálinu þann 20. desember 1975 hefði hún ekkert vitað um hvarf Guðmundar og ekki haft hugmynd um hugsanlega aðild Sævars, Tryggva Rúnars og Kristjáns Viðars að málinu. Á þeim tíma sagðist hún hafa haft fulla trú á minni sínu (100%). Eftir að hafa lýst draumi sínum fyrir rannsakendum og að þeir höfðu í framhaldi talið henni trú um að Sævar, Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar væru flæktir í málið, hafi hún byrjað að efast um minni sitt og farið að

<sup>284</sup> Gísli H. Guðjónsson (2003). *The Psychology of Interrogations and Confessions. A Handbook*. Chichester: John Wiley & Sons.

<sup>285</sup> Sjá í Gísli H. Guðjónsson (1992, 2003a) og Guðjónsson, Kopelman, & MacKeith (1999). Grunn forsendan er sú að vitni, þolendur eða grunaðir hafi bælt minningar um alvarlegt afbrot vegna þess að þeir hafi orðið fyrir áfalli og þurfi því aðstoð við að rifja það upp. Þessi aðferð felur í sér mikla hættu vegna þess að falskar minningar geta auðveldlega leitt til falskra játninga (sjá nánari umfjöllun um þetta í Gísli H. Guðjónsson, 2003a).

huga um hugsanlega aðild þeirra og að hún hefði hugsanlega orðið vitni að einhverju á Hamarsbrautinni. Draumurinn varð að veruleika í huga hennar og hún fór að segja sögu um það sem hún taldi hafa gerst og sú trú styrktist þegar rannsakendurnir sögðu að hennar útgáfa af atburðarásinni hefði verið staðfest. Á kvarðanum gaf hún til kynna að trú sín á eigin minni hefði farið niður í 30% á þessum tíma og að hún hefði verið 60% viss um að eiga aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Þá gaf hún til kynna að hún hefði verið 60% viss um að Sævar væri viðriðinn málið og 70% viss um að Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar væru viðriðnir það.

Erla sagði að það hefði ekki verið fyrr en árið 1978 að hún fór að efast um þátt sinn í Guðmundarmálinu og einnig um þátt hinna sakborninganna, sérstaklega Sævars. Þessi lýsing Erlu á því hvernig traust hennar á eigin minni þvarr smám saman við yfirheyrslur rannsakenda gefur til kynna þróun á minnisvafaheilkenni (e. *memory distrust syndrome*), sem virðist jafnvel í dag ekki hafa gengið fyllilega til baka. Þetta segir Erla ástæðuna fyrir því að hún dró játningu sína í Guðmundarmálinu aldrei formlega til baka. Öðru máli gegnir um Geirfinnsmálið. Í því máli sagðist Erla alltaf hafa haft fullt traust á minni sínu og verið þess fullviss að hún hafi aldrei haft vitneskju um hvarf Geirfinns Einarssonar. Þá hafi hún aldrei verið sannfærð um þátt hinna sakborninganna í málinu.

### **Samantekt um Erlu**

Hér á eftir verður fjallað um ástæðurnar fyrir því að Erla játaði aðild að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum út frá fræðilegri umgjörð<sup>286</sup> um játningar. Til að átta sig á því sem réði mestu um hvers vegna Erla gaf framburð og játaði aðild að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum er nauðsynlegt að skoða málin sitt í hvoru lagi og í réttri tímaröð. Þá þarf einnig að hafa aðdraganda beggja málanna í huga. Þegar Erla var fyrst yfirheyrð vegna Guðmundarmálsins var hún í gæsluvarðhaldi vegna annars sakamáls, þ.e. pósts- svikamálsins, og var ekki látin laus fyrr en hún hafði játað aðild að Guðmundarmálinu. Þegar hún var úrskurðuð í gæsluvarðhald á nýjan leik fjórum mánuðum síðar, vegna Geirfinnsmálsins, hafði hún verið yfirheyrð a.m.k. átta sinnum vegna þess máls og allan þann tíma var barnsfaðir hennar og unnusti í gæsluvarðhaldi.

Í Guðmundarmálinu voru það fyrst og fremst fimm sálrænir og aðstæðubundnir þættir sem réðu úrslitum um játningu Erlu:

- Margar og langar yfirheyrslur í pósts- svikamálinu, en eins og fram kemur í skýrslu þessari hafði Erla verið yfirheyrð sjö sinnum á tveimur dögum í samtals rúmlega 25 klukkustundir vegna pósts- svikamálsins þegar fyrsta yfirheyrslan um Guðmundarmálið fór fram. Líklegt er að sú reynsla hafi veikt viðnámsprótt hennar og gert hana viðkvæma fyrir því að láta undan þrýstingi við yfirheyrslurnar í Guðmundarmálinu. Í upphafi yfirheyrslanna í pósts- svikamálinu var hún tor- tryggin í garð lögreglumannanna og neitaði sök, en skipti um skoðun og fór að treysta þeim og játaði sök.<sup>287</sup> Í dómi sakadóms Reykjavíkur fyrir pósts- svikamálið

<sup>286</sup> Gísli H. Guðjónsson (2003a). *The Psychology of Interrogations and Confessions. A Handbook*. Chichester: John Wiley & Sons.

<sup>287</sup> Svona umskipti frá tortryggni og vantrausti til trausts gerast oft þegar áherslan í yfirheyrslunni er á að byggja upp tengsl á milli sakbornings og yfirheyranda/-enda.

- Aðskilnaður frá nýfæddri dóttur sinni í viku á meðan hún sat í gæsluvarðhaldi vegna póstsvikamálsins hefur ýtt undir vanlíðan Erlu og ótta við að losna ekki út og geta ekki verið hjá henni. Erla hafði verið úrskurðuð í 30 daga gæsluvarðhald í póstsvikamálinu og sagðist hafa neitað í upphafi vegna þess að hún var hrædd um hvað yrði um barnið ef hún játaði og yrði dæmd í fangelsi. Hún sagði að rannsakendurnir hefðu hins vegar fullvissað sig um að barnið yrði ekki tekið af henni þótt hún játaði sök, sem hún gerði, og hefur það án efa haft áhrif á að hún fór að gefa upplýsingar um Guðmundarmálið og játaði að lokum vitneskju um það, til að losna sem fyrst úr gæsluvarðhaldinu. Það er því líklegt að eftir framburð hennar í póstsvikamálinu hafi hún hugsað mest um að segja rannsakendum það sem hún hélt að þeir vildu heyra um Guðmundarmálið til að geta komist heim til dóttur sinnar.<sup>288</sup>
- Erla hafði verið háð Sævari áður en þau voru úrskurðuð í gæsluvarðhald um miðjan desember 1975, þótt samband þeirra hefði stundum verið „stormasamt“. Það var líklegt til að gera hana óörugga í samskiptum við lögregluna og óvissa um hvað hún ætti að segja þeim um hann. Það að hún gat ekki lengur haft samskipti við Sævar hefur líka án efa ýtt undir það að hún varð háð rannsakendum. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga geðrannsókn Ásgeirs Karlssonar geðlæknis, og Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, en í því segir m.a. að Erla hefði „þörf fyrir að stjórnast af öðrum og verður þetta nær masochistisku atferli...“.
- Mikil undanlátssemi Erlu, en hún virðist hafa lagt sig mikið fram um að þóknast rannsakendum. Undanlátssemi hefur tvær hliðar, annars vegar að þóknast öðrum og hins vegar að forðast árekstra og deilur við fólk. Hvort tveggja á við um samskipti Erlu við rannsakendurna. Þess má einnig geta að mikil undanlátssemi gerir fólk veikara fyrir að láta undan þvingunum.<sup>289</sup> Þessi mikla undanlátssemi Erlu er í samræmi við persónuvanda hennar sem lýst er í geðrannsókninni.<sup>290</sup>
- Tilfinningalegt ójafnvægi og vanlíðan Erlu, sem kom í ljós í gæsluvarðhaldinu og stutt er af geðrannsókn Ásgeirs Karlssonar geðlæknis, og Gylfa Ásmundssonar sálfræðings. Þeirra mat var að „undir tilfinningalegu álagi, geti geðstjórn [Erlu] brotnað niður og viðbrögð orðið óeðlileg og leitt til truflunar á meðvitund (dissociative state)“.

Samspil þessara fimm sálrænu þátta og aðstæðna við yfirheyrslurnar í Síðumúlafangelsi er líklegt til að hafa leitt til þess að Erla varð varnarlaus þegar hún var yfirheyrð um hvarf Guðmundar Einarssonar og mótstaða hennar brást, því þá átti hún von á að losna úr gæsluvarðhaldi og komast til dóttur sinnar. Þetta varð til þess að hún gaf játningu um vitneskju um Guðmundarmálið sem er án nokkurs vafa óáreiðanleg.

Í Geirfinnsmálinu voru það fimm sálrænir og aðstæðubundnir þættir sem réðu úrslitum um játningu Erlu:

<sup>288</sup> Kassín, 2005.

<sup>289</sup> Sjá Gísli H. Guðjónsson, 1995a, 2003a.

<sup>290</sup> Sjá í Guðjónsson og Main, 2008.

- Hún hafði játað bæði í póstsvika- og Guðmundarmálinu hjá sömu rannsakendum og yfirheyrðu hana í Geirfinnsmálinu. Þeir höfðu stjórn á aðstæðum og þekktu veikleika hennar, þ.e. tilfinningasemi, hræðslu hennar við áframhaldandi gæsluvarðhald og þörf hennar til að komast til dóttur sinnar. Þrennt til viðbótar skiptir máli í þessu samhengi: 1) Erla virðist hafa verið orðin háð rannsakendum um stuðning og litið á þá sem vini sína og vildi hafa þá ánægða með sig. 2) Þá virtist hún einnig hafa þörf fyrir athygli, því þegar hún fékk ekki athygli frá þeim hafði hún áhyggjur og vildi fyrir engan mun valda þeim vonbrigðum, eins og sjá má í yfirlýsingu hennar til Arnar Höskuldssonar í ágúst 1976. 3) Rannsakendurnir áttu oft langar og óformlegar samræður við Erlu í klefa hennar og í ferðum út úr fangelsinu og jafnvel á heimili hennar.
- Erla var yfirheyrð a.m.k. átta sinnum frá því hún var látin laus úr gæsluvarðhaldi vegna póstsvikamálsins og þar til hún var fangelsuð aftur vegna Geirfinnsmálsins. Á þeim tíma var Sævar í gæsluvarðhaldi og gat hún því ekki ráðfært sig við hann. Hún var því óviðbúin þegar rannsakendurnir voru að spyrja hana um Geirfinnsmálið og þátt þeirra beggja í því og án þess að hún gerði sér grein fyrir afleiðingum þess sem hún sagði. Hún var farin að treysta rannsakendunum og sérstaklega einum þeirra og taldi hann vera orðinn vin sinn, sem leiddi til þess að hún varð málgefin og kærulaus um hvað hún sagði.
- Henni leið mjög illa þegar hún var fangelsuð á nýjan leik, aðfaranótt 3. maí 1976, vegna Geirfinnsmálsins, sem gerði hana viðkvæma fyrir því að láta undan þrýstingi rannsakendanna. Hún óttaðist að verða úrskurðuð í gæsluvarðhald á nýjan leik og geta ekki verið með dóttur sinni. Í dagbók Síðumúlafangelsisins kemur fram að hún hafi verið í töluverðu uppnámi þegar hún áttaði sig á því að hún færi ekki heim að lokinni yfirheyrslunni um kvöldið, eða svo miklu uppnámi að ákveðið var að fylgjast sérstaklega með henni. Kallað var á fangaprestinn sem dvaldi hjá henni í rúmar tvær klukkustundir um nóttina og henni var gefið róandi lyf svo hún gæti sofði.
- Þegar leið á gæsluvarðhaldið vegna Geirfinnsmálsins var Erla farin að líta á Sævar sem sökudólg, eins og kemur fram í yfirlýsingu hennar til Arnar Höskuldssonar 14. ágúst 1976, og tortryggilegan í Geirfinnsmálinu vegna þess „að hann sýndi því ætíð hinn einkennilegasta áhuga.“ Afstaða hennar til Sævars hafði breyst frá því þau voru úrskurðuð í gæsluvarðhald vegna póstsvikamálsins um miðjan desember 1975, en frá þeim tíma hafði Erla enga möguleika haft á samskiptum við hann, nema undir eftirliti rannsakendanna.
- Erla var mjög undanlátssöm, sem kom fram í því hvernig hún lagði sig fram við að þóknast rannsakendunum. Þetta er í samræmi við mat Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, sem sagði í geðrannsókn Ásgeirs Karlssonar geðlæknis, „að Erla væri áberandi óvirk og undanlátssöm gagnvart öðrum, jafnvel svo að jaðraði við masochisma“. Erla var í tilfinningalegu ójafnvægi, sem gerði hana óörugga og ruglaða í gæsluvarðhaldinu. Þessir veikleikar komu vel fram í viðbrögðum hennar þegar hún var fangelsuð á nýjan leik 4. maí 1976 og þegar hún reyndi að draga framburð sinn til baka við yfirheyrslu í Geirfinnsmálinu þann 15. október 1976.

Öll þrjú málin, póstsvikamálið, Guðmundarmálið og Geirfinnsmálið, eru líkleg til að hafa haft vaxandi áhrif á sálræna viðkvæmni Erlu, hjálparleysi hennar og vilja til að

breyta framburði sínum ítrekað.<sup>291</sup> Þegar hún hafði játað aðild að Geirfinnsmálinu var hún orðin þreytt, algjörlega hjálparlaus og föst í lygavef og það, ásamt samspili sálrænna þátta, sem gerðu hana viðkvæma fyrir yfirheyrslum, og aðstæðum við yfirheyrslurnar í Síðumúlafangelsi, leiddi til þess að hún fór að þóknast rannsakendunum og sagði þeim sögu sem hún taldi að þeir vildu heyra og var líkleg til að taka þrýstinginn af henni. Svo virðist sem hún hafi litið á það sem einu leið sína til að komast af við þessar óbærilegu aðstæður sem hún var komin í. Þetta varð til þess að hún gaf framburð sem er án nokkurs vafa óáreiðanlegur og flækta fleiri einstaklinga í málið.

Við þetta má bæta að Erla virðist hvorki hafa fengið mikinn utanaðkomandi stuðning við yfirheyrslurnar né í gæsluvarðhaldinu, auk þess sem hún virðist hafa fengið mjög takmarkaða lögfræðiaðstoð. Erla hafði ýmist stöðu vitnis eða sakbornings við yfirheyrslur í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, sem getur hafa gert lögmannsaðstoð enn mikilvægari fyrir hana. Eins og áður segir þá er í dagbók Síðumúlafangelsis aðeins þrjár færslur um heimsóknir lögmanns hennar, tvisvar fyrstu dagana í gæsluvarðhaldsvistinni vegna póstsvikamálsins og svo þegar hún var úrskurðuð í gæsluvarðhald 4. maí 1976 vegna Geirfinnsmálsins. Hún hafði líka takmörkuð samskipti við fangaprestinn, séra Jón Bjarman, ef marka má dagbók fangelsisins, en aðeins eru skráðar fimm heimsóknir hans til hennar í gæsluvarðhaldinu í Síðumúlafangelsi, þar af þrjár um nótt og ein um kvöld og allar virðast þær hafa komið til vegna þess að henni leið sérstaklega illa. Þá má hafa í huga að ekki voru kvenfangaverðir starfandi á Síðumúlafangelsi þann tíma sem Erla var vistuð þar, sem getur hafa gert henni erfitt fyrir að ýmsu leyti.

Mikilvægustu tengsl hennar voru við aðal rannsakendur í málunum tveimur og ýmislegt í gögnum málanna bendir til þess að hún hafi fljótt verið orðin háð þeim um samskipti og stuðning. Þessi nánu tengsl við rannsakendur hafa gert henni mjög erfitt fyrir að draga framburð sinn til baka, en auðveldað henni að breyta framburði sínum á þann veg sem hún taldi rannsakendunum þóknanlegt.

### *Ályktanir um framburð Erlu*

Eftir að hafa farið vandlega yfir gögn þau er liggja til grundvallar þessari skýrslu þá telja höfundar þessa kafla það hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir Erlu í Guðmundarmáli og í Geirfinnsmáli, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, voru óáreiðanlegir.

Framburður Erlu, sem benti til aðildar hennar að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, varð þess valdandi að fleiri einstaklingar flæktust í málin, sem leiddi til handtöku og gæsluvarðhaldsvistar og jafnvel sakfellingar sumra þeirra. Einnig var framburður hennar notaður til að þrýsta á aðra sakborninga til að játa, sem oft gerist þegar margir eru grunaðir í sama máli.<sup>292</sup> Segja má að framburður Erlu hafi komið af stað röð atburða

---

<sup>291</sup> Sjá í Gísli H. Guðjónsson, 1995b. The effects of interrogative pressure on strategic coping. *Psychology, Crime and Law*, 1, 309-318.

<sup>292</sup> Garratt (2011) og Guðjónsson, G. H. (2012). False Confessions and Correcting Injustices. *New England Law Review*, 46, 689-709.

sem leiddu til sakfellingar sakborninganna í þessum tveimur málum.<sup>293</sup> <sup>294</sup> Við yfirheyrslurnar var hún mjög varnarlaus fyrir þrýstingi og gaf upplýsingar um aðra grunaða einstaklinga, upplýsingar sem voru í grundvallaratriðum gallaðar og í eðli sínu óáreiðanlegar.

Hvað aðstæðubundna þætti varðar, s.s. þrýsting lögreglu og áhrif gæsluvarðhaldsvistar, þá var Erla yfirheyrð eins og áður segir a.m.k. 73 sinnum í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum og teknar af henni 29 skýrslur, 11 samprófanir og sex sinnum farið með hana út úr fangelsinu í „bíltúr“ eða „vettvangsferð“ (hér er aðeins vísað til rannsóknaraðgerða sem áttu sér stað á meðan Erla var vistuð í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi). Fjöldi yfirheyrslunnanna var mjög mikill, eða samtals 102 yfirheyrslur. Þetta veldur mikilli hættu á „spilliáhrifum“ og óáreiðanlegum framburði. Það er mjög fátítt að sjá svo margar yfirheyrslur í manndrápsmálum<sup>295</sup> og það vekur spurningar um eðli rannsókna þessara mála, einkum þó Geirfinnsmálsins, en meiri hluti allra þessara samskipta við Erlu virðist hafa verið vegna þess máls. Áherslan virðist hafa verið á að samræma framburði sakborninganna, sem sennilega höfðu enga hugmynd um hvað kom í raun og veru fyrir Geirfinn.

Hvað sálfræðilega þætti varðar í máli Erlu er nauðsynlegt að hafa í huga að hún var nýbúin að eignast barn sem hún þurfti að annast þegar hún flæktist í Guðmundar- og Geirfinnsmálin. Í mörgum af þeim gögnum sem liggja til grundvallar þessari skýrslu kemur fram að Erla var tengd barni sínu og hafði áhyggjur af því og að geta ekki verið nálægt því. Hugsanlegur viðskilnaður við barnið og hræðsla við að það yrði tekið af henni hefur í sjálfu sér skapað verulega hættu á að hún gæfi óáreiðanlegan framburð undir þrýstingi. Við þetta samhengi bætast svo aðrir geðrænir þættir sem gerðu hana varnarlausu, en hún var að mati geðlæknisins sem framkvæmdi geðrannsókn á henni, óvirk og undanlátssöm, þ.e. hafði „þörf fyrir að stjórna af öðrum“ svo jafnvel jaðraði við sjálfspýndingar (masochisma), og var líkleg til að brotna niður undir tilfinningalegu álagi. Þá hefur komið fram hjá Erlu sjálfri og í málgögnum að hún hafði mikla þörf fyrir athygli og var tilfinningalega háð rannsakendunum.

---

<sup>293</sup> Í ódagsettri lokaskýrslu rannsóknarnefndar Reykjavíkur kemur fram afstaða rannsakenda til Erlu. Í skýrslunni segir meðal annars: „Erla hefur aðstoðað Sævar við ýmiss konar afbrot, t.d. ávisanafals, svik og þjófnað. Einnig hefur hún þagað yfir alvarlegri afbrotum eins og „Guðmundarmálinu“, þó gaf hún lögreglunni ábendingar, sem leiddu til þess að málið upplýstist. Gaf hún þessar upplýsingar að eigin frumkvæði. Einnig varð framburður hennar til þess að Geirfinnsmálið komst á skrið. Með vísitandi röngum framburði dró hún saklausa borgara inn í málið, sem olli því að þeir urðu að sæta margra mánaða gæsluvarðhaldi [...] Framburður Erlu í málinu hefur verið oft mjög ruglingslegur. Hún sagði eitt í dag og annað á morgun og laug upp talsverðum sögum í því sambandi.“

<sup>294</sup> Í skýrslu setts saksóknara til dómsmálaráðherra þann 4. febrúar 2003 kemur fram að „Fyrstu skráðu heimildir Geirfinnsmálsins um meinta aðild Sigurbjörns Eiríkssonar og Magnúsar Leópoldssonar að hvarfi Geirfinns Einarssonar er að finna í framburðarskýrslu af Árna Sigurði Guðmundssyni frá 22. október 1975. Í henni segir hann frá því hvernig faðir hans, Guðmundur Agnarsson, vélstjóri og vaktmaður á Landspítalanum, hafi greint ættingjum frá aðild hans að hvarfi Geirfinns Einarssonar.“ Einnig kemur fram í skýrslunni að „Guðmundur neitaði í yfirheyrslum allri aðild að hvarfi Geirfinns, hann staðfesti hins vegar að hafa greint ættingjum sínum frá hinu gagnstæða þegar hann var undir áhrifum áfengis eða lyfja. Ástæðan mun hafa verið sú að hann vildi spila sig stærri mann.“

<sup>295</sup> Garratt (2011) og Gísli H. Guðjónsson (2012). - Sjá einnig fyrsta hluta þessa kafla.

Það eru vísbendingar um að Erla hafi reynt að breyta framburði sínum í Geirfinnsmálinu, bæði í ágúst og október 1976, en mætt mikilli andstöðu rannsakenda og höfnun þeirra. Það hefur án efa haft í för með sér að hún upplifði sig hjálparlausa og sá enga leið út úr vandræðum sínum. Hún hélt því áfram að sýna rannsakendunum samvinnu og spinna lygavefinn þéttari með það í huga að draga sem mest úr alvarlegum afleiðingum þeirrar stöðu sem hún var komin í. Slíkt hjálparleysi og tilburðir til að reyna að minnka skaðann, úr því sem komið er<sup>296</sup>, koma oft fram hjá einstaklingum sem játað hafa á sig rangar sakir um alvarleg afbrot. Þeir draga játningar sínar jafnvel ekki til baka og játa sig seka um manndráp, sem þeir eru samt sem áður saklausir af, aðeins vegna þess að þeir halda að það leiði til hagstæðari niðurstöðu fyrir þá, þ.e. vægari sakfellingar, vegna þess að enginn trúir á sakleysi þeirra.<sup>297</sup> Í slíkum aðstæðum sér fólk oft enga aðra leið færa en að halda áfram að vinna með lögreglu og dómstólum, jafnvel þótt það leiði að lokum til þess að viðkomandi verði ranglega sakfelldur.

Það að Erla dró framburð sinn í Guðmundarmálinu ekki til baka, ólíkt því sem hún gerði í Geirfinnsmálinu, má skýra með minnisvafaheilkenni sem hrjáði hana í því máli, sem leiddi til þess að hún taldi hugsanlegt að Sævar, Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Albert hefðu átt þátt í hvarfi Guðmundar, þótt hún myndi alls ekki eftir því eða gæti bent á eitthvað áþreifanlegt því til staðfestingar. Hún hafði neikvæð viðhorf til þessara vina Sævars og þegar leið á yfirheyrslurnar í Geirfinnsmálinu varð hún tortryggin í garð hans líka og taldi líklegt að þeir hefðu verið færir um að ráða Guðmundi bana. Það að hún dró framburð sinn í þessu máli ekki til baka á þess vegna ekki að meta sem staðfestingu þess að framburðurinn hafi verið áreiðanlegur.

Eftir að hafa farið vandlega yfir gögn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna eru höfundar þessa kafla þeirrar skoðunar að framburður Erlu í báðum málunum sé án nokkurs vafa óáreiðanlegur.

### **19.2.2. Sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburðar Sævars Marinós Ciesielski**

Sævar Marinó Ciesielski sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á Guðmundar- og Geirfinnsmálunum í 1533 daga, þar af var hann vistaður 615 daga í einangrun í Síðumúlafangelsi, eða frá 12. desember 1975 til 22. febrúar 1980. Hann var ákærður fyrir manndráp, með því að eiga þátt í dauða Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar. Að auki var hann ákærður fyrir þjófnað, skjalafals og fjársvik auk neyslu, sölu og dreifingu fíkniefna. Sævar hlaut með dómi sakadóms Reykjavíkur ævilanga fangelsisvist, en Hæstiréttur dæmdi hann í 17 ára fangelsi 22. febrúar 1980.

#### ***Yfirheyrslur yfir Sævari***

Sævar fæddist 6. júlí árið 1955 og lést 12. júlí 2011. Hann var 20 ára gamall þegar fyrsta yfirheyrslan yfir honum um hvarf Guðmundar Einarssonar fór fram í Síðumúlafangelsi

---

<sup>296</sup> Sjá í Garratt (2011).

<sup>297</sup> Garratt (2011) og Gísli H. Guðjónsson (2012).

21. desember 1975.<sup>298</sup> Daginn eftir var hann svo yfirheyrður þrisvar sinnum í samtals sjö klukkustundir, fyrst frá klukkan 11:00 til 13:00 samkvæmt dagbók fangelsisins og svo frá 14:00 til 19:00, og tekin af honum skýrsla. Sú skýrsla virðist marka upphaf rannsóknar á aðild hans að hvarfi Guðmundar Einarssonar og kemur fyrsta játning hans í því máli fram í henni. Það vekur athygli að skýrslan er mjög stutt og án lýsinga á játningunni. Lögmaður Sævars, Jón Oddsson, var viðstaddur yfirheyrsluna, en í henni segir:

*„Sævar var margspurður og [um] vitneskju hans varðandi hvarf Guðmundar Einarssonar, en í fyrstu neitaði Sævar allri vitneskju þar um. Honum var bent á, að Erla Bolladóttir hefði skýrt frá sinni vitneskju um málið og hún segði Sævar vera við það riðinn. Þar kom, að Sævar viðurkenndi að hafa einhverja vitneskju um afdrif Guðmundar, en vildi til að byrja með ekki segja nánar frá henni [...] Í samráði við Jón Oddsson hrl. var upphafið að skýrslu Erlu Bolladóttur lesið fyrir Sævar. Sævar bað þó fljótlega um að lestrinum yrði hætt og féllst á að skýra sjálfur frá hlutdeild sinni í hvarfi Guðmundar. Ekki var tekin skrifleg skýrsla af Sævari, en hann skýrði frá atburðunum mjög á sömu lund og Erla hafði gert.“ Sævar lýsti atburðarásinni þannig að „átök höfðu svo átt sér stað í íbúðinni við Hamarsbraut, sem lauk með því, að Guðmundur beið bana.“*

Nánari lýsing á því sem gerðist kemur ekki fram í skýrslunni, sem virðist ekki vera raunveruleg skýrsla heldur stutt samantekt, er aðeins ein blaðsíða (A4) að lengd. Þá vekur athygli að undirskrift Sævars er ekki á skýrslunni og ekki lögmanns hans, aðeins undirskriftir rannsakendanna Sigurbjarnar Víðis og Eggerts Bjarnasonar, en lögmaður hans mun hafa óskað eftir frestun á undirskrift.

Þess ber að geta að Sævar hafði verið í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi frá 12. desember og yfirheyrður fimm sinnum í samtals 20 klukkustundir vegna póstsvikamálsins áður en formlegar yfirheyrslur vegna Guðmundarmálsins hófust 21. desember. Í póstsvikamálinu liggja fyrir tvær skýrslur 13. desember 1975 og 11. janúar 1976. Í fyrri skýrslunni neitaði Sævar aðild að póstsvikamálinu og sagðist ekki vita hver hefði framið brotið.<sup>299</sup> Í seinni skýrslunni játaði hann sök í málinu eftir að honum hafði verið skýrt frá því að lögreglan hefði vitneskju um aðild hans og í framhaldi af því bendlaði hann Erlu við málið.<sup>300</sup>

Önnur skýrslutakan af Sævari í Guðmundarmálinu fór fram 4. janúar 1976 og tók hún tæpar fimm klukkustundir og var lögmaður hans viðstaddur. Í millitíðinni, eða 27. desember, var farið með hann í „ökuferð“ í tæpar þrjár klukkustundir, en ekki liggur fyrir hver tilgangur þeirrar ferðar var. Teknar voru þrjár skýrslur af Sævari 6. og 11. janúar

<sup>298</sup> Þetta verður að teljast líklegt samkvæmt skráningu í fangelsisdagbókinni því þann dag var hann yfirheyrður af Sigurbirni Víði og Eggerti Bjarnasyni rannsóknarlögreglumönnum í samtals 10 klukkustundir og tíu mínútur.

<sup>299</sup> Þann 11. desember hafði Kristján Viðar skýrt lögreglunni frá aðild Sævars að póstsvikamálinu.

<sup>300</sup> Þegar Sævar var yfirheyrður þann 11. janúar 1976 þá hafði Erla játað aðild að málinu við skýrslutöku 18. desember og skýrt frá þátttöku hans.



og hann yfirheyrður þrisvar að auki dagana 5., 9. og 10. janúar, samkvæmt dagbók fangelsisins, en síðastnefnda daginn var gæsluvarðhaldið framlengt um 60 daga og hann úrskurðaður í geðrannsókn.<sup>301</sup> Það vekur athygli að 11. janúar var Sævar yfirheyrður um bæði póstsвика- og Guðmundarmálið og samkvæmt dagbók fangelsisins tók sú yfirheyrsla tæpa fjórar klukkustundir. Við þessa yfirheyrslu voru teknar af honum tvær skýrslur, önnur vegna póstsvikamálsins en hin vegna Guðmundarmálsins. Tólfta janúar segir í dagbók fangelsisins að Örn Höskuldsson hafi rætt við Sævar, án þess að getið sé hve lengi og 13. janúar var svo farið með hann í rúmlega tveggja klukkustunda „útsýnisferð“. Fjórtánda janúar ræddi Örn svo aftur við hann í u.þ.b. hálf tíma. Samkvæmt dagbók fangelsisins var hann ekki yfirheyrður fimmtudaginn 15. janúar, en þann 16. segir svo í dagbók fangelsisins: „Var Sævar færður til viðtals í hornið [viðtalsherbergi í Síðumúlafangelsi], stóð viðtalið mjög stutt og Sævar færður snarlega á klefa sinn aftur. Hann hringdi rétt strax bjöllunni og bað um viðtal við Örn einslega sem hann gaf kost á, en það stóð mjög stutt.“ Hvorki er ljóst um hvað viðræður Arnar og Sævars snerust né hvað var gert í „útsýnisferðinni“. Dagana 19. og 20. janúar var Sævar svo yfirheyrður í tæpar sex klukkustundir hvorn daginn og 21. janúar í tíu og hálf klukkustund.

Þegar fimmta skýrslutakan af Sævari fór fram 22. janúar, játaði hann svo aðild að Geirfinnsmálinu, en þá hafði hann eins og áður er lýst verið yfirheyrður átta sinnum í samtals tæpar 24 klukkustundir á tíu dögum (frá 11. til 22. janúar) og einu sinni farið með hann í „útsýnisferð“ í rúmar tvær klukkustundir. Við skýrslutökuna 22. janúar, sem tók tæpar fimm klukkustundir, játaði Sævar að hafa verið með í för til Keflavíkur að sækja smyglað áfengi og taka að sér að dreifa því fyrir Einar Bollason, bróður Erlu, og Magnús Leópoldsson. Í upphafi skýrslunnar er haft eftir honum eftirfarandi:

*„Mér er kunnugt um hvarf Geirfinns og ég fylgdist með rannsókn þess máls, eins og hún kom fram í fjölmiðlum, fyrst hér heima á Íslandi og svo eftir að ég kom til Danmerkur í desember 1974.“*

Sævar lýsti því svo að um kvöld nokkrum dögum áður en Geirfinnur hvarf, þegar hann var á gangi á Laugavegi,

*„þá var stöðvuð rétt hjá mér fólksbifreið og maður í henni kallaði í mig með nafni. Þetta var Mercedes Benz bifreið, að mig minnir bláleit að lit. Sá sem kallaði, reyndist vera Einar Bollason, bróðir sambýliskonu minnar Erlu Bolladóttur. Hann sat í aftursæti bifreiðarinnar og settist ég inn við hlið honum undir stýri bifreiðarinnar sat Magnús Leopoldsson við hlið hans maður sem þeir Einar og Magnús nefndu svo Geirfinn. Síðar, þegar ég sá myndir í fjölmiðlum af Geirfinni Einarssyni, þá þekkti ég hann sem þann sama Geirfinn og þarna var í bifreiðinni [...] Nú var ekið hér um borgina og rætt um ólöglegan innflutning á áfengi og dreifingu þess og tók ég vel í að taka þátt í slíku.“*

<sup>301</sup> Þess má geta að um klukkan tvö, aðfaranótt 5. janúar 1976 var skráð í dagbók fangelsisins: „Var Sævari svarað, hafði þá ælt og fengið blóðnasir og kvartaði hann um hjartverk.“

Sævar sagði að nokkrum dögum síðar hefði Einar haft samband við sig og beðið sig um að koma með sér til Keflavíkur til þess að sækja áfengissendingu.

*„Á leiðinni var rætt um áfengissölu og talað um, að ég gæti fengið spíritusinn á hagstæðu verði, ef ég tæki hann í stórum umbúðum [...] Þegar við komum til Keflavíkur, en áður en bifreiðin var stöðvuð, þá töluðu þeir félagar um að hitta Geirfínn og skildist mér, að hann ætti að taka þátt í því að nálgast áfengi, sem þyrfti að sækja út á sjó.“*

Síðan sagði Sævar að Magnús hefði sagt sér „að Geirfínnur hefði fallið útbyrðis úr bátnum og drukknað [...] Aftur á móti sagði Magnús við mig að mér væri hollara að nefna slysið ekki við nokkurn mann, það væri mér fyrir bestu.“

Sjötta skýrslutakan af Sævari fór fram þremur dögum síðar eða 25. janúar þar sem hann gefur enn frekari lýsingu á atburðarásinni í Keflavíkurferðinni. Þetta var fremur stutt yfirheyrsla, eða rétt rúm klukkustund, en á þremur dögum fyrir þá yfirheyrslu hafði Sævar verið yfirheyrður tvisvar sinnum í samtals tvær klukkustundir og þrisvar rætt við hann á klefa hans í samtals tæplega eina klukkustund. Samkvæmt dagbók fangelsisins var það Örn Höskuldsson, sem ræddi við Sævar í klefa hans í tvö af þessum þremur skiptum.

Við skýrslutökuna þann 25. janúar sagðist Sævar vilja breyta fyrri skýrslu sinni frá 22. janúar og bæta við hana.

*„Þar sem ég talaði um, að ég hefði verið í bifreið með þeim Magnúsi Leópoldssyni, Einari Bollasyni og Geirfínni Einarssyni þá sagði ég, að ég hefði farið úr bifreiðinni við Hótel Borg. Það er ekki rétt, því ég fór úr henni við Klúbbinn, en þangað var ekið, eins og fram kom. [...] Þegar ég var svo sóttur heim að Grýtubakka skömmu síðar, þá var Erla í bifreið þeirri sem sótti mig. Í henni voru einnig, þeir Einar og Magnús, en ekki Valdimar Olsen, eins og ég sagði áður. Í stað Valdimars, þá var Kristján Viðar Viðarsson í bifreiðinni. Einar sagði mér, að verið væri að leggja af stað til þess að sækja áfengissendingu, sem koma ætti í land í Keflavík og bauð hann mér að koma með, hvað ég þáði.“*

Sævar sagði að „töluvert magn af Vodka 75% og svo spíritus í brúsum“ hefði verið flutt úr bát í sendibílinn.

*„Þá var það, sem hann [Magnús] sagði, að þetta hefði „reddast“, en slys hefði orðið, því Geirfínnur hefði fallið útbyrðis og drukknað. Við settumst svo allir þrír [Einar, Magnús og Sævar] inn í bifreiðina og ókum áleiðis hingað til borgarinnar. Erla kom ekki aftur í bifreiðina og man ég ekki betur, en Magnús hefði talað um, að hún kæmi með annarri bifreið. Mér hefur nú verið ekið til Keflavíkur og mér þar sýndir þeir tveir staðir, sem um gæti verið að ræða, það er sjálf höfnin og svo athafnasvæði Dráttarbrautar Keflavíkur og bryggjan þar niður af. Ég tel mig þess fullvissan, að þeir atburðir, sem ég hef hér lýst, áttu*

*sér stað við dráttarbrautina og þekki ég þann stað með vissu aftur. Sjálf höfnin kemur alls ekki til greina.*<sup>302</sup>

Sævar dró svo framburð sinn í Geirfinnsmálinu til baka við skýrslutöku þann 1. apríl og sagði fyrri skýrslur byggðar á frásögnum Erlu en ekki vitneskju hans, en frá skýrslutökunni 25. janúar höfðu tvær skýrslur verið teknar af honum, 27. janúar og 11. febrúar, og hann yfirheyrður 12 sinnum og rætt við hann 10 sinnum á klefa og fjórum sinnum farið með hann út úr fangelsinu. Ekki er vitað um innihald þessara yfirheyrslna/viðtala og ferða, utan þess að ein ferðin var samkvæmt dagbók fangelsisins farin „suður fyrir Hafnarfjörð nánar tiltekið á sunnanvert Hvaleyrarholt, þar sem hann vildi benda á þann stað þar sem að Guðmundur heitinn Einarsson hefði verið lagður fyrir.“ Við þetta tækifæri „reyndi [Sævar] að strjúka hér við dyrnar Örn hljóp hann uppi og er hann nú í handa og fótjárnnum fær ekki að reykja og engar eldspítur. Að öðru leyti sem minnsta þjónustu“, segir í dagbók fangelsisins.

Þann 19. febrúar er svo skráð í dagbók fangelsisins að Sævar hafi neitaði að taka lyf „segist vera með hita og vilja fá lækni“. Engin bókun er hins vegar í dagbókinni um að læknir hafi komið til hans þennan dag og ekki fyrr en 25. febrúar. Mánuði síðar lýsir fangavörður áhyggjum sínum af heilsufari Sævars í dagbók fangelsisins og kemur fram að hann hafi rætt við lækni fangelsisins sem gaf fangaverðinum þau fyrirmæli „að taka tvær saurprufur með sólarhrings millibili og svo mundi hann sækja þær og rannsaka.“ Ekki er ljóst hvort af því varð eða hverjar voru niðurstöðurnar.

Tíunda skýrslutakan af Sævari fór ekki fram fyrr en 8. maí, en í dagbók fangelsisins segir að hann hafi verið færður til yfirheyrslu „að eigin ósk“ og sagðist „vilja segja sannleikan í máli þessu“. Athygli vekur að skýrslutakan, sem tók um þrjár klukkustundir, hófst rétt eftir miðnætti og lauk ekki fyrr en á fjórða tímanum um morguninn (00:20 til 03:35). Við þessa skýrslutöku játaði Sævar aftur aðild að Geirfinnsmálinu. Frásögn hans við þessa skýrslutöku var að mestu í samræmi við það sem hann hafði áður borið og lýsti hann því að Sigurbjörn hefði skotið Geirfynn með riffli, sem hann hefði „hrifsað“ af Valdimari. Frá 1. apríl til 8. maí hafði Sævar hins vegar verið yfirheyrður eða rætt við hann 25 sinnum, þar af þrisvar sinnum í klefa hans og lengst í tæpar tvær klukkustundir. Tvær af yfirheyrslunum voru á vegum sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum og forstöðumaður Síðumúlafangelsis er skráður í dagbók fangelsisins fyrir einni þeirra. Ekki liggja fyrir skýrslur um þessar 25 yfirheyrslur. Þá var Sævar fjórum sinnum tekin til samprófunar á þessu tímabili, við Albert, Erlu og Kristján Viðar og liggur fyrir skýrsla um samprófun milli hans og Alberts þann 30. apríl. Við þessa samprófun virðist Sævar hafa dregið framburð sinn í Guðmundarmálinu til baka. Í skýrslunni segir m.a.: „Albert Klahn Skaftason kom til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 30. apríl 1976. Rakti hann fyrir Sævari Marinó, sem viðstaddur var yfirheyrsluna, ferðir þeirra hinn 27. janúar 1974 og um haustið það ár. Sævar Marinó kvað þetta allt ósannindi og tóman uppspuna hjá Alberti Klahn og neitaði því harðlega, að þetta hefði átt sér stað.“

<sup>302</sup> Sævar minntist ekki á Kristján Viðar í þessu samhengi.

Ellefta skýrslutakan af Sævari fór ekki fram fyrr en eftir rúma þrjú mánuði eða 19. ágúst þegar hann dró framburð sinn í Geirfinnsmálinu aftur til baka. Á þessu þriggja mánaða tímabili var hann yfirheyrður eða tekinn í viðtal 25 sinnum og þar af þrisvar í klefa hans og í eitt skiptið af þýska rannsóknarlögreglumanninum Schütz. Þá var hann 10 sinnum tekinn til samprófunar og samkvæmt dagbók fangelsisins var fjórum sinnum farið með hann ásamt Erlu út úr fangelsinu og var hann í tvö skipti járnaður við einn fangavörðinn. Tvisvar er tekið fram að farið hafi verið með þau Erlu „suður í hraun“.

Á tímabilinu frá 19. ágúst 28. desember 1976 voru teknar 20 skýrslur af Sævari, auk þess sem hann var yfirheyrður eða tekinn í viðtal 55 sinnum. Nítján af þessum viðtölum fóru fram í klefa Sævars. Þá var 16 sinnum farið með hann út úr fangelsinu á þessu rúmlega fjögurra mánaða tímabili. Efni sumra þessara yfirheyrsla liggur ekki fyrir og ekki er tilgangur allra ferðanna 16 út úr fangelsinu ljós. Ljóst er þó að nokkrar ferðanna voru farnar til að leita að líki Guðmundar Einarssonar. Fyrsta október var farið með hann út í hraun sunnan Hafnarfjarðar til að benda að stað þar sem félagarnir urðu lík Guðmundar og 5. október var farið með hann í kirkjugarðinn í Fossvogi, en hann hafði kvöldið áður skýrt frá því að lík Guðmundar væri þar niðurkomið. Samkvæmt dagbók fangelsisins var svo farið með hann tveimur dögum síðar suður fyrir Hafnarfjörð, „á mótí Álverksmiðjunni“ til að leita að líki Guðmundar. Allar þessar ferðir voru án árangurs. Ekkert lík fannst. Þann 29. október var svo farið austur í Grafning til að leita að líki Geirfinns einhversstaðar milli Hagavíkur og Villingavatns. Þá er skráð að farið hafi verið „með Sævar upp í Rauðhóla [10. desember 1976] og hann beðin að benda á staðinn þar sem líkið [Geirfinns] var grafið. Hann kvaðst ekki vera viss á staðnum þar sem ferðin hefði verið farin í myrkri, en benti á nokkra uppmoksturshóla þarna á svæðinu og kveðst telja þá líkasta staðnum sem grafið var á.“ Fram kemur að mánu- daginn 13. desember hafi svæðið verið kannað með jarðýtu en án árangurs.

Tvær af skýrslunum 20 á ofangreindu tímabili vekja sérstaka athygli. Við þá fyrri, frá 22. október, ítrekaði Sævar að hann dragi framburð sinn eða játningu í Geirfinnsmálinu til baka. Í samantekt um viðtal sem Schütz átti við Sævar um Geirfinnsmálið segir:

*„Sævar neitaði því að hafa verið í Keflavík þann 19.11.1974, og að vita nokkuð um hvarf Geirfinns. Áttu sér stað nokkrar viðræður milli Sævars og Karls Schütz varðandi ýmis atriði tengd máli þessu. Sérstaklega aðspurður kvaðst Sævar kannast það að kápa sem Erla Bolladóttir, sambýliskona hans átti hafi verið hjá [kunningja þeirra, á heimili hans], og að hann hefði sjálfur farið með kápuna til hans. [...] Sævar kvaðst sjálfur hafa gengið í þessari kápu.“*

Við skýrslutökuna síðari daginn, eða 23. október, jataði Sævar hins vegar aftur aðild að Geirfinnsmálinu. Skýrslutakan tók fimm klukkustundir en fyrir hádegi sama dag, samkvæmt dagbók fangelsisins, hafði hann verið yfirheyrður af sama lögreglumanni í eina og hálf klukkustund. Fram kemur að skýrsla hafi verið tekin af Sævari frá kl. 18:00 til 22:00 og í henni segir að hann hafi verið yfirheyrður frá 13:00 til 18:00 um daginn en skýrslutaka hafi svo hafist klukkan 18:00 með samþykki Sævars og staðið til 22:00 [23:00 í dagbók fangelsisins]. Samtals mun Sævar því hafa verið yfirheyrður í tíu og

hálf klukkustund þennan dag. Í skýrslunni játar Sævar svo aðild að hvarfi Geirfinns og segir að 18. nóvember 1974 hafi Kristján Viðar hringt í sig og spurt „hvort ég væri ekki til í að koma til Keflavíkur þann 19.11. um kvöldið til að taka þátt í áfengissmygli. Ég svaraði þessu játandi og spurði hvort Erla Bolladóttir sambýliskona mín mætti ekki koma með og svaraði hann því til að það væri allt í lagi.“

Síðan sagði Sævar að þeir hefðu náð í Kristján og farið til Keflavíkur. „Á leiðinni til Keflavíkur man ég að Kristján og ökumaðurinn ræddu um það að þeir þyrftu að hitta einhvern mann í Keflavík og þyrfti það að ske á einhverjum tíma, sem hafði verið ákveðinn.“ Sævar sagði að þegar þau komu til Keflavíkur „afhenti ökumaðurinn Kristjáni Viðari bréfmíða, sagði honum að fara og hringja í Geirfinn og segja honum að koma gangandi að Hafnarbúðinni.“ Síðan hafi þeir ekið að Hafnarbúðinni og Geirfinnur sest í aftursæti bifreiðarinnar við hlið Kristjáns. Þá hafi verið ekið að Dráttarbrautinni og sagðist Sævar hafa veitt athygli sendibifreið sem var neðar í dráttarbrautinni. Sævar sagði að Kristján og Geirfinnur hefðu farið út úr bílnum og gengið í áttina að sendibílnum, en hann og Erla hafi verið eftir í bílnum og ekki langt frá bílnum hafi þeir [ökumaður fólksbílsins, maður úr sendibílnum og Kristján Viðar] lent í átökum við Geirfinn. Sævar sagðist hafa tekið eftir að Erla var horfin og séð Geirfinn liggja á jörðinni hreyfingarlausan. „Eftir að ég var kominn í bifreiðina sá ég er tveir menn tóku Geirfinn og settu hann aftur í sendibifreiðina [...] Ég veit ekki hvað varð um Geirfinn eftir að hann var settur í sendibifreiðina í Dráttarbrautinni, hvort hann hefur látið lífið þar eða ekki.“

Í skýrslutöku 28. október, sem stóð yfir í rúmar níu klukkustundir, með samþykki Sævars, blandaði Sævar svo Guðjóni Skarphéðinssyni í málið og sagði hann hafa beðið sig um að selja spíra fyrir sig. Í atburðalýsingu í þessari skýrslu greinir Sævar frá frumkvæði Guðjóns í málinu og því hvernig Guðjón og Kristján Viðar réðu Geirfinni bana með því að berja hann í höfuðið „með ca. 50 til 60 sentimetra lurk“.

Í janúar 1977 voru teknar 10 skýrslur af Sævari og hann yfirheyrður þrisvar sinnum að auki og þrisvar sinnum farið með hann út úr fangelsinu, tvisvar sinnum „í bíltúr í góða veðrinu“ og einu sinni til Keflavíkur þar sem Sævar var m.a. beðinn um að benda á staðinn þar sem Mercedes-Benz bifreiðinni var lagt þegar hann fyrst sá hana kvöldið 19. nóvember 1974. „Ég [rannsóknarlögreglumaður] spurði Sævar enn einu sinni hvort hann væri öruggur um að ekki hefði verið tekið bensín í umræddri ferð. Hann sagði sig ráma óljóst að tekið væri bensín þarna í Keflavík og þá við Aðalstöðina. Hann sagðist halda að Guðjón hefði séð um það.“

Sævar var svo fluttur í Hegningarhúsið 31. janúar og vistaður þar í gæsluvarðahaldi þar til hann var færður aftur í Síðumúlafangelsið 5. maí. Á því tímabili voru teknar sex skýrslur af honum og hann tekinn fimm sinnum í samprófun. Samkvæmt skráningu í fangelsisdagbók Hegningarhússins var Sævar yfirheyrður í örfá skipti því til viðbótar án þess að fyrir liggi efni þeirra yfirheyrsla. Í skýrslu um viðtal við Sævar 3. mars 1977 segir að „í viðræðum sem fram hafa farið undanfarna daga milli undirritaðs og SMC [Sævars] gæslufanga í Hegningarhúsinu, hefur komið fram veruleg breyting á atburðarásinni laugardagskvöldið 26. jan. 1974, miðað við það sem áður hefur komið fram“. Í

Þessu viðtali bætti Sævar fjórða manninum, Gunnari Jónssyni, í Guðmundarmálið. „Aðspurður um hversvegna SMC greindi ekki frá Gunna fyrr svarar SMC því til að honum hafi yfirleitt ekki verið trúað og hann þá ekki séð neina ástæðu til að segja frá slíku fremur en öðru sem einhverja þýðingu gæti haft fyrir gang málsins.“ Haft hefur verið eftir Sævari að hann hafi nefnt Gunnar til sögunnar til þess eins að hefna sín á lögreglunni vegna þess að ekkert mark hafi verið tekið á upplýsingum sem hefðu getað staðfest fjarvistarsönnun hans aðfaranótt 27. janúar 1974.<sup>303</sup>

Frá 5. maí til 12. desember 1977 voru teknar fjórar skýrslur af Sævari og hann yfirheyrður eða tekin í viðtal þrisvar sinnum að auki. Þá var hann tekinn í þrjár samprófanir og tvisvar sinnum farið með hann í „ökuferð“. Þann 22. desember 1977 var Sævar svo fluttur í Hegningarhúsið til vistunar og 13. febrúar 1978 í Fangelsið Litla-Hrauni. Höfundar þessarar skýrslu hafa farið yfir dagbækur Hegningarhússins og Litla-Hrauns allt til ársloka 1977. Örfáar yfirheyrslur fóru fram á þessu tímabili samkvæmt skráningum í framangreindar dagbækur, en um efni þeirra er ekki vitað.

### ***Samantekt um yfirheyrslur yfir Sævari***

Samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsis og skýrslum lögreglunnar virðist Sævar hafa verið yfirheyrður eða „tekinn til viðtals“ a.m.k. 180<sup>304</sup> sinnum í gæsluvarðhaldinu vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálanna á tímabilinu frá 21. desember 1975 til 12. desember 1977. Viðtöl þessi eða yfirheyrslur fóru ýmist fram í yfirheyrsluherbergi í Síðumúlafangelsi eða í klefa hans, í Hegningarhúsinu, hjá sakadómi Reykjavíkur eða hjá lögreglunni. Þá var hann 20 sinnum tekinn í samprófun á þessu tímabili. Samanlögð skráð tímalengd viðtala og yfirheyrsla á þessum tíma er samtals rúmlega 340 klukkustundir (rúmir 14 sólarhringar), en gera má ráð fyrir að heildartíminn sé mun lengri því tímalengd sumra viðtala og yfirheyrsla er ekki skráð. Þess ber að geta að 42 (fjórðungur) af þessum u.þ.b. 180 samskiptum fóru fram í klefa Sævars í Síðumúlafangelsinu.

### ***Viðhorf rannsóknaraðila og fangavarða til Sævars og ill meðferð í Síðumúlafangelsi***

Í dagbók Síðumúlangelsis koma fyrir nokkrar færslur sem vert er að geta í þessari skýrslu því þær lýsa mjög neikvæðum viðhorfum rannsakenda, fangavarða og lögmanns Sævars til hans. Í dagbók fangelsisins má sjá eftirfarandi færslur:

26. apríl 1976 [Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður, bókaði]:

*„Um sama leiti talaði ég við Örn fltr vegna Sævars. Tilefnið var að skömmu eftir að þeir fóru vildi Sævar fá að tala við Hallvarð. Ég lét færa Sævar fram til mín til að vita hvað hann vildi Hallvarði það var bara þvæla. Ég messaði yfir honum á nokkurn veginn heiðarlegan hátt. Skömmu síðar þurfti að sækja inn mann sem fara átti til Hafnarfjarðar. Þá lág Sævar hágrenjandi inn á klefa þegar fangaverðir gengu hjá. Örn eða lögrm. ætla að koma á næstunni og reyna við helv. einu sinni enn.“*

<sup>303</sup> Þorsteinn Antonsson (1991).

<sup>304</sup> Þar af tvær yfirheyrslur vegna póstsvikamálsins (fíkniefnamál) og ein yfirheyrsla með Gunnari Guðmundssyni yfirfangaverði.

12. maí 1976 [Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður, bókaði]:

„Hringir Hallvarður og sagðist hafa náð í Lárus Helgason lækni og ætlar hann að reyna að koma kl. 17:30 í kvöld en gaf þó ekki algjalt loford þar um. Einnig tjáði Hallvarður mér að Lárus læknir hefði mælt mjög með því, að Ingvar Kristjánsson tæki Sævar til bæna og ætlar Hallvarður að sjá til þess að Ingvari sálfr. [geðlæknir en ekki sálfræðingur] verði skrifað bréf og hann beðinn að taka dýrið að sér. Lárus læknir hafi sagt að utan þess að Ingvar væri góður sálfræðingur hefði hann stórgóða þekkingu á afbrotasálfræði og yfirheyrslum í sambandi við það.“

„Hringdi Jón Oddsson lögfr. Sævars og sagðist vera að útskrifast af spítalanum og vill hann helst koma og taka Sævar með látum og hakka hann í sig. Benti ég honum á að tala við Víði.“

„Hringdi Hallvarður og spurði um Lárus lækni og rannsóknarlögrm. ég sagði Lárus vera hér og sömuleiðis Sigurbj. Víði. Hallvarður gat þess að hann væri búinn að boðsenda bréf til Ingvars sálfræðings um að taka skoffnið hann Sævar að sér.“

12. júlí 1976 [Jón B. Sveinsson, fangavörður, bókaði]:

Sævari var boðið lyf að venju en neitaði í tvígang að taka það „Í votta viðurvist tjáði hann okkur, að um væri að kenna hjartveiki sinni. En áður hefur komið fram, að mati læknis, að ekkert sé að hjartanu í honum. Sævar fær engin lyf þar til annað verður ákveðið af lækni. Hinsvegar er það mitt mat, og jafnvel annara, að ekkert hjarta sé í Sævari Marinó Ciesielski.“<sup>305</sup>

11. nóvember 1976 [Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður bókaði og undirstrikaði í dagbók]:

„Karl Schütz óskar eindregið eftir því að fangaverðir ræði ekki við Sævar um sakamálin að mér einum undanteknum. Ég óska eindregið eftir því að farið verði eftir þessari beiðni Schütz því eins og hann segir er nóg komið af lyginni aftur og bak og áfram. Schütz segir að ég gæti metið hvort um grænt ljós væri að ræða. Þess vegna ætti ég einn að hafa samband við þá.“

Í ódagsettri lokaskýrslu rannsóknarnefndar Reykjavíkur um Geirfinnsmálið má sjá neikvæð viðhorf rannsakenda til Sævars:

„Sérstaklega er það fortíð þessara sakborninga [hér er átt við Sævar og Kristján Viðar] sem gefur tilefni til að gruna þá um kæruleysi gagnvart dauða Geirfinns. Báðir hafa þeir í morðmáli Guðmundar Einarssonar sannað að þeir séu færir um að drepa mann af lítilfjörlegu tilefni. [...] Sævar hefði getað

<sup>305</sup> Samkvæmt upplýsingum frá móður Sævars, sem fjallað er um síðar í þessari skýrslu, átti hann við vanda að stríða frá 16 ára aldri sem kom fram í slappleika og verkjum fyrir hjarta.

*hugað sér, að dauði Geirfinns væri ávinningur fyrir sig á tvennan hátt. [...] Ósvífni og tilfinningaleysi Sævars eru sterk líkindi til þessarar ályktunar [þetta er ályktun rannsóknarmanna]*“.

*„Eins og fyrir liggur í málsskjölum reyndi hann að torvelda rannsókn málsins með því að blanda Klúbbmönnum<sup>306</sup> og fleirum inn í málið“.*

Í viðtali starfshópsins við fangavörð í maí 2012, kom fram að það hefði verið rætt meðal fangavörðna að brjóta Sævar niður til að fá fram játningu með því að notfæra sér veikleika hans, en vitað var að hann var vatnshræddur. Fangavörðurinn sagðist hafa orðið vitni að einu atviki þar sem höfði Sævars var dýpt í vatn til að hræða hann. Sævar lýsir þessu atviki sjálfur í smáatriðum í skrifum sínum 4. mars 1977, er hann var vistaður í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Hann segir þetta atvik hafa gerst í júnílok 1976 í Síðumúlafangelsi og þá hafi þrír fangaverðir verið á vakt og segir einn fangavörðinn hafa farið með sig fram „ef ég kæmi ekki með góðu væri ég bara tegin með illu. [...] Þegar ég kem að sturtu klefa biður hann mig að bíða og opnar sturtu herbergið og grípur í háls málið á bol mínum og ræðst á mig ég reini að slíta mig lausan. Hann lætur renna [renna] á fult í álmvask og lætur golftusku sem var á gólvinu fyrir ræsið og tengst [tekst] að dífa mér oní vatnið og spurði með hverjum að ég hefði farið með til Keflavíkur og hvert ég hefði farið með piltin Guðmund Einarsson sem kvarf í Hafnafirði.“ Við athugun á dagbók fangelsisins kemur fram að 26. og 27. júlí árið 1976 voru þeir þrír fangaverðir, sem Sævar nafngreindir, á vakt og hlutverkum þeirra rétt lýst og voru þetta einu dagarnir í þessum mánuði þar sem skráð er að þeir þrír fangaverðir hafi verið saman á vakt. Í skrifum Sævars er getið um fleiri smáatriði sem unnt var að staðfesta í dagbók fangelsisins, s.s. hver leysti einn fangavörðinn af og hvaða lögreglumaður var í fangelsinu á ákveðnum tíma.

Frásögn Sævars, sem rituð er rúmum sjö mánuðum eftir að þetta gerðist er trúverðug. Fangavörðurinn sem starfshópurinn ræddi við staðfesti að hafa verið á vakt og orðið vitni að því sem gerðist, en sagðist ekki hafa tekið þátt í að pína Sævar. Í skrifum Sævars kemur fram hver stjórnaði aðgerðunum og hver hinna fangavörðanna tveggja hafi aðstoðað hann. „Hann bað fangavörð [...] að aðstoða sig að dífa mér ofaní sem hann gerði tók hann um lappir og hélt þeim uppi, og dífðu mér nokkrum sinnum í vatnið, [...] spurði í trek sömu spurningarna. Síðan var ég settur inn í klefa og var vánkaður orðin gjörsamlega farin á taugum. [...] Það liðu nokkrar mínondur þá kemur hann [...] aftur og leikur sama leikin þar til ég er farin að öskra og lig þá á gólvinu renandi blautur og var farin grenja hann spurði það sama og ég svaraði honum það sama sem ég hafði sagt honum, kemur þá [fangavörður sá sem starfshópurinn ræddi við] og segir að þetta sé nó í bili, og var farið með mig inn í klefa og skellt í lás notrað og skalf ég við ótta og hræðslu alveg farin á taugum.“

<sup>306</sup> Í skýrslu setts saksóknara til dómsmálaráðherra frá 4. febrúar 2003, um tildrög þess að Magnús Leópoldsson var grunaður um aðild að Geirfinnsmálinu, kemur fram að 22. október 1976, um þremur mánuðum áður en Sævar og Erla gáfu skýrslur í málinu, að nöfn Magnúsar Leópoldssonar og Sigurbjörns Eiríkssonar komu fram frá manni sem skýrði ættingjum, drukkinn, frá aðild sinni að málinu. Hann neitaði hins vegar aðild þegar hann var yfirheyrður af lögreglu.



Í skrifum sínum fjallar Sævar um líðan sína og nefnir fleiri atriði sem gefa til kynna að hann hafi verið beittur illri meðferð í fangelsinu, en í þessari skýrslu verður aðeins fjallað um þau atriði sem unnt hefur verið að staðfesta með einum eða öðrum hætti. Í skrifum hans í Hegningarhúsinu frá 5. janúar 1977 segir hann að yfir tveggja mánaða tímabil frá byrjun janúar 1976 hafi hann verið vistaður í klefa 22 í Síðumúlafangelsi og hafi ljósið í klefanum verið látið loga allan sólarhringinn. Þetta staðfesti fangavörður í viðtali við starfshópinn. Sævar segir að þetta hafi verið gert í framhaldi af því að hann hafi verið ósamvinnuþýður við Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörð, þegar hann var að yfirheyra hann um Guðmundarmálið,

*„en ég fer ekki að játa sem ég veit ekkert um sagði ég við Gunnar hann steiti nefan og sagði þú veist það víst ég bað hann að slökva ljósið hjá mér og bað um lækni því ég var veikur fyrir hjartanu með kvölum. Frá þeim deigji logaði ljósið allan þann tíma sem ég var þar í klefa 22. Gunnar sagði við mig ef ég vildi tala við dómara þá æti ég að segja honum það fyrst og sagði að það væri skipun Örn's Höskuldssonar. Á þessum tíma fara Eggert og Víðir ásamt Örn dómara að drösla mér út í hraun og ég spurði Örn hvort það væri leyfilegt að haga sér svona taka lifin af mér og skriffæri og Tóbog og Láta ljósið loga allan sólarhringinn og segja það sé bilað Örn sagði að hann skifti sér ekki af þessu.“*

Sævar lýsir því að slökkvarinn hafi verið fyrir utan klefa 22. Fangavörður (sem er rafvirki að mennt), sem starfshópurinn ræddi við, staðfesti þetta og sagðist sjálfur hafa breytt slökkvaranum þannig að ekki var hægt að slökka, samkvæmt fyrirmælum þar um.

Við þessa frásögn má bæta að kvenfangavörður, sem gaf skýrslu vegna *rannsóknar á ætluðu harðræði*<sup>307</sup> gegn Sævari árið 1979, bar að hún hefði verið á næturvakt í Síðumúlafangelsi 20. janúar 1976 og að Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður hefði gefið fyrirmæli um „að það ætti að halda þeim Sævari Marinó Cisielski og Tryggva Rúnari Leifssyni vakandi um nóttina og var að gert“. Fleira kemur fram í skýrslunni um illa meðferð á Sævari, s.s. að fangavörður hefði sagt Sævari „að hann mætti ekki fara á klósettið nema nakinn“ og annar fangavörður hefði gert sér að leik að framkalla mikinn hávaða á ganginum fyrir framan klefa Sævars, hann hefði „tuskað“ Sævar til „þannig að hann hafði endaskipti á honum, hristi Sævar til og varnaði honum að hafa ábreiðu (þrjónahúfu) yfir ljósakúflinum í loftinu, en slökkvarinn hafði þá löngu áður verið gerður óvirkur þannig að ávallt logaði ljós í klefanum“. Í skýrslunni kemur einnig fram að fangavörður hafi gert rofann óvirkan.

Í skrifum sínum segist Sævar einu sinni hafa sagt Gunnari yfirfangaverði frá því að hann væri með „verk fyrir hjartanu“. Þetta kemur einnig fram í dagbók fangelsisins 2. janúar 1976 að hann neitaði að taka lyf „vegna þess að [hann] kvaðst vera með verk fyrir hjartanu“ og aðfaranótt 3. janúar er bókað í dagbók fangelsisins: „Hringdi Sævar Marinó og var hann þá kominn með blóðnasir“. Þetta endurtók sig um tvö að nóttu tveimur dögum

<sup>307</sup> Rannsókn á ætluðu harðræði, rannsóknarlögregla ríkisins, mál nr. 2875/1979.

síðar, en þá segir að Sævar hafi neitaði að taka lyf „vegna þess að [hann] kvaðst vera með verk fyrir hjartanu“.

Í maí 2012 ræddi starfshópurinn við annan fyrrverandi fangavörð í Síðumúlafangelsi, sem sagðist muna vel eftir sakborningunum í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Hann sagði að þeim öllum hefði liðið illa í gæsluvarðhaldinu og Sævar hefði átt „mjög bág“ . Hann sagðist aldrei hafa séð ofbeldisfulla hegðun hjá Sævari, sem hefði verið mjög upptekinn við að ræða sakamálin tvö. Á fyrri hluta gæsluvarðhaldsvistarinnar hafi Sævar virst undir miklu álagi og nefndi fangavörðurinn eitt dæmi um það. Kvöld eitt er hann var vistaður í klefa 22, við hlið varðstofunnar hafi Sævar hringt klefabjöllunni og þegar komið var til að sinna honum stóð hann nakinn í klefanum og var undarlegur í hegðun og vildi fara á salernið. Fangavörðurinn sagðist hafa minnst á þetta atvik við Sævar daginn eftir og þá hefði farið hjá sér og ekki vilja kannast við það. Hann minntist einnig að þegar Sævar var vistaður í þessum klefa hafi ljósarofinn verið bilaður og ljós hafi logað í klefanum allan sólarhringinn. Hann sagðist hafa kvartað yfir þessu á varðstofunni en ástandið hefði verið óbreytt um tíma. Hann sagði að sér hafði ekki verið sagt hver var ástæðan fyrir þessari bilun. Hann benti á að klefi 22 hafi verið næstur varðstofunni og af því hefði verið mikið ónæði fyrir þá sem voru vistaðir í honum. Síðar hefði þessi klefi verið notaður til annarra hluta en að vista fanga.

Í yfirlýsingu þriðja fangavarðarins, sem fylgdi endurupptökubeiðni Sævars til Hæstaréttar árið 1996, lýsir hann því að framkvæmd einangrunar sakborninganna í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum í Síðumúlafangelsi hafi verið „strangari en venja var til“ . „Allt virtist þetta vera gert í því skyni að fá fram játningar sakborninga sem allra fyrst, en í fangelsinu ríkti sú fyrirvaralaus skoðun að sakborningarnir væru sekir.“ Einnig lýsti fangavörðurinn þvingunum sem Sævar var beittur, honum hafi verið haldið vakandi með því að láta ljós loga allan sólarhringinn hjá honum og „með því að berja útvegg klefa hans með grjóti. Minnst ég þess að fangavörður á minni vakt hafi farið út gagngert í því skyni að „skemmta“ sér við að hræða Sævar með þessum hætti og halda honum vakandi“. Þá bar þessi fangavörður að hafa heyrt á vinnufélögum sínum að þeirri aðferð hafi verið beitt „að færa höfuð hans [Sævars] á kaf í vatn“ og

*„þá bar það við að fangaverðir og rannsóknarlögreglumenn sátu á rökstólum í kaffistofu fangelsisins og ræddu hugsanlegar árangursríkar aðferðir við að fá sakborningana til að játa. Var þá rætt um meinta vatnshræðslu Sævars Marinós að Hallvarði Einvarðssyni viðstöddum. Var þá um það rætt að stjaka við Sævari í einhverri leitarferðinni þannig að hann félli í vatn og „láta helvítið synda““.*

Jón Bjarman fangaprestur lýsti áhyggjum sínum af harðræði í Síðumúlafangelsinu í tveimur bréfum til dómsmálaráðherra á meðan á rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna stóð, í fyrra skiptið 24. september 1976 og síðara skiptið 30. maí 1978, og fór fram á athugum ráðuneytisins. Í fyrra bréfi Jóns kemur fram að „óeðlilegt ástand“ hafi ríkt í fangelsinu frá því 23. desember 1975 og „Margir þeirra fanga, sem hafa verið í gæsluvarðhaldi á þessum tímabili [þ.e. frá 23. desember 1975] og sumir þeirra, sem eru

þar enn, hafa kvartað undan harðræði og því, að þeim hafi verið haldið í stöðugum ótta, bæði í sb. við framkvæmd gæzlunnar svo og við yfirheyrslur og rannsóknaraðgerðir í sb. við mál sín.“ Í síðara bréfinu vísar Jón sérstaklega til atvika sem áttu að hafa gerst við samprófun milli þeirra Erlu og Sævars dagana 4. eða 5. maí 1976<sup>308</sup>. Jón rekur „aðalatriði frásögu þeirra“ á eftirfarandi hátt:

*„Að kvöldi umrædds dags voru leidd til samprófunar í viðtalsherberginu í Síðumúla 28 Sævar Marinó Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson, og Erla Bolladóttir. Viðstaddir þessa athöfn voru Örn Höskuldsson, rannsóknar-dómari, Hallvarður Einvarðsson, vararíkissaksóknari, rannsóknarlögreglu-mennirnir Eggert Bjarnason, Sigurbjörn V. Eggertsson, Njörður Snæholm og Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður. Í samprófuninni var lagt hart að Sævari að játa lýsingu Erlu á atvikum en hann virtist ringlaður og miður sín og ekki vita hvaðan á sig stóð veðrið. Meðan að þessu fór fram greip Eggert í hár Sævars, kippti honum og hrinti til og frá svo hann var nærri fallinn í gólfíð og ógnaði honum. Seinna, þegar Sævar mótmælti einhverju, gekk Gunnar yfir-fangavörður að honum og löðrungaði hann. Samprófunin endaði í upplausn við það að Erla fór að æpa í móðursýkiskasti, var þá kallað á tvo fangaverði, sem drógu Sævar til klefa síns.“*

Við þessa lýsingu bætti Jón svo við að tveir fjórmeninganna<sup>309</sup> sem einnig voru vistaðir í Síðumúla á þessum tíma hafi spurt sig að því hvort drukkið fólk væri vistað í fangelsinu, „þeir hefðu kvöldið áður heyrt háreisti, óp og grátur í húsinu“.

Rannsókn á ætluðu harðræði í Síðumúlafangelsinu var gerð að beiðni dómsmálaráðu-neytisins 30. maí 1979 vegna frásagna Sævars um að hann hefði verið beittur harðræði í fangelsinu. Rannsóknin var gerð af rannsóknarlögreglu ríkisins á tímabilinu frá 5. september til 8. október 1979. Voru margir fangaverðir yfirheyrðir svo og rannsakendur og teknar voru skýrslur af séra Jóni Bjarman fangapresti og sakborningunum Kristjáni Viðari, Sævari og Erlu. Ásakanir sakborninganna voru bornar undir fangaverði og rann-sakendur sem „hafa alfarið neitað, að þessar frásagnir séu réttar“ segir í dómi Hæsta-réttar 22. febrúar 1980. Í dómnum er þó tekin afstaða til einnar kvörtunar Sævars:

*„Af gögnum máls verður ráðið, að við samprófun hinna ákærðu Sævars, Kristjáns og Erlu 5. maí 1976 hafi nafngreindur fangavörður lostið ákærða Sævar kinnhest. Um aðdraganda þessa eru skýrslur óljósar, en þær benda til þess, að ákærði Sævar hafi verið æstur og óróf við yfirheyrslu þessa.“*

<sup>308</sup> Samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsis voru Erla, Kristján Viðar og Sævar færð til samprófunar klukkan 21:25 kvöldið 5. maí 1976. Kristján Viðar og Sævar færðir aftur á klefa sína klukkan 22:50 en yfirheyrslu haldið áfram yfir Erlu til 00:30. Þá er skráð í dagbókina 02:20: „[fangavörður] kemur frá Erlu eftir að hafa talað við hana góða stund, segir hann að hún hafi verið orðin hress“. Þess ber að geta að samkvæmt dagbókinni var komið með Erlu í fangelsið kvöldið 3. maí 1976 og hún yfirheyrð í rúma þrjá tíma og í framhaldinu færð á klefa. Daginn eftir var hún úrskurðuð í gæsluvarðhald á nýjan leik (sjá nánari umfjöllun um þetta í köflum 18.1.1. og 18.1.2. um Erlu og Sævar).

<sup>309</sup> Er hér átt við Magnús Leópolðsson og Sigurbjörn Eiríksson.

*„Þegar hin rækilega rannsókn bæði fyrir og eftir uppsögu héraðsdóms varðandi meint harðræði og ólögmæta rannsóknarhætti er virt, verður ekki séð, að játningar ákærðu hafi verið fengnar með ólögmætum aðferðum af hálfu þeirra, er fóru með rannsókn málsins. Kinnhestur sá, sem sannað er, að fangavörður hafi lostið ákærða Sævar, var greiddur honum 5. maí 1976 við samprófun, alllöngu eftir að þessi ákærði játaði atferli sitt að Hamarsbraut 11.“*

*„Það er ámælisvert, að fangavörður laust einn hinna ákærðu kinnhest við yfirheyrslu, en ráðið verður af gögnum máls, að framkoma fangans við rannsóknarmenn í umrætt skipti hafi verið vítaverð.“*

### **Geðrannsókn á Sævari**

Sævar gekkst undir geðrannsókn hjá Ingvari Kristjánssyni geðlækni, á tímabilinu frá 31. maí til 3. september 1976 á meðan hann var vistaður í gæsluvarðhaldi „vegna meintrar hlutdeildar hans í hvarfi Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar.“ Í skýrslu Ingvars kemur fram að Sævari gekk ekki vel þegar hann hóf skólagöngu sem barn og var hann lagður í einelti. Strax í níu ára bekk „fór að bera allmikið á fjarvistum frá skóla“ og „var [hann] í slagtogi við jafnaldra er héldu verndarhendi yfir honum og stunduðu þeir saman útivistir, reykingar, slæping á leigubílum og jafnvel búðapjófnaði.“ Í skýrslunni kemur fram að Kristján Viðar og Albert voru meðal félaga Sævars á þessum tíma.

Ellefu ára var Sævar vistaður á heimavistarskólanum að Jaðri og 14 ára á Breiðavíkurheimilinu þaðan sem hann lauk „fullnaðarprófi og vann fjósstörf við góðan orðstír að sögn móður hans“. Ástæða þess að hann var vistaður á Breiðavík virðist hafa verið sú að Þórður Möller geðlæknir, „taldi hann hafa við aðlögunarvandkvæði að stríða (maladaptatio adolescence) og mögulega vera geðvilltan (psychopat)“, eftir viðtal við hann og móður hans. Skólagöngu, í skyldunámi, Sævars lauk svo á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, en þaðan var honum „vikið úr skóla um jól vegna agabrots.“ Sævar mun svo hafa flutt að heiman 16 ára árið 1971.

Í skýrslu Ingvars kemur fram að Sævar hafi í viðtölum við hann „staðfastlega neitað“ aðild að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum og sagst geta „sannað fjarveru sína kvöld það er Guðmundur Einarsson hvarf og hefur í því sambandi borið við tvennu: annars vegar að hann hafi eytt kvöldinu með vinkonu sinni, Helgu Gísladóttur, og hins vegar að hann hafi farið þetta kvöld austur í Hveragerði að sækja hass er hann átti þar í geymslu.<sup>310</sup> Varðandi kvöld það er Geirfinnur Einarsson hvarf, segir hann að hann hafi þá verið á heimili Vilhjálms Knudsen.“ Þá segir í skýrslunni: „Sævari hefur verið tíðrætt um framkomu lögreglunnar við sig og segir hana hafa beitt sig þvingunum til þess að skrifa undir játningar.“

<sup>310</sup> Rannsakandi fékk þessar sömu upplýsingar frá Sævari og staðfestingu frá Erlu og skrifaði um það skýrslu sem hann afhenti rannsóknardómurum sem stýrðu rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna. Samkvæmt frásögn rannsakandans í viðtali við skýrsluhöfunda, undirrituðu skjali frá 11. október 1996 og bréfi Jóns Oddssonar, lögmanns Sævars 30. september 1977 til Gunnlaugs Briem, dómara, töldu dómaramenn ekki ástæðu til að rannsaka þessa fjarvistarsönnun Sævars frekar.

Gylfi Ásmundsson sálfræðingur, gerði athugun á Sævari vegna geðrannsóknarinnar og lýsir honum með þessum orðum: „Geðtengsl voru góð á yfirborðinu, en ómögulegt að ná nokkrum dýpri geðtengslum við hann. Hann reynir stöðugt að manipulera undirritaðan, er tungulipur í betra lagi, reynir að komast hjá því að taka sálfræðilegu prófin, beitir ýmist fyrir sig lempanlegum tón eða hótunum um lögfræðilegar aðgerðir. Hegðun hans og viðbrögð öll eru dæmigerð fyrir psychopatiskan persónuleika með ákaflega flatt tilfinningalíf.“

Gylfi lagði nokkur sálfræðiþróf fyrir Sævar og sýndu niðurstöður prófanna að ekkert „benti til meiriháttar geðveiki (psychosis) eða vefrænna truflana á greind eða persónuleika. Starfhæf greind er fremur lök þótt líkur séu til þess að hann sé greindari að eðlisfari. Einkum er dómgreind hans lítil og íhygli.“ Gylfi nefnir líka „djúpstæðar truflanir“ á persónuleika Sævars, sem lýsi sér m.a. í tillitsleysi, vanmetakennd, óöryggi og andfélagslegri hegðun.

Gylfi mun eitt sinn hafa skilið sálfræðiþróf eftir hjá Sævari svo hann gæti fyllt það út í næði fyrir næsta viðtal. Sævar virðist hafa haft áhyggjur af þessu eða vildi gagnert rugla um fyrir sálfræðingnum og kom prófinu yfir til fanga hinum megin á ganginum og bað hann um að fylla það út. Rauf var undir klefahurðunum í fangelsinu sem gerði fongunum kleift að senda skilaboð yfir í klefann gengt þeirra á ganginum. Sá fangi staðfesti þessa frásögn í viðtali við starfshópinn. Atvikið komst upp og Sævar var látinn fylla prófið út að nýju og báðir fangarnir settir í fótajárn í 10 daga fyrir vikið.

Niðurstaða geðlæknisins í skýrslunni er sú „að Sævar sé ekki fáviti né heldur geðveikur (psychotiskur), en að hann sé haldinn geðvillu (personality disorder, antisocial type).“ Þá segir læknirinn: „Um sannleiksgildi frásagnar hans er ekkert hægt að fullyrða, en vísað er til þess, að framburður hans varðandi grunuð afbrot er breytilegur.“

Í bréfi móður Sævars til lögmanns hans, Jóns Oddssonar, sem dagsett er 23. maí 1976 má sjá gagnlegar upplýsingar um æsku Sævars og sálfræðileg vandamál. Í því kemur fram að hann átti lengi í vanda eftir uppskurði og svæfingu sem hann gekkst undir er hann var fimm ára gamall. Hann átti við námserfiðleika að stríða og gekk í sex skóla á aldrinum 7 til 15 ára, þar af þrjá heimavistarskóla. Hann virðist einnig hafa átt við tilfinningaleg vandamál og svefnörðugleika að stríða í æsku og um 16 ára aldur kvartaði hann undan slappleika og verkjum fyrir hjarta. Þá kemur fram að hann átti við hegðunarvanda að stríða, sem kom m.a. fram í skrópi úr skóla og afbrotum, og að hann var farinn að reykja tóbak um níu ára aldur og hass á unglingsárum.

Athygli vekur að móðir Sævars lýsir í þessu bréfi atviki sem er keimlíkt því sem fangavörður í Síðumúlafangelsinu bar um og getið er um hér að framan<sup>311</sup>: „Sævar var alltaf að tala um þennan slappleika og fékk kast einu sinni upp í sveit hjá ömmu sinni, fannst hann vera að kafna og tindi af sér fötin á leiðinni heim úr ánni, en hann var að veiða þegar þetta skeði. Hann var þá 16 ára. Ákvað ég þá að fara með hann til læknis, var

<sup>311</sup> „stóð hann [Sævar] nakinn í klefanum og var undarlegur í hegðun“.

hann sendur á Landakot í blóðrannsókn, fékk hann kast eftir að búið var að taka úr honum blóðið, og var hann fluttur til ömmu sinnar sem bjó þá á Grettisgötu 61. Héldu þeir að hann hafi orðið svona hræddur, en hann var slappur allan daginn og lá fyrir.“

### *Samantekt um Sævar*

Hér á eftir verða meginástæður þess að Sævar játaði aðild að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum teknar saman og þeim lýst út frá fræðilegri umgjörð<sup>312</sup> um játningar. Segja má að sjö sálrænir og aðstæðubundnir þættir hafi ráðið úrslitum um að hann játaði aðild að þessum tveimur málum. Fyrstu fimm þættirnir sem lýst er hér á eftir eru aðstæðubundnir og snerta yfirheyrslurnar og gæsluvarðhaldið, en tveir síðustu eru sálrænir þættir sem snerta persónulegar aðstæður Sævars, eiginleika hans og takmarkanir.

- Aðdragandi þess að Sævar játaði í málunum tveimur. Játningar hans í báðum þessum málum voru gerðar eftir neitun hans og í kjölfar einangrunar og margra og langra yfirheyrsla. Í Guðmundarmálinu hafði honum fyrst verið kynntur framburður Erlu, sem flækti hann í málið. Líklegt er að þessar aðstæður hafi veikt viðnámsþrótt Sævars, gert hann óruggan um það sem var í vændum og hann óttast að neitun hans yrði ekki tekin trúanleg. Hann játaði fyrst aðild að hvarfi og dauða Guðmundar Einarssonar þann 22. desember 1975, en þá hafði hann verið í gæsluvarðhaldi í tíu daga vegna póstsvikamálsins, eða frá 12. desember, og yfirheyrður fjórum sinnum í samtals 20 klukkustundir dagana 15. til 18. desember vegna þess máls. Yfirheyrslan 22. desember um Guðmundarmálið tók fimm klukkustundir og var lögmaður Sævars viðstaddur. Í fyrstu neitaði Sævar vitneskju um málið, en játaði þegar hann áttaði sig á því að að Erla hafði gefið skýrslu um aðild hans að málinu og skýrði frá því „mjög á sömu lund og EB hafði gert.“ Nákvæm lýsing á framburði Sævars og játningu hans liggur ekki fyrir, en samantektin um þessa löngu yfirheyrslu er stutt eða aðeins um ein blaðsíða að lengd og í lok hennar segir: „Eigi var nú skrifleg skýrsla tekin af SMC, bæði vegna þess að mjög var liðið á leyfilegan yfirheyrslutíma og einnig óskaði Jón Oddsson hrl. eftir þeirri frestun.“ Aðild að Geirfinnsmálinu játaði Sævar svo við skýrslutöku 22. janúar 1976. Aðdragandanum hefur verið lýst í skýrslu þessari, en daginn fyrir þessa yfirheyrslu hafði hann verið yfirheyrður í samtals tíu og hálf klukkustund, með tveimur hléum og lauk síðustu yfirheyrslunni ekki fyrr en á öðrum tímanum um nóttina og á tíu dögum fyrir þessa yfirheyrslu hafði hann verið yfirheyrður í samtals 26 og hálf klukkustund. Engar skýrslur liggja fyrir um allar þessar yfirheyrslur svo erfitt er að meta efnislegan aðdraganda játningarinnar. Aðdragandinn að játningu Sævars í Geirfinnsmálinu virðist svipaður og í Guðmundarmálinu, þ.e. hann neitaði sök í upphafi en breytti framburði sínum þegar hann fékk vitneskju um að Erla hafði flækt hann í málið. Þegar hann játaði í Geirfinnsmálinu hafði hann verið undir miklum þrýstingi við yfirheyrslur í Guðmundarmálinu og hefur það án efa haft áhrif á ástand hans og dómgreind.<sup>313</sup>
- Sævar átti nokkurn sakaferill að baki, þótt ungur væri, þegar grunur féll á hann um aðild að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, en samkvæmt móður hans bar snemma í æsku á andfélagslegri hegðun hans. Hann var virkur í afbrotum þegar hann var handtekinn vegna póstsvikamálsins og hafði verið undir eftirliti lög-

<sup>312</sup> Gísli H. Guðjónsson, 2003a.

<sup>313</sup> Davis & Leo (2013).

reglu í nokkurn tíma. Hann hafði nokkru áður verið yfirheyrður vegna fíkniefna-  
smygls, ásamt Guðjóni Skarphéðinssyni, og rannsakendurnir virðast hafa álitid  
hann líklegan til að geta framið alvarlegt afbrot eins og manndráp. Þetta hefur án  
efa ýtt undir það að rannsakendurnir tóku ekki mark á honum þegar hann neitaði  
sök eða dró framburð sinn til baka.

- Sævar var yfirheyrður mjög oft og lengi í báðum þessum málum. Eftir því sem skýrsluhöfundar komast næst var hann yfirheyrður a.m.k. 180 sinnum eða tekinn í viðtal í samtals a.m.k. 320 klukkustundir, þótt ekki væru teknar nema 45 form-  
legar skýrslur af honum. Þá var hann 20 sinnum tekinn í sampröfun og 27 sinnum farið með hann út úr fangelsinu í ýmsum erindum. Gera má ráð fyrir að heildartími samskipta rannsakenda við Sævar sé vanskráður því bæði vantar tímasetningar á fjölda viðtala og svo liggja aðeins fyrir skýrslur um hluta þeirra. Þessi fjöldi yfirheyrsla og heildar tímalengd er einstaklega mikil og gerði hættu á „spilliáhrifum“<sup>314</sup> og óáreiðanlegum framburði mjög mikla. Hinar fjölmörgu samprófanir og ferðir út úr fangelsinu juku enn á þessa hættu. Það er einsdæmi miðað við reynslu og þekkingu höfunda þessa kafla að sjá svo margar yfir-  
heyrslur í manndrápsmálum eins og í þessum tveimur málum og það sama má segja um lengd gæsluvarðhaldsvistarinnar. Þetta vekur upp spurningar um eðli rannsóknarinnar, þar sem áherslan virðist hafa verið á að samræma frásagnir fólks um eitthvað sem það vissi sennilega ekkert um, og niðurstöðuna um hvað varð í raun og veru um þessa tvo menn.
- Ljóst er að sumir rannsakendur og fangaverðir í Síðumúlafangelsinu höfðu mjög neikvæð viðhorf til Sævars og að hann var beittur illri meðferð í fangelsinu. Sævar skrifaði sjálfur um þetta er hann var vistaður í Hegningarhúsinu árið 1977 og hélt þessu einnig fram eftir að hann afplánað refsingu sína. Sömuleiðis varð þetta tilefni harðræðisrannsóknarinnar 1979<sup>315</sup>. Færslur í dagbók fangelsisins staðfesta þessi neikvæðu viðhorf og fyrrverandi fangaverðir staðfestu illa með-  
ferð á honum í viðtölum við starfshópinn. Einn þessara fangavarða bar að rætt hefði verið um að nota veikleika Sævars til að brjóta hann niður í þeim tilgangi að fá fram játningu. Alþekkt er að aðferðirnar sem Sævar lýsti og fangaverðir staðfestu, s.s. dýfa höfði hans í kalt vatn, vitandi að hann var vatnshræddur, og halda vöku fyrir honum í langan tíma, eru til þess fallnar að brjóta fanga niður og fá þá til að játa<sup>316</sup>.
- Sævar virðist hafa haft takmarkaðan stuðning af lögmanni sínum á meðan á gæsluvarðhaldsvistinni í Síðumúlafangelsinu stóð og ef marka má dagbók fang-  
elsisins virðist hann hafa haft fremur neikvæð viðhorf til Sævars. Samkvæmt dagbókinni ræddi lögmaður 49 sinnum við hann yfir þann tíma eða var við-  
staddur yfirheyrslur yfir honum og hringdi 10 sinnum til að spyrjast fyrir um hann. Ekki er mögulegt að aðgreina í dagbókum fangelsisins skráningu á sam-  
tölum þeirra og yfirheyrslum, því í flestum tilvikum virðist rannsakandi hafa verið viðstaddur samtölin og þau því ekki verið einkasamtöl á milli sakbornings og lögmanns. Í dagbók fangelsisins kemur fram að lögmaður hafi jafnvel frekar

<sup>314</sup> Með spilliáhrifum (*contamination*) í þessu samhengi er átt við spilliáhrif á meðferð og niðurstöðu sakamála sem geta komið til við tíð og löng samskipti rannsakenda og sakborninga, bæði við yfirheyrslur og óformleg samtöl. Fjöldi yfirheyrsla og lengd, svo og tíð samtöl rannsakenda við aðra sakborninga í sama máli geta orsakað alvarleg spilliáhrif. Um þetta er fjallað nánar hér í kafla 19.1.

<sup>315</sup> *Rannsókn á ætluðu harðræði*, rannsóknarlögregla ríkisins, mál nr. 2875/79.

<sup>316</sup> Þetta líkist aðferð sem nefnd hefur verið ‘*waterboarding*’ í Bandaríkjunum og er ein tegund pyntingaraðferða sem CIA, leyniþjónusta Bandaríkjanna, hefur notað til þess að þvinga hryðjuverkamenn til að gefa upplýsingar (sjá í Rose, D. (2006, bls. 97).

viljað hafa rannsakanda eða fangavörð með sér í viðtölum við Sævar, en að vera einn með honum. Gunnlaugur Briem, dómari veitti leyfi til heimsóknna lögmanna til Sævars „... en vill að einhver okkar sitji yfir þeim enda vilji Jón Odds. hrl. það heldur að sá háttur sé á hafður að sögn dómarans.“ Þá ber að hafa í huga að sakborningunum í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum var stundum meinaður aðgangur að lögmanni eins og þessi færsla í dagbók fangelsisins 13. október 1977 ber vott um: „þessir lögfræðingar meiga ekki undir neinum kringumstæðum tala við skjólstæðinga sína [í þetta skiptið átti bannið við um lögmenn Sævars og Kristjáns Viðars].“

- Samband Sævars við Erlu og að hann var barnsfaðir hennar skiptir máli í þessu samhengi. Þrátt fyrir að samband þeirra hafi verið stormasamt um þær mundir er Sævar var handtekinn í desember 1975 getur framburður hennar gegn honum hafa haft mikil áhrif á hann því hún vissi töluvert um hann, afbrot hans og áhugamál. Einmitt vegna þessa getur verið að rannsakendur hafi talið framburð hennar gegn honum áreiðanlegan og trúað henni frekar en honum.
- Persónuleikavandamál Sævars og aðrir sálrænir veikleikar hans, eins og þeim er lýst í geðrannsókn Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, og Ingvars Kristjánssonar geðlæknis, hafa án efa haft mikil áhrif á hegðun hans í gæsluvarðhaldinu og samskipti, bæði við rannsakendur og fangaverði. Matið leiddi í ljós slaka greind og litla dómgreind og „djúpstæðar truflanir“ í persónuleika, sem lýstu sér í tillitsleysi, vanmetakennd,<sup>317</sup> óöryggi og andfélagslegri hegðun, en þrátt fyrir það „reynir [Sævar] stöðugt að manipulera undirritaðan, er tungulipur í betra lagi“ er haft eftir Gylfa í skýrslunni. Óöryggi Sævars og lítil dómgreind geta hafa haft þau áhrif að hann reyndi að upphefja sjálfan sig bæði í augum félaga sinna og rannsakanda. Þessir sálrænu veikleikar hans hafa leitt til þess að honum var ekki treyst og hann álitinn mun hættulegri, t.d. af sumum rannsakendum og fangavörðum, en hann í raun og veru var. Þessir neikvæðu eiginleikar leiddu Sævar inn í lygavef sem varð æ flóknari með tímanum og ýtti undir neikvæðar skoðanir rannsakendanna á honum og gerði stöðu hans sífellt verri. Þar af leiðandi, jafnvel þótt hann segði satt frá er líklegt að honum hafi ekki verið trúað og framburði hans hafnað og hann sagður rangur.

### *Ályktanir um framburð Sævars*

Eftir að hafa farið vandlega yfir gögn þau er liggja til grundvallar þessari skýrslu þá telja höfundar þessa kafla það hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir Sævars í Guðmundarmáli og í Geirfinnsmáli, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, voru óáreiðanlegir.

Í hnotskurn, þá eru megin ástæðurnar eftirfarandi:

Aðstæður Sævars í gæsluvarðhaldinu voru honum erfiðar. Hann var yfirheyrður mjög oft og stundum lengi í einu og vistaður óhóflega lengi í einangrun, sem getur hafa haft slæm áhrif á hann.<sup>318</sup> Viðhorf sumra fangavardanna og rannsakenda til hans voru greini-

<sup>317</sup> Rannsakendur lýsa vanmáttarkennd Sævars í ódagsettri lokaskýrslu rannsóknarnefndar Reykjavíkur um Geirfinnsmálið: „Rannsóknarmaðurinn talaði oft við Sævar um hann sjálfan og um áhugamál hans. Við það kom greinilega í ljós að hann var haldinn rikri vanmetakennd, sem stafar sennilega af því að hann er áberandi lítill (smávaxinn) og heldur óásjálegur. Hann talar mjög yfirborðslega og vill gjarnan láta á sér skilja, að hann þekki ýmsa framámenn í þjóðfélaginu.“

<sup>318</sup> Sjá í Grassian (2006).



lega neikvæð og vísbendingar eru um að stundum hafi verið farið mjög illa með hann í fangelsinu. Samband hans og Erlu og það að hún vitnaði gegn honum hefur án efa sett hann í erfiða stöðu og margar vísbendingar eru um að honum hafi liðið illa í gæsluvarðhaldinu. Þá er líklegt að persónuleikavandamál hans og sálfræðilegar takmarkanir hafi gert honum erfitt fyrir, svo og takmarkaður lögfræðilegur og tilfinningalegur stuðningur á meðan á þessu stóð. Við þetta má svo bæta að framburður Sævars var mjög óstöðugur því hann ýmist játaði eða neitaði aðild að málunum tveimur og að ekki reyndist unnt að staðfesta trúverðugleika framburðar hans, ekki var um staðfestan brotavettvang að ræða og ekki tókst að finna lík mannanna tveggja, þrátt fyrir margar og langar yfirheyrslur og vettvangsferðir.<sup>319</sup>

Ekki er þörf á að aðskilja málin tvö þegar ályktað er um áreiðanleika framburðar Sævars og engar vísbendingar eru um að hann hafi þjást af minnisvafaheilkenni (e. *memory distrust syndrome*) eins og sumir hinna sakborninganna í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Játningar hans í báðum þessum málunum bera þess merki að hann hafi látið undan þrýstingi rannsakenda vegna þess að hann réði ekki við þrýstinginn af ástæðunum sem lýst var hér að framan (e. *pressured-compliant confessions*). Sævar virðist hafa játað aðild að málunum báðum með skammtímaávinning í huga, þ.e. til þess að losna undan þrýstingi við yfirheyrslurnar og til að draga úr vanlíðan sinni.

Það er mat okkar að niðurstöður Guðmundar- og Geirfinnsmálanna beri þrjú megin-einkenni sem oft sjást í málum þar sem um ranga sakfelling (e. *wrongful convictions*) hefur verið að ræða: 1) *Fyrirfram ákveðin sekt sakbornings*. Í báðum þessum málum virðist sem rannsakendur hafi ekki aðeins verið sannfærðir um sekt Sævars frá byrjun, heldur hafi þeir einnig haft rörsýn<sup>320</sup> á aðkomu hans því ljóst er að ekki var kannað hvort hann segði satt frá þegar hann sagðist hafa verið í Hveragerði og hjá vinkonu sinni í Kópavogi kvöldið sem Guðmundur Einarsson hvarf. 2) *Óeðlilegar þvinganir*. Í skýrslu þessari hefur því verið lýst hversu óhóflega lengi Sævari var haldið í einangrun í Síðumúlafangelsinu og hve óeðlilega margar og langar yfirheyrslurnar yfir honum voru. Þá er nokkuð ljóst að hann varð fyrir illri meðferð í fangelsinu og var á stundum meinað að ræða við lögmann sinn einslega. 3) *Spillíáhrif*. Sævar var ekki einungis yfirheyrður óhóflega oft og lengi, heldur virðist mikið hafa verið um óformleg samskipti við hann í klefa hans. Þetta er talið skapa mikla hættu á því að óviðeigandi upplýsingar mengi eða spilli rannsókn mála.<sup>321</sup> Þá er einnig talið að samprófanir og bílferðir með sakborninga auki enn á þessa hættu.

---

<sup>319</sup> Í ódagsettri lokaskýrslu rannsóknarnefndar Reykjavíkur um Geirfinnsmálið kemur fram að einangrunarvistin hafði mikil áhrif á Sævar: „Einangrunin í gæsluvarðhaldinu virðist hafa haft mikil áhrif á hann. Hann virðist skilja að hann verði að taka afleiðingum gerða sinna. Hann hefur oftsinnis sagt við lögfræðing sinn að hann vilji gera allt sem hann getur til þess að líkin fyndust, en hann geti ekki gefið neinar frekari vísbendingar en þær sem hann er búinn að gefa.“ Ein skýringin á vangetu Sævars til að upplýsa um hvar lík Guðmundar og Geirfinns eru niðurkomin getur verið sú að hafi ekki verið viðriðinn hvarf þeirra og ekki vitað um hvar þeim var fyrir komið.

<sup>320</sup> Leo og Drizin (2010) hafa lýst því hvernig rörsýn (*tunnel vision*) og staðfestingavilla (*confirmation bias*) geti litað yfirheyrsluferlið frá upphafi til enda. Sjá nánar hér í kafla 19.1.

<sup>321</sup> Garratt (2011).

### 19.2.3. Sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburðar Kristjáns Viðars Viðarssonar

Kristján Viðar Viðarsson sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á Guðmundar- og Geirfinnsmálunum í samtals 1522 daga, eða frá 23. desember 1975 til 22. febrúar 1980 er dómur Hæstaréttar féll. Þar af var hann vistaður í 503 daga í einangrun í Síðumúlafangelsi, eða frá 23. desember 1975 til 1. desember 1976 og frá 17. júlí til 23. desember 1977. Til viðbótar við þetta var hann vistaður í einangrun á stöðugri „sjálfsvíggát“ í Hegningarhúsinu frá 6. janúar til 17. maí 1977 vegna þess að hann hafði kveikt í rúmdýnu í klefa sínum. Í Guðmundarmálinu var Kristján Viðar ákærður fyrir að hafa ráðist á Guðmund Einarsson á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 í félagi við Sævar og Tryggva Rúnar og misþyrmt honum og stungið með hníf svo hann hlaut bana af og komið líki hans fyrir á ókunnum stað. Í Geirfinnsmálinu var hann ákærður fyrir að hafa, í félagi við Sævar og Guðjón, ráðist á Geirfinn Einarsson í Dráttarbrautinni í Keflavík aðfaranótt 20. nóvember 1974 og misþyrmt honum þannig að hann hlaut bana af og flutt lík hans að heimili sitt í Reykjavík. Hann var einnig ákærður fyrir innbrot og þjófnað. Með dómi sakadóms hlaut hann ævilangt fangelsi en Hæstiréttur dæmdi hann í 16 ára fangelsi þann 22. febrúar 1980.

#### *Yfirheyrslur yfir Kristjáni Viðari*

Kristján Viðar var í afplánun á sex mánaða fangelsisrefsingu fyrir þjófnað og nytjastuld<sup>322</sup> í Fangelsinu Litla-Hrauni þegar hann var fluttur í Síðumúlafangelsið þann 23. desember 1975 og yfirheyrður vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar, þá tuttugu ára gamall. Tvær skýrslur voru teknar af honum þennan dag og í seinna skiptið var hann úrskurðaður í 90 daga gæsluvarðhald og til að sæta geðrannsókn. Skýrslutökurnar tóku um fimmtán mínútur hvor. Við fyrri skýrslutökuna sagði Kristján Viðar: „Ég þekkti þennan mann, því hann var fyrrverandi skólabróðir minn og hét Guðmundur Einarsson. Hitt er svo annað, að ég hef enga minnstu hugmynd um á hvern hátt hann hvarf, eða hvað kann að hafa orðið af honum“. Hann neitaði að undirrita skýrsluna og „yfirleitt tjá sig nokkuð um mál þetta“. Við síðari skýrslutökuna „kvaðst [Kristján Viðar] neita að hafa nokkra vitneskju um hvarf Guðmundar Einarssonar“ og sagði að rétt væri haft eftir sér í lögregluskýrslunni og sagðist „hafa neitað að skrifa undir skýrsluna nema lögfræðingur hans fengi að vera viðstaddur“.

Þriðja skýrslutakan var 28. desember og tók um sex klukkustundir, en samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsisins hafði Kristján Viðar verið yfirheyrður í tæpa eina og hálf klukkustund stuttu fyrr um daginn. Við þessa skýrslutöku játaði hann aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar, „Ég man ekki greinilega eftir atvikum þessa nótt, enda undir áhrifum áfengis, en það sem ég ætla að skýra frá tel ég mig muna örugglega“. Hann lýsti því að hann, Sævar, Tryggvi Rúnar og einhver einn sem hann ekki þekkti, hafi farið í íbúð Sævars á Hamarsbraut í Hafnarfirði, en Erla hafi ekki verið á staðnum. Hann gaf svo lýsingu á því að átök urðu í íbúðinni á milli Sævars, Tryggva Rúnars og þriðja mannsins. Lýsingin er hins vegar óljós því hann lýsir því sem hann telur að hafi gerst, „Þau [átökin] hljóta því að hafa verið milli þeir tveggja og fjórða mannsins, sem ég get

<sup>322</sup> Sjá 259. gr. almennra hegningarlaga.

ekki komið fyrir mig hver var. [...] Sennilegast finnst mér, að þeir Tryggvi Rúnar og óþekkti maðurinn hafi ást við, því Sævar er ekki til stórræðanna í átökum“. Kristján Viðar sagði að eftir þetta hafi þeir þrír, hann, Sævar og Tryggvi Rúnar ekið um Hafnarfjörð nokkra stund „og þá var sá ókunnri örugglega ekki með okkur.“ Þegar komið var aftur á Hamarsbrautina hafi Erla verið komin heim. Hann sagðist muna eftir því að Albert kom að húsinu og hann hafi sest í bíl hans „Þeir Tryggvi Rúnar og Sævar settu svo eitthvað þungt í farangursgeymsluna, því bifreiðin vaggði til við það“. Var svo ekið með líkið út úr Hafnarfirði „til suðurs um Keflavíkurveg, því ég sá rauð- og hvít-máluðu turnana við Álverið uppljómaða. Hugsanlegt er einnig, að við höfum ekið eftir veginum áleiðis til Krýsuvíkur, en um það vil ég ekki fullyrða“. Samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsis fóru rannsakendur, að þessari skýrslutöku lokinni um klukkan tvö um nóttina, með Kristján Viðar í „ökuferð“ til klukkan þrjú. Hvorki kemur fram hvert ökuferðin var farin né í hvaða tilgangi.

Fjórða skýrslutakan var svo 3. janúar 1976 og tók tæpa fjórar klukkustundir. Við þessa skýrslutöku gaf Kristján Viðar nánari lýsingu á því sem hann taldi að hefði gerst á Hamarsbrautinni, en lýsti aðdragandanum öðruvísi en hann hafði gert áður, „Sævar mun hafa verið orðinn undir í átökunum og kallaði á hjálp. Ég brá við og fór honum til hjálpar og það gerði Tryggvi Rúnar einnig. Ekki aðhafðist ég mikið, ég togaði aðeins í einhvern útlím á manningnum, mig minnir annan fótinn“. Lýsing Kristjáns Viðars er ekki afgerandi og hann virðist óviss í því sem hann lýsir því hann notar orð eins og „held“ og „ekki man ég nánar“. Þann 11. janúar var svo fimmta skýrslan tekin af honum, fyrir dómi í um 20 mínútur, og staðfesti hann skýrsluna frá 3. janúar. Frá 3. til 11. janúar hafði Kristján Viðar verið yfirheyrður þrisvar sinnum í samtals þrjár klukkustundir og einu sinni farið með hann í „ökuferð“ í rúmar tvær klukkustundir. Engar upplýsingar liggja fyrir um þessar þrjár yfirheyrslur og ökuferðina.

Samkvæmt dagbók fangelsisins var Kristján Viðar yfirheyrður þrisvar sinnum í samtals fimm klukkustundir og fimm sinnum rætt við hann í klefa hans í samtals eina klukkustund frá 11. til 23. janúar þegar fyrsta skýrslutakan vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar fór fram. Tók hún tæpar fimm klukkustundir og sagðist hann hvorki vera viðriðinn málið né vita um hvarf Geirfinns:

*„Ég tel mig ekki viðriðinn eða vita um hvarf Geirfinns Einarssonar. Hitt er annað, en ég eins og fleiri, fylgdist með því í fjölmiðlum, er lýst var eftir honum og verið var að rannsaka hvarf hans. Ég tel mig ekki hafa komið til Keflavíkur nema tvisvar um ævina. Fyrra sinnið var, þegar ég var um 13 ára gamall, en hitt sinnið gæti hafa verið einhvern tímann um það leyti sem Geirfinnur á að hafa horfið. Á þeim tíma var ég að öllu jöfnu mikið undir áhrifum ýmiskonar lyfja, bæði örfandi og róandi, þó aðallega róandi, en var aftur á móti lítið undir áhrifum áfengis, enda ráðlagt af lækni að láta áfengisdrykkjuna eiga sig. Vegna þessarar lyfjanotkunar í óhófi, þá er minni mitt frá síðari hluta árs 1974 mjög óljóst á köflum“.*

Kristján Viðar lýsti því óljóst að hann hefði hugsanlega farið í bíl, sem notaður hefði verið til sendi- og fólksflutninga, fyrir utan Klúbbinn sem „ég tel“ að hafi verið ekið til Keflavíkur. Í Keflavík sagðist hann hafa séð a.m.k. einn bát við bryggjuna:

*„Í það minnsta tvær aðrar bifreiðar voru þarna á staðnum og voru það hvort tveggja fólksbifreiðar. [...] Ég tel mig hafa séð þarna tvo menn í það minnsta, sem ég bar kennsl á. Annar var Sævar Ciesielski, en hinn Einar Bollason. [...] Frekar get ég ekki tjáð mig um þetta mál, í það minnsta að sinni, en hugsast getur, að atvik kunni að rifjast betur upp fyrir mér síðar. Hvort þessi atburður eða ferðalag mitt var um það leyti, sem farið var að lýsa eftir Geirfinni, get ég ekki fullyrt um, en ég tel það vel hugsanlegt.“*

Frá 23. til 27. janúar, þegar næsta skýrslutaka vegna Geirfinnsmálsins fór fram, var Kristján Viðar yfirheyður fjórum sinnum í samtals fjórar klukkustundir og einu sinni rætt við hann í klefa hans í hálf tíma. Þá var einu sinni farið með hann í „bíltúr“ í tæpa tvær og hálf klukkustund. Ekki er vitað um efni þessara samskipta rannsækenda við hann, en við skýrslutöku þann 27. janúar, sem stóð í fjórar klukkustundir, játaði Kristján Viðar svo aðild að Geirfinnsmálinu. „Mætti [Kristján Viðar] kveðst nú muna betur eftir atvikum í máli þessu, það er eftir að hann kom á stað þann, sem hann telur hafa verið í Keflavík“ segir í lögregluskýrslunni. Hann sagðist hafa farið um borð í bát þegar komið var til Keflavíkur og lýsti svo atburðarásinni og átökunum sem urðu Geirfinni að bana þannig:

*„Bátnum var síðan siglt frá bryggjunni og stefnt á haf út. Ég man að þá voru um borð í bátnum þeir Sævar Ciesielski, Magnús Leópálsson, Sigurbjörn Eiríksson, Einar Bollason svo í það minnsta einn enn sem ég ekki þekkti. Mér hefur verið sýnd ljósmynd af manni, sem mér er sagt að hafi heitið Geirfinnur Einarsson og tel ég mig vissan um, að hún er af þessum manni, sem ég ekki þekkti.*

[...]

*Hver upptökin eða ástæðan fyrir þessum átökum var það veit ég ekki. Ekki get ég lýst náð hvernig átökin gengu fyrir sig, en Geirfinnur var sleginn í höfuðið, að ég held af Einari, og Sigurbjörn tók hann hálstaki. [...] Ekki varð ég þess var, að Sævar tæki þátt í þessum átökum.*

[...]

*[Þegar komið var í land] var hafist handa um að setja varninginn upp á bryggjuna og inn í sendiferðabifreiðina og man ég ekki betur, en Geirfinnur innpakkaður í plast, hafi farið sömu leið. [...] Varðandi afskipti mín af átökunum þá vil ég taka það fram, að þau voru eingöngu í þeim tilgangi að ganga á milli, en Einar ýtti mér til hliðar og skipaði mér að skipta mér ekki af þessu. Eftir átökin, þá var mér sagt, að ég skyldi þegja yfir þeim eða ég skyldi hafa*

*verra af, og man ég ekki betur en það hafi verið Sigurbjörn sem talaði þetta til mín.“*

Þann 11. febrúar 1976 var Kristján Viðar yfirheyrður vegna Geirfinnsmálsins og honum sýndar 16 myndir af mönnum sem hefðu mögulega verið í Dráttarbrautinni í Keflavík og/eða bátsferðinni umrætt kvöld. Hann taldi sig þekkja fimm þessara manna, Valdimar Olsen, Einar Bollason, Sigurbjörn Eiríksson og mann sem hann þekkti ekki með nafni, en var sagt að væri Geirfinnur Einarsson.<sup>323</sup>

Við skýrslutöku 2. mars, sem tók tæpar þrjár klukkustundir og var beint framhald eins og hálftrar klukkustundar yfirheyrslu, dró Kristján Viðar svo allan fyrri framburð sinn í Geirfinnsmálinu til baka og neitaði aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar og ferð til Keflavíkur umræddan dag. Vitneskja sín hafi verið úr fjölmiðlum og hann geti ekki skýrt hvers vegna hann gaf rangan framburð, en ástæðan sé sennilega sú að Guðmundarmálið hafi fengið mikið á sig. Dagana 5., 7. og 8. mars var Kristján Viðar yfirheyrður fjórum sinnum í samtals sjö klukkustundir og 8. mars var farið með hann „til Keflavíkur til að sýna honum þar staðhætti þar öðru sinni í dráttarbrautinni og var það gert að hans ósk“.

Við skýrslutöku þann 9. mars breytti Kristján Viðar frásögn sinni hins vegar eftir að honum var skýrt frá því að Erla hefði sagt hann hafa komið í bifreiðina á Vatnsstíg kvöldið sem farið var í til Keflavíkur. Við það breytti hann framburði sínum og sagðist muna greinilega eftir að hafa verið í umræddri bifreið og í Dráttarbrautinni í Keflavík. Minni hans væri gloppótt en hann væri viss um að það sem gerðist í Dráttarbrautinni varðaði við lög og sagði ferðina hafa verið farna í sambandi við spíra, en hann kannaðist hins vegar hvorki við Geirfinn né hvarf hans. Þann 18. mars var svo tekin skýrsla í tæpar tvær klukkustundir þar sem hann sagði að sér fyndist endilega að Valdimar Olsen og Einar Bollason hefðu verið með í ferðinni til Keflavíkur.

Þann 22. mars var tekin skýrsla af Kristjáni Viðari vegna Guðmundarmálsins. Við þessa skýrslutöku sagðist hann hafa sagt Erlu „að þarna hefði orðið hræðilegt slys, það hefði dáíð þarna maður. Hún kvaðst ekki ætla að skipta sér að þessu. Ég man eftir að í átökunum var ég tekinn hálstaki og sparkaði ég aftur fyrir mig en síðan hné ég niður“. Í framhaldi af þessu var gæsluvarðahaldið framlengt um 90 daga.

Þann 31. mars var tekin skýrsla af Kristjáni í sakadómi um Geirfinnsmálið. Sagði hann skýrslur sínar frá 23. og 27. janúar skáldaðar til að hann fengi frið fyrir fangavörðum og lögreglumönnum, en hann hafi verið orðinn mjög slæmur á taugum vegna stöðugra yfirheyrsla um Guðmundarmálið. Hann sagðist muna lítið og gæti ekki fullyrt, en nefndi *bifreiðina á Vatnsstíg* og að hann hefði sest hægra megin inn í hana, *Dráttarbrautina, Einar Bollason, Valdimar Olsen og Sigurbjörn Eiríksson*. Við skýrslutöku daginn eftir, eða 1. apríl, sagði hann ýmislegt hafa rifjast upp fyrir sér (frá því deginum áður) og

---

<sup>323</sup> Um hálfum mánuði áður en Kristjáni Viðari voru sýndar þessar 16 myndir, þar sem hann kannaðist við Geirfinn Einarsson á einni myndinni, hafði honum verið sýnd mynd af Geirfinni, við skýrslutöku 27. janúar 1976, og Kristjáni Viðari sagt hver hann var.

skýrði frá atburðum í Dráttarbrautinni í Keflavík, slagsmálum, alblóðugum manni og að hann sjálfur hefði aðeins verið áhorfandi, þ.e. að hann hafi ekki átt beinan þátt í þeim.

Þann 6. apríl kom Kristján Viðar aftur fyrir dóm, þar sem fyrst fór fram sakbending og hann látinn bera kennsl á Einar Bollason og svo fór fram samprófun á milli þeirra. Virðist þetta hafa tekið um eina og hálf klukkustund. Kristján Viðar sagðist þekkja baksvip Einars sem bílstjóra bifreiðarinnar sem hann steig upp í á Vatnsstíg og vera alveg viss um að Einar hefði verið í Dráttarbrautinni. Einar neitaði hins vegar öllu. Í framhaldi af þessu var Kristján Viðar yfirheyrður tvisvar þennan dag í samtals tvær klukkustundir og lauk síðari yfirheyrslunni rúmlega ellefu um kvöldið.

Við skýrslutöku þann 7. apríl, að ósk Kristjáns Viðars sjálfs og nú um Guðmundar-málið, sem tók tæpar tvær klukkustundir, er haft eftir honum að fyrri „skýrslur eru að flestu leyti réttar, en nú vil ég skýra frá öllum sannleikanum í máli þessu [Guðmundar-málinu], eins og hann er og ég man örugglega“. Hann sagði að um umrætt kvöld hafi þeir allir, hann, Sævar og Tryggvi Rúnar verið heima hjá sér og ákveðið að fara eitthvað út að skemmta sér. Hann sagðist hafa tekið „einhverskonar hermannahníf“ með sér í ferðina. Síðan segir hann:

*„Ekki man ég nákvæmlega hvað gerðist til að byrja með þarna heima hjá Sævari, nema hann og Guðmundur voru komnir í hár saman inni í svefnherberginu [og Guðmundur ögrað honum].*

[...]

*Að hann hefði fullkomlega krafta á við mig. [...] Nú greyp mig einhver hræðsla og án þess að ég gerði mér grein fyrir hvað ég var að gera, þá greyp ég til hnífsins, sem ég hafði fest við beltið á hægri mjöðm mér. Ég kippti hnífnum úr slíðrinu og rak hann í blindni aftur fyrir mig, og fann ég, að hann stakkst í Guðmund“.*

Hann lýsti því svo hvernig líki Guðmundar Einarssonar var komið fyrir á gólfinu við aftursæti Volkswagen bifreiðar Alberts Klan og það flutt í suður fyrir bæinn og urðað í sprungu eða hellisskúta.

Daginn eftir, 8. apríl, var Kristján Viðar tekinn í sakbendingu vegna Geirfinnsmálsins og látinn bera kennsl á Valdimar Olsen og að því loknu fór fram samprófun á milli þeirra. Valdimar sagðist aldrei hafa séð Kristján Viðar, en Kristján Viðar skýrði frá tveimur skiptum er hann hafi hitt Valdimar og skýrði frá hvar og hvenær það hafi verið, með hverjum hann sjálfur var, orðaskiptum og fleiru. Svo kvaðst hann aðspurður muna eftir Valdimar í hópi manna í Dráttarbrautinni aðfaranótt 20. nóvember 1974.

Þann 12. apríl skráði Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður, í dagbók Síðumúla-fangelsisins að hann hefði hringt í Örn Höskuldsson og „Erindi mitt við hann var að fá hjálp fyrir Kristján Viðar og Tryggva Rúnar frá geðlækni vegna eindreginnar beiðni þeirra þar um. Vegna ákveðinna þátta í skapgerð þeirra. Örn lofaði að athuga þetta fljótlega.“ Bókað er í dagbók fangelsisins að Lárus Helgason geðlæknir, hafi komið til

Kristjáns Viðars 19. apríl.<sup>324</sup> Daginn eftir kemur svo fram í dagbókinni að Gunnar hafi rætt við Örn Höskuldsson „um komu læknisins til Kristjáns Viðars í gær og hvað mér og lækninum hefði farið á milli“ og borið undir hann beiðni Kristjáns Viðars um að fá að ræða við Sævar í áheyrn rannsakenda. Örn hafi tekið þeirri beiðni vel en beðið fangavörðinn um að „hringja strax í Lárus Helgason yfirlækni á Kleppi og bera þetta undir hann. Þetta gerði ég [Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður]. Lárus var mót-falinn þessu fyrr en hann væri búinn að koma einu sinni enn og tala við Kristján og gera honum grein fyrir því hvað gæti skeð við þessa endurfundi“.

Fleiri skýrslur voru teknar af Kristjáni Viðari um Geirfinnsmálið í kjölfar þessarar, dagana 20. og 28. apríl og 7. maí, að hans eigin ósk, þar sem hann nefndi fyrst „útlendingslega manninn“, sem síðar varð að Guðjóni Skarphéðinssyni. Þegar skýrsla var svo tekin af Guðjóni Skarphéðinssyni 14. maí 1976 var Kristján Viðar færður úr klefa sínum í herbergi við hlið þess sem Guðjón var yfirheyrður í og var honum tvívegis gert kleift að sjá Guðjón þannig að hann gat „virt [hann] vel fyrir sér“. Kristján Viðar bar þá kennsl á Guðjón sem „útlendingslega manninn“ á Vatnsstíg og í Dráttarbrautinni. Við skýrslutöku daginn eftir, eða 15. maí, gaf Kristján Viðar nánari upplýsingar um hlutverk Guðjóns og skýrði frá því er hann kom auga á liggjandi mann [í Dráttarbrautinni] og aðra nærstadda menn eins og hann hafði þegar skýrt frá. Skýrslur voru einnig teknar af Kristjáni Viðari 16. og 18. maí. Sú fyrri var að sögn að hans frumkvæði til að ítreka kennsl sín á Guðjóni. Í þeirri síðari sagðist hann mikið hafa hugsað um Geirfinnsmálið og mennina í sendiferðabifreiðinni við Vatnsstíg. Á þessu tímabili, eða frá 20. apríl til 18. maí, var Kristján Viðar yfirheyrður a.m.k. 20 sinnum og 11 sinnum rætt við hann í klefa hans og tóku þessar samræður samtals rúmlega 26 klukkustundir. Það vekur athygli að Hallvarður Einvarðsson, vararíkissaksóknari, var viðstaddur sjö þessara yfirheyrsla samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsisins. Þá var Kristján Viðar þrisvar tekinn til samprófunar og þrisvar farið með hann í „ökufé“ og þar af einu sinni til Keflavíkur í tæpa þrjár klukkustundir og var Hallvarður Einvarðsson með í för samkvæmt dagbók fangelsisins.

Tuttugasta júní var gæsluvarðhald Kristjáns Viðars framlengt um 90 daga og tveimur dögum síðar, eða þann 22. júní var tekin af honum skýrsla vegna Guðmundarmálsins. Við þessa skýrslutöku dró hann til baka framburð sinn um að hafa stungið Guðmund með hnífi og sagði rétt að Sævar, Tryggvi Rúnar og hann hafi lent í átökum við Guðmund sem leiddu til dauða hans. Kristján Viðar gat ekki gefið skýringar á því af hverju hann fór að tala um hnífinn og af hverju hann breyti frásögninni í þetta skiptið. Hann sagði þetta það sanna í málinu og að honum hefði einhvern veginn fundist að hann hefði verið með hnífinn og stungið Guðmund. Á tímabilinu frá 18. maí til 20. júní var hann yfirheyrður a.m.k. tíu sinnum og einu sinni rætt við hann í klefa hans í samtals um 14 klukkustundir. Þá var hann þrisvar sinnum tekinn til samprófunar og einu sinni farið með hann í leiðangur. Ekki liggur fyrir um hvað yfirheyrslurnar og leiðangurinn snerust.

---

<sup>324</sup> Lárus Helgason, geðlæknir, gerði geðrannsókn á Kristjáni Viðari vegna gruns um aðild að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum (sjá umfjöllun um matið hér á eftir).

Næsta skýrslutaka fór ekki fram fyrr en 19. ágúst, en frá 22. júní hafði hann verið yfirheyrður níu sinnum í samtals átta og hálf klukkustund, tvisvar sinnum rætt við hann í klefa hans í stuttan tíma, tvisvar tekinn til samprófunar með Tryggva Rúnari og einu sinni farið með hann „suður í hraun“ og var Hallvarður Einvarðsson með í þeirri för. Skýrslutakan þann 19. ágúst var um Geirfinnsmálið og var Kristjání Viðari sýndar myndir af sendibifreiðum, en engin þeirra passaði við lýsingu hans.

Þann 27. ágúst var Kristján Viðar yfirheyrður, að eigin ósk, í rúmar tvær klukkustundir í klefa sínum og tekin af honum skýrsla. „Sagðist Kristján mikið hafa hugsað um allt er snerti hvarf Guðmundar Einarssonar í janúar 1974 og hvarf Geirfinns Einarssonar í nóvember 1974 og kvaðst hann nú minnst þess, að einhverntíma í ágúst 1974, hafi Sævar Ciesielski komið heim til hans, laust eftir hádegi.“ Hann sagðist hafa fylgt honum niður í kjallara og þar hefðu „staðið tveir pokar úr efni eins og notað er í sjóstakka.“ Sagðist hann í fyrstu hafa haldið að í pokunum væri þýfi og spurt Sævar hvort svo væri, en hann þá svaraði: „Það er maður í pokunum“. Hafi Sævar þá sagt honum að hringja í Albert, sem hann kvaðst hafa gert. Í framhaldinu hafi Albert komið og þá hafi Tryggvi Rúnar verið kominn á staðinn. „Þegar Albert kom, hafi þeir Sævar og Tryggvi Rúnar tekið pokana og farið með þá að bifreið þeirri sem Albert kom í, en það hafi verið gul Toyota bifreið er faðir Alberts átti og hafi henni verið lagt á Grettisgötunni, gegnt heimili Kristjání. Sævar og Tryggvi Rúnar hafi sett pokana í farangursgeymslu bifreiðarinnar og síðan hafi þeir allir, þ.e. Kristján, Sævar, Tryggvi Rúnar og Albert, ekið með pokana suður í Hafnarfjarðarhraun, eftir fyrirsögn Sævars.“ Þrítugasta ágúst var aftur tekin skýrsla af Kristjání Viðari og snerist hún líka að einhverju leyti um sendibifreiðar.

Þann 6. september var farið með Kristján Viðar í fjögurra klukkustunda „ökuferð“ á Vatnsstíg „til þess að skýra þar frá því, hvað hann vissi um undirbúning ferðarinnar til Keflavíkur í nóv. 1974 (19.11).“ og var þýski rannsóknarlögreglumadurinn Schütz með í för. Í skýrslu um þessa ferð gaf Kristján Viðar upplýsingar um aðdragandann að ferðinni til Keflavíkur og um hvað gerðist í Dráttarbrautinni. Skýrði hann öðruvísi frá ýmsum atriðum en hann hafði áður gert, t.d. varðandi umbúðirnar um lík Geirfinns í sendiferðabifreiðinni, nefndi önnur mannanöfn, og aðrar bíltegundir en Volkswagen. Aðspurður um þessar breytingar bar hann því við að fangaverðir hefðu komið með barefli inn í klefa hans án þess þó að slá hann. Schütz skrifaði athugasemdir við þennan breytta framburð Kristjání Viðars og taldi „Ofanskráðar útskýringar hins ásakaða Kristjání [...] árangur mjög langs og tregs samtals. Hinn ákærði svaraði mörgum spurningum, sem í þessari athugasemd hafa ekki verið skrifaðar niður, að hann muni ekki meira. Hann segist hafa gert sér far um að segja sannleikann. Á mörgum sviðum viti hann hreinlega sagt engin smáatriði lengur“. Daginn eftir var farið með Kristján Viðar til Keflavíkur og var tilefni ferðarinnar „að Kristján taldi sig hafa hringt í einhvern aðila, sem hann ekki þekkti, er hann ásamt Sævari Ciesielski, Erlu Bolladóttur og óþekktum ökumanni, kom til Keflavíkur, að kvöldi þriðjudagsins 19. nóv. 1974“. Þessi ferð tók um fjóra og hálf klukkustund.



Kristján Viðar var yfirheyrður 11. og 16. september í samtals tvær og hálf klukkustund og tekinn til samprófunar. Ekki liggja fyrir upplýsingar um þessar yfirheyrslur. Þann 17. september var svo tekin af honum skýrsla í um hálf tíma og gæsluvarðhaldið framlengt.

Nítjándi september var Kristján Viðar yfirheyrður um Guðmundarmálið í tæplega sex og hálf klukkustund samkvæmt dagbók fangelsisins, eða frá því um hálf ellefu um kvöldið 18. september til að verða fimm um morguninn þann 19. Sá sem skrifar skýrsluna virðist hafa yfirheyrt hann tvisvar sinnum þessa nótt. Við fyrri yfirheyrsluna skýrði Kristján Viðar frá því að kvöld eitt í ágúst 1974 hafi Tryggvi Rúnar komið heim til hans á Grettisgötu í Reykjavík og með honum maður, sem hann taldi sig einhvern tímann hafa séð þótt hann kæmi honum ekki fyrir sig. Sagðist hann fyrir slysi hafa veitt manningnum höfuðhögg með járnþoga (U laga járnþeiinn), en minntist þess ekki að maðurinn hafi misst meðvitund eða úr honum blætt. Maðurinn hafi síðan yfirgefið staðinn með Tryggva Rúnari og sennilega Sævari líka. Daginn eftir hafi Sævar svo komið og farið með sig niður í kjallara þar sem voru tveir stórir pokar, sem hann sagði að innihéldu lík mannsins sem Kristján Viðar sló kvöldið áður því hann hefði látist af högginu. Kristján Viðar sagði að Sævar hafi síðan farið að tala um Guðmundarmálið og hvernig Kristján Viðar hafi stungið Guðmund til bana á heimili Sævars að Hamarsbraut í Hafnarfirði í janúar 1974 og nú væri best að losa sig við hnífinn. Hafi Sævar sett hnífinn í pokann hjá líkinu. Við síðari yfirheyrsluna, sem fór fram að lögmanni Kristjáns Viðars viðstöddum, skýrði Kristján Viðar frá átökunum á Hamarsbraut og hvernig hann réði Guðmundi bana með því að stinga hann með hníf. „Guðmundur stökk á eftir mér og náði taki á tölu á frakka, sem ég var í, en um leið féll hann á gólfið. Við það slitnaði talan af frakkanum og hélt Guðmundur henni í krepptum hnefanum. [...] Ég minnst þess, að Tryggvi Rúnar losaði töluna úr hendi Guðmundar, þarna í hrauninu og rétti mér hana.“ Í athugasemdum Schütz um þessa skýrslu frá 16. október 1976 segir: „Þrátt fyrir að hann væri stöðugt minntur á ósamræmi milli framburðarins og rannsóknartækni-deildarinnar hélt Kristján fast við það að í átökunum við Guðmund hafi hnappurinn ekki aðeins losnað heldur alveg slitnað af. Tryggvi Rúnar hefði síðan tekið hann úr hendi Guðmundar.“ Við skoðun kom í ljós það vantaði ekki tölu á frakka Kristjáns Viðars. Hann var spurður um hvort hnappurinn gæti hafa dottið af annarri flík en frakkanum og „viðurkenndi hann að frakki hefði verið opinn á meðan á átökunum stóð. Hugsanlegt væri að hnappurinn hefði dottið af jakka hans. Hér er líklega um svartan leðurjakka að ræða“. Daginn eftir, eða 20. september, var Kristján Viðar fenginn til að staðfesta síðari skýrsluna og var lögmaður hans viðstaddur. Í skýrslunni kemur fram að Kristján Viðar bætti aðeins við frásögn sína og tók fram að hann hafi ekki þagað vísitandi yfir atburðarásinni heldur hafi þetta rifjast upp fyrir honum smám saman. Samkvæmt dagbók fangelsisins tók þessi yfirheyrsla tæpan fjóra og hálf klukkustund (frá tæplega níu til rúmlega eitt) og lauk rétt eftir eitt um nóttina, en í skýrslunni segir hins vegar að hún hafi aðeins tekið 45 mínútur eða frá korter yfir tíu til ellefu um kvöldið. Skýringin á þessum tímamun er ekki ljós. Fyrir um þennan dag var farið með Kristján Viðar út úr fangelsinu í tæpa klukkustund en hvorki er ljóst hvert né í hvaða tilgangi.

Á tímabilinu frá 4. til 16. október var Kristján Viðar yfirheyrður fimm sinnum vegna Guðmundarmálsins og tvisvar sinnum rætt við hann á klefa og tvisvar sinnum farið með hann í ferðir út úr fangelsinu. Samtals tóku yfirheyrslurnar/viðtölin um 11 klukkustundir. Teknar voru fjórar skýrslur af honum og snerta þær m.a. flutning á líki Guðmundar út í hraun og Fossvogskirkjugarð og hnappinn á frakkanum eða leðurjakkanum. Önnur ferðin var farin út í hraun á móts við álverið en hin virðist hafa verið farin í Fossvogskirkjugarð og tók sú ferð þrjár klukkustundir og var hann yfirheyrður í tæpar tvær klukkustundir að henni lokinni.

Á tímabilinu frá 20. október til 1. desember, er Kristján Viðar var færður í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg, var hann yfirheyrður 12 sinnum vegna Geirfinnsmálsins og einu sinni vegna Guðmundarmálsins og þrisvar rætt við hann í klefa hans. Skráð er í dagbók fangelsisins að ein skýrslutakan hafi farið fram í klefa hans í tæpa eina og hálf klukkustund. Skýrslur liggja fyrir eftir 12 þessara yfirheyrsla, en ekki liggja fyrir upplýsingar um fjórar þeirra og viðtölin í klefa. Á þessu tímabili var sex sinnum farið með hann í ferðir út úr fangelsinu, hann tekinn í tvær sakbendingar og eina samprófun. Upplýsingar liggja fyrir um tilefni þriggja þessara ferða. Tvær þeirra voru farnar til Keflavíkur og ein upp í Rauðhóla til að leita að líki Geirfinns. Athygli vekur að tvær ferðanna sem ekki eru til upplýsingar um stóðu yfir í langan tíma eða í rúmar fimm klukkustundir annars vegar og rúmar sjö klukkustundir hins vegar.

Skýrslutökur þann 20. október, sem tóku um fimm og hálf klukkustund, snerust um ferðina til Keflavíkur, hverjir voru í bílnum, hvort einhver kom í bílinn í Keflavík, samtalið í Hafnarbúðinni o.fl. Athyglisvert er hversu óljós frásögn Kristjáns Viðars var. Hann sagðist hvorki muna nafn né símanúmer þess sem hann hringdi í úr Hafnarbúðinni og lýsti því sem gerðist með orðum eins og „líklega“, „ekki viss“, „finnst það líklegt“, „hef það á tilfinningunni“ og „finnst eins og þetta hefi gerst þannig“. Hann lýsti því hvernig Geirfinnur hafi gengið að sér reiður en fallið aftur fyrir sig niður hæð og var meðvitundarlaus þegar að var komið. Farið var með Kristján Viðar í Dráttarbrautina í Keflavík þennan dag og að staðnum þar sem Geirfinnur átti að hafa fallið. Í skýrslu um ferðina kemur fram hjá rannsakendum að annað hvort gat hann ekki bent nákvæmlega á staðinn þar sem Geirfinnur átti að hafa fallið eða vildi það ekki. Við skýrslutöku daginn eftir breytti Kristján Viðar svo framburði sínum varðandi bílstjóran í ferðinni til Keflavíkur. Sá hafi ekki verið „útlendingslegi maðurinn“ heldur lágvaxinn þybbinn maður á fimmtugsaldri. Hann sagði Geirfinn hafa fallið fram af hamrabrún, en vissi ekki hvað varð af honum eftir það. Tekin var skýrsla af Kristjáni daginn eftir til að fá frekari upplýsingar hjá honum um þennan framburð.

Þann 22. október var tekin skýrsla af Kristjáni Viðari að hans beiðni vegna Guðmundarmálsins og snerist hún um hnappinn á frakkanum. Hann bað um að fyrri skýrsla yrði eyðilögð, en ekki vegna þess að hún væri röng heldur vegna þess að hún væri óskýr. Samkvæmt dagbók fangelsisins var farið með Kristján Viðar út úr fangelsinu dagana 25. og 26. október. Skráð er að fyrri daginn hafi hann verið tekinn í sakbendingu í tæpa fjórar klukkustundir en engin skýring er gefinn síðari daginn en sú ferð stóð í rúmar sjö klukkustundir, eða frá hálf níu um kvöldið til rétt að verða fjögur um nóttina.

Næsta skýrslutaka fór fram 1. nóvember og tók hún þrjár og hálf klukkustund. Var Kristján Viðar spurður um ýmis atriði í framburði Sævars um Keflavíkurferðina. Í skýrslunni kemur fram að beitt hafi verið „indíánaaðferðinni“<sup>325</sup> við yfirheyrsluna. Í skýrslunni segir: „KVV [Kristján Viðar Viðarsson] virtist ekki sýna nein óeðlileg viðbrögð gagnvart framangreindum spurningum og erfitt að átta sig á sannleiksgildi svara hans“. Við skýrslutöku 3. október, sem tók um tvær klukkustundir, breytti Kristján Viðar svo enn framburði sínum. Hann sagðist til dæmis ekki hafa orðið var flutnings á varningi frá Keflavík og að átökin sem hann varð vitni að hélt hann að hafi hafist í bátnum og borist frá borði og upp á bryggjuna. Hann mundi ekki eftir því hvort hann blandaði sér í átökin og vissi ekki hverjir fjarlægðu Geirfinn, en sagðist ekki hafa komið nálægt því.

Þann 5. nóvember óskaði Kristján Viðar eftir viðtali við rannsakendur, sem stóð yfir í um tvær klukkustundir, vegna þess að hann hefði frekari upplýsingar um Geirfinns málið. Hann sagðist núna fyrst muna eftir því að hann var staddur í Klúbbnum með Sævari um helgi fyrir 19. nóvember 1974 og lýsti samskiptum þeirra við mann sem gæti hafa verið Geirfinnur. Núnda nóvember 1976 verða enn breytingar á framburði Kristjáns Viðars varðandi aðdragandann að Keflavíkurferðinni og atburðina í Dráttarbrautinni. Við þessa skýrslutöku, sem tók rúmar tvær klukkustundir, sagðist hann bæði hafa kýlt Geirfinn og lamið hann með planka. Sigurbjörn hafi tekið Geirfinn haustaki og Sævar hafi einnig lamið hann með plankanum, Guðjón hafi svo tekið plankann og lamið Geirfinn liggjandi á jörðinni. Ekki sagðist hann vita hversu oft. Daginn eftir, eða 10. nóvember, var skýrslutökunni haldið áfram, í tvær og hálf klukkustund, um ferðina frá Keflavík og sagði Kristján Viðar að hugsanlega hafi Geirfinnur verið skotinn, hann hefði fundið púðurlykt í sendiferðabifreiðinni og Geirfinnur hefði legið á gólfi hennar, annaðhvort meðvitundarlaus eða látinn. Hann lýsti svo ferðinni með líkið heim til sín á Grettisgötu og sagði að líkinu hefði verið komið fyrir í geymslu gegnt þvottahúsinu í kallara hússins. Hann sagðist ekki hafa aðstoðað við þetta og ekki haft meiri afskipti af líki Geirfinns. Samkvæmt dagbók fangelsisins var tvisvar rætt við Kristján Viðar dagana 11. og 13. nóvember í samtals eina klukkustund og öðru sinni stuttlega í klefa hans og tvisvar farið með hann út úr fangelsinu í tvær klukkustundir og rúmar fimm klukkustundir.

---

<sup>325</sup> Þetta er ekki venjuleg eða skjalfest yfirheyrsluaðferð. Samkvæmt því sem rannsakendur sögðu starfs-  
hópnum fólst hún í því að spyrja sakborning spurninga um atvik máls af handahófi, þ.e. ekki í rökréttri  
tímaröð („vaðið úr einu í annað“). Með þessari aðferð hafi hugmyndin verið að koma í veg fyrir að  
sakborningurinn gæti svarað án þess að hugsa sig um og því væri honum gert erfitt fyrir um að segja  
ósatt. Ef viðmælandinn væri saklaus þá svaraði hann öllum spurningum rannsakenda á sama hátt, en ef  
hann væri sekur þá svaraði hann öllum spurningum með tilliti til staðreynda málsins. Einn rannsakenda  
bætti því við að þessari aðferð hefði ekki verið beitt á vitni svo þau rugluðust ekki undir yfirheyrslunni.  
Aðferðin hefur enga vísindalega undirstöðu. Hún virðist gera ráð fyrir að sakborningur sé sekur og er  
líkleg til að rugla hann við yfirheyrslu. Þetta sýnir að áherslan í yfirheyrslunum var fyrst og fremst á að fá  
fram upplýsingar sem bentu til sektar sakbornings í stað þess að leita hlutlægs sannleika í málinu og  
virðist hafa verið gert ráð fyrir því að sakborningarnir væri sífellt að segja ósatt og reyna að villa um fyrir  
rannsóknarmönnum. Sjá í Williamson (2007) um mikilvægi þess að rannsóknarmenn hafi opinn huga við  
rannsókn mála og sýni sanngirni í yfirheyrslum.

Þann 15. nóvember var aftur farið með Kristján Viðar til Keflavíkur og nú til að fá hann til að sýna hvar var stoppað í Keflavík á leiðinni að Dráttarbrautinni og hvort ökumaðurinn fór inn í hús sem stoppað var við. Þessu lýsti hann í nokkrum smáatriðum, en við yfirheyrslurnar 9. og 10. nóvember hafði hann lýst því yfir að hvergi hefði verið stoppað á leiðinni. Í gögnum málsins liggur fyrir skýrsla yfir ósamræmi milli frásagna Kristjáns Viðars og Sævars um ferðina til Keflavíkur, atburðina í Dráttarbrautinni og fráganginn á líki Geirfinns. Þann 26. nóvember var hann svo aftur yfirheyrður, í tæpa klukkustund, um flutninginn á líki Geirfinns og hvar það væri niðurkomið í Álftaneshrauni. Samkvæmt dagbók fangelsisins var farið með Kristján Viðar út úr fangelsinu í eina klukkustund þann 20. nóvember og hann yfirheyrður í rúmar tvær klukkustundir 22. nóvember.

Þrítugasta nóvember var Kristján Viðar færður í sakbendingu með því að kanna hvort hann þekkti Guðjón Skarphéðinsson úr hópi átta manna (sjö nemar í Lögregluskóla ríkisins) og sama dag fór svo fram samprófun á milli hans og Guðjóns. Hafa ber í huga að þegar 14. maí hafði Kristjáni Viðari verið leyft að sjá Guðjón tvívegis er Guðjón mætti til yfirheyrslu hjá lögreglu.

Kristján Viðar var vistaður í Hegningarhúsinu frá 1. desember 1976 til 12. júlí 1977, er hann var fluttur aftur í Síðumúlafangelsið. Frá þessum tíma og til 29. september eru mjög takmarkaðar upplýsingar um tímalengd yfirheyrsla. Teknar voru 15 skýrslur af honum á meðan hann var vistaður í Hegningarhúsinu og hann tekinn í fimm samprófanir. Skýrslur þessar snerta m.a. ökumanninn í ferðinni til Keflavíkur. Við skýrslutöku 3. desember sagði hann það hafa verið leigubílstjóra sem hann nafngreindi, en ekki Guðjón, og þá nafngreindi hann fangavörð sem átti að hafa verið viðstaddur í Dráttarbrautinni.

Áttunda desember 1976 var gefin út ákæra gegn Kristjáni Viðari vegna Guðmundarmálsins. Þá liggur fyrir skýrsla, dagsett þennan dag, um að móðuramma hans hafi átt þátt í að hluta sundur og fela lík Færeyings, sem saknað hafði verið frá því í september 1974. Fjórtánda desember greindi hann frá aðkomu frænda síns, Sigurðar Óttars Hreinssonar, að ferðinni til Keflavíkur og í Dráttarbrautina. Tuttugasta og fyrsta desember var hann yfirheyrður um hvar líki Geirfinns hefði verið komið fyrir í Rauðhólum. Svæðið var grafið upp en án árangurs.

Aðfaranótt 6. janúar 1977 kveikti Kristján Viðar í rúmdýnu sinni í klefanum í Hegningarhúsinu. Þetta vakti áhyggjur rannsakenda og skrifaði Schütz Halldóri Þorbjörnsyni, yfirsakadómara bréf, þar sem hann fór fram á aukna gæslu yfir honum. Í bréfi Schütz kemur fram að þetta hafi verið sjálfsvígstilraun og að Kristján Viðar hafði einnig gert tilraun til að taka líf sitt á aðfangadag. Í bréfinu segir: „Kærði er eins og er mjög mótstöðulítill og óútreiknanlegur. Er hætta á að hann endurtaki þessar tilraunir og gæti honum þá heppnast áform sín. [...] Kærði er í hinu viðkvæma máli einn þýðingarmesti og jafnframt trúlegasti aðili. [...] Í hinu svonefnda Guðmundarmáli mun hann mæta fyrir rétti sem eins konar „aðalvitni“.“

Rúmri viku síðar, dagana 13. og 14. janúar 1977, voru teknar þrjár skýrslur af Kristjáni Viðari og var hann yfirheyrður í rúmar átta klukkustundir seinni daginn, og var tíma-

lengd yfirheyrslu með samþykki hans, þar sem hann greindi frá ýmsu varðandi ferðina til Keflavíkur og flutning á líki Geirfinns og „greftunarstað“. Þá afhenti Kristján Viðar rannsóknarmönnum penna sem hann sagðist hafa tekið af líki Geirfinns.

Þann 27. janúar 1977 fór fram sakbending vegna Guðmundarmálsins. Kristjáni Viðari var stillt upp ásamt átta öðrum mönnum og kannað hvort konurnar tvær sem sögðust hafa séð hann með Guðmundi í Hafnarfirði nóttina sem hann hvarf. Báðar töldu hann helst líkjast manningum sem þær sáu, en sögðust ekki geta fullyrt um það svo löngu síðar. Lögmaður Kristjáns Viðars var viðstaddur sakbendinguna.

Skýrslutaka af Kristjáni Viðari vegna Geirfinnsmálsins fór aftur fram 1. febrúar. Hann sagðist aðspurður hafa verið undir áhrifum lyfja aðfaranótt 19. nóvember 1974 og samfellt í nokkra mánuði og tekið bæði örvandi og róandi lyf í einu. Hann staðfesti að Sævar hefði sagt að „sýna ætti fulla hörku“ í ferðinni til Keflavíkur, þótt hann hefði ekki lagt þann skilning í það að ráða ætti manni bana og neitaði að hafa heyrt Sævar tala um að láta einhvern hverfa. Við þessa yfirheyrslu var Guðjón aftur orðinn bílstjórinn í ferðinni til Keflavíkur og málið snúist um spíra. Kristján Viðar lýsti átökunum við Geirfinn í Dráttarbrautinni og sagðist sjálfur ekki hafa lokað fyrir öndun Geirfinns með háls-takinu, en hafa gefið honum tvö högg vinstra megin í brjóstakassann, sem urðu til þess að hann féll til jarðar og barið hann liggjandi einu sinni með spýtu í vinstri kinnina.

Ekki var aftur tekin skýrsla af Kristjáni Viðari fyrr en 11. mars og var hún vegna Guðmundarmálsins og snerti aðeins spurninguna um hvort Guðmundur hefði verið grafinn í Hafnarfjarðarkirkjugarði. Hann sagði það þá án sinnar vitundar. Þann 25. mars var tekin heildarskýrsla af honum í Guðmundarmálinu fyrir sakadómi og 28. mars var tekin önnur dómskýrsla og hann tekinn til samprófunar með Erlu. Teknar voru skýrslur af honum 19. apríl og 12. og 13. maí og í samtals 11 klukkustundir tvo síðarnefndu dagana. Gæsluvarðhaldið var framlengt um 150 daga 16. maí og fallist á beiðni Kristjáns Viðars um vistun á Litla-Hrauni. Næsta skýrslutaka af Kristjáni Viðari fór svo ekki fram fyrr en 6. júlí varðandi rangar sakargiftir og neitaði hann að tjá sig nema hafa lögmann sinn viðstaddan.

Kristján Viðar var yfirheyrður 27. september fyrir dómi þar sem hann bað um leiðréttingu á framburði sínum. Í stað þess að vera saklaus af því að taka þátt í dauða Geirfinns eigi að standa að hann sé saklaus af þátttöku í hvarfi hans. Hann óskaði eftir að það yrði bókað að hann vissi „ekkert um hvarf Guðmundar Einarssonar. Ég fór fram á það 12. maí s.l. í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og 6. júlí s.l. í þinghaldi í Geirfinnsmálinu, að þetta yrði bókað, en því var hafnað“. Að ósk lögmanns Kristjáns Viðars var hann spurður að því hvers vegna hann hefði gefið dóms- og lögregluskýrslurnar í „Guðmundarmálinu“ og svaraði hann: „Vegna þess að lögreglumenn fóru fram á það, og ég taldi mér ekki heimilt að neita því. Ég og meðákærðu vorum yfirheyrðir saman, án þess að skýrsla væri tekin, og við látnir hjálpast að við að muna atburði, sem ekki höfðu skeð, en lögreglumenn töldu, að átt hefðu sér stað. Ég var ekki staddur í Hafnarfirði

aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt meðákærðu og Guðmundi Einarssyni og Gunnari Jónssyni“<sup>326</sup>.

Við skýrslutökur 29. september dró Kristján Viðar svo framburð sinn í báðum málunum til baka. Við fyrri skýrslutökuna lýsti hann því hvað hann hafði verið að gera 19. nóvember 1974 og hann hefði því ekki verið í Keflavík. Við síðari skýrslutökuna sagðist hann hafa verið á kvikmyndasýningu kvöldið sem Keflavíkurferðin var farin, hitt kunningja sinn eftir það og svo farið heim þar sem hann dvaldi um nóttina. „Framburðir mínir í samprófunum í málinu hér í sambandi við mál Guðmundar Einarssonar við meðákærðu og Gunnar Jónsson svo og í máli Geirfinns Einarssonar að undanskildum samprófunum við ákærðu Erlu og Guðjón eru tómur þvættingur“.

Í ódagsettri lokaskýrslu rannsóknarnefndar Reykjavíkur um rannsókn Geirfinnsmálsins, í kaflanum um „huglægar málsástæður“, má sjá viðhorf rannsakenda til sakborninganna. Í skýrslunni er látið að því liggja að Kristján Viðar hafi verið undir stjórn Sævars við meint átök í Dráttarbrautinni í Keflavík: „Sakborningi þessum [Sævari], sem fljótt verður æstur, er ennfremur trúandi til þess að hafa leyft Kristjáni að sleppa af sér taumunum, þótt honum væri vel kunnugt um, að það gæti tekið hættulega stefnu. [...] Því grunur leikur á að sakborningur þessi [Kristján Viðar] sé – sökum neyzlu og áhrifa fíkniefna – ekki fær um að stjórna vilja sínum í samræmi við betri vitund. Kærði er sjúklega sannfærður um líkamlega yfirburði sína gagnvart öðrum. [...] „Bardagabrek“ hans virðist vera eina vopn hans til þess að afla sér viðurkenningar. [...] virðist sem hann geti í átökum ekki hætt fyrr en hann sé búinn að „eyðileggja“ mótherja sinn. [...] ætti ekki að horfa fram hjá þeim möguleika, að Kristján gæti í slíkum tilfellum verið gripinn nokkurskonar „drápslosta““.

### ***Samantekt um yfirheyrslur yfir Kristjáni Viðari***

Samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsisins og skýrslum lögreglunnar virðist Kristján Viðar hafa verið yfirheyrður eða rætt við hann vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálanna samtals a.m.k. 160 sinnum á meðan hann var vistaður í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsinu og Hegningarhúsinu frá 23. desember 1975 til 29. september 1977. Höfundar þessarar skýrslu hafa farið yfir dagbækur Hegningarhússins og Litla-Hrauns allt til ársloka 1977. Örfáar yfirheyrslur fóru fram á þessu tímabili samkvæmt skráningum í framangreindar dagbækur, en um efni þeirra er ekki vitað.<sup>327</sup> Af þessum u.þ.b. 160 skiptum voru 58 skýrslutökur, 71 yfirheyrsla án skýrslutöku og 30 viðtöl (tæpur fimmtungur) í klefa hans. Viðtölin og yfirheyrslurnar fóru fram í yfirheyrsluherbergi í Síðumúlafangelsinu eða í klefa hans, hjá sakadómi Reykjavíkur og hjá lögreglunni.

<sup>326</sup> Í lögregluskýrslu frá 3. mars 1977 kemur fram að Sævar bendlaði „Gunn“ við Guðmundarmálið.

<sup>327</sup> Í dagbók Hegningarhússins er skráð þann 14. janúar 1977, klukkan 14:40, að farið hafi verið með Kristján Viðar úr fangelsinu. Þá er skráð að Kristján Viðar hafi komið frá sakadómi klukkan 05:35 aðfaranótt laugardagsins 15. janúar, eða tæpum 15 klukkustundum síðar. Á þessum tíma var Kristján Viðar í sólarhringsgæslu í hegningarhúsinu vegna tveggja sjálfsvígstilrauna í desember. Þann 29. apríl er skráð í dagbók Hegningarhússins að Kristján Viðar hafi fengið garðtíma í fyrsta sinn að fyrirmælum Gunnlaugs Briem dómara, þ.e. er 113 dögum eftir að hann var fluttur úr Síðumúlafangelsinu í Hegningarhúsið, en þá var hann enn á stöðugri sjálfsvígsgæslu.

Hann var 18 sinnum tekin til samprófunar á þessu tímabili og fjórum sinnum í sakbendingu. Þá mun hafa verið farið með hann 22 sinnum í ferðir út úr fangelsinu. Samanlögð skráð tímalengd viðtala og yfirheyrsla á þessum tíma er rúmlega 215 klukkustundir (tæpir níu sólarhringar), en gera má ráð fyrir að heildartíminn sé mun lengri því tímalengd sumra, skýrslutaka, viðtala og yfirheyrsla er ekki skráð.

### ***Viðtal við Kristján Viðar***

Höfundar þessa kafla áttu viðtal við Kristján Viðar í innanríkisráðuneytinu í febrúar 2012. Hann var samvinnuþýður í viðtalinu en átti erfitt með að tala vegna þess að hann var stressaður. Hann mætti með lögmanni sínum Oddgeiri Einarssyni í viðtalið og stóð það yfir í eina klukkustund og 15 mínútur. Hann sagðist lítið hafa sofið nóttina áður vegna hávaða í næstu íbúð. Hann virtist einlægur og viðkvæmur í viðtalinu og leggja sig fram við að svara spurningum, þótt lýsingar hans væru stundum ekki mjög ítarlegar. Í viðtalinu kom fram að hann mun hafa átt erfiða æsku. Það hefði haft mikil áhrif á sig þegar faðir hans fórst með togaranum Júlí þann 8. febrúar 1959 þegar hann var fjögurra ára og að samskipti hans við fósturföður voru erfið. Á þessum tíma sagðist hann hafa kennt sér um dauða föður síns.

Í upphafi viðtals gerði Kristján Viðar grein fyrir því að hann væri saklaus í bæði Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Í framhaldi af því var hann beðinn um að lýsa aðdraganda þess að hann játaði aðild að málunum. Hann lýsti því að hann hefði verið fluttur frá Litla-Hrauni 23. desember 1975, þar sem hann var að langt kominn með að ljúka afplánun á sex mánaða fangelsisdómi. Þegar hann kom í Síðumúlafangelsið fannst honum vera óvenju mikið af fangavörðum og lögreglumönnum á staðnum. Hann sagði að þeir hefðu myndað hring í kringum hann og hrint honum á milli sín í u.þ.b. 10-15 mínútur eða þar til Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, stöðvaði það. Hann sagðist hafa verið úrskurðaður í 90 daga gæsluvarðhald þennan sama dag, sem staðfest er í dagbók fangelsisins.

Kristján Viðar lýsti aðdraganda þess að hann játaði aðild sína að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum og skýrði frá aðild annarra að þeim. Hann sagði að sér hefði verið haldið vakandi með því að barið var á klefahurðina í tíma og ótíma og ýtt við honum ef hann sofnaði. Hann lýsti einnig hávaða á þaki fangelsisins sem hann taldi stafa af því að verið var að halda honum vakandi.<sup>328</sup> Þá sagðist hann hafa verið látinn skríða á fjórum fótum á salerni í fangelsinu og honum hefði jafnvel ekki leyft að ljúka sér af áður enn hann var rekinn til baka á klefa. Einnig lýsti hann því að við leit í klefa hans hafi hann verið látinn afklæðast og bíða nakinn í öðrum klefa þar til leit lauk. Allar þessar aðgerðir áleit hann vera pyntingaraðferðir sem hefðu miðað að því að brjóta hann niður. Ekki var ljóst af frásögnum hans hvort þessar aðferðir voru viðvarandi eða aðeins í byrjun. Hann tók það fram að hvorki fyrr né síðar hafi verið komið fram við hann á

---

<sup>328</sup> Í yfirlýsingu Hlyns Þórs Magnússonar, fyrrverandi fangavarðar í Síðumúlafangelsinu, frá 27. ágúst 1996, sem fylgdi endurupptökubeiðni Sævars til Hæstaréttar árið 1996, segir hann frá svipuðu atviki varðandi Sævar, þ.e. honum hafi verið haldið „vakandi með því að berja útvegg klefa hans með grjóti“.

sambærilegan hátt. Hann sagði að sér hefði liðið mjög illa í Síðumúla, sérstaklega vegna þess að hann þjáðist af astma.

Kristján Viðar sagðist hafa verið ruglaður á þessum tíma og ekki geta gert greinarmun á því sem var raunverulegt og óraunverulegt. Hann sagði að yfirheyrslur hefðu verið margar og langar og án þess að hann hefði haft lögmann sinn viðstaddan. Þá sagði hann það hefði ekki verið óalgengt að hann hefði verið beðinn um að undirrita lögregluskýrslur án þess að hafa verið yfirheyrður og áhugi rannsakenda hafi snúist um að fá hann til að undirrita skýrslur en ekki spyrja hann út úr. Hann nefndi eitt dæmi um slíkt og sagðist hafa verið fluttur í sakadóm Reykjavíkur þar sem honum hefði verið komið fyrir á skrifstofu á 4. hæð með vodka á meðan einn rannsakenda skrifaði skýrslu fyrir hann til að undirrita í næstu skrifstofu.

Fram kom í viðtalinu að Kristján Viðar sagði að einn rannsakenda hafði lagt á sig hendur, en það hefði verið Eggert N. Bjarnason. Þá sagðist hann hafa fengið töluvert af lyfjum á meðan hann var vistaður í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsinu.<sup>329</sup>

Kristján Viðar sagði móður sína hafa látist 4. september 1977, en honum hafi ekki verið sagt frá því fyrr en viku seinna. Hann hefði fengið krampa, misst jafnvægisskynið og heyrnina, gengið á vegg og orðið blóðugur í framan. Ekki er ljóst af gögnum hvenær Kristjáni Viðari var tilkynnt að móðir hans hefði látist. Í dagbók fangelsisins 5. september er þess getið að lögmaður hans hafi rætt við hann og fangapresturinn í kjölfarið. Samkvæmt dagbókinni hringdi fangapresturinn svo tveimur dögum síðar og spurðist fyrir um líðan hans „eftir að honum var sagt frá skyndilegu andláti móður hans“. Sama dag hringdi lögmaður og spurði um líðan hans og bað um skilaboð til hans varðandi dánarorsök móður hans „hún er ekki á hreinu ennþá“. Í dagbókinni er skráð í sömu færslu að um svipað leyti hafi Gunnlaugur Briem dómari, hringt og gefið leyfi fyrir því Jakob Jónsson prestur mætti tala við Kristján Viðar og „á það viðtal að vera í áheyrn fangavarðar“.

### ***Geðrannsókn á Kristjáni Viðari***

Kristján Viðar gekkst undir geðrannsókn hjá Lárusi Helgasyni geðlækni, á tímabilinu frá 6. apríl til 24. júní 1976, eða á meðan hann var vistaður í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsinu. Í skýrslunni segir að Kristján Viðar hafi „fljótt [orðið] þrjóskur og erfiður, sérstaklega móður sinni og ömmu, og náði snemma undirtökunum í uppeldinu [...] þroskaðist því seint og takmarkað og hóf fljótlega lífsferil þar sem óhófsneysla á víni og vímuvaldandi efnun ríkti og andfélagsleg hegðun varð æ meir ráðandi“. Í skýrslunni er haft eftir skólasystur hans að í barnaskóla hafi hann verið kallaður „hrekksjúsín“ og þar kemur fram að hann var rekinn úr skóla á miðjum vetri í 1. bekk í Gagnfræðaskóla Austurbæjar, vegna óstundvísni og rifrildis við kennara.

---

<sup>329</sup> Í skrá yfir lyfjanotkun Kristjáns Viðars kemur fram að hann fékk töluvert mikið af geðlyfjum (s.s. róandi lyf, svefnlyf, geðrofslyf og þunglyndislyf) þegar hann var vistaður í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsinu.



Kristján Viðar mun hafa verið 11 ára er hann fór að „sniffa“ þynni og bensín til að „upplifa ofskynjanir“ og nokkru síðar að misnota áfengi. Tólf ára gamall fór hann fyrst til geðlæknis og „nokkru síðar gekk hann til sálfræðings“ og frá 17 ára aldri hefur hann, „auk áfengis, neytt all mikils af ávana- og fíkniefnum“. Í skýrslu Lárusar kemur fram að Kristján Viðar hafi lítið sem ekkert unnið frá því hann lauk námi „þannig, að hann hafi getað séð fyrir sér sjálfur“. „Segja má, að hann hafi síðari árin ekki stundað neina reglubundna vinnu. Þess í stað hefur hann hneigst til að afla sér tekna með afbrotum og leitað eftir félagsskap þeirra, sem hafa geta stutt hann með því að veita honum vín, fíkniefni, mat og eyðslueyri. Aðvaranir, dómara og fangelsisvistir hafa ekki megnað að stöðva afbrotaferil hans“.

Geðlæknirinn fjallar um frásagnir Kristjáns Viðars af brotunum sem hann var grunaður um aðild að og segir:

*„Frásagnir Kristjáns Viðars á verknuðum þeim, sem hann er kærður fyrir, eru nokkuð óljósar. Fyrst í viðtölunum ber hann við minnisleysi og virðist leggja sig fram um að muna betur. Lýsingar hans á atburðum í máli Guðmundar Einarssonar eru þó mun greinilegri en í Geirfinnsmálinu. Nokkrir atburðir í Geirfinnsmálinu eru þó einnig furðu skýrir. Í báðum ákæruatriðum koma einnig fram lýsingar þar sem svo virðist sem raunveruleiki og óraunveruleiki blandist saman, þ.e.a.s. að svo virðist sem hugmyndir eða kenndir séu færðar fram sem raunveruleiki. Ég held ekki að þetta sé honum alltaf meðvitað. [...] Hugsanlegt er, að hann hafi bælt svo mikið það sem raunverulega hefur gerst, að það verði óljóst í endursögn<sup>330</sup>. Hafa ber líka í huga, að hér er um að ræða óreglusaman atvinnuleysingja, sem lifir mjög sérstæðu lífi í þjóðfélagi okkar þar sem svo virðist sem hver dagur gangi út á það að afla sér vins eða fíkniefna. Í slíku ástandi er líklegt, að renni saman raunveruleiki og óraunveruleiki.*

[...]

*Kristján Viðar iðrast þess, sem hefur gerst í sambandi við Guðmund Einarsson. [...] Tilfinningaviðbrögð hans verða nokkuð óljósari þegar Geirfinnsmálið ber á góma. Þar virðist hann undrandi yfir því á hvern hátt hann hefur tengst því máli eða komist í þá aðstöðu, sem hann er í, er geðrannsóknin fór fram.“*

Gylfi Ásmundsson sálfræðingur, lagði tvö sálfræðiþróf fyrir Kristján Viðar vegna geðrannsóknarinnar, dagana 26. og 27. apríl 1976. Niðurstöðurnar voru þessar:

*„Kristján lætur ekki í ljós nein taugaveiklunareinkenni eða geðræna vanlíðan [...] sjálfstraust og starfshæfni virðist óskert. [...] Sú mynd, sem fram kemur af*

<sup>330</sup> Geðlæknirinn virðist hafa gengið út frá því að Kristján Viðar væri sekur í báðum málunum og það að hann ætti erfitt með að muna eftir atvikum málanna stafaði af minnisleysi af sálfræðilegum ástæðum (*psychogenic amnesia*), s.s. eftir áfall. Þetta voru líka algeng mistök hjá geðlæknum í Englandi á áttunda áratugnum í málum þar sem menn voru ranglega sakfelldir (sjá í Gísli H. Guðjónsson, 2003a og í Guðjónsson, Kopelman, & MacKeith, 1999).

*persónuleika hans er dæmigerð fyrir andfélagslega persónuleika (sociopathic personality) sem lýsir sér í impulsivri hegðun, grunnu tilfinningalífi, tillitsleysi við aðra og afbrotahneigð. [...] Hann er tilfinningalega vanþroska, bráðlyndur og aggressivur, hefur mjög óljósa siðgæðisvitund, er eirðarlaus og örlyndur“.*

Þá segir að samkvæmt niðurstöðu greindarprófs sem lagt var fyrir Kristján Viðar á Kleppi árið 1973, þegar hann var 18 ára gamall, sé starfhæf greind hans „í löku meðal-lagi“. „Nærminni hans virðist gott og fjærminni á köflum sérstaklega gott, þó eins og áður hefur verið lýst, hafi borið á minnistruflunum“.

Í lokin segir geðlæknirinn: „Niðurstaða mín af rannsókninni er, að Kristján Viðar Viðarsson er haldinn drykkjusýki og ofneyslu ávana- og fíkniefna (alcohol addiction, drug dependence). Skapgerð er afbrigðileg þannig, að hann er tilfinningalega vanþroska með sterka andfélagslega hegðun (personality disorders, antisocial personality)“.

### **Samantekt um Kristján Viðar**

Hér á eftir verða megin ástæður þess að Kristján Viðar játaði aðild að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum teknar saman og þeim lýst út frá fræðilegri umgjörð um játningar.<sup>331</sup> Segja má að átta þættir hafi ráðið úrslitum um að hann játaði aðild. Fyrstu tveir þættirnir og sá sjötti snerta persónuleikavandamál og vímuefnaneyslu hans, andlegt ástand hans í einangrunni í Síðumúlafangelsinu, og minnistruflanir, en hinir fimm þættirnir snerta aðstæðurnar í einangruninni, yfirheyrslurnar og takmarkaðan stuðning lögmanns hans.

- Persónuleikavandamál Kristjáns Viðars og sálrænir veikleikar hans, eins og Lárus Helgason geðlæknir, og Gylfi Ásmundsson sálfræðingur, lýstu þeim í geðrannsókn þeirra, hafa án efa haft mikil áhrif á líðan hans og hegðun í gæsluvarðhaldinu. Niðurstaða þeirra var að Kristján Viðar ætti við alvarleg vímuefnavandamál að stríða, hann væri „tilfinningalega vanþroska“ og með andfélagsleg persónuleikaeinkenni. Þessi sálrænu einkenni hans kæmu fram í óabyrgri og „aggressivri“ hegðun, eirðarleysi, og bráðlyndi. Rannsóknir hafa sýnt að slíkt sambland andfélagslegra persónuleikaeinkenna, vímuefnaneyslu og afbrotahegðunar, eykur líkur á fólsum játningum við yfirheyrslur hjá lögreglu<sup>332</sup>.
- Kristján Viðar virðist hafa átt erfitt með að takast á við gæsluvarðhaldsvistina og yfirheyrslurnar og stundum hafa verið í örvæntingarástandi. Í dagbók fangelsisins kemur fram að hann hafi beðið um aðstoð geðlæknis fyrrihluta ársins 1976 þegar hann var í einangrun í Síðumúla og gert tvær sjálfsvígstilraunir eftir að hann var færður í Hegningarhúsið í byrjun desember 1976, með því að skera sig á púls og kveikja í rúmdýnu í klefa sínum. Slíkt örvæntingarástand er oft merki alvarlegs vonleysis<sup>333</sup> og gerir einstakling afar viðkvæman og ljóst er að rannsakendur höfðu áhyggjur af honum og var hann því hafður undir stöðugu eftirliti í Hegningarhúsinu frá því í byrjun janúar fram í maí 1977 er hann var fluttur á Litla-Hraun. Í bréfi Schütz til Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómara, sem

<sup>331</sup> Gísli H. Guðjónsson (2003a).

<sup>332</sup> Sjá í Jón Friðrik Sigurðsson og Gísli H. Guðjónsson (2001) og einnig yfirlit í Gísli H. Guðjónsson (2003a).

<sup>333</sup> Sjá í Williams og Pollick (2000).

vitnað er í hér að framan, sagði hann Kristján Viðar mjög mótstöðulítinn og óútreiknanlegan og í persónulýsingu á Kristjáni Viðari sem finna má í ódagsettri lokaskýrslu rannsókarnefndar Reykjavíkur vegna Geirfinnsmálsins má sjá umsögn rannsakenda um ástand hans: „Mikið hefur borið á vonleysi varðandi framtíðina hjá Kristjáni og mikillar sjálfsásökunar“.

- Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun ríkisins var Kristján Viðar vistaður í einangrun í Síðumúlafangelsinu í samtals 503 daga vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálanna. Hann var yfirheyrður mjög oft og stundum lengi í einu á þessum tíma, en eftir því sem höfundar þessarar skýrslu komast næst var hann yfirheyrður samtals a.m.k. 160 sinnum eða rætt við hann í klefa hans. Það er líka mikilvægt að hafa í huga að oft var rætt við Kristján Viðar án þess að skýrsla væri skrifuð þannig að ekki eru til heimildir um hvað fór fram í þessum yfirheyrslum eða viðtölum. Þá var hann a.m.k. 18 sinnum tekin til samprófunar á þessu tímabili, fjórum sinnum í sakbendingu og 22 sinnum farið með hann í ferðir út úr fangelsinu. Gera má ráð fyrir að heildartími samskipta rannsakenda við Kristján Viðar sé frekar van- en ofskráður því bæði vantar tímasetningar á fjölda viðtala sem rannsakendur áttu við hann og svo liggja aðeins fyrir skýrslur um hluta þeirra. Svo mikill fjöldi yfirheyrsla, eða samskipta við sakborninga við rannsókn máls, gerir hættu á spilliáhrifum<sup>334</sup> og óáreiðanlegum framburði mjög mikla. Þá er líklegt að hinar fjölmörgu samprófanir og ferðir út úr fangelsinu hafi aukið enn á þessa hættu. Það er einsdæmi miðað við reynslu og þekkingu höfunda þessa kafla að sjá svo margar yfirheyrslur í manndrápsmálum<sup>335</sup> eins og í þessum tveimur málum og það sama má segja um lengd gæsluvarðhaldsvistarinnar.<sup>336</sup> Þetta vekur upp spurningar um eðli rannsóknarinnar, þar sem áherslan virðist hafa verið á að samræma frásagnir fólks um eitthvað sem það vissi sennilega ekkert um, og niðurstöðuna um hvað varð í raun og veru um þessa tvo menn.
- Þessar mörgu og stundum löngu yfirheyrslur yfir Kristjáni Viðari í Geirfinnsmálinu og afbrigðilega löng einangrunarvist hans gefa til kynna að hann hafi játað aðild að málinu til þess að losna undan þrýstingi við yfirheyrslurnar. Það gefur líka til kynna að hann hafi einfaldlega ekki geta tekist á við yfirheyrslurnar og einangrunina. Þessar mörgu og löngu yfirheyrslur í Geirfinnsmálinu skýra án efa hvað hann var ruglaður og hvað hann gaf marga óljósa og mismunandi framburði.<sup>337</sup>
- Í báðum málunum neitaði Kristján Viðar allri vitneskju í upphafi við fyrstu skýrslutöku, en fór svo að „játa“ smátt og smátt en stöðugt með fyrirvörum, „man ekki greinilega“, „sennilegast“, „hugsanlegt“, „vil ekki fullyrða, „gæti hafa verið þar“ og „held man ekki nánar“. Þegar hann byrjaði að játa aðild að Guðmundarmálinu bætti hann við „enda undir áhrifum áfengis“ og þegar hann fór að játa aðild að Geirfinnsmálinu sagðist hann hafa verið „undir áhrifum ýmiskonar lyfja“. Í báðum tilvikum var hann yfirheyrður nokkuð lengi og aðeins nokkrir

<sup>334</sup> Með spilliáhrifum (*contamination*) í þessu samhengi er átt við spilliáhrif á meðferð og niðurstöðu sakamála sem geta komið til við tíð og löng samskipti rannsóknarmanna og sakborninga, bæði við yfirheyrslur og óformleg samtöl. Fjöldi yfirheyrslna og lengd, svo og tíð samtöl rannsóknarmanna við aðra sakborninga í sama máli geta orsakað alvarleg spilliáhrif. Um þetta er fjallað nánar hér í kafla 19.1.

<sup>335</sup> Garrett (2011); Gísli H. Guðjónsson (2003a, 2012).

<sup>336</sup> Sjá í Grassian (2006) um áhrif einangrunar á hugsun og líðan fólks.

<sup>337</sup> Um alvarleg áhrif langrar einangrunarvistar sjá grein Grassian (2006). Kristján Viðar sagði höfundum þessa kafla að sér hefði verið haldið vakandi í einangruninni í Síðumúla og hann hafi verið látinn skríða á fjórum fótum á salernið, til að brjóta hann niður. Ef það er satt hefur það aukið álagið á hann til muna.

dagar liðu á milli fyrstu og annarrar formlegu skýrslutöku, en hann játaði aðild við aðra skýrslutöku í báðum málunum, og í báðum tilfellum var farið með hann í „bíltúr“, væntanlega á meintan vettvang þessara mála.

- Kristján Viðar virðist hafa verið orðinn mjög ruglaður í báðum málunum eins og kom fram í viðtölum hans við Lárus Helgason geðlækni, þar sem hann bar við minnisleysi um sakarefnin. Læknirinn taldi lýsingar hans þess eðlis að svo virtist „sem raunveruleiki og óraunveruleiki blandist saman, þ.e.a.s. að svo virðist sem hugmyndir eða kenndir séu færðar fram sem raunveruleiki“ og að þetta væri Kristjáni Viðari ekki meðviðað. Þegar hann játaði sök í Guðmundarmálinu, við skýrslutöku tæpri viku eftir að hann var færður í Síðumúlafangelsið og úrskurðaður í gæsluvarðhald, er haft eftir honum: „Ég man ekki greinilega eftir atvikum þessa nótt, enda undir áhrifum áfengis, en það sem ég ætla að skýra frá tel ég mig muna örugglega“. Þegar fyrst var tekin af honum skýrsla vegna aðildar að hvarfi Geirfinns neitaði hann í fyrstu og sagðist ekkert vita um hvarf hans, en framburður hans er hins vegar óljós eins og kemur fram hér fyrir í skýrslu þessari: „Ég tel mig ekki viðriðinn [...], en ég eins og fleiri, fylgdist með því í fjölmiðlum, er lýst var eftir honum [...] Ég tel mig ekki hafa komið til Keflavíkur nema tvisvar um ævina [...] gæti hafa verið einhvern tímann um það leyti sem Geirfinnur á að hafa horfið. [...] Vegna þessarar lyfjanotkunar í óhófi, þá er minni mitt frá síðari hluta árs 1974 mjög óljóst á köflum“. Við skýrslutöku þremur dögum síðar sagðist hann muna betur eftir þessum atburði en lýsti þó meintum átökum í Dráttarbrautinni þannig: „Hver upptökin eða ástæðan fyrir þessum átökum var það veit ég ekki. Ekki get ég lýst náð hvernig átökin gengu fyrir sig, en Geirfinnur var sleginn í höfuðið, að ég held af Einari, og Sigurbjörn tók hann hálstaki“. Þá er nokkrum sinnum haft eftir honum „og man ég ekki betur“ þegar hann lýsti atburðarásinni. Í þessu samhengi er einnig vert að hafa í huga að Kristján Viðar dró játningu sína til baka í byrjun mars 1977 en játaði svo aftur viku síðar. Í millitíðinni var hann yfirheyrður fjórum sinnum í samtals sjö klukkustundir og farið með hann (öðru sinni og að hans eigin ósk) í vettvangsferð í Dráttarbrautina í Keflavík til að sýna honum staðhætti. Til viðbótar var honum sagt að Erla hefði borið að hann hefði komið með í ferðina til Keflavíkur umrætt kvöld.
- Viðhorf rannsakenda til Kristjáns Viðars virðast hafa verið neikvæð eins og kemur fram í kaflanum „huglægur málsástæður“ í lokaskýrslu rannsóknarnefndar Reykjavíkur um Geirfinnsmálið, en í skýrslunni segir m.a. að Kristján Viðar sé „sjúklega sannfærður um líkamlega yfirburði sína gagnvart öðrum“ og hann geti verið „gripinn nokkurskonar „drápslosta.“ Þá sagði Kristján Viðar starfs- hópnum frá því að hann hefði verið beittur illri meðferð þegar hann var vistaður í einangrun í Síðumúla, bæði af fangavörðum og rannsakendum. Fyrir liggur staðfesting frá fyrrverandi fangaverði um að ekki hafi alltaf verið farið vel með sakborningana í þessum málum í einangrunarvistinni og um að áherslan hafi verið á að brjóta niður viðnámsþrótt þeirra til að fá fram játningar.<sup>338</sup>
- Kristján Viðar virðist hafa haft takmarkaðan stuðning af lögmanni sínum á meðan hann var vistaður í einangrun í Síðumúla. Í dagbók fangelsisins eru 28

<sup>338</sup> Í yfirlýsingu Hlyns Þórs Magnússonar, fyrrverandi fangavarðar í Síðumúlafangelsinu, frá 27. ágúst 1996, sem fylgdi endurupptökubeiðni Sævars til Hæstaréttar árið 1996 segir hann m.a. „Framkvæmd einangrunar [í Síðumúlafangelsinu] var strangari en venja var til. [...] Allt virtist þetta vera gert í því skyni að fá fram játningar sakborninganna sem allra fyrst, en í fangelsinu ríkti sú fyrirvaralaus skoðun að sakborningarnir væru sekir“.

færslur um samtöl þeirra á tímabilinu frá 24. desember 1975 til 19. desember 1977, en í flestum tilvikum virðist rannsakandi hafa verið viðstaddur samtál þeirra og í fáum tilvikum virðist lögmaðurinn hafa verið viðstaddur skýrslutökur. Þá eru einnig vísbendingar um að Kristjáni Viðari hafi verið neitað um að hitta lögmann sinn eða þurft til þess sérstaka heimild rannsakenda.

#### *Ályktanir um framburð Kristjáns Viðars*

Eftir að hafa farið vandlega yfir gögn þau er liggja til grundvallar þessari skýrslu þá telja höfundar þessa kafla það hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir Kristjáns Viðars í Guðmundarmáli og í Geirfinnsmáli, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, voru óáreiðanlegir.

Meginástæður þess að viðnám Kristjáns Viðar brotnaði niður í einangruninni og hann játaði aðild að báðum málunum var vangeta hans á þeim tíma til að takast á við einangrunarvistina og yfirheyrslurnar. Vangeta sem stafaði af sálrænum veikleikum hans, s.s. eirðarleysi, örlyndi, bráðlyndi, litlu álagsþoli og brengluðu raunveruleikaskyni undir álagi. Þetta kom bæði fram í hegðun hans í einangruninni, t.d. beiðni hans um að fá að hitta geðlækni, beiðni rannsakenda um ráðgjöf um getu hans til að vera samprófaður við Sævar og tveimur sjálfsvígstilraunum, og í því mikla ósamræmi sem var í innihaldi framburðar hans hjá lögreglu og fyrir dómi.

Hæð Kristjáns Viðars og líkamlegur styrkur hans í bland við andfélagsleg persónuleikaeinkenni er líklegt til að hafa haft áhrif á viðhorf og framkomu fangavarða og rannsakenda í garð hans, t.d. skapa ótta gagnvart honum og vantraust, á sama tíma og það faldi undirliggjandi sálræna veikleika hans sem án efa ollu honum mikilli vanlíðan og komu í veg fyrir að honum tókst að glíma við einangrunina, yfirheyrslurnar og samprófanirnar á viðunandi hátt.

Kristján Viðar var vistaður óhóflega lengi í einangrun og oft yfirheyrður eða rætt við hann án þess að tekin væri skýrsla. Einangrunin og yfirheyrslurnar voru honum greinilega mjög erfiðar og leiddu til þess að hann játaði aðild að hvarfi Guðmundar og Geirfinns og dauða þeirra með mjög vafasömum framburði sem hann dró síðan til baka þó ekkert mark virðist hafa verið tekið á því, hvorki af rannsakendum né fyrir dómi.

#### **19.2.4. Sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburðar Tryggva Rúnars Leifssonar**

Tryggvi Rúnar Leifsson var vistaður í 1522 daga í gæsluvarðhaldi frá 23. desember 1975 til 22. febrúar 1980, þegar dómur féll í Hæstarétti, þar af 655 daga í einangrun í Síðumúlafangelsinu.<sup>339</sup> Hann var ákærður fyrir að hafa í félagi við Kristján Viðar og Sævar ráðist á Guðmund Einarsson og misþyrmt honum svo að hann hlaut bana af. Tryggvi Rúnar var auk þess ákærður fyrir nauðgun, brennu og þjófnaði. Hann var dæmdur í 16 ára fangelsisrefsingu í sakadómi Reykjavíkur þann 19. desember 1977, en Hæstiréttur dæmdi hann í 13 ára fangelsi.

<sup>339</sup> Tryggvi Rúnar var skráður í gæsluvarðhaldi í Fangelsinu Litla-Hrauni frá 16. júlí 1976 til 14. janúar 1977. Í dagbók Síðumúlafangelsisins kemur hins vegar fram að hann var vistaður þar í einangrun í samtals 75 daga á þessu tímabili eða frá 4. til 9. ágúst og frá 30. ágúst til 11. nóvember 1976. Þá var hann vistaður í einangrun í Síðumúlafangelsinu frá 14. janúar til 23. desember 1977.

### ***Yfirheyrslur yfir Tryggva Rúnari***

Tryggvi Rúnar fæddist 2. október 1951 og lést 1. maí 2009. Hann var 24 ára gamall er hann var handtekinn þann 23. desember 1975 og færður í Síðumúlafangelsið. Hann var úrskurðaður í 90 daga gæsluvarðhald og geðrannsókn, eftir tvær tíu mínútna skýrslutökur, aðra í fangelsinu og hina í dómsal, vegna gruns um aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar aðfaranótt 27. janúar 1974. Tryggvi Rúnar þvertók fyrir að vita eitthvað um hvarf Guðmundar. Þriðja skýrslutakan fór fram 9. janúar og tók rúma klukkustund. Við þessa skýrslutöku játaði hann hins vegar aðild að hvarfi Guðmundar. Hann sagðist hafa hugsað mikið um málið síðan 23. desember og sagðist viðurkenna að „á þeim tíma, sem atburður sá sem hér um ræðir, á að hafa átt sér stað, var ég staddur einhverstaðar í húsi með þeim SMC [Sævari] og KVV [Kristjáni Viðari] og einhverjum einum enn, sem ég ekki bar kennsl á.“ Í millitíðinni eða frá 23. desember til 9. janúar var hann yfirheyrður 14 sinnum (þar af einu sinni í klefa sínum) í samtals 22 klukkustundir og stóð ein yfirheyrslan (7. janúar) yfir í tæpar átta klukkustundir.

Tryggvi Rúnar var yfirheyrður tvisvar í framhaldi af skýrslutökunni 9. janúar 1976 og fjórða skýrslutakan fór svo fram 11. janúar og stóð aðeins í 20 mínútur. Hann sagðist ekki muna af hverju þeir voru á Hamarsbraut 11 umrætt kvöld og ekki hvað gert var við lík Guðmundar. Í dagbók fangelsisins kemur fram að 7. febrúar hafi rannsakendur farið með Tryggva Rúnar í „ökuferð“, „í þeim tilgangi hvort hann myndi geta þekkt aftur einhvern þann stað sem þeir kynnu að fara með lík Guðmundar Einarssonar. Þetta var gert að ósk Tryggva Rúnars sjálfs.“

Fimmta skýrslutakan fór svo ekki fram fyrr en 22. mars. Hún tók tæpar tvær klukkustundir og sagðist Tryggvi Rúnar engu við fyrri framburð að bæta. Sjötta skýrslutakan fór fram rúmum mánuði síðar eða 30. apríl og sagðist Tryggvi Rúnar þá ekki muna í hvaða húsi atburðirnir hefðu átt sér stað, aðeins að Kristján Viðar hefði átt í deilum við mann og þær endað með átökum. Þennan sama dag var hann tekinn til samprófunar með Alberti í hálf tíma, en ekkert samræmi fékkst á framburðum þeirra. Frá 22. mars til 30. apríl var Tryggvi Rúnar yfirheyrður tvisvar sinnum og fimm sinnum rætt við hann í klefa hans í samtals tæpar tvær klukkustundir.

Sjöunda skýrslutakan af Tryggva Rúnari fór svo ekki fram fyrr en tæpum fimm mánuðum síðar eða 17. september og í þeirri skýrslutöku sagðist hann hvorki munað hvort hann hefði verið með hníf á sér né hvert var farið með lík Guðmundar. Fram að þessum tíma, eða frá 30. apríl til 17. september, var hann yfirheyrður a.m.k. 20 sinnum, og þar af fjórum sinnum í klefa hans, og níu sinnum tekinn í samprófun. Samtals tóku þessar yfirheyrslur, viðtöl og samprófanir um 29 klukkustundir. Flestar þessar yfirheyrslur áttu sér stað í júní og júlí og voru fremur stuttar eða innan við eina klukkustund. Samprófanirnar voru lengri og sú lengsta stóð yfir í þrjár og hálf klukkustund samkvæmt dagbók fangelsisins og var sú með Sævari. Ekki liggja fyrir upplýsingar um allar þessar yfirheyrslur og samprófanir, en í lögregluskýrslu frá 8. mars 1977 segir að tveir rannsakendanna hafi rætt við Tryggva Rúnar þann 28. ágúst 1976 og hafi samtal þeirra snúist um flutning á líki Guðmundar. Á tímabilinu frá 30. apríl til 17. september var Tryggvi Rúnar tvisvar sinnum vistaður á Litla-Hrauni, þ.e. frá 16. júlí til 4. ágúst, þegar

hann var færður aftur í Síðumúlafangelsið „vegna málsrannsóknar og blóðtöku“ og frá 9. til 30. ágúst.

Áttunda skýrslutakan af Tryggva Rúnari fór fram 21. september og virðist hún að mestu hafa snúist um hvoru megin lík Guðmundar var sett í bifreiðina sem það var flutt í frá Hamarsbrautinni, en hann sagðist ekki geta „munað þetta atriði. Ég get ekki munað eftir bifreiðinni eða Albert Klahn, flutningi á Guðmundi úr íbúðinni og ökuferðinni út í hraun“.

Næsta formlega skýrslutakan af Tryggva Rúnari, eða sú níunda, fór ekki fram fyrr en 11. mars 1977. Hann var spurður hvort lík Guðmundar hefði verið grafið í Hafnarfjarðarkirkjugarði, en sagðist ekkert um það vita því hann hefði hvergi komið nærri því. Frá 21. september til 8. desember var Tryggvi Rúnar yfirheyrður sjö sinnum, um tvisvar rætt við hann í klefa hans í samtals um fimm klukkustundir, en aðeins ein þessara yfirheyrsla stóð lengur en klukkustund (105 mínútur). Frá 8. desember til 11. mars var hann svo 11 sinnum tekinn til yfirheyrslu eða viðtals og einu sinni til samprófunar í samtals um 17 klukkustundir. Ekkert liggur fyrir um hvað kom fram í þessum yfirheyrslum og samprófun.

Tryggvi Rúnar var vistaður á Litla-Hrauni frá 11. nóvember 1976 til 14. janúar 1977 fyrir utan einn sólarhring, 16. til 17. desember, þegar gæsluvarðhald hans var framlengt um 150 daga. Dómpingið stóð yfir í tíu mínútur samkvæmt dagbók fangelsisins og voru ástæður framlengingarnar þessar: „Ljóst er að málsmeðferð mun taka langan tíma auk þess sem augljóst er að fara þarf fram rannsókn á tilteknum atriðum í málum þessum.“

Í dagbók Síðumúlafangelsisins er skráð að Tryggvi Rúnar var yfirheyrður af Gunnlaugi Briem dómara, í rúma eina og hálf klukkustund þann 18. janúar 1977 og síðar sama dag af Sigurbirni Víði, rannsóknarlögreglumanni, í rúma tvær og hálf klukkustund. Ekkert virðist hafa verið skráð um þessar yfirheyrslur. Um kvöldi bað Tryggvi Rúnar svo um að hringt yrði í Sigurbjörn Víði „og hann beðinn um að sjá um að Tryggvi fái að tala við verjanda sinn sem fyrst og einnig að hann fái að breyta framburði sínum frá í gær“. Fyrir hádegi daginn eftir, 19. janúar, var hann svo færður til yfirheyrslu hjá Gunnlaugi, sem stóð yfir í tvær klukkustundir. Stuttu eftir hádegi er bókað af Gunnari Guðmunds-syni yfirfangaverði: „Hringdi Gunnlaugur Briem sakadómari og tjáði mér að Tryggvi Rúnar ætti að vera í algjörri einangrun og um flutning niður á Skólavörðustíg yrði ekki að ræða að sinni.<sup>340</sup> Þessi ákvörðun er tekin af öllum þremur dómurum. Hins vegar segist Gunnlaugur vera tilbúinn að tala við Tryggva ef hann vilji eitthvað við sig tala eða bæði um það.“ Síðar þennan dag ræddi Tryggvi Rúnar við lögmann sinni í viðurvist rannsakanda í fimmtán mínútur. Næsta dag, 20. janúar, var Tryggi Rúnar svo færður til yfirheyrslu í sakadómi sem stóð yfir í rúma tvær klukkustundir. Þann 24. ræddi einn

---

<sup>340</sup> Eins og fram kemur hér að framan liggja ekki fyrir upplýsingar um efni yfirheyrslunnar 18. janúar, en þessi fyrirskipun um „algjöra einangrun“ Tryggva Rúnars gefur til kynna að dómaramir hafi ekki verið ánægðir með framburð hans. Vitað er að 13. janúar 1977 hafði Gunnlaugur Briem, sakadómari, óskað eftir frekari rannsókn á Guðmundarmálinu og daginn eftir var Tryggvi Rúnar fluttur frá Litla-Hrauni aftur í Síðumúlafangelsið þar sem hann var svo vistaður í einangrun næstu 344 daga.

rannsakenda við hann í klefa hans og um kvöldið bað hann um að fá lánaða bókina „Lögbókin þín“. Daginn eftir segir svo í dagbók fangelsisins: „Hringt með hraði í Gunnlaug Briem dómara fyrir Tryggva Rúnar, sem vill breita, og bæta framburð sinn fyrir dómi helst nú þegar. Dómarinn tók þessu vel og sagðist láta sækja manninn hið fyrsta.“ Þann 26. janúar var Tryggvi Rúnar yfirheyrður í klukkustund í sakadómi og daginn eftir í fangelsinu í hálf tíma. Hann var svo tvisvar yfirheyrður þann 9. febrúar en svo ekki næst fyrr en 24. febrúar og þá að beiðni Tryggva Rúnars samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsisins.

Þann 16. febrúar eru bókuð í dagbók fangelsisins fyrir mæli, „erindisbréf“, frá Gunnlaugi Briem um að Tryggvi Rúnar þyrfti leyfi í hvert skipti sem hann vildi ræða við lögmann sinn, en 22. febrúar er þetta skráð í dagbók fangelsisins af Gunnari Guðmundssyni, yfirfangaverði:

*„Hringdi Gunnlaugur Briem sakadómari og spurði um líðan Tryggva Rúnars. En séra Jón Bjarman hafði sagt Haraldi Henryssyni sakadómara að hann teldi að Tryggvi væri að verða ruglaður. Ég sagði Gunnlaugi að ég finndi ekki að svo væri.“*

Samkvæmt dagbók fangelsisins bað Tryggvi Rúnar um viðtal við lögmann sinn þann 2. mars og daginn eftir hringdi Gunnlaugur Briem og svaraði beiðni hans og sagði, samkvæmt bókun Gunnars Marinóssonar, varðstjóra:

*„Það getur ekki orðið að svo komnu máli a.m.k. ekki strax. Hilmar [lögmaður Tryggva Rúnars] vill fá að tala einslega við Tryggva en það vill Gunnlaugur ekki, hann er ekki sáttur við viðbrögð hans og framkomu í Guðmundarmáli og sagðist ekki skilja það. Ég sagði dómaranum að það væri ekki nýtil komið með breittan framburð í því máli. Tryggvi hafði haft við orð snemma s.l. sumar að draga framburð sinn til baka.“*

Sjötta mars bókar Gunnar Marinósson að Tryggvi Rúnar neitaði að matast og „hefur tilkynnt að hann ætli ekki að borða neinn mat á næstunni, fara sem sagt í hungurverkfall í mótmæla skyni vegna seina gangs og framvindu í sambandi mál þau er hann hefur fengið ákæru í“ því hann var ósáttur við að þurfa að vera í Síðumúlafangelsinu en ekki á Litla-Hrauni. Daginn eftir er haft eftir fangelsislækninum að þetta sé í lagi í tvær til þrjár vikur ef hann drekki vatn. En ekki megi gefa honum lyf [Diesepan, Mogadon og Cloral] á tóman maga á meðan. Síðar þennan dag bókar Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður í dagbókina: „Ég fór inn til Tryggva Rúnars og talaði við hann í fullri meiningu. Okkar samtál endaði á því að Tryggvi lofaði að borða aftur.“

Tíunda og síðasta formlega skýrslutakan af Tryggva Rúnari fór fram 30. mars 1977 en í millitíðinni frá 11. til 30. mars var hann yfirheyrður fimm sinnum í samtals sjö klukkustundir og einu sinni leyft að ræða við lögmann sinn einslega. Við þessa skýrslutöku 30. mars í sakadómi dró Tryggvi Rúnar framburð sinn til baka. Hann sagðist ekki hafa ráðið Guðmundi Einarssyni bana og hafa ekki einu sinni komið að Hamarsbraut 11 í Hafnar-



firði fyrr en rannsakendur hefðu farið með hann þangað í ársbyrjun 1976. Eftirfarandi er haft eftir Tryggva Rúnari við þessa yfirheyrslu:

*„Þegar ég var tekinn fyrst 23. desember 1975 heima hjá mér, var borin upp á mig þessi sök, að ég hefði í samráði við Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski orðið Guðmundi Einarssyni að bana. Síðan var ég yfirheyrður. Mér varð mikið um þetta, þar sem ég var saklaus í þessu máli. Ég gat ekki sofíð og mér var neitað um svefntöflur. Síðan liðu 2-3 dagar, þar til þurfti að sprauta mig niður, til að ég gæti sofíð, enda var ég kominn með óráð. Ég vil taka það fram, að upp úr þessu voru borin á mig tvö önnur stórmál, að ég hafði átt að verða stúlku að bana í Vík í Mýrdal og einhverjum manni í Ólafsvík, átti það að hafa verið haustið 1974. Ég tel mig alls ekki hafa verið kominn í fullt jafnvægi, þegar ég var tekinn í yfirheyrslur dag eftir dag, sem oft voruðu í 12 tíma. Ekkert kom annað til umræðu en að ég ætti að játa þetta mál, sem upp á mig var borið. Það var alveg sama, hvað ég sagði, þeir tóku ekki mark á því. Ég átti bara að játa að hafa verið með fyrrgreindum mönnum við nefndan verknað. Fyrstu dagana átti ég að skýra frá því sjálfur, hvernig þetta atvikaðist. Sagði „einn rannsóknarmanna“, að ég fengi að rotna í 2 ár í Síðumúla. Það væri hægt að halda mér þann tíma. Í þessum yfirheyrslum voru yfirleitt þrír, Örn Höskuldsson, Sigurbjörn Viðir Eggertsson og Eggert Bjarnason. Áfram héldu hótanirnar, og sögðu þeir, að ég yrði dæmdur fyrir þetta, því það væru allir búnir að játa og bentu á mig. Loks kom að því, að ég sá mér ekki annað fært en að játa á mig þátttöku í verknaðinum, þar sem mér fannst það skynsamlegra, úr því sem komið var. Fannst mér yfirheyrslurnar með þeim hætti, að ég játaði þetta með því hugarfari, að hið sanna kæmi í ljós, þegar málið kæmi fyrir dómara“.*

Daginn eftir þessa skýrslutöku var Tryggvi Rúnar fjórum sinnum tekinn til samprófunar, fyrst við Erlu, þá við Kristján Viðar, Sævar Marinó og loks við Albert. Ekkert samræmi náðist á milli framburða sakborninganna við þessar samprófanir.<sup>341</sup> Í dagbók fangelsisins kemur fram að hann var tvisvar tekinn til yfirheyrslu í byrjun apríl í tæpa klukkustund í hvort skipti og 13. apríl aflétti Gunnlaugur Briem svo banni um að hann mætti ræða við lögmann sinn einslega. Fjórða maí var Tryggvi Rúnar svo samprófaður með Gunnari Jónssyni, sem Sævar nefndi til sögunnar. Ekki náðist samræmi á milli framburða þeirra og Tryggvi Rúnar neitaði staðfastlega að hafa verið á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði umrædda nótt. Lögmaður hans var viðstaddur samprófunina.

Þriðja til sjöunda október var farið með Tryggva Rúnar daglega í sakadóm samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsisins. Hann var svo sendur á Litla-Hraun 23. desember 1977,

<sup>341</sup> Þetta ósamræmi á milli framburða sakborninga vekur alvarlegar efasemdir um aðild þeirra að málinu, en slíkt ósamræmi hefur komið fram í þekktum sakamálum með mörgum sakborningum, þar sem um falskar játningar hefur verið að ræða. Sjá í Gíslu H. Guðjónsson (2003a). Sjá einnig umfjöllun Sullivan (1992) um hið þekktu „Central Park Jogger“ mál í Bandaríkjunum: „...það voru svo margar mótsagnir í framburðum sakborninganna að það er ómögulegt að vita hvað raunverulega gerðist“ (bls. 314).

eða fjórum dögum eftir að hann var dæmdur í 16 ára fangelsisrefsingu í sakadómi Reykjavíkur.

### ***Samantekt um yfirheyrslur yfir Tryggva Rúnari***

Samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsisins og skýrslum lögreglunnar virðist sem rætt hafi verið við Tryggva Rúnar eða hann yfirheyrður samtals a.m.k. 95 sinnum í gæsluvarðhaldinu vegna Guðmundarmálsins á tímabilinu frá 23. desember 1975 til 7. október 1977. Viðtöl þessi eða yfirheyrslur fóru fram í yfirheyrsluherbergi í Síðumúlafangelsinu eða í klefa hans, hjá sakadómi Reykjavíkur eða hjá lögreglunni. Þá var hann 16 sinnum tekinn til samprófunar á þessu tímabili og þrisvar farið með hann í bílferðir/vettvangsferðir. Samanlögð skráð tímalengd viðtala og yfirheyrsla á þessum tíma er samtals rúmlega a.m.k. 124 klukkustundir (rúmir fimm sólarhringar), en gera má ráð fyrir að heildartíminn sé eitthvað lengri því tímalengd sumra viðtala og yfirheyrsla er ekki skráð. Þess ber að geta að 18 (um fimmtungur) af þessum 95 samskiptum fóru fram í klefa Tryggva Rúnars í Síðumúlafangelsinu. Höfundar þessarar skýrslu hafa farið yfir dagbækur Hegningarhússins og Litla-Hrauns allt til ársloka 1977. Svo virðist sem að Tryggvi Rúnar hafi ekki sætt yfirheyrslum meðan hann sætti gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni.

Í dagbókum Síðumúlafangelsisins kemur fram að Tryggvi Rúnar hitti lögmann sinn samtals 25 sinnum þegar hann var vistaður þar í gæsluvarðhaldi. Að minnsta kosti þrisvar sinnum framan af er ljóst að rannsakandi var viðstaddur viðtölin, en frá 14. apríl 1977 virðist Tryggvi Rúnar hafa fengið að hitta lögmann sinn einslega 18 sinnum. Daginn áður er skráð í dagbók fangelsisins að Gunnlaugur Briem dómari, hafi gefið honum leyfi til að ræða við lögmann sinn „einslega að vild hér eftir“. Einnig er haft eftir Gunnlaugi í þessari færslu, að hann sé „orðinn þreyttur á þessu látlausa kvabbi í aðstandendum og fleirum ekki hafi frið hvorki heima né í sinni vinnu.“

Nokkru áður en þetta átti sér stað, eða 3. mars, er skráð í dagbók fangelsisins að Gunnlaugur Briem dómari, hafi hringt vegna beiðni Tryggva Rúnars um að fá að hitta lögmann sinn, en „það getur ekki orðið að svo komnu máli a.m.k. ekki strax. Hilmar [Hilmar Ingimundarson, lögmaður Tryggva Rúnars] vill fá að tala einslega við Tryggva en það vill Gunnlaugur ekki, hann er ekki sáttur við viðbrögð hans og fram komu í Guðmundarmáli og sagðist ekki skilja það. Ég [Gunnar Marinósson, varðstjóri] sagði dómaranum að það væri ekki nýtil komið með breittan framburð í því máli. Tryggvi hafði haft við orð snemma s.l. sumar að draga framburð sinn til baka.“

### ***Úr dagbókum Tryggva Rúnars***

Starfshópurinn hafði undir höndum þrjár dagbækur (stílabækur), sem Tryggvi Rúnar ritaði þegar hann var vistaður í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsinu. Þessar þrjár bækur ná yfir tímabilið frá 26. október 1976 til 5. desember 1977.<sup>342</sup> Tryggvi Rúnar mun hafa skrifað fleiri dagbækur, þ.e. yfir lengri tíma, en hent þeim áður en hann lést. Í dag-

<sup>342</sup> Fyrsta dagbókin er frá 26. október 1976 til 6. febrúar 1977, önnur bókin frá 19. mars til 1. maí 1977 og þriðja bókin frá 8. júní til 5. desember 1977.

bókunum lýsti Tryggvi Rúnar því sem gerðist dag frá degi, hvað hann hafði fyrir stafni, samskiptum við fangaverði og samfanga þegar hann var vistaður á Litla-Hrauni. Fjöl- margt í dagbókunum kemur heim og saman við færslur í dagbók Síðumúlafangelsisins, sem gerir þær mjög trúverðugar.

Í dagbókunum er Tryggva Rúnari tíðrætt um tímann sem hann hefur verið í einangrun í Síðumúlafangelsinu hverju sinni og sakleysi sitt. Í hugleiðingum hans má bæði merkja vonbrigði og vonleysi og von og bjartsýni og trú á að réttlætið sigri að lokum. Þann 26. október 1976 skrifar hann:

*„tíminn er orðinn ansi langur 10 1/2 mánuður nærri í einangrun. Einn í klefa já það er langur tími í lífi eins manns og vera saklaus fyrir það sem uppá mann hefur verið borið [...] því mitt nafn hefur verið vel skrifað og kriddað í sumum blöðum hér! og er því ástandið ekki eins gott eins og er“.*

Daginn eftir segist hann hafa rætt við lögmann sinn um sakleysi sitt. Staðfest er í dag- bók fangelsisins að lögmaður Tryggva Rúnars heimsótti hann þennan dag. Þremur dögum síðar, eða 30. október, skrifar Tryggvi Rúnar: „Ég sé enga ástæðu til að halda mér í einangrun. Nema Örn [Höskuldsson] sé með einhverja (hemdar ráðstafanir) út af því að ég sagði sannleikann um daginn! Því ég var búinn að játa mig inn í stór mál, en samt sem áður, er aldrei of seint að segja sannleikann.“

Þriðja nóvember skrifar Tryggvi Rúnar í dagbókina að Örn Höskuldsson hafi spurt sig hvort hann væri hættur að teikna. Hann hafi neitað því og sýnt honum nokkrar myndir. Þá segist hann hafa gefið töluvert af myndum.<sup>343</sup> Tryggvi Rúnar segist hafa spurt Örn um lausagæslu en hann hafi ekkert gefið út á það. Í dagbók Síðumúlafangelsisins er bókað að 5. nóvember hafi Örn Höskuldsson hringt og beðið fyrir skilaboð til Tryggva Rúnars. Ekki kemur fram hver skilaboðin voru en 11. nóvember var farið með Tryggva Rúnar á Litla-Hraun.

Á forsíðu einnar dagbókar Tryggva Rúnars er skrifað og dagsett 19. mars 1977: „Dag- bók, sem saklaus maður heldur hér inni. Útaf stóru máli! sem hann er hafður fyrir ragnri sök! En sannleikurinn kemur alltaf í ljós þó seinnt verði. Tryggvi Leifsson“. Tíu dögum síðar, eða 29. mars 1977 skrifar Tryggvi Rúnar:

*„Já loksins er komið að loka takmarki mínu þess að segja sannleikann fyrir rétti. En það hefur líka tekið tímann. Ég hefði aldrei búist við, 15 og hálfur mánuður! Ef ég hefði búist við þessu þá hefði ég aldrei játað mig inn í þetta mál. [...] Ég hélt með því að játa mig inn í þetta slippi ég út á meðan málið kæmi fyrir dóm. Ég vildi ekki þessi tvö ár sem Örn Höskuldsson Hótaði mér að ég yrði inni ef ég játaði ekki.“<sup>344</sup>*

<sup>343</sup> Fangaverðir og rannsakendur báru í viðtölum við starfshópinn að Tryggvi Rúnar hefði gefið þeim myndir sem hann teiknaði í gæsluvarðhaldinu í Síðumúlafangelsinu.

<sup>344</sup> Eins og kom fram hér að ofan dró Tryggvi Rúnar framburð sinn til baka við skýrslutöku í sakadómi Reykjavíkur 30. mars 1977.

Þann 31. mars ræðir Tryggvi Rúnar um samprófanirnar, en hann var tekinn til samprófunar með öllum hinum sakborningunum fjórum þennan dag:

*„Hann [Gunnar Jónsson] á að hafa verið þarna. Hann á að hafa komið á Hamarsbraut þegar þetta skeði eða hefur átt að hafa skeð. Ég er farinn að halda að þetta geti alveg eins verið tóm endaleysa frá Gunnari, þ.e.a.s. að þetta hafi ekki skeð. [...] Ég vona bara að þessu ljúki sem fyrst en fyrir alla muni verða þau að koma mér út úr þessu máli sem ég á engan þátt í eða hef hvergi komið nærri.“*

Þann 18. apríl eru hugleiðingar sem gefa til kynna að Tryggvi Rúnar hafi verið mjög bjartsýnn á að rannsóknarmennirnir tryðu á sakleysi hans:

*„Jæja Ég á þó svona rétt fyrir utanlandsferð eftir þessi öll ósköp hér. Enda skal ég njóta sólarinnar vel á Spáni! Enda veitir mér ekki af, eftir alla þessa inni lokun! Og allan tímann að kveljast og þjást og berjast fyrir mínu sakleysi! Það reinir það mikið á vanjulegan mann að andlega fer hann úr skorðum, eins og hefur fyrir mig komið hér oft en mönnum órar fyrir[...]“*

Næstu daga eru svipaðar hugleiðingar en þó virðist draga úr bjartsýnninni. Þann 19. apríl segir hann:

*„Og er að berjast á móti þessum þessum ógæfusömu mönnum! Sem eru að ljúga mig inn í stórmál! Og er búið að standa yfir núna í meira en 16 mánuði. [...] Ég skal standa mig, enda þarf ég ekki að hræðast þar sem ég er saklaus, enda sigrast réttlætið á öllu fyrir rest“*

Daginn eftir, 20. apríl, skrifar hann svo:

*„Þessi Gunnar Jónsson hefur ekki enn þá fundist og er það vont fyrir mig, ef hann hefur verið þarna á staðnum, þegar þetta gerðist, þá getur hann sagt hverjir voru þar og hverjir ekki eins og með mig, hann gæti verið lykillinn að málinu fyrir mig“.*

Þann 25. apríl virðist enn hafa dregið úr bjartsýni Tryggva Rúnars:

*„Svo núna, er ég búinn að vera stanslaust í 16 mánuði og 11 daga í gæsluvarðhaldi og þarf af 14 mánuði í einangrun algjörlega einn! Í eins manns klefa. Og í þokkabót ofan á allt álagið! Er ég saklaus í þessu máli. Það hefur verið hræðilegt að vera hér allan þennan tíma saklaus! og bíða eftir að sakleysið sannist af mér, og að þessir menn segi sannleikann um mig“.*

Loks þann 28. apríl: „En lykillinn að málinu getur gengið í skrána, ef þessi Gunnar Jónsson finnst! Og hefur verið þarna staddur þegar þessi Atb gerðist“.

Þann 11. júní 1977 kemur fram í dagbók Tryggva Rúnars að móðir hans hafi komið og fært honum súrmjólk sem er staðfest í dagbók fangelsisins. Svo skrifar hann:

*„Jæja hvað með það, þá er ekkert við þessum örlögum að gera, sem hefur dunið yfir mig, en ég trúi því samt, að það hljóti að koma betri dagar. Og það sem eftir er, eftir að ég losna úr þessu máli sem ég er saklaus af.“*

### **Geðrannsókn á Tryggva Rúnari**

Tryggvi Rúnar gekkst undir geðrannsókn hjá Ásgeiri Karlssyni geðlækni, í júní og júlí árið 1976 á meðan hann var vistaður í gæsluvarðhaldi vegna gruns um að hann ætti aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Í skýrslu Ásgeirs kemur fram að Tryggva Rúnari hafi ekki gengið vel í grunnskóla, „en hann lauk skyldunámi við Miðbæjarskóla með lélegum árangri“. Hann hafi byrjað að neyta áfengis 14 ára gamall og nokkru fyrir tvítugt hafi hann verið farinn að drekka í óhófi og neyta bæði örvandi og róandi lyfja. Í skýrslunni kemur fram að Tryggvi Rúnar hafi þrisvar sinnum verið lagður á sjúkrahús (20 ára, 21 árs og 22 ára) og í öll skiptin vegna vímuefnaneyslu, einu sinni á Klepp til meðferðar og tvisvar vegna þess að hann var í „lyfjadái (coma)“.

Gylfi Ásmundsson sálfræðingur, lagði nokkur sálfræðipróf fyrir Tryggva Rúnar vegna geðrannsóknarinnar og voru niðurstöðurnar þær að greindarvísitala hans mældist „talsvert undir meðallagi, en hann er talinn vera fjarri því að vera vangefinn. Mismunur einstakra þátta á prófinu var lítill og benti það til, að eðlisgreind Tryggva sé ekki miklu hærri en niðurstöður prófsins segja til um. Þekkingarforði Tryggva reyndist vera mjög lítill og var talinn bera vott um litla greindarfarslega ræktun og lélega skólaundirstöðu“. Þá segir að samkvæmt niðurstöðum prófanna sé hann „fremur laklega gefinn með talsverða persónuleikagalla. Dómgreind er léleg og hæfileikinn til geðtengsla lítill og tilfinningar grunnar, jafnframt því að vera haldinn nokkrum kvíða og vanmetakennd“.

Geðlæknirinn segir í skýrslunni að erfitt sé „að fá hjá honum nákvæmt yfirlit um lífsferil hans sökum þess hversu óöruggur hann er og minni ónákvæmt, þarf oft að hugsa sig mikið um og leiðrétt svör sín.“ Hann segir að afbrotasaga Tryggva Rúnars hafi byrjað uppúr 17 ára aldri. Hann hafi fyrst verið hnepptur í varðhald vegna „veskisþjófnaðar“ og „sat síðan inni í 30 daga vegna ávísanafals. [...] Hann hafi lengst af setið inni í fangelsum vegna margs konar afbrota, bílþjófnaða, ávísanafals og líkamsárása“.

Þá er í skýrslunni haft eftir Tryggva Rúnari:

*„að það hafi komið flatt upp á sig þegar hann var settur í gæsluvarðhald h. 23.12. '75 í sambandi við hvarf Guðmundar Einarssonar, þar eð hann tali sig ekkert vera flæktan í það mál, eða vita nokkuð um það. Segist hann hafa farið í mikið uppnám, hélt að það væri verið að beita sig einhverjum bellibrögðum. Missti svefn, gat ekki sofið í eina 4 sólarhringa, fyrst eftir að hann var settur inn, var spenntur, kvíðinn, örvæntingarfullur, fékk ofheyrnir, heyrði raddir kunningja, bæði karla og kvenna. Það sem hann heyrði var mest sundurlaust málæði, mest rifrildi eða veisluglaumur, eins og í partyi. Segir, að læknir hafi verið fenginn til sín og gefið sér róandi lyf, telur að ruglið hafi runnið af sér á nokkrum dögum. Hann segist síðan hafa verið í yfirheyrslum í sambandi við hvarf Guðmundar Einarssonar, en ekkert fór að rifjast upp fyrir honum um eigin þátt í því máli fyrr en u.þ.b. 30 dögum eftir að hann var settur í varðhald.“*

*Það sem hann man í því sambandi er fyrir honum næsta óljóst og sundurlaust, en telur sig þó muna greinilega eftir því núna, að hann hafi lent í átökum við Guðmund, ásamt tveimur mönnum [...]*“

Niðurstaða geðlæknisins í skýrslunni er „að Tryggvi Rúnar sé hvorki vangefinn né haldinn geðveiki (psychosis) heldur er hann illa greindur og haldinn miklum persónuleikagöllum, sem koma fram sem geðvilla (psychopathia). Jafnframt hefur hann verið haldinn drykkjusýki (alcoholismus) frá 16 ára aldri og háður fíknilyfjum (drug dependence) frá 17 ára aldri“.

### ***Samantekt um Tryggva Rúnar***

Hér á eftir verða megin ástæður þess að Tryggvi Rúnar játaði aðild að Guðmundarmálinu teknar saman og þeim lýst út frá fræðilegri umgjörð um játningar.<sup>345</sup> Segja má að fimm þættir hafi ráðið úrslitum um að hann játaði aðild. Fyrstu þrjú þættirnir snerta viðvarandi persónuleikavandamál hans, andlegt ástand hans í einangrunni í Síðumúlafangelsinu, og lága greind hans, en síðari tveir þættirnir snerta aðstæðurnar í einangrunni, yfirheyrslurnar og takmarkaðan stuðning lögmans hans.

- Persónuleikavandamál Tryggva Rúnars og aðrir sálrænir veikleikar hans, eins og þeim er lýst í geðrannsókn Ásgeirs Karlssonar geðlæknis, og Gylfi Ásmundssonar sálfræðings, eru líkleg til að haft mikil áhrif á líðan hans og hegðun í gæsluvarðhaldinu. Niðurstaða geðheilbrigðismatsins var að hann væri „illa greindur og haldinn miklum persónuleikagöllum“ og hefði verið háður vímuefnum frá 17 ára aldri, dómgreind hans væri „léleg“ og hann væri haldinn kvíða og vanmetakennd. Rannsóknir hafa sýnt að slíkt sambland andfélagslegra persónuleikaeinkenna, vímuefnaneyslu og afbrotahæðunar, auka líkur á fölskum játningum við yfirheyrslur hjá lögreglu.<sup>346</sup>
- Það er ljóst samkvæmt dagbókum Síðumúlafangelsis að Tryggvi Rúnar var í mjög slæmu andlegu ástandi fyrstu dagana eftir fyrstu yfirheyrsluna um Guðmundarmálið og eftir að hafa verið úrskurðaður í 90 daga gæsluvarðhald vegna málsins. Í dagbók fangelsisins er skráð klukkan tvö aðfaranótt 27. desember: „Tryggvi hefur talað við sjálfan sig annars slagið frá kl 08.00“ og í hádeginu sama dag er skráð eftir að Tryggvi Rúnar hafði verið tekinn til yfirheyrslu í hálf tíma hafi verið hringt í fangelsislækninn og hann beðinn að koma „og sprauta Tryggva Rúnar niður [svo hann] geti sofnað“. Læknirinn kom stuttu síðar og sprautaði hann með geðrofslyfi. Þá er vert að geta þess að Tryggvi Rúnar fór í „hungurverkfall“ þann 6. mars 1977, „í mótmæla skyni vegna seina gangs og framvindu í sambandi mál þau er hann hefur fengið ákæru í“. Þetta gefur til kynna að hann hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum með að vera aftur vistaður í einangrun í Síðumúlafangelsinu eftir að hafa verið á Litla-Hrauni.<sup>347</sup>
- Dagbækur Tryggva Rúnars sýna hversu barnslega (e. *naive*) hann trúði því að sannleikurinn um sakleysi sitt í Guðmundarmálinu yrði tekinn til greina þrátt

<sup>345</sup> Gísli H. Guðjónsson (2003a).

<sup>346</sup> Sjá í Jón Friðrik Sigurðsson og Gísli H. Guðjónsson (2001) og einnig yfirlit í Gísli H. Guðjónsson (2003a).

<sup>347</sup> Samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun ríkisins og færslum í dagbókum Síðumúlafangelsisins var Tryggvi Rúnar var vistaður á Litla-Hrauni frá 16. júlí til 4. ágúst og frá 9. til 30. ágúst 1976, og frá 11. nóvember 1976 til 14. janúar 1977.

fyrir að hann hefði játað aðild. Í þeim má einnig sjá von hans um að verða leystur undan einangrun ef hann segði rannsakendum það sem hann hélt að þeir vildu heyra, „Ég hélt með því að játa mig inn í þetta slippi ég út á meðan málið kæmi fyrir dóm. Ég vildi ekki þessi tvö ár sem Örn Höskuldsson hótaði mér að ég yrði inni ef ég játaði ekki“. Svona röksemdarfærslur má oft sjá í málum þar sem sakborningar hafa ranglega játað á sig sök, sem gefur til kynna: 1) Að athygli þeirra hefur fyrst og fremst verið á skammtímaafleiðingar þegar þeir játuðu, þ.e. að losna úr einangrun, frekar en á langtímaafleiðingar, þ.e. að verða hugsanlega sakfelldur<sup>348</sup>. 2) Barnslega trú þeirra á jákvæðar langtímaafleiðingar, sem er meira áberandi hjá einstaklingum með lága greind<sup>349</sup>. Rannsóknir<sup>350</sup> sýna að einfeltni fólks eða barnslegar hugmyndir þess um réttarkerfið eykur hættu á fölskum játningum. Þrátt fyrir sögu um afbrotahæðun og reynslu af réttarkerfinu virðist sem Tryggvi Rúnar hafi haft afar barnslega trú á lausn vandræða sinna, sem stafaði sennilega af lítilli dómgreind hans og óskhyggju.

- Tryggvi Rúnar var yfirheyrður mjög oft í Guðmundarmálinu og stundum lengi í einu, einkum fyrstu mánuðina í einangruninni. Við fyrstu yfirheyrsluna neitaði hann sök og allri vitneskju um málið. Þegar hann játaði rúmum tveimur vikum síðar hafði hann verið yfirheyrður 14 sinnum í samtals 22 klukkustundir og stóð ein yfirheyrslan yfir í tæpar átta klukkustundir. Þá var hann vistaður í einangrun í samtals 655 daga, með þremur hléum er hann var vistaður á Litla-Hrauni. Samkvæmt dagbókarskrifum hans og færslum í dagbókum fangelsisins var hann stundum í mjög slæmu ástandi í einangruninni, sem hefur án efa átt þátt í því að hann játaði aðild að Guðmundarmálinu, bæði við yfirheyrslur hjá rannsakendum og fyrir dómi, þrátt fyrir að segjast vera saklaus.<sup>351</sup> Það er líka mikilvægt að hafa í huga að Tryggvi Rúnar var oft yfirheyrður eða „tekinn til viðtals“ án þess að skýrsla væri skrifuð þannig að ekki eru til heimildir um hvað fór fram í þessum yfirheyrslum eða viðtölum.
- Tryggvi Rúnar virðist hafa haft frekar takmarkaðan stuðning af lögmanni sínum á meðan á gæsluvarðhaldsvistinni í Síðumúlafangelsinu stóð. Í dagbók Síðumúlafangelsisins eru aðeins tvær færslur um viðtal hans við lögmann frá því hann var handtekinn á Þorláksmessu árið 1975 og settur í einangrun og þar til hann var fluttur á Litla-Hraun um miðjan júlí 1976 og í bæði skiptin var rannsakandi viðstaddur samtali þeirra. Á þessu tíma játaði hann sök í Guðmundarmálinu.

### ***Ályktanir um framburð Tryggva Rúnars***

Eftir að hafa farið vandlega yfir gögn þau er liggja til grundvallar þessari skýrslu þá telja höfundar þessa kafla það hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir Tryggva Rúnars í Guðmundarmáli, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, voru óáreiðanlegir.

---

<sup>348</sup> Í svona tilvikum er það hinn huglægi veruleiki (trú, von), frekar en hinn hlutlægi (að verða ekki leystur undan einangrun þrátt fyrir að játa), sem stjórnar hugsun þeirra sem gefa falska játningu á meðan þeir eru í einangrun (sjá í Gísli H. Guðjónsson, 2003a). Fjölmargar rannsóknir höfunda þessa kafla um meintar falskar játningar á Íslandi sýna að löngunin til að losna undan gæsluvarðhaldi er áberandi hjá mörgum þeim er gefa falska játningu við yfirheyrslu hjá lögreglu (sjá yfirlit í fyrsta hluta þessa kafla).

<sup>349</sup> Sjá í Clare og Gísli H. Guðjónsson (1995).

<sup>350</sup> Sjá í Kassin (2005).

<sup>351</sup> Um alvarleg áhrif langrar einangrunarvistar sjá grein Grassian (2006), sem bendir á að það sé vel staðfest að löng einangrunarvist geti valdið ruglástandi hjá sakborningum, sem í alvarlegum tilfellum hafi einkenni óráðs í fráhráfi, með ofsóknarkennd og ofskynjunum.

Lykillinn að því að skilja hvers vegna viðnám Tryggva Rúnars brotnaði niður eftir 16 daga í einangrun er vangeta hans til að takast á við einangrunina vegna sálrænna veikleika sinna. Þetta er ljóst ef marka má lýsingar í dagbók fangelsisins á slæmu ástandi hans fyrstu dagana í einangruninni, lýsingar hans á ástandi sínu í dagbókunum sem hann skrifaði í gæsluvarðhaldinu og niðurstöðum geðrannsóknarinnar sumarið 1976. Hann var vistaður óhóflega lengi í einangrun og oft yfirheyrður án þess að tekin væri skýrsla. Einangrunin var honum greinilega mjög erfið og í eitt skipti þegar dómari var ekki sáttur við framburð hans var fyrirskipað að hann „ætti að vera í algjörrí einangrun“ og þá voru dæmi þess að beiðni hans um að ráðfæra sig við lögmann sinn var neitað.

Líklegt er að Tryggvi Rúnar hafi túlkað þessi viðbrögð dómarans sem þvingun til þess að gefa framburð sem dómaranum væri þóknanlegur, óháð sannleiksgildi hans. Hann virðist frá upphafi hafa gert allt til þess að reyna að losna úr einangruninni og haldið í einfeldni sinni að játning myndi hjálpa til við það og hann virðist einnig hafa trúað því að á endanum myndi sannleikurinn koma í ljós, þ.e. þegar málið færi fyrir dóm. Dagbækur hans, sem höfundar þessar skýrslu telja trúverðugar og ljóst að hafi verið skrifaðar á meðan hann var vistaður í gæsluvarðhaldinu í Guðmundarmálinu, gefa góða lýsingu á slæmu andlegu ástandi hans í einangruninni og algjöru hjálparleysi. Tryggvi Rúnar var örvæntingafullur maður<sup>352</sup> sem gerði örvæntingafullar tilraunir til að losna úr einangrun, með því að játa á sig aðild að hvarfi og dauða Guðmundar Einarssonar.

Framburðir Tryggva Rúnars við skýrslutökur hjá lögreglu og fyrir dómi var mjög takmarkaður, óljós, hikandi og sundurlaus. Frásagnir hans voru ekki langar og flóknar með nákvæmum lýsingum á atburðarás eins og hann hefði vitneskjum um það sem átti að hafa gerst. Af framburði Tryggva Rúnars að dæma virðist hann frekar hafa verið að svara ákveðnum spurningum rannsakenda um meint atvik málsins en að skýra sjálfstætt frá minningum sínum.

#### **19.2.5. Sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburðar Alberts Klahn Skaftasonar**

Albert Klahn Skaftason var vistaður í einangrun í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar Guðmundarmálsins í 87 daga frá 23. desember 1975 til 19. mars 1976. Þann 8. desember 1976 var hann ákærður fyrir hlutdeild í manndrápi Guðmundar Einarssonar og yfirhylmingu. Hann var sakfelldur fyrir að tálma rannsókn Guðmundarmálsins og fyrir neyslu, sölu og dreifingu fíkniefna og hlaut hann 15 mánaða fangelsisrefsingu með dómi sakadóms Reykjavíkur, en Hæstiréttur dæmdi hann í 12 mánuði fangelsi, auk fésektar.

#### ***Yfirheyrslur yfir Alberti***

Albert fæddist þann 16. febrúar árið 1955 og var því 20 ára gamall þegar hann var handtekinn vegna Guðmundarmálsins þann 23. desember 1975 og fluttur frá Seyðisfirði í

---

<sup>352</sup> Í dagbókum Tryggva Rúnars má sjá hvernig hugsun hans og liðan sveiflaðist á milli svartsýni og bjartsýni í einangrunarvistinni í Síðumúlafangelsinu. Af frásögnum fangavarda og rannsakenda, sem komu til viðtals við starfshópinn, og af dagbókum Tryggva Rúnars, má ætla að hann hafi lagt mikið á sig við að takast á við einangrunarvistina með því að halda sér uppteknum við að teikna, skrifa og gera líkamsæfingar.



Síðumúlafangelsið. Hann var fyrst yfirheyrður vegna málsins sama dag, en Sævar hafði nefnt hann til sögunnar við skýrslutöku deginum áður. Í dagbók Síðumúlafangelsisins er skráð að Albert hafi fyrst verið yfirheyrður í rúma klukkustund og svo farið með hann í „leiðangur“ út í bæ að yfirheyrslu lokinni og tók þetta samtals fimm og hálf klukkustund. Ekki liggur fyrir hvert „leiðangurinn“ var farinn. Ósamræmi er í tímaskráningum milli dagbókar fangelsisins og skýrslu rannsakenda, en samkvæmt skýrslunni tók skýrslutakan tvær klukkustundir og fimmtán mínútur. Alberti var gerð grein fyrir því að yfirheyrslan væri í tengslum við hvarf á ungum manni og að Sævar hefði sagt frá þátttöku hans í hvarfi hans. Albert játaði mögulega aðild að atburðarásinni að Hamarsbraut 11, aðfaranótt 27. janúar 1974, sem fólst í akstri frá Hamarsbraut, með Sævar, Tryggva Rúnar og Kristján Viðar meðferðis, ásamt pokum, sem Sævar hefði sagt að í hefðu verið lík. Um kvöldið sama dag var Albert úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna þess að ekki væri vitað um aðild hans að hvarfi Guðmundar Einarssonar.

Við fyrrnefnda skýrslutökuna hjá lögreglu sagðist Albert á þessum tíma hafa umgengist Sævar mikið, en ekki Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Hann hafi oft verið á gulri Toyota bifreið föður síns og einu sinni að nóttu til, sem gæti hafa verið aðfaranótt 27. janúar 1974, hafi hann komið á þessari bifreið til Sævars í Hafnarfirði. Samkvæmt skýrslu rannsakenda var Alberti tilkynnt að Sævar „hafi tjáð rannsóknarlögreglunni, að á þeim tíma muni maður hafa verið barinn í íbúð Sævars, eða geymsluherbergi henni tilheyrandi, en á þeim tíma bjó Sævar á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði.“ Svo er haft eftir Alberti:

*„Ekki man ég fyrir víst hvort ég ók einhverjum þeirra féлага þangað, eða hvort þeir hringdu heim til mín og báðu mig að koma. Hvað klukkan var, er ég ekki viss um, en hún gæti hafa verið einhversstaðar milli 24:00 og 05:00. [...] Næst man ég, fyrir víst, að Sævar kom frá húsinu að bifreiðinni og bað mig að opna farangursgeymsluna hvað ég gerði. Ég settist svo inn í bifreiðina aftur, en Sævar fór aftur inn í húsið. Eftir nokkra bið komu þeir allir þrír, það er Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar að bifreiðinni. [...] Ég sá, að þeir allir þrír voru með, að ég held fleiri en einn poka, eða eitthvað, sem líktist poka. [...] Byrði sína settu þeir í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Meðan þeir voru að því, þá ruggaði bifreiðin svolítið til og smádynkir heyrðust og virtist mér það benda til þess, að verið væri að setja eitthvað fremur þungt í farangursgeymsluna.“*

Albert segist hafa ekið að fyrirmælum Sævars fram hjá álverinu í Straumsvík og eitt-hvert út í hraun þannig að ekki sást í Keflavíkurveginum. Þar sagði hann þremmenningana hafa tekið farangurinn úr farangursgeymslunni og borið hann eitthvert og hafi þeir komið tómhentir til baka eftir stutta stund. Á leiðinni til baka hafi Sævar sagt „að lík hefði verið í pokanum.“

Næsta skýrsla af Alberti var ekki tekin fyrr en 11. janúar 1976 (í 15 mínútur), en í millitíðinni hafði hann þó verið yfirheyrður níu sinnum í samtals sjö klukkustundir og fjórum sinnum farið með hann í vettvangsferð í samtals 12 klukkustundir. Ekki liggja fyrir

skýrslur um þessar yfirheyrslur og vettvangsferðir. Þriðja skýrslutakan fór fram 6. febrúar (í átta mínútur), en áður en hún fór fram hafði hann verið yfirheyrður sex sinnum í samtals þrjár klukkustundir og 15 mínútur og farið með hann í tvær vettvangsferðir í samtals tvær klukkustundir og 20 mínútur. Ekki liggja fyrir skýrslur um þessar yfirheyrslur og vettvangsferðir, en við skýrslutökuna 6. febrúar, sem snerist um hvar lík Guðmundar Einarssonar var niðurkomið eftir ábendingu Sævars í vettvangsferð sama dag, sagðist Albert „nú vera fullviss að hann hafi umrætt sinn ekið veginn að Sædýrasafninu“ og í vettvangsferðinni „vísaði hann á stað, á mjög svipuðum slóðum og Sævar hafði gert. Eftir þeirra tilvísan virðist þarna vera um svæði að ræða, sem sé ca. 150-200 metra vestur af veginum að Sædýrasafninu og álíka vegalengd til norðurs frá Reykjanesbraut“.

Samkvæmt dagbók fangelsisins var farið með Albert í vettvangsferð 16. febrúar,

*„suður fyrir Hafnarfjörð og skoðuðum gryfjur gegnt Álverinu og gryfjur gegnt Lónakoti svo og svæði við Kúagerði. Einnig svæði austur að Krísuvíkurvegi, sunnan Reykjanesbrautar nálægt öskuhaugum Hafnarfjarðar. Ekki treysti Albert sér til þess að segja til ákveðið til um neinn af þessum stöðum en fannst hann eitthvað kannast við sig í gryfjunum eða við gryfjurnar gegnt Álverinu og eins í Kúagerði. Þar fannst honum mjög líklegt að hann hefði farið þá seinni ferð, sem farin var, sem hann telur sig hafa farið með lík.“*

Þann 6. mars var svo aftur farið með Albert í vettvangsferð „suður fyrir Hafnarfjörð á þær slóðir sem Erla Bolladóttir hafði bent á, en Albert kannaðist ekkert við sig þar“. Daginn eftir, eða 7. mars var fjórða skýrsla tekin af Alberti fyrir dómi og tók það um hálf tíma: „Kærði [Albert] segist nú vera viss um að hafa farið tvær ferðir með lík“ fyrir Sævar, Kristján og Tryggva. „Segist kærði ekki hafa vitað í fyrra skiptið hvað hann var að flytja en í síðara skiptið hafi honum verið sagt, að það hafi verið lík. Kærði kveðst ekki muna hvert hann ók en telur að í síðara skiptið hafi hann ekið suður í Kúagerði.“ Á þeim mánuði sem leið á milli þriðju og fjórðu skýrslutökunnar, frá 6. febrúar til 7. mars, var Albert yfirheyrður þrisvar sinnum í samtals eina klukkustund og farið með hann í fjórar vettvangsferðir í samtals tæpar sex klukkustundir.

Dagana 11., 13., 15. og 19. mars 1976 var Geir V. Vilhjálmsson, sálfræðingur hjá *Rannsóknarstofnun vitundarinnar* í Reykjavík, fenginn til að „auðvelda upprifjun hans [Alberts] á smáatriðum ökuferðanna með þeim kumpánum Sævari, Kristjáni og Tryggva“<sup>353</sup>. Samkvæmt dagbók fangelsisins virðist Geir hafa hitt Albert bæði í fangelsinu og utan þess á „sefjunarfundum“, auk þess sem Geir fór í „ferðalag“ með Albert, ásamt Sigurbirni Víði, rannsóknarlögreglumanni og Erni Höskuldssyni, fulltrúa yfirskadómara. Samkvæmt gögnum frá lögreglunni var tilgangur þessara funda að rifja upp ökuferðir Alberts suður fyrir Hafnarfjörð í tengslum við hvarf Guðmundar Einarssonar. Í skýrslu Geirs kemur fram að tími hafi verið „til fjögurra sefjunarfunda“, beitt

<sup>353</sup> Sjá skýrslu frá *Rannsóknarstofnun vitundarinnar* (Institute for Consciousness Research), dags. 21. mars 1976, stílaða á Örn Höskuldsson, undirrituð af Geir V. Vilhjálmssyni.

hafi verið „hefðbundinni talningartækni til þess að dýpka vitundarástand Alberts og myndrænt tákni síðan notað til þess að beina meðvitundinni aftur í tímann. Var svo Albert beðinn um að endurupplifa ferðalögin og lýsa ökuleiðum“.<sup>354</sup> Þá segir einnig í skýrslunni að dr. Jakob Jónason geðlæknir hafi gert tilraun til að dáleiða Albert, „en hann í takmörkuðum mæli móttækilegur fyrir sefjun, á að giska 30-35%, en með æfingu komst Albert smátt og smátt dýpra“.<sup>355</sup> Í skýrslu sálfræðingsins til Arnar Höskuldssonar segir svo:

*„Tvímælalaust tókst með ofangreindri aðferð að virkja minnishæfileika Alberts í töluvert auknum mæli, sýna það þær að prófanir sem við gerðum með hann, þar sem hann náði rúmlega 50% árangri í réttri röðun vikudaga og mánaðardaga 1½-2½ ár aftur í tímann, en samkvæmt tilviljuninni einni saman mætti búast við 14% árangri í þannig þraut. Þetta 50% skekkjuhlutfall sýnir á hinn bóginn auðvitað, að vænta má skekkna í framburði hans í sefjunarástandinu og því verður að meðhöndla þær upplýsingar sem þannig fengust með svipaðri varkárni og annan framburð“.*

Í skýrslunni er fjallað um ferðir á þrjá staði þar sem líki Guðmundar átti að hafa verið komið fyrir. Fyrsta ferðin átti að hafa vera farin aðfaranótt 27. janúar 1974 að Sædýrasafninu í Hafnarfirði, önnur ferðin átti að hafa verið farin „á bilinu ágúst til nóvember“ 1974 að Kúagerði og sú þriðja í Sundahöfn í desember 1974. Í skýrslunni segir svo um ferðina að Sædýrasafninu aðfaranótt 27. janúar 1974:

*„Ef nákvæm leit á svæðinu milli þessa vegar og Álversins ber ekki árangur ætti að leita einnig hinu megin við Keflavíkurvegin á þessu svæði milli Álversins og Sædýrasafnsafleggjarans. [...] Beri leit þar enn engan árangur, væri hægt að vinna að því að koma Albert í enn dýpra sefjunarástand og reyna að fá enn frekari upplýsingar frá honum.“*

Í dagbók fangelsisins 11. mars segir „Í framhaldi af því [fundi Geirs og Alberts í fangelsinu] hófst sex augna samtal rannsóknarlögreglumannanna og sálfræðingsins“ og í

<sup>354</sup> Sjá í skýrslu frá Rannsóknarstofnun vitundarinnar (Institute for Consciousness Research), dags. 21. mars 1976, stílaða á Örn Höskuldsson, undirrituðu af Geir V. Vilhjálmssyni.

<sup>355</sup> Aðkoma Geirs V. Vilhjálmssonar sálfræðings og Jakobs Jónassonar geðlæknis, að því að reyna að auka minni Alberts við rannsókn Guðmundarmálsins, gefur til kynna að rannsakendurnir hafi talið víst að hann byggi yfir upplýsingum um málið og þá sérstaklega hvar lík Guðmundar væri niðrkommið og að þeir voru í miklum vandræðum með að fá viðunandi framburð frá honum. Minnisaukandi aðferðirnar sem þeir notuðu færðu þeim greinilega ekki áþreifanlegar sannanir í málinu, en töluverðar líkur er á að þær hafi truflað eðlilega minnisvinnslu Alberts og styrkt trú hans á því að hann hefði orðið vitni að atburði, jafnvel þótt hann myndi ekki eftir því. Þetta virðist einnig hafa ýtt undir minnisvafaheilkenni hjá honum, þ.e. honum tókst ekki að rifja upp neitt til að staðfesta minningar um þátttöku í hvarfi Guðmundar. Grundvallar mistökin voru þau að þessir sérfræðingar virðast hafa gengið út frá því að Albert hefði átt þátt í hvarfi Guðmundar og áherslan var á að fá upplýsingar frá honum um þann atburð og hvar lík Guðmundar væri niðrkommið, þ.e. þeir voru að leita að upplýsingum hjá Alberti sem hann hafði ef til vill enga þekkingu á. Af þessum sökum var mikil hætta á að falskar minningar um málið mynduðust hjá Alberti og Geir Viðar hafði rétt fyrir sér þegar hann benti á að upplýsingunum sem þeir höfðu uppúr Alberti bæri að taka með fyrirvara (sjá almenna umfjöllun um þessar aðferðir í Gísla H. Guðjónssyni, 2003a).

skýrslu Geirs, sálfræðings, kemur fram að starfsmenn sakadóms Reykjavíkur hafi hlustað á upptökur af þessum „sefjunarfundum“.

Fimmta og síðasta skýrslutakan af Alberti á meðan hann var vistaður í gæsluvarðhaldi fór svo fram 19. mars að lögmanni hans viðstöddum. Í millitíðinni, frá 7. til 19. mars, hafði hann verið yfirheyrður einu sinni (ekki sagt hve lengi) og farið með hann í eina vettvangsferð í tæpar þrjár klukkustundir. Ekki liggja fyrir skýrslur um þessa yfirheyrslu og vettvangsferð. Við þessa skýrslutöku hafð Albert stöðu vitnis:

*„Albert er hér mættur að eigin ósk. [...] Ég hef mikið hugsað um þetta mál og oft hefur verið við mig rætt um það. Það, sem ég skýrði frá í fyrri skriflegri skýrslu minni, er rétt að öðru leyti en því, að sá atburður, sem ég greindi þar frá, átti sér ekki stað í janúar, heldur þann 14. sept. 1974. [...] Hitt er annað, að í janúar 1974, nánar tiltekið aðfaranótt þess 27., þá flutti ég einnig eitthvað heiman frá Sævari í Hafnarfirði. Með honum voru þá þeir Kristján Viðar Viðarsson og Tryggvi Rúnar Leifsson. [...] Sævar hringdi heim til mín um nóttina, ég held um kl. 01:00 og bað mig að koma heim til sín suður í Hafnarfjörð. Hann talaði um að gefa mér hassmola og féllst ég á að koma. [...] Ég ók nú sem leið lá til suðurs út úr Hafnarfirði og beygði síðan til hægri veginn, sem liggur að Sædýrasafninu.“*

Að lokinni þessari skýrslutöku var Albert svo látinn laus úr fangelsinu. Á tímabilinu frá 19. mars 1976 til 3. maí 1977 var Albert yfirheyrður 24 sinnum og þar af voru sex samprófanir og ein yfirheyrsla án skriflegrar skýrslu.

Í dagbók fangelsisins og lögregluskýrslu sem dagsett er 30. apríl 1976 kemur fram að Albert kom í Síðumúlafangelsið þennan dag til samprófunar við Tryggva Rúnar og Sævar og að lögmaður Alberts og Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari hafi verið viðstaddir, auk rannsakenda. Ekkert samræmi fékkst á framburðum þeirra. Við samprófunina við Sævar hélt Albert fast við fyrri framburð sinn, en Sævar mótmælti og taldi frásögn hans uppspuna og ósannindi. Í skýrslu Eggerts N. Bjarnasonar rannsóknarlögreglumanns, um rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna, segir að þýski rannsóknarlögreglumaðurinn Schütz hafi átt viðtal við Albert seinna þennan dag (í framhaldi af samprófuninni) á skrifstofu Arnar Höskuldssonar í sakadómi Reykjavíkur í fjóra og hálf klukkustund. Í skýrslu Eggerts segir að „Schütz hafa kynnt sér mjög nákvæmlega framburð Alberts í málum þessum og það sé staðreynd að Albert hafi ekki alltaf þar sagt satt“. Albert sagðist ekki vita hvað lík Guðmundar væri grafið, en:

*„Schütz vildi meina að Albert hlyti að vita hvert hann hefði farið með líkið. En Albert hvaðst alls ekki geta munað það. Því vildi Schütz ekki trúá. [...] Schütz benti Albert á það að innan skamms, eftir óvissan tíma, mundi hafin mjög nákvæm leit með mannskap og tækjum að líkinu. Slík leit myndi mjög kostnaðarsöm og Albert bæri þar mikla ábyrgð á. [...] Albert sé nú gefið tækifæri til þess að leiðrétta í síðasta sinn það sem rangt sé í fyrri framburðum hans. Með því mundi staða Alberts batna gagnvart yfirvöldum. [...] Schütz benti Albert á samsekt Alberts ef síðar yrði sannað að hann hefði leynt einhverju. [...]*

*[Albert] segir að undirskrifuð skýrsla þar sem aðeins er talað um einn poka hafi verið eins og honum fannst á þeim tíma. Nú finnst honum pokarnir hafa geti verið fleiri.* <sup>356</sup>

Í framhaldi af þessari yfirheyrslu var farið með Albert „suður að Sædýrasafninu um gamla Keflavíkurvegin í Kúagerði og að Lónakotsgryfjunni. Albert taldi sig hafa stöðvað Volkswagen bifreiðina á veginum við Sædýrasafnið og var staðurinn merktur með vörðu. Næst var ekið um Keflavíkurveg og í átt til Keflavíkur og átti þá að fylgja þeirri leið sem Toyota bifreiðinni hefði verið ekið [um 10 mánuðum síðar]“.

Dagana 21., 22. og 23. september 1976 voru teknar fjórar skýrslur af Alberti, þar af ein undirrituð. Við þessar skýrslutökur var Albert m.a. spurður um hvoru megin lík Guðmundar var sett inn í bílinn. Þá var farið með hann í vettvangsferð eftir gamla Keflavíkurveginum til Kúagerðis, um Krísuvíkurvegin og á fleiri staði og „virtist Albert kannast við sig en sagði svæðið breytt“. Aðeins í eitt skiptið virðist hafa verið skráð hve lengi „viðræður“ stóðu en í það skiptið voru það 10 mínútur. Við aðra skýrslutökuna þann 21. september segir að: „Eftir þá skýrslutöku óskaði Albert eftir því að hann mætti koma öðru hverju og ræða málin ef það mætti vera til þess að rifja þau frekar upp þannig að hann gæti gefið betri skýringar á ýmsum hlutum sem ekki eru komnir á hreint.“ Dagana 28. og 29. september var svo leitað á stöðunum sem Albert benti á og 4. október var farið með hann í „hraunið sunnan Hafnarfjarðar“ þar sem hann sagðist vilja benda á hvert var farið með lík Guðmundar í janúar 1974. Þessar leitir báru ekki árangur.

Dagana 5., 6. og 11. október voru svo teknar skýrslur af Alberti vegna meintra ferða með lík Guðmundar. Svo virðist sem þessar skýrslur hafi verið teknar á skrifstofu rannsakenda. Í skýrslunni sem tekin var 5. október segir m.a.:

*„Þá tel ég mig muna fyrir vist að ég hafi beygt Hamarsbrautina til hægri. Síðan ók ég suður úr Hafnarfirði og inn á veginn að Sædýrasafninu. [...] Það hefur nú verið að rifjast upp fyrir mér að verið geti að ég hafi farið fleiri ferði líkra erinda fyrir strákana. Mig rámar í að ég hafi síðar farið með þessa sömu stráka suður í hraun. Þá hafi verið meðferðis svartir tómir pokar. Þeir Tryggvi Rúnar og Sævar hafi farið út í hraun og sótt eitthvað í pokana, sem voru látnir hver utan yfir annan. Kristján var með í bifreiðinni. Svo man ég að farið var út á Álftanes og þar var tekin gröf rétt við hliðina á bifreiðinni. Þetta er allt mjög óljóst fyrir mér, en þó getur verið að þetta geti ég rifjað upp“.*

Samkvæmt lögregluskýrslu frá 6. október fóru rannsakendur með Albert suður á Álftanes, þar sem hann vísaði á stað í fjörunni þar sem hann sagðist hafa tekið þátt í að grafa

---

<sup>356</sup> Í þessari umfjöllun Schütz um yfirheyrsluna yfir Alberti, sem er á fimm blaðsíðum í skýrslu Eggerts N. Bjarnasonar, er ýmislegt að finna um yfirheyrsluaðferðir Schütz. Í viðtalinu við Albert er ljóst að hann notaði þvinganir, hótanir og hvatningar (e. *coercive interviewing*) og sýnir þetta einstefnu eða „rörsýn“ Schütz í málinu og að hann gerði ráð fyrir sekt Alberts. Vitað er að svona einstefnuyfyrheyrslur, sem byggja á sekt sakborninga, auka líkur á fölskum játningum (sjá í Kassin, Drizin, Grisso, Gudjonsson, Leo, & Redlich, 2010).

hlut sem hann taldi að gæti hafa verið lík, en sennilega væri þetta aðeins ímyndun hjá sér. Í skýrslunni 6. október er enn fremur haft eftir honum:

*„Það næsta sem ég man var það að ég hjálpaði við að bera flutninginn, sem komið var í plastpokana, úr bifreiðinni. Þá man ég eftir að hafa tekið þátt í að grafa þetta, en hvar það var man ég ekki fyrir víst. Mig rámar þó að þetta hafi verið flutt í kirkjugarð og tel ég að þar komi helst til greina Hafnarfjarðar-kirkjugarður, en í þessu sambandi man ég eftir garðvegg. Ég tel að þarna hafi verið um lík Guðmundar Einarssonar að ræða. [...] Ég get ekki gefið neina skýringu á því, hvers vegna þetta hefur farið að rifjast upp fyrir mér nú, en þó tel ég að þar hafi aðalorsökin verið, að ég óttaðist refsingu. Ég hef reynt að birgja þetta inni og geri mér ljóst, að ég hef barist á móti því að segja sannleikann um þetta mál. Mér finnst að núna við þessar síðustu yfirheyrslur að eitthvað sé að mér í höfðinu. Ég veit að ég tók þátt í þessu og að ég ætti að geta skýrt frá öllu, en þótt ég reyni að leggja mig fram þá á ég erfitt með að greina á milli hugarburðar og veruleika. Ég hef frá barnsaldri neytt margvíslegra fíkniefna og eiturlyfja. Það kann að eiga sinn þátt í að ég muni þessi mál óskýrt.“*

Áttunda október var farið með Albert í Fossvogskirkjugarðinn og hann beðinn um að lýsa ferðinni með lík Guðmundar. Tveimur dögum síðar var svo farið aftur með hann í Fossvogskirkjugarðinn og í hraunið sunnan Hafnarfjarðar, en þegar þangað var komið sagðist hann nú alveg viss um að þeir hafi farið í Fossvogskirkjugarð, en áður hafi það verið „þurrkað úr minninu“. Ellefta október var Albert svo aftur yfirheyrður um þessar ferðir með lík Guðmundar.

Ekki virðist Albert hafa verið yfirheyrður aftur fyrr en 22. febrúar 1977 en þá var hann spurður út í ýmislegt varðandi atburðarásina aðfaranótt 27. janúar 1974 og meðal annars urðun líks Guðmundar í Fossvogskirkjugarði, sem hann hélt fast við en treysti sér ekki til að ræða frekar.

Í lögregluskýrslu frá 3. mars 1977 kemur fram að Albert hafi komið á skrifstofu lögreglunnar þennan dag og gefið upplýsingar um Gunnar Jónsson vin sinn, sem Sævar hafði bætt við sem fjórða manningum í Guðmundarmálinu fyrr um daginn. Í samráði við sakadómarann Gunnlaug Briem var Albert færður í Síðumúlafangelsið og samkvæmt færslu í dagbók fangelsisins var hann vistaður þar frá miðnætti þann 3. mars fram að hádegi daginn eftir.<sup>357</sup> Daginn eftir eða 4. mars var tekin dómskýrsla af honum þar sem hann lýsti sig tilbúinn til að skýra frá atburðum málsins án verjanda. Við þessa skýrslutöku sagði hann Gunnar hafa verið með þeim Sævari, Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974. Albert var yfir-

<sup>357</sup> Samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsisins var komið með Albert þangað í „geymslu“ klukkan 23:30 þann 3. mars 1977 og hann sóttur aftur til að fara í sakadóm klukkan 12:15 daginn eftir. Í yfirlýsingu Alberts frá 17. janúar 1997 vegna endurupptökubeiðni Sævars kemur fram að Albert hafi verið „handtekinn og hafður í klefa í u.þ.b. sólarhring í Lögreglustöðinni í Reykjavík“ og yfirheyrður vegna hugsanlegrar aðildar Gunnars Jónssonar að Guðmundarmálinu.

heyrður aftur þennan sama dag og sagðist hann þá vilja gera hreint fyrir sínum dyrum og segja allan sannleikann í málinu. Skráð er að skýrslutakan hafi tekið þrettán klukkustundir, frá 13:00 til 02:00, með klukkustundar hléi og á meðan hann mætti fyrir dóm. Hann var yfirheyrður tvisvar 5. mars og í annað skiptið fyrir dómi og í millitíðinni farið með hann í vettvangsferð suður í Hafnarfjarðarkirkjugarð, þar sem hann taldi mikla möguleika á því að hann gæti bent á staðinn þar sem líkamsleifar Guðmundar væru niður komnar. Enn einu sinni var farið með Albert í Hafnarfjarðarkirkjugarðinn 7. mars, að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómara, en hann gat ekki bent á ákveðinn stað í garðinum frekar en áður. Þá var rætt við kirkjugarðsvörðinn sem sagðist ekki hafa orðið var við jarðrask í garðinum á þessu tíma.

Albert var svo yfirheyrður frekar 10. mars og 16. mars var farið með hann í „leiðangur“ að Hamarsbraut í Hafnarfirði og í Hafnarfjarðarkirkjugarð. Nokkrir rannsakendur voru með í för og sakadómarmennirnir Gunnlaugur Briem, Ármann Kristinsson og Haraldur Henrysson og lögmaður Alberts. Í lögregluskýrslu segir að Gunnlaugur Briem hafi rætt við Albert, en hann hafi verið „lítið minnugur“ um það sem gerðist aðfaranótt 27. janúar 1974 og gaf óljósa lýsingu þótt hann héldi sig við að lík Guðmundar væri grafið í garðinum. Þann 21. mars gaf Albert svo skýrslu um þetta fyrir dómi og 28. mars var hann samprófaður með Kristjáni Viðari fyrir dómi og 31. mars með Sævari, en sú samprófun mun hafa verið árangurslaus.

Þriðja maí virðist Albert svo hafa verið yfirheyrður í síðasta skipti í Guðmundarmálinu.

Með endurupptökubeiðni Sævars fyrir Hæstarétti árið 1997 var lögð fram yfirlýsing Alberts þar sem hann dregur framburð sinn í Guðmundarmálinu til baka og segist ekki geta „staðhæft“, að hann hafi verið að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974. Í yfirlýsingunni lýsir hann aðdragandanum að játningunni þannig að rannsakendur hafi farið að spyrja hvort hann myndi eftir slagsmálum á Hamarsbraut 11 um leið og hann var handtekinn á Seyðisfirði og haldið því áfram í flugvélinni á leið suður. Hann sagðist ekki hafa haft svör við þessum spurningum en

*„þá leiddu lögreglumenn mig með því að spyrja hvort atvik gætu ekki hafa verið með þessum hættinum eða hinum. Hafði ég tilhneigingu til að jata tilgátum lögreglu. Sem dæmi má nefna að er ég var eitt sinn spurður um líkflutninga nefndi lögreglan ýmsa kirkjugarða til sögunnar sem hugsanlega felustaði og jataði ég öllum tilgátunum“. [...] Lögreglan leiddi mig sem sagt í frásögnum mínum með því að nefna möguleika til sögunnar. [...] Ég var mjög minnislaus á þessum tíma. Ég hafði um langt skeið notað fíkniefni og því oft erfitt að greina einn atburð frá öðrum úr liðnum tíma“.*

Í yfirlýsingunni lýsir Albert tilraunum Geir V. Vilhjálmssonar sálfræðings til að

*„bæta minni mitt með einhvers konar slökunaræfingum. Var allt sem þá gerðist tekið upp á hljóðband. Einnig var farið með mig inná Klepp þar sem geðlæknir, líklega yfirlæknir, dáleiddi mig einnig í þeim tilgangi að fá mig til að*

*muna liðna atburði. Hvorug þessara aðgerða mun hafa borið nokkurn árangur. Ég mundi ekkert frekar.“*

Albert skýrir einnig frá því að fangaverðir hafi stundum komið í klefa hans í Síðumúla til að ræða um Guðmundarmálið: „Eitt sinn spurði fangavörður mig inná klefa hvernig stæði á því að ég gæti ekki munað eftir að hafa flutt lík og sagði eitthvað á þá leið, að ef til vill hefðu þeir bútað líkið í hluta. Er það skýringin á frásögnum um fleiri poka en einn.“ Þá segir hann frá því að rannsakendur hefðu sagt við yfirheyrslur „hvað eftir annað, að ég myndi sleppa betur ef ég aðstoðaði við að koma sök á aðra sakborninga. Einnig hótuðu rannsóknarlögreglumenn því er ég var í gæsluvarðhaldi, að ég yrði látinn dúsa þar ef ég segði ekki frá.“

### ***Samantekt um yfirheyrslur yfir Alberti***

Albert var yfirheyrður a.m.k. 26 sinnum á meðan hann var vistaður í gæsluvarðhaldi, sem framlengt var tvisvar sinnum í 30 daga í hvort skipti, á 87 daga tímabili í Síðumúlafangelsinu frá 23. desember 1975 til 19. mars 1976. Til viðbótar var farið með hann í a.m.k. 11 vettvangsferðir („bíltúra“) á þessum tímabili.<sup>358</sup> Yfirheyrslurnar og vettvangsferðirnar í gæsluvarðhaldinu fóru flestar fram að degi til. Fjórar (tæpur fimmtungur) af yfirheyrslunum 26 fóru fram í klefa Alberts í Síðumúlafangelsinu og athygli vekur að samkvæmt dagbók fangelsisins þá var það Örn Höskuldsson sem ræddi við hann í klefa hans í þrjú af þessu fjórum skiptum. Samanlögð skráð tímalengd viðtala og yfirheyrsla á þessum tíma er samtals a.m.k. 17 klukkustundir (rúmur hálfur sólarhringur), en gera má ráð fyrir að heildartíminn sé mun lengri því tímalengd sumra viðtala og yfirheyrsla er ekki skráð. Við þessa samantekt vekur athygli að ferðir með Albert út úr fangelsinu á meðan hann var vistaður í gæsluvarðhaldi tóku samtals rúma 21 klukkustund.

Samkvæmt dagbókum Síðumúlafangelsisins og skýrslum lögreglunnar virðist Albert aðeins hafa hitt lögmann sinn fjórum sinnum á meðan hann var vistaður í einangrun í fangelsinu, tvisvar sinnum einslega, einu sinni við skýrslutöku og einu sinni í ferð út úr fangelsinu. Í dagbók fangelsisins kemur fram að 12. febrúar 1976 hafi Örn Höskuldsson fulltrúi yfirsakadómara, hringt í fangelsið og tilkynnt að Albert mætti ræða einslega við lögmann sinn. Lögmaðurinn kom stuttu síðar þennan sama dag og ræddi við hann í tæpan klukkutíma. Í beinu framhaldi af viðtali þeirra fóru Sigurbjörn Víðir rannsóknarlögmaður og lögmaður Alberts mað hann í ökuferð í „sól og suðurátt“. Ekki liggur fyrir skýrsla um þessa ökuferð. Í dagbók fangelsisins er svo skráð að Albert hafi átt viðtal við lögmann sinn einslega 5. mars og 19. mars, daginn sem Albert var látinn laus úr gæsluvarðhaldi, var lögmaður hans viðstaddur skýrslutöku yfir honum.

Lögmaður Alberts var svo viðstaddur samprófun með honum og Sævari þann 30. apríl 1976 og vettvangsferð þann 16. mars 1977, en hvort tveggja er fjallað er um hér að framan.

---

<sup>358</sup> Farið var með Albert í a.m.k. 11 aðrar „vettvangsferðir/bíltúra“ á tímabilinu frá því hann var látinn laus úr gæsluvarðhaldi þann 19. mars 1976 til 3. maí 1977.



### ***Viðtal við Albert***

Albert Klan neitaði ítrekað að koma til viðtals við starfshóp um Guðmundar- og Geirfinnsmálin, en féllst á endanum á að ræða við Gísla H. Guðjónsson prófessor einslega, þann 7. febrúar 2012. Þá féllst Albert á að starfshópurinn fengi að nota þær upplýsingar sem fram komu í viðtalinu við Gísla. Hann sagði að Erla Bolladóttir hefði hvatt sig til að ræða við Gísla og hann hefði samþykkt það því hann treysti honum.

Gíslu bað Albert að lýsa aðdraganda þess að hann var handtekinn, gæsluvarðhaldinu, yfirheyrslunum og játningum sínum. Hann sagði að sér hefði ekki verið tjáð hvers vegna verið var að flytja hann suður til Reykjavíkur þann 23. desember 1975, en hann sagðist hafa grunað að það væri vegna afbrota. Í flugvélinni var honum tjáð að þetta varðaði alvarlegt mál, en það var ekki fyrir en í Síðumúlafangelsi sem honum var sagt að þetta varðaði hvarf Guðmundar Einarssonar. Hann sagðist ekki hafa vitað á þeim tíma hver Guðmundur var, hann hafi ekkert vitað um hvarf hans og ekki hvað hafði orðið um hann. Lögreglumennirnir hefðu síðan skýrt honum frá aðild hinna sakborninganna í málinu. Hann sagði að sér hefði einnig verið gert grein fyrir því að það væri mikil alvara í þessu máli og hann myndi ekki losna úr fangelsi fyrir en því væri lokið.

Í fyrstu sagðist Albert ítrekað hafa sagt við yfirheyrslur að hann gæti ekki verið viðriðin hvarf Guðmundar því hann myndi ekkert eftir því. Smám saman sagðist hann samt hafa farið að telja sér trú um að hugsanlega hefði eitthvað gerst á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði umrædda nótt. Hann hefði stundum komið þangað til Erlu og Sævars. Hann taldi ekki ósennilegt á þeim tíma að Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar gætu verið viðriðnir málið því hann hefði séð þá berja fólk. Hann sagðist hins vegar eiga erfðar með að trúa því að Sævar væri viðriðinn málið því hann hefði ekki verið vanur að berja fólk. Hann stjórnaði slíku hins vegar stundum. Þá sagði hann að markmið Sævars hefði alltaf verið að fá peninga út úr fólki og oft með hótunum eða barsmíðum Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars. Albert sagðist oft hafa ekið Sævari á milli staða og sagðist því hafa farið að trúa því að hugsanlega ættu félagarnir þeir, Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar, aðild að hvarfi Guðmundar og e.t.v. hefði hann ekið þeim í bíl sínum.

Albert sagði að með tímanum hefði framburður sinn skapað sér vandamál vegna þess að honum fannst hann aldrei geta munað hvað hefði gerst. Hann sagði lögregluskýrslurnar alfarið hafa byggst á tillögum rannsakenda um hvað hefði gerst og hann hefði aldrei haft minningar um að vera viðriðinn þetta mál. Svo virðist sem rannsakendurnir hafi haft áhyggjur af minnisleysi hans og töldu þeir honum trú um að hann hefði upplifað eitthvað sem hann vildi ekki muna. Hann var sendur í dáleiðslu til læknis á Kleppi, en ekkert kom út úr því. Þá var sálfræðingur fenginn til að hressa upp á minni hans og kom hann nokkrum sinum í Síðumúlafangelsið í þeim tilgangi. Ekkert virðist hafa komið út úr þeim viðtölum. Þá var Albert settur í samprófun með Gunnari Jónssyni, sem átti að hafa verið viðstaddur atburðina á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974, en Gunnar hélt því fram að hann myndi ekkert eftir því að hafa verið á Hamarsbrautinni á þessum tíma. Albert lýsti því að hans hlutverk við samprófunina hefði falist í því að sannfæra Gunnar um að hann hefði verið þar umrædda nótt.

Gísli bað Albert um að lýsa sjálfum sér. Hann sagðist vera góður og greiðvikinn maður, en oft skapað sér vandamál því hann væri svo mikill „jámaður“. Hann sagðist enn þann dag í dag vera óviss um hvort atburðirnir á Hamarsbraut hefðu gerst, en sagðist alls ekki muna eftir því. Hann sagðist allt sitt líf hafa haft lélegt minni og hafa litla trú á minni sínu. Það sem hann væri hræddastur við í lífinu væri að hann hefði hugsanlega framið afbrot eða orðið vitni að einhverju, sem myndi rifjast upp fyrir honum síðar.

Albert sagði að þegar hann kom í Síðumúlafangelsið þann 23. desember 1975 þá hefði hann hvorki vitað um hvarf Guðmundar né flutning á líki hans frá Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Eftir að hafa verið í gæsluvarðhaldi í næstum þrjá mánuði (87 daga) hefði hann orðið 50% viss um að vera flæktur í málið þrátt fyrir að hafa engar raunverulegar minningar um það. Hann sagði að þannig væri það enn þann dag í dag þótt hann hefði engar raunverulegar minningar um að hafa farið umræddan dag á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði og flutt lík Guðmundar.

### ***Samantekt um Albert***

Hér á eftir verða meginástæður þess að Albert játaði aðild að Guðmundarmálinu teknar saman og þeim lýst út frá fræðilegri umgjörð um játningar.<sup>359</sup> Það virðist sem ekki hafi verið gert geðrannsókn á Alberti eins og hinum sakborningunum í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum og takmarkar það verulega þær upplýsingar sem liggja fyrir um andlegt ástand hans í gæsluvarðhaldinu og við yfirheyrslurnar.

Segja má að fimm sálfræðilegir og aðstæðubundnir þættir hafi ráðið úrslitum um að hann játaði aðild að málinu. Fyrstu fjórir þættirnir sem lýst er hér á eftir eru aðstæðubundnir og snerta yfirheyrslurnar og gæsluvarðhaldið, en fimmti þátturinn snertir eiginleika Alberts og takmarkanir.

- Það er ljóst við lestur lögregluskýrsla sem teknar voru af Alberti að lýsingar hans voru mjög óljósar og hann virðist ekki hafa haft sjálfstætt minni um atburði málsins. Hann notar mikið „mig minnir“, „rifjast upp“, og haft er eftir honum að hann „kvaðst ekki muna fyrir víst“. Reynt var að fá geðlækni og sálfræðing til að hjálpa honum að muna hvað gerðist og hvernig þátttöku hans í málinu var háttað, en án árangurs. Líklegt er að þetta hafi ruglað hann enn frekar.
- Framburður Alberts ber merki minnisvafaheilkennis (e. *memory distrust syndrome*). Hann virðist hafa farið að trúa því með tímanum að hann væri flæktur í Guðmundarmálið sem bílstjóri, en óljósar og árangurslausar lýsingar hans á atburðarásinni virðast hafa orðið til þess að lögreglan leitaði aðstoðar geðlæknis og sálfræðings til að reyna að auka minningar hans, án sjáanlegs árangurs. Frásagnir Alberts í viðtali við Gísla þann í febrúar 2012 eru í samræmi við þessa niðurstöðu. Í ljósi þessa er líklegt að vantrú hans á eigið minni í þessu máli hafi byrjað fljótlega eftir að yfirheyrslan hófst þann 23. desember 1975 og svo aukist smátt og smátt í gæsluvarðhaldinu. Í raun virðist sem vantrú hans á minni sitt sé enn til staðar því hann lifir enn með þeirri hugsun að ef til vill hafi hann orðið vitni að og tekið þátt í atburði sem hann hefur engar minningar um og er hræddur um að dag einn rifjist það upp fyrir sér. Minnisvafaheilkennið sem

---

<sup>359</sup> Gísli H. Guðjónsson (2003a).

tengist framburði hans í Guðmundarmálinu er greinilega til staðar enn þann dag í dag og virðast áhrif þess ekki hafa minnkað í gegnum árin. Þetta sýnir vangetu Alberts til að draga í efa grundvöllinn fyrir trú sinni að hann hafi átt aðild að hvarfi Guðmundar, en það er nauðsynlegt svo hann geti sætt sig við að hafa ekki átt þátt í því.<sup>360</sup>

- Frásagnir Alberts í lögregluskýrslunum sem teknar voru af honum þróuðust með tímanum og tóku ýmsum breytingum. Við skýrslutöku hjá lögreglu þann 6. október 1976, en þá var hann laus úr gæsluvarðhaldinu, sagði hann: „Mér finnst núna við þessar síðustu yfirheyrslur að eitthvað sé að mér í höfðinu. Ég veit ég tók þátt í þessu og að ég ætti að geta sagt skýrt frá öllu, en þótt ég reyni að leggja mig fram þá á ég erfitt með að greina á milli hugarburðar og veruleika.“ Þetta gefur til kynna að Albert hafi lagt mikið á sig til að vinna með lögreglunni, sem sýnir mikla undanlátsssemi hans, trúandi því að hann sé flæktur í málið án þess að hafa nokkrar minningar um hvað raunverulega gerðist. Þetta er einnig í fullu samræmi við einkenni minnisvafaheilkennis og sýnir hversu samofin þessi trú varð minni hans og hegðun. Þetta lýsir meiriháttar truflun á raunveruleikamati.
- Innihald upplýsinganna sem Albert gaf lögreglu og fyrir dómi gefur til kynna að hann hafi almennt verið óskýr og óviss um það sem hann sagði lögreglunni. Hann virtist í fyrstu viss um að hann vissi ekkert um Guðmundarmálið, en varð smátt og smátt sannfærður um að hann hefði verið á Hamarsbraut 11 í Hafnafirði nóttina sem Guðmundur hvarf, án þess að hafa nokkrar raunverulegar minningar um það. Albert sagði að lögreglan hefði tjáð honum þegar hann var handtekinn 23. desember 1975 að honum yrði ekki sleppt úr fangelsi fyrr en málinu lyki. Óháð því sem honum var sagt þá er líklegt að skilningur hans á þeim tíma hafi verið sá að honum myndi ekki verða sleppt úr gæsluvarðhaldi fyrr en lögreglan væri sátt við framburð hans.
- Í viðtalinu við Gísla kom Albert fyrir sem maður með mjög lágt sjálfsmat og lítið sjálfstraust og virtist mjög kvíðinn fyrir viðtalinu. Hann lýsti meðal annars ótta sínum yfir því að hann byggji hugsanlega yfir bældu minni um hvarf Guðmundar, sem hann óttaðist að yrði honum einhvern tímann ljóst. Þetta á sér trúlega rætur í fölskum hugmyndum hans og vangetu til að íhuga og endurskoða á gagnrýninn hátt framburðinn sem hann gaf lögreglu í Guðmundarmálinu.

### *Ályktanir um framburð Alberts*

Eftir að hafa farið vandlega yfir gögn þau er liggja til grundvallar þessari skýrslu þá telja höfundar þessa kafla það hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir Alberts í Guðmundarmáli, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, voru óáreiðanlegir.

Miðað við fyrirliggjandi gögn er einkum þrennt sem getur skýrt nánar hvers vegna Albert játaði aðild að málinu. Í fyrsta lagi fannst honum ekki ólíklegt að Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Sævar væru viðriðnir hvarf Guðmundar, vegna þess að hann sagðist hafa séð Kristján Viðar og Tryggva Rúnar beita fólk ofbeldi að frumkvæði Sævars. Þessi vitneskja gerði Alberti auðveldara með að samþykkja tillögur lögreglunnar um að þeir hefðu myrt Guðmund. Lögreglan sagði honum að Sævar hefði bendlað hann við dauða Guðmundar og það flækti hann í málið og ekki aðeins sem vitni heldur hugsan-

---

<sup>360</sup> Sjá umfjöllun um sambærileg tilvik í máli Andrew Evans í Englandi og norska Birgitte Tengs málinu í Gíslu H. Guðjónsson (2003a).

lega meðsekan. Þekkt er að í slíkum tilfellum er líklegt að athygli einstaklings beinist fyrst og fremst að því að vera samvinnuþýður við lögreglu í von um að framburður hans sé viðurkenndur og hann leystur úr gæsluvarðhaldi.<sup>361</sup> Líklegt er að þetta hafi verið í huga Alberts við fyrstu yfirheyrslurnar þann 23. desember 1975. Í öðru lagi hafði Albert (og hefur enn) neikvæða skoðun á eigin minni. Hann taldi (og telur enn) minni sitt slæmt og fannst hann ekki geta treyst því. Þetta gerði hann líklegan til að fallast gagnrýnislaust á tillögur lögreglunnar. Í þriðja lagi sagðist hann hafa verið (og vera enn) mikill „jamaður“ eða mjög undanlátssamur, sem gerði það að verkum að hann lét undan kröfum lögreglunnar við yfirheyrslurnar. Hann virtist allan tímann hafa lagt sig fram um samvinnu við lögregluna, reynt að gera það sem þeir báðu hann um og reynt að muna hvað gerðist á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði aðfaraótt 27. janúar 1974.

Framburður Alberts í Guðmundarmálinu og það að hann játaði að hafa átt þátt í hvarfi Guðmundar, ber merki um óáreiðanlegan framburð á eftirfarandi hátt: 1) Sterkur vilji hans til að hjálpa lögreglunni við að leysa málið, 2) blint traust á yfirheyrendur um sekt Kristjáns Viðars, Tryggva Rúnars og Sævars og sína þátttöku í málinu, 3) mikil og almenn vantrú á minni sitt, 4) truflun á raunveruleikamati hans, 5) skortur á gagnrýninni hugsun til að draga í efa tillögur lögreglunnar, 6) þróun minnisvafaheilkenniss, 7) óljósar lýsingar hans á atvikum málsins, 8) breytingar hans á framburði til að mæta væntingum lögreglunnar, 9) lágt sjálfsmat og mikil undanlátsssemi, 10) algjör vangeta til að gefa lögreglu upplýsingar sem unnt var að staðfesta, þ.e. skortur á þekkingu á atvikum málsins.

Það hversu fljótt Albert játaði aðild sína að Guðmundarmálinu, miðað við hina sakborn-ingana, má skýra með því hversu takmarkaða trú hann hafði á minni sínu, lágu sjálfs-mati hans, mikilli undanlátsssemi og skort á gagnrýninni hugsun við yfirheyrslurnar. Sú staðreynd að lögreglan fékk bæði geðlækni og sálfræðing í lið með sér til að hressa upp á minni Alberts lýsir vel í hve miklum vanda hann var við að rifja upp atvik málsins og meinta þátttöku sína í hvarfi Guðmundar.

Okkar mat á því að hann reyndist ófær um að leggja fram áþreifanlegar sannanir í málinu er sú að hann hafði í raun og veru enga hugmynd um það. Þá er líklegt að ótti Alberts um að hann hafi hugsanlega framið alvarlegt afbrot, eða orðið vitni að slíku, án þess að muna eftir því og að það geti einhvern tímann rifjast upp fyrir honum, gefi til kynna að hann kvíði hinu óþekkta og að hann eigi við alvarleg minnis- og raunveruleikamatsvandamál að stríða.

#### **19.2.6. Sálfræðilegt mat á áreiðanleika framburðar Guðjóns Skarphéðinssonar**

Guðjón Skarphéðinsson sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á Geirfinnsmálinu frá 13. nóvember 1976 til 22. febrúar 1980 þegar dómur féll í Hæstarétti, eða í 1202 daga. Þar af var hann vistaður í 412 daga í einangrun í Síðumúlafangelsinu, eða frá 12. nóvember 1976 til 29. desember 1977. Hann var ákærður fyrir að hafa, í félagi við Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski, ráðist á Geirfinn Einarsson í Dráttar-

<sup>361</sup> Sjá fyrsta hluta þessa kafla.

brautinni í Keflavík aðfaranótt 20. nóvember 1974 og misþyrmt honum þannig að hann hlaut bana af og flutt lík hans að heimili Kristjáns Viðars í Reykjavík. Hann var auk þess ákærður fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni. Guðjón hlaut með dómi saka-dóms Reykjavíkur 12 ára fangelsisrefsingu og var sá dómur mildaður í 10 ár í Hæstarétti 22. febrúar 1980.

### ***Yfirheyrslur yfir Guðjóni***

Guðjón fæddist 19. júní 1943 og var hann því 32 ára þegar rannsóknarlögreglumaður ræddi fyrst við hann, og konu hans, um Geirfinnsmálið á heimili þeirra 10. febrúar 1976. Samkvæmt skýrslum lögreglunnar var aftur rætt við Guðjón og konu hans um Sævar, vegna Geirfinnsmálsins, á heimili þeirra 12. maí 1976. Í fyrra skiptið var haft eftir Guðjóni að Sævar teldi sig vita allt um Geirfinnsmálið og „að lítill vandi væri hér á Íslandi að kála fólki og koma því fyrir svo það fyndist aldrei.“ Tólfta maí 1976 var svo rætt við Guðjón „um ferðir Sævars og komur á skrifstofu Klúbbsins.“ Í viðtalinu þann 10. febrúar kom eftirfarandi fram:

*„Guðjón þekkir Sævar nokkuð vel, var kennari hans í eina tíð og kynntist honum svo aftur fyrir ca. þrem árum og svo aftur nokkuð náið á síðastliðnu sumri. Hann segir erfitt oft að átta sig á því hvort að Sævar sé að segja satt eða ekki, en hann telur að Sævar sé nokkuð vel greindur, en hafði mjög slæmt minni. Hann segir að Sævar hafði á síðastliðnu vori eða snemma á síðastliðnu sumri, haft það að orði við sig, að lítill vandi væri hér á Íslandi að kála fólki og koma því fyrir svo það fyndist aldrei. Vandinn væri aðeins sá, að fara með það úti hraun og urða það. Það fyndist aldrei. Ekki hafði Sævar neitt úttalað sig nánar um slíkar aðgerðir. Þá hafði Sævar á sama tíma sagt Guðjóni, að hann, þ.e. Sævar vissi allt um Geirfinnsmálið, en hafði samt sem áður ekki sagt neitt nánar frá því.“*

Fyrsta formlega skýrslan vegna Geirfinnsmálsins var tekin af Guðjón þann 14. maí 1976, eftir að rannsóknarlögreglumaður hefði rætt við hann óformlega fyrr um daginn. Við skýrslutökuna var hann spurður um ferðir sínar í nóvember 1974 og rakti hann kynni sín af Sævari og staðfesti það sem hann hafði sagt í viðtölum við rannsóknarlögreglumanninn á heimili sínu, „hann sagðist engin samskipti hafa átt við Sævar frá því ágúst eða september 1974 til vors 1975. [...] Guðjón neitar því algjörlega að hafa verið viðstaddur á Vatnsstíg í nóvember 1974, og á þeim tíma aldrei hafa komið upp í sendiferðabifreið“.

Fimmta nóvember 1976 gerði þýski rannsóknarlögreglumaðurinn Schütz lista yfir atriði sem hann taldi að þyrfti að kanna áður en hafist væri handa gagnvart Guðjóni, s.s. saka-vottorð, lista yfir öll mál sem hann hefði verið viðriðinn, refsivistir í fangelsi, bifreiðar sem hann hefði átt og vopn í hans eigu. Á þessum tíma var Guðjón grunaður um aðild að hvarfi Geirfinns og dauða og að hafa falið lík Geirfinns í Grafningnum eða Þing-

vallavatni<sup>362</sup>. Áttunda nóvember var gerð skýrsla um niðurstöður þessar athugunar á Guðjóni. Á þessum tíma hafði hann hreint sakavottorð, en var grunaður um aðild að smygli á fíkniefnum árið 1975 og var það mál enn í rannsókn. Hann hafði verið vistaður í fangageymslu lögreglunnar á Hverfisgötu vegna fíkniefnamáls dagana 12. og 13. desember 1975 og í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsinu frá 13. til 18. desember s.á. Á þessum tíma hafði Guðjón aðeins átt eina bifreið og hafði hún verið notuð var til að smygla fíkniefnum í til Íslands.

Þann 12. nóvember 1976 var Guðjón handtekinn á heimili sínu og grunaður um aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar. Gerð var húsleit<sup>363</sup> og hann yfirheyrður á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Tók sú yfirheyrsla tæpar sex klukkustundir eða frá því klukkan um hálf átta um morguninn til rúmlega eitt eftir hádegi. Að þessari yfirheyrslu lokinni var hann færður í Síðumúlafangelsið. Í dagbók fangelsisins kemur fram að síðar þennan sama dag hafi hann verið yfirheyrður þrisvar sinnum í samtals rúmar fimm klukkustundir, tvisvar í fangelsinu og einu sinni í sakadómi Reykjavíkur, og lauk síðustu yfirheyrslunni í fangelsinu klukkan hálf tvö um nóttina. Þennan dag var hann því yfirheyrður í samtals ellefu klukkustundir. Í dagbókinni kemur einnig fram að Birgir Þormar fulltrúi yfirsakadómara hafi verið viðstaddur eina yfirheyrsluna í fangelsinu.

Tvær lögregluskýrslur liggja fyrir um yfirheyrslurnar þennan dag. Í þeirri fyrri segir að fjórir lögreglumenn hafi farið heim til Guðjóns þennan morgun og handtekið hann og „kom [Guðjón] án mótþróa, en hann var í svefni er við komum“. Í þessum yfirheyrslum neitaði Guðjón aðild að Geirfinnsmálinu og sagðist lítið vita um málið annað en það sem hann hefði lesið og heyrt í fjölmiðlum<sup>364</sup>. Þegar Guðjóni hafði verið bent á að hann lægi undir grun um aðild að hvarf Geirfinns Einarssonar sagði hann:

*„Ég fullyrði, að ég hef enga vitneskju varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar, eða nokkuð í því sambandi umfram það sem ég hef lesið í dagblöðum. Ég er viss um að ég var ekki á Vatnsstíg þar sem Sævar og Erla segjast hafa verið. [...] Það er alrangt að ég hafi átt símtal við Geirfinn og á eftir sagt Sævari að ég ætti stefnumót við hann, þ.e. Geirfinn. Ég hafði aldrei heyrt Geirfinns getið fyrir en ég las um málið í blöðunum. [...] Ég er þess alveg fullviss, að ég fór ekki til Keflavíkur þann 19. 11.1974 ásamt Sævari, Erlu og Kristjáni Viðari. Sömmuleiðis er ég þess fullviss að ég var ekki í Keflavík á þessum tíma. Ég þekki Sævar. Erlu þekki ég nokkuð, en Kristján Viðar þekki ég ekki. [...] Ég hef aldrei komið heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 og þar af leiðandi*

<sup>362</sup> Samkvæmt lögregluskýrslum dagsetttum dagana 28. til 30. október 1976 var farið austur í Grafning eftir ábendingu Sævars. Hann hafði gert lauslegan uppdrátt af staðnum, en samkvæmt honum átti líkið að vera urðað einhversstaðar á milli Hagvíkur og Villingavatns.

<sup>363</sup> Við húsleitina, sem Guðjón samþykkti, fannst minnisbók í tösku undir skrifborði, sem í höfðu verið skrifuð nokkur atriði um Geirfinnsmálið úr fjölmiðlum frá 22.-26. nóvember 1974. Á fyrstu síðu minnisbókarinnar stóð skrifað: „Skrifað á Laugaveg 28, 6. júní með nýkeyptum penna Sævars“. Minnisbók þessi var notuð til að renna stoðum undir sakir Guðjóns í Geirfinnsmálinu. Í henni kemur þó ekkert fram sem ekki hafði verið nefnt í fjölmiðlum.

<sup>364</sup> Á þessum tíma var vitað að Erla hafði sagt Guðjóni frá Geirfinnsmálinu snemma á árinu 1976, eftir að hún var látin laus úr gæsluvarðhaldi.

*kannast ég ekki við þá stöðu að fólksbifreið hafi verið stöðvuð aðaldyramegin og sendibifreið í sundinu bak við húsið. [...] Mér er ekki ljóst hvers vegna því hefur verið haldið fram, að ég sé viðriðinn þetta mál, en ég bendi á að það mun hafa gerst áður í þessu máli, að saklausum mönnum hafi verið bendlað við það.“*

Við skýrslutökuna sagðist Guðjón halda að kvöldið 19. nóvember 1974, þegar Geirfinnur hvarf, hafi hann verið að vinna við að standsetja íbúðina sína þó hann gæti ekki fært sönnur á það.

*„Þegar ég var kallaður til yfirheyrslu í maí s.l. þá var mér ljóst að farið var að bendla mig við málið. Eftir það fór ég að reyna að finna út hvar ég var þetta kvöld. Í því sambandi fór ég á Landsbókasafnið og skoðaði blöð frá þessum tíma og skrifaði hjá mér helstu atriði varðandi málið og einnig atburði, er gerðust á þessum tíma, í því augnamiði að rifja upp þennan tíma. Mér hefur hér á skrifstofunni verið sýnt blað úr dagbók minni, þar sem ég hafði skrifað hjá mér þessi atriði. Sævar kom einu sinni heim til mín í nóv. 1974 en ég man ekki nákvæmlega hvenær það var, en ég er viss um að það var um kvöld á virkum degi. Mér finnst, að þetta kunni að hafa verið þetta umrædda kvöld 19.11.1974. Erla var nýlega búin að kaupa Land Rover bifreið og var Sævar nokkuð hreykinn af því. Þau voru tvö í bifreiðinni og var erindi þeirra ekkert annað en að bjóða mér að aka bifreiðinni.“*

Daginn eftir þessar löngu yfirheyrslur, eða þann 13. nóvember 1976, var Guðjón svo úrskurðaður í 20 daga gæsluvarðhald. Þennan sama dag var hann yfirheyrður tvisvar sinnum í samtals 66 mínútur samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsisins. Hann neitaði allri aðild að Geirfinnsmálinu. Næstu sex dagana á eftir, 14. til 19. nóvember, var hann yfirheyrður sex sinnum í samtals níu klukkutíma samkvæmt dagbók fangelsisins auk þess sem hann var yfirheyrður í sakadómi Reykjavíkur þann 19. nóvember þar sem hann greindi frá samtölum sínum við Erlu Bolladóttur um Geirfinnsmálið.

Þann 15. nóvember er skráð í dagbók fangelsisins að Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómara, hafi hringt og tilkynnt að lögmaður Guðjóns „hafi ekki leyfi til að tala við skjólstaðing sinn“. Ástæðu þess er ekki getið. Guðjón hafði verið „færður til viðtals“ við rannsakendur rétt fyrir tíu kvöldinu áður og yfirheyrður til miðnættis. Í skýrslu þýska rannsóknarlögreglumannsins Schütz kemur fram að þennan dag, 15. nóvember, neitaði Guðjón öllum sakargiftum og sagði: „Ég hef hugsað mikið, til að reyna að muna eitthvað, en ég finn ekkert. Ég hef aldrei áður heyrt nafn Geirfinns nefnt. Nei, ég er alls ekki viðriðinn þessu máli.“<sup>365</sup> Að þessari yfirheyrslu í fangelsinu lokinni fór Schütz fram á að höfð væri gát á klósettferðum Guðjóns, Sævars og Kristjáns Viðars, og „leita rækilega ef þeir hugsanlega gætu reynt bréfaskipti sín á milli“.

<sup>365</sup> Þetta sýnir að Guðjón var strax á þessum tíma farinn að reyna að rifja upp hvort hann vissi eitthvað um málið og var farinn að reyna að aðstoða lögregluna við að leysa það. Í viðtali Guðjóns við starfshópin kom fram að samskipti Guðjóns og Schütz fóru stundum fram á þýsku.

Þann 23. nóvember var Guðjón svo yfirheyrður í sakadómi af Schütz og var hann þá farinn að trúá því að hann væri hugsanlega viðriðinn Geirfinnsmálið, án þess þó að muna eftir því. Hann taldi sig því ekki geta útilokað að hann væri flæktur í málið. Frá 15. til 23. nóvember voru teknar fjórar skýrslur af Guðjóni og hann yfirheyrður þrisvar sinnum að auki í samtals sjö og hálf klukkustund. Þann 24. nóvember var tvisvar sinnum rætt við Guðjón í samtals um eina og hálf klukkustund og 25. nóvember átti Grétar Sæmundsson rannsóknarlögreglumaður viðtal við hann í klefa hans í fangelsinu. Erindi Grétars var að færa Guðjóni blöð til að skrifa á minnispunkta um Geirfinnsmálið fyrir dómarrannsóknina. Grétar skrifar svo í skýrslu sinni:

*„Við þetta tækifæri talaði ég stutta stund við Guðjón. Hann talaði að fyrri bragði um ferð til Keflavíkur þann 19. nóvember 1974, og að það væri skrytið að hann skyldi ekki muna eftir henni, þó sæi hann stundum myndir fyrir hugskotssjónum sínum sem hann ætti erfitt með að átta sig á. Spurði hann svo hvort ekki væri rétt að honum yrði ekið til Keflavíkur, ef verða mætti til að eitthvað rifjaðist upp fyrir honum. Ég kvaðst mundu segja dómarrannsóknunum frá þessu og hann tæki ákvörðun um þetta atriði. Ég brýndi fyrir Guðjóni að skrifa allt niður, sem verða mætti til að skýra þetta mál. Hann ætlaði að gera það og bað um að það yrði sótt morguninn eftir. [...] Guðjón var í mjög viðkvæmu sálarástandi er ég var að tala við hann þetta sinn. Hann virtist vera klökkur og eiga erfitt með að tala um málið. [...] Morguninn eftir [10:45] kom ég aftur í fangelsið og þá til að sækja það sem Guðjón hafði skrifað dómarrannsóknunum. Guðjón var þá í betra andlegu jafnvægi. Hann kvaðst ekki geta rifjað neitt upp um Keflavíkur ferð og telja að hann hafi ekki farið þangað.“*

Þann 28. nóvember var farið með Guðjón í vettvangsferð á Vatnsstíg í Reykjavík og til Keflavíkur, sem tók tæpa þrjár klukkustundir. Hann var spurður að því á leiðinni til Keflavíkur „af hvaða ástæðum hann gæti ekki munað eftir atburðum sem væru svo þungir á metunum. Hann svaraði: „Á árinu 1974 var ég orðinn mjög þunglyndur, þess vegna get ég ekki munað ákveðin atvik skýrt. Þunglyndið lýsti sér þannig að ég var þreyttur og rólegur. Ástæða þunglyndisins var lát föður míns 5.7.1974.<sup>366</sup> [...] Að ósk G. var einnig ekið inn á svæði dráttarbrautarinnar í Keflavík“.

Daginn eftir, eða 29. nóvember, var Guðjón yfirheyrður og tekin af honum skýrsla og tók það samtals rúmar sex klukkustundir. Guðjón gaf mjög óljósa lýsingu á hugsanlegri atburðarás eins og sjá má:

*„Ég [Guðjón] man ekki hvaða dag þetta var, en þetta gæti hafa verið þriðju-daginn 19. nóvember 1974. [...] Mig minnir að Sævar hafi komið inn á kaffihúsið og sagt eitthvað á þá leið að nú væri bara að þegja, en jafnvel þá áttaði ég mig ekki á hvað var um að vera. Mig minnir að ég hafi lagt upp í þessa ferð*

<sup>366</sup> Þetta er sterk vísbending um það að Guðjón mundi ekki eftir ferðinni til Keflavíkur þann 19. nóvember 1974, en taldi sér trú um að hann hefði farið í ferðina og var að gera sitt besta til að reyna að rifja ferðina upp eða búa til minningar um hana, jafnvel þó hún hefði aldrei átt sér stað.



*frá Lambhóli við Starhaga, en mig minnir að ég hafi verið þar í heimsókn hjá [...] kunningja mínum. Það er ekki víst að ég muni þetta rétt. [...] Svo sem ég sagði í gær þá minnir mig, að ég hafi ekið bifreiðinni til Keflavíkur og með mér í bifreiðinni hafi verið þrír farþegar, einn af þeim var Sævar Ciesielski, en hinir tveir gætu hafa verið Erla og Kristján Viðar.“*

Þann 30. nóvember fór fram sakbending til að kanna hvort Kristján Viðar þekkti Guðjón úr hópi átta manna.<sup>367</sup> Að því loknu fór fram samprófun milli Guðjóns og Kristjáns Viðars. Guðjón neitaði að kannast við Kristján Viðar eða að hafa hitt hann áður, en Kristján Viðar sagðist vera „alveg viss [um að hafa séð Guðjón áður], nema að maðurinn eigi tvífara, sem mindi þá þurfa að líta nákvæmlega út eins og Guðjón.“ Skýrsla var tekin af Guðjóni eftir þessa samprófun, sem tók tæpar fjórar klukkustundir, og þá lýsti hann aðdraganda ferðar með Sævari, Erlu og einhverjum „fjórða manningnum“ til Keflavíkur. Svo er haft eftir Guðjóni:

*„Auk mín voru í bifreiðinni Sævar og Erla og mig rámar í að fjórði maður hafi verið á leiðinni suður eftir. [...] Ég hef hér í dag séð Kristján Viðar og þekki hann ekki sem fjórða manninn í bifreiðinni, en það er þó möguleiki að það hafið verið hann þótt ég þekki hann ekki aftur. [...] Ég man ekki eftir að hafa séð lík og ég man heldur ekki eftir að hafa tekið þátt í átökum. Á bakleiðinni talaði Sævar að ég væri samsekur um morð, og varð ég þá hræddur, en hann bætti við, sástu ekki þegar við drápum manninn. [...] Það er nú að rifjast upp fyrir mér að verið geti að ég hafi ekið beint heim til mín, er til Reykjavíkur kom, og Sævar hafi fengið lánaða hjá mér skóflu. Ekki er ég viss um þetta“.*

Annan desember var tekin skýrsla af Guðjóni og hann yfirheyrður um ferðina til Keflavíkur. Tók þetta samtals rúmar fimm klukkustundir. Greindi hann á svipaðan hátt og áður frá atburðarásinni, en áberandi er hversu óljós lýsing hans er. Guðjón kvaðst ekki kannast við þriðja manninn en sagðist halda að hann hafi verið hræddur við hann og því ekki þorað að skorast undan Keflavíkurferðinni. Hann kveðst minnast þess að Fiatinn hafi verið skilinn eftir á Snorrabraut og Guðjón ekið þremmenningunum til Keflavíkur á bíl af amerískri eldri gerð. Hann sagðist óljóst muna atburðarásina og þvertækur ekki fyrir að stoppað hafi verið á Vatnsstíg. Minnti að spurt hafi verið á hæðinni fyrir ofan Hafnarfjörð hvort einhver sæi í sendibifreiðina. Guðjón kvaðst ekki muna hvort hann fór út, minni hans förlast um það sem kann að hafa gerst. Minnist ekki þátttöku í átökum né að hafa orðið vitni að þeim. Guðjón sagðist ekki muna þegar farið var frá Keflavík að hafa það á tilfinningunni að eitthvað hræðilegt hefði gerst sem ekki átti að gerast. Nefnir Guðjón að Sævar hafi vel hafa getað verið eini farþegi sinn til Reykjavíkur, eins og hann hafði áður sagt. Ítrekar Guðjón það sem Sævar sagði og segist hafa svarað Sævari að hann hafi ekki séð neitt. Ólýsanleg skelfing hafi sett að Guðjóni og

<sup>367</sup> Þegar skýrsla var tekin af Guðjóni Skarphéðinssyni 14. maí var Kristján Viðar færður úr klefa sínum í herbergi við hlið þess sem Guðjón var yfirheyrður í og var Kristjáni Viðari tvívegis gert kleift að sjá Guðjón þannig að hann gat „virt [hann] vel fyrir sér“. Kristján Viðar hafði því séð Guðjón áður en til þessarar sakbendingar kom sem gerði sakbendinguna tilgangslausu.

hann hafi verið örmagna við heimkomuna. Guðjón kvaðst hafa hugsað að aldrei mættu börn hans og kona komast að þessu.

Frá öðrum til áttunda desember þegar aftur var tekin skýrsla af Guðjóni var hann yfirheyrður tvisvar og einu sinni rætt við hann í klefa hans í samtals rúmar sex klukkustundir og einu sinni farið með hann í þriggja klukkustunda ferð út úr fangelsinu. Við skýrslutökuna 8. desember, sem tók tæpar sex klukkustundir<sup>368</sup> sagðist hann vilja skýra frá sannleikanum í málinu: „Ég ætla nú að skýra frá sannleikanum í máli þessu eftir því sem ég best man. Nokkur atriði þessa máls eru óljós í minni mínu, en kunna þó að rifjast upp fyrir mér síðar“. Hann lýsti ferðinni til Keflavíkur og sagði: „Mig rámar í, að ég hafi ekið bifreiðinni, sem ég hafði til umráða, á einhvern stað til að skilja hana eftir. [...] Það var ljósblá Volkswagen fólksbifreið“. Þá lýsti hann átökunum í Dráttarbrautinni:

*„Í stuttu máli sagt þá lentum við þrír í átökum við Geirfinn, er leiddu til dauða hans. [...] Ég man ekki eftir er líkið var sett í bifreiðina, en á leiðinni til Reykjavíkur man ég eftir orðum Sævars að ég væri samsekur um morð. [...] Sá sem ég hef hér talað um sem fjórða manninn í bifreiðinni á leiðinni suður í Keflavík mun vera Kristján Viðar Viðarsson, en ég þekkti hann ekki fyrir þennan tíma og tók lítið eftir honum í þessari ferð. Við samprófun hefur Kristján Viðar sagt, að hann hafi verið í Dráttarbrautinni umrætt sinn og get ég ekki dregið það í efa, enda þótt ég komi honum ekki fyrir mig.“*

Við skýrslutöku þann 10. desember, sem virðist hafa staðið yfir í þrjár og hálf klukkustund, sagðist Guðjón hafa „...ótrúlega gott minni, en hann þyrfti að fá að hugsa málið í rólegheitum. Þegar hann væri yfirheyrður ætti hann erfitt með að ákveða hvað væri rétt og satt og hvað ekki. Hann kvaðst mundu setjast við að skrifa niður gang málsins, en þannig ætti hann auðveldast með að rifja upp.“

Guðjón var yfirheyrður sex sinnum og sex sinnum rætt við hann í klefa hans á tímabilinu frá 10. til 27. desember 1976, í samtals 14 og hálf klukkustund. Í minnispunktum Grétars Sæmundssonar rannsóknarlögreglumanns um yfirheyrslur yfir Guðjóni „þar sem ekki voru gerðar formlegar skýrslur“, dagsett 27. desember 1976, er haft eftir Guðjóni „að sér finnist, að hann hafi ekið austur Miklubraut í þeim tilgangi að koma líkinu fyrir, þegar komið var úr Keflavík.“ Hann nefndi í þessu sambandi ýmsa staði t.d. Ártúnshöfða, hitaveitustokk og opinn skurð við Dalbraut. Í sömu minnispunktum rannsóknarmanna um yfirheyrslu tveimur dögum síðar lýsir Guðjón ýmsu í atburðarásinni í Keflavíkurferðinni og flutningi á líki Geirfinns:

*„Guðjón var, er hér var komið ítarlega spurður um hvort hann hefði tekið þátt í að koma líkinu fyrir strax þessa umræddu nótt. Hann sagði þá að verið gæti, að hann hafi þá um nóttina ekið líkinu á þann stað, sem því var komið fyrir á.“*

---

<sup>368</sup> Samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsisins hafði Guðjón verið yfirheyrður í fjóra og hálfan tíma þennan dag áður en þessi skýrslutaka fór fram og var hann því yfirheyrður í samtals rúmar tíu klukkustundir þennan dag.

[...] Hann kvaðst alveg viss um að ekki hafi verið kveikt í líkinu, enda hlyti hann að muna eftir því, þar sem það væri fáránlegt.

[...]

Þar sem Guðjón Skarphéðinsson hafði nefnt opinn skurð við Dalbraut og að hann hefði stungið upp á að koma þar fyrir líki Geirfinns, en jafnframt sagt að þarna hafi verið um að ræða skurð í sambandi við lagningu jarðrafmagnskapals, þá talaði ég [Grétar Sæmundsson] við Hersi Oddsson, fulltrúa hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Hann upplýsti að á þeirra vegum hefði jarðkapall verið lagður um Dalbraut sumarið 1973. Mokað hefði verið ofan í skurðinn jafnóðum og verkinu verið lokið það sumar. Guðjóni var ekki sagt frá þessum upplýsingum.“

Samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsisins var farið með Guðjón á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar í eftirmiðdaginn 31. desember 1976, til að gangast undir lygamælingapróf hjá Gísla H. Guðjónssyni, öðrum höfunda þessa kafla og þáverandi rannsóknarlögreglumanni og meistaranema í sálfræði.<sup>369</sup> Í skýrslu Schütz 7. janúar 1977 kemur fram að lygamælingaprófið hafi aukið óvissu Guðjóns um þátt sinn í Geirfinnsmálinu. Það kemur fram hjá Schütz að Guðjón „hefur frá því 30. desember 1976 valdið erfiðleikum við að upplýsa málið frekar.“ Eftir lygamælingaprófið „lét hann í ljós gagnvart rannsóknarmönnum nefndarinnar að hann vissi eiginlega alls ekki hvort hann hefði verið í Keflavík eða ekki.“ Eftir prófið sögðu „rannsóknarmenn nefndarinnar, sem önnuðust yfirheyrslur á kærða [að þeir] urðu varir við algjöra breytingu eftir prófið (31.12.76). Hann var lokaður og lét ummæli falla eitthvað á þessa leið „Ég verð nú að hugsa mig um tvisvar. Ætti ég kannski að taka til baka allt sem ég hef sagt? Annars veit ég alls ekki hvar ég stend, hver eigi að annast mig. Og þeir (rannsóknarlögreglumennirnir) vita ekkert. Helzt vildi ég ekkert segja meira fram til 12.1.1977.““

Í framhaldi af þessu óskaði Schütz eftir því að Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómara, léti hann fá gögn um lygamælingaprófið og fékk hann þau frá Gísla. Schütz segir enn fremur í skýrslunni: „Á meðan ég var í burtu hélt Birgir áformum sínum leyndum og færðist undan því að afhenda rannsóknarnefndinni spurningarnar [úr lygamælingaprófinu].“ Schütz var ósáttur við að lygamælingaprófið var lagt fyrir og sagði: „Ég tel það skyldu mína að benda á þær hindranir, sem rannsókn málsins stendur nú frammi fyrir, þar sem þær kunna að hafa stefnt í voða frekari framvindu á rannsókn málsins, sem ekki var lokið. Sérstaklega var að vænta af Guðjóni, að hann upplýsti síðustu vafa-

<sup>369</sup> Á þessum tíma var Gísli að gera rannsókn á Íslandi á lygamælingum og hafði óskað eftir að leggja lygamælingapróf fyrir fanga í Síðumúlafangelsinu. Rannsóknin var lokaverkefni Gísla í meistaranámi við háskólann í Surrey í Englandi. Gísli gekk út frá því að niðurstöður rannsóknar hans yrðu ekki notaðar í Geirfinnsmálinu. Gögnin um lygapróf Guðjóns lét Gísli hins vegar af hendi eftir að Birgir Þormar fulltrúi yfirsakadómara fór fram á það. Svör Guðjóns við einni spurningu Gísla sýndi að hann var óviss um hverjir stóðu á bak við hvarf Geirfinns.

atriðin. Öll rannsóknaraðferðin, sem beitt hefur verið gagnvart honum, beinist að þessu marki“<sup>370</sup>.

Næst var Guðjón tekinn til skýrslutöku af lögreglu 10. janúar 1977. Framburður Guðjóns þennan dag er í þremur mismunandi skýrslum. Á þessum 11 dögum frá 29. desember hafði hann verið yfirheyrður sex sinnum í samtals 21 klukkustund og einu sinni farið með hann úr fangelsinu í hálf tíma. Efni þessara yfirheyrsla var ferðin til Keflavíkur, akstursleiðir, þeir sem komu við sögu í ferðinni og hvert var farið með lík Geirfinns og í sumum tilfellum var yfirlýstur tilgangur yfirheyrslanna að „styrkja játningar“ Guðjóns, sem voru þó greinilega hikandi og óljósar og oft með fyrirvörum um að hann „minnti“ eða „teldi“ að eitthvað hefði gerst. Athygli vekur að Guðjón neitaði að undirrita skýrslur 10. janúar án þess að ástæður þess séu ljósar.

Fjórar skýrslur voru teknar af Guðjóni frá 10. janúar til 8. febrúar, sem tók samtals tæplega 12 klukkustundir, tímalengd sumra er ekki skráð. Hann var yfirheyrður níu sinnum og einu sinni rætt við hann í klefa hans, í samtals 22 klukkustundir. Efni þessara skýrslna var m.a. símtal við vinnuveitanda Geirfinns, peningar í tengslum við Keflavíkurferðina, skóflur sem áttu að hafa verið notaðar við að grafa lík Geirfinns, og fleira og var tilgangurinn áfram að „styrkja játningar“ Guðjóns. Skýrsla sem gerð var 8. febrúar var um frásögn Guðjóns sem kom fram við sviðsetningu atburða í Dráttarbrautinni þann 23. janúar 1977.

Næsta skýrslutaka af Guðjóni fór ekki fram fyrr en 29. júní, en þá hafði hann verið yfirheyrður fjórum sinnum frá 8. febrúar og tvisvar rætt við hann í klefa í samtals tæpar fjórar klukkustundir. Í dagbók Síðumúlafangelsisins er annað viðtalið í klefa hans sagt hafa verið við Örn Höskuldsson, fulltrúa yfirsakadómarara. Skýrslutakan 29. júní fór fram í sakadómi Reykjavíkur og tók tæpar sex klukkustundir með hádegishléi. Eftir að honum hafði verið kynnt sakarefnið sagðist hann ekki vilja viðurkenna það „að svo stöddu“, hann játaði í raun ekkert sjálfur en sagðist ekki geta dæmt um réttmæti frásagna annarra.

Frá 29. júní til 29. desember 1977 þegar Guðjón var fluttur í fangelsið Kviabryggju, voru þrjár skýrslur teknar af honum, sem tóku samtals sex klukkustundir, og hann fjórum sinnum tekinn til samprófunar, tvisvar við Sævar og einu sinni við Erlu og

---

<sup>370</sup> Þessi skrif Schütz gefa til kynna að markmið yfirheyrslanna yfir Guðjóni hafi fyrst og fremst verið að sanna sekt hans, en ekki að til að fá fram sannleikann í málinu. Hætta er á að svona einstrengislegt sjónarmið, eða „rörsýn“ við rannsókn sakamála, leiði til þess að megin áherslan við rannsókn verður á að brjóta niður mótstöðu sakbornings. Undir venjulegum kringumstæðum þýðir það að beitt er meiri þrýstingi á sakborninginn við yfirheyrslur og að allar vísbendingar um sakleysi hans eru hundsáðar án þess að ihuga gildi þeirra til að komast að sannleikanum í málinu. Lýsingin á viðbrögðum Guðjóns eftir lygamælingaprófið sýnir augljós merki þess að hann efaðist um aðild sína að Geirfinnsmálinu. Það, ásamt óljósum og hikandi framburði hans eru sterkar vísbendingar um að hann hafi alls enga þekkingu haft á málinu umfram það sem hann hafði lesið í fjölmiðlum. Á áttunda áratugnum höfðu menn ekki næga þekkingu á afleiðingum þess þegar lögreglumenn eru fullvissir um sekt sakbornings þegar þeir yfirheyrja hann. Fjöl margar rannsóknir á raunverulegum tilfellum falskra játninga sýna að slík viðhorf og einstefna lögreglu auka líkur á fölskum játningum við yfirheyrslur. Sjá í Garratt (2010); Gísli H. Guðjónsson (2003) og Kassin og félagar (2010).

Kristján Viðar. Við skýrslutöku 1. júlí sagði hann framburð Sævars alrangan hvað sig varðaði og sagðist engan þátt hafa átt í flutningi á líki Geirfinns og sagðist ekki vita hvar það væri niðurkomið.

Í ódagsettri lokaskýrslu rannsóknarnefndar Reykjavíkur má glögg sjá viðhorf rannsakenda til Guðjóns eins og hinna sakborninganna. Þar segir m.a.: „Við yfirheyrslur virðist Guðjón vera á varðbergi og ber stöðugt við minnisleysi. Hins vegar hefur hann oft en einu sinni sýnt, að hann man mjög vel eftir ýmsum smáatriðum. Það verður þó að segjast, að hann hefur aldrei reynt að hindra framgang rannsóknarinnar með vísitandi lygi.“ Í skýrslunni er hann sagður hafa „sterka tilhneigingu til að koma sér hjá að skýra frá aðalatriðum málsins, t.d. hvernig dauða Geirfinns bar að og svo atriði sem varða líkið“.

### ***Samantekt um yfirheyrslur yfir Guðjóni***

Samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsis og skýrslum lögreglunnar virðist hafa verið rætt við Guðjón, teknar af honum formlegar skýrslur eða hann yfirheyrður án þess að skrifuð væri formleg skýrsla, samtals a.m.k. 75 sinnum, þegar hann var vistaður í gæsluvarðhaldi vegna Geirfinnsmálsins á tímabilinu frá 12. nóvember 1976 til 29. desember. Viðtöl þessi eða yfirheyrslur fóru ýmist fram í yfirheyrsluherbergi í fangelsinu eða í klefa hans, hjá sakadómi Reykjavíkur eða hjá lögreglunni. Þá var hann fimm sinnum tekin í samprófun á þessu tímabili og níu sinnum farið með hann út úr fangelsinu<sup>371</sup>. Samanlögð skráð tímalengd viðtala og yfirheyrsla á þessum tíma er a.m.k. rúmlega 160 klukkustundir (tæpir sjö sólarhringar), en gera má ráð fyrir að heildartíminn sé mun lengri því tímalengd sumra viðtala og yfirheyrsla er ekki skráð. Þess ber að geta að 12 (tæpur fimmtungur) af þessum 75 samskiptum fóru fram í klefa Guðjóns í Síðumúlafangelsinu.

Í dagbókum Síðumúlafangelsis kemur fram að Guðjón hitti lögmann sinn samtals 27 sinnum þegar hann var vistaður þar í gæsluvarðhaldi. Að minnsta kosti 13 sinnum framan af er ljóst að rannsakandi var viðstaddur viðtölin, en frá 29. júní 1977 virðist hann hafa fengið að hitta lögmann sinn einslega 14 sinnum og skráð er í dagbækur fangelsisins að þeir hafi hist 10 sinnum á tímabilinu frá 3. janúar til 17. mars 1977.

Í dagbókum fangelsisins eru nokkrar færslur er varða samskipti Guðjóns við lögmann sinn og í fyrsta skipti aðeins þrem dögum eftir handtöku hans, þann 15. nóvember 1976. Þá er skráð í dagbókina að Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómara, hafi hringt og tilkynnt að lögmaður Guðjóns „hafi ekki leyfi til að tala við skjólstæðing sinn“. Næsta slíka færsla er miðvikudaginn 6. júlí 1977, en þá er skráð að Gunnlaugur Briem sakadómari hefði hringt og tilkynnt að enginn mætti hafa samband við Guðjón og Sævar fram á laugardagskvöld og þar með taldir lögfræðingar og prestar „og er það vegna samprófunar í málinu. Fangarnir mega ekki vita um þessa ákvörðun.“ Síðar sama dag er skráð að Gunnlaugur hafi hringt aftur og tilkynnt að bannið gilti fram á mánudagskvöld.

---

<sup>371</sup> Í viðtali við Guðjón, og sem er staðfest í gögnum málsins, reyndi hann í þessum ferðum að benda á staði þar sem lík Geirfinns gæti hugsanlega verið niðurkomið, en án árangurs.

Viku síðar eða 13. júlí segir í dagbókinni að Gunnlaugur hafi hringt og tilkynnt að séra Ragnar Fjalar, sóknarprestur í Hallgrímsprestakalli í Reykjavík, mætti ræða við Guðjón einslega tvisvar í mánuði, en hann væri beðinn um að ræða sakamálið ekki við hann og „[lögmaður] má einnig tala við Guðjón, en hann má alls ekki sýna honum málsskjölin. Það sama gildir um hina verjendurna. Allir ofantaldir menn ásamt séra Jóni Bjarman mega tala við sakborninga einslega. Aðrar heimsóknir ekki leyfðar“.

Þann 13. október 1977 er enn skráð að Gunnlaugur hafi hringt og tilkynnt „að [lögmaður Guðjóns] mætti ekki undir neinum kringumstæðum tala við skjólstæðing sinn Guðjón Skarphéðinsson og gildir sama um hann og hina lögfr. 2“. Þremur dögum síðar er svo skráð að Gunnlaugur hafi hringt og boðað komu lögmanns Guðjóns í fangelsið „ásamt manni úr sakadómi til áheyrnar og mætti hann ræða við Guðjón Skarphéðinsson undir þeim kringumstæðum“. Þann 16. nóvember er síðasta færsla er snertir samskipti Guðjóns við lögmann sinn, sem segir að Gunnlaugur hafi gefið leyfi til að lögmaðurinn megi ræða einslega við Guðjón.

### **Dagbók Guðjóns**

Skýrsluhöfundar hafa undir höndum dagbók<sup>372</sup> (lausblaðamappa), sem Guðjón skrifaði þegar hann var vistaður í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsinu og afhenti starfshópnum eftir að hann hafði komið til viðtals í nóvember 2011. Dagbókin nær yfir tímabilið frá 16. nóvember 1976 til 27. desember 1977, þ.e. Guðjón byrjaði að skrifa dagbók þremur dögum eftir að hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald og hætti því tveimur dögum áður en hann var fluttur í fangelsið Kvíabryggju til afplánunar. Fjölmargt í dagbókinni kemur heim og saman við færslur í dagbók fangelsisins, sem gerir þær mjög trúverðugar. Þá endurspeglar hugleiðingar Guðjóns oft það sem kemur fram í lögreglu- og dómskýrslum á sama tíma og hann skrifar þær. Ennfremur koma færslur í dagbók Guðjóns heim og saman við handskrifaða minnispunkta rannsakenda, sem ekki hafa verið gerðir aðgengi-legir opinberlega.

Í dagbókina skrifaði Guðjón hugleiðingar um minni sitt, líðan sína, sjálfsvíg, sekt og sakleysi, og refsingu og dauða. Hann skrifaði hugleiðingar um fjölskyldu sína, samskipti við rannsakendur, fangaverði og fangaprestinn, sendingar sem hann fékk og margt fleira. Í þessari skýrslu verður dagbókinni ekki gerð tæmandi skil, aðeins birtar nokkrar hugleiðingar Guðjóns um samskiptin við rannsakendur og minni sitt eða öllu heldur minnisleysi frá 18. nóvember 1976, sex dögum eftir að hann var handtekinn og vistaður í Síðumúlafangelsinu til, 8. janúar 1977:

*18. nóvember 1976: „Stundum finnst mér ég vera sekur en get ekki munað hvað hefur gerst. Biðin er svo erfið og að hugsa um alla þá sem þykir og hefur þótt vænt um mig. Ég hlýt að vera veikur og hafa verið það lengi. Þetta er geðsjúkdómur. Viljann skortir allan styrk.“*

<sup>372</sup> 15. nóvember 1976 er skráð í dagbók fangelsisins að Schütz og fleiri rannsóknarmenn hafi komið í fangelsið og rætt við Sævar í augnablik og síðan við Guðjón. Einn rannsóknarmannanna hafi athugað „glósumöppu“ [dagbók] Guðjóns en hann „fann ekkert ath.vert við bók Guðjóns og verður hún þar með afhent honum“.

22. nóvember 1976: „Ég sem hef lifað í þeirri trú í tvö ár að ég vissi ekkert um málið og nú á ég að hafa verið viðriðinn það heldur betur. Reyndar er fæst af því komið í ljós. Næsta vika verður sennilega til úrslita. [...] Ef ég bara vissi hvort ég hefði tekið þátt í þessu eða ekki. Ég blekkti fólk það er þannig. Ég er alltaf að leika, ég er veikur maður.“

23. nóvember 1976: „Undarlegt. Í dag var gefið gott ráð sem ég get ekki farið eftir það var að segja allt. Það trúir því enginn að ég muni ekki neitt.“

25. nóvember 1976: „Fékk í dag ágæta heimsókn af séra Jóni Bjarman. Ræddum margt um málið og fl. Hann er ágætur, og trúir á sakleysi mitt. Grétar [Grétar Sæmundsson rannsóknarlögreglumaður] kom og gaf margt í skyn og telur mig standa illa í málinu. Vill að ég venji mig við þá tilhugsun að vera jafnvel morðingi. Það þykir mér nokkuð mikið. [...] Ef þessir halda að ég ætli að játa sögum S. og Erlu þá er það misskilningur.“

27. nóvember 1976: „Drottinn minn gef þú mér styrk til að viðurkenna sekt mína og viðurkenna mína ábyrgð.“

28. nóvember 1976: „Ég sé ekki ástæðu til annars en að reyna að upplýsa málið eftir bestu getu. Verst að ég man svo lítið. [...] Svaf vel af diasepanínu, mikið og vel og lengi. Fór bílferð til Keflavíkur með [...], lítið á því að græða, ókum um bæinn, en minna á því að græða. Ég vil upplýsa málið strax. Og fá refsingu þunga og langa helst. Búinn að vera.“<sup>373</sup>

29. nóvember 1976: „Langt samtal með Grétari í dag. Reynt að rifja upp allt sem varðar þetta Keflavíkurferðalag. Gengur misvel en mér líður betur en áður. Ég er þreyttur eftir þetta. Vildi að ég myndi betur hvernig þetta var allt saman. Gengur ekki að hlífa sér vantar kjark segir Grétar, á bágt með að muna segi ég. Reyna aftur á morgun.“

30. nóvember 1976: „[...]reyna að rifja upp hvaða bílar voru þarna með í för, það hefur gengið mér illa að muna. Ég er ákaflega óviss í þessu efni, en ef t.v. fer þetta nú að koma fram.“

1. desember 1976: „Ég vona bara að Guð gefi mér að segja það sem ég veit sannast og réttast.“

3. desember 1976: „Grétar kom bjartsýnn að vanda og vildi halda að nú færi að stytast í þessu og senn gæti ég flutt niður á Skólavörðustíg og fengið heimsóknir. [...] Ýmislegt er óljóst enn, það þarf ég að reyna að rifja upp og vera við það næstu kvöld.“

7. desember 1976: „Fór í bílferð með G. og Eggerti. Á morgun einhversk. lokayfirh. um málið. Þeir vilja sennilega fá allt upp fyrir jól. [...] Sp. hvar er

<sup>373</sup> Samkvæmt skýrslum rannsakennda og færslum í dagbók fangelsisins var farin vettvangsferð með Guðjón til Keflavíkur þennan dag. Sjá nánar frammar í þessum kafla um Guðjón.

líkið. Það er undarl. að þetta skuli ekki koma í ljós. [...] Mér líður svo illa þessa stundina, ég er svo þreyttur, man ekki, veit ekki, get ekki, svo verð ég sviftur vitinu. Ég er alveg uppgefinn. “

8. desember 1976: „Vaknaði seint og hóf viðræður við Grétar og stóðu þær lengi og lauk um kvöldmat. Hófust aftur eftir mat og stóð til kl. að verða fimm í nótt.<sup>374</sup> Þá hafði ég játað aðild að bana G. Einarssonar og gefið þriðju skýrslu lútandi að Keflavíkurför þeirri sem ógæfusamlegust hefur verið þeirra ferða er ég hef um mína tíð farið. Nú finnst vonandi lík mannsins næstu daga og þjóðin getur þá dregið andann léttar, þótt ekki verði ég í þeim hópi, nema samviska víska víska mín ætti að vera betri nú en verið hefur. “

13. desember 1976: „Grétar kom og vakti mig, tvísté um gólfíð og kvað þessu liggja mikið á og virtist verða fyrir sárum vonbrigðum, þegar ég hafði ekkert skrifað. [...] Grétar kom og spurði um skriftir, þær voru engar gaf síðasta tækifæri til morguns ella yrði ég að svara fyrir dómi hvað ég vissi, hvað ég myndi o.s.v.fr. [...] Hann benti mér á að gera hreint fyrir mínum dyrum og fara á Hraunið og fara að skrifa eins og [...] ku nú gera. “

18. desember 1976: „Og hvað í ósköpunum skal hafa orðið af Grétari. Í honum hefur ekki heyrst langalengi. Gerir ekkert en þó er ég ekki alveg sáttur, eitt-hvað er ekki eins og það á að vera.“<sup>375</sup>

21. desember 1976: „Talað um lausagæslu, ég segi að mér líði þrýðilega hér. Sitthvað vill hann fá meira að vita en ég man bara svo nauðalítið. Eitthvað gengur nú á fyrst Óli Jóh og dómsmálin voru í kastljósi í kvöld.“<sup>376</sup>

29. desember 1976: „Örn [Höskuldsson] kom og ræddi við mig um daginn og veginn og var gott að sjá hann og tala við hann. Hann vill mér vel og sagði margt af miklu mannviti um framtíð og nútíð. Hann vildi sérstaklega benda mér á að setja í mig hörku, brjóta niður stoltið og segja frá öllu.“<sup>377</sup>

30. desember 1976: “[...] og nú um 20:00 höfum við látlaust rætt um hvar er lík Geirfinns? Veit ég það eða ekki og gengur hægt. [...] Ýmislegt bendir til að ég sé að nálgast lausn málsins og m.a. það að ég skalf svo voðalega að ég ætlaði ekki að geta borðað. [...] Löng yfirheyrsla með Eggerti sem endar með för á knattspyrnuvöll Kópavogs, þar sem ég tel lík Geirfinns falið.“<sup>378</sup>

<sup>374</sup> Í dagbók fangelsisins er skráð að Guðjón var yfirheyrður af Grétari frá 15:00 til 19:25 og aftur frá 22:30 til 04:10 eða í samtals rúmar tíu klukkustundir þennan dag.

<sup>375</sup> Samkvæmt dagbók fangelsisins kom Grétar næst 20. desember og færði Guðjóni kökur. Ekki er skráð að hann hafi rætt við hann þennan dag.

<sup>376</sup> Samkvæmt dagbók fangelsisins ræddi Grétar tvisvar við Guðjón þennan dag í samtals rúmar fimm klukkustundir og stóð síðari yfirheyrslan yfir frá klukkan 01:06 til 04:10 um nóttina.

<sup>377</sup> Í dagbók fangelsisins kemur fram að Örn Höskuldsson var viðstaddur yfirheyrslu yfir Guðjóni þennan dag.

<sup>378</sup> Í dagbók fangelsisins er skráð að farið var með Guðjón út úr fangelsinu frá níu til hálf tólf um kvöldið þennan dag.



31. desember 1976: „Eftir langt grátkast, líður mér betur, þó aumur sé. Raddprófin [lygamælingaprófið] fóru fram í dag, en mér finnst ég hafi gert vitleysu þar. [...] Yfirheyrslur undanfarið og þetta íþróttarvallarmál tekið á taugarnar. Þeir voru hér í dag Örn, G og E og vildu jafnvel ræða þetta mál áfram. [...] Mikið vildi ég að Guð tæki mig til sín, ég er alveg að gefast upp. Amnesia [minnisleysi]. Hvar eru þessi lík? Hvernig á ég að vita það? Ég er með höfuðverk. Líður hræðilega.“

2. janúar 1977: „Mér finnst ég flæktur í einhvern ótrúlegan lygavef, þar sem varla rofar til, sér aldrei heiðan himin. Success is harder to swallow than failure. Gaman verður þegar bíúið er að upplýsa þetta Geirfinnsmál. Það er eitthvað bogið við það mál, sérstaklega þykir mér minnisleysi einkennilegt, þetta hefur aldrei hent mig ódrukkinn að muna ekki neitt. Hvað var þarna um að vera, fór ég aldrei 19/11 74 til Keflavíkur heldur eitthvert annað kvöld?“

8. janúar 1977: „Skal nú eiga að fara að taka mig fastari tökum. Brjóta mig niður með því að tala ekki við, banna presti að koma, teffa fyrir bréfum og sendingum o. sv. fr. Nei tortryggnisrugl. Ofboðslega getur maður orðið tortrygginn og hatursfullur í svona einangrun.“

### **Geðrannsókn á Guðjóni**

Guðjón gekkst undir geðrannsókn hjá Ingvari Kristjánssyni geðlækni, sem fór fram á tímabilinu frá 28. desember 1976 til 23. mars 1977. Í viðtölum við geðlækninn gaf Guðjón mjög óljósa sögu varðandi Geirfinnsmálið. „Hann gaf mér lauslega lýsingu á ferðinni til Keflavíkur og í stærstu dráttum til samræmis við það, er ég hafði lesið í afriti af lögregluskýrslu. Hann taldi ferðalagið til Keflavíkur ekki minnisstætt, „það skot gekk fyrir sig“ [...] og að hann hafi [ekki] verið „fyllilega eins og hann átti að sér þennan dag“ án þess þó að geta skýrt það nánar.“ Þá skrifar læknirinn: „...minni hans virðist gott í viðtölum, nema hvað hann kvaðst óviss um atburðarás við Dráttarbrautina í Keflavík að kvöldi 19.11.74.“

Gylfi Ásmundsson sálfræðingur, lagði fyrir Guðjón nokkur sálfræðipróf og var hans niðurstaða sú að Guðjón væri:

„að eðlisfari prýðisvel greindur, en nýttist greindin ekki til fulls af ýmsum orsökum. [...] Persónuleikaprófin benda til þess að hann sé innhverfur, gefinn fyrir óraunhæft hugarflug og metnað. Tilfinninganæmur og stoltur, en ósjálfstæður að skapferli og fljótfær. Áberandi er sjálfsfíring eða óljós fremur neikvæð sjálfsmynd sem einkennist af rótleysi og skorti á viljapreki og staðfestu. Skapgerð hans virðist einkum vera af kleifhugagerð og í ástandi við prófun má merkja ótta um að hann sjálfur og veruleikinn í kringum hann sé að liðast í sundur eða hrynja til grunna. [...] Samkvæmt niðurstöðum þeirra telst hann hins vegar hafa skapgerðargalla sem geta haft miður góð áhrif á dómgreind hans, tilfinningastjórn og atferli.“

Geðlæknirinn skrifar í skýrslunni að Guðjón hafi verið tortrygginn í fyrstu en hafi svo átt létt með að tjá sig og skýrt frá vandamálum sínum „án allrar tilfinningasemi og af hispursleysi“. Þá virtist honum Guðjón „búa yfir almennum fróðleik í ríkum mæli“. Niðurstaða geðlæknisins var sú að Guðjón væri „vel greindur, en haldinn geðvillu (personality disorder) og manio-depressifum geðsjúkdómi er kemur fram í tímabundnum köstum ofvirkni, hugarflugs, reiði og svefntruflana er kunna að skiptast á við depurðarköst.“

### ***Viðtal við Guðjón***

Höfundar þessa kafla áttu viðtal við Guðjón í innanríkisráðuneytinu í febrúar 2012. Viðtalið tók tvær klukkustundir og 40 mínútur. Guðjón var rólegur og yfirvegaður í viðtalinu og mjög samvinnuþýður. Viðtalið var hljóðritað með samþykki Guðjóns og jafnframt gaf hann leyfi til að vitnað yrði til dagbókar hans í skýrslu um Geirfinnsmálið ef þörf væri á. Aðspurður sagðist hann hafa skrifað dagbókina til að „halda ráði og rænu og sönsum [...] í þessum kringumstæðum.“ Hann minntist á að hafa hitt Gísla þegar á rannsókn málsins stóð (vegna lygamælingarannsóknar sem fjallað var um framar í skýrslunni) og sagðist sáttur við að hann aðstoðaði starfshópinn í þessu máli.

Í viðtalinu sagðist Guðjón aldrei hafa verið sannfærður um að hann hefði verið viðriðinn hvarf Geirfinns, en eftir viðtöl við lögreglumenn og vettvangsferðina til Keflavíkur 28. nóvember 1976 hefði hann verið 50% viss um að hann væri flæktur í málið. Hann hefði hins vegar verið alveg viss um sakleysi sitt þegar hann var handtekinn í nóvember 1976 og að hann hefði enga hugmynd um hvarf Geirfinns.

Guðjón var beðinn um að lýsa sjálfum sér og líðan sinni á árunum áður en hann var handtekinn vegna Geirfinnsmálsins. Hann sagðist hafa verið slæmur jámaður og kærulaus. Sér hefði ekki liðið vel í Reykjavík, en hann og kona hans hefðu starfað sem kennarar við Reykjanesskóla í Ísafjarðardjúpi á árunum 1968 til 1972 og hann hefði viljað vera þar áfram.

Guðjón sagðist hafa hafið nám við Háskóla Íslands þegar þau fluttu til Reykjavíkur og innritað sig í félagsfræði, en aðeins stundað námið einn vetur. Hann sagðist ekki hafa verið sérstaklega spenntur fyrir að flytja til Reykjavíkur og líf hans hafi á þessum tíma tekið stefnu sem hann var ekki sáttur við. Hann sagðist m.a. hafa farið að nota hass og að það hefðu verið erfiðleikar í hjónabandi hans á þessum tíma, en þau hjónin skildu í ágúst 1975.

Guðjón sagðist hafa þekkt Erlu lítið áður en hann var handtekinn, en mundi eftir að hún heimsótti hann og konu hans fyrirverandi skömmu eftir að Erla var látin laus úr gæsluvarðhaldi 1976. Hún hafi rætt um gæsluvarðhaldið og hvað hafði gengið á. Hann sagðist hafa hitt Erlu aftur í byrjun maí 1976, rétt áður en hún var handtekin og úrskurðuð í gæsluvarðhald aftur og sagði að hún hefði þá verið eins og „hengd upp á þráð.“

Guðjón sagðist hafa hitt Sævar í fyrsta sinn þegar hann var kennari við Reykjanesskóla, en Sævar var nemandi þar eitt haust. Aðspurður sagðist hann ekki muna sérstaklega eftir honum á þeim tíma, enda hefði hann aðeins dvalið þar í rúma tvo mánuði þegar hann var rekinn úr skólanum. Hann hefði komið að máli við sig og kvartað yfir að hafa verið rekinn úr skólanum. Hann sagðist hafa hitt Sævar aftur árið 1973, er Guðjón var í

heimsókn hjá mági sínum í Reykjavík. Það hefði líka verið erfitt að fara um miðbæ Reykjavíkur á þessum árum öðruvísi en að rekast á Sævar. Guðjón sagðist svo hafa hitt Sævar í ágúst 1975 um borð í ferju á leið frá Íslandi til Evrópu, sem varð síðar í ferðinni til þess að hann lét til leiðast að leyfa Sævari og félagi hans að fela fíkniefni í bifreið sinni, sem hann sendi með skipi frá Hollandi til Íslands.

Guðjón sagði að staða sín í Geirfinnsmálinu hefði verið undarleg því að hann hefði ekkert kannast við málið nema af því sem hann hafði lesið í fjölmiðlum. Hann taldi að í upphafi eftir að hann var handtekinn hafi það verið Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómara, sem hvatti hann til að segja frá öllum sem hann vissi um málið. Það telur Guðjón að hafi verið kveikjan að því að hann sjálfur fór að tengja sig við málið.

Jón Ísberg sýslumaður, sem var nátengdur Guðjóni, fékk leyfi til að hitta hann stuttu eftir að hann var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Jón var að því er virðist alsendis ótengdur málinu en taldi Guðjóni trú um að hann væri flæktur í það og mikilvægt væri fyrir þjóðina að leysa það.<sup>379</sup>

Aðspurður um hvað hefði seinna helst sannfært hann um að hann hefði vitneskju um Geirfinnsmálið sagði hann það hafa verið samræður við Grétar Sæmundsson rannsóknarlögrelumann. Guðjón lýsti Grétari sem jákvæðum, góðum manni og rökvísu. Hann sagðist smám saman hafa farið að telja sér trú um að hann væri viðriðinn málið og gæti aðstoðað við að upplýsa það. Þrátt fyrir þetta sagðist hann aldrei hafa haft neitt sjálfstætt minni um atvik málsins. Hann hafi verið að fylla upp í götin í atburðarásinni eftir því sem hann best gat í samræðum við rannsakendur. Hann sagðist hafa haft tillhneigingu til gera öllum til geðs og gera sitt besta til að aðstoða í málinu. Sem dæmi má nefna að þegar verið var að reyna að fá uppúr honum hvar lík Geirfinns væri niðurkomið þá sagðist hann enga vitneskju hafa haft um það frekar en um málið almennt, en hann hafi komið með nokkrar tillögur um hugsanlega staði, staði sem hann þekkti til og hafði jafnvel starfað á.<sup>380</sup>

Aðspurður sagði Guðjón að tilgangslaust hefði verið að draga framburð sinn til baka áður en málið fór fyrir Hæstarétt því það hefði engu breytt og honum hefði liðið þrýðilega í refsivistinni á Kvíabryggju. Þá sagðist hann lengi vel hafa verið óruggur með hvort hann var í raun og veru viðriðinn málið. Það sem hefði breytt afstöðu sinni var að lesa málsgögnin þegar hann var í refsivist á Kvíabryggju og ræddi málið við fangaverði.

<sup>379</sup> Samkvæmt dagbók Síðumúlafangelsisins kom Jón Ísberg, sýslumaður á Norðurlandi, sem var tengdur Guðjóni, í heimsókn til hans þann 19. nóvember 1976 og var rannsakandi viðstaddur viðtal þeirra sem stóð ekki yfir nema í 15 mínútur. Greinilegt er að eftir þetta viðtal fékk Guðjón þá hugmynd að hann gæti aðstoðað lögreluna við að leysa málið, en svona hegðun kemur venjulega til af vanmáttarkennd og lágu sjálfsmati (sjá í Gísli H. Guðjónsson, 2003a). Fjallað er um sambærilegt atriði í norskri skýrslu nefndar um Moen málið svokallaða, sem birtist árið 2007. Um vilja Moens til að aðstoða lögreluna við lausn málsins segir í skýrslunni (í íslenskri þýðingu): „Einn lögrelupjónninn hefur einnig skýrt frá því að hann hafi eftirá óttast að játningin í Sigrid-málinu hafi komið til vegna þess að Moen hafi viljað gera honum til geðs. Nefndin getur ekki litið fram hjá því að athyglin sem Moen fékk frá lögrelunni og síðar frá almenningi vegna málsins, gæti hafa virkað hvetjandi á Moen (sjálfviljug fölsk játning).“ Fjallað er um *sjálfviljugar* falskar játningar í bók Gísla H. Guðjónssonar (2003a) á bls. 194-197.

<sup>380</sup> Guðjón virtist hafa töluverða trú á rannsakendum og farið að taka á sig hluti án þess að velta fyrir sér forsendunum. Hann virtist hafa verið algjörlega ógagnrýnn á frásagnir og tillögur þær sem rannsakendur lögðu fyrir hann.

Í viðtali við Guðjón sem birtist í Morgunblaðinu 13. febrúar 1996 dró hann framburð sinn í Geirfinnsmálinu til baka í fyrsta sinn. Í viðtalinu sagði hann rannsakendur hafa „búið til sögu um afdrif Geirfinns Einarssonar, sem hann hafi á þeim tíma fallist á að væri rétt. [...] þrýstingur á sig um að upplýsa málið og vafasamar rannsóknaraðferðir hafi átt mestan þátt í að hann játaði.“ Hann sagðist ekki hafa verið „beittur harðræði í varðhaldinu, en ýmsar vinnuaðferðir, sem lögreglan notaði við að færa sönnur í málinu, hefðu verið vafasamar.“ Þá sagðist hann hafa fengið svefnlyf vegna þess að hann gat ekki sofið og geðlyf sem „hafði geysilega sterk áhrif á mig.“

### ***Samantekt um Guðjón***

Hér á eftir verður fjallað um ástæðurnar fyrir því að Guðjón játaði aðild að Geirfinnsmálinu út frá fræðilegri umgjörð um játningar.<sup>381</sup> Segja má að fimm sálrænir og aðstæðubundnir þættir hafi ráðið úrslitum um að hann játaði aðild.

- Lýsing Guðjóns á sjálfum sér sem kærulausum „jámanni“ kemur heim og saman við bæði lýsingu hans á þátttöku sinni í smygli á fíkniefnum með Sævari haustið 1975 og framkomu sinni við yfirheyrslur hjá lögreglunni, þ.e. mikilli viðleitni hans til samvinnu að upplýsa málið og leita að líki Geirfinns. Undanlátssemi hans og löngun til að hjálpa lögreglunni við að leysa málið koma einnig fram í dagbók hans, sem virðist hafa verið skrifuð jafnt og þétt á meðan hann sat í gæsluvarðhaldi. Í dagbókinni má líka sjá það viðhorf hans, að rétt væri að sér yrði refsað (sjálfsrefsingarviðhorf), „nú er mátulegt að sitja inni lengi“, vegna þess að hann taldi sig vera flæktan í Geirfinnsmálið, þrátt fyrir að hafa engar raunverulegar minningar um það. Skoðun hans byggðist í raun á því að hann taldi sig vera flæktan í málið en ekki að hann hefði minni á atburði þess og er þetta ein megin vísbendingin um minnisvafaheilkenni (e. *memory distrust syndrome*) hans.
- Líklegt er að sjálfsrefsingarviðhorf hans hafi gert hann háðari lögreglumönnum og aukið undanlátssemi hans við yfirheyrslurnar og svo virðist vera að allt frá heimsókn Jóns Ísberg sýslumanns þann 19. nóvember 1976 hafi Guðjón trúað því að hann gæti aðstoðað lögregluna við að leysa málið. Þetta endurspeglar greinilega viðkvæmt sjálfsmat hans í gæsluvarðhaldinu og „óraunhæft hugarflug og metnað“, sem lýst er í sálfræðimati Gylfa Ásmundssonar sálfræðings í geðrannsókn Ingvars Kristjánssonar geðlæknis frá 1977.
- Samkvæmt upplýsingum frá fyrrverandi eiginkonu Guðjóns, sem fram koma í geðrannsókn frá 1977, höfðu handtaka hans vegna fíkniefnamálsins og gæsluvarhaldsvist í desember 1975, mjög slæm áhrif á hann og að mati geðlæknisins virðist Guðjón hafa átt við alvarleg geðræn vandamál að stríða eftir að hann var látinn laus vegna þessa fíkniefnamáls. Hann var rótlaus, með lágt sjálfsmat, ósjálfstæður og með óraunhæfar hugmyndir og metnað. Hann var í svo slæmu ástandi að hann fór tvisvar sinnum til læknis að beiðni móður sinnar. Taldi sá læknir hann „talsvert ofvirkan og nálægt að vera óraunhæfur“ og bauð læknihrinn honum innlög á geðdeild, sem hann neitaði. Lýsing læknisins er í samræmi við sálfræðimat Gylfa Ásmundssonar sem gert var rúmu ári síðar, þ.e. að Guðjón hefði „óraunhæft hugarflug og metnað“.

---

<sup>381</sup> Gísli H. Guðjónsson (2003a).

- Guðjón var vistaður í einangrun í Síðumúlafangelsinu í rúmt ár eða samfelld í 420 daga og eftir því sem skýrsluhöfundar komast næst þá var hann yfirheyrður a.m.k. 75 sinnum í samtals a.m.k. 160 klukkustundir á þessum tíma. Þá má hafa í huga að sumar yfirheyrslur voru langar og dæmi eru um að hann hafi verið yfirheyrður 10 og 11 klukkustundir á dag. Þessi fjöldi yfirheyrsla og heildar tímalengd er mikil og gerði hættu á spilliáhrifum á framburð hans mjög mikla.<sup>382</sup>
- Samband Guðjóns við Grétar Sæmundsson, rannsóknarlögreglumann, á meðan hann var vistaður í einangrun í Síðumúla er eitt af mikilvægum atriðunum þegar skýra á hvers vegna Guðjón fór að trúá því að hann gæti átt aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar og dauða hans. Margt bendir til þess að Guðjóni hafi líkað mjög vel við Grétar og borið mikla virðingu fyrir honum og fundist hann algjörlega sannfærandi. Sérstakt samband þeirra hefur án efa grafið undan trausti Guðjóns á sitt eigið minni og ýtt undir það að honum fannst Grétar mikilvægur. Með tímanum varð hann því afar líklegur til að gefa falska játningu.

Viðkvæmni Guðjóns getur skýrt hegðun hans við yfirheyrslurnar og fyrir dómi. Í fyrsta lagi bar hann mikla virðingu fyrir rannsakendur og aðferðum þeirra og brást við af undanlátssemi. Í öðru lagi tókst hann á við yfirheyrslur rannsakenda og gæsluvarðhaldið með því að vera fullkomlega samvinnuþýður og smám saman viðurkenna atvikalýsingar lögreglunnar. Í þriðja lagi þá fann hann fyrir miklum innri þrýstingi á þessum tíma til að þóknast lögreglunni og hjálpa til við að leysa málið á sama tíma og hann taldi sjálfsagt að sér yrði refsað. Í fjórða lagi má gera ráð fyrir að róandi lyf, sem honum voru gefin í gæsluvarðhaldinu, hafi gert hann enn óruggari um minni sitt og kærulausari gagnvart lögreglunni.

Það samspil sálfræðilegra þátta sem gerði það að verkum að Guðjón neitaði í upphafi aðild að Geirfinnsmálinu og fór síðan smám saman að trúá að hann væri flæktur í málið, þrátt fyrir að hafa engar minningar um það, er kallað minnisvafaheilkenni (e. *memory distrust syndrome*). Þessi vantrú hans á eigið minni virðist hafa byrjað þann 23. nóvember 1976 með því að hann fór smátt og smátt að samþykkja frásagnir lögreglunnar, sem leiddi til þess að í ökuferðinni frá Vatnsstíg í Reykjavík til Keflavíkur þann 28. nóvember fór hann í alvöru að trúá því að hann væri flæktur í málið og fór að reyna að ímynda sér hvað hefði gerst, þ.e. reyna að búa til sögu í samræmi við trú sína.

Samkvæmt Guðjóni hélt hann áfram að trúá á sekt sína þangað til hann las málsskjölin yfir í refsivistinni í fangelsinu Kvíabryggju og þrátt fyrir að hafa engar raunverulegar minningar um atvik málsins sem hann bar vitni um. Hann lýsti því í viðtali við höfunda skýrslu þessarar hvernig hann varð háður rannsakendum í gæsluvarðhaldinu, sérstaklega Grétari Sæmundssyni, sem honum líkaði vel við og bar mikla virðingu fyrir. Það virðist sem Guðjón hafi verið algjörlega ógagnrýnn á frásagnir og tillögur rannsakenda, sem gerði hann sérstaklega viðkvæman fyrir minnisvafaheilkenni og fyrir að gefa óáreiðanlegan ef ekki falskan framburð, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi.

<sup>382</sup> Með spilliáhrifum (*contamination*) í þessu samhengi er átt við spilliáhrif á meðferð og niðurstöðu sakamála sem geta komið til við tíð og löng samskipti rannsóknarmanna og sakkborninga, bæði við yfirheyrslur og óformleg samtöl. Fjöldi yfirheyrsla og lengd, svo og tíð samtöl rannsóknarmanna við aðra sakkborninga í sama máli geta leitt til alvarlegra spilliáhrifa. Um þetta er fjallað nánar í kafla 7.1.

Það má geta þess að Guðjón dró játningar sínar ekki til baka á meðan á meðferð málsins stóð hvorki fyrir undirrétti né Hæstarétti og gaf hann sjálfur þrjár megin ástæður fyrir því í viðtali við höfunda þessarar skýrslu. Í fyrsta lagi taldi hann sér trú um að hann væri flæktur í málið þótt hann hefði engar raunverulegar minningar um það. Í öðru lagi taldi hann tilgangslaust að draga játningarnar til baka hjá lögreglu eða fyrir dómi því enginn myndi trúá honum. Í þriðja lagi sagði hann að sér hefði liðið prýðilega í refsivistinni í fangelsinu Kvíabryggju og ef hann hefði breytt framburði sínum á þeim tíma hefði hann líklega verið fluttur í annað fangelsi til afplánunar, því hann átti ekki átti von á að sér yrði trúað. Þessar ástæður koma heim og saman við ástæður sakborninga í erlendum sakamálum þar sem sakleysi þeirra hefur á endanum verið staðfest eftir langa refsivist í fangelsi.<sup>383</sup>

### *Ályktanir um framburð Guðjóns*

Samkvæmt geðrannsókn frá 1977 og því sem kom fram í viðtali skýrsluhöfunda við Guðjón var hann fremur stefnulaus og ráðvilltur allt frá unglingsaldri og benda bæði skólaganga hans og atvinnusaga til þess að hann hafi verið í töluverðum vanda með líf sitt í nokkur ár áður en hann var handtekinn vegna Geirfinnsmálsins. Hann náði hvorki árangri í námi né vinnu, glímdi við erfiðleika í hjónabandi og var illa staddur félagslega. Hann var kominn í „slæman félagsskap“, fíkniefnaneyslu og tók þátt í smygli á fíkniefnum. Þá virðist hann hafa verið frekar tilfinninganæmur maður og sem barn hafði hann átt við alvarleg líkamleg veikindi að stríða sem fylgdu honum fram á fullorðinsár. Persónuleg vandamál Guðjóns á þessum tíma og að hann var „jamaður“ eða hafði tilhneigingu til að samþykkja skoðanir og tillögur annarra, gerðu hann viðkvæman við yfirheyrslur lögreglunnar í gæsluvarðhaldinu. Eðli og umfang þessara sálfræðilegu þátta gerði Guðjón mjög viðkvæman fyrir að gefa óáreiðanlegan framburð við yfirheyrslur rannsakenda, sem gerðu ráð fyrir sekt hans, á meðan hann var vistaður í einangrun í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsinu.

Eftir að hafa farið vandlega yfir gögn þau er liggja til grundvallar þessari skýrslu þá teljum við það hafið yfir allan skynsamlegan vafa, að framburðir Guðjóns í Geirfinnsmálinu, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, voru óáreiðanlegir. Í raun ber framburður Guðjóns í Geirfinnsmálinu og það að hann játaði þátttöku í málinu öll merki falskrar játningar.<sup>384</sup> Þessi merki eru eftirfarandi: 1) ákafi og metnaður til að hjálpa lögreglunni við að leysa málið, 2) blint traust á yfirheyrendur (sérstaklega Grétar Sæmundsson), 3) sektarkennd vegna þess að hann viðurkenndi gagnrýnislaust og trúði að hann væri sekur, 4) sannfærandi yfirheyrslur rannsakenda, 5) hægfara (smátt og smátt) niðurbrot á raunveruleikamati, 6) vantraust á eigin minni (e. *memory distrust syndrome*), 7) frjótt ímyndunarafli, 8) óljósar lýsingar hans á atvikum málsins, 9) breyting á framburði til að mæta væntingum og kröfum yfirheyrenda, og 10) algjör vangeta til að gefa lögreglu upplýsingar sem unnt var að staðfesta, þ.e. skortur á þekkingu á atvikum málsins.

<sup>383</sup> Sjá í Gísli H. Guðjónsson (2003a).

<sup>384</sup> Allt bendir til þess að Guðjón hafi viðurkennt aðild að atburðum sem hann taldi hafa átt sér stað, án þess þó að hafa nokkrar minningar um þá. Slík játning flokkast yfirleitt sem fölsk játning (sjá í Gísli H. Guðjónsson, 2003a).

Okkar mat á því að Guðjón reyndist ófær um að leggja fram áþreifanlega sönnun í málinu var sú að hann hafði í raun enga þekkingu á því. Skortur á líki, staðfestum brotavettvangi, áþreifanlegum sönnunargögnum og heildstæðum og áreiðanlegum framburði um hvað kom fyrir Geirfinn, þýddi það að grundvöllur lögreglurannsóknarinnar byggðist á hæpnum forsendum. Hann byggðist í raun á óstaðfestum sögusögnum og stöðugt breytilegum og ósamrýmanlegum framburðum frá óáreiðanlegum viðmælendum, sem reyndu að bregðast við eins og þeir töldu best á hverjum tíma, t.d. með það í huga að losna sem fyrst úr gæsluvarðhaldi. Guðjón gaf upplýsingar um mismunandi staði þar sem lík Geirfinns væri hugsanlega að finna og virðast uppástungur hafa byggst á vangaveltum hans um hvar hann hefði sjálfur verið þegar Geirfinnur hvarf og trú hans (mjög líklega fölsk) á því að hann væri þátttakandi í dauða hans og förgun líksins. Fyrir utan játningu Guðjóns og að hann var bendlaður við málið af öðrum sakborningum, er engin sönnun um að hann hafi haft einhverja sérstaka þekkingu á eða hafi verið þátttakandi í hvarfi Geirfinns eða meintum dauða hans.

Þegar Guðjón var handtekinn í nóvember 1976 og úrskurðaður í gæsluvarðhald var hann í mjög viðkvæmu geðrænu ástandi. Eðli og umfang þessa ástands gerði hann mjög viðkvæman (varnarlausan, berskjaldaðan) og líklegan til að gefa óáreiðanlegan (falskan) framburð undir yfirheyrslum þar sem gengið var út frá sekt hans á meðan hann var vistaður í einangrun í gæsluvarðhaldi.

Lýsing Guðjóns á sjálfum sér sem „jámanni“ fær stoð í frásögn hans af því hvernig það atvikaðist að hann tók þátt í smygli á fíkniefnum haustið 1975, óvirkri framkomu hans gagnvart lögreglunni og eindreginni viðleitni hans til að vinna með lögreglunni við yfirheyrslurnar og við að leita að líki Geirfinns. Undanlátssemi hans og áhyggjulaus viðhorf endurspeglast í dagbókinni hans sem virðist hafa verið skrifuð jafnt og þétt í gæsluvarðhaldinu. Dagbókin sýnir einnig sjálfsásakanir, vangaveltur hans og þörf fyrir refsingu vegna þess að hann trúði því að hann væri hugsanlega flæktur í Geirfinnsmálið, jafnvel þótt hann hefði engar raunverulega minningar um þátttöku sína í því, þ.e. afstaða hans byggðist fyrst og fremst á því að hann trúði því að hann væri flæktur í málið frekar en minningum um atvik þess og er þetta megin vísbendingin um minnisvafaheilkenni.<sup>385</sup>

Það sem leiddi til þess að Guðjón gaf að lokum framburð um aðild sína að Geirfinnsmálinu er sambærilegt því sem gerðist í Birgitte Tengs málinu í Noregi, þar sem ungur maður gaf falska játningu á morði eftir miklar yfirheyrslur og einangrunarvist.<sup>386</sup> Bæði Guðjón og ungi maðurinn í Birgitte Tengs málinu voru vel greindir og vel menntaðir þegar þeir voru settir í einangrun og yfirheyrðir mörgum sinnum yfir langan tíma, þeir voru báðir ákafir við að aðstoða lögregluna við að leysa málið, báðir höfðu vantrú á eigin minni og urðu auðveldlega fyrir áhrifum af frásögnum og tillögum lögreglunnar. Hvorugur þeirra var sannfærður um sekt sína og þegar vantrú þeirra á eigin minni hafði

<sup>385</sup> Í dagbók Guðjóns kemur fram að það var búið að sannfæra hann og hann búinn að sannfæra sjálfan sig um að hann ætti einhvern þátt í Geirfinnsmálinu, en hann var samt sem áður í vafa um hvort og hvað hefði skeð. Þann 30. desember 1976 skrifar hann í dagbókina að „Ýmislegt bendir til að ég sé að nálgast lausn málsins og m.a. það að ég skalf svo voðalega að ég ætlaði ekki að geta borðað.“

<sup>386</sup> Sjá samantekt um falskar játningar í fyrsta hluta þessa kafla og í Gísli H. Guðjónsson (2003a).

náð tökum á þeim tók það langan tíma fyrir þá að snúast, þ.e. báðir voru lengi í vafa um sekt sína en höfðu ekki sjálfstætt minni til að staðfesta eða hrekja það fyrir sjálfum sér.

Eftir að hafa farið vandlega og í smáatriðum yfir mál Guðjóns erum við sannfærðir um að framburður hans um aðild að Geirfinnsmálinu, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, er falskur og teljum við það hafið yfir skynsamlegan vafa. Sú staðreynd að hann dró framburð sinn ekki til baka í mörg ár er í fullu samræmi við alvarlegar afleiðingar minnisvafaheilkennis, sem felast meðal annars í vantrú á minningar um sakleysi sitt og að vera tekinn trúanlegur. Mistök Guðjóns að draga játninguna ekki til baka er ekki undir nokkrum kringumstæðum hægt að nota sem staðfestingu á sekt hans.

### 19.3. Niðurstöður

Eftir að hafa farið vandlega yfir gögn þau er liggja til grundvallar þessari skýrslu þá teljum við það hafið yfir allan skynsamlegan vafa, að framburðir (jåtningar) allra sex sakborninganna, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, voru óáreiðanlegir.

Framburðir sakborninganna sex hjá lögreglu og fyrir dómi samanstóðu af frásögnum og játningum, sem bentu til sektar þeirra, og frásögnum sem flæktu öðrum í málin. Samsetning þessara tvenns konar framburða frá hverjum og einum þeirra flækti málin og jók verulega líkur á spilliáhrifum og óáreiðanlegum játningum. Við mat á áreiðanleika framburðar þeirra er einnig mikilvægt að skoða bæði málin í heild, því gera má ráð fyrir því að óáreiðanleiki sérhvers framburðar magnist þegar litið er heildstætt á málin.

Þegar litið er á Guðmundar- og Geirfinnsmálin í heild sinni er ljóst að eftirfarandi samverkandi þættir hafi dregið úr áreiðanleika framburða sakborninganna. Í fyrsta lagi, lengd einangrunarvistar og tíðar og langar yfirheyrslur.<sup>387</sup> Í öðru lagi, einstaklingsbundnir áhættuþættir. Í þriðja lagi, tíð óformleg samskipti rannsakenda við sakborninga á meðan á rannsókn stóð, s.s. heimsóknir til þeirra í klefa og ferðir með þá út úr fangelsinu. Í fjórða lagi, fjöldi samprófana, sem gat ýtt undir að sakborningar breyttu framburði sínum, aðeins vegna áhrifa annarra sakborninga. Í fimmta lagi, fjöldi vettvangsferða og tilrauna til að leita að líkum Guðmundar og Geirfinns. Í sjötta lagi, takmörkuð aðstoð lögmanna, en ljóst er að þeir fengu sjaldan að ræða einslega við lögmenn sína og dæmi eru um að þeim hafi beinlínis verið neitað um aðgang að þeim. Í áttunda lagi, óttinn við að gæsluvarðhaldið yrði framlengt ef rannsakendurnir væru ekki sáttir við framburð þeirra. Í níunda lagi, þá voru fangaverðir í einhverjum tilvikum að ræða við sakborninga um atvik málanna og fóru með rannsendunum að leita að líkum Guðmundar og Geirfinns. Þá er greinilegt af gögnum málsins að Gunnar Guðmundsson, yfirfangavörður, var mikið inní rannsókn málanna og ræddi um þau við sakborningana og rannsakendur.<sup>388</sup> Í tíunda lagi, þá virðist sem rannsakendur hafi haft „rörsýn“ við rannsókn málanna og haft fyrirfram skoðun á sekt sakborninganna og neikvæð viðhorf til sumra

<sup>387</sup> Samkvæmt yfirliti yfir alþjóðlegar heimildir og reynslu Gísla H. Guðjónssonar, annars höfundar þessa kafla, af meira er 1000 sakamála víða um heim, er ljóst að löng einangrun sakborninga var mjög sjaldgæf upp úr 1970, nema í hryðjuverkamálum.

<sup>388</sup> Í dómi Hæstaréttar yfir sakborningunum 22. febrúar 1980 þótti rétt að benda á „að fangavörðum er eigi heimilt að hafa afskipti af rannsókn opinbers máls að eigin frumkvæði.“



þeirra, einkum Sævars og Kristjáns Viðars.<sup>389</sup> Sem dæmi um rörsýn rannsakenda má nefna að hugsanleg fjarvistarsönnun Sævars í Guðmundarmálinu var ekki könnuð.<sup>390</sup>

Í þessum tveimur málum er nauðsynlegt að líta á lögregluskýrslur og framburð sakborninga fyrir dómi í samhengi við aðrar yfirheyrslur og viðtöl við þá, en ljóst er samkvæmt dagbókum Síðumúlafangelsis að þeir voru yfirheyrðir mjög oft, rætt við þá óformlega og stundum í klefa þeirra, og stundum mjög lengi í einu og jafnvel að næturlagi, án þess að teknar væru af þeim formlegar skýrslur. Þetta er alvarlegur galli á meðferð sakamála og sýnir að alls ekki er unnt að treysta eingöngu á fyrirliggjandi skýrslur við mat á framburði sakborninganna. Fyrirliggjandi skýrslur í þessum málum gefa því mjög villandi upplýsingar um fjölda og umfang yfirheyrsla.

Niðurstöður rannsókna sýna að slík vinnubrögð rannsakenda auka mjög hættu á að sakborningar játi aðild að málum sem þeir hafa hvergi komið nærri og hafa enga þekkingu á.<sup>391</sup> Það sem er mjög óvenjulegt við rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmálanna, jafnvel þegar haft er í huga að hún fór fram fyrir rúmum þremur áratugum, er hin langa einangrunarvist sakborninganna í gæsluvarðhaldi og vald rannsóknardómaranna til þess að úrskurða þá aftur og aftur í gæsluvarðhald, sem í flestum tilvikum fól í sér einangrun.<sup>392</sup> Þá er fjöldi og lengd yfirheyrsla, sem oft áttu sér stað í klefa sakborninganna og að nóttu til og samprófanir og ferðir með sakborninga út úr fangelsinu, einnig mjög óvenjulegt. Vitað er að löng einangrunarvist getur haft alvarleg áhrif á hugsun fólks og líðan.<sup>393</sup> Þekkt einkenni eru óróleiki, ruglástand, einbeitingarerfiðleikar, óskýr hugsun, brenglað raunveruleikaskyn og svefntruflanir.<sup>394</sup> Rannsóknir sýna einnig að langar yfirheyrslur leiða oft til þess að fólk gefur falskar játningar.<sup>395</sup>

Við þetta má bæta að Gísli H. Guðjónsson, annar höfundur þessa kafla, sem hefur unnið við sálfræðimat í meira en 1000 sakamálum víða um heim, veit ekki um annað sakamál þar sem sakborningar hafa verið vistaðir svona lengi í einangrun. Í flestum málum í Bandaríkjunum og Bretlandi þar sem réttarspjöll hafa orðið (e. *miscarriage of justice*) vegna óáreiðanlegra játninga hafa sakborningar aðeins verið vistaðir í einangrun í nokkra daga. Það mál sem líkast er Guðmundar- og Geirfinnsmálunum hvað einangrun og fjölda yfirheyrsla snertir er Birgitte Tengs málið í Noregi þar sem 19 ára gamall

---

<sup>389</sup> Neikvæð viðhorf koma fram í dagbókum Síðumúlafangelsis og lokaskýrslu rannsóknarnefndar Reykjavíkur um málsrannsókn vegna gruns um dráp Geirfinns Einarssonar frá Keflavík. Eftirfarandi er dæmi úr skýrslunni: „Sérstaklega er það fortíð þessara sakborninga [Sævars og Kristjáns Viðars] sem gefur tilefni til að gruna þá um kæruleysi gagnvart dauða Geirfinns. Báðir hafa þeir í morðmáli Guðmundar Einarssonar sannað að þeir séu færir um að drepa mann af lítilfjörlegu tilefni.“

<sup>390</sup> Sjá skýrslu um Sævar í þessum kafla.

<sup>391</sup> Sjá Garratt (2011); Foot (1998); Gísli H. Guðjónsson (2003a, 2012).

<sup>392</sup> Fram hefur komið í þessum málum að dómarnir komu bæði að yfirheyrslum yfir sakborningunum og að því að úrskurða þá í gæsluvarðhald.

<sup>393</sup> Shallice (1972), West (1985) og Grassian (2006).

<sup>394</sup> Davis og Leo (2013).

<sup>395</sup> Sjá Gísli H. Guðjónsson (2003a) og Garratt (2011).

maður var vistaður í einangrun í tæpan mánuð og yfirheyrður í samtals 180 tíma og gaf falska játningu.<sup>396</sup>

Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu<sup>397</sup> hefur gagnrýnt langa einangrunarvist í gæsluvarðhaldi, m.a. í Noregi árið 1993, þar sem tíðkaðist að beita einangrunarvist í allt að mánuð.<sup>398</sup> Evrópunefndin gagnrýndi einnig langa einangrunarvist í gæsluvarðhaldi á Íslandi og slæmar aðstæður í Síðumúlafangelsinu í heimsókn sinni til landsins árið 1993.<sup>399</sup> Nefndin gagnrýndi m.a. hve litlir fangaklefarir væru eða aðeins 5,5 fermetrar að flatarmáli og að föngum í einangrunarvist væri einungis leyft að fara út undir bert loft eina klukkustund á dag. Niðurstaða nefndarinnar var sú að fangar í Síðumúlafangelsinu hefðu ekkert fyrir stafni á meðan vistun stæði, þeir væru þar einfaldlega í geymslu. Sakborningarnir í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum voru vistaðir við þessar slæmu aðstæður í margar vikur og mánuði og í fjórum tilfellum (Sævar, Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Guðjón) í lengur en eitt ár.<sup>400</sup>

Allir sex sakborningarnir neituðu aðild að Guðmundar- og Geirfinnsmálunum þegar þeir voru yfirheyrðir í upphafi, en við frekari yfirheyrslur fóru þeir að játa. Rannsóknir sýna að undir slíkum kringumstæðum breyta sakborningar framburði sínum einkum af tveimur megin ástæðum. Annars vegar, þegar lögregla færir fram áþreifanleg sönnunargögn um aðild sakbornings að máli, s.s. lífssýni (t.d. DNA), myndbandsupptökur og fingraför, og þeir sjá því ekki tilgang í að neita lengur. Hins vegar, þvinganir við yfirheyrslur og hótanir um gæsluvarðhald, sem eru oft mjög sterkar ástæður í málum þar sem falskar játningar hafa verið staðfestar.<sup>401</sup>

Rétt er að taka það fram að skýrsluhöfundar leggja almennt ekki mat á hugsanleg áhrif geðlyfjanotkunar sakborninganna á framburði þeirra á meðan á einangrunarvistinni stóð. Ástæðan er sú að erfitt er að meta einstaklingsbundin áhrif slíkrar lyfjanotkunar eftir á og margt getur haft áhrif á hvernig einstaklingar bregðast við slíkum lyfjum.<sup>402</sup> Í bréfi landlæknis 4. febrúar 1997, sem fylgdi endurupptökubeiðni Sævars til Hæstaréttar sem tekin var til úrlausnar árið 1997 má sjá álit landlæknis á almennum áhrifum lyfjanna sem sakborningunum voru gefin í einangrunarvistinni.<sup>403</sup>

<sup>396</sup> Sjá í Fahsing & Rachlew, 2010 og Guðjónsson, 2003a.

<sup>397</sup> *European Committee for the Prevention of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment.*

<sup>398</sup> Sjá Council of Europe, 1997.

<sup>399</sup> Sjá <http://www.cpt.coe.int/en/hudoc-cpt.htm> og sjá Council of Europe, 1994.

<sup>400</sup> Gísli H. Guðjónsson var einn af meðlimum Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu þegar hún heimsótti Norður-Írland árið 1999 (sjá Council of Europe, 2000).

<sup>401</sup> Sjá fyrsta hluta þessa kafla og einning í Gísli H. Guðjónsson (2003a) og Pearse og Gísli H. Guðjónsson (1999).

<sup>402</sup> Fjallað er um almenn áhrif geðlyfja á framburð vitna og sakborninga í fyrsta hluta þessa kafla.

<sup>403</sup> Í úrlausn Hæstaréttar árið 1997, um beiðni Sævars um endurupptöku málsins fyrir sitt leyti, lágu fyrir upplýsinga um lyf sem Sævari voru gefin á meðan á gæsluvarðhaldi stóð og upplýsingar um áhrif þessara lyfja. Taldi Hæstiréttur að með þeim væru ekki komnar fram nýjar upplýsingar, sem gætu orðið tilefni til þess að málið yrði tekið upp á ný.

„Á árunum 1970-1980 tíðkaðist að ávísu svefn- og róandi lyfjum í tiltölulega stórum skömmtum. Læknar þekktu ekki fylgikvilla lyfjanna er síðar kom fram og varla hægt að álasa G.Þ. [Guðsteini Þengilssyni, lækni Síðumúlafangelsis]. Í ljósi síðari þekkingar eru 30 mg af Diazepam ásamt 3 töflum af Librax, Mogadon o.fl. að öllu jöfnu of stór skammtur. Þetta lyfjamagn veldur gjarnan óæskilegu hugarástandi sem einkennist af litlum viðnámsþrótti, uppgjöf, sljóleika, kæruleysi og jafnvel skertu minni. Helmingatími þessara lyfja er langur og magnið skilast ekki út á einum sólarhring. Þar af leiðandi hafa þessi lyf hlaðist upp en áhrif framangreindra lyfja aukast við viðhaldsskammta sem gefnir eru í langan tíma eins og fram kemur í gögnum.“<sup>404</sup>

Þó að lyfin hafi hjálpað sumum sakborninganna með svefn í einangrunarvistinni er líklegt þegar á heildina er litið að þau hafi haft neikvæð áhrif á áreiðanleika framburðar þeirra, með því að draga úr einbeitingu og skýrri hugsun.

Greinilegt er að þýski rannsóknarlögreglumaðurinn Karl Schütz leit á sakborningana sem seka og sitt hlutverk að samræma framburð þeirra, en eftir margar, langar og strangar yfirheyrslur og samprófanir var stöðugt ósamræmi á milli framburða sakborninganna. Einnig er greinilegt að Schütz leit á ósamræmið sem tilraunir sakborninganna til flækja málin og tók ekki mark á þeim þegar þau drógu framburð sinn til baka.<sup>405</sup> Þegar litið er á hvernig staðið var að gæsluvarðhaldi sakborninganna í þessum tveimur málum er greinilegt að það hefur verið mjög erfitt fyrir þau að draga framburð sinn til baka við yfirheyrslur hjá lögreglu eða fyrir dómi og þegar þau drógu til baka var hvorki tekið mark á þeim hjá rannsakendum né fyrir dómi.<sup>406</sup>

Það er mjög áberandi við framburði sakborninganna í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum hversu mikið ósamræmi var á milli þeirra og hversu oft og mikið þau breyttu framburði sínum. Það er greinilegt að rannsakendurnir túlkuðu þetta misræmi sem mótfroa

<sup>404</sup> Sjá einnig í Lader (1999).

<sup>405</sup> Svipuð viðhorf komu fram hjá saksóknara í máli fjórmeninganna frá Guildford. Sjá kafla 17 í bók Gísla H. Guðjónssonar (2003a). Í bók Gísla kemur fram að þegar á réttarhöldunum í máli fjórmeninganna frá Guildford stóð komu í ljós meira en 140 tilvik af ósamræmi og ónákvæmni á milli framburða sakborninganna fjögurra. Ákærvaldið hélt því fram að ósamræmið og ónákvæmnin í framburðum þeirra væri visvitandi brella af þeirra hálfu (e. *counter-interrogation ploys*) í þeim tilgangi að rugla um fyrir lögreglunni. Þetta reyndust langsóttar vangaveltur því sannleikurinn var sá að ósamræmið og ónákvæmnin komu til af vanþekkingu sakborninganna á sprengjutilræðinu, því þeir áttu augljóslega engan hlut að máli (bls. 446).

<sup>406</sup> Vert er að hafa í huga að Hæstiréttur, með dómi sínum 22. febrúar 1980, taldi afturkallanir Kristjáns og Sævars í Geirfinnsmálinu ekki marktækar og færði fyrir því eftirfarandi rök: „Um afturköllun þeirra á fyrri framburðum er þess að geta, að þeir höfðu margsinnis endurtekið játningar sínar, bæði fyrir rannsóknarlögreglumönnum og dómurum, stundum að viðstöddum verjendum. Hurfu þeir ekki frá játningum sínum, fyrr en alllangt var liðið á rannsókn málsins og eftir að ákæru voru gefnar út og mál gegn þeim þingfest. Ýmislegt er í frásögn þeirra, sem ekki gat verið frá öðrum komið en þeim sjálfum. Ráða má af gögnum máls, að hinir ákærðu hafa mjög leitað að fyrra bragði eftir viðtölum við rannsóknarmenn og að skýrslur yrðu af þeim teknar. Hinir ákærðu tóku þátt í sviðsetningu atburða í Dráttarbrautinni hinn 23. janúar 1977 og voru þá virkir, að því er ráða má af rannsóknargögnum, um að skýra frá staðsetningu ökutækja, stöðu einstakra manna í viðureign við Geirfinn Einarsson og ýmislegt annað, er varðar vettvangsviðburði. Enn er þess að geta, að ákærði Guðjón hefur haldið fast við framburð sinn, og ýmis gögn önnur bendi ótvírætt til, að ákærðu hafi verið í Dráttarbrautinni í Keflavík umrætt kvöld.“

og vísitandi tilraunir sakborninganna til að flækja málin. Það er eins og rannsakendurnir hafi ekki litið á aðra möguleika en sekt sakborninganna. Mun líklegra er að ósamræmið hafi stafað af þekkingarleysi sakborninganna á málunum og að þeir hafi hvergi komið þar nálægt. Í þessum tveimur málum tókst aldrei að staðfesta brotavettvang, þ.e. sönnunargögn um að Guðmundur og Geirfinnur hefðu verið myrtir, og að ef þeir hefðu verið myrti að sakborningarnir hefðu komið nálægt því. Þetta er mikilvægt þegar málin eru skoðuð því enginn af sakborningunum sex reyndist geta gefið áreiðanlegar upplýsingar um þessa tvo menn sem taldir voru myrtir og enginn þeirra gátu gefið upplýsingar um hvar hin meintu lík væru niðurkomin. Líkin hafa aldrei fundist. Niðurstaðan í málunum tveimur leiddi ekki í ljós hvað gerðist því ekki hefur komið fram hvað raunverulega kom fyrir mennina tvo, Guðmund og Geirfinn. Ósamræmið á milli sakborninganna í þessum tveimur málum, sem voru stöðugt að breyta framburði sínum, og skortur á áþreifanlegum staðfestingum, s.s. að aldrei var unnt að finna út hvar lík mannanna tveggja eru niðurkomin, styrkir mat höfunda þessa kafla á því að framburðir sakborninganna í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum voru fullkomlega óáreiðanlegir.<sup>407</sup>

Í báðum málunum koma greinilega fram þær þrjár leiðir að fólkskum játningum og röngum sakfellingum sem Leo og Drizin lýsa í grein sinni<sup>408</sup>, 1) fyrirfram skoðun á sekt sakbornings og oftrú rannsakenda á færni sína til að komast að sannleikanum, 2) þvingun til að fá fram játningar við rannsókn máls og að samræma framburði á milli sakborninga og staðreynda máls, 3) spilliáhrif, sem felast í því að þegar sakborningur hefur játað sök fara rannsakendur að aðstoða hann við að fylla upp í eyðurnar eða búa til sögu eða atburðarás í máli. Greinilegt er að í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum var hætta á spilliáhrifum geysilega mikil vegna þess hve oft var rætt við sakborningana og hve mikil áhersla var lögð á að samræma framburði þeirra. Svona spilliáhrif eru líkleg til að hafa keðjuverkandi áhrif gegnum allt réttarkerfið, eða allt frá yfirheyrslum til sakfellingar.<sup>409</sup>

---

<sup>407</sup> Svipuð mál hafa komið upp í Englandi, þar sem dómum, sem byggðust á framburði meginvitnis, hefur verið hnekkt. Sjá R. v. Terence Pinfold og Henry MacKenney [2003] EWCA Crim 3643.

<sup>408</sup> Leo of Drizin (2010).

<sup>409</sup> Sjá Garrat (2011), Gísli H. Guðjónsson (2003a) og Leo og Drizin, (2010).

## 20. Réttarþróun í Noregi í tengslum við endurupptöku dæmdra sakamála

Í þessum kafla verður fjallað um tvö mál sem komu upp í Noregi og svipa að ýmsu leyti til þeirra mála sem eru til umfjöllunar í þessari skýrslu. Réttarkerfið í Noregi svipar að mörgu leyti til þess íslenska og skilyrði fyrir endurupptöku dæmdra sakamála eru samþærileg í löndunum tveimur.

### 20.1. Lilandmálið (Lilandsaken)

Lilandmálið er þekktasta dæmið um endurupptöku sakamáls í Noregi.<sup>410</sup> Þann 24. desember 1969 fundust tveir menn myrtir í húsi í Fredrikstad en húsið var þekkt eiturlyfjagreni. Per Kristian Liland, sem vitað var að hafði haldið til í húsinu, var úrskurðaður í gæsluvarðhald fljótlega eftir að mennirnir fundust. Per Kristian var ákærður 4. júní 1970 og þann 3. júlí s.á. var hann dæmdur af Eidsivating lagmannsrett fyrir að hafa valdið dauða beggja mannanna. Dómurinn var staðfestur í Hæstarétti Noregs 28. nóvember 1970. Per Kristian var dæmdur til lífstíðarfangelsisvistar (21 ár). Hann sat í fangelsi til ársins 1983 og sætti öryggisgæslu í kjölfarið, fram til 1993.

#### 20.1.1. Endurupptaka

Endurupptöku málsins var fyrst beiðst í desember 1971 og var þeirri beiðni hafnað af Eidsivating lagmannsrett í maí 1975. Sú ákvörðun var staðfest af Hæstarétti árið eftir. Aftur var leitað eftir endurupptöku málsins 23. júní 1993, daginn eftir að öryggisgæslunni lauk og þann 29. apríl 1994 féllst Eidsivating lagmannsrett á að málið skyldi endurupptekið, með vísan til þess að fram væru komin ný gögn sem væru til þess fallin að geta leitt til sýknu Per Kristian. Ákærvaldið kærði ákvörðunina til Hæstaréttar, sem hafnaði kærinni 2. september 1994.

Talið var að morðin hefðu verið framin 22., 23. eða 24. desember 1969 en báðir hinir myrtu voru í gleðskap í Fredrikstad 21. desember og lík þeirra fundust 24. desember. Bæði þegar málið kom fyrst til úrlausnar og þegar endurupptöku þess var beiðst lá fyrir að Per Kristian hefði ekki getað framið morðin 23. eða 24. desember, þar sem hann sat inni á þeim tíma vegna ölvunar.<sup>411</sup> Per Kristian hefði því einungis getað framið morðin 22. desember.

Við ákvörðun um endurupptöku málsins var m.a. litið til framburða vitna, sem sögðust hafa orðið vör við mennina tvo og við umgang í umræddu húsi 23. og aðfararnótt 24. desember 1969 en vitnisburður sumra þeirra lá ekki fyrir þegar dómur féll 1970. Mest um verð voru hins vegar ný réttarfræðileg gögn, sem sýndu fram á að annar mannanna tveggja hefði haft mikið magn áfengis í blóðinu þegar hann lést en ekkert alkóhólmagn mældist í blóði hins mannsins. Báðir höfðu þeir hins vegar tekið þátt í gleðskap að

<sup>410</sup> Hér má einnig nefna svokallað Moenmál (Moenaken) frá Þrándheimi. Sjá nánar kafla 20.2.

<sup>411</sup> Svokallað „fyllerrest“.

kvöldi 21. desember og verið áberandi ölvaðir. Óumdeilt þótti að mennirnir hefðu báðir látist af sárum sínum mjög stuttu eftir að þeim voru veittir áverkarnir. Þannig var talið að sá þeirra sem mældist með núll prómill áfengis í blóði hefði í mesta lagi getað lifað í tvær klukkustundir eftir að honum voru veittir síðustu áverkarnir. Hin nýju gögn voru þannig talin sýna að morðin hefðu aðeins getað verið framin milli klukkan 11:00 þann 23. desember og 06:00 þann 24. desember 1969. Einnig var talið að endurmeta yrði vitnisburði sem lágu fyrir í málinu þegar það var dæmt, í ljósi hinna nýju réttarfræðilegu gagna.

Per Kristian Liland var í kjölfarið ákærður á ný og lagði ákærvaldið til að hann yrði sýknaður af ákærunum. Málið var dómtekið 21. nóvember 1994 og sýknaði Eidsivating lagmannsrett ákærða sama dag, án þess að til sönnunarfærslu kæmi, í samræmi við kröfur ákærvaldsins.<sup>412</sup>

### 20.1.2. Rannsóknarnefnd um rannsókn Lilandmálsins

Þann 1. júlí 1996 skilaði nefnd, sem skipuð hafði verið í júlí 1995 til að rannsaka málið og kanna réttarfarsleg atriði í tengslum við það, skýrslu til norska dómismálaráðuneytisins.<sup>413</sup> Rannsóknarnefndin var skipuð samkvæmt ákvörðun Stórþingsins í Noregi og bar henni að rannsaka og leggja mat á málsmeðferð lögreglu og ákærvalds í Lilandmálinu. Nefndin skipti málinu í stórum dráttum í fjóra hluta: rannsókn málsins, ákæru á hendur Per Kristian og undirbúning hennar, meðferð fyrstu endurupptökubeiðninnar árið 1970 og loks meðferð seinni endurupptökubeiðninnar og sýknudóminn sem á eftir fylgdi.

Nefndin taldi að rannsókn á málinu í heild hefði leitt í ljós að brotalamir hefðu verið á meðferð þess, að því er varðaði þrjá meginþætti:

- 1) Rannsóknin hefði verið of einstrengisleg (n. *for ensporet*) m.t.t. þeirra einstaklinga sem komu til álitu og of takmörkuð að því er varðaði tímaramma árássanna.
- 2) Viðhorf ákærvaldsins til Per Kristian á meðan á meðferð málsins stóð hefði á tímum verið hlutlægt og fordómafullt. Þannig hefði ákærvaldið ekki gætt þess hlutleysis sem því bar að gera.
- 3) Nokkurrar ónákvæmni hefði gætt varðandi réttarfræðileg gögn og réttarfræðilega vitnisburði, varðandi tíma árássanna og dánartíma hinna látnu. Samspil milli þessara sérfræðinga og þeirra sem fóru með hina lagalegu hluta málsins hefði ekki verið fullnægjandi og ekki stuðlað að því að staðreyndir málsins kæmu fram. Þessar brotalamir sem lýst væri í þessum þriðja þætti hefðu sett mark sitt á fyrstu þrjá hluta málsins af fjórum.

Rannsókn nefndarinnar var, samkvæmt þingsályktun Stórþingsins 9. maí 1995, einkum ætlað að taka til meðferðar lögreglu og ákærvalds á málinu. Sérstaklega skyldi nefndin leggja mat á hvort þessi stjórnvöld hafi á öllum stigum málsins uppfyllt þá skyldu sína að leitast við að sakamál væri upplýst með fullnægjandi hætti. Nefndinni var ætlað að kanna þátt lögreglu og ákærvalds í málinu, fram til þess að sýknudómur féll 1994.

<sup>412</sup> Gerð var grein fyrir málinu í íslenskum fjölmiðlum á sínum tíma, sjá t.d. frétt á [forsíðu Morgunblaðsins, 22. nóvember 1994](#) á vefnum timarit.is.

<sup>413</sup> Skýrsla nefndarinnar er aðgengileg á vef norska dómismálaráðuneytisins, sjá <http://www.regjeringen.no/nb/dep/jd/dok/nouer/1996/nou-1996-15.html?id=140624>.

Tilgangur rannsóknarinnar skyldi vera að greina þau mistök sem kynnu að hafa verið gerð á ýmsum stigum málsins, með það fyrir augum að komast mætti hjá slíkum mistökum í framtíðinni. Í því sambandi var talið skipta meginmáli að leggja mat á sönnunargögn og upplýsingar sem lágu fyrir í málinu á mismunandi tímum og hvernig þessi gögn voru metin af ákærvaldinu og lögð fyrir dómstóla, þ.e. á hvaða efnislega grundvelli dómstólar byggðu niðurstöður sínar, sem leiddu til þess að saklaus maður var dómfelldur og til vandamála við endurupptöku málsins. Í því sambandi var minnt á að hlutverk ákærvaldsins í sakamálum væri að fá fram hvað hafi átt sér stað í reynd.

Auk þess var nefndinni heimilað að kortleggja meðferð dómstóla á málinu, gæfi rannsóknin tilefni til, í því skyni að leggja mat á hvort málsmeðferðarreglur hafi virkað sem skyldi eða hvort tilefni væri til breytinga á þeim.

#### **20.1.2.1. Tillögur rannsóknarnefndarinnar um breytingar á málsmeðferðarreglum**

Í niðurstöðum sínum tók nefndin fram að við mat á málsmeðferð Lilandmálsins hefði hún m.a. haft hliðsjón af þeim reglum sem í gildi voru á umræddum tíma. Að því er varðaði hugsanlegar breytingar á málsmeðferðarreglum, yrðu þær að skoðast út frá því réttarfari sem var í gildi, þegar nefndin skilaði skýrslunni.<sup>414</sup>

Nefndin vísaði til þess að miklar breytingar hefðu orðið á ákvæðum um meðferð sakamála síðan 1969/1970 og af þeim sökum lagði hún aðeins til minniháttar breytingar. Vísaði nefndin einnig til þess að því væru takmörk sett að hve miklu leyti skráðar réttarreglur gætu komið í veg fyrir að sakborningar hlytu refsídóm án þess að fullnægjandi sönnunargögn lægju slíkum dómi til grundvallar.

#### **20.1.2.2. Möguleiki á endurupptöku sakamála samkvæmt norskum lögum**

Nefndin gat þess að skilyrði norskra laga um meðferð sakamála fyrir endurupptöku sakamála hefðu lengi verið til umræðu.<sup>415</sup> Í því sambandi voru sérstaklega nefnd ákvæði sem fólu í sér nýmæli, í endurskoðuðum lögum um meðferð sakamála sem samþykkt voru 1981 og breytingar á viðkomandi ákvæðum frá 1993. Endurupptaka Lilandmálsins hefði þó ekki byggt á þeim ákvæðum, enda þótt vísað hefði verið til þeirra í beiðni um endurupptöku.

Þegar beiðni Liland hefði verið hafnað í fyrra endurupptökumálinu hefði það einkum verið vegna afstöðu dómstóla til nýrra sönnunargagna sem þá var vísað til. Erfitt væri að leggja mat á hvort síðari breytingar á heimildum til endurupptöku sakamála hefðu haft þýðingu, hefðu viðkomandi ákvæði verið að finna í lögum á þeim tíma.

Áður en síðari endurupptökubeiðnin kom fram hefðu heimildir dómstóla verið auknar, m.a. með því að heimilað var að endurmeta þau sönnunargögn sem lágu til grundvallar dómi um sekt sakfellds manns.<sup>416</sup> Hins vegar kom fram í skýrslu nefndarinnar að óljóst

<sup>414</sup> Sjá kafla 10.2 *Avsluttende bemerkninger*, í skýrslu Lilandnefndarinnar.

<sup>415</sup> Sjá kafla 10.5 *Gir loven tilstrekkelig adgang til å få gjenopptatt en straffesak med fallende dom?* í skýrslu Lilandnefndarinnar.

<sup>416</sup> Sjá kafla 10.3 *Adgangen til å få prøvet skyldspørsmålet på nytt* í skýrslu Lilandnefndarinnar.

væri af hverju dómstólar hefðu ekki nýtt heimild í þágildandi lögum til þess að kalla til sérfræðivitni, með vísan til þeirrar óvissu sem var uppi um vitnisburð sérfræðinga í málinu. Hugsanlega hefði skipt máli sú afstaða ákærvaldsins, að ekkert hefði verið lagt fram sem hróflað gæti við niðurstöðu málsins.<sup>417</sup>

Einkum með vísan til þeirra breytinga sem þegar höfðu orðið á málsmeðferðarreglum taldi nefndin ekki ástæðu til útlista með ítarlegum hætti hvernig hugsanlegri endurskoðun á skilyrðum fyrir endurupptöku sakamála skyldi háttáð.

### 20.1.3. Nefnd um endurupptöku sakamála

Með breytingum á lögum um meðferð sakamála í Noregi frá 15. júní 2001, sem tóku gildi 1. janúar 2004, var sett á fót sjálfstæð nefnd, sem fer með ákvörðunarvald um hvort fallast skuli á beiðni dómfelldra einstaklinga um endurupptöku sakamála (n. *kommisjonen for gjenopptakelse av straffesaker*). Í nefndina eru skipaðir fimm aðalmenn og þrír varamenn og hjá henni starfa rannsakendur sem ýmist hafa bakgrunn í lögreglunni eða eru löglærðir.

Í umfjöllun norska dómsmálaráðuneytisins<sup>418</sup> um breytingarnar, sem lagðar voru fyrir norska Stórþingið, kemur fram að þrátt fyrir að umtalsverðar breytingar hafi orðið á þarlandum lögum um meðferð sakamála frá því dómur féll í Lilandmálinu, sem til þess væru fallnar að koma í veg fyrir að einstaklingar væru ranglega sakfelldir, væri málsmeðferð sakamála skeikul líkt og önnur mannanna verk. Samkvæmt lögum um meðferð sakamála væru ýmis atriði sem gætu orðið til þess að mál yrðu endurupptekin. Lilandmálið sýndi að rétt væri að taka til skoðunar hvort samfélaginu bæri ekki að taka aukna ábyrgð á því að meta hvort þau skilyrði væru til staðar. Þetta væri ein af ástæðum þess að lagt væri til að sérstök nefnd yrði sett á fót til að fara með beiðnir um endurupptöku sakamála.

Meginskilyrði þess að dæmt sakamál verði endurupptekið, samkvæmt norskum sakamála lögum, eru sem hér segir:<sup>419</sup>

1. Að ný sönnunargögn eða nýjar kringumstæður hafi komið fram sem líklegt má telja að geti leitt til sýknu, eða umtalsvert lægri refsingar.
2. Að alþjóðlegur dómstóll eða mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafi slegið því föstu að dómur eða málsmeðferð hafi gengið í bága við alþjóðalög, þannig að ætla megi að ný málsmeðferð geti leitt til annarrar niðurstöðu.
3. Að einhver sem hafi haft mikil áhrif á meðferð málsins hafi gerst sekur um refsivert athæfi sem kynni að hafa haft áhrif á niðurstöðuna.
4. Að Hæstiréttur Noregs hafi vikið frá lagatúlkunum sem áður hafi verið beitt og sakfelling í málinu hafi byggst á.

<sup>417</sup> Sjá kafla 6.6.6 *Den videre behandling av gjenopptakelsessaken*, í skýrslu Lilandnefndarinnar.

<sup>418</sup> Sjá umfjöllun norska dómsmálaráðuneytisins um frumvarp um breytingar á lögum um sakamál o.fl., <http://www.regjeringen.no/nb/dep/jd/dok/regpubl/otprp/20002001/otprp-nr-70-2000-2001-.html?id=165359>

<sup>419</sup> *Lov om rettergangsmåten i straffesaker (Straffeprosessloven)*, kap 27. *Gjenåpning*.



5. Að sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem gera að verkum að vafi leiki á um að dómurinn sé réttur og veigamikil atriði séu til staðar sem kalli á að sekt hins sakfellda skuli metin upp á nýtt.

## 20.2. Moenmálið (Moenaken)

Fritz Moen var árin 1978 og 1981 dæmdur fyrir morðið á Torunn Finstad í október 1977 og Sigrid Heggheim árið 1976, en á sínum tíma játaði hann að hafa framið bæði morðin. Moen fór fram á að málin tvö yrðu endurupptekin í janúar árið 2000 en máluðum lauk ekki fyrr en að honum látnum, í ágúst 2006. Hálogaland lagmannsrett hafnaði endurupptöku beggja málanna árið 2002. Ákvörðunin var kærð til Hæstaréttar sem féllst á endurupptöku Sigridmálsins en hafnaði endurupptöku Torunnmálsins. Eftir að Moen var sýknaður af ákæru í Sigridmálinu árið 2004 fór hann fram á endurupptöku Torunnmálsins fyrir endurupptökunefnd sem þá hafði nýlega verið sett á fót í Noregi. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu árið 2006, eftir að Moen hafði fallið frá og 67 ára gamall maður í Naumósi (Namos) játað bæði morðin, að Torunnmálið skyldi endurupptekið. Í ágúst sama ár kvað Borgarting lagmannsrett upp sýknudóm í málinu.<sup>420</sup>

Sett var á laggimar nefnd sem m.a. leitaðist við að draga ályktanir varðandi ástæður þess að Moen var dæmdur fyrir morðin á Torunn og Sigrid.<sup>421</sup> Nefndin lagði einnig fram nokkrar tillögur um breytingar á lögum eða aðrar ráðstafanir sem kynnu að koma í veg fyrir óréttmætar sakfellingar í Noregi til framtíðar litið.

Bæði í Torunnmálinu og Sigridmálinu lágu játningar Moen til grundvallar ákæru og síðar sakfellingu. Fyrsta játning í Torunnmálinu lá þegar fyrir 9. október 1977. Það var tveimur dögum eftir að Moen var handtekinn og þremur dögum eftir að Torunn fannst. Játningin sem sakfellingin byggði á kom fram 16. október 1977. Í þeirri frásögn komu fram mörg smáatriði sem komu heim og saman við það sem fundist hafði á vettvangi morðsins. Moen játaði ekki að hafa myrt Sigrid fyrr en haustið 1980.

Að mati Moennefndarinnar voru játningar Moen falskar í bæði Torunn- og Sigridmálinu. Nefndin vísaði til þess að síðustu árin hefðu verið gerðar þó nokkrar erlendar rannsóknir á fölskum játningum. Þannig hefði Gísli H. Guðjónsson lýst þremur ólíkum aðferðum við að útskýra af hverju fölsk játning kynni að vera gefin.<sup>422</sup>

---

<sup>420</sup> Þann 5. febrúar 2008 tók norska Stórþingið tók til skoðunar hvort tilefni væri til málshöfðunar gegn þremur Hæstaréttardómurum fyrir ríkisrétt (riksrett) vegna ákvörðunar Hæstaréttar í október 2003 um að hafna endurupptöku annars af máluðum tveimur. Áður hafði dómurinum verið gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnunar- og stjórnskipunarnefnd þingsins (kontroll- og konstitusjonskomiteen) og svöruðu dómarnir þrír nefndinni með sameiginlegu bréfi í desember 2007. Dómarnir sendu nefndinni viðbótarskýringar þann 21. febrúar 2008. Meirihluti þingnefndarinnar lagði til við Stórþingið 8. maí 2008 að málinu yrði vísað frá þar sem ekki væri grundvöllur til málshöfðunar og var tillagan samþykkt í atkvæðagreiðslu 27. maí 2008. Sjá mál nr. 235 (2007-2008) á vef norska Stórþingsins: <http://www.stortinget.no/no/Saker-og-publikasjoner/Saker/Sak/?p=39387>

<sup>421</sup> Sjá skýrslu nefndar um Fritz Moen og norskt sakamálaréttarfar (Fritz Moen og norsk strafferettspleie) sem skilað var til norska dómsmálaráðuneytisins 25. júní 2007.

<sup>422</sup> Vísað var til bókar Gísla, *The Psychology of Interrogations and Confessions: a handbook*, 2003.

Nefndin vísaði til þess að það sem einkenndi „uppgjöf“ í formi falskrar játningar, væri að hinn grunaði gæfist upp strax, vegna þrýstings við yfirheyrslur í varðhaldi o.fl., til þess að komast burt úr slíkum aðstæðum þegar í stað.

Moennefndin útilokaði ekki að játningarnar sem Moen gaf í **Torunnmálinu**, á tímabilinu 9. til 19. október 1977, væru afleiðingar slíks þrýstings. Að mati nefndarinnar var Moen beittur umtalsverðum þrýstingi á þessu tímabili. Yfirheyrslur voru mjög langar og enda þótt Moen hefði ekki þurft að sæta bréfa- og heimsóknarbanni, hafði hann svo takmörkuð félagsleg tengsl að hann umgekkst varla aðra en lögreglumenn á umræddu tímabili. Fyrsta játningin 9. október var gefin á meðan túlkur var ekki til staðar, en Moen var heyrnaskertur og átti erfitt með tjáskipti. Að mati nefndarinnar var játningin afleiðing samskiptaefiðleika milli þeirra sem stóðu að yfirheyrslunni og Moen. Frekari yfirheyrslur að kvöldi sama dags bentu til þess að Moen hafi „flækt sig í“ játningunni. Líta yrði á þann umtalsverða þrýsting sem Moen var undir í samhengi við persónleika hans. Hann virtist hafa borið mikla virðingu fyrir yfirvöldum og kynni jafnframt að hafa litið svo á að játning væri eina undankomuleið sín í þeim aðstæðum sem hann var í við yfirheyrslurnar. Af þeim sökum hafi hann játað á sig verknað sem hann ekki framdi.

Í skýrslu Moennefndarinnar kemur fram að Moen hafi þróað játninguna við frekari yfirheyrslur lögreglu. Hann hefði gefið tvær nákvæmar skýringar á því hvernig hann myrti Torunn, við þinghald í málinu í maí 1978. Svo virtist sem mikill þrýstingur á meðan á þinghaldi stóð hafi verið ástæða þess að hann játaði. Nefndin taldi þetta kunna að vekja upp spurningar um hvort Moen hefði gefið skýringar sem miðuðust við mismunandi væntingar ólíkra aðila. Slík skýring félli hins vegar illa að þeirri staðreynd að Moen neitaði staðfastlega sumum smáatriðum í tengslum við verknaðinn, t.d. að hann hefði sett snöru utan um háls Torunn.

Að mati Moennefndarinnar hefði Moen einnig hugsanlega á einhverjum tímapunkti getað talið sig hafa framið morðið. Nokkur dæmi væru um það í framkvæmd að langar yfirheyrslur og einangrun geti leitt til falskra játninga því viðkomandi yrði sannfærður um að hann hefði framið verknaðinn.

Nokkrir þeirra sem Moennefndin ræddi við héldu því fram að Moen hafi litið á marga af lögreglumönnum sem unnu við málið sem vini sína. Einn lögreglumaðurinn hafði einnig skýrt frá því að hann hafi eftirá óttast að játningin í Sigríð-málinu hafi komið til vegna þess að Moen hafi viljað gera honum til geðs. Nefndin taldi hugsanlegt að athyglin sem Moen fékk frá lögreglunni og síðar frá almenningi vegna málsins, gæti hafa virkað hvetjandi á Moen.

Önnur skýring á því að Moen játaði, var talin tengjast málskilningi hans. Hann átti erfitt með að skilja óhlutbundin hugtök og þannig var talinn leika vafi á því að hann hafi skilið hugtakið „sannleikur“. Sumir hefðu haldið því fram við Moennefndina að fyrir Moen hafi orðið „sannleikur“ verið atburðarásin sem lögreglan lagði til grundvallar. Nefndin taldi hins vegar ólíklegt að játningar Moen við yfirheyrslur lögreglu haustið 1977 (Torunnmálið) og haustið 1980 (Sigríðmálið) væru einar og sér ástæður þess að merking hugtaksins „sannleikur“ hefði brenglast í huga Moen. Önnur ástæða væri að

skýringar Moen virtust í einhverjum tilvikum hafa verið endurtekningar á lærðri atburðarás. Þetta hefði t.d. gilt um fyrstu játninguna við aðalmeðferð Torunnmálsins og það sem virtist vera játning í endurupptökumálinu við Hálogaland Lagmannsrett árið 2001.

Moennefndinni var ekki unnt að draga neinar ótvíræðar ályktanir um orsakirnar fyrir mörgum og ítarlegum játningum Moen og fyrir því að hann lýsti sig ýmist sekan eða saklausan. Taldi nefndin að margir þættir hefðu spilað saman. Eftir játninguna þann 16. október 1977, virtist það vera sambland viljans til að gera lögreglunni til geðs, óttans um að yfirheyrslur héldu áfram og löngun í athygli sem stuðlaði að því að Moen hefði gefið þessar skýringar.

Í **Sigrídmálinu** voru yfirheyrslur ekki jafn ákafar og í Torunnmálinu að mati nefndarinnar. Í því fyrrnefnda kynnu játningar að tengjast þrýstingi sem Moen taldi sig vera undir og óskum um að komast undan yfirheyrslum. Moennefndin vísaði til þess að þegar Moen var fluttur frá Ila fangelsinu til Þrándheims árið 1980 til yfirheyrslu vegna Sigrídmálsins, hefði það verið gegn hans vilja. Það hefði oft gengið illa að fá hann til samstarfs við yfirheyrslur. Þá væri ekki hægt að útiloka að það að Moen vildi vera „kokhraustur“ og „frægur“ hafi virkað hvetjandi fyrir hann til að játa morðið á Sigrid.

#### **20.2.1. Ágallar á rannsókn og meðferð Moenmálsins**

Moennefndin lagði mat á hvað hefði farið úrskeiðis við rannsókn lögreglu og við meðferð málsins hjá ákærvaldinu þannig að þannig að niðurstaðan varð sú sem raun bar vitni.

Í Torunnmálinu taldi nefndin að margar ólíkar aðstæður gætu hafa verkað hvetjandi í tengslum við játningar Moen. Það hafi verið m.a. af þeim ástæðum sem það var erfitt fyrir lögregluna að ákvarða hvort játningin væri fölsk. Í játningunni hefðu komið fram óvenjulega mörg smáatriði til að hún gæti talist fölsk játning. Þetta var talið geta tengst því að Moen var þegar vel þekktur á svæðinu þar sem morðið á Torunn var framið. Nefndin taldi ástæðu til að ætla að Moen hafi þekkt til brotavettvangsins.

Norskir fjölmiðlar fjölluðu einnig um smáatriði sem tengdust líkfundinum. Um mörg af smáatriðunum sem fram komu í játningunum gat Moen hafa lesið í dagblöðum. Það var talið óheppilegt að dagblöðin hafi fjallað um málið í slíkum smáatriðum og að Moen hafi haft aðgang að dagblöðum dagana eftir að Torunn fannst. Nefndinni virtist sem lögreglunni, ákærvaldinu og síðar dómstólum hafi ekki verið kunnugt um hversu mikið af smáatriðum af vettvangi hafði verið lýst í dagblöðunum.

Moennefndin taldi að lögreglan hefði verið sannfærð um að Moen hefði myrt Torunn. Það kynni að hafa leitt til þess að skýringar Moen hafi ekki verið litnar nógu gagnrýnum augum. Ástæða þess að athygli lögreglunnar beindist að Moen stuttu eftir að Torunn fannst hefði líklega verið grunur um að hann hefði í allnokkur skipti berað sig á svæðinu í kringum Stavne brúnna, sem var vettvangur morðsins. Svæðið var í göngufjarlægð frá heimili Moen. Þegar rannsókn var fór fram á heimili hans þann 6. október 1977, gaf Moen rangar upplýsingar um hvenær hann hefði lagst til svefns nóttina sem morðið var

framið. Auk þess vitnaði ungur drengur um að Moen hefði verið maðurinn sem hann hefði séð á Stavne brúnni nokkrum dögum eftir morðið. Vegna þessa hefði vaknað grunur hjá lögreglunni um að Moen gæti hafa myrt Torunn. Sá grunur styrktist með rannsókn á íbúð Moen þann 7. október. Það voru hins vegar engin önnur sönnunargögn sem tengdu Moen við morðið. Nefndin taldi sig hafa fundið nokkur dæmi þess að lögreglan hafi ekki verið tilhlýðilega hlutlaus og gagnrýnin í rannsókn sinni, líklega vegna þess að hún hefði verið sannfærð um sekt Moen.

Í **Sigrídmálinu** var Moen með fjarvistarsönnun nóttina sem lögreglan taldi í meira en eitt ár að væri líklegasti tímapunktur morðsins. Sæði og blóð sem fundust á Sigríð reyndust auk þess vera frá einstaklingi í blóðflokki A en munnvatnssýni frá Moen sýndi að hann væri í öðrum blóðflokki. Moen gat af þessum sökum ekki verið morðingi Sigríð ef sæðið sem fannst í leggöngum hennar væri úr morðingjanum. Vegna gruns gagnvart Moen óskaði lögreglan eftir nýju mati frá sérfræðingum í málinu. Það mat kom fram í formi viðbótarupplýsinga þann 24. október 1977 og var með því dregið úr fyrri niðurstöðum. Í því sögðu sérfræðingarnir að lang líklegast væri að sæðið væri úr karlmanni í blóðflokki A en ekki væri hægt að útiloka að efnið hafi verið greint í blóðflokki A vegna áhrifa af bakteríum og að blóðflokkur árásarmannsins væri því óþekktur. Að mati Moennefndarinnar voru þessar viðbótarupplýsingar villandi og þessum sönnunargöngum gefið mun minna vægi af lögreglu og ákærvaldinu en ástæða hefði verið til. Nefndin taldi að viðbótarupplýsingarnar gætu hafa stuðlað að því að lögreglan hefði ekki verið eins gagnrýnin á játningu Moen eins og hún hefði átt að vera. Þetta kynnu einnig að hafa haft þýðingu í Torunnmálinu.

Brot gegn meginreglunni um hlutleysi kunna að hafa haft áhrif á að rannsókn málsins villtist nokkuð af leið.

Moennefndin fjallaði um að í **Torunnmálinu** hafi lögreglan ekki gert viðvart um að hvíta þræði sem fundust nálægt vettvangi, þrátt fyrir að ekki hefði verið unnt að tengja þá við Torunn eða Moen. Slík uppgötvun (n. *negativt funn*) hefði átt að vera gerð ákærvaldinu, verjendum og dómstólnum kunn. Að láta ógert að upplýsa um þetta var brot á kröfunni um hlutleysi samkvæmt niðurstöðum Moennefndarinnar.

Þá fjallaði nefndin um ástæður er tengdust handtöku Moen. Drengurinn sem átti að hafa borið kennsl á Moen á Stavne brúnni 4. október, hafði aðspurður m.a. sagt frá því að maðurinn talaði Trønder-málýsku. Skýrslan um vitnisburð drengsins var færð sem sönnunargagn í málinu en yfirheyrsluskýrslan var færð sem núllskjal.<sup>423</sup> Þetta var talið brot gegn meginreglunni um hlutleysi.

Í **Sigrídmálinu** gaf kona vitnisburð 19. nóvember 1976 þar sem hún sagði frá því að hafa séð appelsínugulan regnjakka á vettvangi. Hún breytti vitnisburði sínum við yfirheyrslu lögreglu einu ári og þrem mánuðum síðar, þann 24. febrúar 1978. Að mati

---

<sup>423</sup> „Et 0-dokument“. Gögn sem ekki eru aðgengileg með sama hætti og önnur gögn í sama máli.

Moennefndarinnar beitti lögreglan við seinni yfirheyrsluna aðferð sem virtist hafa brotið gegn meginreglunni um hlutleysi vegna þess að lögreglan var sannfærð um sekt Moen.

Þá vísaði nefndin til endurrits úr dagbók Sigríð sem fært var sem núllskjal og þar með ekki gert aðgengilegt verjendum. Endurritið sýndi að ekki var skrifuð dagbókarfærsla fyrir laugardaginn 4. október. Það hafði því nokkurt sönnunargildi í tengslum við spurninguina um hvenær Sigríð var myrt og hefði átt að vera hluti af gögnum málsins.

Moennefndin taldi ástæðu til að vekja athygli á þeirri staðreynd að lögreglan leitaði ekki eftir því að Moen yrði skipaður lögmaður áður en yfirheyrslur hófust haustið 1980. Þegar Moen var í október 1980 færður frá Ila fangelsinu til varðhaldsfangelsisins í Þrándheimi, var ástæðan sú að lögreglan hugðist yfirheyra hann í tengslum við Sigríðmálið. Þar sem Moen hafði þegar verið frelsissviptur, voru ekki til staðar skilyrði fyrir gæsluvarðhaldi og tilnefningu lögmanns í tengslum við það. Með vísan til þess að lögreglunni var kunnugt um persónuleika og vandamál Moen árið 1980, hefði hún áður en yfirheyrslurnar hófust átt að óska eftir verjanda fyrir hann í samræmi við 102. gr. norsku sakamálaganna 1887.<sup>424</sup>

Moennefndin taldi að skynsamlegur vafi (n. *begrunnet tvívl*) hefði verið um sönnun sektar Moen í september 1981 þegar ákæra var gefin út í Sigríðmálinu. Þrátt fyrir það taldi nefndin að það hafi ekki verið óforsvaranlegt af hálfu þeirra sem tóku ákvörðun um útgáfu ákæru.<sup>425</sup>

### 20.2.2. Samanburður Torunn- og Sigríðmálanna

Grundvöllur ákæru og dómsniðurstöðu í báðum sakamálunum voru fyrst og fremst játningar Moen. Játningin sem sakfellingin í Torunnmálinu byggði á var frá 16. október 1977. Hún greindi frá mörgum smáatriðum sem voru í samræmi við rannsóknarniðurstöður lögreglu. Í öllum meginatriðum gaf Moen sömu játningu tvisvar til viðbótar við meðferð málsins fyrir dómi í maí 1978. Í Torunnmálinu fundust engar sterkar vísendingar á vettvangi, hvorki með né á móti sekt Moen. Moen hafði heldur ekki fjarvistarsönnun á þeim tíma þegar morðið var framið. Ekki voru til staðar sterk sönnunargögn sem gáfu lögreglu tilefni til að vefengja játninguna.

Fleiri samnefnarnar voru ekki með sönnunargögnum Torunn- og Sigríðmálanna. Í Sigríðmálinu fannst sæði og blóð, sem gáfu til kynna að sterkar líkur væru á því að sæðið kæmi úr manni í blóðflokki A á meðan Moen var í öðrum blóðflokki. Moen var einnig með fjarvistarsönnun á þeim tíma sem lögreglan taldi, í meira en eitt ár, að væri líklegast sá tími sem morðið var framið.

Margt var líkt með morðunum tveimur og líklegt var að um væri að ræða sama morðingja í báðum málunum. Moennefndin taldi að þegar ákærvaldið ákvað að fara með Torunnmálið fyrir dóm árið 1978, hafi sannanir sem bentu til þess að Moen hefði ekki myrt Sigríð ekki verið lagðar fyrir dóminn. Þetta hafði í för með sér að mikilvæg sönn-

<sup>424</sup> Í greininni er kveðið á um skipun lögmanns vegna m.a. sérstakra aðstæðna.

<sup>425</sup> Sjá nánar í skýrslu Moennefndarinnar, kafla 8.4.

unargögn fyrir sakleysi Moen voru tekin undan sönnunarmati dómstólsins. Bæði ákæranda og dómnum var skylt samkvæmt þágildandi norskum lögum um meðferð sakamála að leitast eftir því að refsimál yrði upplýst eins vel og hægt væri og því taldi nefndin andstætt lögum að sönnunargögn sem máli skiptu voru aldrei gerð réttinum kunnug. Hvítu þræðirnir sem fundust nálægt vettvanginum, hefðu einnig átt að vera gerðir dómnum kunnugir. Moennefndin taldi ekki hægt að útiloka að umrædd sönnunargögn hefðu haft þýðingu við sönnunarmatið ef þau hefðu verið lögð fyrir dóminn. Nefndin taldi hins vegar að líklegast hefði það ekki haft áhrif á niðurstöðu málsins.

Dómurinn í Torunnmálinu var notaður sem sönnunargagn gegn Moen í Sigríðmálinu. Að mati Moennefndarinnar vísaði sönnunarfærsla í Sigríðmálinu hins vegar til þess að Moen hefði verið í röngum blóðflokki og að morðið hefði getað verið framið aðfaranótt 5. september en þá hafði Moen fjarvistarsönnun. Eftir því sem nefndin fékk best séð voru sönnunarkröfur að líkindum ekki uppfylltar við meðferð málsins.

### 20.3. Tillögur Moennefndarinnar

Refsimálin gegn Fritz Moen fóru fram á grundvelli þágildandi laga um meðferð sakamála í Noregi frá 1887. Því hafði verið haldið fram að síðari breytingar á ákvæðum um meðferð sakamála hefðu getað komið í veg fyrir þær niðurstöður sem urðu í málunum.

Nefndin fékk ekki séð að breytingar á reglum, sem átt höfðu sér stað frá því réttað var í málunum tveimur, hefðu komið í veg fyrir rangar dómfellingar. Nefndin taldi að mikilvægasti lærdómurinn sem draga mætti af Moenmálunum væri að:

- lögreglan og ákærvaldið skuli virða meginregluna um hlutleysi,
- sérfræðingar sem koma að sakamálum ræki störf sín á hlutlausan og vandvirkan hátt og
- sönnunarkröfunni *in dubio pro reo*<sup>426</sup> skuli fylgt bæði af ákærvaldi og dómstólum.

#### 20.3.1. Krafan um hlutleysi

Moennefndin rakti í skýrslu sinni að almennt játaði fólk ekki verknaði sem það hefði ekki framið. Það væri hins vegar ekki þar með sagt að lögreglan gæti lagt hvaða játningu sem væri til grundvallar. Út frá öðrum sönnunargögnum í málum væri oft hæglega unnt að ráða hvort játningin væri fölsk. Gísli H. Guðjónsson hefði fært rök fyrir því að margar orsakir gætu legið að baki því að falskar játningar leiddu til rangrar sakfellingar. Með vísan til fyrri rannsókna hefði Gísli hins vegar bent á að kappsamir og ofuráhugasamir lögreglumenn, sannfærðir um sekt sakbornings, væru algengasta orsökina. Slíkir lögreglumenn, sem væru sannfærðir um að með því væru þeir að vinna í þágu hagsmuna samfélagsins, gætu:

- beitt sakborning þrýstingi við yfirheyrslu,

---

<sup>426</sup> Allan vafa ber að skýra ákærða í hag.

- beitt vitni þrýstingi til að fá þau til að gefa skýringar sem samrýmdust óskum lögreglu,
- leynt eða hunsað sönnunargögn sem gæfu til kynna sakleysi sakbornings,
- látið skjöl sem gæfu sakleysi til kynna hverfa úr málinu.

Moennefndin taldi sig hafa séð örla fyrir öllum þessum brotum á meginreglunni um hlutleysi í Moenmálinu. Margir sem komu að rannsókn málsins hafi gefið til kynna sterka sannfæringu um sekt Moen. Það virtist ljóst að Moen hefði verið undir miklum þrýstingi í yfirheyrslum, sérstaklega í Torunnmálinu. Mörg vitni hefðu rætt um talsverðan þrýsting af hálfu lögreglu. Í Torunnmálinu voru tvö sönnunargögn sem hefðu getað gefið sakleysi Moen til kynna ekki lögð fram fyrir dómstólinn sem dæmdi í málinu. Skjöl sem klárlega skiptu máli voru í báðum málum færð sem núllskjöl.

Nefndin taldi flest brotin á meginreglunni um hlutleysi ein og sér ekki gróf og hvert þeirra hefði varla sem slíkt haft sérstaka þýðingu fyrir niðurstöðu málsins. En þegar horft væri til þeirra í heild gátu þau, að mati nefndarinnar, hafa haft mikla þýðingu.

Moennefndin fjallaði um hversu mikið ákærvaldið setur sig inn í sakamál áður en ákvörðun um ákæru er tekin. Í því samhengi skipti máli að mati nefndarinnar alvarleiki málsins, eðli sönnunargagnanna, hvort viðkomandi skuli sjálfur ákæra í málinu og hvernig undirbúningi lögreglu væri háttað. Saksóknarar í Noregi hefðu samkvæmt lögum oft einungis nokkra daga til að taka afstöðu til þess hvort ákæra skyldi gefin út, jafnvel í alvarlegum morðmálum. Það væri nokkuð óvenjulegt ef meira en tvær vikur væru til ráðstöfunar til að taka afstöðu til mála. Á þeim tíma gæti sá sem ákvörðunina tekur ekki orðið sér út um yfirgripsmikið yfirlit yfir staðreyndir, sem kynni að vekja upp flóknar spurningar sem féllu utan fagkunnáttu þeirra. Í Sigridmálinu lágu fyrir flókin læknisfræðileg álitamál, sérstaklega í sambandi við sönnunargögn um blóðflokka. Að mati nefndarinnar hefði verið óraunhæft að ætla að ákærvaldið, með þeim mannafla sem var til staðar, hefði getað framkvæmt sjálfstætt mat á öllum hliðum málsins áður en ákvörðun var tekin um ákæru. Það réði úrslitum að framsetning lögreglu gagnvart ákærvaldinu væri ítarleg og hlutlaus.

Lögreglan hefði ýmis úrræði til að framkvæma rannsóknir í alvarlegum málum en rannsakendur þyrftu oft að vinna í marga mánuði að einu máli. Léti lögreglan vera að leggja fram og upplýsa um öll sönnunargögn sem máli skiptu, væri hætta á því að ákærvaldið, verjendur og að endingu dómstólar fengju ekki rétta mynd af stöðu sönnunargagna.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að upplýsingar frá lögreglu til ákærvalds hefðu verið ófullnægjandi bæði í Torunnmálinu og Sigridmálinu. Í Torunnmálinu greindi yfirlitsskýrslan ekki frá nokkrum upplýsingum um trúverðugleika játninganna.<sup>427</sup> Ríkissaksóknari þekkti varla til frávikanna milli játninga og niðurstaða tæknirannsókna þegar

<sup>427</sup> Yfirlitsskýrslan fjallar um allar skýrslugjafir Moen, en það voru engar upplýsingar um hvernig játningar viku frá niðurstöðum tæknirannsókna. Lýsingar í vettvangsskýrslu um skýringar Moen voru nokkuð yfirborðskenndar m.t.t. mats á frávikum og fjölluðu einungis um sjálfan vettvanginn og um að Torunn „gæti hafa komist gegnum girðingu“ við vettvanginn.

fyrirmæli um ákæru voru gefin út. Hvorki yfirlitsskýrslan né vettvangsskýrslan nefndu hvítu þræðina sem fundust nálægt vettvangi. Grundvallarspurningin um samhengið milli Torunnmálsins og Sigridmálsins var heldur ekki nefnd í yfirlitsskýrslunni. Smáatriði í tengslum við blóðflokka, tíma morðsins og fjarvistarsönnun Moen voru varla þekkt af ákæruvaldi, verjendum eða réttinum. Í Sigridmálinu vantaði í samantekt lögreglu yfirlit yfir þau mörgu vitni sem höfðu heyrt kvenmannsöskur frá Nidarvoll aðfaranótt 5. september 1976.

Nefndin taldi að vandamál við upplýsingaflæði væru álíka mikil í dag og þegar ákæra var gefin út í málunum gegn Moen. Bent var á að í framkvæmd veitti lögreglan oft ríkissaksóknara einungis upplýsingar um mál munnlega. Slíkt fyrirkomulag tryggði ekki áreiðanleika og gæfi tilefni til óheppilegrar afbökunar á ábyrgð.

### **20.3.1.1 Skriflegar skýrslur lögreglu um sönnunarstöðu mála og útfærsla í tengslum við sönnunargögn**

Moennefndin taldi að taka ætti til skoðunar að lögfesta skyldu fyrir lögregluna að skrifa skýrslu um stöðu sönnunargagna sem þýðingu hefðu fyrir mat á sök eða refsingu, í þeim tilvikum þegar ákæra væri gefin út af öðru embætti. Skýrslan skyldi vera hlutlaus og taka til sönnunargagna sem bæði væru til óhagræðis og til hagsbóta fyrir hinn grunaða. Slík skylda myndi að mati nefndarinnar stuðla að því að heildarmynd sönnunar í sakamálu kæmi fram. Skýrslan myndi einnig auðvelda ákæruvaldinu í Noregi vinnuna við að setja sig inn í málið.

Moennefndin rakti að meginreglan um að ákæruvaldið skuli vera hlutlægt í störfum sínum fæli í sér að úrlausnarefni í tengslum við sönnun taki til allra sönnunargagna sem máli skiptu, hvort sem þau eru til hagsbóta eða til óhagsræðis fyrir hinn ákærða. Í framkvæmd væri það algengt að ákæruvaldið eftirléti verjanda að vekja athygli á einstaka sönnunargögnum. Til að koma í veg fyrir að aðilum yfirsjáist sönnunargögn sem eru til hagsbóta fyrir ákærða og þau komi ekki fram undir aðalmeðferð máls, lagði nefndin til að það yrði lögfest að ákæruvaldið skyldi tilgreina öll sönnunargögn sem skipt geta máli, til viðbótar við að vísa til þeirra sönnunargagna sem það hyggðist leggja fram í málinu. Á þennan hátt gætu bæði dómurinn og verjandinn fengið upplýsingar um hvers konar sönnunargögn sem yrðu færð fram af hálfu ákæruvaldsins.

### **20.3.2. Lagabreytingar í tengslum við framkvæmd yfirheyrsla - Mörk ótilhlýðilegs þrýstings<sup>428</sup>**

Moennefndin rakti að rannsóknin í tengslum við Moen fór fram í lok áttunda áratugarins og byrjun þess níunda, þegar reglur um lögreglu yfirheyrslur var að finna í leiðbeiningum frá ákæruvaldinu. Reglurnar væru í meginatriðum þær sömu og þær voru 1977-1980, enda þótt leiðbeiningarnar gæfu í dag nokkuð nákvæmari leiðsögn.

Moennefndin vísaði til þess að þegar yfirheyrslur væru jafn ákafar og í Moenmálinu, væri æskilegt að nákvæmar upplýsingar um hlé á yfirheyrslum, samtölum við verjanda

---

<sup>428</sup> n. manipulasjon.



og/eða prest o.s.frv. væru teknar niður. Lagt var til að bætt yrði við leiðbeiningar ákærvalds, skyldu fyrir lögreglu að upplýsa að fullu um framkvæmd yfirheyrsla þegar ákafar yfirheyrslur hefðu staðið yfir.

Mörk þess hvaða þrýstingur er tilhlýðilegur við yfirheyrslu eru nokkuð óljós. Moennefndinni var kunnugt um að bæði í norska lögregluskólanum og annars staðar innan lögreglunnar hefði verið gripið til ráðstafana til að breyta þeim aðferðum sem beitt er við yfirheyrslur. Vinnan við að breyta viðhorfum og þróa nýjar aðferðir við yfirheyrslur væri mjög mikilvæg en að mati nefndarinnar kynnu að vakna spurningar um hvort þetta væri fullnægjandi til að koma í veg fyrir að þrýstingi og stjórnsemi væri beitt við yfirheyrslur. Þrýstingur og stjórnsemi leiddu líklega til fleiri játninga (einnig falskra) en aðrar yfirheyrsluaðferðir. Ef mörkin fyrir notkun þrýstings og stjórnsemi væru ekki ljós, væri hætt á að „áhrifaríkustu aðferðirnar“ yrðu áfram ráðandi í framkvæmd að mati nefndarinnar.

Moennefndin hafði í litlum mæli fundið sönnunargögn um ótilhlýðilegan þrýsting eða stjórnsemi í Moenmálinu. Það voru hins vegar nokkur dæmi um að óheppilegar yfirheyrsluaðferðir hefðu verið notaðar, sérstaklega við yfirheyrslu vitna. Til að komast hjá óréttmætum ásökunum um ólöglegar og ótilhlýðilegar yfirheyrsluaðferðir og til að koma í veg fyrir notkun slíkra aðferða, gæti notkun á hljóð- og myndbandsupptöku verið heppileg leið að mati nefndarinnar.

#### **20.4. Reglur um geymslu haldlagðra muna og lífsýna**

Þegar Moennefndin fjallaði um málið giltu engar reglur sem kváðu á um að norska lögreglan skyldi geyma sönnunargögn, t.d. lífsýni, eftir að endanlegur dómur fellur. Nefndin benti á að ef slík sýni hefðu verið geymd í Moenmálinu, hefði með hjálp DNA greiningar verið hægt að fá fram afgerandi sannanir í endurupptökuferlinu. Nefndin taldi að leggja ætti mat á setningu reglna um geymslu lífsýna í alvarlegri refsímálum, með vísan til mögulegrar endurupptöku.

#### **20.5. Trygging sönnunar í tengslum við aðalmeðferð**

Moennefndin lýsti sig sammála tillögum Lilandnefndarinnar um að notast skyldi við hljóðbandsupptökur af yfirlýsingum ákærða, vitna og sérfræðivitna. Lilandnefndin lagði einnig til að samantekt dómarsins, upphafsraða ákærvaldsins og niðurstöður í málflutningi ákærvalds og verjanda, yrðu tekin upp og tók Moennefndin undir það mat. Líklega hefði slík hljóðbandsupptaka haft þýðingu við meðferð endurupptökubeiðni.

#### **20.6 Sönnunarkröfur**

Moennefndin vísaði til þess að ákærvaldið yrði með sjálfstæðum hætti að meta hvort fyrirliggjandi sönnunargögn væru tilhlýðileg m.t.t. sakfellingar. Þetta fæli í sér, að mati nefndarinnar, að ákæra skyldi ekki gefin út ef skynsamlegur vafi léki á um sekt sakbornings. Sönnunarkröfuna skyldi meta sjálfstætt af þeim sem tæki ákvörðun af hálfu ákæru-

valdsins og það ætti ekki að vera fullnægjandi að leggja mat á hvað unnt væri að sannfæra dómstóla um. Nefndin leit svo á að það væri óheppilegt að þetta væri ekki skýrt í lögum. Þetta gæti verið til þess fallandi að grafa undan ábyrgð.

Moenefndin taldi að ákvæði norsku laganna um meðferð sakamála væru óskýr að því er varðaði hlutverk ólíkra aðila í tengslum við sönnunarkröfur. Raunveruleg hættu væri á því að þeir sem færu með opinber mál skrifuðu sig frá eigin ábyrgð og það leiddi til óheppilegrar afbökunar á ábyrgð á dómfellingu.

## 21. Niðurstöður starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmálin

### 21.1. Inngangur

Starfshópnum var falið að fara yfir Guðmundar- og Geirfinnsmálin í heild sinni en sérstaklega þá þætti sem snúa að rannsókn málanna og framkvæmd rannsóknarinnar. Þá skyldi starfshópurinn líta til gagna sem komið hafa fram á síðustu misserum og árum og taka þau til athugunar.

Starfshópurinn fjallar um niðurstöður sínar í tveimur köflum, annars vegar um lögreglu-rannsókn og meðferð ákærvalds og hins vegar um sálfræðilegt mat á framburðum dómfelldu.

### 21.2. Lögreglurannsókn og meðferð ákærvalds

Hæstiréttur fjallar um rannsókn málanna í dómi sínum árið 1980 með eftirfarandi hætti:

*„Rannsókn sakamáls þessa er hin umfangsmesta á landi hér á síðari árum. Rangir og reikulir framburðir ýmissa þeirra, er rannsókn beindist gegn, ollu þeim, sem með rannsóknina fóru, miklum örðugleikum. Liggur geysimikil vinna í rannsókn málsins, og var m.a. freistað að beita þar ýmsum tækniúræðum, er að haldi mættu koma. Í fáein skipti verður eigi séð, að þess hafi verið gætt að benda sökuðum manni, sem yfirheyrður var fyrir rannsóknarlögreglu, á ákvæði 1. málsgr. 40. gr. laga nr. 74/1974, og við hefur borið, að yfirheyrsla hafi staðið samfellt lengur en 6 klukkustundir, sbr. 3. málsgr. 40. gr. sömu laga. Stöku sinnum bera bókanir ekki með sér, að reynt hafi verið að kveðja til réttargæslumenn eða verjendur við yfirheyrslu, þar sem slíkt hefði verið rétt. Vegna ummæla í málflutningi hér fyrir dómi þykir ástæða til að taka fram, að fangavörðum er eigi heimilt að hafa afskipti af rannsókn opinbers máls að eigin frumkvæði. Það er ámælisvert, að fangavörður laust einn hinna ákærðu kinnhest við yfirheyrslu, en ráðið verður af gögnum máls, að framkoma fangans við rannsóknarmenn í umrætt skipti hafi verið vítaverð.“*

Eins og þessi tilvitnun ber með sér lágu ýmsir gallar á rannsókn lögreglu fyrir þegar dómur Hæstaréttar féll. Með vísan til umfjöllunar og samantektar starfshópsins í 18. kafla þessarar skýrslu um rannsóknaraðgerðir gagnvart dómfelldu annars vegar og til tilvitnaðrar umfjöllunar Hæstaréttar hér að framan um tiltekna galla á rannsókn málsins hins vegar telur starfshópurinn ljóst að rétturinn hafi ekki haft nægilega góða yfirsýn yfir aðgerðir lögreglu við rannsókn málanna.

Í framangreindri tilvitnun kemur fram að „í fáein skipti“ yrði eigi séð, að þess hafi verið gætt að benda sökuðum manni, sem yfirheyrður var fyrir rannsóknarlögreglu, á réttarstöðu sína. Með vísan til samantektar starfshópsins má hins vegar slá því föstu að yfir-

heyrslur og viðtöl rannsóknarlögreglu við sakborninga hafa verið margfalt fleiri en þau gögn sem lögð voru fyrir dóm gáfu til kynna. Því liggja ekki fyrir upplýsingar um hve oft láðist að kynna sakborningum réttarstöðu þeirra við yfirheyrslur. Færslur í fangelsisdagbók vegna yfirheyrsla, sem ekki liggja fyrir gögn um, bera aðeins í örfáum tilvikum með sér að lögmaður hafi verið viðstaddur.

Þá kemur fram að „við hafi borið“ að yfirheyrsla hafi staðið samfelld lengur en 6 klukkustundir. Fangelsisdagbækur bera ekki með sér að yfirheyrslur hafi oft staðið samfelld lengur en sex klukkustundir. Dagbækurnar gefa hins vegar til kynna að yfirheyrslur voru margfalt fleiri en skráðar skýrslur. Dómstólar voru því ekki í aðstöðu til að taka tillit til þess álags sem felst í að sæta þeim fjölda yfirheyrsla sem fangelsisdagbækur bera með sér að hafi farið fram við rannsókn þessa máls, jafnvel þó þær hafi ekki staðið lengur en sex klukkustundir samfelld.

Ennfremur segir í framangreindri tilvitnun að „stöku sinnum“ bæru bókanir ekki með sér, að reynt hafi verið að kveðja til réttargæslumenn eða verjendur við yfirheyrslu, þar sem slíkt hefði verið rétt. Með vísan til þess fjölda yfirheyrsla og viðtala rannsækenda við dómfelldu sem ekki liggja fyrir gögn um og hversu sjaldan viðvera lögmanna þeirra er skráð í fangelsisdagbók í tengslum við þær telur starfshópurinn að réttur dómfelldu til að njóta lögfræðilegrar aðstoðar hafi verið fyrir borð borinn oftar en dómstólar höfðu ástæðu til að ætla. Þá er ljóst á skráningum í fangelsisdagbók Síðumúlafangelsis og Hegningarhúss að réttur nokkurra dómfelldu til að eiga samskipti við lögmenn sína, einslega eða í viðurvist fangavarðar eða rannsækenda, var takmarkaður og jafnvel bannaður tímabundið.

Loks kemur fram í framangreindri tilvitnun að vegna ummæla í málflutningi væri ástæða til að taka fram, að fangavörðum væri ekki heimilt að hafa afskipti af rannsókn opinbers máls að eigin frumkvæði. Á meðal gagna lögreglu eru yfirheyrsluskýrslur fangavarða sem ekki voru lagðar fyrir dóm. Þá kemur fram í fangelsisdagbók að tímabundinn stjórnandi lögreglurannsóknarinnar, Schütz, hafi óskað þess að yfirheyrslum fangavarða yrði hætt fyrir utan yfirfangavörð Síðumúlafangelsis, sem taldi sér áfram heimilt að framkvæma yfirheyrslur.

Af lestri yfirheyrsluskýrsla sést að framburður sakborninganna í einangrun á meðan rannsókn málanna stóð hefur borist á milli þeirra. Fengu þeir þannig upplýsingar um rannsóknartilgátur lögreglunnar. Með vísan til þess verður ekki dregin sú ályktun að þekking sakborninga á málsatvikum og ýmsum smáatriðum beri með sér að þau hafi upplifað sömu atburðarás í raun og veru.

Svo virðist sem lögreglan hafi einblínt um of á sekt sakborninganna og litið svo á að hlutverk hennar væri að samræma þá framburði sem komu fram við rannsókn málanna.

Að mati lögreglunnar voru ekki fyrir hendi skynsamlegar ástæður til að efast um að sakborningar ættu aðild hvarfi Guðmundar og Geirfinns. Það sama virðist hafa átt við um embætti ríkissaksóknara.

Neikvætt og fordómafullt viðhorf einstakra fangavarda í garð nokkurra sakborninga endurspeglast í skráningum í dagbók Síðumúlafangelsis og fram kemur í skjölum dóms- og kirkjumálaráðuneytis að ríkt hafi sérstakt andrúmsloft og spennu hafi gætt í fangelsinu frá því tímabili þegar sakborningar í Guðmundar- og Geirfinnsmáli voru handteknir. Sú spenna hefur aukið álag á dómfelldu við rannsókn málanna.

### 21.3. Sálfræðilegt mat á framburðum dómfelldu

Eins og fram kemur í 19. kafla var gert ítarlegt sálfræðimat á áreiðanleika framburða dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Matið er byggt á þeim gögnum sem liggja til grundvallar þessarar skýrslu og núverandi vísindalegri þekkingu í sálfræði. Lögð var áhersla á að nota bestu viðurkenndu aðferðir við matið og samþætta þær ólíku upplýsingar sem fyrri liggja. Höfundar sálfræðimatsins, Gísli H. Guðjónsson og Jón Friðrik Sigurðsson, telja það hafið yfir allan skynsamlegan vafa, að framburðir (játningar) dómfelldu, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, voru óáreiðanlegir. Niðurstöður sálfræðimatsins eru eftirfarandi með vísan til forsendna sem raktar eru í 19. kafla:

- Það er hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir Erlu Bolladóttur í Guðmundarmáli og Geirfinnsmáli, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, voru óáreiðanlegir. Það að hún dró framburð sinn í Guðmundarmáli ekki til baka á ekki að meta sem staðfestingu þess að framburðurinn hafi verið áreiðanlegur.
- Það er hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir Sævars Marinós Ciesielski í Guðmundarmáli og Geirfinnsmáli, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, voru óáreiðanlegir.
- Það er hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir Kristjáns Viðars Viðarssonar í Guðmundarmáli og Geirfinnsmáli, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, voru óáreiðanlegir.
- Það er hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir Tryggva Rúnars Leifssonar í Guðmundarmáli, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, voru óáreiðanlegir.
- Það er hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir Alberts Klahn Skaftasonar í Guðmundarmáli, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, voru óáreiðanlegir.
- Það er hafið yfir allan skynsamlegan vafa að framburðir Guðjóns Skarphéðinssonar í Geirfinnsmáli, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, voru falskir. Mistök Guðjóns að draga játninguna ekki til baka er ekki undir nokkrum kringumstæðum hægt að nota sem staðfestingu á sekt hans.

## 22. Færar leiðir

Samkvæmt skipunarbréfi starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál var það hlutverk hópsins að greina í skýrslu til innanríkisráðherra hvort og þá til hvaða ráðstafana þyrfti að grípa varðandi framhald málsins.

Einkum í ljósi þeirrar afdráttarlausu niðurstöðu að framburðir dómfelldu í svokölluðum Guðmundar- og Geirfinnsmálum, hæstaréttarmáli nr. 214/1978, hafi verið óáreiðanlegir telur hópurinn veigamiklar ástæður til að málið verði tekið upp á ný.

Starfshópurinn leggur hér á eftir til nokkrar leiðir fyrir innanríkisráðherra til að koma málinu í tilhlýðilegan farveg.

### 22.1. Fyrri ákvarðanir Hæstaréttar um endurupptöku

Eins og fyrr greinir hefur Hæstiréttur Íslands þrisvar sinnum á síðastliðnum 20 árum tekið fyrir beiðni um endurupptöku vegna svokallaðra Guðmundar- og Geirfinnsmála. Því ber að halda sérstaklega til haga að þegar fyrri tvær beiðnirnar komu til kasta réttarins var ekki til að dreifa rýmkaðri heimild til endurupptöku dæmdra sakamála sem bættist við c-lið 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, með lögum nr. 19/1999.

Hin rýmkaða heimild, sem nú er að finna í c-lið 1. mgr. 211. gr., sbr. 1. mgr. 215. gr. sakamálalaga nr. 88/2008, sbr. lög nr. 15/2013, veitir endurupptökunefnd (áður Hæstarétti) svigrúm til þess að kveða á um endurupptöku í því skyni að endurmeta sönnunargögn, þegar verulegar líkur hafa verið leiddar að því að sönnunargögn hafi verið rangt metin svo að áhrif hafi haft á niðurstöðu máls, þegar dómur féll.

Sú heimild sem einkum reyndi á í ákvörðunum réttarins 1997 og 1999, þar sem Sævar fór fram á endurupptöku málanna fyrir sitt leyti, kveður á um að taka megí mál upp á ný ef fram koma nýjar upplýsingar, sem líklegt er að hefðu skipt máli fyrir niðurstöðu um sök dómfellds manns ef þær hefðu legið fyrir dómstólum þegar dómur gekk. Í ákvörðuninni frá 1997 var talið að einhver þeirra atriða sem færð voru fyrir réttinn fullnægðu þessum skilyrðum, en um langflest þeirra taldi Hæstiréttur að þau hafi legið fyrir við uppkvaðningu dóms í málinu og afstaða hafi þá verið tekin til þeirra. Þegar af þeirri ástæðu að þessi gögn töldust ekki ný gögn, gátu þau ekki orðið tilefni endurupptöku.

Starfshópurinn telur reyndar orðlag í ákvörðun Hæstaréttar Íslands frá 1999, varðandi mat á framburðum, sérstaklega eftirtektarvert. Í málatilbúnaði Sævars, sem ekki naut liðsinnis lögmanns í málinu, var vísað til rannsókna um áreiðanleika játninga. Um það atriði sagði Hæstiréttur að slíkar rannsóknir, almenns eðlis, gætu ekki einar og sér talist til nýrra gagna. Því næst lét rétturinn þess sérstaklega getið að Sævar hefði ekki óskað eftir því að sérstök rannsókn yrði gerð á áreiðanleika skýrslna, sem gefnar voru fyrir lögreglu og dómi við rannsókn og meðferð málsins. Með vísan til þessa telur starfs-

hópurinn það umhugsunarefni, m.a. í ljósi þeirra rannsókna sem starfshópurinn hefur gert á gildi játninga í málinu, hver niðurstaða málsins kynni að hafa orðið ef í beiðninni sem tekin var fyrir 1999 hefði verið óskað eftir því að Hæstiréttur beindi því til ríkissaksóknara að hann hlutaðist til um rannsókn á þeim framburðum sem fyrir lágu í málinu þegar það var dæmt.<sup>429</sup>

Þriðja endurupptökubeiðnin, sem var frá Erlu, var tekin fyrir eftir að heimildir til endurupptöku voru rýmkaðar. Þau atriði sem rétturinn tók afstöðu til í því máli voru hins vegar ekki þess efnis að reynt hafi á ákvæðið í reynd. Ástæða þess virðist einkum hafa verið sú að lögmaðurinn sem fór fyrir beiðninni taldi málsmeðferð slíkra mála bjóða upp á að afla mætti frekari gagna og skila því sem lögmaðurinn nefndi í bréfi til Hæstaréttar „fullbúna greinargerð“ með frekari rökstuðningi. Þannig sagði í endurupptökubeiðninni:

*„Útilokað er fyrir umbjóðanda minn að kosta vinnu lögmanns við að fara í gegnum allt málið eins og þarf til að rökstyðja beiðni hennar til hlítar. Af þeim sökum er farin sú leið að biðja um endurupptöku málsins, óska því næst eftir að umbjóðanda mínum verði skipaður talsmaður á kostnað ríkissjóðs og skila síðan tæmandi rökstuðningi í sérstakri greinargerð. Endurupptökubeiðnin lýsir því grundvellingum sem umbjóðandi minn hyggst reisa hana á en rökstuðningur fyrir staðhæfingum ásamt tilvísun til gagna bíður að miklu leyti væntanlegrar greinargerðar.“*

Endurupptökubeiðni Erlu sem tekin var afstaða til laut einvörðungu að röngum sakargiftum, en ekki að hinu atriðinu sem Erla var sakfelld fyrir, sem var tálmun rannsóknar í Geirfinnsmáli. Þær málsástæður sem færðar voru fram taldi rétturinn ekki veita líkur til þess að gögn hafi verið rangt metin. Ekki var óskað eftir því í beiðninni að Hæstiréttur mælti fyrir um öflun nauðsynlegra gagna varðandi endurupptökubeiðnina.

Starfshópurinn telur ekki unnt að fullyrða um líklega niðurstöðu endurupptökunefndar, ef beiðni um endurupptöku kæmi til kasta hennar í dag vegna annars málanna eða þeirra beggja. Annars vegar vegna þess að ekki hefur reynt til fulls á rýmkaðar heimildir til endurupptöku með vísan til þess að sönnunargögn hafi verið rangt metin, í tengslum við sakamálin tvö. Hins vegar vegna þess að ekki hefur verið lagt fram mat sérfræðinga á játningum þeim sem voru undirstaða sakfellinga í Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Slíkt mat liggur nú fyrir.

Þá telur starfshópurinn ekki unnt að fullyrða að núverandi heimildir til endurupptöku séu ófullnægjandi til að treysta réttaröryggi einstaklinga sem hafa verið ranglega sakfelldir. Hins vegar er ekki unnt að líta fram hjá því að það getur verið þungur róður fyrir dómfellda að fara fram á að mál séu tekin upp á ný, sér í lagi þegar um er að ræða umfangsmikil og flókin mál.

---

<sup>429</sup> Samanber 3. mgr. 213. gr. laga um meðferð sakamála, sbr. áður 3. mgr. 187. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991.

## 22.2. Nýlegar breytingar á meðferð endurupptökumála

Með lögum nr. 15/2013 sem samþykkt voru á Alþingi 20. febrúar 2013 voru gerðar breytingar á lögum um dómstóla, lögum um meðferð sakamála og lögum um meðferð einkamála. Með nýjum ákvæðum sem bætt var við lög nr. 15/1988 um dómstóla, var sett á fót sérstök endurupptökunefnd er skal vera sjálfstæð stjórnsýslustofnun sem tekur ákvörðun um hvort heimila skuli endurupptöku dómsmáls sem dæmt hefur verið í héraði eða Hæstarétti. Um meðferð endurupptökumáls fer eftir ákvæðum laga um meðferð sakamála og laga um meðferð einkamála.

Þær breytingar sem gerðar voru á lögum um meðferð sakamála með lögum nr. 15/2013 felast einkum í því að endurupptökunefnd kemur í stað Hæstaréttar í þeim ákvæðum laganna sem fjalla um meðferð endurupptökubeiðna.

Ekki var ætlunin með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 15/2013 að gera breytingar á efnislegum skilyrðum endurupptöku heldur að færa ákvörðun um endurupptöku dæmdra mála frá Hæstarétti til sérstakrar endurupptökunefndar. Samkvæmt nefndarálitum allsherjar- og menntamálanefndar er með breytingunni að því stefnt að auka trúverðugleika dómsvaldsins með því að skapa armslengdarfjarlægð milli dómara og ákvarðana um endurupptöku. Breytingarnar fælu í sér réttarbót með því að tryggja hlutleysi við ákvörðun um endurupptöku mála. Einnig tryggðu þær gegnsæi slíkra ákvarðana með því að kveðið er á um að ákvarðanir nefndarinnar skuli birtar opinberlega.

Enda þótt í greinargerð með frumvarpinu segi að með því sé lögð til stofnun endurupptökunefndar að norskri fyrirmynd, er ekki gert ráð fyrir því að nefndin rannsaki sjálf hvort skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi í málum sem henni berast. Hið nýja fyrirkomulag endurupptökumála á Íslandi er þannig með talsvert öðrum hætti en í Noregi. Líkt og segir í greinargerð með frumvarpinu er málsmeðferð endurupptökubeiðna með sama móti og verið hefur „nema að í stað þess að Hæstiréttur taki ákvörðun um endurupptöku mála verður það í höndum endurupptökunefndar.“

Kveðið er á um í 7. mgr. 34. gr. laga um dómstóla, sem bætt var við með framangreindum breytingarlögum, að ákvörðun nefndarinnar um að synja beiðni um endurupptöku máls sé endanleg og verði ekki skotið til dómstóla. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð frumvarps þess er varð að lögum nr. 15/2013 segir að synjun um endurupptöku sé endanleg „líkt og ákvarðanir Hæstaréttar hafa verið“.

Eins og reifað er í umfjöllun í 12. kafla þessarar skýrslu um seinni endurupptökubeiðni Sævars voru samkvæmt eldra fyrirkomlagi ekki takmarkanir á því hversu oft var unnt að beiðast endurupptöku dæmdra mála fyrir Hæstarétti. Tilgangur breytinganna virðist ekki hafa verið að takmarka rétt manna til þess að leita eftir endurupptöku oft en einu sinni. Engu að síður vekur orðalag framangreinds ákvæðis 7. mgr. 34. gr. laga um dómstóla, um að synjun nefndarinnar um endurupptöku sé endanleg, spurningar um hvort heimildir til þess að taka til meðferðar endurupptökubeiðni vegna dóms sem áður hefur verið synjað um að taka upp á ný séu jafn rúmar og samkvæmt eldra fyrirkomulagi.



Starfshópurinn telur að taka þurfi til skoðunar bæði hvort eðlilegt sé að það hvíli nánast að öllu leyti á þeim sem leitar endurupptöku og eftir atvikum lögmanni hans, að meta hvort skilyrði endurupptöku dæmde máls séu fyrir hendi. Í því sambandi vísast til ákvæða 27. kafla norskra laga um meðferð sakamála, þar sem kveðið er á um heimildir nefndar um endurupptöku sakamála til þess að afla gagna. Hjá norsku nefndinni starfa rannsakendur, bæði með menntun og starfsreynslu úr lögreglustörfum og löglærðir. Það er aðeins í undantekningartilfellum að þeim sem beiðast endurupptöku séu skipaðir talsmenn eða lögmenn, nefndin sjálf ber ábyrgð á því að allra nauðsynlegra gagna sé aflað.

Að mati starfshópsins gefa þau þrjú endurupptökumál sem komið hafa til úrlausnar vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálanna tilefni til að ætla að sá sem metur beiðni um endurupptöku þurfi að hafa umtalsvert svigrúm til upplýsinga- og gagnaöflunar og að heppilegt væri að forræði slíkra mála sé að miklu leyti hjá þeim aðila. Það geti verið óheppilegt að upplýsinga- og gagnaöflun sé að miklu leyti á hendi þess sem leitar endurupptöku eða lögmans hans.

### **22.3. Breytingar á heimildum til endurupptöku dæmdra sakamála**

Erfitt er að leggja mat á þann kostnað sem það kynni að hafa í för með sér fyrir einhvern af eftirlifandi dómfellum í Guðmundar- og Geirfinnsmálum að leggja fyrir endurupptökunefnd beiðni um endurupptöku málanna. Jafnvel þótt skipaður yrði talsmaður á kostnað ríkissjóðs líkt og gert var í fyrra endurupptökumáli Sævars, sem leitt var til lykta 1997, má leiða að því líkum að það hefði talsverðan kostnað í för með sér fyrir dómfellum.<sup>430</sup> Starfshópurinn telur að sömu sjónarmið kunni að koma í veg fyrir að þeir sem telja sig hafa verið ranglega sakfellda láti ekki reyna á endurupptöku sinna mála. Í þessu sambandi nægir að benda á að samkvæmt 1. mgr. 212. gr. laga um meðferð sakamála skal í endurupptökubeiðni rökstyðja ítarlega hvernig skilyrðum til endurupptöku teljist fullnægt.

Starfshópurinn gerir að sínum þau sjónarmið sem fram koma í lögskýringargögnum sem varða breytingar á meðferð endurupptökubeiðna í Noregi í kringum aldamótin síðustu. Ekki er um það deilt að þegar tiltekin skilyrði eru til staðar geti verið tilefni til að taka megí mál upp á ný. Það er hins vegar álítaefni sem taka ætti til vandlegrar skoðunar að hvaða marki stofnanir samfélagsins ættu að axla ábyrgð á því að meta, samkvæmt beiðni þar að lútandi, hvort skilyrðin séu til staðar.

Starfshópurinn leggur því til við ráðherra að núverandi fyrirkomulag um endurupptöku sakamála verði endurskoðað, einkum hvað varðar hlutverk endurupptökunefndar við

---

<sup>430</sup> Í 1. mgr. 213. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 kemur fram að verði ekki farið með beiðni um endurupptöku samkvæmt því sem í 3. mgr. 212. gr. segir skulu hún og gögnin, sem henni fylgdu, send til gagnaðila og hann krafinn um skriflega greinargerð um viðhorf sín til hennar innan tiltekins frests. Hafi dómfelldi borið fram beiðnina og staðið sjálfur að henni getur þó endurupptökunefnd fyrst skipað honum verjanda og gefið honum kost á að gera beiðni á nýjan leik. Skýlt er endranær að skipa dómfellda eða ákærða lögmann til að gæta réttar hans vegna beiðni um endurupptöku ef hann óskar eftir því.

mat og könnun á efnisatriðum þegar beiðni berst. Jafnframt gæti sú endurskoðun tekið til lagalegra heimilda fyrir endurupptöku sakamála.

#### **22.4. Sértæk lagabreyting**

Ekki þarf að hafa um það mörg orð að Guðmundar- og Geirfinnsmál eru einhver sérstæðustu sakamál sem komið hafa til kasta íslenskra dómstóla.

Síðastliðin 30 ár hafa margar rannsóknir farið fram í tengslum við falskar játningar, sem hafa sýnt fram á að falskar játningar eru mun algengari en lengi var talið og var það ljósi á hvernig þær koma til. Þegar DNA rannsóknir voru kynntar til sögunnar á níunda áratugnum varð auðveldara að komast að sakleysi þeirra sem sögðust hafa gefið falsa játningu, en þann 26. febrúar 2013 höfðu 302 dómar verið ógiltir vegna DNA prófa í Bandaríkjunum frá árinu 1989. Vísindagrunnurinn á bak við falskar játningar nú orðinn tölverður og hefur hann haft áhrif á dómaframkvæmd á alþjóðavísu.

Með tilliti til þeirrar þekkingar sem nú liggur fyrir um óáreiðanlega framburði og falskar játningar og þeirrar afdráttarlausu niðurstöðu sem nú liggur fyrir í skýrslu þessari um framburði dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálum telur starfshópurinn það koma til álita að lagt verði fram lagafrumvarp sem mælir fyrir um endurupptöku málanna.

Fyrir slíkum ráðstöfunum, sem eru án nokkurrar hliðstæðu, eru bæði rök með og á móti. Hér kæmu t.a.m. til skoðunar sjónarmið um þrískiptingu ríkisvaldsins. Dómar á æðsta dómstigi eru endanlegir og samkvæmt gildandi lögum er það einungis á valdsviði endurupptökunefndar (áður Hæstaréttar) að mæla fyrir um endurupptöku sakamála.

#### **22.5. Ráðstafanir á grundvelli gildandi lagaákvæða**

Líkt og hér hefur komið fram telur starfshópurinn að ekki hafi reynt með viðhlítandi hætti á c-lið 1. mgr. 211. gr., sbr. 215. gr. laga um meðferð sakamála, sbr. áður c-lið 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð opinberra mála, sem heimila að mál séu tekin mál upp á ný í því skyni að endurmeta sönnunargögn, að því er varðar mögulega endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmála. Heimildin kom til viðbótar fyrri heimildum til að kveða á um endurupptöku sakamála, en meðal þeirra er heimild sem kveður á um að fram þurfi að vera komin ný gögn sem ætla má að hefðu skipt verulega miklu fyrir niðurstöðu máls þegar dómur gekk í því, sbr. nú a-liður 1. mgr. 211. gr., sbr. 215. gr. laga um meðferð sakamála.

Þá hafa ekki verið lögð fram tilhlýðileg gögn vegna endurupptöku í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum um gildi játninga sem byggt var á þegar dómur gekk, eða þess farið á leit með fullnægjandi hætti að hlutast verði til um að sannleiksgildi þeirra verði rannsakað að nýju. Þekking á sálfræðilegu gildi framburða hefur aukist umtalsvert á síðustu þremur áratugum eins og þegar hefur verið rakið. Ekki er um það deilt að dómar vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einassonar byggðu svo til eingöngu á játningum sakborninga. Starfshópurinn hefur í vinnu sinni kannað gildi þessara játninga. Þau gögn sem þannig hafa litið dagsins ljós gætu komið til skoðunar hvort sem heldur á

grundvelli a-liðar eða c-liðar 1. mgr. 211. gr., sbr. 215. gr. laga um meðferð sakamála, þ.e. sem ný gögn eða sem grundvöllur fyrir endurmati á sönnunargögnum sem lágu fyrir þegar dómur gekk.

Með vísan til þessa verður ekki hjá því komist að benda á þann möguleika að farið verði fram á endurupptöku málanna, á grundvelli þess sem komið hefur í ljós í vinnu starfshópsins. Þannig geta bæði einhverjir þeirra dómfelldu sem enn eru á lífi leitað endurupptöku og eins getur ríkissaksóknari beiðst endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda.<sup>431</sup> Rétt er að vekja athygli á því að samkvæmt íslenskum lögum er hvorki unnt að beiðast endurupptöku dæmdra sakamála fyrir hönd látinna manna né gefa út ákæru á hendur þeim (taka mál þeirra upp á ný). Þau úrræði eru því ekki tæk í málum Sævars Marinós Ciesielski og Tryggva Rúnars Leifssonar.

Um það hvort skilyrði séu fyrir hendi til þess að ríkissaksóknari beiðist endurupptöku málanna eða kanni hvort slík skilyrði kunni að vera fyrir hendi, leggur starfshópurinn til að innanríkisráðherra komi skýrslu starfshópsins á framfæri við ríkissaksóknara og eftirláti honum að meta hvort tilefni sé til aðgerða af hálfu ákærvalds. Ráðherra getur ekki gefið ríkissaksóknara fyrirmæli eða tilmæli um meðferð einstakra mála.

Að því er varðar mögulegar umleitanir dómfelldra til þess að fá málin endurupptekin tekur starfshópurinn fram að honum er ekki kunnugt um hug þeirra sem sakfelldir voru fyrir þátt í hvarfi Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar, til þess að láta reyna á endurupptöku málanna að nýju. Starfshópurinn bendir á þann möguleika, sem ráðherra kynni að vilja skoða nánar í ljósi mikillar sérstöðu málanna, að fjármunum verði varið af opinberu fé, komi fram beiðni þar að lútandi frá einhverjum þeirra sem enn eru á lífi.

---

<sup>431</sup> Í 4. mgr. 211. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 kemur fram að ríkissaksóknari getur beiðst endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfellda ef hann telur atvik vera með einhverjum þeim hætti sem greinir í 1. mgr. sömu greinar (skilyrði fyrir endurupptöku).

## Lokaorð

Guðmundar- og Geirfinnsmálin hafa lifað með íslensku þjóðinni í hartnær 40 ár. Allt frá fyrstu stigum rannsóknar málanna hafa þau verið til umfjöllunar í fjölmiðlum og hafa málin verið umdeild allar götur síðan.

Mikilvægt er að almennt traust ríki til lögreglunnar, ákærvaldsins og réttarvörslukerfisins í heild. Því vill starfshópurinn áréttta mikilvægi þróunar og innleiðingar aðgerða til að tryggja hlutleysi við meðferð sakamála á öllum stigum réttarvörslukerfisins. Því verkefni mun aldrei ljúka og halda þarf vöku sinni yfir því að íslenskt réttarkerfi, málsmeðferðarreglur og verklag sé þannig að fyllsta réttaröryggis sé gætt.

Að lokum vill starfshópurinn lýsa þeirri von og trú að Guðmundar- og Geirfinnsmálin fái að njóta hlutlausrar umfjöllunar í kjölfar útgáfu skýrslu þessarar. Málin verði rædd af yfirvegun og fordómaleysi og að þau njóti eðlilegrar framgöngu innan réttarvörslukerfisins.

## Heimildaskrá

### Óbirtar heimildir

#### Fangelsismálastofnun ríkisins

Dagbækurnar Síðumúlafangelsis 1975-1978.  
Dagbækur Hegningarhússins, Skólavörðustíg 1977-1978.  
Dagbækur Vinnuhælisins Litla-Hrauni 1975-1978.

Guðrún Sesselja Baldursdóttir (2012). „*Guðmundar- og Geirfinnsmálin í fjölmiðlum.*“ Háskóli Íslands. Óbirt handrit, 1-18.

#### Hæstiréttur Íslands

Úrlausn Hæstaréttar Íslands 15. júlí 1997. Beiðni Sævars Marinós Ciesielski um endurupptöku hæstaréttarmáls nr. 214/1978. Bindi I-II.  
Úrlausn Hæstaréttar Íslands 18. mars 1999. Beiðni Sævars Marinós Ciesielski um endurupptöku hæstaréttarmáls nr. 214/1978.  
Úrlausn Hæstaréttar Íslands 22. júní 2000. Beiðni Erlu Bolladóttur um endurupptöku hæstaréttarmáls nr. 214/1978.

#### Innanríkisráðuneytið

Mál nr. D199900209. Opinber rannsókn setts saksóknara – síðari leirhöfuðs-rannsókn.

#### Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Gögn lögreglunnar í Keflavík um rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar.

#### Mannréttindanefnd Evrópu

Bréf nefndarinnar til Ragnars Aðalsteinssonar hrl., dags. 20. janúar 1998.

#### Persónuleg dagbók Guðjóns Skarphéðinssonar 1976-1977.

#### Persónuleg dagbók Tryggva Rúnars Leifssonar 1976-1977.

#### Ríkislögreglustjóri

Úr skrá ríkislögreglustjóra um horfna menn 1974.

#### Ríkissaksóknari

Mál. nr. 76/76. Dómskjöl ákærvalds til Hæstaréttar í máli nr. 214/1978.  
Mál nr. 2949/76. Dómskjöl ákærvalds til Hæstaréttar í máli nr. 214/1978.  
Mál nr. 2584/76. Beiðni um rannsókn á meðferð fanga í Síðumúlafangelsi.  
Mál nr. 26/79. Beiðni um rannsókn á gerð leirmyndar.  
Endurrit af sakadómsmáli nr. 207/1975. Ákærvaldið gegn Sævari Marínó Ciesielski.

Málsskjöl varðandi beiðni Sævars Marinós Ciesielski um endurupptöku hæsta-réttarmáls nr. 214/1978.

## **Þjóðskjalasafn Íslands**

### *Aðfanganúmer*

#### *Dóms- og kirkjumálaráðuneytið*

B471/2	Rannsókn vegna kæru um ótilhlýðilega beitingu agaviðurlaga í Fangelsinu Síðumúla 28 í Reykjavík.
B/84	2002 Lögreglustjórinn í Reykjavík 1972-1976.
B/87	2002 Rannsóknarlögreglan í Reykjavík 1971-1977.
B/98	2002 Sakadómur Reykjavíkur 1973-1976.
B/99	2002 Sakadómur Reykjavíkur 1977-1981.
B/161	2002 Löggæsla Reykjavík 1985-1986.
B/217	2002 Reykjavík Fangelsi 1970-1988.
B/462	2002 Fangelsi Vinnuhæli 1981-1983.
B/464	2002 Fangelsi Vinnuhæli 1979-1984.
B/471	2002 Fangelsi Vinnuhæli – Síðumúli 28 1969-1979.
B/1043 2002	B – Bréfasafn.
B/1570 2002	B – Bréfasafn.

#### *Lögreglustjórinn á Suðurnesjum*

Lögreglan í Keflavík. Rannsóknargögn vegna meints áfengissmygls 1975. Geirfinnsmál.

#### *Sakadómur Reykjavíkur*

FA4/646	Málsskjöl lögregluréttar.
FA4/647	Málsskjöl lögregluréttar.
FA4/648	Málsskjöl lögregluréttar.
FA4/649	Málsskjöl lögregluréttar.
FA4/650	Málsskjöl lögregluréttar.
FA4/651	Málsskjöl lögregluréttar.
Kassi 1 af 13	Málgögn sakadóms – G&G málið.
Kassi 2 af 13	Málgögn sakadóms – G&G málið.
Kassi 3 af 13	Málgögn sakadóms – G&G málið.
Kassi 4 af 13	Málgögn sakadóms – G&G málið.
Kassi 5 af 13	Málgögn sakadóms – G&G málið.
Kassi 6 af 13	Málgögn sakadóms – G&G málið.
Kassi 7 af 13	Málgögn sakadóms – G&G málið.
Kassi 8 af 13	Málgögn sakadóms – G&G málið.
Kassi 9 af 13	Málgögn sakadóms – G&G málið.
Kassi 10 af 13	Málgögn sakadóms – G&G málið.
Kassi 11 af 13	Málgögn sakadóms – G&G málið.
Kassi 12 af 13	Málgögn sakadóms – G&G málið.
Kassi 13 af 13	Málgögn sakadóms – G&G málið.

#### *Rannsóknarlögregla ríkisins*

Mál nr. 6293/1976	Rannsókn á jarðvegi við Grettisgötu 82.
Mál nr. 2875/1979	Síðari harðræðisrannsókn.
Mál nr. 3429/1979	Fyrri leirhöfuðsrannsókn.

Mál nr. 3940/1977 Rannsókn á röngum framburði Sigurðar Óttars Hreins-  
sonar.

Rannsóknargögn lögreglu – Rannsóknarlögregla Ríkisins. Kassi 1-7.

*Ríkislögreglustjórnin*

D/1 2009 D-Gögn Þóris Oddssonar.

D/2 2009 D-Gögn Þóris Oddssonar.

Rannsóknargögn lögreglu – Rannsóknarnefnd Reykjavíkur. Kassi 1-13.

## **Birtar heimildir**

*Alpt.* = *Alþingistiðindi*.

Anna Hildur Hildibrandsdóttir (2001). *Réttarsálfræðingurinn. Saga Gísla H. Guðjóns-  
sonar*. Reykjavík: Mál og Menning.

Appleby, S. C., Hasel, L. E., Kassin, S. M. (2013). Police-induced confessions: an  
empirical analysis of their content and impact. *Psychology, Crime & Law*, 19,  
111-128.

Erla Bolladóttir (2008). Erla, góða Erla. Reykjavík. Forlagið Vaka Helgafell.

Bull, R. & Soukara, S. (2010). Four studies of what really happens in police interviews.  
In G.D. Lassiter & C.A. Meissner (Eds.), *Police interrogations and false  
confessions* (Pages 81–95). New York, NY.

Clare, I. C. H. & Gudjonsson, G. H. (1995). The vulnerability of suspects with  
intellectual disabilities during police interviews: A review and experimental  
study of decision-making. *Mental Handicap Research*, 8, 110-128.

Council of Europe (1994). *Report to the Icelandic Government on the visit to Iceland  
carried out by the European Committee for the Prevention of Torture and  
Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT)*. Strasbourg.

Council of Europe (1997). *Report to the Norwegian Government on the visit to  
Northern Ireland carried out by the European Committee for the Prevention of  
Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT)*.  
Strasbourg.

Council of Europe, 2000). *Report to the Government of the United Kingdom on the visit  
to Northern Ireland carried out by the European Committee for the Prevention  
of Torture and Inhuman or Degrading Treatment or Punishment (CPT)*.  
Strasbourg.

Curran, H. V. (2006). Effects of drugs on witness testimony In A., Heaton-Armstrong,  
E., Shepherd, G., Gudjonsson, G., and D. Wolchover (Eds.), *Witness Testimony.  
Psychological, Investigative and Evidential Perspectives*. Oxford. Oxford  
University press, 77-87.

Davis, D. A & Leo, R. A. (2013). Acute suggestibility in police interrogation: self-  
regulation failure as a primary mechanism of vulnerability. In A. M. Ridley, F.  
Gabbert and D. J. LaRooy (Eds.), *Suggestibility in Legal Contexts*. Chichester.  
Wiley-Blackwell.

Dómasafn Hæstaréttar.

- Drizin, S. A. & Leo, R. A. (2004). The problem of false confessions in the post-DNA world. *North Carolina Law Review*, 82, 891-1007.
- Dundee, J. W. (1990). Fantasies during sedation with intravenous midazolam or diazepam. *Medical-Legal Journal*, 58, 29-34.
- Eiríkur Tómasson (2002). *Meginreglur opinbers réttarfars*. Reykjavík: Úlfljótur.
- Fahsing, I. A. & Rachlew, A. (2010). Investigative interviewing in the Nordic region. In Tom Williamson, Becky Milne & Stephen P Savage (Eds.), *International developments in investigative interviewing*. Devon, England: Willan Publishing, 39-65.
- Fisher, R. P. (1993). Police interrogation: from art to science. A book review of “The Psychology of Interrogations, Confessions and Testimony”, *Contemporary Psychology*, 38, 1320-1321.
- Fisher, S. Z. & McKenzie, I. (2003). A miscarriage of justice in Massachusetts: Eyewitness identification procedures, unrecorded admissions, and a comparison with English law. *The Boston University Public Interest Law Journal*, 13, 1-19.
- Foot, P. (1998). *Murder on the farm. Who killed Carl Bridgewater?* London. Headline.
- Garratt, B. L. (2011). *Convicting the innocent*. London: Harvard University Press.
- Grassian, S (2006). Psychiatric Effects of Solitary Confinement. *Washington University Journal of Law & Policy*, 22, 325-380.
- Grassian, S (2006). Psychiatric Effects of Solitary Confinement, *Washington University Journal of Law & Policy*, 22, 325-380.  
<http://digitalcommons.law.wustl.edu/wujlp/vol22/iss1/24>
- Gudjonsson, G. H. (1992). *The Psychology of Interrogations, Confessions, and Testimony*. Chichester: John Wiley & Sons.
- Gudjonsson, G. H. (1995a). “I’ll help you boys as much as I can” -how eagerness to please can result in a false confession. *Journal of Forensic Psychiatry*, 6, 333-342.
- Gudjonsson, G. H. (1995b). The effects of interrogative pressure on strategic coping. *Psychology, Crime and Law*, 1,309-318.
- Gudjonsson, G. H. (1999). The making of a serial false confessor: The confessions of Henry Lee Lucas. *Journal of Forensic Psychiatry*, 10, 416-426.
- Gudjonsson G. H. (2003a). *The Psychology of Interrogations and Confessions. A Handbook*. Chichester: John Wiley & Sons.
- Gudjonsson, G. H. (2003b). Psychology brings justice. The science of forensic psychology. *Criminal Behaviour and Mental Health*, 13, 159-167.
- Gudjonsson, G. H. (2005). Fitness to be interviewed. . In J. Payne-James, R. W. Byard, T. S. Corey, and C. Henderson (Ed.), *Encyclopedia of Forensic and Legal Medicine. Volume 2*. London: Elsevier pp. pp. 169-174.
- Gudjonsson, G. H. (2010a). Invited article. Psychological vulnerabilities during police interviews. Why are they important? *Legal and Criminological Psychology*, 15, 161-175.
- Gudjonsson, G. H. (2010b). The psychology of false confessions: A review of the current evidence. In G. Daniel Lassiter & Christian A. Meissner (Eds), *Police*



- Interrogations and False Confessions*. New York: American Psychological Association, 31-47.
- Gudjonsson, G. H. (2012). False Confessions and Correcting Injustices. *New England Law Review*, 46, 689-709.
- Gudjonsson, G. H., Clare, I., Rutter, S., & Pearse, J. (1993). *Persons at risk during interviews in police custody: The identification of vulnerabilities*. Research Study No 12. Royal Commission on Criminal Justice. London: H.M.S.O.
- Gudjonsson, G. H., Kopelman, M. D., & MacKeith, J. A. C. (1999). Unreliable admissions to homicide: A case of misdiagnosis of amnesia and misuse of abreaction technique. *British Journal of Psychiatry*, 174, 455-459.
- Gudjonsson, G. H. & MacKeith, J. A. C. (1982). False Confessions. Psychological Effects of Interrogation. A Discussion Paper. In A. Trankell (Ed.), *Reconstructing the Past: The Role of Psychologists in Criminal Trials*. Deventer, The Netherlands: Kluwer. Pp. 253-269.
- Gudjonsson, G. H. & MacKeith, J. A. C. (1988). Retracted confessions: legal, psychological and psychiatric aspects. *Medicine, Science and the Law*, 28, 187-194.
- Gudjonsson, G. H. & MacKeith, J. A. C. (1990). A Proven Case of False Confession: psychological aspects of the coerced-compliant type. *Medicine, Science and the Law*, 30, 329-335.
- Gudjonsson, G. & MacKeith, J. (1994). Learning disability and the Police and Criminal Evidence Act 1984. Protection during investigative interviewing: a video-recorded false confession to double murder. *Journal of Forensic Psychiatry*, 5, 35-49.
- Gudjonsson, G. H. & MacKeith, J. (1997). *Disputed confessions and the criminal justice system*. Maudsley Discussion Paper No. 2. London: Institute of Psychiatry.
- Gudjonsson, G. H. and Main, N. (2008). How are personality disorders related to compliance? *The Journal of Forensic Psychiatry and Psychology*, 19, 180-190.
- Gudjonsson, G. H. & Pearse, J. (2011). Suspect interviews and false confessions. *Current Directions in Psychological Science*, 20, 33-37.
- Gudjonsson, G. H. & Sigurdsson, J. F. (1994). How frequently do false confessions occur? An empirical study among prison inmates. *Psychology, Crime and Law*, 1, 21-26.
- Gudjonsson, G. H. & Sigurdsson, J. F. (2010). False confessions in the Nordic countries: Background and current landscape. In P. A. Granhag (Ed.), *Forensic Psychology in Context. Nordic and International Approaches*. Devon. Willan Publishing, pp. 94-116.
- Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F., Asgeirsdottir, B. B., & Sigfusdottir, I. D. (2006b). Custodial interrogation, false confession and individual differences. A national study among Icelandic youth. *Personality and Individual Differences*, 41, 49-59.
- Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F., Bragason, O. O., Einarsson, E., & Valdimarsdottir, E. B. (2004a). Confessions and Denials and the relationship with personality. *Legal and Criminological Psychology*, 9, 121-133.

- Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F., & Einarsson, E. (2004b). The role of personality in relation to confessions and denials. *Psychology, Crime and Law*, *10*, 125-135.
- Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F., Einarsson, E., Bragason, O. O. & Newton, A. K. (2008a). Interrogative suggestibility, compliance and false confessions among prisoners and their relationship with attention deficit hyperactivity disorder (ADHD) symptoms. *Psychological Medicine*, *38*, 1037-1044.
- Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F., Einarsson, E., Bragason, O. O., & Newton, A. K. (2010a). Inattention, hyperactivity/impulsivity and antisocial personality disorder: Which is the best predictor of false confessions? *Personality and Individual Differences*, *48*, 720-724.
- Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F. Finnbogadottir, H. & Smari, J. (2006a). Perceived parental rearing practices and false confessions. *Scandinavian Journal of Psychology*, *47*, 361-368.
- Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F., & Sigfusdottir, I. D. (2009a). Interrogations and false confessions among adolescents in seven countries in Europe. What background and psychological factors best discriminate between false confessors and non-false confessors? *Psychology, Crime and Law*, *15*, 711-728.
- Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F., & Sigfusdottir, I. D. (2009b). False confessions among 15 and 16 year olds in compulsory education and their relationship with adverse life events. *Journal of Forensic Psychiatry and Psychology*, *20*, 950-963.
- Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F., & Sigfusdottir, I. D. (2010b). Interrogation and false confessions among adolescents. Differences between bullies and victims. *Journal of Psychiatry and Law*, *38*, 57-76.
- Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F., Sigfusdottir, I. D., & Asgeirsdottir, B. B (2008b). False confessions and individual differences. The importance of victimization among youth. *Personality and Individual Differences*, *45*, 801-805.
- Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F. (2010). False confessions in the Nordic countries: Background and current landscape. In P.A. Granhag (Ed.) *Forensic Psychology in context: Nordic and International approaches*, Willan Publishing.
- Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F., Sigfusdottir, I. D., & Young, S. (2012). False confessions to police and their relationship with conduct disorder, ADHD, and life adversity *Personality and Individual Differences*, *52*, 696-701.
- Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir sveitafélögum 1901-1990. [http://hagstofan.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN02120%26ti=+Mannfj%F6ldi+eftir+sveitarf%E91%F6gum+1901%2D1990+%26path=../Database/mannfjoldi/sveit\\_eldra/%26lang=3%26units=Fjoldi](http://hagstofan.is/?PageID=2593&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN02120%26ti=+Mannfj%F6ldi+eftir+sveitarf%E91%F6gum+1901%2D1990+%26path=../Database/mannfjoldi/sveit_eldra/%26lang=3%26units=Fjoldi). Sótt 14. febrúar 2013.
- Haney, C. (2003). Mental Health Issues in Long-Term Solitary and “Supermax” Confinement. *Crime & Delinquency*, *49*, 124-156.
- Heaton-Armstrong, A., Shepherd, E. & Wolchover, D. (Eds. 1999). *Analysing Witness Testimony*. London: Blackstone Press.
- Helgi Skúli Kjartansson (2002). *Ísland á 20. öld*. Reykjavík: Sögufélag.
- Home Office (1985). *Police and Criminal Evidence Act 1984*. London: HMSO.

- Home Office (2012). Police and Criminal Evidence Act 1984, Codes of Practice – Code C detention, treatment and questioning of persons by police. Published by TSO (The Stationery Office) and available from: Online [www.tsoshop.co.uk](http://www.tsoshop.co.uk).
- Inbau, F. E., Reid, J. E., Buckley, J. P., & Jayne, B. C. (2001). *Criminal interrogation and confessions* (4th ed.). Gaithersburg, MD: Aspen.
- Justis- og Beredskapsdepartementet. Norges Offentlige Utredninger (1996). *NOU 1996:15 Lilandsaken*.  
<http://www.regjeringen.no/nb/dep/jd/dok/nouer/1996/nou-1996-15.html?id=140624>. Sótt 18. mars 2013.
- Justis- og Beredskapsdepartementet. Norges Offentlige Utredninger (2007). *NOU 2007:7 Fritz Moen og norsk strafferettpleie*. <http://www.regjeringen.no/nb/dep/jd/dok/nouer/2007/nou-2007-07.html?id=473769>. Sótt 18. mars 2013.
- Justis- og Beredskapsdepartementet. Ot.prp. nr. 70 (2000-2001). *Om lov om endringer i straffeprosessloven mv. (gjenopptakelse)*.  
<http://www.regjeringen.no/nb/dep/jd/dok/regpubl/otprp/20002001/otprp-nr-70-2000-2001-.html?id=165359>. Sótt 18. mars 2013.
- Kassin, S., M. (2005). On the psychology of confessions. Does innocence put innocents at risk? *American Psychologist*, 60, 215-228.
- Kassin, S. M., Drizin, S. A., Grisso, T., Gudjonsson, G. H., Leo, R. A., & Redlich, A. P. (2010). Police-Induced Confessions: Risk Factors and Recommendations. *Law and Human Behavior*, 34, 3-38.
- Kassin, S. M., & Gudjonsson, G. H. (2004). The psychology of confessions: A review of the literature and issues. *Psychological Science in the Public Interest*, 5, 33–67.
- Kassin, S. M., Drizin, S. A., Grisso, T., Gudjonsson, G. H., Leo, R. A., and Redlich, A. P. (2010). Police-Induced Confessions: Risk Factors and Recommendations. *Law and Human Behavior*, 34, 3-38.
- Kassin, S. M., Meissner, C. A., & Norwick, R. J. (2005). “I’d know a false confession if I saw one”: A comparative study of college students and police investigators. *Law and Human Behavior*, 29, 211-227.
- Kassin, S. M. & Wrightsman, L.S. (1985). Confession evidence In S.M. Kassin & L.S. Wrightsman (Eds.), *The psychology of evidence and trial procedures* (pp. 67–94). London, England: Sage.
- Lader, M. (1999). The influence of drugs upon testimony. *Medicine, Science and the Law*, 39, 99-105.
- Leo, R. A. & Davis, D. (2010). From false confession to wrongful conviction: Seven psychological processes. *The Journal of Psychiatry & Law*, 38, 9-56.
- Leo, R. A. & Drizin, S. A. (2010). The three errors: Pathways to false confession and wrongful conviction. In G. Daniel Lassiter & Christian A. Meissner (Eds), *Police Interrogations and False Confessions*. New York: American Psychological Association, 9-30.

- Medford, S., Gudjonsson, G. H., & Pearse, J. (2003). The efficacy of the appropriate adult safeguard during police interviewing. *Legal and Criminological Psychology, 8*, 253-266.
- Meili, T. (2003). *I am the Central Park Jogger. A story of hope and personality*. New York: Scribner.
- Moston, S. & Stephenson, G. M. (1993). *The questioning and interviewing of suspects outside the police station. Research Study No 22*. Royal Commission on Criminal Justice. London: H.M.S.O.
- Ofshe, R. J. & Leo, R. A. (1997). The decision to confess falsely: rational choice and irrational action. *Denver University Law Review, 74*, 979-1122.
- Ómar Valdimarsson (1982). *Um manndráp og morð*, Helgarpósturinn 4. júní, 20-21.
- Pearse, J. & Gudjonsson, G. H. (1999). Measuring influential police interviewing tactics: A factor analytic approach. *Legal and Criminological Psychology, 4*, 221-238.
- Pearse, J., Gudjonsson, G. H., Clare, I. C. H., & Rutter, S. (1998). Police interviewing and psychological vulnerabilities: Predicting the likelihood of a confession. *Journal of Community and Applied Social Psychology, 8*, 1-21.
- Perske, R. (2008). False confessions from 53 persons with intellectual disabilities: The list keeps growing. *Intellectual and Developmental Disabilities, 46*, 468-479.
- Redlich, A. D. (2005). Mental illness, police interrogations, and the potential for false confession. *Psychiatric Services, 55*, 19-21.
- Redlich, A. D. (2007). Double jeopardy in the interrogation room: Young age and mental illness. *American Psychologist, 62*, 609-611.
- Redlich, A. D. (2010). False confessions, false guilty pleas: Similarities and differences. In G. Daniel Lassiter & Christian A. Meissner (Eds), *Police Interrogations and False Confessions*. New York: American Psychological Association, 49-66.
- Redlich A. D., Kulish R., & Steadman H. J. (2011). Comparing true and false confessions among persons with serious mental illness. *Psychology, Public Policy, and Law, 17*, 391-418.
- Redlich A. D, Summers, A., & Hoover, S. (2010). Self-reported false confessions and false guilty pleas among offenders with mental illness. *Law and Human Behavior, 34*, 79-90.
- Rose, D. (2006). *Guantánmo. American's war on human rights*. London. Faber and Faber.
- Shallice, T. (1972). The Ulster depth interrogation techniques and their relation to sensory deprivation research. *Cognition, 1*, 385-405.
- Shawyer, A., Milne, B., & Bull, R. (2009). Investigative interviewing in the UK. In T. Williamson, B. Milne, & R. Bull (Eds.), *International developments in investigative interviewing* (pp. 24–38).
- Sigurdsson, J. F. (1998). *Alleged false confessions among Icelandic offenders: An examination of some psychological, criminological and substance use factors that are associated with the reported false confessions*. PhD dissertation. London: Institute of Psychiatry, King's College London.

- Sigurdsson, J. F. & Gudjonsson, G. H. (1996a). Psychological characteristics of “false confessors”. A study among Icelandic prison inmates and juvenile offenders. *Personality and Individual Differences*, 20, 321-329.
- Sigurdsson, J. F. & Gudjonsson, G. H. (1996b). Illicit drug use among “false confessors”: A study among Icelandic prison inmates. *Nordic Journal of Psychiatry*, 50, 325-328.
- Sigurdsson, J. F. & Gudjonsson, G. H. (1996c). The relationship between types of claimed false confession made and the reasons why suspects confess to the police according to the Gudjonsson Confession Questionnaire (GCQ). *Criminological and Legal Psychology*, 1, 259-269.
- Sigurdsson, J. & Gudjonsson, G. (1997). The criminal history of “false confessors” and other prison inmates. *Journal of Forensic Psychiatry*, 8, 447-455.
- Sigurdsson, J. F. & Gudjonsson, G. H. (2001). False confessions: The relative importance of psychological, criminological and substance abuse variables. *Psychology. Crime and Law*, 7, 275-289.
- Sigurdsson, J. F., Gudjonsson, G. H., Einarsson, E., & Gudjonsson G. (2006). Differences in personality and mental state between suspects and witnesses immediately after being interviewed by the police. *Psychology, Crime and Law*, 12, 619-628.
- Sigursteinn Másson, Kristján Guy Burgess, Einar Magnús Magnússon (1997). *Aðför að lögum*, heimildarmynd. Veritas í samstarfi við Sjóntvarpið.
- Sjóntvarpsfréttir (1996). *Viðtal við Pétur Kr. Hafstein*. Ríkisútvarpið, sjóntvarp. 12. febrúar.
- Sjóntvarpsfréttir (1997). *Viðtal við Eirík Tómasson*. Ríkisútvarpið, sjóntvarp. 16. júlí.
- Sjóntvarpsfréttir (2011). *Viðtal við Kristínu Önnu Tryggvadóttur*. Stöð 2. 3. október 2011.
- Steingrimsdóttir, G., Hreinsdóttir, H., Gudjonsson, G. H., Sigurdsson, J. F., & Nielsen, T. (2007). False confessions and the relationship with offending behaviour and personality among Danish adolescents. *Legal and Criminological Psychology*, 12, 287-296.
- Sullivan, T. (1992). *Unequal verdicts. The Central Park Trials*. New York: Simon & Schuster.
- Sævar Þ. Jóhannesson. Lögregluvefurinn. *Tæknirannsóknir almennt*. [http://www.logreglan.is/default.asp?cat\\_id=662](http://www.logreglan.is/default.asp?cat_id=662). Sótt 18. mars 2013.
- Sævar Þ. Jóhannesson. Lögregluvefurinn. *Stofnun tæknideildar*. [http://www.logreglan.is/default.asp?cat\\_id=659](http://www.logreglan.is/default.asp?cat_id=659). Sótt 18. mars 2013.
- „Tíðindamaður Umferðar“ (G. Á. Þ., fullt nafn óþekkt) (1962). *Viðtal við Sigurjón Sigurðsson*, Umferð, 5. árg., 1. tbl. 1. desember, 4-5.
- Van Bergen, S., Horselenberg, R., Merckelbach, H., Jelicic, M. & Beckers, R. (2010). Memory Distrust and Acceptance of Misinformation. *Applied Cognitive Psychology*, 24, 885-896.
- West, L. J. (1985). In A. N. Bell & R. D. Mackie (eds.). *Detention and Security Legislation in South Africa: Proceedings of a Conference held at the University of Natal*, pages 69-84.

- Walsh, D. P. J. (1982). Arrest and Interrogation: Northern Ireland 1981. *Journal of law & Society*, 9, 37-62.
- Williams, J. M. G. & Pollick, L. R. (2000). The Psychology of Suicidal Behaviour. Kafi 5 í bókinni *The International Handbook of Suicide and Attempted Suicide*, sem ritstýrt var af Hawton, K. & van Heeringen, K. og gefin út af John Wiley & Sons, bls. 79-93.
- Williamson, T. (2007). Psychology and criminal investigation. In T. Newburn, T. Williamson & A. Wright (Eds.), *Handbook of Criminal Investigation*. Devon: Willan Publishing, pp 68-91.
- Þorsteinn Antonsson (1991). *Áminntur um sannsögli*. Reykjavík. Bókaútgáfan Skjaldborg.
- Þorsteinn Jónsson, Guðmundur Guðjónsson (1997). *Lögreglan á Íslandi stéttartal og saga*. Reykjavík: Byggðir og bú ehf.